Sundhallarstjórn sé kosin eins og aðrar fastar nefndir bæjarstjórnar og starfi hún undir forustu bæjarstjóra eins og þær.

6. gr.

Stjórnin skal halda nákvæma dagbók um störf sín og starfrækslu eignarinnar.

7. gr.

Stjórnin ber ábyrgð á rekstri eignarinnar fyrir hönd bæjarstjórnar Ísafjarðar, og skulu tillögur sundhallarstjórnar leggjast fyrir bæjarstjórn.

Stjórnin skal árlega gera áætlun um rekstur eignarinnar og leggist hún fyrir bæjarstjórn til samþykktar. Afrit af ársreikningum (og starfsyfirliti) sendist til íþróttanefndar ríkisins og stjórnar Sjómannadagsráðsins og Íþróttabandalagsins.

Enn fremur er hlutverk sundhallarstjórnar:

a. Niðurröðun á sundtímum eða baðtímum og að gera tillögur um afnotagjöld.
b. Útlán sundhallarinnar til sýninga og kappmóta.
c. Ráðning starfsmanna við daglegan rekstur eignarinnar og gefa fastráðnum starfsmönnum erindisbréf.
d. Ákvarðanir um viðhald eignarinnar og áhaldakaup.
e. Tillögur um endurbætur.
f. Þegar raðað er niður sundtímum skólanna, skulu skólastjórar tilkvaddir og skólunum gefinn kostur á tímum, er samrýmist stundaskrá þeirra og fullnægi kröfunum um sundnám.

8. gr.

Eignina má eingöngu leigja til sundiðkana, baða, sundsýninga og sundkeppni. Íþróttafélög á Ísafirði fá eina klst. á dag forgangsrétt að hagkvæmum sundtíma fyrir félaga sína, enda sé næg þátttaka þessa tíma. Sundiðkendum má veita nokkur fríðindi í aðgangseyri.

9. gr.

Ræsting og viðhald sé samkvæmt fyrirmælum um rekstur og notkun sundstaða. Forstöðumaður sundhallarinnar annist daglegt eftirlit, sundkennslu og annað það, er erindisbréf tilgreinir.

10. gr.

Reikningsár eignarinnar er almanaksárið.

11. gr.

Verði ágóði af rekstrinum, skal honum varið til nauðsynlegra áhaldakaupa, viðhalds og endurbóta á eigninni, utan sem innan.

Verði afgangur af árstekjum, þrátt fyrir, að lagt hafi verið fé til þessa, sem fyrr er talið í greininni, skal það fé lagt til hliðar, til að mæta síðari þörfum.

12. gr.

Sundhallarstjórn annast kaup á áhöldum og sé stofnunin eigandi þeirra allra.

4 13. gr.

10. jan. Reglugerð þessi, sem samin er af bæjarstjórn Ísafjarðar, staðfestist hér með samkvæmt 9. gr. íþróttalaga, nr. 25 frá 12. febr. 1940, til þess að öðlast gildi nú þegar.

Menntamálaráðuneytið, 10. janúar 1947.

Brynjólfur Bjarnason.

Birgir Thorlacius.

5

10. jan.

REGLUGERÐ

um mat á hraðfrystum fiski til útflutnings.

1. gr.

Allur frystur fiskur, sem fluttur er út frá Íslandi, skal metinn af matsmönnum, undir stjórn fræðfisksmatsstjóra.

2. gr.

Við fræðfisksmatið starfa yfirmatsmenn fræðfisksmatsstjóra til aðstoðar. Starf þeirra er að ferðast um landið og líta eftir framleiðslunni, einnig sjá um lestun skipa og fleira, er fræðfisksmatsstjóri mælir fyrir um á hverjum tíma.

Yfirmatsmenn skulu ráðnir eftir þörfum af atvinnumálaráðherra, að fengnum tillögum fræðfisksmatsstjóra.

3. gr.

Yfirmatsmenn bera ábyrgð á störfum sínum gagnvart fræðfisksmatsstjóra, sem hefur ábyrgð á matinu í heild. Skulu þeir fylgjast nákvæmlega með því, að undirmatsmenn geri skyldu sína og sjá um, að hlýtt sé öllum reglum og fyrirmælum um meðferð og gæði fisksins og um útbúnað báta og húsa.

4. gr.

Yfirmatsmenn á fræðfiski skulu koma til eftirlits í hvert frystihús svo oft, að þeir geti fylgzt nákvæmlega með öllu því, er matið varðar, eða a. m. k. einu sinni í viku á aðalstarfstíma hússins, þar sem því verður við komið.

Yfirmatsmaður skal ávallt vera viðstaddur útskipun á frystum fiski, svo að hann geti séð um, að öllum ákvæðum um meðferð vörunnar sé hlýtt.

5. gr.

Útflytjendur fræðfisks skulu tilkynna fræðfisksmatsstjóra lestun skipa, er flytja út hraðfrystan fisk, svo snemma, að hann geti sett yfirmatsmenn í skipið. Fræðfisksmatsstjóri, eða yfirmatsmaður í umboði hans, skal síðan gefa út flutningsvottorð með farminum, er hann hefur fullvissað sig um, að ákvæðum reglugerðar hafi verið fylgt og fiskurinn sé góð vara.

6. gr.

Yfirmatsmenn skulu halda nákvæmar skýrslur um störf sín á hverjum degi og senda þær á tveggja vikna fresti til matsstjóra. Í skýrslum þessum skal skýrt frá öllum störfum við matið. Skal í þeim tekið fram, hvenær komið var á hvern stað, lengd dvalar, hvers konar vinnu var þá verið að vinna, og sagt frá öllum athugasemdum, er gerðar voru. Skýrslur þessar skulu gerðar á eyðublöð, er aðalskrifstofa matsins lætur gera.

7. gr.

Í hverju frystihúsi skal vera einn freðfisksmatsmaður. Ber honum að sjá um, að öllum ákvæðum um meðferð og gæði fisksins og útbúnað hússins sé hlýtt. Skal hann sjálfur ábyrgur gerða sinna í þessu efni gagnvart yfirmatsmönnum og matsstjóra.

Heimilt er að matsmaðurinn annist önnur störf hjá frystihúsinu, svo sem verkstjórn eða aðra vinnu, ef hann getur jafnframt annast fullkomið eftirlit. Hann skal alltaf vera viðstaddur hvers konar vinnu, sem verið er að vinna við fisk. Geti hann ekki verið viðstaddur, skal hann setja mann í sinn stað og bera ábyrgð á verkum hans.

Matsmenn hraðfrystihúsa skulu tafarlaust tilkynna yfirmatsmönnum eða freðfisksmatsstjóra, ef um matsatriði er að ræða, sem þeir treysta sér ekki til að ráða fram úr.

Þeir matsmenn frystihúsa, sem einnig eru fastir starfsmenn húsanna, svo sem verkstjórar, skulu, meðan fiskur er í húsinu, fá þóknun fyrir að annast matið, er nemur 20% af gildandi verkamannakaupi á hverjum stað, miðað við 25 átta stunda vinnudaga á mánuði. Hlutaðeigandi frystihús greiðir þóknun þessa.

Ef svo reynist, að sá starfsmaður frystihúss, er einnig hefur gegnt matsstörfum, vanræki skyldur sínar við matið, eða sé af öðrum ástæðum ófær um að gegna matsstörfum, getur freðfisksmatsstjóri skipað annan mann, er eingöngu annist matið. Þessi matsmaður skal fá hjá frystihúsinu sömu laun og verkstjóri þess.

Freðfisksmatsmenn skulu löggiltir af lögreglustjóra samkvæmt tilnefningu freðfisksmatsstjóra.

8. gr.

Matsmenn í hverju frystihúsi skulu senda freðfisksmatsstjóra skýrslu um framleiðslu frystihúsa, í því formi, er hann ákveður. Freðfisksmatið lætur matsmönnum í té eyðublöð til þessarar skýrslugerðar.

9. gr.

Á skrifstofu freðfisksmatsins skal unnið jafnóðum úr skýrslum matsmanna um frystihús, þannig, að alltaf liggi fyrir augljósar upplýsingar um magn fisks í hverju frystihúsi, heildarframleiðslu hússins á árinu, brottsenda vöru o. s. frv. Enn fremur skulu allar athugasemdir varðandi hvert hús bókfærðar sérstaklega.

10. gr.

Freðfisksmatsstjóri, yfirmatsmenn eða matsmenn á frystum fiski geta stöðvað vinnslu, útskipun o. s. frv., ef gæði vörunnar eru ekki hæfileg eða ef ákvæðum reglugerðar er ekki hlýtt. Matsmönnum er heimilt að banna brottsendingu vöru, enda þótt ekki sé um að ræða beinlínis brot á reglugerð um meðferð hennar, ef þeim þykir hún ekki svara kröfum um gæði.

11. gr.

Freðfisksmatið skal starfa í samráði við Fiskiðnaðardeild Atvinnudeildar háskólans, eftir að hún hefur tekið til starfa. Við stofnun þessa skal unnið að aukinni þekkingu á vörugæðum og athugað, hvaða áhrif breytilegar vinnuaðferðir hafa á vöruna. Fiskiðnaðardeildin skal í samráði við matsstjóra halda námskeið fyrir matsmenn, þegar þurfa þykir. Breytingar á reglugerðum eða fyrirmælum um meðferð fisks eða vinnuaðferðir eru háðar samþykki deildarinnar. Telji deildin slíkar breytingar æskilegar, skal hún tilkynna freðfisksmatsstjóra það og í samráði við hann leita samþykkis atvinnumálaráðherra til slíkra breytinga.

5 10. jan.

5 10. jan. Ef fram kemur ágreiningur á milli matsins og framleiðenda eða annarra aðila um vörugæði, skal málinu vísað til Fiskiðnaðardeildarinnar til úrskurðar.

Deildinni er heimilt að láta taka eða fá hjá matsmönnum og framleiðendum sýnishorn af fiski í hvaða ásigkomulagi sem óskað er, hvar sem er og hvenær sem þurfa þykir.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 92 3. maí 1935, um meðferð, verkun og útflutning á sjávarafurðum, til þess að öðlast þegar gildi.

Atvinnumálaráðuneytið, 10. janúar 1947.

Áki Jakobsson.

Vigfús Einarsson.

6 10. jan.

REGLUGERÐ

um meðferð á fiski, sem frystur er til útflutnings.

I. KAFLI
Útbúnaður fiskibáta og skipa.

1. gr.

Lestir fiskiskipa og báta, svo og grindur og hillur í lestunum, skulu vera málaðar eða lakkbornar a. m. k. tvisvar á ári með haldgóðu máli eða lakki. Þó getur yfirmatsmaður leyft, að þetta sé gert aðeins einu sinni á ári, ef um litla notkun er að ræða.

2. gr.

Lestirnar skulu þannig útbúnar, að fiskurinn merjist ekki á slám eða ójöfnum. Í botni lestanna skulu vera þéttrimlaðar grindur. Grindurnar skulu þannig gerðar, að bönd, er þær hvíla á, liggi langsum eftir lestinni, svo að vatn geti runnið óhindrað aftur og niður. Bátar, sem geyma fisk á þilfari í veiðiför, skulu einnig hafa grindur á þeim hluta þilfarsins, sem er undir fiskinum. Allar grindur skulu þannig gerðar, að auðvelt sé að hreinsa undan þeim.

3. gr.

Aftur- og framþil lestarinnar skulu vera þétt og hæfilega einangruð til þess að koma í veg fyrir hitun frá íbúð skipshafnar eða vélarrúmi.

4. gr.

Sé dýpt lestarinnar meiri en einn metri, skulu settar í hana hillur, þegar ísað er, þannig, að hvert lag af fiski sé aldrei meira en einn metri á þykkt. Lestir smábáta, sem eru aðeins rúmlega einn metri á dýpt, er þó heimilt að fylla, án þess að hillur séu settar.

5. gr.

Lestir fiskibáta skulu vandlega hreinsaðar og þvegnar eftir hverja veiðiför. Enn fremur getur matsmaður krafizt þess, að þær séu hreinsaðar með gerileyðandi efnum, ef honum þykir ástæða til.

II. KAFLI
Meðferð aflans.

6. gr.

Allur fiskur skal blóðgaður, þannig, að skorið sé á hálsæðarnar beggja megin, um leið og hann kemur inn í bátinn.

7. gr.

Á bátum, sem ekki leggja afla sinn á land daglega, skal allur fiskur slægður á skipsfjöl svo fljótt sem auðið er. Bátum, sem leggja aflann á land daglega, er heimilt að flytja fiskinn á land óslægðan, en að sumrinu er þó æskilegt, að allur fiskur sé slægður og þveginn strax eftir að hann hefur verið veiddur.

8. gr.

Allur fiskur, hvort sem hann er slægður á sjó eða landi, skal vandlega þveginn jafnskjótt og hann er slægður. Skal þess vandlega gætt, að ekki séu eftir í kviðarholinu leifar af lifur, innyflum eða blóði.

Aðrennsli þvottavatnsins skal vera svo mikið, að það litist ekki verulega við þvottinn.

9. gr.

Þegar fiskur er fluttur í land óslægður og gert er að honum í húsum í landi, skulu hús þessi vera vel hrein og þannig gerð, að auðvelt sé að verka þau og þvo. Þau skulu vera með sléttum gólfum og grindum, þar sem fiskur er látinn liggja, og þannig frá gengið, að runnið geti frá fiskinum. Aðgerð fisksins og þvottur skal hefjast jafnskjótt og báturinn kemur að landi. Við flutning fisksins á ákvörðunarstað skal gæta hins fyllsta þrifnaðar.

10. gr.

Fisk má aldrei gogga eða stinga í hann göfflum eða öðrum áhöldum, nema í hausinn. Varast skal sömuleiðis hverja þá meðferð, er getur marið hann eða skemmt á annan hátt.

11. gr.

Á bátum, er hafa meira en eins dags útivist, skal fiskurinn slægður og ísaður í lestina, áður en hann stirðnar. Þegar ísað er, skal leggja bolfisk þannig, að kviðurinn snúi niður, en flatfisk þannig, að skurðurinn snúi niður (hvíta hliðin upp).

12. gr.

Matsmenn ákveða á hverjum tíma, hve mikinn ís skal nota til ísunar á fiski í bátum.

13. gr.

Á tímabilinu frá 15. maí til 30. september er óheimilt að láta fisk liggja óísaðan í bát lengur en 12 klst. frá því er veiði hefst og þar til báturinn kemur að landi. Á sama tímabili mega bátar geyma fisk sinn í ís allt að 48 klst. frá því að veiði hefst og þangað til báturinn kemur að landi.

Frá 1. okt. til 14. maí má fiskur vera óísaður í bátum allt að 24 klst. Á sama tímabili getur matsstjóri leyft lengri geymslu í ís í fiskibát, en leyfð er á tímabilinu frá 15. maí til 30. september.

Enn fremur skal heimilt að geyma ísaðan fisk lengur en hér er til tekið á tímabilinu 15. maí til 30. september, ef skilyrði eru sérlega góð að dómi matsstjóra og útbúnaður fyrir hendi í bát til að geyma fisk, og veðrátta og aðrar aðstæður eru hagstæðar, enda sé sérstök heimild matstjóra fengin í hvert skipti.

6 10. jan.

III. KAFLI

Meðferð fisks í hraðfrystihúsum og útbúnaður þeirra.

14. gr.

Til flökunar má aðeins taka fisk, sem er nýr og óskemmdur og að öllu leyti fullkomlega góð vara að dómi matsmanna.

15. gr.

Á tímabilinu frá 15. maí til 30. september skulu þau ákvæði gildi, að hafi fiskur verið óísaður í bát og sé hann ekki ísaður í landi, skal flökun hans lokið eigi síðar en 24 klst. eftir að hann veiddist. Þó skal fiskur aldrei liggja óísaður í landi í meira en 12 klst. Á tímabilinu frá 1. okt. til 14. maí má slíkur fiskur vera óísaður í landi í mesta lagi í 24 klst. Bolfiskur, sem ekki hefur verið ísaður í bát, en er ísaður í landi, skal flakaður eigi síðar en 36 klst. eftir að hann var fluttur í land, sé um botnvörpufisk að ræða, en línufiskur má liggja í allt að 48 klst. Flatfiskur má þó, þegar svo stendur á, geymast í ís allt að 3 sólarhringa í landi.

Fiskur, sem hefur verið ísaður í bát, en er ekki ísaður í landi, skal vera flakaður eigi síðar en 8 klst. eftir að hann kemur á land. Fiskur, sem hefur verið ísaður í bát, en er einnig ísaður í landi, má geymast í allt að 24 klst. í landi, áður en hann er flakaður, þó því aðeins, að samanlagður tími frá því er hann veiddist, sé ekki meira en 3 sólarhringar.

16. gr.

Húsrúm það, sem fiskur er geymdur í, meðan hann bíður flökunar, skal vera vel húðað, ef það er steinsteypt, eða málað, ef það er byggt úr timbri. Á þeim stöðum þar sem nú eru ekki til geymslur, er fullnægja kröfum matstjóra, skulu þær gerðar á þann hátt, sem hann mælir fyrir um.

17. gr.

Flötur sá, er fiskurinn liggur á, meðan hann bíður flökunar, skal þannig gerður, að vatn geti runnið undan fiskinum, einnig skal hafa grindur á gólfinu undir fiskinum, og þannig frá gengið, að auðvelt sé að hreinsa undan þeim, þegar að vinnslu lokinni.

18. gr.

Frystihús skal jafnan vinna fyrst úr elzta fiskinum, eða þeim fiski, sem að áliti matsmanns þolir minnsta geymslu.

Fiskinn skal þvo úr fersku vatni eða sjó, áður en hann er flakaður. Við þvottinn skulu notaðar þvottavélar, er tryggja það, að um fiskinn leiki aðeins ferst og hreint vatn eða sjór. Sé ekki kostur á þvottavél, skal þvo fiskinn með burstum og þá úr hreinu rennandi vatni eða sjó.

Vatn og sjór, sem notað er til þvotta á fiski í frystihúsum, skal vera hreint og óskaðlegt að dómi matsmanns og Fiskiðnaðardeildar Atvinnudeildar háskólans.

19. gr.

Því aðeins má flaka fisk með vetlingum, að þeir séu úr gúmmí eða öðru svipuðu efni. Fari flökin ekki á færibandi frá flökuninni, skulu þau látin í hrein málmílát.

20. gr.

Fiskurinn skal veginn nákvæmlega, og vogir prófaðar með lóðum a. m. k. tvisvar á dag. Skal það tryggt, að í umbúðum fisksins sé, að frystingu lokinni, eigi minna fiskmagn, en tekið er fram á þeim.

21. gr. 6

Borð þau, sem búið er um fiskinn við, skulu helzt vera úr ryðfríu stáli, eða öðru 10. jan.
efni, sem auðvelt er að halda hreinu. Séu notuð tréborð, skulu þau hvítmáluð eða lakkborin. Ekki er leyfilegt að nota við pökkun á fiski aðra vettlinga en úr gúmmí eða öðru svipuðu efni.

22. gr.

Sé búið um flökin í pergament-pappír, en ekki í pappaöskjum, skal leggja pakkana jafnóðum í frystipönnurnar, eða á annan hátt tryggja það, að umbúðirnar hvorki aflagist né óhreinkist.

23. gr.

Hver pakki skal merktur með einkennismerki frystihússins, og merki, er tilgreini framleiðslutíma og annað það, sem matsstjóri hefur mælt fyrir um.

24. gr.

Flök má ekki geyma lengur að jafnaði en 3 klst., frá því að þau eru skorin og þangað til frysting hefst, nema þau séu geymd við hér um bil 0° C. Þó skulu þau aldrei geymd þannig lengur en 6 klst.

25. gr.

Séu notuð plötutæki við frystinguna, skal pressun takmörkuð með trélistum, eða á annan hátt, þannig að hún verði jöfn, og pakkarnir alltaf jafnþykkir.

26. gr.

Þegar flök eru fryst og geymd í ólofttheldum umbúðum, skulu pakkarnir ísúðaðir með hreinu vatni strax og þeir koma úr frystitækinu. Skal þess vandlega gætt, að ísúðin hylji allt yfirborð pakkanna.

27. gr.

Geymslurúm fisksins eftir frystinguna skal vera með grindum á gólfi, þannig að kassarnir séu a. m. k. 10 cm frá gólfi, og skal grindunum þannig komið fyrir, að loft geti ávallt leikið undir fiskinn. Bil á milli fiskkassa og veggjar skal vera a. m. k. 15 cm, en séu kælipípur á veggjum, skulu kassarnir a. m. k. standa 20 cm frá pípunum. Sömuleiðis skal vera a. m. k. 20 cm bil á milli kælipípnanna í loftinu og fiskkassanna. Svipuðum reglum skal fylgt við lestun fisks í kæliskip, þannig, að loft geti ávallt leikið umhverfis kassana.

28. gr.

Í geymsluklefum fyrir hraðfrystan fisk skal ekki geyma neina þá vöru, sem óþefur er af eða á annan hátt getur haft ill áhrif á fiskinn. Ekki má setja ófrysta vöru inn í klefana, heldur skal öll vara, sem sett er þangað inn til geymslu, vera hér um bil jafnköld og það, sem fyrir er í klefanum.

29. gr.

Frostsstig í geymsluklefum fyrir frystan fisk til útflutnings skal vera a. m. k. 18—20° C. og skal því haldið innan þessara takmarka eftir því sem auðið er. Þó má hafa meira frost, ef því er haldið jöfnu.

Í hverri fiskgeymslu skal vera sjálfritandi mælir, eða rafmagnsmælir, er sýnir frostsstigið í klefanum, án þess að hann sé opnaður.

30. gr.

Við útskipun og annan flutning á frystum fiski verður að fara eins vel með kassana og auðið er. Má alls ekki ganga á þeim með óhreinum skóm, eða taka á

6 10. jan. þeim með óhreinum vettlingum, eða óhreinka þá á annan hátt. Ekki má heldur lyfta þeim með því að taka undir vír- eða stálbönd þau, sem þeir eru bundnir með. Þess verður vel að gæta, að þeir vökni alls ekki. Þegar um flutninga með bílum eða bátum er að ræða, skal vernda þá gegn úrkomu og hita með ábreiðum eða öðru, sem til þarf. Um framkvæmdir í þessu efni skal fylgt fyrirmælum, er fræðfisksmatsstjóri gefur um verndun útlits og öryggi fisksins og kassanna.

31. gr.

Vinnuhús og áhöld, vélar, borð, ílát og önnur tæki, er notuð eru við fiskinn, skulu þvegin vandlega á hverjum degi, að loknu verki. Nægilegt vatn skal vera til þess, að auðvelt sé um alla þvotta. Þá skal í hverju frystihúsi vera til nóg af gerileyðandi efnum, viðurkenndum af Fiskiðnaðardeild háskólans, til þess að hægt sé að hreinsa með þeim áhöld og hús, þegar þörf gerist, og helzt daglega.

32. gr.

Verkafólk allt, er vinnur við flökun, vigtun og pökkun, skal vera hreinlega klætt. Sérstaklega skulu þeir, sem vigta og pakka, vera í hvítum sloppum eða með hvítar svuntur. Konur skulu hafa hreinar hvítar húfur úr lérefti eða öðru svipuðu efni.

33. gr.

Fólki, sem gengur með smitandi sjúkdóma, skal ekki leyft að vinna við frystihús. Getur matsmaður krafizt rannsóknar á heilsu starfsfólks, ef þurfa þykir.

34. gr.

Við alla meðferð á fiski skal gætt hins ýtrasta hreinlætis, eftir því sem aðstæður leyfa. Reykingar eru bannaðar þar sem farið er með óvarin fiskflök.

35. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum allt að 10000 krónum.

36. gr.

Með reglugerð þessari eru úr gildi fallnar reglugerðir nr. 64 7. júní 1944, nr. 103 10. júlí 1944, um mat á freðfiski og ísfiski, svo og önnur ákvæði, sem fara kynnu í bága við reglugerð þessa.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 92 3. maí 1935, um meðferð, verkun og útflutning á sjávarafurðum, til þess að öðlast þegar gildi.

Atvinnumálaráðuneytið, 10. janúar 1947.

Áki Jakobsson.

Vigfús Einarsson.

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1947.

Lög um breyting á lögum nr. 58 7. maí 1946, um menntaskóla undirskrifuð af forsetanum 1. janúar 1947, nr. 1.

Lög um breyting á lögum nr. 91 30. nóv. 1945, um innflutning og gjaldeyrismeðferð, undirskrifuð af forsetanum 31. janúar 1947, nr. 2.

Lögu um sölu verzlunarlóðarinnar á Sauðárkróki, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 3.

Lög um viðauka við lög nr. 95 23. júní 1936, um heimilisfang, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 4.

Lög um breyting á lögum nr. 27 9. jan. 1935, um aldurshámark opinberra embættis- og starfsmanna, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 5.

ARÐSKRÁ OG GJALDSKRÁ

7
10. jan.

fyrir Fiskræktar- og veiðifélag Laxdæla, Dalasýslu.

	Arður – Gjöld
Spákelsstaðir	1.65 %
Goddastaðir	4.45 —
Lambastaðir	4.28 —
Gillastaðir	4.71 —
Sámsstaðir	5.95 —
Hamrar	0.77 —
Svalhöfði	2.83 —
Sólheimar	0.11 —
Pálssel	2.83 —
Dönustaðir	8.33 —
Gröf	2.10 —
Svarfhóll	4.05 —
Þrándarkot	3.07 —
Leiðólfsstaðir	4.26 —
Hornsstaðir	0.61 —
Höskuldsstaðir	5.91 —
Sauðhús	13.13 —
Saurar	5.96 —
Fjós	9.88 —
Hrappsstaðir	11.74 —
Hjarðarholt	3.38 —

Arð- og gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 112 9. október 1941, um lax- og silungsveiði, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt falla úr gildi eldri ákvæði um sama efni.

Landbúnaðarráðuneytið, 10. janúar 1947.

Pétur Magnússon.

Páll Pálmason.

1. dag febrúarmánaðar 1947. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

8 13. jan. **Staðfesting forsetans** á skipulagsskrá fyrir „Schram-sjóð", útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 13. janúar 1947.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Schram-sjóð.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Schram-sjóður.

2. gr.

Sjóður þessi er stofnaður með gjafabréfum, dags. 7. marz 1939 og 24. september 1946, af Ellert Kristófer Schram, skipstjóra, Reykjavík, nemur nú kr. 3593.68 og er eign Atvinnudeildar Háskóla Íslands.

3. gr.

Sjóðurinn skal standa á vöxtum í 100 ár og vextirnir ávallt lagðir við höfuðstólinn. Að þeim tíma liðnum skulu ¾ hlutar vaxtanna ganga til styrktar fiskveiðunum, svo sem til vísindalegra rannsókna í þarfir fiskveiðanna, sérstaklega með það fyrir augum, að viðhalda fiskistofnum nytjafiskanna og rannsaka á hvern hátt þeir verði verndaðir gegn ofveiði og hvort, og að hve miklu leyti þeir liggi undir sliti fyrir veiðunum. Á sama tíma skal ¼ hluta vaxtanna lagður við höfuðstólinn, þar til hann nær því að verða kr. 500000.00, en eftir það skal verja ⁹⁄₁₀ hlutum vaxtanna í ofangreindu skyni, en ¹⁄₁₀ hluti vaxtanna þá lagður við höfuðstólinn.

4. gr.

Sjóðnum skal varið til styrktar fiskveiðunum, eins og lýst er í 3. gr. hér að ofan, og skal ávallt fara eftir tillögum forstjóra Fiskideildarinnar í Atvinnudeild Háskóla Íslands eða forstjóra þeirrar stofnunar, sem þá kynni að hafa yfirráð yfir fiskirannsóknum landsins í hennar stað.

5. gr.

Sjóðinn skal ávaxta á sem öruggastan og hagkvæmastan hátt, t. d. í Söfnunarsjóði Íslands.

6. gr.

Sjóðurinn lýtur sömu stjórn sem Atvinnudeild Háskóla Íslands, sér í lagi Fiskideildin, og hefur stjórn Atvinnudeildarinnar stjórn sjóðsins með höndum með þeim takmörkunum, sem leiðir af ákvæðum skipulagsskrár þessarar. Halda skal gerðabók um allar fjárveitingar úr sjóðnum og aðra meðferð hans.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Fyrir sjóðinn skal gera árleg reikningsskil, sem endurskoðast af endurskoðendum ríkisins.

8. gr.

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari og hún síðan birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Helgu Jakobsdóttur og Jóhanns Jónssonar", útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 13. janúar 1947. 9 13. jan.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Helgu Jakobsdóttur og Jóhanns Jónssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Helgu Jakobsdóttur og Jóhanns Jónssonar og er stofnaður af Elísabjörgu Jóhannsdóttur til minningar um foreldra hennar, Helgu Jakobsdóttur og Jóhann Jónsson póst, er fyrrum bjuggu að Bakka í Geiradal, eftir fyrirmælum hans.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 3000 — þrjú þúsund — krónur. Tekjur sjóðsins eru auk tilfallandi vaxta, gjafir og áheit, er honum kunna að berast.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja munaðarlaus börn eða fátækt barnafólk innan Geiradalshrepps.

4. gr.

Sjóðurinn skal vera eign hreppsfélags Geiradalshrepps og lýtur yfirráðum hreppsnefndarinnar með þeim takmörkunum, sem leiða af skipulagsskrá þessari.

5. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtaður hjá Söfnunarsjóði Íslands eða öðrum tryggum sjóði.

6. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn 10000 — tíu þúsund — krónur er heimilt að verja helmingi af árlegum vöxtum sjóðsins til styrktar munaðarlausum börnum eða fátæku barnafólki innan Geiradalshrepps.

Hinn helmingur vaxtanna skal ávallt lagður við höfuðstólinn unz hann nemur 50000 — fimmtíu þúsund — krónum. Eftir það skal öllum vaxtatekjum sjóðsins varið samkv. 1. mgr. þessarar gr.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Hreppsnefnd Geiradalshrepps, sem annast styrkveitingar úr sjóðnum skal halda gerðabók fyrir sjóðinn og færa inn í hana skipulagsskrána, umsóknir um styrk úr sjóðnum, styrkveitingar og ástæður fyrir þeim og annað, er varðar hag og rekstur sjóðsins. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðunarmönnum reikninga hreppsins.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og hún birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Akureyri, 31. október 1946.

Elísabjörg Jóhannsdóttir.

10 17. jan.

AUGLÝSING

um staðfestingu dómsmálaráðuneytisins á samþykkt um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Vestmannaeyjakaupstað, 16. gr., 31. marz 1928.

Samkvæmt lögum nr. 1 3. jan. 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóv. 1919, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, er hér með staðfest eftirrituð samþykkt um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Vestmannaeyjakaupstað:

1. gr.

16. gr. lögreglusamþykktarinnar breytist þannig:

Úr annarri málsgrein fellur burt orðið „eldivið".

Milli þriðju og fjórðu málsgreinar komi: Eigi má setja laus kol á gangstéttir eða húslóðir; skulu þau flutt í pokum eða öðrum ílátum, og þegar komið fyrir í eldiviðargeymslum.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist hér með öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 17. janúar 1947.

Finnur Jónsson.

Gústav A. Jónasson.

11 18. jan.

REGLUGERÐ

um innheimtu iðgjalda o. fl. samkv. lögum nr. 50/1946, um almannatryggingar.

1. gr.

Þær tekjur tryggingasjóðs, sem reglugerð þessi tekur til, eru:

1. Iðgjöld hinna tryggðu, sbr. 105.—111. gr. laga um almannatryggingar.
2. Iðgjöld atvinnurekenda, sbr. 112. gr. sömu laga.
3. Sérstök áhættugjöld atvinnurekenda vegna slysabóta, sbr. 113. gr. sömu laga.
4. Endurgreiðslukröfur, sem Tryggingastofnun ríkisins kann að eignast á hendur öðrum.

2. gr.

Tryggingaskyldir samkvæmt 1. tölulið 1. gr. eru allir íslenzkir ríkisborgarar, 16—67 ára og skulu þeir greiða iðgjöld til tryggingasjóðs sem hér segir:

Á 1. verðlagssvæði:

Kvæntir karlar	kr. 180.00 á ári
Ókvæntir karlar	— 144.00 — —
Ógiftar konur	— 108.00 — —

Á 2. verðlagssvæði:

Kvæntir karlar	kr. 138.00 á ári
Ókvæntir karlar	— 108.00 — —
Ógiftar konur	— 84.00 — —

Þeir launþegar og einyrkjar, sem ekki ber að greiða tekjuskatt né eignarskatt, og notið hafa bóta samkvæmt II. kafla tryggingalaganna 2 mánuði eða lengur, eða dvalizt í sjúkrahúsi eða hæli á kostnað tryggingarinna jafnlangan tíma á skattárinu, eru undanþegnir iðgjaldagreiðslum. Í þessu sambandi telst þó eigi bótaþegi sá, sem aðeins hefur notið fjölskyldubóta samkvæmt 30. gr. tryggingalaganna. Nú eru þeir, sem um ræðir í næsta málslið hér á undan skattskyldir, en skattskyldar tekjur þeirra nema ekki tvöfaldri upphæð iðgjaldsins og eru þeir þá undanþegnir þeim hluta þess, sem er umfram 50% af skattskyldum tekjum þeirra. 11 18. jan.

Ef annað hjóna er ekki gjaldskylt til almannatrygginganna, en hitt er gjaldskylt, reiknast gjald hins eins og það væri ógift.

Þeir, sem eru meðlimir í viðurkenndum sérsjóðum samkv. 133. gr., skulu aðeins greiða hálft gjald.

Tryggingaráð getur með einróma ákvörðun veitt undanþágu frá iðgjaldagreiðslum, sbr. 110. gr. tryggingalaganna.

3. gr.

Hinir tryggðu skulu greiða sjálfir iðgjöld sín samkv. 2. gr., þó með þeim undantekningum er hér segir:

1. Meistari í iðnaði og stofnanir, er veita verklega kennslu, skulu greiða iðgjöld fyrir nema sína, og er óheimilt að draga iðgjöldin frá kaupi þeirra.
2. Sveitarsjóðir greiða iðgjöld þeirra launþega og einyrkja, sem ekki ber að greiða tekjuskatt né eignarskatt, það ár, svo og það, sem á vantar að helmingur skattskyldra tekna þeirra, sem tekjuskattsskyldir eru, nemi fullu iðgjaldi, sbr. þó 2. mgr. 2. gr. Í þessu sambandi teljast launþegar þeir, sem taldir eru í 46. gr. tryggingalaganna og höfðu þar nefnd störf að aðalatvinnu á skattárinu, en einyrkjar þeir, sem reka sjálfstæða atvinnu einungis með aðstoð konu sinnar og barna innan 16 ára aldurs, og ekki meiri aðstoð annarri við reksturinn, en sem svarar hálfs árs vinnu fullgilds manns.
3. Nú telur maður sig ekki geta greitt iðgjöld sín af eigin rammleik og getur hann þá, þótt ekki sé svo ástatt, sem segir í 2. tölulið hér að framan, sótt um það til sveitarstjórnar, að sveitarsjóður greiði fyrir hann iðgjöld hans.

Sveitarstjórn skal tilkynna innheimtumanni fyrir hverja sveitarsjóður greiðir iðgjöld samkv. 2. og 3. tölulið þessarar greinar.

4. gr.

Sveitarstjórnir skulu fyrir 1. marz (í Reykjavík fyrir 1. maí) ár hvert gera skrá yfir alla innan sveitarfélagsins, sem við byrjun almanaksársins hafa náð 16 ára aldri, en eru yngri en 67 ára, heimili þeirra, atvinnu, fæðingardag og ár og annað, er varðar iðgjaldagreiðslur þeirra. Skráin skal vera í tveim eintökum. Skal hún send skattanefnd (skattstjóra), sem ákveður iðgjaldið. Annað eintakið sendist síðan innheimtumanni, hitt Tryggingastofnuninni.

Jafnframt skal skattanefnd (skattstjóri) gera skrá yfir þá gjaldendur, er sveitarstjórn ber að greiða fyrir samkv. 2. tölulið 3. gr., og skal skráin tilgreina hve háa upphæð skuli greiða fyrir hvern þeirra. Einnig skal skattanefnd gera skrá yfir þá nemendur, er öðrum ber að greiða gjöldin fyrir samkv. 1. tölulið 3. gr. og tilgreina nöfn greiðenda.

5. gr.

Gjalddagar á iðgjaldi hinna tryggðu skulu vera tveir. Hinn fyrri í janúar ár hvert, og skal þá greiða ¼—¾ hluta gjaldsins, eftir því sem fjármálaráðherra ákveður í hvert sinn, en eftirstöðvar gjaldsins skulu greiddar á manntalsþingi. Hafi maður ekki greitt fyrir 1. marz þann hluta gjaldsins, er greiðast átti í janúar, er þó heimilt að krefja hann þá þegar um allt gjaldið.

11 Eigi getur maður á gjaldskyldualdri skorazt undan að greiða þann hluta iðgjaldsins, sem í gjalddaga fellur í janúar, þótt hann telji að hann muni við endanlega álagningu verða undanþeginn iðgjaldi það ár, að nokkru eða öllu, nema hann
18. jan.

1. sanni með vottorði skattanefndar (skattstjóra), að hann muni verða undanþeginn iðgjaldagreiðslu það ár samkv. ákvæðum 2. mgr. 2. gr.,
2. sanni með vottorði Tryggingastofnunarinnar, að honum hafi verið veitt undanþága frá iðgjaldagreiðslu það ár samkv. síðustu mgr. 2. gr.,
3. afhendi innheimtumanni yfirlýsingu sveitarstjórnar um, að sveitarsjóður greiði iðgjaldið samkv. 2. eða 3. tölulið 3. gr.

Nú tekur undanþága mannsins samkv. framangreindum liðum aðeins til hluta af iðgjaldinu og ber honum þá að greiða í janúar þá upphæð, sem í þeim mánuði fellur í gjalddaga, þó ekki hærri upphæð en svo, að hann hafi með því að fullu lokið iðgjaldi sínu fyrir það ár.

Nú reynist greiðsla manns upp í iðgjald hærri en honum ber að greiða við endanlega álagningu, og gengur þá mismunurinn til greiðslu á öðrum þinggjöldum hans, séu þau ógreidd, en endurgreiðist honum að öðrum kosti.

6. gr.

Iðgjöld atvinnurekenda samkv. 112. og 113. gr. tryggingalaganna, önnur en iðgjöld af lögskráðum sjómönnum og iðgjöld af ökumönnum bifreiða, skulu lögð á af skattanefnd (skattstjóra) með tekju- og eignarskatti, eftir vinnuvikum skattársins samkv. framtölum kaupgreiðenda og falla í gjalddaga á manntalsþingi á greiðsluárinu, í fyrsta sinn á manntalsþingi árið 1947. Skattanefnd skal semja skrá yfir þá, sem gjaldskyldir eru samkv. 112. og 113. gr. tryggingalaganna, starfstíminn tilgreindur í vikum og gjöldin reiknuð út eftir þeim áhættuflokkum, sem félagsmálaráðuneytið ákveður eftir tillögum Tryggingastofnunarinnar. Skal eintak skrárinnar sent innheimtumanni og Tryggingastofnuninni. Þó skal skattanefnd (skattstjóri) tilkynna iðgjöld, sem ríkissjóði eða ríkisstofnunum ber að greiða, beint til Tryggingastofnunarinnar, og annast hún sjálf þá innheimtu.

Nú telur launagreiðandi ekki fram launavikur, eða framtal hans er ófullkomið, og skal þá áætla gjald hans.

7. gr.

Iðgjöld af lögskráðum sjómönnum samkv. 112. og 113. gr. tryggingalaganna skulu lögð á og innheimt fyrir fram af lögskráningarstjórum. Er lögskráningastjórar fela hreppstjórum að framkvæma lögskráningar, geta þeir einnig falið þeim að annast álagningu og innheimtu iðgjaldanna fyrir sína hönd.

Er lögskráning í skiprúm fer fram skulu þeir, sem lögskráningar beiðast, afhenda lögskráningarstjóra skrá á þar til gerðu eyðublaði, yfir sjómenn þá, er tryggja ber, ásamt fyrirframgreiðslu á iðgjöldum. Ef sjómennirnir eru ráðnir og lögskráðir til ákveðins tíma skal iðgjald greitt fyrir fram fyrir allan lögskráningartímann. Sé hins vegar lögskráð til óákveðins tíma ákveður lögskráningarstjóri við lögskráningu fyrir hve langan tíma skuli greitt fyrir fram. Eigi skal lögskrá í skiprúm, nema fyrirframgreiðsla iðgjalda hafi farið fram.

8. gr.

Iðgjöld af ökumönnum við hvers konar bifreiðastjórn, samkv. 112. og 113. gr. tryggingalaganna og síðustu málsgrein 36. gr. bifreiðalaga nr. 23 frá 16. júní 1941, skulu lögð á af innheimtumönnum bifreiðaskatts og innheimt eftir á fyrir hvert bifreiðaskattsár, ásamt bifreiðaskatti og skoðunargjaldi.

Iðgjöld samkv. þessari grein skulu miðast við þann tíma, sem bifreiðin er skráð í notkun hjá lögreglustjóra.

9. gr. 11

Endurgreiðslukröfur, sem Tryggingastofnunin kann að eignast á hendur öðrum, skulu innheimtar af innheimtumönnum ríkissjóðs samkv. bréflegri tilkynningu frá Tryggingastofnuninni, eftir því sem þær til falla. 18. jan.

10. gr.

Iðgjöld samkv. 107. og 112. gr. tryggingalaganna skulu innheimt með vísitöluálagi samkv. meðalvísitölu næsta árs á undan.

Gjöldin skulu á lögð og innheimt í heilum krónum.

11. gr.

Um innheimtu iðgjalda af kaupi, skyldur kaupgreiðenda í því sambandi, lögtaksheimildir og allt, er að slíkri innheimtu lýtur, gilda ákvæði 29. og 30. gr. laga nr. 66 12. apríl 1945, um útsvör, eftir því sem við getur átt.

12. gr.

Innheimtumenn skila innheimtum iðgjöldum og öðrum tekjum Tryggingastofnunarinnar mánaðarlega til hennar á sama hátt og ríkistekjum til ríkissjóðs.

13. gr.

Reglugerð þessi er sett samkv. 125. gr. laga nr. 50 frá 1946, um almannatryggingar, sbr. lög nr. 89 frá 1946, um viðauka við þau lög, og gengur í gildi þegar í stað.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Árið 1947 skulu iðgjöld samkv. 107. og 112. gr. tryggingalaganna innheimt með vísitöluálagi, er miðast við 300 stig, og hafa iðgjöld samkv. 107. gr. samkvæmt því og með hliðsjón af 9. lið bráðabirgðaákvæða sömu laga verið ákveðin þannig fyrir árið 1947:

   Á 1. verðlagssvæði:

Kvæntir karlar	kr. 380.00
Ókvæntir karlar	— 340.00
Ógiftar konur	— 250.00

   Á 2. verðlagssvæði:

Kvæntir karlar	kr. 300.00
Ókvæntir karlar	— 270.00
Ógiftar konur	— 200.00

2. Árið 1947 skal greiða í janúar upp í iðgjöld samkv. 107. gr. tryggingalaganna, eins og þau eru ákveðin í næsta lið hér á undan, sem hér segir:

   Á 1. verðlagssvæði:

Karlar	kr. 170.00
Ógiftar konur	— 120.00

   Á 2. verðlagssvæði:

Karlar	kr. 130.00
Ógiftar konur	— 100.00

3. Semji Tryggingastofnunin við innheimtumenn framangreindra gjalda um afhendingu tryggingaskírteina og innheimtu skírteinagjalds, sem á árinu 1947 hefur verið ákveðið kr. 30.00 fyrir hvert skírteini, skal gjald þetta innheimt með þeim hluta tryggingaiðgjaldsins, er greiða ber í janúar og skírteinin því aðeins afhent að skírteinisgjaldið og janúargreiðslan hafi farið fram.

Fjármálaráðuneytið, 18. janúar 1947.

Pétur Magnússon.

Magnús Gíslason.

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1947.

Forsetaúrskurður um skipun og skipting ráðherra o. fl., undirskrifaður af forsetanum 4. febrúar 1947, nr. 6.

Lög um héraðsskjalasöfn, undirskrifuð af forsetanum 12. febrúar 1947, nr. 7.

Lög um viðhald fornra mannvirkja og um byggðasöfn, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 8.

Lög um samkomudag reglulegs Alþingis 1947, undirskrifuð af forsetanum 14. febrúar 1947, nr. 9.

12
21. jan.

REGLUGERÐ

um flutningsrétt á ritverkum og tónsmíðum.

1. gr.

Í umboði höfundafélaga Bandalags ísl. listamanna fer Bandalagið með almenna aðild til þess að semja um flutningsrétt á ritverkum og tónsmíðum við Ríkisútvarpið, leikhús, tónlistarfélög, aðrar stofnanir og einstaklinga, svo og til að setja gjaldskrá um flutningsrétt á ritverkum og tónsmíðum.

2. gr.

Í lögum félaga Bandalagsins skal fram tekið, að félagsmenn veiti Bandalagi ísl. listamanna aðild til að semja um flutningsrétt á verkum sínum, enda sé það gert með samþykki þess félags, sem hagsmuna á að gæta í sambandi við samning eða gjaldskrá. Ef slíkt ákvæði er ekki í lögum Bandalagsfélags, getur hver einstakur félagsmaður gefið Bandalaginu sérstakt umboð til að semja um rétt til flutnings á verkum sínum.

3. gr.

Óheimilt er að flytja ritverk eða tónsmíðar, sem vernduð eru með ákvæðum laga um rithöfundarétt og prentrétt, nema áður hafi náðst um það samkomulag við Bandalag ísl. listamanna eða gjaldskrá verið sett um flutning þeirra.

4. gr.

Bandalag íslenzkra listamanna og Ríkisútvarpið skulu gera með sér samning um rétt útvarpsins til flutnings á ritverkum og tónsmíðum, sem vernduð eru með lögum um rithöfundarétt og prentrétt, og greiðslu fyrir hann. Samningurinn skal vera til ákveðins tíma, en framlengist af sjálfu sér, ef annar hvor aðili hefur eigi sagt honum upp 3 mán. áður en samningstíminn er liðinn.

5. gr.

Náist ekki samkomulag milli Bandalagsins og Ríkisútvarpsins, skal gerðardómur úrskurða um þau atriði, sem ekki hefur náðst samkomulag um. Í gerðardóminum eiga sæti þrír fulltrúar, einn kjörinn af útvarpsráði, einn af B. Í. L. og einn tilnefndur af Hæstarétti. Fulltrúi Bandalagsins skal vera úr því höfundafélagi, sem hlut á að máli hverju sinni. Úrskurði gerðardómsins verður eigi áfrýjað.

6. gr.

Bandalag íslenzkra listamanna skal leita samninga við viðurkennd heildarsamtök annarra aðila, sem annast flutning ritverka og tónsmíða opinberlega. Nú kemur aðild slíkra samtaka ekki til greina eða samningar nást ekki, og hefur þá Bandalag íslenzkra listamanna heimild til að setja lágmarksgjaldskrá um flutning verkanna.

14. dag febrúarmánaðar 1947. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

7. gr. 12

Lágmarksgjaldskrá samkv. 6. gr. skal auglýst í Lögbirtingablaðinu. Gjaldskrá gildir þangað til öðruvísi verður auglýst. 21. jan.

8. gr.

Samningagerð við Ríkisútvarpið og aðra aðila, svo og samningu gjaldskrár samkv. 6. gr., skal stjórn Bandalagsins annast samkvæmt tillögum og að fengnu samþykki þess höfundafélags Bandalagsins, sem hagsmuna hefur að gæta í sambandi við samning eða gjaldskrá.

9. gr.

Reki Bandalag íslenzkra listamanna skrifstofu til að annast samninga um flutningsrétt og innheimtu á greiðslum fyrir flutning, er skylt að greiða þeirri skrifstofu innheimtuþóknun samkvæmt gjaldskrá, er Bandalagið setur, hvort sem greiðslan fer um hennar hendur eða eigi. Fari greiðslan ekki um hendur skrifstofunnar, ber þeim, sem greiðir fyrir flutninginn, að halda innheimtuþóknuninni eftir og greiða hana skrifstofunni.

10. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 49 frá 14. apríl 1943, og koma þau lög til framkvæmda með staðfestingu hennar, sbr. 3. gr. laganna.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 21. janúar 1947.

Brynjólfur Bjarnason.

Birgir Thorlacius.

REGLUR 13

22. jan.

um fyrirtæki, er starfa að loftflutningum.

1. gr.

Enginn einstaklingur eða fyrirtæki má án leyfis atvinnumálaráðuneytisins gera sér að atvinnu að flytja fólk eða varning hér á landi með loftförum.

2. gr.

Nú veitir atvinnumálaráðuneytið einstaklingi eða félagi leyfi til loftflutninga og er það þá, auk sérstakra skilyrða, sem sett kunna að verða í leyfisbréfinu og almennra ákvæða laga nr. 32 frá 14. júní 1929, um loftferðir, bundið þeim skilyrðum, er sett eru í reglum þessum.

3. gr.

Atvinnumálaráðuneytið veitir leyfi til loftflutninga til 5 ára í senn.

4. gr.

Leyfishafi skal hlíta þeim ákvæðum um fargjöld fyrir fólk og varning, sem atvinnumálaráðuneytið setur á hverjum tíma.

Nú telur ráðuneytið ástæðu til að lækka fargjöld á öllum eða einstökum flugleiðum og skal þá áður en lækkunin er ákveðin, gefa leyfishafa kost á að láta í té umsögn sína um hina fyrirhuguðu lækkun.

5. gr.

Leyfishafa er skylt að senda flugmálastjóra skýrslu um reksturinn hvern mánuð, tölu farþega, fjölda ferða og aðrar upplýsingar, sem máli skipta að dómi flugmálastjóra, til þess að fá vitneskju um rekstursafkomu einstakra flugvéla og flugleiða og einnig hvernig fullnægt hafi verið flutningaþörfinni á hverri flugleið.

13 Skýrslur þessar ber að afhenda flugmálastjóra innan 30 daga frá lokum þess mán-
22. jan. aðar er skýrslan nær yfir.

Leyfishafi skal fyrir 1. apríl ár hvert senda flugmálastjóra reikninga félagsins fyrir liðið ár í því formi, er hann mælir fyrir um.

Nú dregur leyfishafi að senda slíkar skýrslur eða reikninga, og er þá flugmálastjórninni heimilt, eftir að hafa sent leyfishafa skriflega aðvörun, að svipta leyfishafa flugleyfi um stundarsakir.

6. gr.

Atvinnumálaráðuneytið getur veitt sérleyfi til ákveðins tíma til flugferða á sérstökum flugleiðum, eða frá og til ákveðins lendingarstaðar eða byggðarlags. Sérleyfið getur verið einkaleyfi eða takmarkað við ákveðna tölu flugferða. Einkaleyfi fyrir ákveðna flugleið skal þó bundið því skilyrði, að sérleyfishafi fullnægi flutningaþörfinni.

Atvinnumálaráðuneytið, eða flugmálastjóri fyrir þess hönd, setur nánari reglur varðandi sérleyfi.

7. gr.

Atvinnumálaráðuneytið, eða flugmálastjóri fyrir þess hönd, getur skyldað leyfishafa til að halda uppi ákveðinni tölu flugferða á einstökum flugleiðum, er leyfishafi hefur óskað að starfrækja, jafnvel þótt ekki sé um einkaleyfi eða takmarkað sérleyfi að ræða.

8. gr.

Leyfishafa er skylt að tryggja áhöfn og farþega gegn dauða og slysförum með ekki lakari tryggingarkjörum fyrir hina tryggðu en þeim, sem hægt er að fá á hverjum tíma hjá Tryggingastofnun ríkisins. Skal þess getið á farseðlum að farþegi sé tryggður og hin almennu ákvæði Tryggingastofnunar ríkisins varðandi slysa- og örorkutryggingar prentuð aftan á farseðilinn.

Um ábyrgðarskyldu fer eftir ákvæðum 31.—34. gr. laga nr. 32/1929.

9. gr.

Leyfishafa er skylt að hlíta fyrirmælum flugmálastjóra um tölu áhafnar á hinum ýmsu flugvélagerðum og skal flugmálastjóri úrskurða hverjir teljast hæfir til hinna ýmsu flugliðsstarfa, þar með taldir flugvélavirkjar.

10. gr.

Ef atvinnumálaráðuneytið skipar nefnd til þess að gera tillögur um skipulagningu loftflutninga og veitingu sérleyfa, skal leita álits hennar um deiluatriði, sem kunna að rísa milli leyfishafa, og um kærur, sem fram kunna að koma á hendur þeim.

11. gr.

Reglur þessar ná ekki til þeirra aðila, sem aðeins gera sér að atvinnu að annast tækifærisferðir, þar með talið hringflug í nágrenni lendingarstaðar í flugvélum, sem rúma 4 farþega eða færri. Hins vegar skal slíkt flug háð þeim skilyrðum, er flugmálastjóri setur um öryggi, rekstur og fargjöld, og um það, hvaða flugferðir teljist til tækifærisferða. Slík leyfi má veita til ákveðins tíma í senn og eru þau afturkallanleg, hvenær sem ástæða er til að dómi flugmálastjóra.

12. gr.

Viðurlög við brotum á reglum þessum eru hin sömu og greinir í lögum um loftferðir.

Reglur þessar eru settar samkvæmt lögum nr. 32 14. júní 1929, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Atvinnumálaráðuneytið, 22. janúar 1947.

Áki Jakobsson.

Gunnl. E. Briem.

AUGLÝSING

14
31. jan.

um breyting á gjaldskrá fyrir rafveitu Akureyrar, nr. 189 29. nóvember 1940.

1. gr.

Á eftir II. kafla gjaldskrárinnar komi nýr kafli, svo hljóðandi viðauki:

IV. Bráðabirgðaákvæði.

Gjöld samkv. D-lið gjaldskrárinnar, með undirliðum a—f, breytist með kolaverði í bænum á hverjum tíma, þannig að gjaldskrárverðið teljist jafngildi 60 króna verði á kolatonni og hækki og lækki í sama hlutfalli og útsöluverð kola hér á staðnum á hverjum tíma. Þó skal verð á kw-stund, samkvæmt þessum lið, ávallt standa á hálfum eyri eða heilum. Jafnframt er fallin niður hækkun sú, er gerð var vorið 1942 á gjaldskrárlið D—1—c, úr 2,5 í 4 aura.

Raforkuverð og önnur gjöld samkvæmt öðrum liðum gjaldskrárinnar en D 1 hækki um 1% fyrir hver 2 stig, er verðvísitalan er umfram eitt hundrað.

2. gr.

Breyting þessi öðlast gildi 1. febrúar 1947.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing um breyting á sömu gjaldskrá, nr. 193 28. nóvember 1942.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 31. janúar 1947.

Emil Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

HAFNARREGLUGERÐ

15
31. jan.

fyrir Borgarfjörð í Norður-Múlasýslu.

I. KAFLI

Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Borgarfjarðarhöfn takmarkast af línu, sem hugsast dregin úr Hafnartanga í Landsenda.

II. KAFLI

Stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit hafa 3 menn, sem hreppsnefnd Borgarfjarðarhrepps kýs. Skulu þeir kosnir hvert sinn að aflokinni hreppsnefndarkosningu og gildir kosning þeirra til loka kjörtímabils hreppsnefndarinnar. Til sama tíma skal kjósa 3 varamenn. Hreppsnefnd Borgarfjarðarhrepps fer með framkvæmd þessara mála, unz hreppsnefndarkosningar fara næst fram.

18. dag febrúarmánaðar 1947. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

15 31. jan.

III. KAFLI
Viðhald og endurbætur. Hafnarsjóður.

3. gr.

Hafnarnefnd sér um viðhald og endurbætur á mannvirkjum þeim, sem gerð eru til lendingarbóta og öðrum eignum hafnarinnar, stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta, og annast fjárhald hafnarsjóðs, innheimtu og reikningsskil fyrir hönd hreppsnefndar, gegn innheimtulaunum eða kaupi, er um semur.

Hafnarnefnd setur hafnarvörð, ef þurfa þykir, setur honum starfsreglur og ákveður honum þóknun, að fengnu samþykki hreppsnefndar.

4. gr.

Hafnarsjóði skal eingöngu varið til að standa straum af kostnaði við mannvirki, sem við höfnina eru eða kunna að verða gerð, viðhald þeirra og frekari umbætur.

Hreppsnefnd veitir fé úr hafnarsjóði til verklegra framkvæmda, að fengnum tillögum hafnarnefndar.

Hreppssjóður Borgarfjarðarhrepps ber ábyrgð á skuldum sjóðsins og er hreppsnefnd ábyrg fyrir eignum hans og skuldbindingum.

Reikningur hafnarsjóðs skal fylgja hreppsreikningi og endurskoðast og úrskurðast með honum.

IV. KAFLI
Um almenna reglu.

5. gr.

Hafnarnefnd (hafnarvörður, ef skipaður er) sér um, að gætt sé reglu á höfninni og landi hennar. Er öllum skylt að hlýða boði hennar (hans) og banni eða þess, sem hún setur til að gæta reglu.

Þyki einhverjum sér óréttur gerr af starfsmanni hafnarinnar getur hann kært það fyrir hreppsnefnd, en skipun starfsmanns ber að hlýða þegar í stað.

Starfsmenn hafnarinnar skulu jafnan sýna þeim kurteisi, er þeir skipta við.

V. KAFLI
Um notkun hafnarinnar.

6. gr.

Heimilt er bátum að leggjast að bryggjum hafnarinnar í þeirri röð, er þeir koma að, en skylt er þeim, að fara frá bryggjunni er þeir hafa lokið erindi sínu, ef aðrir bátar þurfa að komast að.

Uppskipunarbátar, sem skipa upp eða út vörum í skip, er liggja á höfninni, ganga fyrir um afgreiðslu og hafa rétt til að nota bryggjurnar, þar sem upp og útskipun er auðveldust.

VI. KAFLI
Um hafnargjöld.

7. gr.

Fyrir hvern uppskipunarbát skal greiða kr. 30.00 fyrir árið.

VII. KAFLI
Um aflagjald.

8. gr.

Greiða skal 1% af brúttó andvirði afla þeirra báta, er leggja afla á land á hafnarsvæðinu. Þó má hafnarnefnd, að fengnu samþykki hreppsnefndar, undanskilja þessu gjaldi báta þá, er kynnu að verða gerðir út frá Höfn, Hofströnd eða Geitavík, að nokkru eða öllu leyti.

VIII. KAFLI
Um vörugjald.

9. gr.

Vörugjald skal greiða af vörum og öðru því, sem um höfnina er flutt. Ekki skal þó greiða vörugjald af vöru, sem áður hefur verið greitt af, þó hún sé flutt til annars staðar á verzlunarsvæði Borgarfjarðar.

10. gr.

Undanskilið er vörugjaldi:

a. Endursendar umbúðir.
b. Vistir og nauðsynjar til báta og skipa.
c. Póstflutningur, og venjulegur farþegaflutningur, allt að 25 kg.

11. gr.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd vörunnar. Brot úr gjaldeiningu telst heil gjaldeining. Skylt er afgreiðslu, er sér um fermingu eða affermingu skips eða báts, að láta hafnarnefnd eða umboðsmanni hennar í té eintak af farmskrá skipsins og skal vörugjald reiknað þar eftir. Sé ekki um farmskrá að ræða, skal skipstjóri (formaður) gefa vottorð um vörur þær, sem hann hefur flutt eða ætlar að flytja.

12. gr.

Vörugjald skal greiða sem hér segir:

1. Af salti, sementi, tilbúnum áburði og síldarmjöli: kr. 6.00 af hverri smálest.
2. — saltfiski: kr. 6.00 af hverri smálest.
3. — nýjum fiski: kr. 3.00 af hverri smálest.
4. — saltkjöti: kr. 1.20 af hverri heiltunnu.
5. — saltkjöti: kr. 0.60 af hverri hálftunnu.
6. — tómum heiltunnum: kr. 0.30 af hverri.
7. — tómum hálftunnum: kr. 0.20 af hverri.
8. — kindarskrokkum: kr. 0.20 af hverjum skrokk.
9. — olíu og benzíni: kr. 2.50 af hverri heiltunnu.
10. — olíu og benzíni: kr. 1.25 af hverri hálftunnu.
11. — timbri: kr. 0.25 af hverju teningsfeti.
12. — búslóð og öðrum vörum, er reiknast í ten.fetum: kr. 0.15 af hverju ten.feti.
13. — stórgripum: kr. 4.00 af hverjum grip.
14. — sauðfé: kr. 1.00 af hverri kind.
15. — öllum öðrum flutningi: kr. 1.00 af hverjum 100 kg, þó aldrei minna en kr. 0.50 af hverri farmskrársendingu.

15 31. jan.

IX. KAFLI
Um innheimtu.

13. gr.

Hlutaðeigandi skipaafgreiðslu ber að sjá um, að greidd séu hafnargjöld af þeim vörum, sem fluttar eru úr landi í skip til sendingar. Einnig ber afgreiðsla ábyrgð á hafnargjaldi af vörum þeim, er í land eru fluttar og hún afhendir móttakanda áður en hann hefur greitt hafnarnefnd eða umboðsmanni hennar þau gjöld, er greiða ber.

Ef skip eða bátur hefur farminn ekki skráðan, ber skipstjóri eða formaður ábyrgð á greiðslu vörugjalds.

Útgerðarmaður hvers báts, er fiskveiðar stundar, ber ábyrgð á því 1% gjaldi, er greiða ber af brúttó verði fiskafla, er bátur leggur á land, og skal það gjald greitt þá er reikningsskil liggja fyrir um sölu ársaflans. Þó má krefja greiðslu samkvæmt áætlun, ef sölureikningar liggja ekki fyrir í árslok.

14. gr.

Öll vörugjöld falla í gjalddaga við fermingu eða affermingu varanna.

X. KAFLI
Ýmis ákvæði.

15. gr.

Öll gjöld, er reglugerð þessi ákveður, má taka lögtaki.

16. gr.

Um skaðabótaskyldu út af skemmdum á mannvirkjum hafnarinnar fer eftir almennum lagafyrirmælum.

17. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 10000 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum lögum.

18. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara sem almenn lögreglumál.

Hafnarreglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 31. janúar 1947.

Emil Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

GJALDSKRÁ

16
1. febr.

fyrir Ólafsfjarðarhöfn.

1. gr.

Lestagjald.

a. Bátar og skip, sem heima eiga í Ólafsfirði, greiði í lesta-, ljósa- og bryggjugjald kr. 2.00 fyrir brúttó smálest á ári. Broti úr smálest skal sleppt. Minnsta gjald sé kr. 20.00 á ári. Bátar og skip, sem heima eiga á Kleyfum, greiði ekkert fastagjald.

b. Innlend fiskiskip, önnur en þau, sem talin eru í a-lið, greiði kr. 0.20 fyrir hverja brúttó smálest, í hvert skipti, sem þau koma til hafnar.

c. Öll önnur skip, sem til hafnarinnar koma, nema herskip, varðskip, björgunarskip, skip, sem hafa skírteini sem skemmtiferðaskip, skip, sem gerð eru út til vísindarannsókna og skip, sem leita hafnar vegna sjóskemmda, skulu greiða kr. 0.20 í lestagjald fyrir hverja smálest. Þó er bæjarstjórn, eftir tillögum hafnarnefndar, heimilt að lækka þetta gjald, eða fella í burtu, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

2. gr.

Ljósagjald.

Skip, sem getur um í 1. gr. b., greiði kr. 3.00 í hvert skipti, sem þau koma til hafnar, á tímabilinu frá 1. ágúst til 14. maí.

Önnur skip greiða einn eyri fyrir hverja smálest, þó aldrei minna en kr. 3.00 í hvert skipti.

3. gr.

Bryggjugjald.

Aðkomuskip, sem leggjast við bólvirki eða bryggju, eða við skip, sem liggur við bryggju eða bólvirki, skal greiða bryggjugjald miðað við brúttó smálestatölu í heilum smálestum. Gjald skal greiða fyrir hvern hálfan sólarhring, og er það 5 aurar af hverri brúttó smálest, þó aldrei minna en 2 krónur. Varðskip eru undanþegin bryggjugjaldi.

4. gr.

Aflagjald.

Skip og bátar, sem leggja afla sinn á land í Ólafsfjarðarhöfn, skulu greiða aflagjald 1½%, miðað við brúttó afla.

5. gr.

Vörugjald.

a. Af eftirtöldum vörum skal ekkert gjald greiða:
   1. Vörur til annarra staða, sem látnar eru í land vegna skemmda í skipi eða í misgripum.
   2. Kol, olía, vistir og aðrar nauðsynjavörur til skipa og báta til eigin notkunar, þegar þetta er flutt úr landi.
   3. Póstur og farangur ferðamanna.

b. Aðfluttar vörur:
   1. Kol, salt, sement, tilbúinn áburður: kr. 6.00 hver smálest.
   2. Olíur og benzín: kr. 1.60 hver 100 kg.

16 1. febr.

3. Þakjárn, smíðajárn, steypustyrktarjárn: kr. 1.40 hver 100 kg.
4. Kornvara, kaffi, sykur, fóðurmjöl, hey: kr. 1.00 hver 100 kg.
5. Veiðarfæri (línuverk, snurpinætur o. fl.): kr. 1.00 hver 100 kg.
6. Aðrar vörur, sem venja er að reikna eftir þyngd: kr. 1.50 hver 100 kg.
7. Timbur: kr. 0.10 hvert teningsfet.
8. Aðrar vörur, sem venja er að reikna eftir rúmmáli: kr. 0.15 hvert ten.fet.
9. Tómar tunnur og föt, uppsett eða óuppsett: kr. 0.25 hvert.

c. Útfluttar vörur:

1. Saltsíld, matéssíld, kryddsíld, sérverkuð síld: kr. 0.75 hver tunna.
2. Saltfiskur og verkaður fiskur: kr. 1.20 hver 100 kg.
3. Lýsi: kr. 1.50 hvert fat.
4. Kjöt: kr. 2.00 hver 100 kg.
5. Ull: kr. 2.50 hver 100 kg.
6. Gærur: kr. 2.00 hver 100 kg.
7. Fiskimjöl: kr. 0.45 hver 100 kg.
8. Hraðfrystur fiskur: kr. 1.80 hver 100 kg.
9. Ísaður fiskur (fiskkaupaskip): kr. 0.45 hver 100 kg.
10. Aðrar vörur, sem reiknast eftir þyngd: kr. 1.00 hver 100 kg.
11. Stórgripir: kr. 5.00 hver gripur.
12. Sauðfé og geitfé: kr. 0.50 hver gripur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 1. febrúar 1947.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

17 3. febr.

AUGLÝSING

um breyting á hafnarreglugerð Siglufjarðarkaupstaðar, nr. 61 18. júlí 1928, sbr. auglýsingu nr. 79 26. maí 1942.

1. gr.

10.—13. flokkur 33. gr. hafnarreglugerðarinnar orðist svo:

10. flokkur. Gjald 25 aurar fyrir hverja tunnu:
Kverkuð og hausskorin síld og matéssíld.

11. flokkur. Gjald 40 aurar fyrir hverja tunnu:
Öll önnur síld í tunnum.

12. flokkur. Gjald 20 aurar fyrir hvert mál:
Öll síld til bræðslu, sem flutt er á land innan hafnarsvæðis Siglufjarðarkaupstaðar eða í skip á höfninni eða annars staðar innan lögsagnarumdæmis kaupstaðarins.

13. flokkur. Gjald 50 aurar af hverjum grip eða dýri:
Nautgripir, sauðfé, hestar, geitur, loðdýr.

2. gr.

Breyting þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1944, um hafnargerðir og lendingarbætur, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. 17 3. febr.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 3. febrúar 1947.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

HAFNARREGLUGERÐ 18 3. febr.

fyrir Hvammstangakauptún.

I. KAFLI

Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Hin löggilta höfn nær yfir skipalægi meðfram strandlengju Hvammstangahrepps, þ. e. frá línu um bæina Mörk og Grænahvamm að norðan, og að norðurenda Vallnahöfða að sunnan.

II. KAFLI

Stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Yfirstjórn hafnarinnar er í höndum hreppsnefndar Hvammstangahrepps og hafnarnefndar, sem skipuð er 3 mönnum kosnum af hreppsnefnd Hvammstangahrepps til þriggja ára, og gengur einn úr nefndinni á ári, fyrst eftir hlutkesti.

3. gr.

Hafnarnefnd annast framkvæmd hafnarmála, og eftirlit með höfninni, undir yfirstjórn hreppsnefndar, sér um viðhald á mannvirkjum og annast fjárhald og reikningsskil fyrir hönd Hvammstangahrepps. Hafnarnefnd kýs sér sjálf formann, og er hann hafnarstjóri. Hafnarnefnd ákveður laun hafnarstjóra og setur honum erindisbréf. Heimilt er hafnarstjóra að láta annan gegna störfum sínum, ef hafnarnefnd samþykkir.

4. gr.

Gjöld þau, sem ákveðin eru í reglugerð þessari, skulu renna í hafnarsjóð Hvammstangahrepps. Skal honum eingöngu varið til þess að gera umbætur á höfninni og mannvirkjum þeim, sem henni heyra til, svo og rekstur og viðhald þeirra. Hreppsnefnd Hvammstangahrepps veitir fé úr sjóðnum til umræddra framkvæmda, eftir tillögum hafnarnefndar, og ákveður hvernig hann skuli ávaxta, enda ber Hvammstangahreppur ábyrgð á eignum hans.

Reikningar sjóðsins skulu fylgja sveitarsjóðsreikningum Hvammstangahrepps og endurskoðast og úrskurðast ásamt þeim.

III. KAFLI

Um almenna reglu.

5. gr.

Hafnarstjóri sér um að gætt sé reglu á höfninni og á bryggjum hennar. Er öllum skylt að hlíta boði hans og banni, og enn fremur þeirra starfsmanna er hafn-

18 13. febr.

arnefnd kann að setja til að gæta reglu. Þyki einhverjum sér óréttur ger, af starfsmönnum hafnarinnar, getur hann kært það fyrir hafnarnefnd, en skipunum starfsmannsins ber að hlýða þegar í stað. Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta fullrar kurteisi í starfa sínum.

6. gr.

Þeim, sem ekkert lögmætt erindi eiga, er bannað að dvelja á bryggju hafnarinnar, ef þeir með því tálma fermingu eða affermingu skipa eða öðrum störfum, sem þar eru unnin.

7. gr.

Ekki má kasta útbyrðis seglfestu, ösku, kolum eða neinu öðru því, er getur valdið skemmdum á höfninni, frá skipum, er þar liggja, né flytja það úr landi út í höfnina.

Meðfram strandlengju hafnarinnar má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, né fylla upp eða dýpka út frá landi nema með samþykki yfirstjórnar hafnarinnar.

Eigendum þeirra mannvirkja, sem eru eða kunna að verða gerð með ofangreindu samþykki, er skylt að halda þeim við þannig, að engin hætta geti stafað af þeim. Nú vanrækir eigandi slíks mannvirkis að halda því í því ástandi, sem nauðsynlegt er að áliti hafnarstjóra, og er þá hafnarnefndinni heimilt að láta gera við mannvirkin á kostnað eiganda, en eigendur eru alltaf ábyrgir fyrir öllum þeim skaða á skipum og mannvirkjum annarra, er kann að stafa frá mannvirkjum hans.

IV. KAFLI

Um legu skipa og umferð þeirra á höfninni.

8. gr.

Skip, sem hvorki ferma né afferma mega aldrei liggja svo á höfninni, að þau tálmi afgreiðslu annarra skipa, og skulu þau í hvert skipti skyld að hlýða boðum starfsmanna hafnarinnar um það, hvar þau megi liggja eða leggjast.

Aldrei mega nein skip liggja svo nærri bryggjunni, að eigi sé nægilegt rúm fyrir önnur skip að komast að eða frá.

Skipum eða bátum má ekki leggja svo, að það tefji eða hindri umferð um höfnina.

Nú tregðast eigandi eða skipstjóri við að hlýða boðum starfsmanna hafnarinnar, um að flytja skip sitt eða strengi á höfninni og getur þá hafnarstjóri látið gera það á kostnað og ábyrgð eiganda.

9. gr.

Ekki má festa skip eða bát við bryggju, nema við festarhringi eða festarstólpa, og skal festum þannig fyrir komið, að þær hindri sem minnst umferð á bryggjunni. Þyki þess ekki gætt nægilega getur hafnarstjóri látið bæta úr því tafarlaust.

V. KAFLI

Notkun hafnarbryggjunnar.

10. gr.

Meðan hafnarnefnd ekki ákveður annað, er skipum heimilt að leggjast við bryggju hafnarinnar í þeirri röð, sem þau koma. Þó skulu þau skip, sem sigla eftir fyrirfram ákveðinni og auglýstri ferðaáætlun og flytja póst og farþega, hafa rétt til að fá afgreiðslu við bryggju þótt önnur skip séu þar fyrir, og verða þau að víkja

meðan hin eru afgreidd. Sé fermingu eða affermingu skips ekki haldið áfram með nægilegum hraða, að áliti hafnarstjóra, ber því að víkja fyrir öðrum skipum, ef hann krefst þess. 18 3. febr.

11. gr.

Þegar lokið er afgreiðslu skips, skal afgreiðslumaður eða skipstjóri láta ræsta bryggjuna, ef þörf gerist. Farist það fyrir skal hafnarstjóri sjá um að það sé gert, en afgreiðslumaður eða skipstjóri greiði allan kostnað.

VI. KAFLI
Um hafnargjöld.

12. gr.

Öll skip 12 smálestir nettó og þar yfir skulu greiða hafnargjöld, er þau koma á Hvammstangahöfn og hafa eitthvert samband við land.

Undanþegin hafnargjaldi eru þó herskip, varðskip, björgunarskip, skemmtiferðaskip, skip, sem gerð eru út til vísindarannsókna, skip, sem leita hafnar vegna sjóskemmda, skip, sem leita hafnar vegna óveðurs, en hafa ekki samband við land. Hafnargjöld greiðast af nettó stærð skips og reiknast í heilum tölum, en brotum skal sleppa.

13. gr.

Skip, sem sigla eftir opinberum ferðaáætlunum, skulu greiða 10 aura af hverri smálest í hvert sinn er þau leggjast í Hvammstangahöfn. Öll önnur skip, sem til hafnar koma, með þeim undantekningum, er að framan greinir, skulu greiða 20 aura af hverri smálest.

VII. KAFLI
Um bryggjugjöld.

14. gr.

Öll aðkomuskip og aðkomubátar, nema varðskip, herskip og vísindaleg rannsóknaskip, skulu greiða í bryggjugjald 10 aura af hverri nettó rúmlest í hvert sinn sem þau leggjast að bryggju á Hvammstangahöfn. Lægsta gjald skal þó vera 4 kr. sé skipið 12 brúttólestir að stærð eða þar yfir, annars 2 kr. af þilfarsbátum, en 1 kr. af opnum vélbátum.

15. gr.

Bátar heimilisfastir, 12 smálestir eða meira að stærð, skulu greiða 1 kr. á sólarhring fyrir afnot af bryggju og löndunartækjum hafnarinnar, þó ekki meira en 50 kr. á ári. Minni vélbátar greiði 50 aura á sólarhring, þó ekki meira en 25 kr. á ári.

VIII. KAFLI
Um vörugjald.

16. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum, lifandi og dauðum, sem fluttar eru af eða á skipsfjöl á höfninni, með þeim undantekningum, sem um getur í næstu grein.

17. gr.

Undanþegnar vörugjaldi eru:

a. Umbúðir, sem endursendar eru, enda sé þess getið á farmskrá.
b. Vistir og aðrar nauðsynjar til skipa og báta til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi.
c. Póstflutningur og farangur ferðamanna.

18 3. febr.

18. gr.

Vörugjaldið skal reikna eftir máli, þyngd eða stykkjatölu, með umbúðum. Brot úr gjaldeiningu telst sem heil gjaldeining.

Fara skal eftir farmskrá skips við útreikning vörugjalds og er skipstjóri eða afgreiðslumaður skyldur að láta hafnarstjóra í té eftirrit af farmskrá skipsins. Sé engin farmskrá, skal skipstjóri eða formaður skips eða báts gefa drengskaparvottorð um vörumagn það. sem skip hans hefur fermt eða affermt. Þyki hafnarstjóra ástæða til, getur hann hvenær sem er, látið ákveða vörumagnið á þann hátt sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn.

Ef ýmsar vörutegundir eru í sömu sendingu, skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund, sem hæst gjald skal greiða af.

Vörur skal flokka eftir því sem vörugjaldskrá tiltekur, og gjald greiðist eins og þar segir.

19. gr.

Vörugjaldskrá.

1. fl. 100 aurar fyrir 100 kg: Kol, salt, sement og tilbúinn áburður.
2. fl. 120 aurar fyrir 100 kg: Aðrar vörur, sem reiknast eftir þyngd.
3. fl. 20 aurar fyrir teningsfet: Timbur.
4. fl. 30 aurar fyrir teningsfet: Aðrar vörur eftir máli.
5. fl. 200 aurar fyrir tunnu: Olíur, benzín, smurningsolíur.
6. fl. 120 aurar fyrir tunnu: Síld, kjöt, slátur o. fl.
7. fl. 50 aurar fyrir stk.: Stykkjavara.
8. fl. 400 aurar fyrir stk.: Stórgripir.
9. fl. 100 aurar fyrir stk.: Sauðfé og smærri dýr.
10. fl. 800 aurar fyrir stk.: Bátar, bifreiðar o. þ. u. l.

IX. KAFLI

Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

20. gr.

Skipstjóri eða formaður á bát ber ábyrgð á greiðslu hafnar- eða bryggjugjalds. Ef enginn formaður eða skipstjóri er á fleytunni, ber eigandi ábyrgð á greiðslu gjaldanna. Hafnarsjóður hefur haldsrétt á fleytunni unz gjöldin eru greidd.

Að svo miklu leyti sem ekki eru í reglugerð þessari ákveðnir fastir gjalddagar á gjöldunum skal greiða þau áður en skipið fer burt úr höfninni. Gjalddaga fyrir ársgjöld ákveður hafnarstjóri.

21. gr.

Gjöld fyrir vörur þær, sem um getur í vörugjaldskrá, greiðir eigandi eða umboðsmaður hans á Hvammstanga og hefur hafnarsjóður haldsrétt á vörunum unz gjaldið er greitt. Ef margir eiga vörur í sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins standa skil á afgreiðslunni. Ef skip eða bátur hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri eða formaður ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins. Vörugjald af vörum sem koma til hafnar fellur í gjalddaga, þegar skipið, sem vöruna flytur, er komið í höfnina, og vörugjald af vörum, sem fluttar eru úr landi, fellur í gjalddaga þegar vörurnar eru komnar í skip.

Öll gjöld samkvæmt reglugerðinni má taka lögtaki, og sér hafnarstjóri um innheimtu þeirra.

X. KAFLI

Ýmis ákvæði.

22. gr.

Um skaðabótaskyldur fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum lagareglum. Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur, skulu þær ákveðast af 3 óvilhöllum dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila um sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en 1 mánuður er liðinn frá því að matsgerð var lokið. Yfirmatið skal framkvæmt af 5 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, er krafðist þess, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

23. gr.

Enginn, sem hefur bakað sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, má fara burt úr höfninni meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, er hafnarstjóri tekur gilda.

24. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 500.00, nema þyngri refsing liggi við samkv. lögum. Sektirnar renni í hafnarsjóð Hvammstangahrepps.

25. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara sem almenn lögreglumál.

26. gr.

Með staðfestingu reglugerðar þessarar fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Hvammstangakauptún, nr. 161 frá 5. sept. 1939.

XI. KAFLI

Ákvæði til bráðabirgða.

27. gr.

Meðan ekki er öðruvísi ákveðið og brýn þörf er á vegna kostnaðarsamra endurbóta á höfninni, er heimilt að innheimta öll gjöld, sem ákveðin eru í reglugerð þessari, með allt að 50% álagi.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 3. febrúar 1947.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

19
7. febr.

REGLUR

um radíó-leyfi áhugamanna.

Samkvæmt 4. gr. reglugerðar, dags. 9. maí 1942, um stjórn, rekstur og eftirlit fjarskiptamála eru hér með settar eftirfarandi reglur um radíó-leyfi áhugamanna:

1. gr.

Umsókn um leyfi til að setja upp eða reka radíóstöð áhugamanna skal senda póst- og símamálastjórninni og skal taka fram fæðingardag, heimilisfang, upplýsingar um menntun ásamt vottorðum um próf, sbr. 4. gr. hér á eftir.

2. gr.

Umsækjandi um radíó-leyfi áhugamanna skal:

1. vera íslenzkur ríkisborgari;
2. vera fullra 16 ára;
3. vera skráður útvarpsnotandi;
4. hafa lokið prófi, sbr. 3. gr., er póst- og símamálastjórnin tekur gilt;
5. vera félagi í Félagi íslenzkra radíó-amatöra.

3. gr.

Radíó-leyfi áhugamanna greinast þannig:

1. Hlustunarleyfi, þ. e. leyfi til að hlusta á radíó-viðskipti áhugamanna;
2. morse-leyfi, þ. e. leyfi til þess að hafa morse-viðskipti við aðra áhugamenn;
3. tal-leyfi, þ. e. leyfi til þess að hafa talviðskipti við aðra áhugamenn;
4. smíðaleyfi, þ. e. leyfi til þess að setja saman og setja upp til eigin afnota radíóviðtæki og senditæki og loftnet til viðskipta við aðra áhugamenn.

Í þessum reglum er aðeins átt við áhugamenn, er hafa leyfisbréf.

4. gr.

Prófkröfur eru þessar:

1. Fyrir hlustunarleyfi þarf ekkert próf.
2. Fyrir morse-leyfi þarf próf:
   a. í helztu atriðum í lögum um fjarskipti og tilheyrandi reglum varðandi radíó-viðskipti, svo og í þeim greinum alþjóðareglugerðarinnar er snerta stöðvar áhugamanna;
   b. í viðtöku og sendingu morse-merkja (60 bókstafir/mín.) í leikni í viðskiptum og notkun Q-skammstafana;
   c. í undirstöðuatriðum raffræði og radíótækni, leikni í stillingu senditækja, bylgjumælingu, o. þ. l.
3. Fyrir tal-leyfi þarf próf:
   a. í sama og nefnt er í 4. gr. 2. a.;
   b. í raffræði og radíótækni, sérstaklega í mótun senditækja og í stillingu þeirra á mjög stuttum bylgjum.
4. Fyrir smíða-leyfi þarf próf:
   a. í sama og nefnt er í 4. gr. 2. a., þó meira í alþjóðareglugerð og enn fremur í gildandi reglum um raforkuvirki;
   b. í raffræði og radíótækni (Bóklega verður krafizt svipaðrar þekkingar og felst t. d. í hinum amerísku radíó-handbókum fyrir áhugamenn).

   Verklega verður krafizt leikni í meðferð mælitækja, vönduðum frágangi, öryggi í stillingu tækjanna o. þ. l.

Loftskeytamenn og útvarpsvirkjar þurfa ekki að taka próf í því, er þeir hafa tekið fullnægjandi próf í áður, að viðstöddum prófdómara frá póst- og símamálastjórninni. Þannig geta loftskeytamenn fengið morse-leyfi og talleyfi án prófs, en þurfa fyrir smíðaleyfi viðbótarpróf í radíótækni og reglugerð um raforkuvirki. Útvarpsvirkjar þurfa próf í lögum og reglum og í senditækni, áður en þeir geta fengið tal-leyfi, auk þess morse-próf fyrir morse-leyfi. Fyrir smíðaleyfi þurfa útvarpsvirkjar viðbótarpróf í senditækni. Rafmagnsverkfræðingum og símafræðingum er hægt að veita tal- og smíðaleyfi án prófs, en þeir þurfa morse-próf fyrir morse-leyfi. **19** 7. febr.

5. gr.

Áhugamenn mega aðeins afla sér tækja sinna og radíó-efnis til þeirra með milligöngu félags síns, en það snýr sér svo til póst- og símamálastjórnarinnar með beiðni um útvegun þess. Þeir mega ekki selja það eða afhenda öðrum án skriflegrar heimildar póst- og símamálastjórnarinnar.

6. gr.

1. Sendirinn skal vera eins stöðugur á öldutíðninni og eins laus við aukasveiflur og alþjóðareglur mæla fyrir um. Á öldutíðnum undir 30 mrið/s má eingöngu nota plötuorku úr rakstraum með sem allra minnstum gárum og notkun A2 (tónmótun) er bönnuð.
2. Uppsetning á vélum og tækjum (og loftnetum) skal vera í samræmi við gildandi reglur, bæði um radíóstöðvar og um raforkuvirki. Áður en vélar eða tæki eru tekin í notkun eða tengd við rafveitukerfið, skulu þau skoðuð af eftirlitsmönnum frá póst- og símamálastjórninni og frá rafmagnseftirliti ríkisins. Fyrir skoðun hins síðarnefnda skal greiða 20 kr. í hvert skipti, en skoðun hins fyrrnefnda telst falin í leyfisgjaldi. Slík skoðun verður og að fara fram, hvenær sem breytt er gerð tækjanna eða hlutum í því, ef það getur haft nokkur áhrif á öryggi eða truflanahættu eða aðra eiginleika tækisins frá því er getið er um í skýrslu skoðunarmanna.
3. Rakstraumsorkan á plötuna í síðasta mögnunarstigi má ekki vera meiri en 50 wött.
4. Á stöðinni verður að vera til nákvæmur öldutíðnimælir, sem er réttur á þeim öldutíðnum, sem sendirinn notar. Ef sendirinn er ekki krystalstýrður, verður stöðin einnig að hafa nægilega góðan bylgjumæli með sveifluvaka, sem er aðskilinn frá sjálfum sendinum.
5. Handhafi leyfisbréfs er skyldur til að fara eftir þeim reglum, innlendum og alþjóðlegum, sem gilda á hverjum tíma um búnað og notkun sendisins. Notkun sendisins á að fara fram eftir föstum reglum.
6. Stöðinni er úthlutað kallmerki, sem byrjar á TF ... Kallmerkið skal nota reglulega alltaf, þegar sent er og við lengri sendingar skal nota það með stuttu millibili.
7. Sendirinn er leyfður fyrir morse, tal eða hvort tveggja.
8. Sending má aðeins fara fram á þeim öldutíðnum, sem ákveðnar eru í leyfisbréfinu.

Tíðnir stöðvanna verða fyrst um sinn ákveðnar innan eftirfarandi bylgjusviða:

14020—14380	kílórið/sek.	A1 eingöngu.
28— 29,7	megarið/sek.	A1 eða A3
50— 54	—	A1, A2, A3
144— 148	—	—
220— 225	—	—
440— 450	—	—

19 7. gr.

7. febr.

1. Einungis þau viðskipti eru leyfð, er fjalla um tilraunirnar sjálfar, svo og þýðingarlítil persónuleg mál o. þl., sem annars eru ekki send í skeytum eða símtölum.
2. Stöðina má ekki nota til að koma á framfæri eða taka á móti, beint eða óbeint, tilkynningum, fréttum, auglýsingum eða verzlunartilkynningum, eða á nokkurn hátt, sem orðið gæti til tjóns fyrir hið opinbera eða aðra aðila. Ef tekið er óviljandi á móti slíku má hvorki skrifa það, segja það né notfæra sér það á nokkurn hátt, heldur skal halda því stranglega leyndu.
3. Öll sending efnis til skemmtunar, fræðslu, auglýsinga eða áróðurs eða því um líkt, er bannað, hvort sem það á upptök sín á stöðinni sjálfri eða er móttekið frá öðrum stöðum.
4. Handhafi leyfisbréfs ber ábyrgð á, að sending eða útbreiðsla gabb-neyðarmerkja, neyðarkalla eða annarra tilkynninga í blekkingarskyni eigi sér ekki stað um tæki hans.
5. Það er bannað að hafa eða reyna að hafa viðskipti við stöðvar í löndum, þar sem slík viðskipti eða slíkar stöðvar eru ekki leyfðar.
6. Stöðin má ekki trufla önnur radíó-viðskipti eða starfsemi opinberra stofnana, þar með talið íslenzka ríkisútvarpið. Kostnað við að losna við slíkar truflanir skal eigandi sendisins greiða, hvort heldur um er að ræða nauðsynlegar breytingar á sendinum eða stöðinni, sem truflað er.

8. gr.

Við stöðina skal halda dagbók, þar sem skrifað er, hvenær sending byrjar og hvenær hún hættir og við hvaða stöðvar skipt er á morse og á tali og yfirleitt allt sem gildi hefur til að dæma um notkun sendisins.

Innan 1. febrúar hvers árs, skal handhafi sendileyfisins senda símamálastjórninni stutta greinargerð um, hvernig stöðin hefur verið notuð á undanförnu ári. Hann er einnig skyldur til, hvenær sem er, að gefa þær upplýsingar, sem símamálastjórnin kynni að æskja, varðandi rekstur stöðvarinnar.

9. gr.

Ef radíó-áhugamaður fær einhvern grun um, að stöð sem hann hlustar á, hafi ólögleg viðskipti, ber honum skylda til að tilkynna símamálastjórninni og félagsskap sínum það tafarlaust og eftir því sem hægt er að staðsetja hinn ólöglega sendi og tilkynna símamálastjórninni árangurinn af rannsókn sinni.

10. gr.

Sendinn má aðeins nota, þar sem tilgreint er í leyfisbréfinu. Eftirlitsmenn símamálastjórnarinnar geta hvenær sem er skoðað stöðina og radíóefni það, sem áhugamaður hefur fengið í tilrauna skyni.

11. gr.

Fyrir morse-leyfi, tal-leyfi eða smíðaleyfi skal greiða kr. 100.00 í leyfisgjald fyrir fyrsta leyfið, en kr. 50.00 fyrir hvert hinna, fyrir hvert almanaksár eða brot úr því. Leyfisgjaldið skal greiða án kröfu fyrir 1. apríl hvers árs til aðalgjaldkera landsímans. Ekki er krafizt leyfisgjalds fyrir hlustunarleyfi.

12. gr.

Þegar símamálastjórnin telur það nauðsynlegt, getur hún lokað stöðinni alveg, eða takmarkað notkun hennar og einnig getur hún afturkallað leyfið. Greidd leyfisgjöld endurgreiðast ekki.

13. gr. 19 7. febr.

Skilyrðum fyrir leyfinu getur símamálastjórnin breytt, hvenær sem er, án þess að semja þurfi nýjar reglur í heild.

14. gr.

Leyfið fellur fyrirvaralaust úr gildi, ef:

a. um brot á reglunum er að ræða;
b. handhafi leyfisins hættir að vera íslenzkur ríkisborgari;
c. leyfisgjald er ekki greitt á réttum tíma;
d. leyfishafi greiðir ekki útvarpsafnotagjald sitt.

15. gr.

Leyfið gildir aðeins á friðartímum. Leyfishafi er á ófriðartímum skyldur til, ef þess er krafizt, að afhenda ríkinu umráð yfir radíóefni sínu eða að láta innsigla það.

16. gr.

Brot gegn reglum þessum varða viðurlögum samkvæmt lögum nr. 30 27. júní 1941, um fjarskipti, sbr. 4. gr. reglugerðar frá 9. maí 1942 um stjórn, rekstur og eftirlit fjarskiptamála.

Póst- og símamálastjórnin, 7. febrúar 1947.

Guðmundur Hlíðdal.

Gunnl. Briem.

AUGLÝSING 20 12. febr.

um breyting á samþykkt nr. 104 24. ágúst 1944, um lokunartíma sölubúða og sölustaða og takmörkun á vinnutíma sendisveina í Reykjavík.

1. gr.

2. mgr. 2. gr. orðist svo:

Aðfangadag jóla og gamlársdag skal sölubúðum og sölustöðum lokað ekki síðar en kl. 1 síðdegis, nema þeir dagar séu mánudagar, þá má hafa opið til kl. 4 síðd.

3. mgr. 2. gr. orðist svo:

Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla er heimilt að halda sölubúðum og sölustöðum opnum til miðnættis, svo er og heimilt að hafa opið til kl. 10 síðdegis einn virkan dag á undan þessum degi, skömmu fyrir jól.

Fyrir orðin „15. maí til 14. september“ í 4. mgr. 2. gr. komi: 1. maí til 30. september.

Orðin „en laugardaginn fyrir hvítasunnu má þó jafnan vera opið til kl. 4 síðdegis“ falli burt.

Við 4. mgr. 2. gr. bætist: Á tímabilinu 1. október til 30. apríl skal á laugardögum lokað ekki síðar en kl. 4 síðdegis.

Fyrir orðin „14. maí til 13. september“ í 5. mgr. 2. gr. komi: 30. apríl til 29. september.

2. gr.

Við 4. gr. bætist ný mgr., er verði 3. mgr., svo hljóðandi:

Aðfangadag jóla og gamlársdag til kl. 4 síðdegis.

4. mgr. 4. gr. (verður 5. mgr.) verði svo hljóðandi:

Laugardaga á tímabilinu 15. maí til 14. september, svo og laugardagana fyrir páska og hvítasunnu til kl. 4 síðdegis, en aðra laugardaga til kl. 6 síðdegis.

20 12. febr. Samþykkt þessi, sem gerð er af bæjarstjórn Reykjavíkurkaupstaðar, samkv. lögum nr. 17 1. febrúar 1936, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytini öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið 12. febrúar 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jónas Guðmundsson.

21 17. febr.

REGLUGERÐ

um ríkisábyrgð á söluverði freðfisks, saltfisks o. fl.

1. gr.

Ríkissjóður ábyrgist hraðfrystihúsum söluverð það á framleiðslu þeirra, sem ákveðið er í 2. gr. reglugerðar þessarar.

2. gr.

1. Þorsk-, löngu- og ýsuflök, vafin í pergamentpappír í 3 kg eða 7 enskra punda (lbs.) stykkjum, 8 í ks. á 24 kg eða 56 lbs. nettó, pr. lb. fob. kr. 1.33
2. Þorsk- og lönguflök roðlaus, vafin í cellophan í 5 lbs. öskjum, 10 í ks. á 50 lbs. nettó, pr. lb. fob. ..... — 1.90
3. Þorsk- og lönguflök roðlaus, vafin í cellophan í 1 kg öskjum, 25 í ks. 25 kg nettó, pr. lb. fob. ..... — 1.92
4. Þorsk- og lönguflök roðlaus, vafin í cellophan í 2 lbs. öskjum, 25 í ks. 50 lbs. nettó, pr. lb. fob. ..... — 1.95
5. Þorsk- og lönguflök roðlaus, vafin í cellophan, ½ kg öskjur, 50 í ks. 25 kg nettó, pr. lb. fob. ..... — 1.98
6. Þorsk- og lönguflök roðlaus, vafin í cellophan í 1 lb. öskjum, 50 í ks. 50 lbs. nettó, pr. lb. fob. ..... — 2.02
7. Ýsuflök roðlaus, vafin í cellophan í 5 lbs. öskjum, 10 í ks. 50 lbs. nettó, pr. lb. fob. ..... — 1.97
8. Ýsuflök roðlaus, vafin í cellophan í 2 kg öskjum, 25 í ks. 25 kg nettó, pr lb. fob. ..... — 1.98
9. Ýsuflök roðlaus, vafin í cellophan í 2 lbs. öskjum, 25 í ks. 50 lbs. nettó, pr. lb. fob. ..... — 2.01
10. Ýsuflök roðlaus, vafin í cellophan í ½ kg öskjum, 50 í ks. 25 kg nettó, pr. lb. fob. ..... — 2.04
11. Ýsuflök roðlaus, vafin í cellophan í 1 lb. öskjum, 50 í ks. 50 lbs. nettó, pr. lb. fob. ..... — 2.08
12. Steinbítsflök roðlaus, vafin í pergament í 3 kg eða 7 lbs. stykkjum, 8 í ks. 24 kg eða 56 lbs. nettó, pr. lb. fob. ..... — 1.52
13. Steinbítsflök roðlaus, vafin í cellophan í 5 lbs. öskjum, 10 í ks. 50 lbs. nettó, pr. lb. fob. ..... — 1.87

14. Steinbítsflök roðlaus, vafin í cellophan í 1 kg öskjum, 25 í ks. 25 kg nettó, pr. lb. fob. ..... kr. 1.88
15. Steinbítsflök roðlaus, vafin í cellophan í 2 lbs. öskjum, 25 í ks. 50 lbs. nettó, pr. lb. fob. ..... — 1.91
16. Steinbítsflök roðlaus, vafin í cellophan í ½ kg öskjum, 50 í ks. 25 kg nettó, pr. lb. fob. ..... — 1.94
17. Steinbítsflök roðlaus, vafin í cellophan í 1 lb. öskjum 50 í ks. 50 lbs. nettó, pr. lb. fob. ..... — 1.98
18. Karfaflök roðlaus, vafin í pergament í 3 kg eða 7 lbs. stykkjum, 8 í ks. 24 kg eða 56 lbs. nettó, pr. lb. fob ..... — 1.27
19. Karfaflök roðlaus, vafin í cellophan í 5 lbs. öskjum, 10 í ks. 50 lbs. nettó, pr. lb. fob. ..... — 1.61
20. Karfaflök roðlaus, vafin í cellophan í 1 kg öskjum, 25 í ks. 25 kg nettó, pr. lb. fob. ..... — 1.61
21. Karfaflök roðlaus, vafin í cellophan í 2 lbs. öskjum, 25 í ks. 50 lbs. nettó, pr. lb. fob. ..... — 1.64
22. Karfaflök roðlaus, vafin í cellophan í ½ kg öskjum, 50 í ks. 25 kg nettó, pr. lb. fob. ..... — 1.68
23. Karfaflök roðlaus, vafin í cellophan í 1 lb. öskjum, 50 í ks. 50 lbs. nettó, pr. lb. fob. ..... — 1.72
24. Ufsaflök, vafin í pergament í 3 kg eða 7 lbs. stykkjum, 8 í ks. 24 kg eða 56 lbs. nettó, pr. lb. fob. ..... — 1.01
25. Keiluflök, vafin í pergament í 3 kg eða 7 lbs. stykkjum, 8 í ks. 24 kg eða 56 lbs. nettó, pr. lb. fob. ..... — 1.02
26. Flatfiskur I (skarkoli, þykkvalúra og smálúða), heilfrystur í stykkjum í ks. 25 kg nettó, pr. lb. fob. ..... — 1.51
27. Flatfiskur I (skarkoli, þykkvalúra og smálúða), hausaður, heilfrystur í stykkjum í ks. 25 kg nettó, pr. lb. fob. ..... — 1.75
28. Flatfiskur II (stórkjafta og langlúra), heilfrystur í stykkjum í ks. 25 kg nettó, pr. lb. fob. ..... — 1.01
29. Flatfiskur II (stórkjafta og langlúra) hausaður, heilfrystur í stykkjum í ks. 25 kg nettó, pr. lb. fob. ..... — 1.18
30. Flatfiskflök, roðflett á svarta borði, vafin í cellophan í 1 lb. öskjum 50 í ks. 50 lbs. nettó, pr. lb. fob. ..... — 3.76

Verð það á flökum af bolfiski, sem um ræðir í þessari grein, miðast við að flökin séu þunnildalaus.

3. gr.

Ríkissjóður ábyrgist saltfiskframleiðendum söluverð það á fiskframleiðslu þeirra, sem ákveðið er í 4. gr. reglugerðar þessarar.

4. gr.

1. Þorskur, stór og smár, en þó eigi undir 12″, og langa 1. fl. incl. 10% 2. fl., pr. kg fob. ..... kr. 2.25
2. Þorskur, stór og smár, en þó eigi undir 12″, og langa 2. fl., það sem fram yfir er 10% er um getur í 1. tölulið, pr. kg fob. ..... — 2.00

21 17. febr.

3.	Þorskur, stór og smár, en þó eigi undir 12″, og langa 3. fl., pr. kg fob.	kr. 1.80
4.	Þorskur, stór og smár, en þó eigi undir 12″, og langa 4. fl., pr. kg. fob.	— 1.60
5.	Þorskur og langa, handfiskur, undir 12″, pr. kg fob.	— 1.80
6.	Ýsa, eigi undir 12″, 1. fl. incl. 10% 2. fl., pr. kg fob.	— 2.25
7.	Ýsa, eigi undir 12″, 2. fl., það sem fram yfir er 10%, er um getur í 6. tölul., pr. kg fob.	— 2.00
8.	Keila, eigi undir 12″, 1. fl. incl. 10% 2. fl., pr. kg fob.	— 1.30
9.	Keila, eigi undir 12″, 2. fl., pr. kg fob.	— 1.20
10.	Keila, eigi undir 12″, 3. fl., pr. kg fob.	— 1.10

5. gr.

Ábyrgð ríkissjóðs samkv. 2.—4. gr. miðast við að heimilt sé að verðjafna milli fisktegunda og verkunaraðferða, enda gildir þá ábyrgðin sem meðaltalsábyrgð. Óheimilt er að salta ýsu, ef með nokkru móti er hægt að frysta hana eða selja hana ísaða til útflutnings.

6. gr.

Atvinnumálaráðuneytið getur ákveðið hversu haga skuli fiskframleiðslunni á hverjum stað og tíma með tilliti til verkunar hinna ýmsu fisktegunda, svo og pökkunar, og er þá óheimilt að framleiða aðrar tegundir til útflutnings eða verka fiskinn á annan hátt en ráðuneytið hefur ákveðið. Ráðuneytið getur einnig sett reglur um móttöku fisks hjá frystihúsunum.

7. gr.

Ábyrgð sú, er um ræðir í 4. gr., miðast við saltfisk, sem er fullsaltaður og fullstaðinn, metinn af löggiltum matsmönnum, og pakkaður í hessianstriga.

Ríkisstjórnin getur síðar ákveðið hvort þurrka skuli einhvern hluta saltfisksins, og mun þá ákveða verðtryggingu hans.

8. gr.

Selji hlutarsjómenn og útgerðarmenn fisk sinn öðrum skal kaupandi færa sönnur á, sem ráðuneytið metur gildar, að hann hafi greitt það lágmarksverð á fiski, sem auglýst hefur verið af ráðuneytinu.

9. gr.

Allir þeir, sem framleiða fisk, er ábyrgð ríkissjóðs samkv. lögum nr. 97/1946 tekur til, skulu gefa skýrslur um framleiðslu sína í því formi og svo oft, sem ráðuneytið telur nauðsynlegt.

10. gr.

Ríkisstjórnin getur falið sérstakri nefnd að annast alla framkvæmd reglugerðar þessarar.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 97 28. desember 1946, til að öðlast gildi þegar í stað.

Atvinnumálaráðuneytið, 17. febrúar 1947.

Jóhann Þ. Jósefsson.

Gunnl. E. Briem.

REGLUGERÐ

22
18. febr.

um greiðslu barnalífeyris, þegar tekjur lífeyrisþega hafa náð ákveðnu hámarki.

1. gr.

Verulegar tekjur lífeyrisþega og/eða maka, samkvæmt 21. gr., ber að telja upphæð, sem samsvarar þreföldum hjónalífeyri, að viðbættum þreföldum barnalífeyri, miðað við hjón og 3 börn, og skal eigi greiða barnalífeyri, þegar tekjur eða samanlagðar tekjur og lífeyrisgreiðslur hafa náð því marki. Séu börnin fleiri en 3 skal greiða fjölskyldubætur með þeim börnum, umfram 3, sem ekki njóta barnalífeyris samkvæmt 1. málslið.

2. gr.

Nú fara tekjur gifts lífeyrisþega og/eða maka fram úr upphæð, sem samsvarar þreföldum hjónalífeyri, og skal þá skerða barnalífeyrisgreiðslur til hans sem hér segir:

Þegar um eitt barn er að ræða, lækkar lífeyrinn um helming (½) þess, sem umframtekjurnar nema, séu börnin tvö, nemur lækkunin þrem fjórðu (¾) hlutum, en séu þau þrjú, nemur lækkunin jafnmiklu og umframtekjurnar.

3. gr.

Lífeyrisgreiðslur vegna barna ekkna og ógiftra lífeyrisþega, sem hafa tekjur umfram þrefalda lífeyrisupphæð einstaklinga samkv. 15. gr., að viðbættum hálfum barnalífeyri samkv. 20. gr., skal takmarka sem hér segir:

Þegar tekjur framfærenda fara fram úr téðu hámarki, skal lækka barnalífeyrisgreiðslur þannig, að lífeyrinn falli niður þegar umframtekjur hafa náð upphæð, sem samsvarar þreföldum barnalífeyri samkv. 20. gr., þegar um eitt barn er að ræða, ferföldum, ef þau eru 2, og fimmföldum, ef þau eru 3. Séu börnin fleiri, skal, þegar samanlagðar tekjur og lífeyrir hafa náð framansögðu marki, aðeins greiða upphæð sem samsvarar fjölskyldubótum með þeim börnum, sem umfram eru og ekki njóta barnalífeyris samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, þó þannig að jafnan greiðist óskertur barnalífeyrir, ef tekjur framfærenda ná eigi þrefaldri lífeyrisupphæð einstaklings. Tryggingaráð setur nánari reglur um skerðingu.

4. gr.

Lífeyrir munaðarlausra barna, er hafa sjálfstæðar tekjur, sem fara fram úr lífeyrisupphæð einstaklinga samkv. 15. gr., skal lækka um helming þess, sem umframtekjurnar nema. Lífeyrir annarra barna, er hafa sjálfstæðar tekjur, sem fara fram úr barnalífeyri samkv. 20. gr. laganna, skal lækka um helming þess, sem tekjurnar fara fram úr þeirri upphæð.

5. gr.

Lífeyrisþegi telst í reglugerð þessari hver sá, sem vegna aldurs eða örorku uppfyllir skilyrði II. kafla laganna til að njóta lífeyris, þótt lífeyrisgreiðslur til hans sjálfs falli niður vegna ákvæða 63. gr. eða 1. bráðabirgðaákvæðis laganna.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 1. bráðabirgðarákvæði í lögum nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar, og gildir til 31. desember 1947.

Félagsmálaráðuneytið, 18. febrúar 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jónas Guðmundsson.

23

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Hins almenna kirkjusjóðs Íslands 1946.

Tekjur:

1.	Eign í ársbyrjun		kr.	865353.22
2.	Innlög á árinu		—	101817.71
3.	Vextir á árinu:			
	a. Af lánum	kr. 16047.42		
	b. — verðbréfum	— 9618.25		
	c. — innstæðu í Landsbanka Íslands	— 12218.03		
	d. — keyptum verðbréfum	— 266.37		
			—	38150.07
4.	Endurgreitt af lánum		—	36442.07
5.	Til jafnaðar við gjaldalið 2		—	91000.00
6.	Til jafnaðar við gjaldalið 4		—	55546.29
			Kr.	1188309.36

Gjöld:

1.	Úttekið af innstæðum		kr.	13050.92
2.	Lán veitt á árinu		—	91000.00
3.	Kostnaður		—	4165.30
4.	Vaxtaafgangur		—	55546.29
5.	Til jafnaðar við tekjulið 4		—	36442.07
6.	Eign í árslok:			
	a. Í lánum	kr. 314747.41		
	b. Í verðbréfum	— 291100.00		
	c. Í sparisjóðsdeild Landsbanka Íslands	— 382257.37		
			—	988104.78
			Kr.	1188309.36

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 15. janúar 1947.

Sigurgeir Sigurðsson.

SKÝRSLA

23

um eign kirkna í Hinum almenna kirkjusjóði árið 1946.

Kirkjur	Eign í árslok 1945 Kr. au.	Lagt inn Kr. au.	Tekið út Kr. au.	Vextir á árinu Kr. au.	Eign í árslok 1946 Kr. au.
N.-Múlaprófastsdæmi:					
1. Skeggjastaðakirkja ..	5524.97	»	500.00	165.75	5190.72
2. Hofteigskirkja	3470 10	»	300.00	98.10	3268.20
3. Kirkjubæjarkirkja ...	10531.08	»	»	315.93	10847.01
4. Hjaltastaðarkirkja ...	2699 49	»	»	80.98	2780 47
5. Eiðakirkja	1433.94	»	»	43.02	1476 96
6. Ásskirkja í Fellum ..	8482.18	»	»	254 46	8736 64
7. Valþjófsstaðarkirkja .	2827.57	»	»	84 83	2912.40
8. Hofskirkja í V.f.	2764.44	»	»	82.93	2847.37
9. Sleðbrjótskirkja	332.08	100.00	»	11.40	443.48
S.-Múlaprófastsdæmi:					
10. Vallanesskirkja	8.49	»	»	0.25	8.74
11. Þingmúlakirkja	1607.01	»	»	48 21	1655 22
12. Klippstaðarkirkja	860.97	»	»	25 83	886 80
13. Vestdalseyrarkirkja .	36.93	»	»	1.11	38.04
14. Mjóafjarðarkirkja ...	2.45	»	»	»	2.45
15 Neskirkja í Norðf. ..	19 95	»	»	0.60	20 55
16. Stöðvarkirkja	19.14	»	»	0.57	19.71
17. Eydalakirkja	11973 14	»	»	359.19	12332 33
18. Hofskirkja í Álftaf. .	631.61	»	»	18.95	650.56
19. Kolfreyjustaðark. ...	871.34	»	»	26.14	897.48
A.-Skaftafellsprófastsdæmi:					
20. Stafafellskirkja	4237.88	1000.00	»	129.64	5367.52
21. Einholtskirkja	1 24	»	»	»	1 24
22. Kálfafellsstaðarkirkja	77 57	»	»	2.33	79.90
23. Hofskirkja í Öræfum	10537 24	»	»	316.12	10853.36
24. Kirkjusjóður Hafnar í Hornafirði	5137.50	2500 00	»	204.12	7841.62
V.-Skaftafellsprófastsdæmi:					
25. Prestsbakkakirkja ...	6600.91	»	»	198.03	6798.94
26. Reyniskirkja	2306 08	»	2306.08	4.23	4.23
27. Grafarkirkja	2863.82	»	»	85.91	2949.73
28. Kálfafellskirkja	1927.98	»	»	57.84	1985.82
29. Skeiðflatarkirkja	118.31	»	»	3.55	121.86
30. Langholtskirkja	7803.06	»	»	234.09	8037.15

Kirkjur	Eign í árslok 1945 Kr. au.	Lagt inn Kr. au.	Tekið út Kr. au.	Vextir á árinu Kr. au.	Eign í árslok 1946 Kr. au.
Rangárvallaprófastsdæmi:					
31. Stórólfshvolskirkja ..	202.17	700.00	»	20.06	922.23
32. Oddakirkja	75.49	»	»	2.26	77.75
33. Kálfholtskirkja	114.15	»	»	3.42	117.57
34. Krosskirkja	3103.02	»	»	93.09	3196.11
35. Ásólfsskálakirkja	23.79	»	»	0.71	24.50
36. Eyvindarhólakirkja ..	6038.51	»	»	181.16	6219.67
37. Breiðabólstaðark.	31.78	»	»	0.95	32.73
38. Skarðskirkja	1942.17	1453.60	»	76.17	3471.94
39. Landakirkja í Vestm.	21.15	»	»	0.63	21.78
30. Stóradalskirkja	2628.00	»	»	78.84	2706.84
41. Keldnakirkja (Byggingarsjóður)	1193.73	»	»	35.81	1229.54
42. Voðmúlastaðakapella .	1188.11	3000.00	4100.00	19.14	107.25
Árnessprófastsdæmi:					
43. Mosfellskirkja í Grn. .	6038.78	4259.15	»	223 75	10521.68
44. Þingvallakirkja	1025.30	400.00	»	32 76	1458.06
45. Strandarkirkja	394177.00	53758.00	154.01	12505.30	460286 29
46. Haukadalskirkja	171.64	»	»	5.15	176 79
47. Gaulverjabæjark.	3199.90	1000.00	»	96 00	4295.90
48. Hraungerðiskirkja ...	1106.43	»	»	33.19	1139.62
49. Stokkseyrarkirkja ...	4488.62	»	4400.00	57.68	146.30
50. Ólafsvallakirkja	1617.19	500.00	»	53.52	2170.71
51. Miðdalskirkja	881.70	»	»	26.45	908.15
52. Eyrarbakkakirkja ...	4421.11	»	»	132 63	4553.74
53. Kotstrandarkirkja ...	47.23	»	»	1 42	48.65
54. Úthlíðarkirkja	2711.47	3161.00	»	97.16	5972.63
55. Skálholtskirkja	51.50	50.00	»	2.79	104.29
56. Hjallakirkja	»	12 00	»	0.33	12 33
Kjalarnessprófastsdæmi:					
57. Grindavíkurkirkja ...	3282.13	1500.00	»	124.71	4906 84
58. Brautarholtskirkja ..	265.56	»	»	7.97	273.53
59. Reynivallakirkja	3242.39	»	»	97.27	3339.66
50. Lágafellskirkja	1031.97	»	»	30.96	1062.93
61. Njarðvíkurkirkja	61.79	»	»	1.85	63.64
62. Útskálakirkja	9.25	»	»	0 28	9.53
63. Hvalsneskirkja	100.93	10.00	»	3.32	114.25
64. Kálfatjarnarkirkja ...	849.75	»	»	25.49	875.24
65. Hafnarfjarðarkirkja .	»	16000.00	»	440 00	16440.00
66. Saurbæjark. Kjalarn. .	»	10.00	»	0.17	10.17
Borgarfjarðarprófastsd.:					
67. Saurbæjarkirkja	1929.38	700.00	»	75.38	2704.76
68. Hallgrímsk. í Saurbæ .	47275.50	395.00	»	1423.15	49093.65

Kirkjur	Eign í árslok 1945 Kr. au.	Lagt inn Kr. au.	Tekið út Kr. au.	Vextir á árinu Kr. au.	Eign í árslok 1946 Kr. au.
69. Reykholtskirkja	5655.14	»	»	169.65	5824.79
70. Lundarkirkja	12.89	»	»	0.39	13.28
71. Bæjarkirkja	46.59	»	»	1.40	47.99
72. Gilsbakkakirkja	4483.60	850.00	»	153.76	5487.36
Mýraprófastsdæmi:					
73. Stafholtskirkja	13641.31	»	»	409.24	14050.55
74. Síðumúlakirkja	1108.50	»	»	33.25	1141.75
75. Hvammskirkja	3246.11	423.12	»	104.75	3773.98
76. Borgarkirkja	3701.94	»	»	111.06	3813.00
77. Álftártungukirkja	549.81	»	»	16.49	566.30
78. Kirkjusj. Borgarness .	21256.05	»	»	637.68	21893.73
Snæfellsnesprófastsdæmi:					
79. Breiðabólstaðarkirkja	2128.33	2000.00	»	113.85	4242.18
80. Narfeyrarkirkja	890.70	»	»	26.72	917.42
81. Ytri-Rauðamelskirkja	1522.79	500.00	»	54.43	2077.22
82. Kolbeinsstaðakirkja .	4.84	»	»	»	4 84
83. Setbergskirkja	1062.72	»	»	31.88	1094.60
84. Kirkjusj. Kvíabryggju	7906.82	»	»	237.20	8144.02
85. Hellnakirkja	»	4000.00	»	»	4000.00
Dalaprófastsdæmi:					
86. Stóra-Vatnshornsk. ..	25.77	»	»	0.77	26.54
87. Snóksdalskirkja	4943.39	»	»	148.30	5091.69
88. Hvammskirkja	46.05	»	»	1.38	47.43
89. Staðarhólskirkja	230.71	»	»	6.92	237.63
Barðastrandarprófastsd.:					
90. Bíldudalskirkja	213.25	»	»	6.40	219.65
91. Selárdalskirkja	5573.75	»	»	167.21	5740.96
92. Sauðlauksdalskirkja .	4916.95	»	1000.00	134.51	4051.46
93. Staðark. á Reykjanesi	1451.23	32.57	»	43.79	1527.59
94. Flateyjarkirkja	124.03	110.00	»	6.65	240.68
95. Gufudalskirkja	1289.20	»	»	38.68	1327.88
96. Brjánslækjarkirkja ..	20.41	»	»	0.61	21.02
97. Reykhólakirkja	1449.41	»	»	43.48	1492.89
98. Stóra-Laugardalsk. ..	1050.86	500.00	»	34.03	1584.89
V.-Ísafjarðarprófastsdæmi:					
99. Holtsk. í Önundarf. .	1847.85	»	»	55.44	1903.29
100. Mýrarkirkja	13170.79	2200.00	»	395.12	15765 91
101. Sæbólskirkja	433.29	»	»	13.00	446.29

Kirkjur	Eign í árslok 1945 Kr. au.	Lagt inn Kr. au.	Tekið út Kr. au.	Vextir á árinu Kr. au.	Eign í árslok 1946 Kr. au.
102. Staðark. í Súg.f. ...	114.44	»	»	3.43	117.87
103. Hraunskirkja	3093 36	»	»	92.80	3186.16
104. Núpskirkja	64.05	»	»	1.92	65.97
N.-Ísafjarðarprófastsdæmi:					
105. Ísafjarðarkirkja	31030.14	»	»	930.90	31961.04
106. Vatnsfjarðarkirkja ...	1351.36	»	»	40.54	1391.90
107. Melgraseyrarbænhús	148 32	»	148.32	»	»
Strandaprófastsdæmi:					
108. Staðark. í Stgrf.	6589.12	»	»	197.67	6786.79
109. Prestsbakkak.	4451.48	»	»	133.54	4585.02
110. Staðark. í Hrf.	1907.58	»	»	57.23	1964.81
111. Árnesskirkja	6587.87	»	»	197.64	6785.51
112. Óspakseyrark.	15.33	»	»	0.46	15.79
Húnavatnsprófastsdæmi:					
113. Staðarbakkakirkja ..	76.74	»	»	2.30	79.04
114. Melstaðarkirkja	142.51	»	142 51	3.15	3.15
115. Hofskirkja á Skg. ..	1893.39	»	»	56.80	1950.19
116 Bergsstaðakirkja	798.18	400.00	»	34.95	1233.13
117. Höskuldsstaðak. ...	3253.72	»	»	97.61	3351.33
118. Efranúpskirkja	30 82	»	»	0.92	31.74
119. Blönduósskirkja	4824.51	»	»	144.74	4969.25
120. Spákonufellskirkja .	21.23	»	»	0.64	21.87
121. Tjarnarkirkja á Vn.	3.94	»	»	»	3.94
122. Auðkúlukirkja	2314.85	»	»	69.45	2384.30
Skagafjarðarprófastsdæmi:					
123. Sauðárkrókskirkja .	1989.62	»	»	59.69	2049.31
124. Rípurkirkja	13.15	»	»	0.39	13.54
125. Glaumbæjarkirkja ..	17.05	»	»	0.51	17.56
126. Mælifellskirkja	18 77	20.00	»	1.06	39 83
127. Barðskirkja	3172 99	»	»	95.19	3268.18
128. Hólakirkja	122 73	»	»	3.68	126.41
129. Goðdalakirkja	2108.00	»	»	63 24	2171.24
130. Miklabæjarkirkja ..	1982 17	»	»	59.47	2041.64
131. Flugumýrarkirkja ..	31.56	»	»	0.95	32 51
132. Ketukirkja	1207.46	»	»	36 22	1243.68
133. Viðvíkurkirkja	1114 47	»	»	33 43	1147.90
134. Hvammskirkja í L.d.	623.74	»	»	18.71	642.45
135. Knappsstaðakirkja ..	956.27	»	»	28.69	984.96
136. Fellskirkja í Sl.	12.25	»	»	0.37	12.62
137. Víðimýrarkirkja	51.76	»	»	1.55	53.31

Kirkjur	Eign í árslok 1945 Kr. au.	Lagt inn Kr. au.	Tekið út Kr. au.	Vextir á árinu Kr. au.	Eign í árslok 1946 Kr. au.
Eyjafjarðarprófastsdæmi:					
138 Grímseyjarkirkja ...	35.78	»	»	1.07	36.85
139. Glæsibæjarkirkja ..	236.02	»	»	7.08	243.10
140. Kaupangskirkja	11.35	»	»	0.34	11.69
141. Saurbæjarkirkja	8231.67	»	»	246.95	8478.62
142. Munkaþverárkirkja .	4148.71	»	»	124.46	4273.17
143. Lögmannshlíðark. .	201 82	»	»	6.05	207.87
144. Bægisárkirkja	306.62	»	»	9.20	315.82
145. Vallakirkja	52.14	»	»	1 56	53.70
146. Tjarnarkirkja	16 63	»	»	0 50	17.13
147. Stærri-Árskógsk. ...	0.63	»	»	»	0 63
148. Möðruvallak. í Hörg.	2993 57	»	»	89.81	3083.38
S.-Þingeyjarprófastsdæmi:					
149. Laufáskirkja	1082.87	»	»	32 48	1115.35
150. Hálskirkja	1242.23	»	»	37.27	1279.50
151. Þóroddsstaðarkirkja	319.85	»	»	9.60	329.45
152. Skútustaðakirkja ...	83.15	»	»	2.49	85 64
153. Bretlingsstaðak.	1760.26	»	»	52.81	1813.07
154. Illugastaðakirkja ...	17.48	»	»	0.52	18.00
155. Grenjaðarstaðark, ..	5617.21	»	»	168 52	5785.73
156 Grenivíkurkirkja ...	2188.51	»	»	65.66	2254.17
157. Þönglabakkakirkja .	3099.68	»	»	92.99	3192.67
158. Neskirkja í Aðaldal .	249.46	»	»	7.48	256.94
159 Flateyjarkirkja	100.50	200.00	»	4.01	304.51
N.-Þingeyjarprófastsdæmi:					
160. Skinnastaðarkirkja .	1579.73	70.27	»	48.44	1698.44
161. Presthólakirkja	120.62	»	»	3.62	124.24
162. Ásmundarstaðakirkja	1.19	»	»	»	1.19
163. Svalbarðskirkja	7753 34	»	»	232.60	7985.94
164 Víðirhólskirkja	1.38	»	»	»	1.38
165. Sauðanesskirkja	159.04	»	»	4.77	163.81
Samtals	818008.51	101817.71	13050.92	25783.19	932558 49

Athugasemd.

Sé vaxtaafgangsupphæðinni, kr. 55546.29, bætt við ofangreinda upphæð, kr. 932558.49, verður eign sjóðsins í árslok, eins og segir í aðalreikningnum, kr. 988104.78.

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 15. janúar 1947.

Sigurgeir Sigurðsson.

24

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Dalhoffslegats árið 1946.

Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun:			
a. Veðdeildarbréf	kr.	1800.00	
b. Ríkisskuldabréf	—	1000.00	
c. Innstæða í Landsbanka Íslands	—	4417.26	
			kr. 7217.26
2. Vextir:			
a. Af veðdeildarbréfum	kr.	77.50	
b. — ríkisskuldabréfum	—	55.00	
c. — innstæðu í Landsbanka Íslands	—	105.35	
			— 237.85
			Kr. 7455.11

Gjöld:

Eign í árslok:	
a. Veðdeildarbréf	kr. 1300.00
b. Ríkisskuldabréf	— 1000.00
c. Innstæða í Landsbanka Íslands	— 5155.11
	Kr. 7455.11

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 20. janúar 1947.

Sigurgeir Sigurðsson.

25

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Gjafasjóðs Thóru Melsted árið 1946.

Tekjur:

Eign í ársbyrjun:	
a. Innstæða í Söfnunarsjóði	kr. 1686.76
b. Vextir á árinu	— 80.92
	Kr. 1767.68

Gjöld:

Eign í árslok:	
Innstæða í Söfnunarsjóði	kr. 1767.68
	Kr. 1767.68

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 20. janúar 1947.

Sigurgeir Sigurðsson.

REIKNINGUR 26

yfir tekjur og gjöld Prestsekknasjóðs árið 1946.

Tekjur:

1.	Eign í ársbyrjun			kr. 136091.97
2.	Vextir á árinu:			
	a. Af veðdeildarbréfum	kr.	1345.00	
	b. — ríkisskuldabréfum	—	335.00	
	c. — innstæðu í Söfnunarsjóði	—	2565.07	
	d. — innstæðu í Landsbanka Íslands	—	502.25	— 4747.32
3.	Gjafir til sjóðsins			— 1015.00
				Kr. 141854.29

Gjöld:

1.	Styrkur veittur á árinu			kr. 500.00
2.	Keypt ávísanahefti			— 2.00
3.	Eign í árslok:			
	a. Veðdeildarbréf	kr.	25900.00	
	b. Ríkisskuldabréf	—	7000.00	
	c. Innstæða í Söfnunarsjóði Íslands	—	92398.16	
	d. Innstæða í Landsbanka Íslands	—	16054.13	— 141352.29
				Kr. 141854.29

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 20. janúar 1947.

Sigurgeir Sigurðsson.

REIKNINGUR 27

yfir tekjur og gjöld Kollektusjóðs Jóns Eiríkssonar árið 1946.

Tekjur:

1.	Eign í ársbyrjun:			
	a. Veðdeildarbréf	kr.	13700.00	
	b. Ríkisskuldabréf	—	3000.00	
	c. Innstæða í Söfnunarsjóði	—	16000.00	
	d. Innstæða í Landsbanka Íslands	—	6679.61	kr. 39379.61
2.	Vextir á árinu:			
	a. Af veðdeildarbréfum	kr.	597.25	
	b. — ríkisskuldabréfum	—	165.00	
	c. — innstæðu í Söfnunarsjóði	—	95.99	
	d. — innstæðu í Landsbanka Íslands	—	233.27	— 1091.51
				Kr. 40471.12

27

Gjöld:

1. Keypt sparisjóðsbók			kr. 1.00
2. Eign í árslok:			
a. Veðdeildarbréf	kr.	10600.00	
b. Ríkisskuldabréf	—	3000.00	
c. Innstæða í Söfnunarsjóði	—	16094.99	
d. Innstæða í Landsbanka Íslands	—	10775.13	
			— 40470.12
			Kr. 40471.12

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 20. janúar 1947.

Sigurgeir Sigurðsson.

28

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Árgjaldasjóðs árið 1946.

Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun:			
a. Veðdeildarbréf	kr.	800.00	
b. Innstæða í Landsbanka Íslands	—	2207.78	
			kr. 3007.78
2. Vextir á árinu:			
a. Af veðdeildarbréfum	kr.	37.50	
b. — innstæðu í Landsbanka Íslands	—	54.71	
			— 92.21
			Kr. 3099.99

Gjöld:

Eign í árslok:			
a. Veðdeildarbréf	kr.	700.00	
b. Innstæða í Landsbanka Íslands	—	2399.99	
			kr. 3099.99
			Kr. 3099.99

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 20. janúar 1947.

Sigurgeir Sigurðsson.

29

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs Sigurðar Melsted árið 1946.

Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun:			
a. Skuldabréf	kr.	3000.00	
b. Innstæða í Landsbanka Íslands	—	1431.46	
			kr. 4431.46
2. Vextir:			
a. Af skuldabréfum	kr.	155.00	
b. — innstæðu í Landsbanka Íslands	—	34.90	
			— 189.90
			Kr. 4621.36

Gjöld: 29

Eign í árslok:

a. Skuldabréf	kr. 3000.00	
b. Innstæða í Landsbanka Íslands	— 1621.36	
		kr. 4621.36
		Kr. 4621.36

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 20. janúar 1947.

Sigurgeir Sigurðsson.

REIKNINGUR 30

yfir tekjur og gjöld Guttormslegats árið 1946.

Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun:			
a. Veðdeildarbréf	kr.	3500.00	
b. Innstæða í Söfnunarsjóði	—	20686.73	
c. Innstæða í Landsbanka Íslands	—	1733.29	
			kr. 25920.02
2. Vextir á árinu:			
a. Af veðdeildarbréfum	kr.	135.00	
b. — innstæðu í Söfnunarsjóði	—	824.92	
c. — innstæðu í Landsbanka Íslands	—	79.85	
			— 1039.77
			Kr. 26959.79

Gjöld:

Eign í árslok:

a. Veðdeildarbréf	kr. 2000.00	
b. Innstæða í Söfnunarsjóði	— 21511.65	
c. Innstæða í Landsbanka Íslands	— 3448.14	
		kr. 26959.79
		Kr. 26959.79

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 20. janúar 1947.

Sigurgeir Sigurðsson.

REIKNINGUR 31

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs Flekkudalshjóna árið 1946.

Tekjur:

1. Eign í árslok 1945:		
Innstæða í Söfnunarsjóði	kr.	44731.00
2. Vextir á árinu	—	2143.79
		Kr. 46874.79

31 Gjöld:

1. Úthlutað styrk á árinu		kr. 1000.00
2. Eign í árslok 1946:		
Innstæða í Söfnunarsjóði		— 45874.79
		Kr. 46874.79

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 20. janúar 1947.

Sigurgeir Sigurðsson.

32

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Vallholtslegats árið 1946.

Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun:			
a. Veðdeildarbréf	kr. 2600.00		
b. Innstæða í Söfnunarsjóði	— 6300.16		
c. Innstæða í Landsbanka Íslands	— 1783.52		
d. Jörðin Ytra Vallholt	— 7100.00		kr. 17783.68
2. Vextir:			
a. Af veðdeildarbréfum	kr. 135.00		
b. — innstæðu í Söfnunarsjóði	— 302.40		
c. — innstæðu í Landsbanka Íslands	— 37.65		— 475.05
3. Eftirgjald af Ytra-Vallholti			— 350.00
			Kr. 18608.73

Gjöld:

1. Úthlutað ekkjum í Hegranesþingi			kr. 350.00
2. Greitt vegna fyrirhleðslu Héraðsvatna			— 329.51
3. Eign í árslok:			
a. Veðdeildarbréf	kr. 2600.00		
b. Innstæða í Söfnunarsjóði	— 6602.56		
c. Innstæða í Landsbanka Íslands	— 1626.66		
d. Ytra Vallholt	— 7100.00		— 17929.22
			Kr. 18608.73

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 20. janúar 1947.

Sigurgeir Sigurðsson.

REIKNINGUR 33

sjóðsins Dýrleifarminning, árin 1944 og 1945.

I. Sjóður við árslok 1943 (Stj.tíð. 1945, B. bls. 418):			
a. Í Söfnunarsjóði Íslands:			
1. Í aðaldeild	kr.	2420.26	
2. Í útborgunardeild	—	692.04	
b. Hjá forstöðunefnd	—	1990.70	
			kr. 5103.00
II. Vextir:			
Árið 1944:			
1. Í aðaldeild	kr.	186.06	
2. Í útborgunardeild	—	34.23	
Árið 1945:			
1. Í aðaldeild	—	215.45	
2. Í útborgunardeild	—	34.84	
Verðlaun úr vaxtabæti Söfn.	—	4.82	
— — — —	—	7.93	
			— 483.33
III. Inneign í sparisjóðsbók í Kaupf. Þing.			— 14.07
			Kr. 5600.40

Gjöld:

I. Varið til úthlutunar árið 1944			kr. 39.20
II. Eign við árslok 1945:			
a. Í Söfnunarsjóði Íslands:			
1. Í aðaldeild	kr.	4678.30	
2. Í útborgunardeild	—	797.02	
b. Hjá forstöðunefnd	—	71.81	
c. Í sparisjóði Kaupfél. Þing.	—	14.07	
			— 5561.20
			Kr. 5600.40

Í forstöðunefnd Dýrleifarminningar.
Skútustöðum, í desembermánuði 1946.

María Guðmundsdóttir. Sólveig Stefánsdóttir. Hólmfríður Þórðardóttir.

ÁRSREIKNINGUR 34

Styrktarsjóðsins Vinaminning fyrir árið 1946.

Tekjur:

1. Sjóður 1. janúar 1946			kr. 14502.78
2. Gjafir á árinu 1946			— 965.00
3. Vextir á árinu:			
a. Af sparisjóðsbókum	kr.	181.94	
b. Af skuldabréfum	—	275.00	
			— 456.94
			Kr. 15924.72

34

Gjöld:

1. Veittur styrkur til sjúkra á árinu	kr.	200.00
2. Sjóður í sparisjóðsbók og skuldabréfum	—	15724.72
	Kr.	15924.72

Eyrarbakka, 2. janúar 1947.

Stjórn sjóðsins

Bragi Ólafsson. Árelíus Níelsson. Aðalheiður Bjarnadóttir.

35

REIKNINGUR

Styrktarsjóðs læknishjónanna Ingibjargar Ísleifsdóttur og Ólafs Finsen héraðslæknis, Akranesi.

Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (í A-deild Söfnunarsjóðs, nr. 589)	kr.	5479.07
2. Vextir 1945	—	64.71
3. Gjafir á árinu	—	994.04
	Kr.	6537.82

Gjöld:

1. Styrkur veittur Sigurði Ólafssyni		kr.	200.00
2. Sjóður í árslok:			
a. Inneign í Söfnunarsjóði	kr. 6137.82		
b. Hjá gjaldkera	— 200.00	—	6337.82
		Kr.	6537.82

Akranesi, 20. janúar 1947.

Ólafur Finsen. Árni Árnason. Þuríður Guðnadóttir. Jón M. Guðjónsson.

36

REIKNINGUR

fyrir Minnisvarðasjóð Hannesar Hafsteins 1946.

Höfuðstóll:

1. Eign frá fyrra ári samkv. birtum reikningi	kr.	493.38
2. Aukning á árinu 1946 samkv. eftirfarandi reikningi	—	13.86
	Kr.	507.24

Tekjur:

Vextir af sparisjóðsinnstæðu í Landsbanka Íslands	kr.	13.86
	Kr.	13.86

Gjöld:

Lagt við höfuðstólinn	kr.	13.86
	Kr.	13.86

Forsætisráðuneytinu, 8. janúar 1947.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1947.

Forsetaúrskurður um breyting á forsetaúrskurði frá 4. febrúar 1947, um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl., undirskrifuð af forsetanum 28. febrúar 1947, nr. 10.

Lög um tilraunastöð háskólans í meinafræði, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 11.

Lög um breyting á lögum nr. 22 30. jan. 1945, um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 12.

Lög um breyting á lögum nr. 45 7. maí 1946, um beitumál, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 13.

Lög um breyting á lögum nr. 93 28. desember 1946, um bráðabirgðafjárgreiðslur á árinu 1947, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 14.

Forsetabréf um heimild íslenzkra ríkisborgara til að bera heiðursmerki, undirskrifað af forsetanum 12. marz 1947, nr. 15.

Lög um menntun kennara, undirskrifuð af forsetanum sama daga, nr. 16.

Lög um breyting á lögum nr. 69 7. sept. 1943, um breyting á lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 17.

Lög um breyting á lögum nr. 103 30. des. 1943, um lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 18.

Lög um tekjuskattsviðauka árið 1947, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 19.

Lög um breyting á lögum nr. 33 1. febrúar 1936, um Ferðaskrifstofu ríkisins og á lögum nr. 99 14. maí 1940, um bráðabirgðabreyting nokkurra laga, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 20.

AUGLÝSING

37
4. febr.

um staðfesting dómsmálaráðuneytisins á samþykkt um breyting á lögreglusamþykkt fyrir Akureyrarkaupstað, nr. 9 11. jan. 1934.

Samkvæmt lögum nr. 1 3. jan. 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóv. 1919, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, er hér með staðfest eftirrituð samþykkt um breyting á lögreglusamþykkt fyrir Akureyrarkaupstað:

1. gr.

48. gr. samþykktarinnar breytist þannig, að í stað orðanna „20 km“ komi: 25 km.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist hér með til leiðbeiningar öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 4. febrúar 1947.

Finnur Jónsson.

Gústav A. Jónasson.

12. dag marzmánaðar 1947. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

38
25. febr.

REGLUGERÐ

um viðauka við reglugerð 10. janúar 1947, um meðferð á fiski, sem frystur er til útflutnings.

1. gr.

Á eftir 13. gr. reglugerðarinnar komi ný grein, svo hljóðandi:

Ákvæði þessa kafla gilda hvort sem fiskinn á að frysta í hraðfrystihúsum, ísa hann nýjan til útflutnings eða salta hann til útflutnings.

2. gr.

Á eftir 13. gr. reglugerðarinnar komi ný grein hvo hljóðandi:

Ákvæði þessa kafla gilda hvort sem fiskinn á að frysta í hraðfrystihúsum, ísa hann nýjan til útflutnings eða salta hann til útflutnings.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 92 3. maí 1935 um meðferð, verkun og útflutning á sjávarafurðum, til þess að öðlast þegar gildi og breytist greinatala reglugerðar 10. janúar 1947 samkvæmt því, sem reglugerð þessi gefur tilefni til.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 25. febrúar 1947.

Jóhann Þ. Jósefsson.

Gunnl. E. Briem.

39
12. marz

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 122 29. desember 1931, um einkasölu á tóbaki.

1. gr.

9. gr. reglugerðar nr. 122 29. desember 1931, um einkasölu á tóbaki, orðist svo:

Hámarksálagning á hvers konar tóbaki í smásölu, miðuð við verð einkasölunnar að viðbættum flutningskostnaði til útsölustaðarins, skal vera 20%.

Fyrir flutningskostnað utan Reykjavíkur og Hafnarfjarðar má eigi reikna hærri viðbótarálagningu en 5%.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem öðlast þegar gildi, er sett samkvæmt lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu á tóbaki.

Reglugerð frá 28. nóv. 1942 um breyting á reglugerð nr. 122 29. desember 1931, um einkasölu á tóbaki, er úr gildi numin.

Fjármálaráðuneytið, 12. marz 1947.

Jóhann Þ. Jósefsson.

Magnús Gíslason.

REGLUGERÐ

40
20. febr.

um breyting á reglugerð nr. 38 29. marz 1941, um iðnaðarnám, og reglugerðum nr. 100 3. júlí 1942 og nr. 205 6. nóv. 1943, um breytingar á sömu reglugerð.

1. gr.

1. gr. A. breytist þannig:
Á eftir 13. lið 13. gr. komi nýr 14. liður, svo hljóðandi:

2. gr.

2. málsgr. 12. gr. breytist þannig:
Á eftir orðinu „kökugerð" komi: leirkerasmíði.

3. gr.

Á eftir 13. lið 13. gr. komi nýr 14. liður, svo hljóðandi:
L e i r k e r a s m í ð i :

1. Nemandi skal móta og renna eftirtalda þrjá gripi:
   a. Skrautker (vasa), hæð ca. 35 cm.
   b. Skál, þvermál ca. 30 cm.
   c. Könnu, hæð ca. 25 cm.
   Einn af þessum munum skal nemandi skreyta með upphleyptu myndaskrauti
2. Nemandi móti í leir kertastjaka, geri af honum gibsform og taki svo leirafsteypu af mótinu.
3. Nemandinn sjái um þurrkun þessara fjögurra muna, máli þá og brenni.
   Glerung og liti skal hann blanda sjálfur og skrifa litalýsingu. Að lokum skal hann slípa botnfleti munanna í slípivél og með handverkfærum.
   Liðatala greinarinnar breytist samkvæmt þessu.

4. gr.

Í IV. kafla um iðnskólanám bætist:
Í reikningi: — á eftir orðunum „klæða- og feldskurði" komi: leirkerasmíði.
Í 4 .lið g. — á eftir orðinu „myndagerðarmenn" komi: leirkerasmiðir.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 100 11. júní 1938, um iðnaðarnám. Öðlast hún þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 20. febrúar 1947.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

41
25. febr.

REGLUGERÐ

fyrir vatnsveitu Flateyrarhrepps.

1. gr.

Hreppsnefnd Flateyrarhrepps hefur einkarétt til vatnssölu innan kaupstaðarlóðarinnar og hafnarinnar á Flateyri. Skipum á höfninni er óheimilt að taka vatn annars staðar en úr vatnsæðum hreppsins og eingöngu þar, sem vatnssölumaður ákveður.

2. gr.

Enginn má leggja vatnsæðar frá vatnsveitu hreppsins nema með leyfi hreppsnefndar og undir eftirliti manns, sem hún nefnir til þess.

3. gr.

Hver sá, sem komast vill í samband við vatnsveitu Flateyrarhrepps, skal senda umsjónarmanni hennar skriflega umsókn um það, ásamt nákvæmum upplýsingum um vatnsmagn það, sem viðkomandi telur sig þurfa og til hvers það er ætlað.

Vatnsveitan leggur stofnæðar um þorpið eftir þörfum, en notendur annast lagningu æða þaðan að húsum sínum á eigin kostnað allt að 60 metrum, sé um lengri lögn að ræða leggur vatnsveitan nýja stofnæð.

4. gr.

Umsjónarmaður vatnsveitunnar hefur eftirlit með öllu sem að vatnsveitunni lýtur, og er öllum neytendum skylt að fara að fyrirmælum hans um efni, lagningu og viðhald vatnsæða sinna og annast viðgerðir og endurbætur tafarlaust, ef hann telur þess þörf.

5. gr.

Umsjónarmanni vatnsveitunnar er heimilt að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem eftir ítrekaða áminningu eyða vatni að óþörfu, nota það svo að óþrifum valdi eða vanrækja að annast nauðsynlegt viðhald á pípum sínum og tækjum, sem við þær eru tengd.

Bannað er að tengja vélar við vatnsveituna nema með sérstökum samningi við hreppsnefndina. Þar sem slíkt á sér stað við gildistöku reglugerðar þessarar skal tafarlaust samið um þau vatnsnot. Neytendum er heimilt að skjóta ágreiningsatriðum til úrskurðar hreppsnefndar.

6. gr.

Hreppsnefnd getur fyrirskipað takmörkun á vatnsnotkun og jafnvel lokað fyrir vatn ákveðinn tíma, til þess að tryggja fyrirtækjum, sem ekki geta án þess verið, nægilegt vatn. Þegar þannig stendur á, getur vatnsnotandi ekki krafizt lækkunar á gjaldi fyrir vatnið.

Umsjónarmaður vatnsveitunnar getur lokað fyrir vatnið til hreinsunar á geymi og æðum vatnsveitunnar, enda skal slíkt tilkynnt fyrir fram, ef þess er kostur.

7. gr.

Vatnsskattur skal greiddur af öllum húsum með 2½‰ af fasteignamatsverði þeirra að viðbættum 1½‰ á hverja íbúð umfram eina í húsi.

Af verksmiðjum eða húsum, þar sem fram fer atvinnurekstur, sem mikið vatn útheimtir, skal greiða 5‰ af fasteignamatsverði, ef ekki er greitt sérstakt gjald fyrir þá notkun.

Vatnsnot véla skulu mæld og greiðist 15 aurar fyrir smálest (sbr. 11. gr.).

8. gr.

1. Af hverri tunnu síldar skal greiða 5 aura í vatnsgjald.
2. Af hverjum 100 kg af söltuðum, frystum eða ísuðum fiski og kjöti greiðist 3 aurar í vatnsgjald.
3. Af hverjum 100 kg af hraðfrystum fiskflökum greiðist 15 aurar.
4. Af hverri tunnu af söltuðum, flökuðum fiski greiðist 10 aurar.
5. Fyrir öll önnur vatnsnot, sem ekki eru talin í reglugerð þessari, skal greiða samkvæmt samningi við hreppsnefnd.

9. gr.

Fyrir vatn til skipa skal greiða 3 krónur fyrir smálest eða hluta úr smálest. Taki skip meira en 5 smálestir, lækkar gjaldið niður í 2 krónur. Minnsta gjald fyrir öll skip stærri en 20 lestir er 5 krónur og fyrir gufuskip 10 kr.

10. gr.

Þegar um fyrirtæki er að ræða, sem nota mikið vatn, sbr. 2. málsgr. 7. gr., getur hreppsnefnd ákveðið að selja því vatn um mæli, og kostar þá smálestin 15 aura.

Þeir, sem samkvæmt þessari grein og 3. málsgr. 7. gr. kaupa vatn um mæla, skulu sjálfir útvega sér mæli og annast viðhald hans. Hreppsnefnd hefur sjálfdæmi um verð vatnsnotanna þar til þessu er fullnægt.

11. gr.

Eigendur húsa, hvers konar vatnsskattsskyldrar framleiðsluvöru eða iðnfyrirtækja, sem framleiða slíka vöru, svo og eigendur skipa eru ábyrgir gagnvart vatnsveitunni um alla vatnsskatta samkvæmt þessari reglugerð.

12. gr.

Reikningsár vatnsveitunnar er almanaksárið. Gjalddagi vatnsskatts samkv. 7. gr. er 15. ágúst, samkv. 8. gr. mánaðarlega, samkv. 9. gr. við afhendingu og samkv. 10. gr. mánaðarlega.

Vatnsskattsskylda vöru má ekki flytja burtu af framleiðslustað fyrr en vatnsskattur er greiddur, ekkert skip má láta úr höfn fyrr en vatnsgjald er greitt, allt að viðlögðum sektum.

13. gr.

Heimilt er hreppsnefndinni, ef sérstaklega stendur á, að hækka vatnsskatt um allt að 100% og lækka um allt að 50% frá ákvæðum þessarar reglugerðar, og taki þær breytingar jafnt til allra gjaldenda.

14. gr.

Hver sá, sem veldur skemmdum á eigum vatnsveitunnar, skal bæta það að fullu og sæta sektum samkv. 16. gr.

Hver sá, sem verður sannur að sök um að taka vatn án heimildar, til þess að losna við að greiða lögmæt gjöld, skal sæta sektum, nema þyngri refsing liggi við að lögum, samkv. 16. gr.

15. gr.

Vatnsveitustjóra er frjálst að fara um hús manna, þar sem vatnsæðar liggja um, til eftirlits. Ef útbúnaði er á einhvern hátt ábótavant, skal það tafarlaust lagfært á kostnað húseiganda.

41 16. gr.
25. febr. Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum allt að 500 kr. Með mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal fara sem almenn lögreglumál.

17. gr.
Vatnsskatt má taka lögtaki í hinu skattskylda húsi eða atvinnufyrirtæki án tillits til eigendaskipta.

18. gr.
Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað.

19. gr.
Með reglugerð þessari er úr gildi felld reglugerð um vatnsveitu Flateyrarhrepps frá 10. september 1926 og gjaldskrá um vatnsskatt í Flateyrarhreppi frá sama tíma.

Gjaldskrá þessi, sem hreppsnefnd Flateyrarhrepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 25. febrúar 1947.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

42
27. febr.

AUGLÝSING

um meðalmeðgjöf af hálfu barnsfeðra með óskilgetnum börnum fyrir tímabilið frá 1. marz til 1. maí 1947.

Á tímabili þessu skal meðalmeðgjöf vera jafnhá barnalífeyri eins og hann er ákveðinn í 26. gr. laga nr. 50/1946, um almannatryggingar, en það er sem hér segir:

1. Á 1. verðlagssvæði, þ. e. í kaupstöðum og kauptúnum með 2000 íbúum eða fleiri, kr. 800.00 á ári til barna á aldrinum 1—16 ára.
2. Á 2. verðlagssvæði, þ. e. í öllum sveitarfélögum öðrum en talin eru undir 1. lið, kr. 600.00 á ári til barna á aldrinum 1—16 ára.

Á meðgjöf þessa greiðist verðlagsuppbót samkvæmt vísitölu eins og hún verður hvern mánuð á ofannefndu tímabili, og greiðist hún eftir á mánaðarlega.

Jafnframt tilkynnist, að eftir 1. janúar 1947 geta mæður óskilgetinna barna eða aðrir framfærslumenn þeirra, er yfirvaldsúrskurð hafa í höndum um meðalmeðgjöf með slíkum börnum, snúið sér til Tryggingastofnunar ríkisins eða umboðsmanna hennar og fengið þar greiddan þann barnalífeyri, er þeim ber samkvæmt skilríkjum sínum. Hið sama gildir um fráskildar konur, er fengið hafa meðlagsúrskurði með börnum sínum.

Félagsmálaráðuneytið, 27. febrúar 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jónas Guðmundsson.

REGLUGERÐ

43
28. febr.

um sérstakan tímareikning.

Samkvæmt lögum nr. 8 16. febrúar 1917, um heimild handa ráðuneytinu til ákvörðunar sérstaks tímareiknings, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði:

Fyrst um sinn, þar til öðruvísi kann að verða ákveðið, skal hafa sérstakan sumartímareikning á Íslandi yfir bjartari mánuði ársins, þannig, að klukkan verði á þeim tíma færð fram um eina klukkustund frá íslenzkum meðaltíma. Kemur þetta þannig til framkvæmda, að klukkan 1 aðfaranótt fyrsta sunnudags í aprílmánuði ár hvert færist klukkan fram og verður 2, og klukkan 2 aðfaranótt fyrsta sunnudags í vetri færist klukkan aftur um eina klukkustund og verður eitt.

Dómsmálaráðuneytið, 28. febrúar 1947.

Bjarni Benediktsson.

Gústav A. Jónasson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Guðrúnar Oddsdóttur og Kristíönu Einarsdóttur og dætra þeirra", útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra 5. marz 1947.

44
5. marz.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Minningarsjóðs Guðrúnar Oddsdóttur og Kristíönu Einarsdóttur og dætra þeirra.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Guðrúnar Oddsdóttur og Kristíönu Einarsdóttur og dætra þeirra.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með gjöf frá Tryggva Jónssyni, bónda á Svertingsstöðum í Eyjafjarðarsýslu, að upphæð kr. 2000.00, til minningar um Guðrúnu Oddsdóttur og Kristíönu Einarsdóttur, húsfreyjur í Ytra-Dalsgerði í Saurbæjarhreppi, og dætur þeirra, Sigrúnu og Sigríði.

3. gr.

Höfuðstól má aldrei skerða. Til ársloka 1962 skulu allir vextir lagðir við höfuðstól, en eftir þann tíma ¼ vaxtanna, nema ef ákvæði 4. gr. koma ekki til framkvæmda eitthvert ár, af sérstökum ástæðum.

4. gr.

Fyrir jól 1963 má í fyrsta sinni verja ¾ vaxtanna til jólaglaðningar handa einni konu í Saurbæjarhreppi í Eyjafjarðarsýslu, giftri eða ógiftri, er sjóðstjórnin telur þess verðuga.

5. gr.

Stjórn sjóðsins hefur með höndum kvenfélag í Saurbæjarhreppi, þannig: Formaður stjórnar kvenfélagsins er og formaður sjóðstjórnar. Þar að auki kýs kven-

44 félagið tvær konur sem meðstjórnendur, og skal að minnsta kosti önnur þeirra
5. marz vera afkomandi Guðrúnar Oddsdóttur eða Kristíönu Einarsdóttur, sé þess kostur, enda sé hún búsett í Saurbæjarhreppi.

Stjórn sjóðsins hefur með höndum fjárgæzlu hans og gjafir úr honum, og semur reikning hans. Ársreikning sjóðsins skal sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu endurskoða, úrskurða og birta.

6. gr.

Sjóðurinn skal geymast og ávaxtast í tryggum skuldabréfum, eftir því sem við verður komið, en að öðru leyti í sparisjóði.

7. gr.

Á skipulagsskrá þessari skal beiðast staðfestingar forseta.

Svertingsstöðum, 4. febrúar 1947.

Tryggvi Jónsson.

45 **STYRKTARSJÓÐUR TIL SVÍÞJÓÐARFERÐA**
25. apríl

Ársreikningur 1946.

Höfuðstóll:

1.	Eign frá fyrra ári samkv. birtum reikningi	kr. 7462.01
2.	Aukning á árinu 1946 samkv. eftirfarandi reikningi	— 288.77
		Kr. 7750.78

Eignum sjóðsins er þannig varið:

1.	Veðdeildarbréf	kr. 7000.00
2.	Innstæða í sparisjóði	— 750.78
		Kr. 7750.78

Tekjur:

1.	Vextir af veðdeildarbréfum	kr. 280.00
2.	Vextir af sparisjóðsinnstæðu	— 8.77
		Kr. 288.77

Gjöld:

	Lagt við höfuðstólinn	kr. 288.77
		Kr. 288.77

Forsætisráðuneytinu, 14. janúar 1947.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

REGLUGERÐ

46
21. jan.

um róðrartíma fiskibáta við Faxaflóa.

I. KAFLI
Útgerðarsvæði fiskibátanna.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir fyrir Miðnes-, Keflavíkur-, Njarðvíkur- og Vatnsleysustrandarhreppa í Gullbringusýslu, Hafnarfjörð, Reykjavík og Akranes, og nær til allra fiskibáta, sem stunda veiðar með línu, á tímabilinu frá 1. janúar til 31. maí.

II. KAFLI
Róðrartími fiskibáta í Sandgerði.

2. gr.

Á tímabili því, sem um ræðir í 1. gr., má enginn bátur, er gengur til fiskveiða með línu frá Sandgerði, fara út úr Sandgerðishöfn í fiskiróður frá kl. 12 á hádegi til þess tíma, er hér segir:

Í janúar	kl. 02,00
Í febrúar	— 01,00
Í marz	— 24,00
Frá 1. apríl til 15. apríl	— 23,00
Frá 16. apríl til 30. apríl	— 22,00
Í maí	— 21,00

Takmörk Sandgerðishafnar teljast að vestan: grænu innsiglingaljósin á höfninni og að norðan hvíta ljósið á Sandgerðisvita. Þegar hinn tilsetti tími er kominn, verður gefið ljósmerki í landi.

III. KAFLI
Róðrartími fiskibáta úr Keflavíkur-, Njarðvíkur- og Vatnsleysustrandarhreppum í Gullbringusýslu, Hafnarfirði, Reykjavík og Akranesi á mið í Suðurflóa og Grindavíkursjó. Suðurflói er sunnan línu, sem hugsast dregin 310° réttvísandi eina sjómílu (enska) frá burtfararstað báta, sem um getur í 3. grein.

3. gr.

Á tímabili því, sem um ræðir í 1. gr., má enginn bátur frá Keflavík, Njarðvíkum, Vatnsleysuströnd, Hafnarfirði, Reykjavík eða Akranesi fara í fiskiróður frá kl. 12 á hádegi til þess tíma, er hér segir:

Í janúar	kl. 01,43
Í febrúar	— 00,43
Í marz	— 23,43
Frá 1. til 15 apríl	— 22,43
Frá 16. til 30. apríl	— 21,43
Í maí	— 20,43

Brottfararstaður báta þeirra, sem hér um ræðir, skal vera við línu, er hugsast dregin N 15° A frá Gerðahólma, og merkt er með tveimur rauðum ljósum í landi. Þegar hinn tilsetti tími er kominn, verður gefið ljósmerki í landi.

12. dag marzmánaðar 1947. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

46 21. jan.

IV. KAFLI

Róðrartími fiskibáta frá Akranesi, Reykjavík og Hafnarfirði á fiskimið í Norðurflóa. Norðurflói er norðan línu, sem hugsast dregin 310° réttvísandi, eina sjómílu (enska) frá brottfararstað báta, sem um getur í 3. gr.

4. gr.

Á tímabilinu frá 1. janúar til 31. maí, að báðum dögum meðtöldum, má enginn bátur, sem gengur til veiða frá Akranesi, Reykjavík og Hafnarfirði fara í fiskiróður frá kl. 12 á hádegi til þess tíma, er hér segir:

Í janúar	kl. 00,43
Í febrúar	— 23,43
Í marz	— 22,43
Frá 1. til 15. apríl	— 21,43
Frá 16. til 30. apríl	— 20,43
Í maí	— 19,43

Brottfararstaður báta þeirra, sem hér um ræðir, skal vera við línu, er hugsast dregin milli ljósdufla nr. 9 og nr. 10, sem lögð hafa verið sem hér segir:

Ljósdufl nr. 9: 64°14,5′ n.br.
22°18,1′ v.lg.
Ljóseinkenni: Hvítur þrí-blossi á 25 sek. bili.
Ljósdufl nr. 10: 64°15,7′ n.br.
22°15,8′ v.lg.
Ljóseinkenni: Hvítur blossi á 6 sek. bili.

V. KAFLI

Almenn ákvæði.

5. gr.

Allar tímaákvarðanir í reglugerð þessari miðast við íslenzkan meðaltíma.

6. gr.

Hlutaðeigandi hreppsnefndir eða bæjarstjórnir kjósa þrjá eða fimm bátaformenn ár hvert í nefnd til þess að gæta þess, að fylgt sé ákvæðum reglugerðar þessarar, og annast nefndarmenn um að fyrirskipuð merki um róðrartíma séu gefin, sbr. þó 7. gr., og kæra fyrir brot á reglugerðinni til lögreglustjóra.

7. gr.

Akurnesingar skulu gefa brottfararmerki í Norðurflóa.

8. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar ná ekki til útilegubáta.

9. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum frá kr. 500.00 til kr. 5000.00. Þriðja brot varðar missi réttinda til skipstjórnar í 6 mánuði. Mál út af brotum skulu sæta meðferð opinberra mála.

10. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað. 46 21. jan.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 1 12 janúar 1945, um róðrartíma fiskibáta. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 4 7. janúar 1946, um róðrartíma fiskibáta við Faxaflóa, og önnur fyrirmæli, er fara kunna í bága við ákvæði þessarar reglugerðar.

Atvinnumálaráðuneytið, 21. janúar 1947.

Áki Jakobsson.

Páll Pálmason.

GJALDSKRÁ 47 28. febr.

Rafveitu Hafnarfjarðar.

I. RAFORKA

Rafveita Hafnarfjarðar selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

Þar, sem orkan er aðallega notuð til lýsingar, skal hún seld:

1. Um kwst.-mæli á 1 krónu hver kwst.
2. Um hemilmæli á 120 kr. hvert árshektowatt (hw) og skal hemilstillingin ávallt standa á heilu hw. Umframnotkun skal hér seld á 1 kr. hver kwst.
3. Um kwst.-mæli á 30 aura hver kwst., auk fastagjalds, er nemi 5 kr. á ári af hverjum fermetra (m^2) gólffletar, er lýsa skal. Þar sem gólffletir eru tiltölulega stórir, miðað við ljósmagn, er heimilt að veita afslátt á fastagjaldi, samkv. reglum, er rafveitustjórn setur.

B. Rafmagn til almennrar heimilisnotkunar.

1. Um einn kwst.-mæli á 20 aura hver kwst. af fyrstu notkun, er nemi:

60 kwst. á m^2 á ári af fyrstu 25 m^2 gólffletar.
40 —— næstu 25 — —
20 —— — 25 — —

Notkun umfram þetta greiðist með 12 aurum hver kwst.

Notandi greiði hér fast gjald, er nemi kr. 3.60 á ári á hvern fermetra íbúðarinnar.

Miða skal við gólfflöt allrar íbúðarinnar, sem telst herbergi, sem ætluð eru til íbúðar, og eldhús.

Heimilt er að takmarka ákvæði gjaldliðs þessa þannig, að gólfflötur heimilis reiknist eigi yfir 25 m^2 á hvern mann á heimilinu. Þó skal til þess koma leyfi rafveitustjórnar í hvert sinn.

2. Um einn kwst.-mæli á 20 aura hver kwst. af fyrstu notkun er nemi:

Í íbúð, sem er 1 herbergi og eldhús, 1200 kwst. á ári.
—— 2 —— 1500 ——
—— 3 —— 1800 ——
—— 4 —— 2000 ——
—— 5 —— 2200 ——
—— 6 —— 2300 ——
—— 7 —— 2400 ——

47 28. febr.

Notkun umfram þetta greiðist með 12 aurum hver kwst. Notandi greiði auk þess fastagjald, er nemi 30 kr. á ári fyrir hvert herbergi, sem ætlað er til íbúðar, og eldhús.

3. Um hemilmæli á 500 kr. hvert árskw. og auk þess 50 aura á kwst. fyrir umframnotkun. Hemilstillingin skal vera minnst 1000 wött, að viðbættum 200 wöttum fyrir hvert íbúðarherbergi fram yfir tvö.

C. Vélar.

Þar, sem orkan er notuð til vélareksturs, skal hún seld:

1. Um kwst.-mæli á 50 aura hver kwst.
2. Um hemilmæli á 500 kr. árskw., en 25 aura öll umframnotkun. Rafveitustjóri ákveður stillingu hemilsins í hvert skipti í hlutfalli við vélaaflið.
3. Um tvígjaldsmæli, ef um meira en 10 kw. afl er að ræða, og ársnotkunartíminn er meiri en 500 klst. á 1 kr. á tíma mesta álags, 25 aura utan þess tíma.

   Heimilt er að reikna tíma mesta álags allt að 2 klst. um hádegi og 2 klst. á kvöldi.

   Ef ársnotkun um einn mæli er meiri en 20000 kwst., má veita afslátt á notkun utan tíma mesta álags, þannig:

Fyrir fyrstu	20000 kwst.	utan tíma mesta álags	25 aura.
— næstu	30000	———	20 —
— umfram	50000	———	15 —

4. Um mæla þannig reiknað:

160 kr.	árskw.	fyrir fyrstu	25 kw.
130 —	——	næstu	25 —
100 —	——	umfram	50 —

Auk þess greiðist kwst.-gjald, er reiknast þannig, miðað við eitt ár:

Fyrstu	100000	kwst á	7.0	aura	hver kwst
Næstu	100000	—	6.5	—	— —
—	200000	—	6.0	—	— —
—	200000	—	5.5	—	— —
Umfram	600000	—	5.0	—	— —

D. Hitun.

Þar sem orkan er notuð til hitunar má selja:

1. Til upphitunar húsa, enda sé rafmagnsupphitun aðalupphitun hússins:
   a) Um sérmæli fyrir hitalögnina á 4 aura hverja kwst.
   b) Um sérmæli á 2.4 aura hverja kwst, enda hafi rafveitan rétt til að rjúfa strauminn að hitalögninni í eina klst. um hádegi.
   c) Um sérmæli á 2 aura hverja kwst, enda megi þá rjúfa strauminn að hitalögninni í 2 klst. um hádegi og 1 klst. að kveldi, þegar álag rafveitunnar er mest.
   d) Um tvígjaldmæla fyrir hitalagnir á 1.6 eyri fyrir hverja kwst frá kl. 22 til kl. 8, en á 2,2 aura frá kl. 8 til 22. Straumurinn sé rofinn á sömu tímum og við D1c.
   e) Um sama mæli sem til annarrar heimilisnotkunar samkvæmt gjaldskrárlið B1 og B2, þannig að verð á umframnotkun lækki úr 12 aurum í 2.4 aura, ef fullnægt er skilyrðum liðs B1d, í 2 aura, ef fullnægt er skilyrðum D1d, og reiknast þá öll næturnotkun á 1.6 aura.

f) Um kwst-mæli á 1 eyri fyrir hverja kwst næturnotkunar er fer fram frá kl. 22 til kl. 8, enda sé eingöngu eða því nær eingöngu notað næturrafmagn til upphitunar hússins. 47 28. febr.

2. Til hitunar í iðnaði, handiðn eða atvinnurekstri á 3.5 aura, enda sé þá minnsta notkun 10000 kwst. á ári.
3. Til hitunar í iðnaði, handiðn eða atvinnurekstri um tvigjaldsmæli á 2.0 aura hverja kwst frá kl. 22 til kl. 8 og á 9 aura frá kl. 8 til kl. 22.

Heimilt er að breyta gjaldskrárliðum hlutfallslega við kolaverð og miðast þá framangreint verð á D við 65 kr. útsöluverð á kolum (tonn).

Sala samkvæmt gjaldskrárlið D1 til fullrar húshitunar er bundin því skilyrði, að götulínur og spennubreytar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.

Notandi skal kosta tengingu sjálfvirks klukkurofa fyrir hitalögnina, og greiða leigu fyrir hann samkv. sömu reglum og gilda fyrir leigu mæla.

E. Sumarnotkun.

Rafveitustjórn er heimilt að veita afslátt frá framangreindum verðlagsákvæðum á liðum A til D á orku, sem notuð er á sumrin, ef um töluverða aukningu frá vetrarnotkun er að ræða, eða ef orkan er eingöngu notuð á sumrin.

F. Þegar sérstaklega stendur á

má rafveitustjóri selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti, þó eigi lengur en til eins árs í senn nema til komi samþykki rafveitustjórnar.

G. Gjöld fyrir götu- og hafnarlýsingu

ákveður bæjarstjórn eftir tillögu rafveitustjórnar.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækis, sem nota skal fyrir veitu hverri. Heimilt er að taka leigu fyrir mælitæki, er nemur allt að 20% af verði þeirra.

III. HEIMTAUGARGJÖLD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald, er miðast við brunabótamat á húsum og mannvirkjum á þann hátt sem hér segir:

	Brunabótamat:	Heimtaugargjöld Jarðlína	Loftlína
1.	0— 5000 kr.	300 kr.	170 kr.
2.	5000— 10000 —	380 —	230 —
3.	10000— 12500 —	450 —	280 —
4.	12500— 15000 —	510 —	330 —
5.	15000— 17500 —	560 —	370 —
6.	17500— 20000 —	600 —	420 —
7.	20000— 25000 —	700 —	510 —
8.	25000— 30000 —	780 —	600 —
9.	30000— 40000 —	880 —	650 —
10.	40000— 50000 —	980 —	700 —

47
28. febr.

	Brunabótamat:	Heimtaugargjöld Jarðlína	Loftlína
11.	50000— 60000 kr.	1060 kr.	750 kr.
12.	60000— 70000 —	1100 —	790 —
13.	70000— 80000 —	1140 —	830 —
14.	80000— 90000 —	1170 —	870 —
15.	90000—100000 —	1200 —	900 —
16.	100000—125000 —	1250 —	950 —
17.	125000—150000 —	1300 —	1000 —
18.	150000—200000 —	1400 —	1050 —
19.	Yfir 200000 —	1500 —	1100 —

Sé lengd jarðlínunnar meiri en 15 m, loftlínuheimtaugar meiri en 40 m og gildleiki víra meiri en 2×70 qmm, skal húseigandi kosta það, sem þar er fram yfir. Standi sérstaklega á, eða séu óvenjulega miklir örðugleikar við lagningu heimtaugar, má krefjast sérstaks endurgjalds af húseiganda, en gera skal honum aðvart um það fyrirfram.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að húsinu, skal greiða allan kostnað við síðari heimtaugar eftir reikningi.

Heimtaugargjald fellur í gjalddaga, þegar lokið er lagningu heimtaugar.

IV. ÝMIS GJÖLD

1. Opnunargjald.

Hafi verið lokað fyrir veitu vegna vanskila á gjöldum til rafveitunnar, er óheimilt að opna aftur fyrr en notandi hefur greitt 3 kr. gjald á skrifstofu rafveitunnar.

2. Óleyfileg vör.

Ef fundin eru óleyfileg vör við skoðun, eða of stór, skal veitunni lokað tafarlaust. Er óheimilt að opna aftur fyrr en notandi hefur greitt 3 kr. gjald á skrifstofu rafveitunnar.

Rafveitustjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í gjaldskrá þessari, um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlst gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá rafveitunnar nr. 150 frá 18. des. 1944.

Félagsmálaráðuneytið, 28. febrúar 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jónas Guðmundsson.

GJALDSKRÁ

48
7. marz

Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

I. RAFORKA

Rafmagnsveita Reykjavíkur selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

Þar, sem raforkan er aðallega notuð til lýsingar, skal hún seld:

1. Um kwst.-mæli á 100 aura hver kwst.
2. Um hemil eða hemil-mæli á 125 kr. hvert árshektówatt, og skal hemilstillingin ávallt standa á heilu hw. og bil milli tveggja stillinga eigi vera minna en 15% hinnar hærri. Umframnotkun skal seld samkv. gjaldskrárlið A1. Samkvæmt þessum lið má selja útiljós, enda þótt mælitækjum verði ekki við komið.
3. Um kwst.-mæli á 25 aura hver kwst. auk fastagjalds, er nemi 125 kr. á ári fyrir allt að 25 m^2 gólffletarmáls í rúmi því, er lýsa skal, og 3.60 fyrir hvern m^2 umfram 25 m^2. Fullt fermetragjald skal greiða af gólffleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal deila fermetragjaldinu með 3.5.
4. Um tvígjaldsmæla, ef um meir en 2.5 kw. afl er að ræða og notkunartíminn er meiri en 600 klst. á ári, á 100 aura á kwst. á ljósatíma, en 25 aura á kwst. utan ljósatíma. Ljósatími skal talinn þessi:

   Í apríl til ágúst frá kl. 20½ til kl. 22.
   Í septmber og marz frá kl. 19 til kl. 22.
   Í október og febrúar frá kl. 17½ til kl. 22.
   Í nóvember og janúar frá kl. 16 til kl. 22.
   Í desember frá kl. 15 til kl. 22.

   Ef ársnoktun er meiri en 20000 kwst. má veita afslátt á notkun utan ljósatíma samkv. ákvæðum gjaldskrárliðs C4.

   Verði tvígjaldsmæli ekki við komið, er heimilt að nota einfalda ljósmæla undir þessum gjaldskrárlið og skal þá reikna 7 kwst. ársnotkun á hvern fermetra gólffletar, sem notkun á ljósatíma, en alla notkun umfram það, sem notkun utan ljósatíma, eins og ákveðið er hér að ofan.

B. Rafmagn til almennrar heimilisnotkunar.

1. Um tvenna kwst.-mæla, annan til ljósa, en hinn til heimilisvéla. Um ljósamælinn reiknast ljósagjald samkv. A1, á hinn mælinn 25 aurar á kwst.

   Þennan gjaldskrárlið má einnig nota fyrir skrifstofur, verzlanir og verkstæði, en þó ekki fyrir 3-fasa hreyfla.
2. Um einn kwst.-mæli á 20 aura hver kwst., og auk þess fastagjald kr. 30.00 á ári af hverju íbúðarherbergi heimilisins. Leiga af mælinum er innifalin í fastagjaldinu.

   Eftir þessum gjaldskrárlið má selja rafmagn til suðu til veitingahúsa, gistihúsa og annarra slíkra staða, sem ekki verða taldir heimili, enda sé þá rafmagnið selt um sérmæli, og leiga goldin af sérmælinum, en herbergjagjald ekki reiknað.

48 7. marz

3. Um hemil-mæla 720 kr. hvert árskw., og auk þess 20 aura á kwst. fyrir umframnotkun. Hemilstillingin skal vera minnst 500 wött að viðbættum 100 wöttum fyrir hvert íbúðarherbergi fram yfir tvö.

Þennan gjaldskrárlið, B3, má einnig nota fyrir skrifstofur, verzlanir og verkstæði, þó eigi fyrir 3-fasa hreyfla, og skal þá miða stillingu hemilsins við 500 wött fyrir fyrstu 25 m² gólffletar eða minna og síðan 100 wött fyrir hverja 12 m² eða minna, og skal m² reiknaður út eftir sömu reglum og settar eru fyrir gjaldskrárlið A3.

Reglur um útreikning herbergja.

Í útreikningi á fjölda herbergja í íbúð skal aðeins telja stofur og svefnherbergi o. þ. h., en ekki eldhús. Herbergi minna en 5 m² skal telja sem hálft, en stærra en 25 m² sem tvö. Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 m² má reikna með þeirri meðalstærð.

C. Vélar.

Þar, sem raforka er notuð til vélarekstrar, skal hún seld:

1. Um kwst.-mæli á 50 aura kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma á ári, má krefjast minnsta árgjalds frá 60 til 100 kr. hvert uppsett kw. vélanna.

   Eftir þessum gjaldskrárlið má selja raforku til barna- og unglingaskóla, sjúkrahúsa, kirkna og annarra þess háttar opinberra stofnana. Svo og til vinnulagna við byggingar meðan á byggingum stendur.

2. Um mestumæla fyrir mesta notað afl á árinu þannig.

160 kr.	á árskw.	fyrir fyrstu	25	kw.
130 —	—	— næstu	25	—
100 —	—	— umfram	50	—

og auk þess skal greiða kwst.-gjald, er reiknast þannig.

Fyrstu	100 000	kwst.	ársnotkun	á 7.0	aura	hver kwst.
Næstu	100 000	—	—	— 6.5	—	— —
—	200 000	—	—	— 6.0	—	— —
—	200 000	—	—	— 5.5	—	— —
Umfram	600 000	—	—	— 5.0	—	— —

3. Um hemilmæla á 480 kr. árskw. og 25 aura á kwst. öll umframnotkun. Rafmagnsstjóri ákveður stillingu hemilmælisins í hvert skipti í hlutfalli við vélaaflið.

   Þennan gjaldskrárlið má einnig nota til hitunar í iðnaði.

4. Um tvígjaldsmæli, ef um meira en 5 kw.-afl er að ræða, og notkunartíminn er meira en 500 klst. á ári, á 100 aura á kwst. á dýra tímanum, sem talinn skal frá kl. 10.45 til kl. 12.00, en 25 aura á kwst. endranær.

   Ef ársnotkun utan dýra tímans er meiri en 20 000 kwst., má veita afslátt á þeirri notkun, er reikna skal þannig:

Fyrstu	20 000	kwst.	á ódýra tímanum	25	aura	á kwst.
Næstu	30 000	—	— —	— 20	—	— —
Umfram	50 000	—	— —	— 5	—	— —

Við þennan gjaldskrárlið má einnig nota einfalda kwst.-mæla, en þá skal reikna gjaldið 32 aura á kwst.

Afslátt skal reikna þannig:

Fyrstu	22 000	kwst.	á	32	aura	á kwst.
Næstu	33 000	—	—	27	—	— —
Umfram	55 000	—	—	22	—	— —

D. Hitun.

1. Um kwst.-mæli á 12 aura á kwst., enda sé þá minnsta notkun 10 000 kwst. á ári.
2. Um kwst.-mæli á 10 aura kwst. ef straumur er rofinn með klukkurofa, frá kl. 10.45 til 12.00, og frá kl. 18.30 til 19.45. Sameina má þenna gjaldskrárlið B2, enda skal þá talið á B2-lið 1000 kwst. notkun fyrir eins herbergis íbúðir og 600 kwst. að auki fyrir hvert herbergi, sem þar er fram yfir, allt að 3000 kwst. á ári.
3. Um kwst.-mæli á 5.5 aura á kwst., ef straumurinn er rofinn með klukkurofa, frá kl. 9 til 12 og í 6 klst. á tímanum frá kl. 15 til kl. 23.
4. Um kwst.-mæli á 4 aura á kwst., ef straumurinn er rofinn með klukkurofa, frá kl. 8 til 23, enda séu nægilega stórir hitageymar settir upp fyrir dagnotkunina. Þegar um er að ræða hitun í húsrúmi, sem er yfir 2000 m³ að stærð eða aðra hliðstæða notkun að afli, er heimilt að láta í té straum á tímanum 12½ til 15½, ef þörf gerist.
5. Um tvígjaldsmæla á 6 aura hver kwst. frá kl. 23 til kl. 8, og 25 aura hver kwst. frá kl. 8 til kl. 23.

Selja má rafmagn samkvæmt þessum gjaldskrárlið til véla, sem uppfylla skilyrði fyrir gjaldskrárlið C4, ef straumur er rofinn af lögninni með klukkurofa, frá kl. 10.45 til kl. 12.

Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

a. Að vélaafl, götulínur og spennar þoli álagið að dómi rafmagnsstjóra.
b. Að notandinn kosti tengingu klukkurofa og greiði leigu fyrir hann samkvæmt reglum, sem gilda um leigu mæla.
c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafmagnsveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir.

E. Þegar sérstaklega stendur á, má rafmagnsstjóri selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti, þó eigi lengur en til eins árs í senn, nema til komi samþykki bæjarráðs.

F. Gjald fyrir götu- og hafnarlýsingu ákveður bæjarstjórn eftir tillögum bæjarráðs.

G. Fyrir hver 10 stig, sem verðlagsvísitala Hagstofunnar hækkar eða lækkar, er heimilt að hækka eða lækka raforkureikninga Rafmagnsveitunnar um 2%.

II. MÆLALEIGA

Rafmagnsstjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir veitu hverri, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækinu samkv. eftirfarandi skrá:

48
7. marz

Tegund mælitækis	Upp að 30 amp.	Ársleiga í kr. 35—75 amp.	Yfir 75 amp.
Einfasa kwst.-mælar, hemilmælar og hemlar ..	15.00		
Þrífasa kwst.-mælar, þrífasa hemilmælar, einfasa frádráttarmælar, lausir	30.00	45.00	60.00
Tvígjaldsmælar, mestumælar	45.00	60.00	75.00
Lausar skiptiklukkur, einar sér	15.00		

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal leigan vera sem næst 15% af mælitækis-verðinu, og semur rafmagnsstjóri nánari skrá um leiguna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. OPNUNARGJALD

a. Hafi gjald samkv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun 5 krónur.
b. Ef fundin eru óleyfileg vör við skoðun, eða of stór, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð fyrr en notandinn hefur greitt 5 króna gjald á skrifstofu Rafmagnsveitunnar.

Gjaldskrá þessi, sem bæjarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast þegar gildi.

Birtist gjaldskráin til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli, og fellur jafnframt því, er hún kemur til framkvæmda, úr gildi gjaldskrá um sama efni, útgefin 5. desember 1944.

Félagsmálaráðuneytið, 7. marz 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jónas Guðmundsson.

49
12. marz

REGLUGERÐ

um öryggisútbúnað sýningartækja við kvikmyndasýningar.

1. gr.

Minnsta breidd sýningarherbergja skal vera 3 m fyrir eina sýningarvél, ef ekkert hliðarherbergi er fyrir hendi. Sýningarherbergið skal breikka um 1,5 m fyrir hverja sýningarvél sem umfram er eina. Lengd þess skal vera svo mikil, að 1 m breitt gangrými sé aftan við hverja vél. Hæð undir loft skal vera minnst 2,5 m.

2. gr.

Í sýningarherbergi og hliðarherbergi við það, ef til er, skulu veggir, loft, gólf og hurðir ásamt körmum vera úr eldtraustu efni.

Hirzlur undir filmur, borð, bekkir og annað nauðsynlegra áhalda, skal vera úr eldtraustu efni.

3. gr.

Ekkert samband má vera milli sýningarherbergis og áhorfendasals nema sýningaropin. Á því skal vera gluggi a. m. k. 0,25 m^2 að flatarmáli, er veit út að ber-

svæði eða ólæstum garði. Glugginn á að vera með venjulegu gleri og þannig gerður að auðvelt sé að opna hann, ef eldsvoða ber að höndum. Bannað er að hafa slár fyrir gluggum. Hurðir skulu opnast út úr sýningarherbergjum.

4. gr.

Úr sýningarherbergi skal vera sérútgangur og þannig fyrir komið, að ekki stafi hætta af fyrir áhorfendur meðan þeir eru að fara út, ef eldur skyldi koma upp. Séu fleiri sýningarvélar en ein og þeim þannig komið fyrir, að þær torveldi útgang, verður að hafa aðrar dyr. Verksmiðju- og vélaeftirlit ríkisins getur, þegar sérstaklega þykir ástæða til, leyft að útgangur úr sýningarherberginu liggi í gegnum ytri forstofu, ef ómögulegt er að koma fyrir útgangi á hersvæði. Ef hafa verður stiga upp í sýningarherbergið, verður hann að vera fastur og með handriði.

5. gr.

Sýningarop og gægjur mega ekki vera meira en 150 cm² að flatarmáli og ber að loka þeim reykþétt með a. m. k. 5 mm þykkum glerrúðum. Rúðurnar skal festa í járn- eða múrramma. Komi einhver þau tæki, sem nauðsynlega krefjast stærri sýningaropa, getur Verksmiðju- og vélaeftirlit ríkisins veitt undanþágu til þess. Auk þess ber að hafa a. m. k. 2 mm þykkar járnplötur, sem á auðveldan hátt sé hægt að renna fyrir öll opin. Plötum þessum skal vera hægt að stjórna frá einum stað nálægt sýningarvél, og öðrum nálægt útgöngudyrum sýningarklefans.

6. gr.

Til lýsingar á sýningarherbergjum má aðeins nota rafmagn. Til lýsingar í sjálfri sýningarvélinni má þó nota kolbogaljós.

7. gr.

Auk lýsingar þeirrar, sem getið er í 6. gr., er stranglega bannað að hafa með höndum hvers konar opinn eld. Þá eru og tóbaksreykingar í sýningarklefa stranglega bannaðar. Til upphitunar skulu aðeins leyfðir miðstöðvarofnar eða rafmagnsofnar, sem eigi verða heitari en 80° C. Um ofna skal vera hlíf með risi að ofan, svo eigi sé hægt að leggja neitt ofan á hana.

8. gr.

Handslökkvitæki með kemisku slökkviefni, skal ávallt vera í sýningarherbergi. Enn fremur 1×1,25 asbestteppi, sem sýningarmaður getur auðveldlega gripið til sér til varnar.

9. gr.

Sýningarherbergið skal vera hægt að loftræsta vel með dragsúgi eða vélsúgi, ef þurfa þykir. Sérstök loftrás skal liggja frá ljóshúsi sýningarvélar, ef notuð eru kolbogaljós til sýningar. Ef notuð eru eirhúðuð kol eða aðrar koltegundir, er gefa frá sér eitrað loft, skal koma fyrir úthúnaði fyrir vélsúg frá ljóshúsi vélarinnar. Vatnskrani og þvottatæki skulu vera í sýningarherbergi. Starfsfólk við sýningar skal hafa aðgang að salerni nálægt sýningarherbergi.

10. gr.

Hirzlur undir filmur skulu ávallt vera úr járni eða öðru eldtraustu efni. Þær skulu hólfaðar með lóðréttum skilrúmum og sé hvert hólf hæfilega stórt fyrir eina filmspólu. Filmspólur skulu vera úr járni og stærð þeirra ekki meiri en svo, að á þær megi setja 600 m lengd af filmu. Spólurokkur má ekki vera nær sýningarvél en 1,5 m, sé hann opinn.

49 11. gr.

12. marz Sýningarherbergi má ekki nota til geymslu hluta. Þar mega aðeins vera filmur, sem notaðar eru sama dag til sýningar.

Fatageymsla er bönnuð í sýningarherbergi.

Í útgöngu frá sýningarherbergi má ekki geyma vörubirgðir, t. d. filmur, eða annað, sem tálmað gæti útgangi.

12. gr.

Sá einn hefur rétt til að stjórna sýningarvélum, þar sem notaðar eru „Nitrate" eða „Cellit" filmur, sem lokið hefur námi samkvæmt 13. gr., enda sé hann fullra 20 ára og reglusamur.

Undanþegnir ákvæði þessu eru þeir menn, sem starfa sem sýningarmenn, þegar reglugerð þessi gengur í gildi, svo og þeir, sem sýna „Etyl" eða „Cellit" mjófilmur sem fræðslumyndir við skóla eða aðrar menningarstofnanir, þar sem aðgangseyrir er ekki tekinn.

13. gr.

Sá, sem vill öðlast rétt til gæzlu sýningarvéla samkvæmt 1. gr., skal hafa lokið námi sem hér segir:

1. Notið verklegrar kennslu í sýningarklefa hjá manni með kennararéttindum í þeirri grein. Kennsla þessi sé í aðalatriðum um filmuna og sýningarvélina. Skýra skal fyrir nemanda hvers vegna myndin verður „lifandi". Vekja skal athygli nemanda á eldhættu þeirri, sem ávallt stafar af filmunni. Nemandi skal æfður í allri meðferð hennar, þar á meðal viðgerð á filmunni. Fræða skal nemanda um meðferð sýningarvélarinnar, stjórn hennar, „þræðing" og viðhald, meðferð ljósgjafa sýningarvélarinnar og „optiskra" hluta hennar.

Nám þetta taki að minnsta kosti 500 kennslustundir á einu ári.

2. Stundað bóklegt nám í rafmagnsfræði, lært undirstöðuatriði um segulmagn og rafmagn, myndun þess og aðferðir til að framleiða með því hita, ljós og hljóð.

3. Stundað í radiotækni 100 stunda verklegt og bóklegt nám um hljóðmyndun, lært undirstöðuatriði radíófræðinnar, um gerð hljóðfilmunnar, hljóðtækjanna og myndun hljóðsins um meðferð hljóðlampa og „fotosellna", um meðferð og stilling magnara og viðgerðir á algengustu bilunum þessara tækja og um aðgreining hljóðtruflana, sem orsakast af magnara og skemmdum filmum.

Þegar nemandi byrjar framangreint nám skal hann vera fullra 19 ára og hafa lokið gagnfræðaprófi.

Að loknu námi skal nemandi ganga undir próf hjá nefnd þriggja manna, sem ráðherra skipar.

14. gr.

Sá einn hefur réttindi til þess að veita kennslu í því sem um getur í 1. lið 13. gr., sem hlotið hefur meistararéttindi sýningarmanna.

Til þess að öðlast meistararéttindi skal sýningarmaður hafa lokið prófi samkvæmt 13. gr. og síðan unnið óslitið sem sýningarmaður í 2 ár. Hafi starfið verið stundað slitrótt, þannig að heilt ár eða lengri tími hafi fallið úr, skal samanlagður starfstími vera að minnsta kosti 3 ár, áður en sýningarmaður getur öðlazt meistararéttindi.

Starfstíma þessum skal sýningarmaður ljúka í kvikmyndahúsi, sem fullnægir ákvæðum 15. gr.

Þeir, sm nú starfa við sýningar og öðlast rétt sýningarmanna samkvæmt 12. gr., þurfa ekki að ljúka prófi samkvæmt 13. gr., til þess að öðlast meistararéttindi.

15. gr. 49

Verklega kennslu samkvæmt 1. lið 13. gr. má einungis veita í kvikmyndahúsi, sem notar 2 vélar til sýninga og sýnir að minnsta kosti sjö 1½ til 2 stunda sýningar á viku hverri. 12. marz

16. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum samkvæmt ákvæðum laga um eftirlit með verksmiðjum og vélum.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 24 7. maí 1928, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. marz 1947.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

Stjórnartíðindi 1947, B. 7.

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1947.

Lög um breyting á lögum um Háskóla Íslands, nr. 21 1. febr. 1936, undirskrifuð af forsetanum 28. marz 1947, nr. 21.

Lög um breyting á lögum nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 22.

Lög um breyting á ljósmæðralögum, nr. 17 19. júní 1933, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 23.

Lög um breyting á lögum nr. 93, 28. des. 1946, um bráðabirgðafjárgreiðslur á árinu 1947, undirskrifuð af forsetanum 31. marz 1947, nr. 24.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að halda niðri dýrtíðarvísitölu með fjárgreiðslum úr ríkissjóði og um áhrif nokkurra landbúnaðarafurða á vísitöluna, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 25.

Lög um breyting á lögum nr. 60 1939, um gjald af innlendum tollvörutegundum, undirskrifuð af forsetanum 14. apríl 1947, nr. 26.

Lög um breyting á lögum nr. 84/1932, um bifreiðaskatt o. fl., undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 27.

Lög um hækkun á aðflutningsgjöldum árið 1947, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 28.

AUGLÝSING 50

14. apríl

um gjald af innlendum tollvörutegundum.

Með því að forseti Íslands hefur í dag staðfest lög um breyting á lögum nr. 60 frá 1939, um gjald af innlendum tollvörutegundum, auglýsist hér með, að ríkisstjórnin hefur ákveðið að nota heimild laganna til þargreindrar hækkunar á framangreindu gjaldi.

Fjármálaráðuneytið, 14. apríl 1947.

Jóhann Þ. Jósefsson.

Magnús Gíslason.

14. dag aprílmánaðar 1947. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

51
14. apríl

REGLUGERÐ
um miðskólapróf í bóknámsdeild.

I. Almenn ákvæði.

1. gr.

Miðskólapróf í bóknámsdeild skal vera landspróf í þessum greinum: Íslenzku, dönsku eða öðru Norðurlandamáli, ensku, sögu, landafræði, náttúrufræði, stærðfræði og eðlisfræði. Þó getur menntamálaráðuneytið fjölgað eða fækkað landsprófsgreinum, ef fræðslumálastjóri og landsprófsnefnd mæla með því. Landspróf skal vera skriflegt að mestu leyti og haldið samtímis um land allt.

2. gr.

Rétt til þess að halda miðskólapróf hafa miðskólar og gagnfræðaskólar, svo og aðrir sambærilegir skólar, sem fá til þess samþykki ráðuneytisins.

3. gr.

Um prófkröfur fer eftir gildandi lögum og fyrirmælum á hverjum tíma.

II. Prófnefnd og prófdómarar.

4. gr.

Menntamálaráðuneytið skipar 9 manna prófnefnd til allt að fjögurra ára í senn. Felur ráðuneytið einum þeirra formannsstörf eða skipar sérstakan formann, sem þá skal eigi hafa með höndum prófdómarastörf í nefndinni. Formaður annast framkvæmdastjórn fyrir nefndina. Í prófnefndinni skulu vera sérfróðir menn í þeim greinum, sem landsprófið nær til, og vel kunnugir kennslu og námsefni því, sem krafizt er til prófsins.

Hverfi maður úr prófnefndinni áður en starfstímabil hans er liðið, skal skipa annan í hans stað það sem eftir er tímabilsins.

Þóknun til prófnefndarmanna, prentun og fjölritun verkefna o. þ. u. l. greiðist úr ríkissjóði eftir reikningi, er ráðuneytið samþykkir.

5. gr.

Landsprófsnefnd gegnir prófdómarastörfum, að svo miklu leyti sem því verður við komið. Að öðru leyti skipar ráðuneytið prófdómara að fengnum tillögum fræðslumálastjóra og landsprófsnefndar. Laun prófdómara og annan prófkostnað, sem ekki verður greiddur úr ríkissjóði samkvæmt því, er um getur í 4. gr., greiðir hlutaðeigandi skóli.

III. Prófið og tilhögun þess.

6. gr.

Próf í landsprófsgreinum skal halda síðari hluta maímánaðar ár hvert, samtímis í hverri námsgrein, samkvæmt nánari fyrirmælum landsprófsnefndar.

7. gr.

Próf skal tekið í öllum þeim námsgreinum, sem kenndar eru í miðskólum.

Undanþágu frá prófi í leikfimi, sundi og söng má því aðeins veita, að fullnægt sé reglum nr. 50 frá 8. marz 1944, um undanþágur skólanemenda frá að stunda nám eða taka þátt í námi einstakra greina.

8. gr. 51

Prófnefnd annast um prentun eða fjölritun prófverkefna á þann hátt, sem hún telur öruggastan, en fræðslumálaskrifstofan sendir þau til prófdómara eða trúnaðarmanns í samráði við formann prófnefndar. Skal öllu þann veg hagað, að tryggt sé, að verkefni vitnist eigi fyrr en á prófdegi. 14. apríl

9. gr.

Prófverkefni í öðrum greinum en landsprófsgreinum semur prófdómari í samráði við hlutaðeigandi kennara.

Um framburð í erlendum málum dæmir prófdómari og kennari. Taka skal tillit til þeirrar einkunnar eftir því sem landsprófsnefnd mælir fyrir um.

10. gr.

Landsprófsnefnd setur eins nákvæmar reglur og hún telur sér fært um framkvæmd miðskólaprófs, úrvinnslu prófverkefna og einkunnagjafir.

11. gr.

Prófdómari og kennari fara yfir úrlausnir nemenda og dæma þær. Greini þá á um einkunn, skal taka meðaltal. Leita skal þó úrskurðar landsprófsnefndar í landsprófsgreinum, ef um verulegan ágreining er að ræða.

12. gr.

Allar einkunnir á miðskólaprófi skal færa inn í prófbók skólans. Senda skal prófskýrslu til landsprófsnefndar og fræðslumálastjóra.

13. gr.

Að lokinni úrvinnslu prófa, skal senda landsprófsnefnd úrlausnir nemenda í þeim landsprófsgreinum, sem hún hefur eigi sjálf dæmt um, eftir því sem nefndin mælir fyrir um. Prófnefndin fer yfir úrlausnir þessar eftir því, sem hún telur þurfa, einkum þeirra nemenda, sem fengið hafa nálægt meðaleinkunninni 6 í landsprófsgreinum. Verði dómur landsprófsnefndar til muna frábrugðinn dómi einhvers skóla, gerir hún skólanum aðvart um það. Eigi breytir endurskoðun prófnefndar einkunnum nemenda, en taka skal tillit til hennar samkvæmt því, er um getur í 16. gr.

IV. Einkunnir o. fl.

14. gr.

Einkunnir skal gefa í tölum frá 1 til 10, heilum tölum og fimmtu hlutum. Tíundu hlutar geta komið fram sem prófeinkunn, ef tekið er meðaltal einkunna prófdómara og kennara. Gefa skal og einkunnina 0 fyrir afleita frammistöðu.

Einkunnin 0 fellir, svo og lægri einkunn en 2 í tveimur greinum og lægri einkunn en 3 í þremur greinum.

Aðaleinkunnir eru fjórar og greinast þannig:

Ágætiseinkunn	9.00—10.00
Fyrsta einkunn	7.25— 8.99
Önnur einkunn	6.00— 7.24
Þriðja einkunn	5.00— 5.99

15. gr.

Ein einkunn skal gefin í hverri námsgrein, nema í íslenzku tvær, samkv. nánari ákvæðum landsprófsnefndar.

51 16. gr.

14. apríl Til þess að standast miðskólapróf þarf nemandinn að hafa hlotið í aðaleinkunn a. m. k. 5.

Miðskólapróf veitir rétt til framhaldsnáms í gagnfræðaskóla, hvar sem er á landinu. Til inngöngu í menntaskóla og kennaraskóla þarf meðaleinkunnina 6 eða meira í landsprófsgreinum og 5 í öðrum greinum, svo og hæfnipróf í sundi. Ef dómur einhvers skóla hefur verið til muna frábrugðinn dómi landsprófsnefndar, getur nefndin til samræmingar úrskurðað, að innganga nemenda frá þeim skóla í menntaskóla eða kennaraskóla skuli miðast við aðra lágmarkseinkunn en að ofan greinir.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 48/1946, um gagnfræðanám, öðlast þegar gildi. Samtímis falla úr gildi bráðabirgðareglur frá 22. jan. 1946, um miðskólapróf í bóknámsdeild.

Menntamálaráðuneytinu, 14. apríl 1947.

Eysteinn Jónsson.

Birgir Thorlacius.

52 **KANADASJÓÐUR**

til styrktar íslenzkum námsmönnum.

Ársreikningur 1946.

Höfuðstóll:

1.	Eign frá f. ári, skv. birtum reikningi	kr. 127373.28
2.	Gjöld umfram tekjur árið 1946, skv. eftirfarandi reikningi	— 840.88
		Kr. 126532.40

Eignum sjóðsins er þannig háttað:

1.	Veðdeildarbréf	kr. 11000.00
2.	Sogsvirkjunarbréf	— 1000.00
3.	Veðskuldabréf	— 98433.34
4.	Inneign í sparisjóði	— 16099.06
		Kr. 126532.40

Tekjur:

1.	Vextir af veðdeildarbréfum	kr. 540.00
2.	Vextir af veðskuldabréfum	— 2424.00
3.	Vextir af sparisjóðsinnstæðu	— 470.12
4.	Gjöld umfram tekjur 1946	— 840.88
		Kr. 4275.00

Gjöld:

1.	Styrkur til Guðna Gunnarssonar og Péturs Pálssonar til náms í efnaverkfræði við McGill háskólann í Montreal, 2000 kr. til hvors	kr. 4000.00
2.	Endurgreiddir vextir	— 275.00
		Kr. 4275.00

Forsætisráðuneytið, 15. febrúar 1947.

F. h. r.
Birgir Thorlacius.

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1947.

Lög um vernd barna og ungmenna, undirskrifuð af forsetanum 9. apríl 1947, nr. 29.

Lög um að tryggja manneldisgildi hveitis, undirskrifuð af forsetanum 22. apríl 1947, nr. 30.

Lög um breyting á lögum nr. 4 27. jan. 1943, um dýralækna, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 31.

Lög um breyting á lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 32.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Grímsneshreppi kirkjujörðina Stóru-Borg, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 33.

Vegalög, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 34.

Fjárlög fyrir árið 1947, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins 1. maí 1947, nr. 35.

Lög um breyting á raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 36.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Dalvíkurhreppi jörðina Böggvisstaði, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 37.

Lög um skipulag og húsingu prestssetra, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 38.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Ólafsfjarðarhreppi jörðina Hringverskot í Ólafsfirði, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 39.

Lög um breyting á lögum nr. 44 27. júní 1941, um tannlæknakennslu við læknadeild háskólans, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins 6. maí 1947, nr. 40.

Lög um breyting á lögum nr. 33 23. apríl 1946, um tunnusmíði, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins 9. maí 1947, nr. 41.

Lög um breyting á lögum nr. 66 17. júlí 1946, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 42.

Lög um innlenda endurtryggingu, stríðsslysatryggingu skipshafna o. fl., undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 43.

Lög um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 44.

Auglýsing um staðfestingu flugsamninga, undirskrifuð af utanríkisráðherra 2. apríl 1947, nr. 45.

Auglýsing um samning um norrænt póstsamband, undirskrifuð af samgöngumálaráðherra 10. apríl 1947, nr. 46.

Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands, undirskrifuð af forsætisráðherra 28. apríl 1947, nr. 48.

Lög um viðauka við lög nr. 32 14. júní 1929, um loftferðir, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins 17. maí 1947, nr. 49

Lög um breyting á lögum nr. 102 19. júní 1933, um samþykktir um sýsluvegasjóði, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 50.

Lög um breyting á lögum nr. 93 25. sept. 1942, um að reisa nýjar síldarverksmiðjur, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 51.

Lög um breyting á lögum nr. 22 27. júní 1921, um breyting á lögum nr. 54 30. júlí 1909, um stofnun vátryggingarfélags fyrir fiskiskip, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 52.

17. dag maímánaðar 1947. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

Lög um breyting á lögum nr. 30 2. apríl 1943, um breyting á lögum nr. 32 23. júní 1932, um brúargerðir, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 53.

Auglýsing um fullgildingu alþjóða póstmálasamninga, undirskrifuð af utanríkisráðherra 12. maí 1947, nr. 54.

Auglýsing um þátttöku í alþjóða hvalveiðisamningum, undirskrifuð af utanríkisráðherra sama dag, nr. 55.

Auglýsing um staðfestingu Íslands á stofnskrá alþjóða flóttamannastofnunar hinna sameinuðu þjóða, undirskrifuð af utanríkisráðherra 17. maí 1947, nr. 56.

53
6. marz

REGLUGERÐ
um holræsi í Hafnarkauptúni.

1. gr.

Þegar hreppurinn hefur látið leggja holræsi í veg, götu eða annað opið svæði, eða þar sem hreppurinn hefur tekið að sér viðhald og endurnýjun eldri holræsa, er þeim húseigendum, er þar eiga hús að eða í námunda við, skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu, er flytji allt skolp frá því út í aðalræsið. Regnvatn af húsum og lóðum skal einnig, eftir því sem unnt er, leiða í ræsið. Vanræki einhver að láta gera holræsi innan hæfilegs frests, sem hreppsnefnd setur, getur hún látið vinna verkið á kostnað húseiganda.

2. gr.

Öll framkvæmdastörf, sem holræsakerfi kauptúnsins varða, svo sem viðhald, endurbætur, viðauka og umsjón alla, annast vatnsveitunefnd eða maður, sem hreppsnefnd felur það, undir yfirumsjón hreppsnefndar. Er engum heimilt að leggja ræsi í aðalræsi, nema að fengnu leyfi þessara aðila, og er mönnum skylt að hlýta í öllu fyrirmælum þeirra um gerð og legu ræsis og annað það, er máli skiptir í sambandi við það.

3. gr.

Kostnður allur við aðalholræsakerfið greiðist úr hreppssjóði. Til að standast þann kostnað ber hverjum húseiganda, sem á hús við veg, götu eða opið svæði, þar sem holræsi er lagt í, að greiða holræsagjald til hreppsins, kr. 25.00 árlega, af hverju húsi og auk þess gjald, sem miðast við fasteignamat húsanna, sem hér segir:

Af fyrstu kr. 5000.00 greiðist	5‰
Af næstu kr. 5000.00 greiðist	3—
Af því, sem þar er fram yfir, greiðist	1,5—

Gjöld þessi getur hreppsnefndin hækkað eða lækkað um allt að 25%.

4. gr.

Húseigendum ber að greiða holræsagjaldið, og bera þeir einir ábyrgð á greiðslu þess. Kröfur, sem hreppsnefndin kann að öðlast samkvæmt 1. gr. og holræsagjaldið má taka lögtaki, og er það tryggt með lögveði í eigninni í næstu 2 ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði. Gjalddagi holræsagjaldsins er 1. júní ár hvert.

5. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, allt að kr. 200.00, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum lögum. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. 53 6. marz

Félagsmálaráðuneytið, 6. marz 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jónas Guðmundsson.

SAMÞYKKT 54 11. marz

um lokun sölubúða á Akranesi.

1. gr.

Öllum sölubúðum kaupmanna, kaupfélaga og heildsala skal lokað eftir því, sem segir í 2., 3. og 4. gr. samþykktar þessarar. Lyfjabúðir, sem verzla með varning sem verzlunarleyfi þarf til, mega ekki selja slíkan varning eftir lokunartíma sölubúða.

2. gr.

Sölubúðir skulu vera lokaðar virka daga frá kl. 6 síðdegis til kl. 9 árdegis. Á laugardögum skal sölubúðum lokað frá kl. 4 síðdegis.

Aðfangadag jóla og gamlársdag skal sölubúðum eigi lokað síðar en kl. 3 síðd.

Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla skal heimilt að hafa sölubúðir opnar til miðnættis.

3. gr.

Sölubúðir skulu lokaðar almenna helgidaga, sunnudaga, sumardaginn fyrsta, 1. maí, 17. júní og 1. desember.

4. gr.

Á lokunartíma sölubúða samkvæmt framansögðu er óheimilt að selja á strætum eða torgum nokkurn þann varning, sem ekki má selja nema samkvæmt verzlunarleyfi. Heimilt er þó að selja nauðsynjar til skipa á lokunartíma, en þó aðeins fyrir lokuðum dyrum.

5. gr.

Menn, sem komnir eru inn í verzlun fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða eftir að lokað er, þó ekki lengur en hálftíma.

6. gr.

Bæjarstjórn getur leyft undanþágur frá ákvæðum í 1.—4. gr., ef sérstakar ástæður mæla með því.

Samþykkt þessi, sem gerð er af bæjarstjórn Akraness, samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 11. marz 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jónas Guðmundsson.

54
12. marz

SAMÞYKKT

um lokun sölubúða í Ólafsfjarðarkaupstað.

1. gr.

Sölubúðum í Ólafsfirði skal lokað eftir því, sem ákveðið er í 2., 3. og 4. gr. samþykktar þessarar.

2. gr.

Alla virka daga ársins skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 6 síðdegis, og eigi opnaðar aftur fyrr en kl. 9 árdegis næsta virkan dag. Þó skulu vera þær undantekningar, er nú skal greina:

Aðfangadag jóla og gamlársdag skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 1 e. h., nema þessa daga beri upp á mánudag, þá er heimilt að hafa sölubúðir opnar til kl. 4 e. h. Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla skal heimilt að halda opnum sölubúðum til miðnættis. Síðasta laugardag fyrir jól (annan en Þorláksdag, ef hann ber upp á laugardag), eða annan virkan dag skömmu fyrir jól, er heimilt að halda sölubúðum opnum til kl. 11 síðdegis.

Á tímabilinu frá 1. október til 30. apríl skulu sölubúðir vera opnar til kl. 4 síðdegis á laugardögum. Á tímabilinu frá 1. maí til 30. september skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 1 e. h. á laugardögum, en kl. 7 e. h. á föstudögum.

3. gr.

Almenna helgidaga þjóðkirkjunnar, sumardaginn fyrsta, 1. maí, 17. júní, fyrsta mánudag í ágúst og 1. desember mega engar sölubúðir vera opnar.

4. gr.

Frá ákvæðum um lokun sölubúða í samþykkt þessari skulu enn fremur þessar undantekningar:

Brauð- og mjólkursölubúðum má halda opnum á almennum helgidögum sumardaginn fyrsta, 1. maí, 17. júní og 1. desember frá kl. 10 f. h. til 2 e. h., eingöngu til sölu á brauðum, mjólk og mjólkurvörum.

Ákvæði samþykktarinnar ná ekki til lyfjabúða.

5. gr.

Eftir lokunartíma sölubúða er óheimilt að selja á strætum og torgum eða annars staðar utan sölubúða kaupmanna nokkurn þann varning, sem ekki má selja nema samkvæmt verzlunarleyfi. Heimilt er þó að selja einnig á þeim tíma kol, salt, veiðarfæri og vistaforða handa skipum, og sömuleiðis er leyfilegt að taka á móti innlendum vörum aðkomumanna í geymsluhúsum verzlana.

6. gr.

Þá, sem komnir eru inn í verzlun fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða eftir að lokað er.

7. gr.

Bæjarfógeta er heimilt, þegar sérstaklega stendur á, að veita undanþágu frá samþykkt þessari fyrir einstaka daga og til þess að sala fari fram í góðgerðaskyni eða ágóða fyrir stofnanir og fyrirtæki, sem að dómi bæjarfógeta horfa til almenningsheilla.

8. gr. 54

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum, 20—500 krónum, og renna sekt- 12. marz
irnar í bæjarsjóð. Mál út af brotum á samþykkt þessari skal reka sem almenn lögreglumál.

Samþykkt þessi, sem gerð er af bæjarstjórn Ólafsfjarðarkaupstaðar, samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi numin samþykkt um lokun sölubúða í Ólafsfjarðarkauptúni, nr. 72 frá 16. maí 1944.

Félagsmálaráðuneytið, 12. marz 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jónas Guðmundsson.

AUGLÝSING 55

12. marz

um breyting á auglýsingu nr. 92 12. júní 1946, um fyrirmynd að samþykktum fyrir byggingarsamvinnufélög.

Samkvæmt II. kafla laga nr. 44 7. maí 1946, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum, hefur ráðuneytið gert þá breytingu á fyrirmynd að samþykktum fyrir byggingarsamvinnufélög, sem prentuð er hér á eftir sem fylgiskjal.

Félagsmálaráðuneytið, 12. marz 1947.

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

Gísli Jónasson.

Fylgiskjal.

1. Við 4. gr. Fjórði töluliður 4. gr. orðist svo:
   4. með rekstrarsjóðsgjaldi. Til þess að standast straum af rekstrarkostnaði félagsins skal hver félagsmaður greiða árgjald til félagsins eins og hér segir:
      a. Árgjöld þeirra félagsmanna, sem ekki hafa fengið íbúð hjá félaginu og er það kr. .... á ári. Sé gjaldið eigi greitt fyrir tilskilinn gjalddaga missir félagsmaður félagsréttindi sín og skoðast eigi lengur félagsmaður, nema til komi ástæður, er stjórn félagsins tekur gildar.
      b. Árgjald félagsmanna, sem íbúð fá hjá félaginu og er það kr. .... á ári. Það gjald greiðist í fyrsta sinn, er félagsmaður skrifar sig fyrir íbúð.
2. Við 10. gr. Við greinina bætist:
   Seljandi greiði auglýsingakostnað vegna sölu eða sölutilrauna, en kostnað við matsgerð, ef til kemur, greiða seljandi og kaupandi að hálfu leyti hvor.

56
29. marz

REGLUGERÐ

um viðauka við reglugerð nr. 49 3. marz 1945, um skömmtun á erlendu smjöri.

1. gr.

Auk þeirrar skömmtunar á erlendu smjöri, sem áður hefur verið ákveðin, skal afhenda hverjum manni innkaupaheimild fyrir einu kílógrammi af smjöri fyrir mánuðina apríl, maí og júní 1947, og gildir sú innkaupaheimild til 30. júní n. k., og eiga við um hana allar sömu reglur og aðrar innkaupaheimildir, sem gefnar hafa verið út í þessu skyni.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 37 12. júní 1939, sbr. lög nr. 59 7. maí 1940.

Viðskiptamálaráðuneytið, 29. marz 1947.

Emil Jónsson.

Jón Guðmundsson.

57
9. apríl

AUGLÝSING

um breyting á auglýsingu, nr. 175 30. des. 1946, um lágmarksverð á nýjum fiski.

Lágmarksverð á lúðu yfir 15 kg, kr. 4.50 hvert kg, fellur niður.

Lágmarksverð á flöttum, ósöltuðum þorski, ýsu og löngu skal vera kr. 0.96 hvert kg.

Ákvæði þessi eru hér með sett samkvæmt 7. gr. laga nr. 97/1946, um ríkisábyrgð vegna bátaútvegsins o. fl.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 9. apríl 1947.

Jóhann Þ. Jósefsson.

Gunnl. E. Briem.

58
14. apríl

AUGLÝSING

um hækkun á gjaldi af innlendum tollvörutegundum.

Með því að forseti Íslands hefur í dag staðfest lög um breyting á lögum nr. 60 frá 1939, um gjald af innlendum tollvörutegundum, auglýsist hér með, að ríkisstjórnin hefur ákveðið að nota heimild laganna til þargreindrar hækkunar á framangreindu gjaldi.

Fjármálaráðuneytið, 14. apríl 1947.

Jóhann Þ. Jósefsson.

Magnús Gíslason.

59
16. apríl

REGLUGERÐ
fyrir lendingarbótasvæðið Örlygshöfn við Patreksfjörð.

I. KAFLI
Takmörk lendingarbótasvæðisins.

1. gr.

Lendingarbótasvæði Örlygshafnar nær frá landamerkjum Sellátraness að utanverðu, að landamerkjum Vatnsdals að innanverðu.

II. KAFLI
Um lendingarbótanefnd.

2. gr.

Að nýafstöðnum hverjum hreppsnefndarkosningum skal hreppsnefnd Rauðasandshrepps kjósa 3 menn í lendingarbótanefnd og jafnmarga til vara. Kjörtímabil lendingarbótanefndar er hið sama og hreppsnefndar. Þar til nýjar kosningar fara fram, skal þó hreppsnefnd Rauðasandshrepps fara með mál þau, er undir lendingarbótanefnd heyra. Lendingarbótanefnd sér um, að reglugerð þessari sé hlýtt, sér um innheimtu gjalda þeirra, sem ákveðin eru samkvæmt reglugerð þessari, gegn innheimtulaunum eða föstum launum, sem um semur, sér um viðhald og endurbætur lendingarbóta og stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta. Lendingarbótanefnd annast reikningshald og fjárvörzlu lendingarbótasjóðsins fyrir hönd hreppsnefndar, enda ber hreppsnefnd ábyrgð á eignum sjóðsins, sem öðrum eignum hreppsins svo og skuldbindingum sjóðsins.

III. KAFLI
Um almenna reglu.

3. gr.

Lendingarbótanefnd sér um, að gætt sé reglu á lendingarbótasvæðinu og mannvirkjum þess, og er öllum, er hlut eiga að máli, skylt að hlýða boði hennar og banni tafarlaust, en getur síðan, ef þeim finnst sér óréttur ger, skotið máli sínu til lögreglustjóra.

4. gr.

Óheimilt er skipum eða bátum að kasta útbyrðis seglfestu, ösku, kolum eða öðru því, sem valdið gæti skemmdum á lendingarbótasvæðinu.

5. gr.

Skylt er að gæta varúðar um allt það, er slysum getur valdið.

6. gr.

Lendingarbótanefnd, svo og aðrir starfsmenn lendingarbótasvæðisins, skulu gæta allrar kurteisi í starfi sínu.

IV. KAFLI
Um notkun bryggjunnar.

7. gr.

Heimilt skal bátum eða skipum að leggjast að bryggju í þeirri röð, sem þau koma, en skylt að fara frá bryggju, er þau hafa lokið erindi sínu, séu aðrir, sem

59 óska athafnasvæðis, og eins, ef þau teljast þar til tafar öðrum. Hið sama gildir, hvort
16. apríl sem um er að ræða upp- eða útskipun.

V. KAFLI
Um lendingarbótasjóð.

8. gr.

Til þess að standast kostnað við lendingarbæturnar og e. t. v. síðar við hafnarmannvirki og til árlegs reksturskostnaðar, skal stofna lendingarbótasjóð.

Í lendingarbótasjóð renna allar tekjur, sem ákveðnar verða með reglugerð þessari.

Við lok hvers reksturs árs skal lendingarbótanefnd semja reksturs- og efnahagsreikning sjóðsins og ber henni að hafa fullgert reikninginn ekki síðar en 15. janúar næsta reikningsár.

Reikningarnir skulu endurskoðaðir og úrskurðaðir á sama hátt og hreppsreikningarnir.

Fyrir 1. nóvember ár hvert skal lendingarbótanefnd hafa samið og lagt fyrir hreppsnefnd Rauðasandhrepps frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld lendingarbótasjóðs á komandi ári. Hreppsnefnd skal síðar fullsemja áætlunina og senda hana samgöngumálaráðuneytinu til staðfestingar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á gjalda- og tekjuliðum.

9. gr.

Reikningsár lendingarbótasjóðs er almanaksárið.

10. gr.

Skipa- og bátagjöld.

Hvert aðkomuskip greiði í hvert skipti, er það fermir eða affermir, kr. 0.30 af hverri brúttó-smálest, með þeim undantekningum þó, er hér greinir:

Innlend strandferðaskip skulu aðeins greiða gjald þetta einu sinni á ári og þá í fyrsta sinn, er þau koma inn á höfnina eða á gjalddaga, er um semst.

Algerlega undanþegin þessu gjaldi eru:

Herskip, varðskip, björgunarskip, skip, sem hafa skírteini sem skemmtiskip, skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, einnig skip, sem leita hafnar vegna óveðurs, sjóskaða eða skemmda á einhvern hátt, nema þau jafnframt fermi eða affermi einhverja vöru. Sama gildir um skip, sem leita hafnarinnar til að setja á land sjúka menn eða látna.

VI. KAFLI
Aflagjald.

11. gr.

Af hverju tonni af slægðum afla greiðist kr. 5.00.

VII. KAFLI
Vörugjaldskrá.

12. gr.

1. flokkur. Ull: 8 aurar af hverju kg.
2. — Kindakjöt: 8 aurar af hverju kg.
3. — Gærur og annað skinn: 4 aurar af hverju kg.

4. flokkur. Kornvara, kaffi, sykur, jarðávextir, mjólk og hey: 2 aurar af hverju kg. 59
5. — Skepnufóður og aðfenginn áburður (útlendur): 1½ eyrir af hverju kg. 16. apríl
6. — Kol, salt, olía, benzín, allar byggingarvörur (þar með talin málning): 1 eyrir af hverju kg (sbr. þó 7. flokk).
7. — Timbur, unnið og óunnið: 10 aurar af hverju teningsfeti.
8. — Tómar tunnur: 50 aurar af hverri.
9. — Bifreiðar og dráttarvélar til vegagerðar: 10 kr. af hverri.
10. — Hestar og nautgripir: 4 kr. af hverjum.
11. — Sauðfé: Kr. 1.50 af kind.
12. — Stykkjavörur aðrar, allt að 50 kg: 75 aurar. Af 50—100 kg greiðast kr. 1.50.

13. gr.

Undanþeginn vörugjaldi er póstflutningur og farangur ferðamanna, allt að 25 kg. Enn fremur tómir mjólkurbrúsar, meðan mjólkursala er úr Örlygshöfn.

14. gr.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd umbúða. Skipstjóri eða formaður ber ábyrgð á greiðslu skipa- og bátagjalda, svo og rétt uppgefnu vörumagni, en viðtakandi vöru eða afgreiðslumaður skips eða báts á vörugjöldum. Hefur lendingarbótasjóður haldsrétt á skipi eða bát, þar til gjöld þessi eru greidd, nema öðruvísi semjist um, og gildir hið sama um vöru, sé vörugjald ekki greitt. Ef skip eða bátur hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri eða formaður ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins. Ef margs konar vörur eru í sömu sendingu, skal reikna vörugjaldið eftir þeirri vörutegund, sem hæst vörugjald reiknast af. Leiki vafi á, til hvaða flokks skuli telja einhverja vörutegund, gildir þar um úrskurður lendingarbótanefndar, úrskurði hennar má aftur skjóta til hreppsnefndar.

VIII. KAFLI

Bryggjugjald.

15. gr.

Hvert það skip, sem leggst að bryggju eða að skipi, er liggur við bryggju lendingarbótasjóðs, greiði bryggjugjald, er hér segir:

Öll skip, 15 smálestir (brúttó) eða stærri, greiði 10 aura af hverri nettó-smálest. Minnsta gjald skal þó vera kr. 2.00.

Aðkomubátar undir 15 smálestum (brúttó) greiði kr. 5.00 á ári. Bátar án hreyfils, heimilisfastir í Rauðasandshreppi, sem eru minni en ein smálest (brúttó), skulu gjaldfrjálsir. Bryggjugjald reiknast fyrir hverjar 24 klst. eða brot úr þeim.

16. gr.

Bátur, sem hefur fastar ferðir milli Patreksfjarðar og Örlygshafnar, skal greiða 30 kr. á ári, en 3 kr. á mánuði, annist hann ekki flutninga allt árið.

17. gr.

Öll gjöld samkv. reglugerð þessari má taka lögtaki.

IX. KAFLI

Eignatjón og bætur.

18. gr.

Þeir, sem valdir verða að tjóni á bryggjunni og öðrum mannvirkjum eða á áhöldum lendingarbótasjóðs, skulu bótaskyldir. Annað hvort greiði þeir tjónið með upphæð, er um semur við lendingarbótanefnd, eða viðgerðarkostnað, samkv. reikningi.

59
16. apríl

19. gr.

Um skaðabótaskyldu fyrir tjón, sem tilfært er í næstu grein hér á undan, fer eftir almennum lagafyrirmælum.

20. gr.

Takist ekki samningar um bætur, skulu þær ákveðnar af 3 óvilhöllum dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila um sig er heimilt að krefjast yfirmats og skal þá krafa um það borin fram innan mánaðar frá því, er matsgerð lauk. Yfirmat skal fara fram af 5 óvilhöllum dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem svarar 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

21. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum frá 20—10 000 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum lögum.

Sektirnar renna í lendingarbótasjóð.

22. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

23. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 16. apríl 1947.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

60
16. apríl

REGLUGERÐ

fyrir lendingarbótasvæðið Hvalsker við Patreksfjörð.

I. KAFLI

Takmörk lendingarbótasvæðisins.

1. gr.

Lendingarbótasvæði Hvalskers nær frá landamerkjum Sauðlauksdals að utanverðu, að landamerkjum Kots að innanverðu.

II. KAFLI

Um lendingarbótanefnd.

2. gr.

Að nýafstöðnum hverjum hreppsnefndarkosningum skal hreppsnefnd Rauðasandshrepps kjósa 3 menn í lendingarbótanefnd og jafnmarga til vara. Kjörtímabil lendingarbótanefndar er hið sama og hreppsnefndar. Þar til nýjar kosningar fara fram, skal þó hreppsnefnd Rauðasandshrepps fara með mál þau, er undir lendingarbótanefnd heyra. Lendingarbótanefnd sér um, að reglugerð þessari sé hlýtt,

sér um innheimtu gjalda þeirra, sem ákveðin eru samkvæmt reglugerð þessari, gegn innheimtulaunum eða föstum launum, sem um semur, sér um viðhald og endurbætur lendingarbóta og stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta. Lendingarbótanefnd annast reikningshald og fjárvörzlu lendingarbótasjóðsins fyrir hönd hreppsnefndar, enda ber hreppsnefnd ábyrgð á eignum sjóðsins, sem öðrum eignum hreppsins svo og skuldbindingum sjóðsins. 60 16. apríl

III. KAFLI
Um almenna reglu.

3. gr.

Lendingarbótanefnd sér um, að gætt sé reglu á lendingarbótasvæðinu og mannvirkjum þess, og er öllum, er hlut eiga að máli, skylt að hlýða boði hennar og banni tafarlaust, en getur síðan, ef þeim finnst sér óréttur ger, skotið máli sínu til lögreglustjóra.

4. gr.

Óheimilt er skipum eða bátum að kasta útbyrðis seglfestu, ösku, kolum eða öðru því, sem valdið gæti skemmdum á lendingarbótasvæðinu.

5. gr.

Skylt er að gæta varúðar um allt það, er slysum getur valdið.

6. gr.

Lendingarbótanefnd, svo og aðrir starfsmenn lendingarbótasvæðisins, skulu gæta allrar kurteisi í starfi sínu.

IV. KAFLI
Um notkun bryggjunnar.

7. gr.

Heimilt skal bátum eða skipum að leggjast að bryggju í þeirri röð, sem þau koma, en skylt að fara frá bryggju, er þau hafa lokið erindi sínu, séu aðrir, sem óska athafnasvæðis, og eins, ef þau teljast þar til tafar öðrum. Hið sama gildir, hvort sem um er að ræða upp- eða útskipun.

V. KAFLI
Um lendingarbótasjóð.

8. gr.

Til þess að standast kostnað við lendingarbæturnar og e. t. v. síðar við hafnarmannvirki og til árlegs reksturskostnaðar, skal stofna lendingarbótasjóð.

Í lendingarbótasjóð renna allar tekjur, sem ákveðnar verða með reglugerð þessari.

Við lok hvers rekstursárs skal lendingarbótanefnd semja reksturs- og efnahagsreikning sjóðsins og ber henni að hafa fullgert reikninginn ekki síðar en 15. janúar næsta reikningsár.

Reikningarnir skulu endurskoðaðir og úrskurðaðir á sama hátt og hreppsreikningarnir.

Fyrir 1. nóvember ár hvert skal lendingarbótanefnd hafa samið og lagt fyrir hreppsnefnd Rauðasandhrepps frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld lendingarbótasjóðs á komandi ári. Hreppsnefnd skal síðar fullsemja áætlunina og senda

60 hana samgöngumálaráðuneytinu til staðfestingar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum
16. apríl skýringum á gjalda- og tekjuliðum.

9. gr.

Reikningsár lendingarbótasjóðs er almanaksárið.

10. gr.

Skipa- og bátagjöld.

Hvert aðkomuskip greiði í hvert skipti, er það fermir eða affermir, kr. 0.30 af hverri brúttó-smálest, með þeim undantekningum þó, er hér greinir:

Innlend strandferðaskip skulu aðeins greiða gjald þetta einu sinni á ári og þá í fyrsta sinn, er þau koma inn á höfnina eða á gjalddaga, er um semst.

Algerlega undanþegin þessu gjaldi eru:

Herskip, varðskip, björgunarskip, skip, sem hafa skírteini sem skemmtiskip, skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, einnig skip, sem leita hafnar vegna óveðurs, sjóskaða eða skemmda á einhvern hátt, nema þau jafnframt fermi eða affermi einhverja vöru. Sama gildir um skip, sem leita hafnarinnar til að setja á land sjúka menn eða látna.

VI. KAFLI
Aflagjald.

11. gr.

Af hverju tonni af slægðum afla greiðist kr. 5.00.

VII. KAFLI
Vörugjaldskrá.

12. gr.

1. flokkur. Ull: 3 aurar af hverju kg.
2. — Kindakjöt: 1½ eyrir af hverju kg.
3. — Gærur og annað skinn, hey, málning, þakjárn og járnvörur: 1 eyrir af hverju kg.
4. — Kornvara, kaffi, sykur, jarðávextir og mjólk: ½ eyrir af hverju kg.
5. — Skepnufóður og aðfenginn áburður (útlendur): 0,4 aurar af hverju kg.
6. — Kol, salt, sement: ½ eyrir af hverju kg (sbr. þó 7. fl.).
7. — Timbur, unnið og óunnið: 5 aurar af hverju teningsfeti.
8. — Tómar tunnur: 25 aurar af hverri.
9. — Bifreiðar og dráttarvélar til vegagerðar: kr. 5.00 af hverri.
10. — Hestar og nautgripir: kr. 4.00 af hverjum grip.
11. — Sauðfé: 25 aurar af kind.
12. — Stykkjavörur aðrar, allt að 50 kg: 25 aurar. Af 50—100 kg greiðist kr. 0.50, þyngri stykki eða kassar kr. 1.00.

13. gr.

Undanþeginn vörugjaldi er póstflutningur og farangur ferðamanna, allt að 25 kg. Enn fremur tómir mjólkurbrúsar, meðan mjólkursala er frá Hvalskeri eða Rauðasandi.

14. gr.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum. Skipstjóri eða formaður ber ábyrgð á greiðslu skipa- og bátagjalda, svo og rétt uppgefnu vörumagni, en

viðtakandi vöru eða afgreiðslumaður skips eða báts á vörugjöldum. Hefur lendingar- 60
bótasjóður haldsrétt á skipi eða bát, þar til gjöld þess eru greidd, nema öðruvísi 16. apríl
semjist um, og gildir hið sama um vöru, sé vörugjald ekki greitt. Ef skip eða bátur hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri eða formaður ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins. Ef margs konar vörur eru í sömu sendingu, skal reikna vörugjaldið eftir þeirri vörutegund, sem hæst vörugjald reiknast af. Leiki vafi á, til hvaða flokks skuli telja einhverja vörutegund, gildir þar um úrskurður lendingarbótanefndar, úrskurði hennar má aftur skjóta til hreppsnefndar.

VIII. KAFLI
Bryggjugjald.

15. gr.

Hvert það skip, sem leggst að bryggju eða að skipi, er liggur við bryggju lendingarbótasjóðs, greiði bryggjugjald, er hér segir:

Öll skip, 15 smálestir (brúttó) eða stærri, greiði 10 aura af hverri nettó-smálest. Minnsta gjald skal þó vera kr. 2.00.

Aðkomubátar undir 15 smálestum (brúttó) greiði kr. 5.00 á ári. Bátar án hreyfils, heimilisfastir í Rauðasandshreppi, sem eru minni en ein smálest (brúttó), skulu gjaldfrjálsir. Bryggjugjald reiknast fyrir hverjar 24 klst. eða brot úr þeim.

16. gr.

Bátur, sem hefur fastar ferðir milli Hvalskers og Patreksfjarðar, skal greiða 30 kr. á ári, en 3 kr. á mánuði, annist hann ekki flutninga allt árið.

17. gr.

Öll gjöld samkv. reglugerð þessari má taka lögtaki.

IX. KAFLI
Eignatjón og bætur.

18. gr.

Þeir, sem valdir verða að tjóni á bryggjunni og öðrum mannvirkjum eða á áhöldum lendingarbótasjóðs, skulu bótaskyldir. Annað hvort greiði þeir tjónið með upphæð, er um semur við lendingarbótanefnd, eða viðgerðarkostnað, samkv. reikningi.

19. gr.

Um skaðabótaskyldu fyrir tjón, sem tilfært er í næstu grein hér á undan, fer eftir almennum lagafyrirmælum.

20. gr.

Takist ekki samningar um bætur, skulu þær ákveðnar af 3 óvilhöllum dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila um sig er heimilt að krefjast yfirmats og skal þá krafa um það borin fram innan mánaðar frá því, er matsgerð lauk. Yfirmat skal fara fram af 5 óvilhöllum dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem svarar 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

21. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum frá 20—10 000 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum lögum.

Sektirnar renna í lendingarbótasjóð.

60 16. apríl

22. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

23. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 16. apríl 1947.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

61 21. apríl

REGLUR

um breytingu brunabótaverðs húsa í Reykjavík.

1. gr.

Í janúar ár hvert reiknar Hagstofa Íslands vísitölu byggingarkostnaðar í Reykjavík fyrir undanfarandi ár. Vísitalan gildir fyrir eftirfarandi reikningsár brunatrygginga húsa í Reykjavík (tryggingarár), og skal brunbótaverði húsanna árlega breytt eftir vísitölunni, áður en tryggingariðgjöldin eru reiknuð. Nú sýnir vísitalan ekki meiri breytingu á gildandi brunabótaverði en 5%, og helst verðið þá óbreytt næsta tryggingarár.

2. gr.

Ef brunabótaverðið, sem þannig hefur verið fundið, þykir óeðlilegt í einstökum tilfellum, miðað við byggingarkostnaðinn, er leyfilegt að leiðrétta það til samræmis við hann, með hliðsjón af rúmmáli, gerð, byggingarefni, aldri og viðhaldi húsanna. Þessi leiðrétting skal gerð af hinum dómkvöddu virðingarmönnum eða öðrum, sem til þess væru dómkvaddir sérstaklega, eftir ákvörðun bæjarráðs, er setur nánari reglur um slíkar leiðréttingar.

3. gr.

Það brunabótamat, sem þannig hefur verið ákveðið (samkv. 1. eða 2. gr.), gildir sem brunabótaverð húsanna og skal það lagt til grundvallar við ákvörðun iðgjalda og brunabóta á næsta tryggingarári, eftir reglum, er þar um gilda samkv. tryggingarsamningi og almennum tryggingarákvæðum.

4. gr.

Tryggingarfélag það (félag), sem samið hefur verið við um tryggingarnar, annast breytingu brunabótaverðsins, undir umsjón og eftirliti fulltrúa frá bæjarstjórn Reykjavíkur, er skal sjá um, að settum reglum sé fylgt og rétt iðgjöld reiknuð, samkvæmt tryggingarsamningnum.

Reglur þessar staðfestast hér með samkv. lögum nr. 1 26. marz 1924, sbr. lög nr. 87 16. desember 1943, til þess að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 21. apríl 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón S. Ólafsson.

SAMÞYKKT

62
28. apríl

um forkaupsrétt Ísafjarðarkaupstaðar á fasteignum á kaupstaðarlóðinni.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22 frá 23 júní 1932, um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl., hefur bæjarstjórn Ísafjarðar gert eftirfarandi samþykkt:

Ísafjarðarkaupstað er áskilinn forkaupsréttur á eftirgreindum fasteignum á kaupstaðarlóðinni:

1. Edinborgareign með lóðum og mannvirkjum, eign Kaupfélags Ísfirðinga.
2. Wardslóð, svonefnd, neðan Skipagötu, eign Kaupfélags Ísfirðinga.
3. Lóð Sigurðar Bentssonar og Kaupfélags Ísfirðinga, Aðalstræti 12.
4. Norðurtanginn, lóð og bryggja, eign Hraðfrystihússins Norðurtanginn h.f.
5. Lóð og húseign Guðmundar Björnssonar, kaupm., við Sundstræti, Sundamegin.
6. Lóð Magnúsar Kárasonar, Óskars Sumarliðasonar og Ólafs Sigurðssonar, nr. 8 við Aðalstræti.
7. Lóð Emanúels og Friðbergs Gíslasonar, nr. 11 við Aðalstræti.
8. Lóð nr. 13 við Aðalstræti, eign Jóns Kristjánssonar trésmiðs.
9. Lóð nr. 15 við Aðalstræti, eigendur Ólafur Magnússon o. fl.
10. Lóðin nr. 20 við Aðalstræti, eign Ásu Grímsson.
11. Lóðin nr. 11 við Hafnarstræti, eigendur Arngr. Fr. Bjarnason, Verzlun Jónasar Magnússonar og H. Herlufsen.
12. Lóð Guðbjargar Guðjónsdóttur við Hafnarstræti.
13. Lóð Elíasar J. Pálssonar, nr. 1 við Hafnarstræti.
14. Lóð Finnbjörns Finnbjörnssonar, nr. 3 við Hafnarstræti.
15. Lóðin nr. 4 við Silfurgötu, eign Jóns Ísaks Magnússonar.
16. Lóð undir svonefndri Soffíubúð við Silfurtorg, eign Jóns Ísaks Magnússonar.
17. Lóð Karls Olgeirssonar, nr. 2 við Silfurgötu.
18. Lóðin nr. 6 við Silfurgötu, eign Baldurs Johnsens.
19. Lóðin nr. 8 við Silfurgötu, eign Sveinbjörns Benediktssonar.
20. Lóðin nr. 8 a við Silfurgötu, eign Sigurðar Ásgeirssonar.
21. Lóðin nr. 12 við Silfurgötu, eign Sigríðar Ísaksdóttur.
22. Lóðin nr. 12 a við Silfurgötu, eign Valgerðar Hafliðadóttur.
23. Lóðin nr. 14 við Silfurgötu, eign Eyjólfs Bjarnasonar.
24. Lóð Ástmars Benediktssonar, nr. 11 við Sundstræti.
25. Lóð Örnólfs Hálfdánarsonar, milli Skipagötu og Sundstrætis.
26. Lóð Skúla Þórðarsonar og Júlíusar Guðmundssonar við Sundstræti.
27. Lóð Ágústs Péturssonar við Sundstræti og Skipagötu.
28. Lóð Ágústs Péturssonar, undir svonefndum Ásgeirshjalli.
29. Lóð Sigurgeirs Sigurðssonar við Skipagötu og Sundstræti.
30. Lóð Guðmundar Pálssonar, nr. 14 við Skipagötu.
31. Lóð Benedikts Egilssonar o. fl. við Skipagötu nr. 12.
32. Lóð H.f. Fiskimjöl, Torfnesi.
33. Lóð og aðrar fasteignir við Aðalstræti 9, eign h.f. Munins.
34. Íbúðarhúsið og lóðin nr. 17 við Hafnarstræti, eign dánarbús Sveinbjörns Halldórssonar.
35. Húseignin og lóðin Hafnarstræti 33, eigendur Jón B. Jónsson og Hjörtur Einarsson.
36. Húseignin og lóðin Smiðjugötu 12, eigendur Daníel Jónsson og Eggert Samúelsson.

62 28. apríl

37. Húseignin og lóðin Sundstræti 31, eigendur Halldór Sigurðsson og Guðjón Halldórsson.
38. Húseignin og lóðin Tangagötu 28, eigandi Daníel Kristjánsson.
39. Húseignin og lóðin Fjarðarstræti 47, eigandi Baldvin Jónsson.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að telja. Birtist hún hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 28. apríl 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón S. Ólafsson.

63 3. maí

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerðum nr. 48 1944, nr. 67 1932 og nr. 88 25. okt. 1929, um bifreiðatryggingar.

1. gr.

Aftan við 1. gr. bætist:

Ráðherra getur þó heimilað bifreiðaeigendum að tryggja bifreiðir sínar fyrir skemmri tíma en eitt ár.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt bifreiðalögum, nr. 23 16. júní 1941, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 3. maí 1947.

Bjarni Benediktsson.

Gústav A. Jónasson.

64 7. maí

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð 5. júní 1946, um stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands.

1. gr.

Upphaf 5. málsgr. 10. gr. orðist þannig:

Ef lántakandi á fé í nýbyggingarsjóði, má lánsfjárhæðin, samkvæmt 1.—4. málsgr. þessarar greinar, að viðbættri eign hans í nýbyggingarsjóði, eigi fara fram úr matsverði hinnar veðsettu eignar.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Viðskiptamálaráðuneytið, 7. maí 1947.

Emil Jónsson.

Jón Guðmundsson.

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1947.

Lög um bæjarstjórn á Sauðárkróki, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins 24. maí 1947, nr. 57.

Lög um Egilsstaðakauptún í Suður-Múlasýslu, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 58.

Lög um breyting á lögum nr. 66 12. apríl 1945, um útsvör, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 59.

Lög um breyting á lögum nr. 47 7. maí 1946, um síldarniðursuðuverksmiðju ríkisins, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 60.

Lög um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins 31. maí, nr. 61.

Lög um breyting á lögum nr. 7 14. júní 1929, um tannlækningar, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 62.

Lög um eftirlit með framleiðslu og verzlun með fóðurvörur, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 63.

Lög um breyting á lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 64.

Lög um viðauka við og breytingar á lögum nr. 24 12. febr. 1945, um flugvelli og lendingarstaði fyrir flugvélar, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 65.

Lög um Ræktunarsjóð Íslands, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 66.

Lög um eignakönnun, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins 5. júní 1947, nr. 67.

Lög um eftirlit með skipum, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 68.

Lög um breytingar á lögum nr. 38 13. júní 1937, um loðdýrarækt og loðdýralánadeild, og lögum nr. 94 14. maí 1940, um breytingar á þeim lögum, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 69.

Lög um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 70.

Lög um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl., undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 71.

Lög um innkaupastofnun ríkisins, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 72.

Lög um breyting á lögum nr. 20 20. maí 1942, um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 73.

Lög um inngöngu Íslands í Bernarsambandið, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 74.

Lög um breyting á lögum nr. 85 11. júní 1938, um laun hreppstjóra og aukatekjur m. fl., undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 75.

Lög um framlenging á gildi laga nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 76.

Lög um félagsheimili, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 77.

Lög um fyrningarsjóð ríkisins, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 78.

5. dag júnímánaðar 1947. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

Lög um breyting á lögum nr. 93 25. sept. 1942, um að reisa nýjar síldarverksmiðjur, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 79.

Framfærslulög, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 80.

Lög um útflutningsgjald af sjávarafurðum, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 81.

Lög um Matsveina- og veitingaþjónaskóla, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 82.

Lög um breyting á lögum nr. 29 frá 16. des. 1885, um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 83.

Lög um veiting ríkisborgararéttar, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 84.

Lög um breyting á lögum nr. 56 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 85.

Lög um þjóðleikhús, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 86.

Lög um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 87.

Lög um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1943, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 88.

Lög um fiskimálasjóð, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 89.

Lög um afgreiðslustöðvar fyrir áætlunarbifreiðar, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 90.

Fjáraukalög fyrir árið 1943, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 91.

Lög um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 92.

Lög um aðstoð til vatnsveitna, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 93.

Lög um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl., undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 94.

Lög um lögræði, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 95.

Lög um embættisbústaði dómara, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 96.

65
13. maí

REGLUGERÐ

fyrir héraðsrafmagnsveitur ríkisins.

A. Stjórn og rekstur.

1. gr.

Markmið rafmagnsveitnanna.

Héraðsrafmagnsveitur ríkisins eru fyrirtæki, sem ríkisstjórnin setur á stofn og rekur samkvæmt ákvæðum raforkulaganna til þess að veita raforku um þau héruð, sem falla undir orkuveitusvæði rafmagnsveitnanna og selja hana til heimilisþarfa, iðnaðar og annarra þarfa.

Rafmagnsveiturnar eru eign ríkisins, en skulu reknar sem sjálfstætt fyrirtæki með nafninu: Héraðsrafmagnsveitur ríkisins.

2. gr.

Verksvið og orkuveitusvæði.

Héraðsrafmagnsveitur ríkisins vinna orku í eigin orkuverum eða kaupa hana frá öðrum orkuverum eða orkuveitum, veita henni um þau svæði, sem orkuveitutaugar þeirra ná yfir á hverjum tíma, og afhenda hana hverjum kaupanda við húsvegg hans eða á notkunarstað.

Orkuveitusvæði héraðsrafmagnsveitna ríkisins ákveður ráðherra á hverjum tíma samkvæmt raforkulögum.

Héraðsrafmagnsveitur ríkisins hafa einkarétt á sölu á raforku á orkuveitusvæði sínu.

3. gr.

Yfirstjórn, yfirumsjón og framkvæmdastjórn.

Yfirstjórn héraðsrafmagnsveitna ríkisins er í höndum þess ráðherra, sem fer með raforkumál.

Raforkumálastjóri hefur í umboði ríkisstjórnarinnar yfirumsjón með héraðsrafmagnsveitum ríkisins, rekstri þeirra og framkvæmdum.

Rafmagnsveitustjóri ríkisins er framkvæmdastjóri héraðsrafmagnsveitna ríkisins.

4. gr.

Verksvið raforkumálastjóra.

Raforkumálastjóri hefur á hendi yfirumsjón með rekstri og framkvæmdum héraðsrafmagnsveitna ríkisins. Hann sendir ráðherra árlega efnahags- og rekstrarreikning þeirra, svo og kostnaðarreikning fyrir þau mannvirki, sem eru í smíðum, enn fremur skýrslu um starfsemina. Hann gerir og árlega fjárhagsáætlun fyrir næsta ár og sendir ráðuneytinu svo snemma, að fylgt geti fjárlagafrumvarpi til Alþingis. Hann gerir, ásamt rafmagnsveitustjóra, tillögur um nýjar orkuveitur eða orkuver og um aukningu eldri virkja. Í fjárhagsáætlun eru teknar upp tillögur um lántökur og önnur fjárframlög og um ráðstöfun á sjóðeignum héraðsrafmagnsveitnanna.

Áður en ráðist er í að koma upp orkuveitu eða reisa orkuver gerir raforkumálastjóri, að undangenginni rannsókn, nákvæmar áætlanir um tekjur og gjöld af mannvirkjunum og reiknar út styrkþörf þeirra samkv. 28. gr. raforkulaganna.

Raforkumálastjóri semur ásamt rafmagnsveitustjóra gjaldskrá fyrir héraðsrafmagnsveiturnar og sendir ráðherra hana til staðfestingar.

Raforkumálastjóri sendir raforkuráði til athugunar og umsagnar þau erindi, varðandi héraðsrafmagnsveitur ríkisins, sem 53. gr. raforkulaga gerir ráð fyrir.

Ráðherra skipar fasta starfsmenn héraðsrafmagnsveitnanna að fengnum tillögum raforkumálastjóra og rafmagnsveitustjóra.

5. gr.

Verksvið rafmagnsveitustjóra.

Rafmagnsveitustjóri stjórnar daglegum rekstri rafmagnsveitnanna, sér um viðhald þeirra og umbætur og allt, er að rekstri þeirra lýtur, kaup og sölu á raforku, fjárhald og reikningsskil. Hann gefur raforkumálastjóra þær skýrslur, sem raforkumálastjóri kann að óska um rekstur og ástand rafmagnsveitnanna og afhendir raforkumálastjóra ársreikning þeirra.

Rafmagnsveitustjóri stjórnar öllum verklegum framkvæmdum, sem snerta héraðsrafmagnsveitur ríkisins. Hann ræður verkamenn og starfsmenn rafmagns-

65 veitnanna aðra en fasta starfsmenn þeirra. Að svo miklu leyti sem því verður við
13. maí komið skulu þó störf við héraðsrafmagnsveiturnar unnin af starfsfólki rafmagnsveitna ríkisins, en héraðsrafmagnsveiturnar endurgreiða rafmagnsveitum ríkisins allan kostnað þeirra eftir reikningi, sem ráðherra samþykkir.

Rafmagnsveitustjóri hefur eftirlit með rafmagnslagningu, þar með talið efni og tæki, á orkuveitusvæði héraðsrafmagnsveitna ríkisins.

6. gr.

Um skilyrði fyrir lagningu nýrrar héraðsrafmagnsveitu ríkisins og aukningu eldri veitu.

Óheimilt er að hefja lagningu nýrrar héraðsrafmagnsveitu ríkisins eða aukningu eldri veitu, fyrr en sýslusjóður viðkomandi sýslu eða rafveitusjóður sýslunnar hefur greitt héraðsrafmagnsveitunum framlag héraðsins og Alþingi veitt fé fyrir framlagi ríkissjóðs, ef áætlanir raforkumálastjóra sýna að veitan er styrkþurfi, sbr. 4. gr.

Óheimilt er stjórn héraðsrafmagnsveitnanna einnig að hefjast handa um framkvæmdir, fyrr en viðurkenning er fyrir hendi frá sýslunefndaroddvita um það, að allir, sem ætla að taka rafmagn úr veitunum, hafi greitt heimtaugargjöld sín eða á fullnægjandi hátt samið um greiðslu á þeim.

Nú er um minni háttar aukningu á veitu að ræða og sá eða þeir, sem ætla að taka rafmagn úr hinni fyrirhuguðu veitu, leggja sjálfir fram nægilegt fé til að fullnægja styrkþörf veitunnar, þá er stjórn héraðsrafmagnsveitnanna heimilt að taka við þeim greiðslum, þó aldrei minna en fullu heimtaugagjaldi og leggja síðan veituna. Ef styrkþörf slíkrar veitu er minni en sem nemur heimtaugagjöldunum, skulu héraðsrafmagnsveiturnar greiða sýslusjóði viðkomandi sýslu eða rafveitusjóði hennar mismuninn.

7. gr.

Reikningshald og ráðstöfun tekna.

Héraðsrafmagnsveitur ríkisins hafa sjálfstætt reikningshald. Skal bókhaldi þeirra, eftir því sem kostur er, hagað þannig, að það sýni stofnkostnað, tekjur og gjöld veitnanna innan hverrar sýslu um sig. Tekjum héraðsrafmagnsveitnanna skal fyrst og fremst varið til að standa straum af öllum greiðsluskuldbindingum þeirra, svo og afborgunum af áhvílandi skuldum, vöxtum og reksturskostnaði, þar með talið fullnægjandi viðhald og endurnýjun virkja og annað, sem nauðsynlegt er til að tryggja öruggan rekstur rafveitunnar. Enn fremur skal árlega leggja hæfilega upphæð í varasjóð, allt að 10% af heildartekjum.

Tekjuafgangi, sem þá kann að vera eftir, skal varið til aukninga og endurbóta á veitunum. Skal þá jafnan sá tekjuafgangur, sem verður innan hverrar sýslu notast innan þeirrar sýslu og reiknast í því sambandi sem framlag úr héraði jafnhár hundraðshluti af þeim tekjuafgangi og framlag úr sýslunni þá er orðið af öllu framlagi til héraðsrafmagnsveitna ríkisins innan sýslunnar. Ef stofnaður hefur verið rafveitusjóður þeirrar sýslu með reglugerð staðfestri af ráðherra, má greiða rafveitusjóðnum þann hluta tekjuafgangs, sem talizt getur framlag úr héraði.

8. gr.

Löggilding rafvirkja. Raflagningareglur.

Raforkumálastjóri getur ákveðið, að engir aðrir en þeir, sem sérstaklega eru til þess löggiltir, megi taka að sér lagningu á húsveitu og uppsetningu tækja eða framkvæma á sína ábyrgð nokkurt verk, er snertir veitur, sem tengja á við tauga-

kerfi héraðsrafmagnsveitna ríkisins. Raforkumálastjóri setur löggildingarskilyrði, löggildir menn og setur reglur um frágang og tilhögun á verkum þeim, sem falla undir verksvið þeirra, allt að fengnum tillögum frá rafmagnsveitustjóra. Löggildinguna getur raforkumálastjóri takmarkað við tiltekið hérað. Eigi má löggilda við héraðsrafmagnsveitur sérstaklega aðra en þá, sem áður hafa hlotið löggildingu rafmagnseftirlits ríkisins og ekki setja kröfuminni reglur um raflagningar en rafmagnseftirlit ríkisins gerir. 65 13. maí

B. Söluskilmálar.

9. gr.

Sala raforku.

Héraðsrafmagnsveitur ríkisins selja raforku til almenningsþarfa á orkuveitusvæði sínu alls staðar þar, sem taugakerfi þeirra nær til, með þeim skilmálum, sem ákveðnir eru í reglugerð þessari og í gjaldskrá héraðsrafmagnsveitnanna á hverjum tíma.

Raforkan er seld sem ein- eða þrífasa riðstraumur með 220 volta málspennu og 50 riðum á sekúndu. Þegar sérstakar ástæður mæla með, má rafmagnsveitustjóri láta í té orku með annarri spennu og annarri straumtegund.

10. gr.

Umsókn um kaup á raforku.

Hver, sem óskar að gerast notandi að raforku, verður að fylla út tilætluð umsóknareyðublöð, er fást á skrifstofu héraðsrafmagnsveitnanna, og skal hann með undirskrift sinni skuldbinda sig að hlíta settum reglum um kaup á raforku frá rafveitunni. Skal í umsókninni skýrt frá hve mikið afl þarf og til hvers það er ætlað.

11. gr.

Umsókn um heimtaug.

Umsókn um heimtaug í hús eða á notkunarstað skal senda rafmagnsveitustjóra. Áður en heimtaugin er lögð skal umsækjandi hafa greitt heimtaugagjald samkvæmt gildandi ákvæðum í þeirri sýslu eða á fullnægjandi hátt samið um greiðslu á því, og öðrum skilyrðum raforkulaganna og reglugerðar þessarar vera fullnægt, sbr. 6. gr.

Heimtaugar með stofnvari eru eign rafmagnsveitnanna, enda þótt heimtaugagjald kunni að hafa verið greitt eftir kostnaði heimtaugarinnar að einhverju eða öllu leyti. Rafmagnsveiturnar annast viðhald og endurnýjun heimtaugar án sérstaks endurgjalds, nema heimtaug þurfi að breyta vegna breytingar á húsi eða á öðrum mannvirkjum á notkunarstað. Ef breyting þessi hefur í för með sér verulega hækkun á fasteignamati, má reikna út heimtaugagjald samkvæmt hinu nýja mati, og krefjast greiðslu á mismun þess og fyrra heimtaugagjalds. Ella greiðist breyting heimtaugar eftir kostnaði samkvæmt reikningi rafmagnsveitnanna. Rafmagnsveitum er heimilt að krefjast skuldbindingar um lágmarksnotkun um heimtaug.

Sé um tiltölulega mikla notkun að ræða, og rafmagnsveitur þurfa til þess að fullnægja henni, sérstaklega að auka háspennukerfi, auka afl spennistöðvar eða gera meiri háttar viðbætur á lágspennukerfi, er rafmagnsveitustjóra heimilt að krefjast skuldbindingar umsækjanda um tiltekinn notkunartíma eða þátttöku í kostnaði, að svo miklu leyti sem þetta fellur ekki undir ákvæði 6. gr.

Eigi er skylt að ljúka lagningu heimtaugar meðan jörð er frosin.

12. gr.

Húsveitur.

Skylt er að láta löggiltan rafvirkja, eða rafmagnsveiturnar, ef þær taka slík verk að sér, framkvæma alla vinnu við raflagnir og raftæki, hvort heldur er um að ræða nýjar raflagnir eða breytingar eða viðgerð á raflögn.

Löggiltir rafvirkjar annast umsóknir og tilkynningar til rafmagnsveitnanna um allar raflagnir fyrir hönd húseigenda eða notenda, samkvæmt því, sem ákveðið er í reglum rafmagnsveitnanna um raflagningar, en rafmagnsveiturnar annast úttekt á öllum nýlagningum, viðaukum og breytingum á raflögnum.

Engir aðrir en umboðsmenn rafmagnsveitnanna mega setja straum á veitu eða hluta af veitu, sem úttektarskyld er, fyrr en úttekt hefur farið fram og veitan verið tengd af umboðsmönnum rafmagnsveitnanna.

Sé út af þessu brugðið, varðar það þann sektum, sem verkið er unnið fyrir, þann, sem setur strauminn á og loks hinn löggilta rafvirkja, er sá um verkið.

Rafmagnsveiturnar taka ekki á sig ábyrgð á veitu með úttekt eða tengingu.

Rafmagnsveiturnar áskilja sér rétt til þess að setja þau skilyrði fyrir tengingu á veitu, að notkun um hana verði ekki taugakerfi þeirra ofviða, og þar sem hætta kann að verða á þessu, má setja viðeigandi skilyrði í hvert sinn fyrir notkuninni, þar til úr er bætt.

13. gr.

Sala á raforku til notenda, sem sjálfir hafa orkuvinnslu.

Veitu, sem að jafnaði notar raforku annars staðar að en frá héraðsrafmagnsveitum ríkisins, má tengja við taugakerfi þeirra í því skyni, að þær verði aðallega eða eingöngu notaðar til vara, með því skilyrði, að greitt sé lágmarksárgjald, sem svarar til þeirrar kvaðar, sem hvílir á rafmagnsveitunum vegna tengingarinnar.

Framsal til annarra á raforku, sem keypt er af rafmagnsveitunum, er óheimilt án leyfis rafmagnsveitustjóra.

14. gr.

Eftirlit með húsveitum og tækjum. Gallar á húsveitum.

Sérhver húsveita, að meðtöldum tækjum til notkunar á raforku, skal fullnægja kröfum þeim, sem settar eru í reglugerð rafmagnseftirlits ríkisins og í reglugerðum rafmagnsveitnanna um raflagnir.

Rafmagnsveitustjóra er heimilt að hafa eftirlit með öllum húsveitum, gögnum og tækjum, sem notuð eru við hagnýtingu á raforku, og skulu starfsmenn rafmagnsveitnanna hafa frjálsan aðgang að öllum herbergjum húss, hvenær sem nauðsynlegt er, til að skoða húsveituna eða hluta hennar eða raftæki, sem nota má við veiturnar.

Vélar og önnur tæki skulu vera þannig sett og þannig útbúin, að þau starfi án þess að titringi valdi eða truflun á ljósum eða annarri notkun.

Sé misbrestur á þessu eða aðrir gallar á veitu eða tækjum, skal notandi þegar í stað á sinn kostnað láta löggiltan rafvirkja lagfæra þetta.

Nú kemur í ljós við skoðun á húsveitu eða tækjum, sem framkvæmd er af rafmagnsveitunum, rafmagnseftirliti ríkisins eða löggiltum rafvirkja, að galli er á veitu eða tækjum, og skal þá eigandi veitunnar eða tækjanna skyldur til þess að láta gera við gallann á sinn kostnað. Viðgerðin skal framkvæmd af löggiltum rafvirkja.

Rafmagnsstjóri getur látið taka veituna eða tæki úr sambandi meðan galli er á veitunni eða tækjunum, þar til úr er bætt, eða látið gera við galla á kostnað eiganda.

Húseiganda er skylt að sjá um, að stofntaugar í húsveitu hans séu ávallt nægilega gildar fyrir notkun veitunnar. 65 13. maí

Ef óleyfileg vör finnast í veitu, skal notandi veitunnar gerður ábyrgur fyrir, samkvæmt fyrirskipun rafmagnseftirlits ríkisins.

Séu gerðar óleyfilegar tengingar eða breytingar á veitu eða tækjum eða sýnt hirðuleysi um meðferð eða viðhald veitu eða tækja, skal farið með það sem galla á veitu, og er heimilt að gera eiganda að greiða aukagjald, sem ákveðið er í gjaldskrá, vegna kostnaðar við aukið eftirlit með veitunni.

Það er óleyfilegt, sem ekki fullnægir kröfum, sem settar eru í reglugerðum rafmagnseftirlits ríkisins um raforkuvirki og reglugerðum héraðsrafmagnsveitna ríkisins.

15. gr.

Mælitæki.

1. Rafmagnsveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir húsveitu, svo og stað fyrir þau og um tengingu.

   Notandi mælitækis er sá, sem skráður er fyrir raforkunotkun þeirrar veitu, sem mælitækið er fyrir. Skal hann bera ábyrgð á mælitækinu, svo og raforkunotkun veitunnar, þar til er hann lætur af notkun hennar og hefur sagt upp notkuninni með þeim fyrirvara, sem um getur í 20. gr.

   Rafmagnsveitan leggur til öll mælitæki og annast um venjulegt viðhald þeirra og endurnýjun á sinn kostnað. Nú verður mælitæki fyrir óvenjulegu hnjaski eða skemmdum, og er þá heimilt að gera notanda að greiða kostnað við viðhald þess eða endurnýjun.
2. Ef notandi óskar, að mælitækið sé leiðrétt, skal hann senda skriflega beiðni um það til rafmagnsveitnanna.

   Ef þá kemur í ljós við athugun mælitækis, að mesta skekkja sé +/— 5% eða minni, er heimilt að gera notanda að greiða kostnað við prófunina. Sé skekkja meiri, skulu rafmagnsveiturnar bera kostnað af prófuninni.

   Ef notandi véfengir árangur prófunarinnar, skal leita úrskurðar rafmagnseftirlits ríkisins, og er hann bindandi fyrir báða aðila. Kostnað við það skal notandi greiða, ef skekkjan reynist minni en +/— 5%, en rafmagnsveiturnar annars.

   Hafi kwst.-mælir sýnt +/— 5% skekkju eða meiri, skulu rafmagnsveiturnar áætla leiðréttingu á reikningi rafmagnsnotanda miðað við fyrri notkun, og eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, eftir því, sem næst verður komizt, þó ekki fyrir lengra tímabil en 3 mánuði, nema notandi geti sannað, að um lengra tímabil hafi verið að ræða.
3. Notendur, sem hafa hemil eða rofa, eiga ekki rétt á neinni endurgreiðslu á föstu verði, þótt þeir telji sig ekki hafa getað náð því afli, sem fasta greiðslan er miðuð við, en rafmagnsveitum er skylt að leiðrétta skekkju hemilsins eða rofans, svo fljótt sem við verður komið.

   Ef hemill notanda brennur sundur með stuttu millibili og ástæða er til að ætla, að of mikið sé lagt á hann að staðaldri, hafa rafmagnsveiturnar rétt til að neita um hemil og gera notanda að skilyrði að kaupa orkuna eftir öðrum gjaldskrárlið.
4. Ef notandi hefur aukna straumnotkun vegna galla á veitu sinni eða tækjum, er rafmagnsveitunum ekki skylt að áætla frádrátt á reikningum notandans þess vegna.
5. Ef svo reynist, að notkun hafi orðið meiri en álestur sýnir eða álestur verið skakkur eða útreikningur á reikningsfjárhæðinni, áskilja rafmagnsveiturnar sér rétt til að leiðrétta þessa skekkju eftir á, undir eins og vitað er.

65 13. maí

6. Verði uppvíst, að straumur sé notaður á annan hátt en um er samið eða raskað hefur verið mælitækjum eða breytt tengingu, þannig að ekki komi fram öll notkun, skulu rafmagnsveiturnar áætla þann straum, sem notaður hefur verið óleyfilega, og skal notandi gjalda fyrir hann þrefalt verð eftir gjaldskrá fyrir allan tímann, sem liðinn er frá síðustu skoðun veitunnar, og þar til er leiðrétt er, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

Ef ekki eru fyrir hendi sérstakar upplýsingar um líklega notkun á veitunni, má miða matið við stærð á vörum þeim, sem fyrir veitunni eru.

Við endurtekningu skal rjúfa samband við veituna og gera ráðstafanir til að koma fram ábyrgð á hendur þeim, sem brotlegur hefur gerzt.

16. gr.

Ábyrgð.

Ef vanskil eða dráttur verður á greiðslu rafmagnsgjalda, geta rafmagnsveiturnar krafizt tryggingar fyrir skilvísri greiðslu. Ef rafmagnsnotkun um mælitæki nægir ekki til þess að greiða raunverulegan afhendingarkostnað raforkunnar um mælitækið, er rafmagnsveitum heimilt að krefjast lágmarksgjalds fyrir notkunina. Að öðrum kosti er rafmagnsveitunum heimilt að taka mælitækið niður og loka veitunni eða breyta tengingu hennar.

17. gr.

Gjald fyrir raforku.

Reikningur fyrir raforku skal að jafnaði afhentur í húsnæði því, þar sem raforkan er notuð, og er reikningurinn fallinn í gjalddaga undir eins og krafið er um greiðslu. Nánari reglur um innheimtu og um gjalddaga má þó setja í gjaldskrá.

18. gr.

Lokun fyrir veitu og enduropnun.

Sé gjald fyrir raforku ekki greitt þegar greiðslu er krafizt, geta rafmagnsveiturnar sent gjaldanda tilkynningu eða afhent hana í húsnæði því, er veita hans er í, um, að hann verði að greiða gjaldið til skrifstofu rafmagnsveitnanna eða annars staðar innan viku. Dragist greiðsla lengur, er heimilt að taka straum af veitunni, en þó ekki fyrr en þremur dögum eftir að skrifleg tilkynning þess efnis til gjaldanda er afhent honum eða afhent í húsnæði því, sem veita hans er í.

Rafmagnsveitunum er heimilt að loka veitunni og senda skuldakröfu, sem þær kunna að hafa á hendur notenda til innheimtu með lögtaki:

a. þegar notandi, þrátt fyrir kröfu og skriflega aðvörun, sem að framan greinir, hefur ekki greitt reikning frá rafmagnsveitunum, sem fallinn er í gjalddaga;
b. þegar ábyrgðarmaður notanda stendur ekki við ábyrgðina;
c. þegar notandi hefur gerzt brotlegur við reglugerð þessa.

Lokun fyrir vatnsveitu af þessum ástæðum losar notandann ekki undan greiðsluskyldu á lokunartímabilinu.

Sé lokað fyrir veitu vegna skulda má að jafnaði ekki opna aftur, nema:

1. skuldin sé greidd að fullu eða fullnægjandi trygging sett fyrir því, að skuldin verði greidd;
2. að greitt sé aukagjald fyrir enduropnun veitunnar samkv. gjaldskrá;
3. að trygging sé sett fyrir skilvísri greiðslu framvegis, ef sérstakar ástæður eru til að krefjast slíkrar tryggingar.

Ef notandi raforku óskar eftir, að veita hans sé tekin úr sambandi um tíma,

er heimilt að taka aukagjald, samkvæmt gjaldskrá, fyrir enduropnun veitunnar, svo og að taka fulla leigu fyrir mælitæki veitunnar þann tíma, sem veitan var ekki í notkun. 65 13. maí

Enginn má framkvæma endurtengingu veitu, nema þeir, sem rafmagnsveiturnar hafa veitt umboð til þess hverju sinni. Sé brotið á móti þessu, skal farið með það sem endurtekna, óleyfilega straumnotkun samkvæmt 15. gr.

19. gr.

Rekstrartruflanir.

Stöðvun á rekstri eða truflanir vegna bilana eða takmarkana á raforkuvinnslunni hefur ekki í för með sér neinar skaðabótaskyldur á hendur rafmagnsveitunum, en koma skal á reglulegum rekstri aftur, eins fljótt og auðið er.

Notendur eiga ekki rétt á endurgreiðslu, þótt stöðvun verði vegna bilana eða annarra óviðráðanlegra atvika um langan eða skamman tíma, að öðru leyti en því, sem segir síðar um endurgreiðslu fastagjalds, og rafmagnsveiturnar bera ekki ábyrgð á spennubreytingum undir slíkum kringumstæðum eða afleiðingum af þeim, og eigi heldur af bruna eða slysum, sem verða kunna af völdum rafmagns frá húsveitum rafmagnsnotenda.

Rafmagnsveiturnar áskilja sér rétt til þess að loka fyrir straum til viðgerða og viðhalds eða eftirlits á helgum dögum á þeim tímum, sem heimilisnotkun er almennt minnst, og að nóttu til í maí—júlí, svo og endranær, þegar þörf gerist.

Meðan verið er að leggja heimtaugar eða götutaugar, er rafmagnsveitunum heimilt að taka straum af því svæði, sem nauðsynlegt er, til þess að framkvæma tengingar.

Komi það fyrir, að takmarka þurfi notkun á raforku um langan eða skamman tíma, ákveður raforkumálastjóri, að fengnum tillögum rafmagnsveitustjóra, hver notkun skuli takmörkuð fyrst og á hvern hátt.

Stöðvun á rekstri skal tilkynna fyrir fram, ef unnt er, en þó eiga notendur enga skaðabótakröfu á hendur rafmagnsveitunum, þótt straumur hafi verið tekinn af fyrirvaralaust.

Notendur, sem greiða raforku við föstu árgjaldi, eiga rétt á að fá $\frac{1}{300}$ hluta árgjaldsins endurgreiddan fyrir hvern heilan dag, er þeir missa raforkuna vegna stöðvunar eða truflana á rekstri, þó eigi fyrir skemmri tíma en tvo sólarhringa.

20. gr.

Uppsögn á rafmagnsnotkun og tilkynning um flutning eða breytingu í notkun.

Sérhver rafmagnsnotkun, er notandi byrjar á eftir nýjum lið gjaldskrár rafmagnsveitnanna, er bindandi fyrir hann að minnsta kosti eitt ár, nema um sé að ræða bráðabirgðalagnir eða tilraunataxta, sem eru fullreyndir á skemmri tíma. Þó getur rafveitustjóri leyst notanda undan þessari skuldbindingu þegar sérstaklega stendur á.

Þegar ár er liðið, getur notandi sagt upp notkuninni með eins mánaðar fyrirvara, ef ekki er um annað samið eða annað ákveðið í gjaldskrá rafmagnsveitnanna. Skal uppsögn tilkynnt rafmagnsveitustjóra skriflega.

Rafmagnsveiturnar áskilja sér sama uppsagnarfrest af sinni hálfu og notandi hefur samkvæmt framansögðu.

Tilkynning um breytingu á notkun frá einum gjaldskrárlið til annars er sama og uppsögn á fyrri notkun og beiðni um nýja, og fer um það, sem að ofan greinir.

Tilkynning um flutning notanda úr einni íbúð í aðra eða úr einum stað í annan á orkuveitusvæðinu má afhenda rafmagnsveitustjóra með hálfs mánaðar

65 13. maí

fyrirvara, ef um samskonar rafmagnsnotkun er að ræða í hinum nýja notkunarstað, ella skal um flutning gilda sem um uppsögn á fyrri notkun og beiðni um nýja væri að ræða.

Notandi ber ábyrgð á raforkunotkun þeirrar veitu, sem hann er skráður fyrir, þar til er hann hættir notkun veitunnar og hefur sagt henni upp með þeim fyrirvara, sem hann hefur samkvæmt reglugerð þessari.

21. gr.

Breyting á gjaldskrá.

Notanda skal skylt að hlíta ákvæðum gildandi gjaldskrár rafmagnsveitnanna og breytingum þeim, sem stjórn þeirra samþykkir og ráðherra staðfestir.

Verði ágreiningur milli rafmagnsveitustjóra og notanda um skilning á ákvæðum gjaldskrár eða settum skilyrðum fyrir rafmagnsnotkun, getur notandi krafizt þess, að ágreiningurinn verði lagður undir úrskurð raforkumálastjóra.

C. Almenn ákvæði.

22. gr.

Brot á reglugerð.

Brot gegn reglugerð þessar eða gegn reglum, sem settar verða samkvæmt henni, varða sektum allt að 10000 krónum — tíu þúsund krónum —, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Ef brot veldur skemmdum á eignum rafmagnsveitnanna skal hinn brotlegi þess utan bæta skaðann.

Sektir renna í ríkissjóð.

23. gr.

Málssókn.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari eða á reglum, sem settar eru samkvæmt henni, skal farið sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 13. maí 1947.

Bjarni Ásgeirsson.

Páll Pálmason.

66 29. apríl

REGLUGERÐ

fyrir lendingarbótasvæðið á Sveinseyri við Tálknafjörð.

I. KAFLI

Takmörk lendingarbótasvæðisins.

1. gr.

Lendingarbótasvæði Sveinseyrar nær yfir svæðið milli línu, sem hugsast dregin frá Sveinseyrarodda í Hvammseyri að utan og línu, sem hugsast dregin frá Gileyri í Búðeyri að innan.

II. KAFLI
Um lendingarbótanefnd.

2. gr.

Að nýafstöðnum hverjum hreppsnefndarkosningum skal hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps kjósa 3 menn í lendingarbótanefnd og jafnmarga til vara. Kjörtímabil lendingarbótanefndar er hið sama og hreppsnefndar. Þar til nýjar kosningar fara fram, skal þó hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps fara með þau mál, er undir lendingarbótanefnd heyra. Lendingarbótanefnd sér um, að reglugerð þessari sé hlýtt, sér um innheimtu gjalda þeirra, sem ákveðin eru samkvæmt reglugerð þessari, gegn innheimtulaunum eða föstum launum, sem um semur, sér um viðhald og endurbætur lendingarbóta og stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta. Lendingarbótanefnd annast reikningshald og fjárvörzlu lendingarbótasjóðsins fyrir hönd hreppsnefndar, enda ber hreppsnefnd ábyrgð á eignum sjóðsins, sem öðrum eignum hreppsins svo og skuldbindingum sjóðsins.

III. KAFLI
Um almenna reglu.

3. gr.

Lendingarbótanefnd sér um, að gætt sé reglu á lendingarbótasvæðinu og mannvirkjum þess, og er öllum, er hlut eiga að máli, skylt að hlýða boði hennar og banni tafarlaust, en getur síðan, ef þeim finnst sér óréttur ger, skotið máli sínu til lögreglustjóra.

4. gr.

Óheimilt er skipum eða bátum að kasta útbyrðis seglfestu, ösku, kolum eða öðru því, sem valdið gæti skemmdum á lendingarbótasvæðinu.

5. gr.

Skylt er að gæta varúðar um allt það, er slysum getur valdið.

6. gr.

Lendingarbótanefnd, svo og aðrir starfsmenn lendingarbótasvæðisins, skulu gæta allrar kurteisi í starfi sínu.

IV. KAFLI
Um notkun bryggjunnar.

7. gr.

Heimilt skal bátum eða skipum að leggjast að bryggju í þeirri röð, sem þau koma, en skylt að fara frá bryggju, er þau hafa lokið erindi sínu, séu aðrir, sem óska athafnasvæðis, og eins, ef þau teljast þar til tafar öðrum. Hið sama gildir, hvort sem um er að ræða upp- eða útskipun.

V. KAFLI
Um lendingarbótasjóð.

8. gr.

Til þess að standast kostnað við lendingarbæturnar og e. t. v. síðar við hafnarmannvirki og til árlegs reksturskostnaðar, skal stofna lendingarbótasjóð.

Í lendingarbótasjóð renna allar tekjur, sem ákveðnar verða með reglugerð þessari.

66 29. apríl

Við lok hvers rekstursárs skal lendingarbótanefnd semja reksturs- og efnahagsreikning sjóðsins og ber henni að hafa fullgert reikninginn ekki síðar en í febrúarlok næsta reikningsár.

Reikningarnir skulu endurskoðaðir og úrskurðaðir á sama hátt og hreppsreikningarnir.

Fyrir 1. nóvember ár hvert skal lendingarbótanefnd hafa samið og lagt fyrir hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld lendingarbótasjóðs á komandi ári. Hreppsnefnd skal síðar fullsemja áætlunina og senda hana samgöngumálaráðuneytinu til staðfestingar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á gjalda- og tekjuliðum.

9. gr.

Reikningsár lendingarbótasjóðs er almanaksárið.

10. gr.

Skipa- og bátagjöld.

Hvert aðkomuskip greiði í hvert skipti, er það fermir eða affermir, kr. 0.30 af hverri nettó-smálest, með þeim undantekningum þó, er hér greinir:

Innlend strandferðaskip skulu aðeins greiða gjald þetta einu sinni á ári og þá í fyrsta sinn, er þau koma inn á höfnina eða á gjalddaga, er um semst.

Algerlega undanþegin þessu gjaldi eru:

Herskip, varðskip, björgunarskip, skip, sem hafa skírteini sem skemmtiskip, skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, einnig skip, sem leita hafnar vegna óveðurs, sjóskaða eða skemmda á einhvern hátt, nema þau jafnframt fermi eða affermi einhverja vöru. Sama gildir um skip, sem leita hafnarinnar til að setja á land sjúka menn eða látna.

VI. KAFLI

Aflagjald.

11. gr.

Af hverju tonni af slægðum afla greiðist kr. 5.00.

VII. KAFLI

Vörugjaldskrá.

12. gr.

1. flokkur: Ull: 5 aurar af hverju kg.
2. — Kjöt: 4 aurar af hverju kg.
3. — Gærur og garnir: 3 aurar af hverju kg.
4. — Mat- og kornvörur, kaffi, fóðurvörur og áburður til ræktunar: 2 aurar af hverju kg.
5. — Stykkjavörur: 1 eyrir af hverju kg upp í 100 kg; síðan ½ eyrir af hverju kg þar fram yfir.
6. — Salt og byggingarvörur, aðrar en um getur í 7. gr.: ½ eyrir af hverju kg.
7. — Timbur, unnið og óunnið: 10 aurar af hverju teningsfeti.
8. — Tómar tunnur: 75 aurar af hverri tunnu.
9. — Hestar, nautgripir: 7 kr. af hverjum grip.
10. — Sauðfé: 50 aurar af kind.

13. gr.

Undanþeginn vörugjaldi er póstflutningur og farangur ferðamanna, allt að 25 kg. Enn fremur vistir og aðrar nauðsynjar skipa og báta til eigin nota, sem fluttar eru úr landi.

14. gr.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum. Skipstjóri eða formaður ber ábyrgð á greiðslu skipa- og bátagjalda, svo og rétt uppgefnu vörumagni, en viðtakandi vöru eða afgreiðslumaður skips eða báts á vörugjöldum. Hefur lendingarbótasjóður haldsrétt á skipi eða bát, þar til gjöld þess eru greidd, nema öðruvísi semjist um, og gildir hið sama um vöru, sé vörugjald ekki greitt. Ef skip eða bátur hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri eða formaður ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins. Ef margs konar vörur eru í sömu sendingu, skal reikna vörugjaldið eftir þeirri vörutegund, sem hæst vörugjald reiknast af. Leiki vafi á, til hvaða flokks skuli telja einhverja vörutegund, gildir þar um úrskurður lendingarbótanefndar, en úrskurði hennar má aftur skjóta til lögreglustjóra.

VIII. KAFLI
Bryggjugjald.

15. gr.

Hvert það skip, sem leggst að bryggju eða að skipi, er liggur við bryggju lendingarbótasjóðs, greiði bryggjugjald, er hér segir:

Öll skip, 15 smálestir (brúttó) eða stærri, greiði 10 aura af hverri nettó-smálest. Minnsta gjald skal þó vera kr. 2.00.

Allir bátar undir 15 smálestum (brúttó) greiði kr. 1.00. Bátar án hreyfils, heimilisfastir á hafnarsvæðinu, sem eru minni en 1 smálest (brúttó), skulu gjaldfrjálsir. Bryggjugjald reiknast fyrir hverjar 24 klst. eða brot úr þeim.

16. gr.

Öll gjöld samkv. reglugerð þessari má taka lögtaki.

IX. KAFLI
Eignatjón og bætur.

17. gr.

Þeir, sem valdir verða að tjóni á bryggjunni og öðrum mannvirkjum eða á áhöldum lendingarbótasjóðs, skulu bótaskyldir. Annað hvort greiði þeir tjónið með upphæð, er um semur við lendingarbótanefnd, eða viðgerðarkostnað, samkv. reikningi.

18. gr.

Um skaðabótaskyldu fyrir tjón, sem tilfært er í næstu grein hér á undan, fer eftir almennum lagafyrirmælum.

19. gr.

Takist ekki samningar um bætur, skulu þær ákveðnar af 3 óvilhöllum dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila um sig er heimilt að krefjast yfirmats og skal þá krafa um það borin fram innan mánaðar frá því, er matsgerð lauk. Yfirmat skal fara fram af 5 óvilhöllum dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem svarar 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

66 29. apríl

20. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum frá 20—10 000 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum lögum. Sektirnar renna í lendingarbótasjóð.

21. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

22. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 29. apríl 1947.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

67 16. maí

REGLUR

um úthlutun styrkja árið 1947 til öryrkja, sem misst hafa 50—75% starfsorku sinnar.

1. gr.

Á árinu 1947 er Tryggingastofnuninni heimilt að verja allt að kr. 400000.00, auk verðlagsuppbótar, til styrktar öryrkjum á örorkubilinu 50—75%, sem sótt hafa um slíkan styrk fyrir 31. marz 1947. Skal úthlutun styrkjanna hagað samkv. eftirfarandi ákvæðum.

2. gr.

Tryggingaráð ákveður, hversu mikill hluti fjárhæðar þeirrar, sem í 1. gr. getur, skuli koma til úthlutunar í hverju tryggingaumdæmi. Skal við þá skiptingu höfð hliðsjón af íbúatölu umdæmanna og verðlagssvæðum og jafnframt tillit tekið til þeirra umsókna úr hverju umdæmi, sem ráðið telur, að sinna beri, sbr. 3. gr.

3. gr.

Til þess að stuðla að samræmi í úthlutun, svo og til hliðsjónar við skiptingu fjárins milli umdæma, gerir Tryggingastofnunin frumdrög að úthlutun fyrir hvert umdæmi um sig, samkvæmt þeim umsóknum, sem til greina koma og nægar upplýsingar fylgja, og ákveður í einu lagi fjárhæð til þess að mæta þeim umsóknum úr umdæminu, sem svo er háttað, að gefnar upplýsingar nægja ekki til að byggja á þeim ákvörðun um úthlutun, og úthlutar umboðsmaður fjárhæð þessari skv. 4. og 5. gr. Þá ákveður ráðið og, hverjar umsóknanna komi ekki til greina og synjar þeim.

4. gr.

Þegar hlutur hvers umdæmis hefur verið ákveðinn og frumdrög að úthlutun gerð, samkvæmt 3. gr., skal senda umboðsmönnum stofnunarinnar umsóknirnar til úrskurðar og afgreiðslu.

Er umboðsmönnum heimilt að víkja frá úthlutunar frumdrögum aðalskrifstofunnar (sbr. 3. gr.) í einstökum atriðum, þó þannig, að heildarfjárhæðin hækki ekki.

Ekki er þó heimilt að úrskurða þeim umsækjendum styrk, sem aðalskrifstofan hefur synjað. En komi nýjar upplýsingar fram, sem umboðsmaðurinn telur eiga að valda annarri niðurstöðu, skal hann endursenda aðalskrifstofunni umsóknina með umsögn sinni, og getur þá aðalskrifstofan úrskurðað umsækjanda styrk, ef fé er fyrir hendi. **67** 16. maí

5. gr.

Hámarksfjárhæð styrks til umsækjanda, sem ekki hefur börn innan 16 ára aldurs á framfæri sínu, má nema ¾ hlutum lífeyrisfjárhæðar, samkvæmt 15. gr. almannatryggingalaganna.

Við úthlutun skal höfð hliðsjón af:

1. Eignum og tekjum umsækjanda og maka hans.
2. Örorkustigi umsækjanda með tilliti til þess starfa, er hann stundar, eða kostur er á.
3. Fjölda barna umsækjanda innan 16 ára, sem hann hefur á framfæri sínu og ekki greiðist með barnalífeyrir eða fjölskyldubætur.
4. Fjárhagsástæðum framfærsluskyldra aðstandenda og hvort umsækjandi dvelur hjá slíkum aðstandanda eða hefur sérstakt heimili.

Tryggingaráð lætur umboðsmönnum í té nánari leiðbeiningar um framkvæmd úthlutunarinnar í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

6. gr.

Umboðsmaður hefur samráð við tryggingarnefnd umdæmisins eftir því sem þörf krefur. Heimilt er honum einnig að kveðja sér til ráðuneytis einn mann úr hverju því sveitarfélagi, sem ekki á fulltrúa í tryggingarnefnd. Greiðir Tryggingastofnunin beinan kostnað, sem leiðir af slíkri kvaðningu.

Reglur þessar, sem settar eru samkv. 3. bráðabirgðaákvæði laga nr. 50 frá 1946, um almannatryggingar, staðfestast hér með til þess að öðlast þegar gildi, og birtast til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 16. maí 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón S. Ólafsson.

REGLUR

68 5. maí

um stjórn, gæzlu og meðferð raforkusjóðs.

1. Raforkumálastjóri annast stjórn raforkusjóðs og reikningshald undir yfirumsjón ráðherra þess, sem fer með raforkumál.
2. Það af sjóðnum, sem ekki er bundið í útlánum á hverjum tíma, skal geymast og ávaxtast í Landsbanka Íslands á hlaupareikningi, sem raforkumálastjórinn einn getur ávísað á, sbr. 4. lið
3. Raforkumálastjóri gerir, að fenginni umsögn raforkuráðs, tillögur til ráðherra um lánveitingar og greiðslur úr sjóðnum, samkvæmt ákvæðum 35. til 38. greina raforkulaganna.
4. Raforkumálastjóri veitir engin lán né greiðir úr sjóðnum, nema samkvæmt skriflegri heimild frá ráðherra eða skriflegum fyrirmælum hans.

68 5. maí

5. Þegar veitt eru úr sjóðnum lán samkvæmt 35. grein raforkulagnna, 1. og 2. tölulið, til rafmagnsveitna ríkisins, skal rafmagnsveitustjóri gefa út og undirrita skuldabréf, þar sem fram sé tekið til hvaða tíma lánið er veitt og með hvaða öðrum kjörum. Skal skuldabréfið, ásamt bréfi ráðherra, sem heimilar lánveitinguna, geymt í skjalasafni sjóðsins og vaxta- og afborganagreiðslur færast inn á skuldabréfið jafnóðum og greiðslur fara fram.

Um veitingu lána samkv. 3. tölulið 35. gr. laganna verða síðar settar nánari reglur.

6. Þegar um greiðslu á fé til rannsókna er að ræða, tekur gjaldkeri raforkumálaskrifstofunnar við greiðslunni og kvittun hans leggst sem fylgiskjal með bókun hjá sjóðnum ásamt heimildarbréfinu frá ráðherra fyrir greiðslunni.

7. Raforkumálastjóri skal heimta inn til sjóðsins vexti af lánum og samningsbundnar eða fyrirskipaðar afborganir, þegar er greiðslur falla í gjalddaga. Hann tekur á móti framlagi ríkissjóðs til raforkusjóðs, tekjuafgangi rafmagnsveitna ríkisins og öðru fé, er til sjóðsins rennur. Hann annast innheimtu á endurgreiðslu rannsóknarkostnaðar og undirbúningskostnaðar að rafveituframkvæmdum samkvæmt 36. gr. raforkulaga.

8. Raforkumálastjóri hefur viðeigandi bókhald um lánveitingar, vaxtareikning, tekjur sjóðsins og gjöld og allar greiðslur sjóðsins vegna. Fjármálaráðuneytið, endurskoðunin, endurskoðar reikninga raforkusjóðs.

Reglur þessar eru hér með settar samkvæmt raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast þegar gildi.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 5. maí 1947.

Bjarni Ásgeirsson.

Páll Pálmason.

69 2. júní

AUGLÝSING

um viðauka við reglugerð frá 17. febrúar 1947, um ríkisábyrgð á söluverði freðfisks, saltfisks o. fl.

Aftan við 30. tölulið 2. gr. reglugerðarinnar komi fjórir nýir töluliðir, svo hljóðandi:

31.	Lúða, heilfryst, pr. lb. f.o.b.	kr. 1.85
32.	Lúðuflök í 7 lbs. öskjum, pr. lb. f.o.b.	— 3.25
33.	Flatfiskflök (skarkoli, þykkvalúra) í 7 lbs. öskjum, pr. lb. f.o.b.	— 3.10
34.	Flatfiskur (skarkoli, þykkvalúra) heilfrystur í stykkjum 21 lbs., þrískipt (7 lbs hvert) 3 stykki í kassa, pr. lb. f.o.b.	— 1.51

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 97 28. desember 1946.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 2. júní 1947.

Jóhann Þ. Jósefsson.

Gunnl. E. Briem.

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1947.

Bréf handhafa valds forseta Íslands, undirskrifað af handhöfum forsetavaldsins 24. maí 1947, nr. 97.

Auglýsing um að forseti Íslands sé kominn heim og hafi aftur tekið við stjórnarstörfum, undirskrifuð af forsætisráðherra 14. júní 1947, nr. 98.

Auglýsing um viðskiptasamkomulag milli Íslands og Sviþjóðar, undirskrifuð af utanríkisráðherra 26. júní 1947, nr. 99.

Auglýsing um afnám vegabréfsáritana til Íslands og Frakklands, undirskrifuð af utanríkisráðherra 28. júní 1947, nr. 100.

Auglýsing um samkomulag milli Íslands og Bretlands um afnám vegabréfsáritana, undirskrifuð af utanríkisráðherra sama dag, nr. 101.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 116 7. nóv. 1941, um útgáfu krónuseðla, undirskrifuð af forsetanum 8. júlí 1947, nr. 102.

Bráðabirgðalög um viðauka við lög nr. 67 1947, um eignakönnun, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 103.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 94 5. júní 1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarafurðum, undirskrifuð af forsetanum 30. júlí 1947, nr. 104.

70
19. febr.

JARÐRÆKTARSAMÞYKKT

fyrir Ræktunarsamband Vestur-Dalasýslu.

Ræktunarsamband Vestur-Dalasýslu gerir á grundvelli laga nr. 7 12. jan. 1945, svofellda ræktunarsamþykkt:

I. KAFLI

Takmörk samþykktarsvæðis og markmið.

1. gr.

Ræktunarsambandið nær yfir eftirgreind hreppabúnaðarfélög: Búnaðarfélag Hvammshrepps, Búnaðarfélag Fellsstrandarhrepps, Búnaðarfélag Klofningshrepps, Búnaðarfélag Skarðshrepps og Búnaðarfélag Saurbæjarhrepps.

2. gr.

Ræktunarsambandið tekur að sér á þann hátt, sem fyrir er mælt í samþykkt þessari, eftirgreind verkefni á öllum jörðum samþykktarsvæðisins, að undanskildum þeim, er falla undir ákvæði VI. kafla jarðræktarlaga nr. 54 4. júlí 1942, um búferlaflutning.

1. Að ræsa fram land til túnræktar, garðræktar, beitiræktar og engjaræktar. Tekur framkvæmd verksins til fullnaðarframræslu á landinu og opnum skurðum, svo og lokræsum, þar sem þess er þörf, eins og fyrir verður mælt af trúnaðarmanni, er Búnaðarfélag Íslands samþykkir til að hafa á hendi undirbúning um, hvernig verkið skuli framkvæmt
2. Að framkvæma jarðvinnslu á túnum jarða á samþykktarsvæðinu, sem ekki eru véltæk. Nær það til plægingar, herfingar og jöfnunar landsins. Hverjar

30. dag júlímánaðar 1947. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

70 19. febr.

vinnuaðferðir verða hafðar á hverjum stað, fer eftir fyrirsögn trúnaðarmanns Búnaðarsambands Dala og Snæfellsness.

3. Að taka að sér jarðvinnslu til nýræktar túna og garða. Nær það til fullnaðarvinnslu landsins á sama hátt og gert er ráð fyrir í síðustu málsgrein undir lið 2.
4. Að framkvæma sléttun engja, svo að þær verði véltækar, hvort heldur það er gert með völtun, vinnslu lands, flóðgarðahleðslu eða öðrum aðferðum eftir fyrirsögn trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands.

II. KAFLI

Skipun og verksvið framkvæmdastjórnar.

3. gr.

Ræktunarsambandið velur sér 5 manna framkvæmdastjórn, skal hún kjörin á aðalfundi ræktunarsambandsins til þriggja ára. Stjórnarnefndarmenn má endurkjósa, en þeir eru ekki skyldir að taka við endurkosningu. Á aðalfundi hreppabúnaðarfélaga skal kjósa einn fulltrúa fyrir hvert félag með innan við 25 félagsmenn, og fyrir brot úr 25, enn fremur varamenn.

4. gr.

Stjórnin skiptir með sér verkum. Formaður boðar til allra funda og stýrir þeim. Ritari sér um bókun fundargerða. Féhirðir hefur á hendi reikningshald fyrir allar þær framkvæmdir, sem gerðar eru á grundvelli samþykktarinnar, annast allar innheimtur og greiðslur eftir ávísun formanns.

5. gr.

Stjórn ræktunarsambandsins annast útvegun á nauðsynlegum vélum og verkfærum til skurða og lokræsagerðar, svo og jarðvinnsluvélum, eftir ákvörðun aðalfundar, en skylt er henni, samkvæmt 8 gr. laga um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, að hafa samráð við verkfæranefnd ríkisins um kaup og val vélanna.

6. gr.

Stjórnin sér um kaup á öllu því, er með þarf til reksturs og viðhalds þeim vélum og áhöldum, er keypt verða. Henni ber að hafa þau tryggð fyrir þeirri fjárhæð, er svarar til verðgildis þessara eigna, eins og þær eru á hverjum tíma.

7. gr.

Stjórnin annast um allan rekstur vélanna og sér um á hverjum tíma, að verkefni séu tekin í þeirri röð, sem aðalfundur hefur ákveðið.

8. gr.

Stjórnin ræður starfsmenn og ákveður launakjör þeirra. Heimilt er stjórninni, með samþykki aðalfundar, að ráða framkvæmdastjóra til eins árs eða skemmri tíma, getur hún með erindisbréfi falið honum framkvæmdastjórn um daglegan rekstur og umsjón með verkstjórn vinnuflokka.

9. gr.

Allar ályktanir aðalfundar eru bindandi fyrir hreppabúnaðarfélögin, er að samþykkt þessari standa. Skylt er ræktunarsambandi að tilkynna hreppabúnaðarfélögum, ef um stórmál er að ræða, með þeim fyrirvara, að þeim gefist kostur á að kynna sér þau fyrir aðalfund ræktunarsambandsins.

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð gerða sinna fyrir aðalfundi ræktunarsambandsins.

III. KAFLI
Um tilhögun framkvæmda.

10. gr.

Skylt er stjórnum hreppabúnaðarfélaganna, hverri á sínu svæði, fyrir janúarlok ár hvert að skrá verkbeiðnir félagsmanna Skal þar tilgreina hverjar jarðabætur óskað er að unnar séu á því ári, svo og verkmagn þeirra. Skýrslum þessum ber að skila til ræktunarsambandsstjórnar eigi síðar en fyrsta febrúar ár hvert, skýrslunni fylgi frá búnaðarfélögum greiðsluskuldbinding hvers fyrir sig fyrir þau verk, er hjá því verða unnin á því starfsári.

11. gr.

Að fengnum þeim skýrslum, er um ræðir í 10. gr., ber stjórn ræktunarsambandsins að semja starfs- og rekstursáætlun fyrir yfirstandandi ár, ber að leggja hana fyrir aðalfund ræktunarsambandsins til samþykktar. Framkvæmdastjórn er skylt að framfylgja samþykktri starfsáætlun eftir því, sem við verður komið.

12. gr.

Við undirbúning framkvæmdaáætlunarinnar sé þess sérstaklega gætt:

1. Að þær jarðir, sem minnst véltækt land hafa, sitji fyrir vinnu eftir því sem við verður komið, án þess að valda óhæfilegum aukakostnaði í flutningi véla og verkfæra;
2. að túnasléttun að öðru jöfnu sé látin sitja fyrir öðrum ræktunarframkvæmdum;
3. að land það, sem brjóta á til ræktunar, hafi verið ræst fram á fullnægjandi hátt, að dómi trúnaðarmanns Búnaðarsambands Dala og Snæfellsness;
4. að framræsla bithaga komi því aðeins að jafnaði til greina, að fullnægt hafi verið framræslu verkefnum vegna túna, garða og engjaræktar á þann hátt, að það tefji eigi jarðvinnsluna, svo að því marki verði náð, að allur heyskapur verði tekinn af vélfæru landi.

IV. KAFLI
Um verðlagsákvarðanir og greiðslu kostnaðar.

13. gr.

Kostnaður við framkvæmdir, er í samþykkt þessari getur, greiðist af verkkaupanda um leið og vinnu er lokið, eftir þeim verktaxta, er aðalfundur hefur samþykkt. Heimilt er stjórn ræktunarsambandsins að láta greiðslu fara fram eftir áætluðum verðtöxtum ár hvert meðan verkið stendur yfir, en fullnaðarreikningsskil séu byggð á tilkostnaðarverði eins og það verður samkvæmt rekstursreikningi ár hvert. Áætlaðir verktaxtar séu miðaðir við tímaeiningu.

14. gr.

Til reksturskostnaðar telst greiðsla vinnulauna, allur reksturskostnaður véla og greiðslur fyrningargjalds af þeim, kostnaður við flutning þeirra milli vinnustaða, viðhald véla, er stafar af eðlilegu sliti þeirra, vaxtagreiðslur, kostnaður við verkstjórn og stjórnarkostnaður. Heimilt er ræktunarsambandsstjórn að ákveða og leggja á framkvæmdakostnað ríflega áhættuþóknun. Enn fremur kostnað við ræktunarfélagsfundi, og skulu fundirnir haldnir til skiptis í hreppabúnaðarfélögunum.

70 19. febr.

15. gr.

Aðalfundur ræktunarsambnadsins getur heimilað framkvæmdastjórn að taka ákveðin verk, sem tilgreind eru í 2. gr. þessarar samþykktar í ákvæðisvinnu, enda sé lögð fyrir aðalfund kostnaðaráætlun og verklýsing af því, sem vinna á.

16. gr.

Heimilt er framkvæmdastjórn á þeim tímum, sem ekki er unnt að vinna að skurðgrefti, lokræsagerð eða jarðvinnslu fyrir samþykktaraðila, að taka að sér verkefni fyrir búendur, hreppafélög eða aðra aðila á samþykktarsvæðinu, þó að þau falli ekki undir ákvæði 2. gr., ef tryggt er, að það sé hagkvæmt fyrir ræktunarsambandið, enda sé og tryggt, að vélakostur sé ekki festur við þessi störf, svo að það brjóti í bága við hagsmuni samþykktaraðila.

17. gr.

Rekstursafgangur af áhættuþóknun, svo og ef ágóði verður af ákvæðisvinnu eða þeim verkum, er um getur í 16. gr., skal leggjast í stofnsjóð ræktunarsambandsins og varið samkvæmt ákvæðum þeim, er um hann gilda, sbr. 18. gr.

V. KAFLI
Fjáröflun og tryggingar.

18. gr.

Ræktunarsambandið myndar stofnsjóð til vélakaupa. Stofnfjárhæð hans er kr. 135000.00.

Stofnfé stofnsjóðs er:

1. Óafturkræft framlag hreppabúnaðarfélaganna kr. 375.00 af hverju býli innan ræktunarsambandssvæðisins, samtals kr. 35625.00.
2. Sameiginlegt stofnfjárlán að upphæð kr. 32000.00, sem tryggt sé með sameiginlegri ábyrgð ræktunarsambandsins.
3. Óafturkræf frjáls framlög frá einstaklingum eða öðrum aðilum.
4. Helmingur stofnfjár er framlag framkvæmdasjóðs ríkisins, samkvæmt ákvæðum 9. gr. laga nr. 7 12. jan. 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum. Leggst það í stofnsjóð jafnóðum og það greiðist úr framkvæmdasjóði ríkisins.

Auk þessa fjár leggist í stofnsjóð árlega:

1. Tekjur þær, sem inn koma samkvæmt ákvæðum 17. gr.
2. Þeir aðilar sambandssvæðisins, sem ekki leggja fé í stofnsjóð, greiða hærra vinnugjald, sem nemur 15% og rennur það fé í sjóð hlutaðeigandi búnaðarfélags.

19. gr.

Stofnfjárframlag hreppabúnaðarfélaganna greiðist inn til rækktunarsambandsstjórnar, þá er samþykkt þessi hefur öðlazt gildi.

20. gr.

Komi í ljós síðar, að áliti framkvæmdastjórnar, að auka þurfi stofnsjóð, ber henni að gera rökstuddar tillögur um stofnun fjáraukningar til hreppabúnaðarfélaganna. Ef meiri hluti löglega kjörinna fulltrúa á aðalfundi ræktunarsambandsins ákveða stofnfjáraukninguna, er hún bindandi fyrir hreppabúnaðarfélögin.

VI. KAFLI
Reikningshald og endurskoðun.

21. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið og skal reikningsskilum lokið svo tímanlega, að endurskoðun geti farið fram, áður en aðalfundur ræktunarsambandsins er haldinn, en hann skal haldinn fyrir aprílmánaðarlok ár hvert. Skulu endurskoðendur sannprófa, að reikningum beri saman við bækur framkvæmdastjórnar.

22. gr.

Endurskoðendur séu tveir, kjörnir á aðalfundi ræktunarsambandsins, til eins árs í senn. Þeir skulu kynna sér reksturinn sem bezt og hafa eftirlit með starfrækslu framkvæmdastjórnar í hvívetna.

23. gr.

Endurskoðaðir reikningar skulu lagðir fram til samþykktar á aðalfundi ræktunarsambandsins. Þar gefur framkvæmdastjórn skýrslu um starfsemina, svo og endurskoðendur, ef tilefni er til þess.

VII. KAFLI
Um breytingar samþykktar og hvernig samþykkt verði úr gildi felld.

24. gr.

Tillögur, er fram koma til breytinga á samþykkt þessari, frá hreppabúnaðarfélögum eða framkvæmdastjórn, skulu sendar til allra aðila, er að samþykkt þessari standa, samkvæmt 1. gr., til umsagnar. Þær skulu síðan, ásamt umsögnum búnaðarfélaganna, lagðar fyrir aðalfund ræktunarsambandsins. Samþykki löglegur aðalfundur breytingar, með að minnsta kosti ⅗ atkvæðisbærra fulltrúa, skal stjórn sambandsins senda breytingarnar Búnaðarfélagi Íslands, er leitar staðfestingar landbúnaðarráðherra á þeim.

25. gr.

Samþykktir þessar má því aðeins nema úr gildi, að rökstutt álit meiri hluta samþykktaraðila liggi fyrir, um að tilgangi samþykktar verði ekki náð og lögmætur aðalfundur ræktunarsambandsins samþykki það með minnsta kosti ⅗ atkvæðisbærra fundarmanna, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til.

26. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

27. gr.

Samþykkt þessi gengur í gildi, þegar hún hefur verið staðfest af landbúnaðarráðherra.

Samþykkt þessi, sem er sett samkvæmt lögum nr. 7 12. janúar 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, og reglugerð um jarðræktarsamþykktir frá 20. febrúar 1946, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 19. febrúar 1947.

Bjarni Ásgeirsson.

Árni G. Eylands.

71
21. febr.

JARÐRÆKTARSAMÞYKKT

fyrir Ræktunarsamband Suðurdala í Dalasýslu.

Ræktunarsamband Suðurdala gerir á grundvelli laga nr. 7 12. jan. 1945 svofellda ræktunarsamþykkt:

I. KAFLI

Takmörk samþykktarsvæðis og markmið.

1. gr.

Ræktunarsambandið nær yfir eftirgreind hreppabúnaðarfélög í Dalasýslu: Búnaðarfélag Hörðudalshrepps, Búnaðarfélag Miðdalahrepps, Búnaðarfélag Haukadalshrepps og Búnaðarfélag Laxárdalshrepps.

2. gr.

Ræktunarsamband Suðurdala tekur að sér, á þann hátt sem fyrir er mælt í samþykkt þessari, eftirgreind verkefni á öllum jörðum á samþykktarsvæðinu, að undanskildum þeim, er falla undir ákvæði VI. kafla jarðræktarlaga nr. 54 4. júlí 1942, um búferlaflutning:

1. Að ræsa fram land til túnræktar, garðræktar, beitiræktar og engjaræktar. Tekur framkvæmd verksins til fullnaðarframræslu á landinu, að opnum skurðum, svo og lokræsum, þar sem þess er þörf, eins og fyrir verður mælt af trúnaðarmanni er Búnaðarfélag Íslands samþykkir, til að hafa á hendi undirbúning um, hvernig verkið skuli framkvæmt;
2. að framkvæma jarðvinnslu á túnum jarða á samþykktarsvæðinu, sem ekki eru véltæk. Nær það til plægingar, herfingar og jöfnunar landsins. Hverjar vinnsluaðferðir verða viðhafðar á hverjum stað fer eftir fyrirsögn trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands;
3. að taka að sér jarðvinnslu til nýræktar túna eða garða. Nær það til fullnaðarvinnslu landsins á sama hátt og gert er ráð fyrir í síðustu málsgrein undir lið 2;
4. að framkvæma sléttun engja, svo þær verði véltækar, hvort heldur það er gert með völtun, vinnslu lands, flóðgarðahleðslu eða öðrum aðferðum eftir fyrirsögn trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands.

II. KAFLI

Skipun og verksvið framkvæmdastjórnar.

3. gr.

Á aðalfundi hreppsbúnaðarfélagsins skal kjósa fulltrúa, einn fulltrúa fyrir hverja 10 félagsmenn eða hluta úr tug, til að mæta á aðalfundi ræktunarsambandsins. Skulu þeir kjörnir til fjögra ára í senn, enn fremur skal hvert félag kjósa 2 varamenn.

Aðalfundur skal haldinn fyrir lok marzmánaðar ár hvert. Aðalfundur hefur æðsta úrslitavald í öllum málum, er varða starfsemi ræktunarsambandsins, svo sem fyrir er mælt í lögum nr. 7 12. jan. 1945, svo og í reglugerð og samþykkt þessari.

4. gr.

Ræktunarsambandið velur samþykktarsvæðinu 5 manna framkvæmdastjórn. Skulu fjórir fulltrúar kjörnir á aðalfundi hreppabúnaðarfélaganna, þannig að hvert

félag velur einn mann í stjórn til þriggja ára. Formaður skal kosinn fyrir sama tíma á aðalfundi jarðræktarsambandsins. Stjórnarnefndarmenn má endurkjósa. 71 21. febr.

5. gr.

Stjórnin skiptir með sér verkum. Formaður boðar til allra funda og stýrir þeim. Ritari sér um bókun fundargerða. Gjaldkeri hefur á hendi reikningshald fyrir allar framkvæmdir, sem gerðar eru á grundvelli samþykktarinnar og annast allar innheimtur og greiðslur eftir ávísun formanns.

6. gr.

Stjórn ræktunarsambandsins annast kaup á nauðsynlegum vélum og verkfærum til skurða- og lokræsagerðar, svo og á jarðvinnsluvélum, en skylt er henni, sbr. 8. gr. laga um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, að hafa samráð við verkfæranefnd ríkisins um kaup og val vélanna.

7. gr.

Stjórnin sér um kaup á öllu því, sem með þarf til reksturs og viðhalds þeim vélum og áhöldum, er keypt verða. Henni ber að hafa þau tryggð fyrir fjárhæð, er svarar til verðgildis þessara eigna, eins og þær eru á hverjum tíma.

8. gr.

Stjórnin annast um allan rekstur vélanna. Henni ber að gera og undirrita alla verktökusamninga við hina einstöku framkvæmdaaðila á samþykktarsvæðinu, og ákveður á hverjum tíma og í hverri röð verkefnin eru tekin, sem unnið skal að.

9. gr.

Stjórnin ræður starfsmenn og ákveður launakjör þeirra. Heimilt er stjórninni að ráða framkvæmdastjóra til eins árs í senn, getur hún með erindisbréfi falið honum framkvæmdastjórn um daglegan rekstur og umsjón með verkstjórn vinnuflokka.

10. gr.

Allir samningar, er framkvæmdastjórn gerir fyrir hönd samþykktarsvæðisins, samkvæmt samþykktum þessum eða ályktunum aðalfundar ræktunarsambandsins, eru skuldbindandi fyrir félagsheildina og hreppabúnaðarfélögin, er að samþykkt standa, án þess að það hafi verið sérstaklega undir þau borið. Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð gerða sinna fyrir aðalfundi sambandsins.

III. KAFLI

Um tilhögun framkvæmda.

11. gr.

Skylt er stjórnum hreppabúnaðarfélaganna, hverri á sínu svæði, fyrir janúarlok ár hvert, að skrá verkbeiðnir félagsmanna. Skal þar tilgreint hverjar jarðabætur óskað er að unnar séu á því ári, svo og verkmagn þeirra. Skýrslum þessum ber að skila til framkvæmdastjórnar eigi síðar en 1. febr. ár hvert.

Skýrslunni fylgi frá verkkaupendum greiðsluskuldbinding hvers fyrir sig, og enn fremur yfirlýsing félagsstjórnar hreppsbúnaðarfélagsins, að það takist á hendur ábyrgð á greiðslum sinna félagsmanna fyrir þau verk, sem hjá þeim verða unnin á því starfsári.

71 21. febr.

12. gr.

Að fengnum þeim skýrslum, er um ræðir í 11. gr., ber framkvæmdastjórn að semja starfs- og rekstursáætlun fyrir yfirstandandi ár. Skal hún lögð fyrir aðalfund ræktunarsambandsins til samþykktar.

Framkvæmdastjórn er skylt að framfylgja samþykktri starfsáætlun eftir því sem við verður komið.

13. gr.

Við undirbúning framkvæmdaáætlunar sé þess sérstaklega gætt:

1. Að jarðir þær, er minnst véltækt land hafa, sitji fyrir vinnu, eftir því sem við verður komið, án þess að valda óhæfilegum aukakostnaði í flutningi véla og verkfæra;
2. að túnasléttun sé að öðru jöfnu látin sitja fyrir öðrum ræktunarframkvæmdum;
3. að land það, sem brjóta á til ræktunar, hafi verið ræst fram á fullnægjandi hátt, að dómi trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands;
4. að framræsla bithaga komi að jafnaði því aðeins til greina, að fullnægt hafi verið framræsluverkefnum vegna tún-, garð- og engjaræktar á þann hátt, að það tefji eigi jarðvinnsluna, svo því marki verði náð, að allur heyskapur verði tekinn á vélfæru landi.

IV. KAFLI

Um verðlagsákvarðanir og greiðslu kostnaðar.

14. gr.

Kostnaður við framkvæmdir, er í samþykkt þessari getur, greiðist af verkkaupanda, eftir þeim skildaga og á þann hátt, er tilgreint verður í verktökusamningi þeim, er um getur í 8. gr. þessarar samþykktar.

Heimilt er stjórn ræktunarsambandsins að láta greiðslur fara fram eftir áætluðum verktöxtum meðan verkið stendur yfir ár hvert, en fullnaðarreikningsskil séu byggð á tilkostnaðarverði, eins og það verður samkvæmt rekstursreikningi hvers árs. Áætlaðir verktaxtar séu miðaðir við tímaeiningu.

15. gr.

Til reksturskostnaðar telst greiðsla vinnulauna, allur reksturskostnaður véla og greiðslur fyrningargjalda af þeim, kostnaður við flutninga þeirra milli vinnustaða, viðhald véla, er stafar af eðlilegu sliti þeirra, vaxtagreiðslur, kostnaður við verkstjórn og stjórnarkostnaður.

Heimilt er stjórn ræktunarsambandsins að ákveða og leggja á framkvæmdakostnað áhættuþóknun, er nemi allt að 5% af heildarreksturskostnaði hvers árs.

16. gr.

Aðalfundur ræktunarsambandsins getur heimilað framkvæmdastjórn að taka ákveðin verk, sem tilgreind eru í 2. gr. þessarar samþykktar, í ákvæðisvinnu, enda sé lögð fyrir aðalfund kostnaðaráætlun og verklýsing af því, sem vinna á.

17. gr.

Heimilt er framkvæmdastjórn á þeim tíma, sem ekki er unnt að vinna að skurðgrefti, lokræsagerð eða jarðvinnslu fyrir samþykktaraðila, að taka að sér verkefni fyrir búendur, hreppsfélög á samþykktarsvæðinu eða aðra aðila, ef þau störf eru talin til hagsbóta fyrir jarðræktarsvæðið eða hluta þess, þó þau falli ekki undir ákvæði 2. gr., ef tryggt er, að það sé hagkvæmt fyrir ræktunarsambandið, enda sé

og tryggt, að vélakostur sé ekki festur við þessi störf, svo það brjóti í bága við hags- 71
muni samþykktaraðila. 21. febr.

18. gr.

Rekstursafgangur af áhættuþóknun, svo og ef ágóði verður af ákvæðisvinnu eða þeim verkum, sem um getur í 17. gr., skal leggjast í stofnsjóð samþykktarsvæðisins, og varið samkvæmt ákvæðum, er um hann gilda, sbr. 19. gr.

V. KAFLI
Fjáröflun og tryggingar.

19. gr.

Ræktunarsambandið myndar stofnsjóð til vélakaupa. Stofnfjárhæð hans er kr. 30000.00 auk tillags frá Búnaðarsambandi Dala og Snæfellsness.

Stofnfé sjóðsins er:

1. Fast gjald kr. 150.00 af hverju býli sem er í ábúð á samþykktarsvæðinu. (Tvíbýli telst tvö lögbýli.)
2. Minnst helmingur stofnfjárins, kr. 15000.00, greiðist þannig, að það skiptist á jarðir í ábúð eftir landverði í fasteignamati, svo og eftir landverði ræktunarlóða. Framlög samkvæmt lið 1 og 2 eru óafturkræf.

Erfðaleiguhafar og eigendur jarða skulu greiða þessi framlög, en lóðaeigendur greiða framlögin sjálfir.

Móti framangreindu stofnfé kemur framlag ríkissjóðs samkvæmt lögum nr. 7 12. jan. 1945. Rennur það í stofnsjóð jafnóðum og það greiðist sem styrkur til vélakaupa ræktunarsambandsins.

20. gr.

Stofnfjárframlag, er um getur í 19. gr., tölulið 1—2, greiðist inn til ræktunarsambandsstjórnar þá er samþykkt þessi hefur öðlazt gildi.

21. gr.

Komi í ljós síðar, að áliti framkvæmdastjórnar, að auka þurfi stofnsjóð, ber henni að gera rökstuddar tillögur um stofnfjáraukningu til aðalfundar ræktunarsambandsins.

Ef meiri hluti löglega kjörinna fulltrúa á aðalfundi ræktunarsambandsins ákveða stofnfjáraukningu, er hún bindandi fyrir hreppabúnaðarfélögin.

22. gr.

Heimilt er framkvæmdastjórn að taka reksturslán gegn tryggingu í þeim jarðræktarstyrk, er á umbæturnar verður greiddur úr ríkissjóði, samkvæmt ákvæðum II. og V. kafla jarðræktarlaganna.

23. gr.

Skylt er samþykktaraðilum að hafa greitt til framkvæmdastjórnar ¾ af áætluðu kostnaðarverði, að frádregnum jarðabótastyrk, þeirrar vinnu, er þeir hafa pantað, áður en verkið er hafið. Eftirstöðvarnar greiðast með gjalddaga, er verktökusamningur ákveður.

71
21. febr.

VI. KAFLI
Um reikningshald og endurskoðun.

24. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið og skal reikningsskilum lokið svo tímanlega, að endurskoðun geti farið fram áður en aðalfundur ræktunarsambandsins er haldinn, og skal hann haldinn fyrir lok aprílmánaðar ár hvert. Skulu endurskoðendur sannprófa, að reikningum beri saman við bækur framkvæmdastjórnar.

25. gr.

Endurskoðendur séu tveir kjörnir á aðalfundi ræktunarsambandsins til eins árs í senn. Þeir skulu kynna sér reksturinn sem bezt og hafa eftirlit með starfrækslu framkvæmdastjórnar í hvívetna.

26. gr.

Endurskoðaðir reikningar skulu lagðir fram til samþykktar á aðalfundi ræktunarsambandsins. Þar gefur framkvæmdastjórn skýrslu um starfsemina, svo og endurskoðendur, ef tilefni er til þess.

VII. KAFLI
Um breyting samþykkta og hvernig samþykkt verði úr gildi felld.

27. gr.

Tillögur, er fram kunna að koma til breytinga á samþykkt þessari frá hreppabúnaðarfélögum eða framkvæmdastjórn, skulu sendar stjórn ræktunarsambandsins, sem sendir þær til allra aðila, er að samþykkt standa samkvæmt 1. gr., til umsagnar. Þær skulu síðan, ásamt umsögnum búnaðarfélaganna, lagðar fyrir aðalfund ræktunarsambandsins. Samþykki löglegur aðalfundur breytingarnar með að minnsta kosti ⅗ atkvæðisbærra fulltrúa, skal stjórn ræktunarsambandsins senda breytingarnar Búnaðarfélagi Íslands, er leitar staðfestingar landbúnaðarráðherra á þeim.

28. gr.

Samþykkt þessa má því aðeins nema úr gildi, að rökstutt álit meiri hluta samþykktaraðila liggi fyrir um að tilgangi samþykktar verði ekki náð, og lögmætur aðalfundur ræktunarsambandsins samþykki það með að minnsta kosti ⅗ hlutum atkvæðisbærra fundarmanna, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til.

29. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

30. gr.

Samþykkt þessi gengur í gildi er hún hefur verið staðfest af landbúnaðarráðherra.

Samþykkt þessi, sem er sett samkvæmt lögum nr. 7 12. janúar 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, og reglugerð um jarðræktarsamþykktir frá 20. febrúar 1946, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 21. febrúar 1947.

Bjarni Ásgeirsson.

Árni G. Eylands.

JARÐRÆKTARSAMÞYKKT

72
21. febr.

fyrir Búnaðarsamband Vestfjarða.

I. KAFLI
Takmörk samþykktarsvæða og markmið.

1. gr.

Búnaðarsamband Vestfjarða sé skipt í eftirfarandi samþykktarsvæði og ræktunarfélög:

1. Búnaðarfélag Geiradalshrepps og Búnaðarfélag Reykhólahrepps.
2. Búnaðarfélag Gufudalshrepps og Búnaðarfélag Múlahrepps.
3. Búnaðarfélag Flateyjarhrepps.
4. Búnaðarfélag Barðastrandarhrepps.
5. Búnaðarfélag Rauðasandshrepps, Búnaðarfélag Patrekshrepps og Búnaðarfélag Tálknafjarðarhrepps.
6. Búnaðarfélag Ketildalahrepps og Búnaðarfélag Suðurfjarðahrepps.
7. Búnaðarfélag Auðkúluhrepps, Búnaðarfélag Þingeyrarhrepps, Búnaðarfélag Mýrahrepps, Búnaðarfélag Mosvallahrepps, Búnaðarfélag Flateyrarhrepps og Búnaðarfélag Suðureyrarhrepps.
8. Búnaðarfélag Hólshrepps, Búnaðarfélag Eyrarhrepps og Búnaðarfélag Súðavíkurhrepps.
9. Búnaðarfélag Ögurhrepps og Búnaðarfélag Reykjarfjarðarhrepps.
10. Búnaðarfélag Nauteyrarhrepps.
11. Búnaðarfélag Snæfjallahrepps.
12. Búnaðarfélag Grunnavíkurhrepps.
13. Búnaðarfélag Sléttuhrepps.

2. gr.

Hvert ræktunarsamband eða ræktunarfélag fyrir sig tekur að sér, í samráði við Búnaðarsamband Vestfjarða og með aðstoð þess og á þann hátt, sem nánar er fyrir mælt í samþykkt þessari, eftirgreind verkefni, er nái til allra jarða á samþykktarsvæðinu, eftir því sem við á á hverjum stað, að undanskildum þeim, er falla undir ákvæði VI. kafla jarðræktarlaga nr. 54 4. júlí 1942, um búferlaflutning:

1. Að ræsa fram land til túnræktar, garðræktar, beitiræktar og engjaræktar. Tekur framkvæmd verksins til fullnaðarframræslu á landinu að opnum skurðum, svo og lokræsum, þar sem þeirra er þörf, eins og fyrir verður mælt af trúnaðarmanni, er Búnaðarfélag Íslands samþykkir, til að hafa á hendi undirbúning, hvernig verkið skuli framkvæmt;
2. að framkvæma jarðvinnslu á þeim túnum jarða á samþykktarsvæðinu, sem ekki eru véltæk. Nær það til plægingar, herfingar og jöfnunar landsins. Hverjar vinnuaðferðir eru viðhafðar á hverjum stað, fer eftir fyrirsögn trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands;
3. að taka að sér jarðvinnslu til nýræktar túna og garða. Nær það til fullnaðarvinnslu landsins, á sama hátt og gert er ráð fyrir í síðustu málsgrein undir lið 2;
4. Að framkvæma sléttun engja, svo þær verði véltækar, hvort heldur það er gert með völtun, vinnslu lands, flóðgarðahleðslu eða öðrum aðferðum, eftir fyrirsögn trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands.

72
21. febr.

II. KAFLI
Skipun og verksvið framkvæmdastjórnar.

3. gr.

Hvert ræktunarsamband eða ræktunarfélag velur sér þriggja manna framkvæmdastjórn, samkvæmt 3. gr. laga nr. 7 12. janúar 1945, síðustu málsgrein. Skal hún kjörin til þriggja ára. Gengur einn maður úr stjórninni árlega. Tvö fyrstu árin eftir hlutkesti og síðan í röð eftir starfsaldri. Stjórnarnefndarmennina má endurkjósa.

4. gr.

Stjórnin skiptir með sér verkum. Formaður boðar til allra funda og stjórnar þeim, ritari sér um bókun fundargerða, gjaldkeri hefur á hendi reikningshald fyrir allar þær framkvæmdir, sem gerðar eru á grundvelli samþykktarinnar og annast allar innheimtur og greiðslur eftir ávísun formanns.

Þar sem samþykktarsvæði nær aðeins yfir einn hrepp, getur stjórn hlutaðeigandi búnaðarfélags komið í stað framkvæmdastjórnar.

5. gr.

Stjórn hvers ræktunarsambands eða ræktunarfélags annast, í samráði við Búnaðarsamband Vestfjarða, kaup á nauðsynlegum vélum og verkfærum, til skurða og lokræsagerðar og á jarðvinnsluvélum. En samkvæmt 8. gr. laga nr. 7 12. janúar 1945, er henni einnig skylt að gera slík kaup í samráði við verkfæranefnd ríkisins.

6. gr.

Stjórn hvers ræktunarsambands eða ræktunarfélags sér, í samráði við Búnaðarsamband Vestfjarða, um kaup á öllu því, er með þarf, til reksturs og viðhalds þeim vélum og áhöldum, er keypt verða. Henni ber að hafa þau tryggð fyrir fjárhæð, er svarar til verðgildis þessara eigna, eins og það er á hverjum tíma.

7. gr.

Stjórn hvers ræktunarsambands eða ræktunarfélags annast um allan rekstur vélanna. Henni ber að gera og undirrita alla verktökusamninga við hina einstöku framkvæmdaaðila á samþykktarsvæðinu og ákveða, á hverjum tíma og í hverri röð verkefnin eru tekin, sem unnið er að.

8. gr.

Stjórn hvers ræktunarsambands eða ræktunarfélags ræður starfsmenn, semur um launakjör þeirra og hefur eftirlit með öllum jarðræktarframkvæmdum.

9. gr.

Allir samningar, er framkvæmdastjórn gerir fyrir hönd félagsins samkvæmt samþykktum þessum, ályktunum aðalfundar Búnaðarsambands Vestfjarða eða tillögum Búnaðarfélags Íslands, eru skuldbindandi fyrir ræktunarfélagið eða ræktunarsambandið í heild, þótt þeir hafi ekki sérstaklega verið undir það — eða einstök hreppabúnaðarfélög — bornir. Framkvæmdastjórn ber ábyrgð gerða sinna fyrir aðalfundi Búnaðarsambands Vestfjarða.

III. KAFLI
Um tilhögun framkvæmda.

10. gr.

Skylt er stjórnum hreppabúnaðarfélaganna, hverri á sínu svæði, að skrá verkbeiðnir félaganna fyrir lok janúarmánaðar ár hvert. Skal þar tilgreint, hverjar jarðabætur óskað er að unnar séu á því ári, svo og verkmagn þeirra, að því er næst verður komizt. Skýrslum þessum ber að skila til framkvæmdastjórnar hlutaðeigandi ræktunarsambands eða ræktunarfélaga, fyrir 1. febrúar ár hvert.

Skýrslunni fylgi frá verkkaupendum greiðsluskuldbinding hvers fyrir sig, og enn fremur yfirlýsing stjórnar hreppsbúnaðarfélagsins, að það takist á hendur ábyrgð á greiðslum fyrir þau verk, sem hjá þeim verða unnin á því starfsári.

11. gr.

Að fengnum þeim skýrslum, sem um ræðir í 10. gr., ber framkvæmdastjórninni í samráði við stjórn búnaðarsambandsins, ef við verður komið, að semja starfs- og rekstursáætlun fyrir yfirstandandi ár. Rísi ágreiningur millì framkvæmdastjórnar ræktunarsambandsins eða ræktunarfélagsins og sambandsstjórnar um veigamikil atriði varðandi þessi efni, leggst það fyrir aðalfund sambandsins til úrlausnar. Framkvæmdastjórn er skylt að framfylgja samþykktri starfsáætlun, eftir því sem við verður komið.

12. gr.

Við undirbúning framkvæmdaáætlunar sé þess sérstaklega gætt:

1. Að jarðir, sem minnst véltækt land hafa, sitji fyrir vinnu, eftir því sem við verður komið, án þess að valda óhæfilegum aukakostnaði í flutningi véla og verkfæra;
2. að túnasléttun sé, að öðru jöfnu, látin sitja fyrir öðrum ræktunarframkvæmdum;
3. að land það, sem brjóta á til ræktunar, hafi verið ræst fram á fullnægjandi hátt, að dómi trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands;
4. að framræsla bithaga í stærri stíl komi að jafnaði því aðeins til greina, að fullnægt hafi verið framræsluverkefnum vegna túnræktar, garðræktar og engjaræktar, á þann hátt, að það tefji eigi jarðvinnsluna, svo því marki verði náð, að allur heyskapur verði tekinn á vélfæru landi.

IV. KAFLI
Verðlagsákvarðanir og greiðsla kostnaðar.

13. gr.

Kostnaður við framkvæmdir, er í samþykkt þessari getur, greiðist af verkkaupanda eftir þeim skildaga og á þann hátt, er tilgreint verður í verktökusamningi þeim, er um getur í 7. gr. þessarar samþykktar. Heimilt er stjórn sambandsins eða framkvæmdastjórn að láta greiðslur fara fram eftir áætluðum verktöxtum meðan verkið stendur yfir ár hvert, en fullnaðargreiðsla sé byggð á tilkostnaðarverði, eins og það verður samkvæmt rekstursreikningi hvers árs. Áætlaðir verktaxtar séu miðaðir við tímaeiningu.

14. gr.

Til reksturskostnaðar telst greiðsla vinnulauna, allur reksturskostnaður véla, og greiðslur fyrningargjalds af þeim, kostnaður við flutninga þeirra milli vinnustaða, geymsla þeirra, viðhald, er stafar af eðlilegu sliti, stjórnarkostnaður, verkstjórn og vaxtagreiðslur.

72 Heimilt er sambandsstjórn að ákveða og leggja á framkvæmdakostnað áhættu-
21. febr. þóknun, er nemi allt að því 5% af heildarreksturskostnaði hvers árs.

15. gr.

Aðalfundur búnaðarsambandsins getur heimilað framkvæmdastjórn að taka ákveðin verk, sem tilgreind eru í 2. gr. þessarar samþykktar í ákvæðisvinnu, enda sé lögð fyrir aðalfund kostnaðaráætlun og lýsing á verki því, er vinna á.

16. gr.

Heimilt er framkvæmdastjórn að taka að sér verkefni fyrir búendur, hreppsfélag eða aðra aðila í ræktunarsambandinu eða ræktunarfélaginu, þótt þau falli ekki undir ákvæði 2. gr., ef tryggt er, að það sé hagkvæmt fyrir búnaðarsambandið, og þó einkum fyrir ræktunarsambandið eða ræktunarfélagið, enda sé öruggt, að vélakostur sé ekki festur svo við þessi störf, að það brjóti í bága við hagsmuni samþykktaraðila.

17. gr.

Rekstursafgangur vegna áhættuþóknunar, svo og ef ágóði verður af ákvæðisvinnu, eða þeim verkum, er um getur í 16. gr., skal leggjast í stofnsjóð ræktunarsambandsins eða ræktunarfélagsins og varið samkvæmt ákvæðum þeim, er um hann gilda, sbr. 18. gr.

18. gr.

Hvert samþykktarsvæði myndar stofnsjóð til vélakaupa. Stofnfjárhæð hans fyrir ræktunarsamböndin eða ræktunarfélögin er sem hér segir:

1.	samþykktarsvæði	kr.	34 000.00
2.	—	—	26 000.00
3.	—	—	10 000.00
4.	—	—	24 000.00
5.	—	—	37 000.00
6.	—	—	35 000.00
7.	—	—	80 000.00
8.	—	—	55 000.00
9.	—	—	42 000.00
10.	—	—	19 000.00
11.	—	—	19 000.00
12.	—	—	13 000.00
13.	—	—	13 000.00
		Samtals kr.	407 000.00

Búnaðarsamband Vestfjarða leggur fram helming stofnfjárins, en viðkomandi hreppabúnaðarfélög hinn hluta þess, og eru framlög þessi óafturkræf.

Framlag hvers hreppabúnaðarfélags skal greitt í hlutföllum við fasteignamat lands og ræktunarlóða, þó þannig, að hver verðeining ræktunarlóða beri aðeins hálfan gjaldþunga móti einingu í öðru landverði.

Heimilt skal þó framkvæmdastjórnum ræktunarsambanda eða ræktunarfélaga að nota annan grundvöll við álagningu framlaganna, ef henta þykir.

Í stofnsjóð leggjast einnig þær árlegar tekjur, er inn koma samkvæmt ákvæðum 17. og 29. greinar.

19. gr.

Jarðvinnsluvélar og verkfæri, er framkvæmdastjórn kaupir fyrir ræktunarsambandið eða ræktunarfélagið samkvæmt 8. og 9. gr. laga nr. 7 12. janúar 1945, skulu greiddar úr stofnsjóði, enda rennur styrkur sá, sem veittur er úr framkvæmdasjóði ríkisins til vélakaupa, í stofnsjóð jafnóðum og hann greiðist.

20. gr. 72

Komi í ljós síðar, að áliti framkvæmdastjórnar, að auka þurfi stofnsjóð, ber 21. febr.
henni að gera rökstuddar tillögur um stofnfjáraukningu til búnaðarsambandsstjórnar, er tilkynnir það hreppabúnaðarfélögum áður en fulltrúar eru kosnir á aðalfund sambandsins. Ef meiri hluti löglega kjörinna fulltrúa á aðalfundi búnaðarsambandsins ákveða stofnfjáraukningu, er hún bindandi fyrir hreppsbúnaðarfélögin.

21. gr.

Heimilt er framkvæmdastjórn að taka reksturslán, gegn tryggingu í þeim jarðræktarstyrk, er á umbætur verður greiddur úr ríkissjóði, samkvæmt ákvæðum II. og V. kafla jarðræktarlaga.

VI. KAFLI
Reikningshald og endurskoðun.

22. gr.

Reikningsár hvers ræktunarsambands eða ræktunarfélags er almanaksárið. Árlegum reikningsskilum og endurskoðun skal lokið, og aðalfundur haldinn svo snemma, að reikningar verði sendir og séu komnir í hendur formanns Búnaðarsambands Vestfjarða 15. marz. Sambandsstjórnin athugar reikningana og gerir tillögur til athugasemda, ef þurfa þykir. Leggur hún þá síðan ásamt umsögn fyrir aðalfund sambandsins til fullnaðarafgreiðslu.

23. gr.

Endurskoðendur séu tveir fyrir hvert ræktunarsamband eða ræktunarfélag, kjörnir af aðalfundi búnaðarsambandsins til eins árs í senn. Þeir skulu kynna sér reksturinn sem bezt, hafa í hvívetna eftirlit með starfsemi framkvæmdastjórnar og sannprófa að reikningum beri saman við bækur hennar. Búnaðarsambandið greiðir þeim þóknun, sem aðalfundur ákveður.

24. gr.

Samtímis og reikningarnir eru sendir sambandsstjórn, samkvæmt 22. gr., ber formanni hvers ræktunarsambands eða ræktunarfélags að senda formanni búnaðarsambandsins glögga skýrslu um framkvæmdir á síðastliðnu ári og áætlun um framkvæmdir yfirstandandi árs. Þessi gögn, ásamt umsögn sambandsstjórnar, skal leggja fram á næsta aðalfundi sambandsins og takast til meðferðar á fundinum, ef stjórn sambandsins telur við þurfa eða minnst 3 fulltrúar óska þess.

25. gr.

Þegar skipti Búnaðarsambands Vestfjarða í ræktunarsambönd eða ræktunarfélög, hafa hlotið staðfestingu samkvæmt lögum nr. 7 12. janúar 1945, og samþykkt þessari, ber formönnum hvers ræktunarsambands eða ræktunarfélags að koma saman á fund. Semja þeir frumvarp að ræktunarsamþykkt fyrir ræktunarsambönd eða ræktunarfélög, sbr. 5. málsgrein 3. gr. áðurnefndra laga. Frumvarpið sé síðan lagt fyrir fund í hverju hreppabúnaðarfélagi. Sé hann löglega boðaður og fundarefni tilgreint. Hljóti frumvarpið þannig samþykki meiri hluta búnaðarfélaganna, skoðast það gildandi fyrir viðkomandi ræktunarsambönd eða ræktunarfélög að fengnu samþykki stjórnar Búnaðarsambands Vestfjarða. Nú gerir meiri hluti félagsfunda breytingartillögur. Taka formenn félaganna frumvarpið þá til nýrrar meðferðar. Fær það þá gildi, eins og meiri hluti þeirra samþykkir það, að fengnu samþykki sambandsstjórnar.

72 21. febr. Rísi ágreiningur um frumvarpið milli sambandsstjórnar og samþykktaraðila, leggst hann fyrir aðalfund sambandsins og er löglega samþykktur úrskurður hans gildandi.

Í ræktunarsamþykkt þessari séu ákvæði um:

1. Með hvaða hætti félagið velur sér framkvæmdastjórn.
2. Upphæð stofnsjóðs ræktunarsambandsins eða ræktunarfélagsins samkvæmt 18. gr. þessarar samþykktar.
3. Hvaða upphæð hverju hreppabúnaðarfélagi ber að leggja í stofnsjóðinn, sbr. 18. gr. þessarar samþykktar.
4. Tilhögun og stjórn jarðræktarframkvæmda á samþykktarsvæðinu, þannig að sem mest tillit sé tekið til staðhátta hvers svæðis.
5. Fyrningar og viðhaldsgjald véla og verkfæra, samkvæmt ákvæðum verkfæranefndar ríkisins, sbr. 10. gr. laga nr. 7 1945. Enn fremur annað það, er jarðræktarstarfsemi félagsins sérstaklega varðar, og þörf telst að setja ákvæði um. Enda séu öll slík ákvæði í samræmi við nefnd lög, reglugerð og samþykkt þessa.

VII. KAFLI

Um breyting samþykkta og hvernig samþykkt verði úr gildi felld.

26. gr.

Tillögur, er fram kunna að koma til breytinga á samþykkt þessari, frá hreppabúnaðarfélögum eða framkvæmdastjórum, skulu sendar stjórn búnaðarsambandsins, er sendir þær til allra aðila, er að samþykktinni standa, samkv. 1. gr., til umsagnar. Þær skulu síðan ásamt umsögnum búnaðarfélaganna lagðar fyrir aðalfund búnaðarsambandsins. Samþykki löglegur aðalfundur breytingarnar með minnst ⅗ atkvæðisbærra fundarmanna, skal stjórn sambandsins senda þær Búnaðarfélagi Íslands, er leitar staðfestingar landbúnaðarráðherra á þeim.

27. gr.

Samþykkt þessa má því aðeins nema úr gildi, að rökstutt álit meiri hluta samþykktaraðila liggi fyrir um, að tilgangi hennar verði ekki náð, og lögmætur aðalfundur búnaðarsambandsins samþykki það með minnst ⅗ atkvæðisbærra fundarmanna, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til.

28. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið sem almenn lögreglumál, og geta þau varðað sektum frá 1000—5000 krónum, nema þyngri hegning liggi við að lögum.

29. gr.

Samþykkt þessi gengur í gildi er hún hefur verið staðfest af landbúnaðarráðherra.

Samþykkt þessi, sem er sett samkvæmt lögum nr. 7 12. janúar 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, og reglugerð um jarðræktarsamþykktir frá 20. febrúar 1946, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 21. febrúar 1947.

Bjarni Ásgeirsson.

Árni G. Eylands.

JARÐRÆKTARSAMÞYKKT

73
24. febr.

fyrir Búnaðarfélag Aðaldæla, Suður-Þingeyjarsýslu.

Búnaðarfélag Aðaldæla, Suður-Þingeyjarsýslu, gerir á grundvelli laga nr. 7 12. jan. 1945 svofellda ræktunarsamþykkt:

I. KAFLI
Takmörk samþykktarsvæðis og markmið.

1. gr.

Samþykktarsvæðið nær yfir allan Aðaldælahrepp.

2. gr.

Búnaðarfélagið tekur að sér, á þann hátt sem fyrir er mælt í samþykkt þessari, eftirgreind verkefni á öllum jörðum á samþykktarsvæðinu, að undanskildum þeim, er falla undir ákvæði VI. kafla jarðræktarlaga nr. 54 4. júlí 1942, um búferlaflutning:

1. Að ræsa fram land til túnræktar, garðræktar, beitiræktar og engjaræktar. Tekur framkvæmd verksins til fullnaðarframræslu á landinu að opnum skurðum, svo og lokræsum, þar sem þess er þörf, eins og fyrir verður mælt af trúnaðarmanni, er Búnaðarfélag Íslands samþykkir til að hafa á hendi undirbúning um hvernig verkið skuli framkvæmt;
2. að framkvæma jarðvinnslu á túnum jarða á samþykktarsvæðinu, sem ekki eru véltæk. Nær það til plægingar, herfingar og jöfnunar landsins. Hverjar vinnsluaðferðir verða viðhafðar á hverjum stað, fer eftir fyrirsögn trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands;
3. að taka að sér jarðvinnslu til nýræktar túna eða garða. Nær það til fullnaðarvinnslu landsins á sama hátt og gert er ráð fyrir í síðustu málsgrein undir lið 2.
4. að framkvæma sléttun engja, svo þær verði véltækar, hvort heldur það er gert með völtun, vinnslu lands, flóðgarðahleðslu eða öðrum aðferðum eftir fyrirsögn trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands.

II. KAFLI
Skipun og verksvið framkvæmdastjórnar.

3. gr.

Stjórn búnaðarfélagsins fer með málefni ræktunarsvæðisins. Skal stjórnin annast kaup á nauðsynlegum vélum og verkfærum til skurða- og lokræsagerðar, svo og á jarðvinnsluvélum, en skylt er henni, sbr. 8. gr. laga um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, að hafa samráð við verkfæranefnd ríkisins um kaup og val vélanna.

4. gr.

Stjórnin sér um kaup á öllu því, er með þarf til reksturs og viðhalds þeim vélum og áhöldum, er keypt verða. Henni ber að hafa þau tryggð fyrir fjárhæð, er svarar til verðgildis þessara eigna, eins og þær eru á hverjum tíma.

30. dag aprílmánaðar 1947. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

73 5. gr.

24. febr. Stjórnin annast um allan rekstur vélanna. Henni ber að gera alla verktökusamninga við hina einstöku framkvæmdaraðila á samþykktarsvæðinu og ákveður á hverjum tíma og í hverri röð verkefnin eru tekin, sem unnið skal að.

6. gr.

Stjórnin ræður starfsmenn og ákveður launakjör þeirra. Heimilt er stjórninni að ráða framkvæmdastjóra til eins árs í senn. Getur hún með erindisbréfi falið honum framkvæmdastjórn um daglegan rekstur og umsjón með verkstjórn vinnuflokka.

7. gr.

Allir samningar, er stjórnin og framkvæmdastjóri gera fyrir hönd félagsins samkvæmt samþykktum þessum eða ályktunum aðalfundar félagsins, eru skuldbindandi fyrir félagsheildina, án þess að þeir hafi verið sérstaklega undir hana bornir. Stjórn og framkvæmdastjórn bera ábyrgð gerða sinna fyrir aðalfundi búnaðarfélagsins.

III. KAFLI
Um tilhögun framkvæmda.

8. gr.

Skylt er stjórn búnaðarfélagsins fyrir febrúarlok ár hvert að skrá verkbeiðnir félagsmanna. Skal þar tilgreint hverjar jarðabætur óskað er að unnar séu á því ári, svo og verkmagn þeirra. Skýrslunni fylgi frá verkkaupendum greiðsluskuldbinding hvers fyrir sig.

9. gr.

Að fengnum skýrslum þeim, er um ræðir í 8. gr., ber stjórn búnaðarfélagsins að semja starfs- og rekstraráætlun fyrir yfirstandandi ár. Rísi ágreiningur innan búnaðarfélagsstjórnar um veigamikil atriði framkvæmdaáætlunar, ber að leggja hana fyrir aðalfund búnaðarfélagsins til úrskurðar. Framkvæmdastjórn er skylt að framfylgja samþykktri starfsáætlun eftir því, sem við verður komið.

10. gr.

Við undirbúning framkvæmdaáætlunar sé þess sérstaklega gætt:

a. Að þær jarðir, sem minnst véltækt land hafa, sitji fyrir vinnu eftir því, sem við verður komið, án þess að valda óhæfilegum aukakostnaði í flutningi véla og verkfæra;
b. að túnasléttun sé að öðru jöfnu látin sitja fyrir öðrum ræktunarframkvæmdum;
c. að land það, sem brjóta á til ræktunar, hafi verið ræst fram á fullnægjandi hátt, að dómi trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands;
d. að framræsla bithaga komi að jafnaði því aðeins til greina, að fullnægt hafi verið framræsluverkefnum vegna tún-, garða- og engjaræktar á þann hátt, að það tefji eigi jarðvinnsluna, svo að því marki verði náð, að allur heyskapur verði tekinn á vélfæru landi.

IV. KAFLI
Um verðlagsákvarðanir og greiðslu kostnaðar.

11. gr.

Kostnaður við framkvæmdir, er í samþykkt þessari getur, greiðist af verkkaupanda, eftir þeim skildaga og á þann hátt, er tilgreint verður í verktökusamningi

þeim, er um getur í 5. gr. þessarar samþykktar. Heimilt er stjórn búnaðarfélagsins að láta greiðslu fara fram eftir áætluðum verktöxtum meðan verkið stendur yfir ár hvert, en fullnaðargreiðsla sé byggð á tilkostnaðarverði, eins og það verður samkvæmt rekstursreikningi hvers árs. Áætlaðir verktaxtar séu miðaðir við tímaeiningu.

73
24. febr.

12. gr.

Til reksturskostnaðar telst greiðsla vinnulauna, allur reksturskostnaður véla og greiðslur fyrningargjalds af þeim, kostnaður við flutninga þeirra milli vinnustaða, viðhalds véla, er stafar af eðlilegu sliti þeirra, vaxtagreiðslur, kostnaður við verkstjórn og stjórnarkostnaður. Heimilt er búnaðarfélagsstjórn að ákveða og leggja á framkvæmdakostnað áhættuþóknun, er nemi allt að 5% af heildarrekstrarkostnaði hvers árs.

13. gr.

Heimilt er búnaðarfélagsstjórn á þeim tímum, sem ekki er unnt að vinna að skurðgrefti, lokræsagerð eða jarðvinnslu fyrir samþykktaraðila, að taka að sér verkefni í ákvæðisvinnu eða tímavinnu fyrir búendur, hreppsfélag eða aðra aðila á samþykktarsvæðinu eða utan þess, þó þau falli ekki undir ákvæði 2. gr., ef tryggt er að það sé hagkvæmt fyrir búnaðarfélagið, enda sé tryggt að vélakostur sé ekki festur við þessi störf, svo að það brjóti í bága við hagsmuni samþykktaraðila.

14. gr.

Rekstrarafgangur af áhættuþóknun, svo og ef ágóði verður af ákvæðisvinnu eða þeim verkum, er um getur í 13. gr., skal leggjast í stofnsjóð samþykktarsvæðisins, og varið samkvæmt ákvæðum þeim, er um hann gilda, sbr. 15. gr.

V. KAFLI
Fjáröflun og tryggingar.

15. gr.

Búnaðarfélagið myndar stofnsjóð til vélakaupa. Stofnfjárhæð hans er 80 000 — áttatíu þúsund — krónur.

Stofnfé stofnsjóðs er:

1. Helmingur stofnsjóðsins er framlag framkvæmdasjóðs ríkisins samkvæmt ákvæðum 9. gr. laga um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum. Renni framlagið í stofnsjóð jafnóðum og það greiðist sem styrkur til vélakaupa félagsins.
2. Hinn hluti stofnfjárins skal lagður fram af búnaðarfélaginu sem óafturkræft fé.
3. Auk þess leggjast í stofnsjóð árlegar tekjur þær, sem inn koma samkvæmt ákvæðum 14. gr.

16. gr.

Stofnfjárframlag búnaðarfélagsins greiðist þá er samþykkt þessi hefur öðlazt gildi.

17. gr.

Komi í ljós síðar, að áliti búnaðarfélagsstjórnar, að auka þurfi stofnsjóð, ber henni að gera rökstuddar tillögur um stofnfjáraukningu til aðalfundar, sem ákveður stofnfjáraukningu.

18. gr.

Heimilt er framkvæmdastjórn að taka reksturslán gegn tryggingu í þeim jarðræktarstyrk, er á umbæturnar verður greiddur úr ríkissjóði samkvæmt ákvæðum II. og V. kafla jarðræktarlaga.

73 19. gr.

24. febr. Skylt er samþykktaraðilum að hafa greitt til búnaðarfélagsstjórnar ¾ af áætluðu kostnaðarverði, að frádregnum jarðabótastyrk þeirrar vinnu, er þeir hafa pantað, áður en verkið er hafið. Eftirstöðvar greiðist með gjalddaga, er verktökusamningur ákveður.

VI. KAFLI
Um reikningshald og endurskoðun.

20. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið og skal reikningum lokið svo tímanlega, að endurskoðun geti farið fram áður en hinn árlegi aðalfundur búnaðarfélagsins er haldinn eða fyrir aprílmánaðarlok. Skulu endurskoðendur sannprófa að reikningum beri saman við bækur stjórnarinnar.

21. gr.

Endurskoðendur séu tveir kjörnir á aðalfundi búnaðarfélagsins til eins árs í senn. Þeir skulu kynna sér reksturinn sem bezt, og hafa eftirlit með starfrækslu félagsstjórnar í hvívetna.

22. gr.

Endurskoðaðir reikningar skulu lagðir fram til samþykktar á aðalfundi búnaðarfélagsins. Þar gefur framkvæmdastjórn skýrslu um starfsemina, svo og endurskoðendur, ef tilefni er til þess.

VII. KAFLI
Um breyting samþykkta og hvernig samþykkt verði úr gildi felld.

23. gr.

Tillögur, er fram kunna að koma til breytinga á samþykkt þessari, skulu lagðar fyrir aðalfund félagsins. Samþykki löglegur aðalfundur breytingarnar með minnsta kosti ⅗ atkvæða, skal stjórnin senda breytingarnar Búnaðarfélagi Íslands, er leitar staðfestingar landbúnaðarráðherra á þeim.

24. gr.

Samþykktir þessar má því aðeins nema úr gildi, að rökstutt álit meiri hluta samþykktaraðila liggi fyrir um að tilgangi samþykktar verði ekki náð, og lögmætur aðalfundur búnaðarfélagsins samþykki það með að minnsta kosti ⅗ atkvæðisbærra fundarmanna, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til.

25. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

26. gr.

Samþykkt þessi gengur í gildi er hún hefur verið staðfest af landbúnaðarráðherra.

Samþykkt þessi, sem er sett samkvæmt lögum nr. 7 12. janúar 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum og reglugerð um jarðræktarsamþykktir frá 20. febrúar 1946, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 24. febrúar 1947.

Bjarni Ásgeirsson.

Árni G. Eylands.

JARÐRÆKTARSAMÞYKKT

74
24. febr.

fyrir Búnaðarfélög Saurbæjar- og Hrafnagilshreppa.

I. KAFLI
Takmörk ræktunarfélagsins og markmið.

1. gr.

Búnaðarfélag Saurbæjarhrepps og Búnaðarfélag Hrafnagilshrepps stofna með sér ræktunarfélag, er nefnist Ræktunarfélag Saurbæjar- og Hrafnagilshreppa. Félagssvæðið er Saurbæjarhreppur og Hrafnagilshreppur í Eyjafirði.

2. gr.

Tilgangur samþykktarinnar er að annast eftirgreind verkefni á félagssvæðinu:

1. Að ræsa fram land, sem nytja á sem tún, garða, engi eða bithaga;
2. að vinna land, er nytja á sem tún eða garða. Nær það til plægingar, herfingar og jöfnunar landsins;
3. að slétta engi svo að það verði véltækt;
4. að undirbyggja og ryðja vegi, grafa húsgrunna, svo og að vinna önnur nauðsynleg störf, er miða að hagkvæmum búrekstri. Framkvæmdum skal á hverjum tíma haga eins og fyrir verður mælt eða samþykkt af trúnaðarmanni, er Búnaðarfélag Íslands samþykkir til að hafa á hendi undirbúning og umsjón með framkvæmd verksins.

II. KAFLI
Skipun og verksvið stjórnar.

3. gr.

Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum, kjörnum þannig, að hvort búnaðarfélag kýs 2 menn til tveggja ára og gengur sinn maður úr hvort ár, fyrst eftir hlutkesti. Fimmti maður í stjórninni skal kosinn á aðalfundi ræktunarfélagsins til tveggja ára og er hann oddamaður. Stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum. Stjórnarnefndarmenn má endurkjósa. Varastjórn skal skipuð jafnmörgum mönnum, kosnum á sama hátt til jafnlangs tíma.

4. gr.

Stjórn félagsins annast kaup á nauðsynlegum vélum og verkfærum til skurða- og lokræsagerðar, svo og jarðvinnsluvélum. En skylt er henni, sbr. 8. gr. laga um jarðræktar- og húsagerðarsamþykkir í sveitum, að hafa samráð við verkfæranefnd ríkisins um kaup og val vélanna. Stjórnin sér um kaup á öllu því, er þarf til reksturs og viðhalds þeim vélum, er keyptar verða. Henni ber að hafa vélar og verkfæri tryggð fyrir fjárhæð, er svarar til verðgildis þessara eigna, eins og þær eru á hverjum tíma.

5. gr.

Stjórnin annast allan rekstur vélanna, og ákveður á hverjum tíma og í hverri röð verkefnin eru tekin, sem unnið skal að.

6. gr.

Stjórnin ræður starfsmenn og ákveður launakjör þeirra. Heimilt er stjórninni að ráða framkvæmdastjóra til eins árs í senn, getur hún falið honum framkvæmdastjórn um daglegan rekstur.

74 24. febr.

7. gr.

Allir samningar, er stjórnin gerir fyrir hönd ræktunarfélagsins samkvæmt samþykktum þessum, eru skuldbindandi fyrir félagsheildina og hreppabúnaðarfélögin, er að samþykkt standa, án þess það hafi verið sérstaklega undir þau borið. Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð gerða sinna fyrir umbjóðendur sína.

8. gr.

Stjórnin heldur aðalfund fyrir febrúarlok ár hvert, sameiginlegan fyrir allt félagssvæðið. Skulu endurskoðaðir reikningar næstliðins árs lagðir þar fram til samþykktar. Þar gefur stjórnin skýrslu um starfsemina, svo og endurskoðendur, ef tilefni gefst. Þar skulu einnig rædd önnur þau mál, er félagsskapinn verða. Lögmætur er aðalfundur, sé til hans boðað með nægilegum fyrirvara og að minnst helmingur félagsmanna mæti. Farist fundur fyrir vegna ónógrar fundarsóknar skal til hans boðað á ný og er hann þá lögmætur, ef minnst ¼ félagsmanna mætir.

III. KAFLI
Um tilhögun framkvæmda.

9. gr.

Skylt er stjórnum hreppabúnaðarfélaganna, hvorri á sínu svæði, fyrir janúarlok ár hvert að skrá verkbeiðnir félagsmanna. Skal þar tilgreint hverjar jarðabætur óskað er að unnar séu á því ári, svo og verkmagn þeirra. Skýrslum þessum ber að skila til félagsstjórnar fyrir aðalfund ár hvert.

10. gr.

Að fengnum þeim skýrslum, er um ræðir í 9. gr., ber stjórn félagsins að semja starfs- og rekstraráætlun fyrir yfirstandandi ár. Rísi ágreiningur um veigamikil atriði framkvæmdaáætlunar ber að leggja hana fyrir aðalfund til samþykktar. Framkvæmdastjórn er skylt að framfylgja samþykktri starfsáætlun eftir því, sem við verður komið.

11. gr.

Við undirbúning framkvæmdaáætlunar sé þess sérstaklega gætt:

1. Að þær jarðir, sem minnst véltækt land hafa, sitji fyrir vinnu, eftir því sem við verður komið, án þess að valda óhæfilegum kostnaði í flutningi véla og verkfæra;
2. að túnasléttun sé að öðru jöfnu látin sitja fyrir öðrum ræktunarframkvæmdum;
3. að land það, sem brjóta á til ræktunar, hafi verið ræst fram á fullnægjandi hátt, að dómi trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands;
4. að framræsla bithaga komi að jafnaði því aðeins til greina, að fullnægt hafi verið framræsluverkefnum vegna tún-, garð- og engjaræktar á þann hátt, að það tefji eigi jarðvinnsluna, svo að því marki verði náð, að allur heyskapur verði tekinn á vélfæru landi.

IV. KAFLI
Um verkákvarðanir og greiðslu kostnaðar.

12. gr.

Kostnaður við framkvæmdir, er í samþykkt þessari getur, greiðist af verkkaupanda. Heimilt er stjórn félagsins að láta greiðslur fara fram eftir áætluðum verktöxtum meðan verkið stendur yfir ár hvert, en fullnaðargreiðsla sé byggð á

tilkostnaðarverði, eins og það verður samkvæmt rekstursreikningi hvers ár. Áætl- 74
aðir verktaxtar séu miðaðir við tímaeiningu. 24. febr.

13. gr.

Til reksturskostnaðar telst greiðsla vinnulauna, allur reksturskostnaður véla og greiðslur fyrningargjalds af þeim, kostnaður við flutninga þeirra milli vinnustaða, viðhald véla, er stafar af eðlilegu sliti þirra, geymslu vélanna, vaxtagreiðslur, kostnaður við verkstjórn og stjórnarkostnaður. Heimilt er félagsstjórn að leggja á framkvæmdakostnað áhættuþóknun, er nemi allt að 5% af heildarrekstrarkostnaði, er verja skal samkvæmt ákvæðum 16. gr.

14. gr.

Heimilt er félagsstjórn að taka sér verkefni fyrir búendur, hreppsfélög eða aðra aðila, þó þau falli ekki undir ákvæði 2. gr., ef sýnt þykir, að það sé hagkvæmt fyrir félagið, enda sé tryggt, að vélakostur sé ekki festur við þessi störf, svo að það brjóti í bága við hagsmuni samþykktaraðila.

15. gr.

Greiðsla fyrir vélavinnu fellur í gjalddaga jafnóðum og unnið er, eftir áætluðum vinnutaxta og sér stjórnin um innheimtu fjárins. Mismunur áætlaðs verðs og raunverulegs að loknum reikningsskilum jafnast eftir að þeim er lokið. Hvort búnaðarfélag um sig ber ábyrgð á greiðslum fyrir félagsmenn sína.

16. gr.

Rekstursafgangur, er myndast af álagðri áhættuþóknun, ágóða af ákvæðisvinnu eða þeim verkum, er um getur í 14. gr., skal leggjast í stofnsjóð ræktunarfélagsins og varið samkvæmt ákvæðum þeim, er um hann gilda, sbr. 17. gr.

V. KAFLI

Fjáröflun og tryggingar.

17. gr.

Félagið myndar stofnsjóð til vélakaupa, að upphæð 150 þús. kr.

Stofnfjár skal aflað þannig:

1. Helmingur stofnfjárins er framlag framkvæmdasjóðs ríkisins, samkvæmt ákvæðum 9. gr. laga um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum. Rennur það í stofnsjóð jafnóðum og styrkur er greiddur til vélakaupa félagsins.
2. Hinn hluti stofnfjárins skal lagður fram af hreppabúnaðarfélögum þeim, er að samþykkt þessari standa, í þeim hlutföllum, er fyrir er mælt í 18. gr., auk þess, sem inn kemur samkvæmt ákvæðum 16. gr.

18. gr.

Stofnfjárframlag hreppabúnaðarfélaganna greiðist inn til félagsstjórnar, þá er samþykkt þessi hefur öðlazt gildi. Framlag hvors hreppsbúnaðarfélags skal greitt í hlutföllum við fasteignamat lands, og er óafturkræft.

VI. KAFLI

Um reikningshald og endurskoðun.

19. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksár og skal reikningsskilum lokið svo tímanlega, að endurskoðun geti farið fram áður en aðalfundur félagsins er haldinn.

74 24. febr.

20. gr.

Endurskoðendur séu tveir, kjörnir sinn af hvoru búnaðarfélagi til eins árs í senn. Þeir skulu kynna sér reksturinn sem bezt, og hafa eftirlit með starfrækslu stjórnarinnar í hvívetna. Varaendurskoðendur skal kjósa á sama hátt.

VII. KAFLI

Um breyting samþykkta og hvernig samþykkt verði úr gildi felld.

21. gr.

Tillögur, er fram kunna að koma til breytinga á samþykkt þessari, skulu lagðar fyrir aðalfund. Samþykki aðalfundur breytingarnar með að minnsta kosti ⅗ atkvæðisbærra fulltrúa, skal stjórn félagsins senda breytingarnar Búnaðarfélagi Íslands, er leitar staðfestingar landbúnaðarráðherra á þeim.

22. gr.

Samþykktir þessar má því aðeins nema úr gildi, að aðalfundur félagsins samþykki það með ¾ greiddra atkvæða, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til.

23. gr.

Nú verður félagið leyst upp og skal þá öllum eignum þess skipt á milli Búnaðarfélaga Saurbæjar- og Hrafnagilshreppa í sömu hlutföllum og félögin greiddu stofnfjárframlagið í upphafi.

24. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

25. gr.

Samþykkt þessi gengur í gildi, er hún hefur verið staðfest af landbúnaðarráðherra.

Samþykkt þessi, sem er sett samkvæmt lögum nr. 7 12. janúar 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, og reglugerð um jarðræktarsamþykktir frá 20. febrúar 1946, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 24. febrúar 1947.

Bjarni Ásgeirsson.

Árni G. Eylands.

75 24. febr.

JARÐRÆKTARSAMÞYKKT

fyrir Ræktunarsamband Landeyja.

Búnaðarfélögin í Austur- og Vestur-Landeyjum í Rangárvallasýslu gera á grundvelli laga nr. 7 12. jan. 1945 svo fellda ræktunarsamþykkt:

I. KAFLI

Takmark samþykktar og markmið.

1. gr.

Samþykktarsvæðið nær yfir eftirgreind hreppabúnaðarfélög: Búnaðarfélag Austur-Landeyja og Búnaðarfélag Vestur-Landeyja. Félagið nefnist: Ræktunarsamband Landeyja.

2. gr.

Ræktunarsambandið tekur að sér á þann hátt, er fyrir er mælt í samþykkt þessari, eftirgreind verkefni á öllum jörðum á samþykktarsvæðinu, að undanskildum þeim, er falla undir ákvæði VI. kafla jarðræktarlaga, nr. 54 4. júlí 1942, um búferlaflutning:

1. Að ræsa fram land til túnræktar, garðræktar, beitiræktar og engjaræktar. Tekur framkvæmd verksins til fullnaðar framræslu á landinu að opnum skurðum, svo og lokræsum, þar sem þess er þörf;
2. að framkvæma jarðvinnslu á túnum jarða á sambandssvæðinu, sem ekki eru véltæk. Nær það til plægingar, herfingar og jöfnunar landsins;
3. að taka að sér jarðvinnslu til nýræktar túna og garða. Nær það til fullnaðarvinnslu landsins á sama hátt og gert er ráð fyrir í síðustu málsgr. undir lið 2;
4. að framkvæma sléttun engja, svo að þær verði véltækar, hvort heldur það er gert með völtun, vinnslu lands, flóðgarðahleðslu eða öðrum aðferðum eftir fyrirsögn trúnaðarmanns B. Í. Allar framkvæmdir samkvæmt lið 1—4 skulu gerðar eftir fyrirsögn B. Í.

II. KAFLI

Skipun og verksvið framkvæmdastjórnar.

3. gr.

Hvort búnaðarfélag kýs árlega 5 menn í fulltrúaráð fyrir ræktunarsambandið. Fulltrúaráðið kýs ræktunarsambandinu 3 menn í framkvæmdastjórn til eins árs í senn. Stjórnarnefndarmenn má endurkjósa.

4. gr.

Stjórnin skiptir með sér verkum. Formaður boðar til allra funda og stýrir þeim. Ritari sér um bókun fundargerða. Gjaldkeri hefur á hendi reikningshald fyrir allar framkvæmdir, sem gerðar eru á grundvelli samþykktarinnar og annast allar innheimtar og greiðslur eftir ávísun formanns.

5. gr.

Stjórn ræktunarsambandsins annast kaup á nauðsynlegum vélum og verkfærum til skurða- og lokræsagerðar, svo og á jarðvinnsluvélum, en skylt er henni, sbr. 8. gr. laga um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, að hafa samráð við verkfæranefnd ríkisins um kaup og val á vélum.

6. gr.

Stjórnin sér um kaup á öllu því, er þarf til reksturs og viðhalds þeim vélum og áhöldum, er keypt verða. Henni ber að hafa þau tryggð fyrir fjárhæð, er svarar til verðgildis þessara eigna eins og þær eru á hverjum tíma.

7. gr.

Stjórnin annast um allan rekstur vélanna. Henni ber að gera og undirrita alla verktökusamninga við hina einstöku framkvæmdaaðila á samþykktarsvæðinu og ákveður á hvaða tíma og í hvaða röð verkefnin eru tekin, sem unnið skal að.

8. gr.

Stjórnin ræður starfsmenn og ákveður launakjör þeirra. Heimilt er stjórninni að ráða framkvæmdastjóra til eins árs í senn. Getur hún með erindisbréfi falið honum framkvæmdastjórn um daglegan rekstur og umsjón með verkstjórn vinnuflokka.

75 24. febr.

9. gr.

Allir samningar, er stjórnin og framkvæmdastjóri gera fyrir hönd sambandssvæðisins, samkvæmt samþykktum eða ályktun aðalfunda ársins, eru skuldbindandi fyrir félagsheildina og hreppabúnaðarfélögin, er að samþykkt standa, án þess það hafi verið sérstaklega borið undir þá. Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð gerða sinna fyrir aðalfundi ræktunarsambandsins.

III. KAFLI
Um tilhögun framkvæmda.

10. gr.

Skylt er stjórnum hreppabúnaðarfélaganna, hverri á sínu svæði, fyrir janúarlok ár hvert að skrá verkbeiðnir félagsmanna. Skal þar tilgreint hverjar jarðabætur óskað er að unnar séu á því ári, svo og verkmagn þeirra. Skýrslum þessum ber að skila til framkvæmdastjórnar eigi síðar en 1. febr. ár hvert. Skýrslunni fylgi frá verkkaupendum greiðsluskuldbinding hvers fyrir sig og enn fremur yfirlýsing hreppabúnaðarfélagsstjórnar, að það takist á hendur ábyrgð á greiðslum sinna félagsmanna fyrir verk þau, sem hjá þeim verða unnin á því starfsári.

11. gr.

Að fengnum þeim skýrslum, er ræðir í 10. gr., ber framkvæmdastjóra ræktunarsambandsins að semja starfs- og rekstursáætlun fyrir yfirstandandi ár. Rísi ágreiningur innan ræktunarsambandsstjórnar um veigamikil atriði framkvæmdaáætlunar, ber að leggja hana fyrir aðalfund ræktunarsambandsins til samþykktar. Framkvæmdastjórn er skylt að framfylgja samþykktri starfsáætlun eftir því, sem við verður komið, án þess að valda óhæfilegum aukakostnaði í flutningi véla

12. gr.

Við undirbúning framkvæmdaáætlunar sé þess sérstaklega gætt:

1. Að þær jarðir, sem minnst véltækt land hafa, sitji fyrir vinnu eftir því, sem við verður komið, án þess að valda óhæfilegum aukakostnaði í tilflutningi véla og verkfæra;
2. að túnasléttun að öðru jöfnu sé látin sitja fyrir öðrum ræktunarframkvæmdum;
3. að land það, er brjóta á til ræktunar, hafi verið ræst fram á fullnægjandi hátt, að dómi trúnaðarmanns B. Í.;
4. að framræsla bithafa í stærri stíl komi að jafnaði því aðeins til greina, að fullnægt hafi verið framræsluverkefnum vegna tún-, garð- og engjaræktar á þann hátt, að það tefji eigi jarðvinnslu, svo að því marki verði náð, að allur heyfengur verði tekinn á vélfæru landi.

IV. KAFLI
Um verðlagsákvarðanir og greiðslu kostnaðar.

13. gr.

1. Kostnaður við framkvæmdir, er í samþykkt þessari getur, greiðist á eftirgreindan hátt: Sameiginleg framræsla fleiri jarða greiðist af þeim, er hags njóta af framkvæmdum eftir flatarmáli þess lands, er nýtur hags af verkinu. Þó skal tekið tillit til, ef um einhverja sérstöðu er að ræða. Ef ágreiningur verður um þessi atriði, skal úr honum skorið með hagnaðarmati tveggja óvilhallra dómkvaddra manna.

2. Framkvæmdir á einstökum jörðum skulu greiðast af verkkaupanda eftir þeim skildaga og á þann hátt, sem fram verður tekið í verktökusamningi. Heimilt er stjórn ræktunarsambandsins að láta greiðslur fara fram eftir áætluðum verktöxtum, meðan verkið stendur yfir ár hvert, en fullnaðargreiðsla sé byggð á tilkostnaðarverði, eins og það verður samkvæmt rekstursreikningi árs hvers. Áætlaðir verktaxtar séu miðaðir við tímaeiningu. 75 24. febr.

14. gr.

Til reksturskostnaðar telst: Greiðsla vinnulauna, allur kostnaður við flutninga milli vinnustaða, allur reksturskostnaður véla og greiðslur fyrningargjalds af þeim, geymsla og viðhald véla, er stafar af eðlilegu sliti þeirra, vaxtagreiðslur, kostnaður við verkstjórn og stjórnarkostnaður. Heimilt er framkvæmdastjórn að ákveða og leggja á framkvæmdakostnað áhættuþóknun, er nemin allt að 5% af heildarkostnaði hvers árs.

15. gr.

Aðalfundur ræktunarsambandsins getur heimilað framkvæmdastjórn að taka ákveðin verk, sem tilgreind eru í 2. gr. þessarar samþykktar í ákvæðisvinnu, enda sé lögð fyrir aðalfund kostnaðaráætlun og verklýsing af því, sem vinna á.

16. gr.

Heimilt er framkvæmdastjórn á þeim tíma, sem ekki er unnt að vinna að skurðgrefti, lokræsagerð eða jarðvinnslu fyrir samþykktaraðila, að taka að sér verkefni fyrir búendur, hreppsfélög eða aðra aðila á samþykktarsvæðinu eða ríkið, þó að þau falli ekki undir ákvæði 2. gr., ef tryggt er, að það sé hagkvæmt fyrir þessi störf, svo að það brjóti ekki í bága við hagsmuni samþykktaraðila.

17. gr.

Rekstursafgangur af áhættuþóknun, svo og ef ágóði verður af ákvæðisvinnu eða þeim verkum, er um getur í 16. gr., skal leggjast í stofnsjóð ræktunarsambandsins og varið samkvæmt ákvæðum þeim, er um hann gilda, sbr. 18. gr.

V. KAFLI

Fjáröflun og tryggingar.

18. gr.

Ræktunarsambandið myndar stofnsjóð til vélakaupa. Stofnfjárhæð hans má vera allt að 130 þús. krónur.

Stofnfé stofnsjóðs er:

1. Hreppabúnaðarfélögin leggja fram sem óafturkræft framlag að upphæð kr. 16500.00, hvort félag á ræktunarsambandssvæðinu.
2. Hinn hluta stofnfjárins, kr. 33000.00, tekur samþykktarsvæðið að láni, ef með þarf eða aflar fjárins á annan hátt, með tryggingum í eignum ræktunarsambandsins eða öðrum tryggingum þeim, er lánstofnun sú, er lánið veitir, tekur gildar.
3. Auk þess leggjast í stofnsjóð árlega tekjur þær, er inn kunna að koma, samkvæmt ákvæðum 17. gr.

Móti þessu stofnfé kemur framlag framkvæmdasjóðs ríkisins, samkvæmt 9. gr. laga um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, jafnóðum og það greiðist úr ríkissjóði.

75 19. gr.

24. febr. Stofnfjárframlag hreppabúnaðarfélaganna greiðist inn til sambandsstjórnar þá er samþykkt þessi hefur öðlazt gildi.

20. gr.

Komi í ljós, að áliti framkvæmdastjórnar, að auka þurfi stofnsjóð, ber henni að gera rökstuddar tillögur um stofnfjáraukningu til hreppabúnaðarfélaganna fyrir aðalfund þeirra. Ef meiri hluti fulltrúa á aðalfundi ræktunarsambandsins, að fengnu meiri hluta samþykki í hreppabúnaðarfélögum, ákveða stofnfjáraukningu, er hún bindandi fyrir hreppabúnaðarfélögin.

21. gr.

Heimilt er framkvæmdastjórn að taka reksturslán gegn tryggingu í þeim jarðræktarstyrk, er á umbæturnar verður greiddur úr ríkissjóði, samkvæmt ákvæðum II. og V. kafla jarðræktarlaga.

22. gr.

Skylt er samþykktaraðilum að hafa greitt til framkvæmdastjórnar ¾ af áætluðu kostnaðarverði, að frádregnum jarðabótastyrk þeirrar vinnu, er þeir hafa pantað áður en verkið er hafið. Eftirstöðvarnar greiðast með gjalddaga, er verktökusamningur ákveður.

VI. KAFLI

Reikningsskil og endurskoðun.

23. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið og skal reikningsskilum lokið svo tímanlega að endurskoðun geti farið fram áður en aðalfundur ræktunarsambandsins er haldinn. Skulu endurskoðendur sannprófa, að reikningum beri saman við bækur framkvæmdastjórnar. Aðalfund skal halda fyrir lok marzmánaðar ár hvert.

24. gr.

Endurskoðendur séu kosnir á aðalfundi ræktunarsambandsins til eins árs í senn. Þeir skulu kynna sér reikningana sem bezt og hafa eftirlit með starfrækslu framkvæmdastjórnar í hvívetna.

25. gr.

Endurskoðaðir reikningar skulu lagðir fram til samþykktar á aðalfundi ræktunarsambandsins. Þar gefur framkvæmdastjóri skýrslu um starfsemina, svo og endurskoðendur, ef tilefni er til þess.

VII. KAFLI

Um breytingar samþykkta og hvernig samþykkt verði úr gildi felld.

26. gr.

Tillögur, er fram kunna að koma til breytinga á samþykkt þessari frá einstökum hreppabúnaðarfélögum eða framkvæmdastjórn skulu lagðar fyrir aðalfund ræktunarsambandsins. Samþykki löglegur aðalfundur breytingarnar með að minnsta kosti ⅗ atkvæðisbærra fulltrúa, skal stjórn sambandsins senda breytingarnar B. Í., er leitar staðfestingar landbúnaðarráðherra á þeim.

27. gr.

Samþykktir þessar má því aðeins nema úr gildi, að rökstutt álit meiri hluta samþykktaraðila liggi fyrir, að tilgangi samþykktar verði ekki náð og lögmætur

aðalfundur ræktunarsambandsins samþykki það með að minnsta kosti ⅗ atkvæðis- 75
bærra fundarmanna, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til. 24. febr.

28. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal fara sem almenn lögreglumál.

29. gr.

Samþykkt þessi gengur í gildi, er hún hefur verið staðfest af landbúnaðarráðherra.

Samþykkt þessi, sem er sett samkvæmt lögum nr. 7 12. janúar 1945, um jarðræktar og húsagerðarsamþykktir í sveitum, og reglugerð um jarðræktarsamþykktir frá 20. febrúar 1946, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 24. febrúar 1947.

Bjarni Ásgeirsson.

Árni G. Eylands.

JARÐRÆKTARSAMÞYKKT 76
24. febr.

fyrir Ræktunarsamband Kjalarnesþings.

Búnaðarfélögin í Kjósarhreppi, Kjalarneshreppi, Mosfellshreppi, Garða- og Bessastaðahreppi og Jarðræktarfélag Reykjavíkur, öll í Búnaðarsambandi Kjalarnesþings, gera á grundvelli laga nr. 7 12. jan. 1945 svofellda ræktunarsamþykkt:

I. KAFLI

Takmörk samþykktarsvæðis og markmið.

1. gr.

Samþykktarsvæðið nær yfir eftirgreind búnaðarfélög á félagssvæði Búnaðarsambands Kjalarnesþings: Búnaðarfélag Kjósarhrepps, Búnaðarfélag Kjalarneshrepps, Búnaðarfélag Mosfellshrepps, Búnaðarfélag Garða- og Bessastaðahrepps og Jarðræktarfélag Reykjavíkur.

Félagið nefnist: Ræktunarsamband Kjalarnesþings.

2. gr.

Ræktunarsambandið tekur að sér, á þann hátt, sem fyrir er mælt í samþykkt þessari, eftirgreind verkefni á öllum jörðum á samþykktarsvæðinu, að undanskildum þeim, er falla undir ákvæði VI. kafla jarðræktarlaga nr. 54 4. júlí 1942, um búferlaflutning:

1. Að ræsa fram land til túnræktar, garðræktar, beitiræktar og engjaræktar. Tekur framkvæmd verksins til fullnaðar framræslu á landinu að opnum skurðum, svo og lokræsum, þar sem þess er þörf, eins og fyrir verður mælt af trúnaðarmanni, er Búnaðarfélag Íslands samþykkir til að hafa á hendi undirbúning um hvernig verkið skuli framkvæmt.
2. Að framkvæma jarðvinnslu á túnum jarða á samþykktarsvæðinu, sem ekki eru véltæk. Nær það til plægingar, herfingar og jöfnunar landsins. Hverjar vinnslu-

76 aðferðir verða viðhafðar á hverjum stað fer eftir fyrirsögn trúnaðarmanns
24. febr. Búnaðarfélags Íslands.

3. Að taka að sér jarðvinnslu til nýræktar túna og garða. Nær það til fullnaðarvinnslu landsins á sama hátt og gert er ráð fyrir í síðustu málsgrein undir lið 2.

4. Að framkvæma sléttun engja, svo þær verði véltækar, hvort heldur það er gert með völtun, vinnslu lands, flóðgarðahleðslu eða öðrum aðferðum, eftir fyrirsögn trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands.

II. KAFLI
Skipun og verksvið framkvæmdastjórnar.

3. gr.

Ræktunarsambandið velur sér fimm manna framkvæmdastjórn. Skal hún kjörin á aðalfundi ræktunarsambandsins til þriggja ára. Gengur einn maður úr stjórn fyrsta árið, síðan tveir á ári eftir hlutkesti og síðan í röð eftir starfsaldri. Stjórnarnefndarmenn má endurkjósa. Aldrei skal kjósa fleiri en einn mann í stjórn frá hverju búnaðarfélagi.

4. gr.

Stjórnin skiptir með sér verkum. Formaður boðar til allra funda og stýrir þeim. Ritari sér um bókun fundargerða. Gjaldkeri hefur á hendi reikningshald fyrir allar þær framkvæmdir, sem gerðar eru á grundvelli samþykktarinnar og annast allar innheimtur og greiðslur eftir ávísun formanns.

5. gr.

Stjórn ræktunarsambandsins annast kaup á nauðsynlegum vélum og verkfærum til skurða- og lokræsagerðar, svo og á jarðvinnsluvélum, en skylt er henni, sbr. 8. gr. laga um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, að hafa samráð við verkfæranefnd ríkisins um kaup og val vélanna.

6. gr.

Stjórnin sér um kaup á öllu því, er með þarf til reksturs og viðhalds þeim vélum og áhöldum, er keypt verða. Henni ber að hafa þau tryggð fyrir fjárhæð, er svarar til verðgildis þessara eigna, eins og þær eru á hverjum tíma.

7. gr.

Stjórnin annast um allan rekstur vélanna. Henni ber að gera og undirrita alla verktökusamninga, við hina einstöku framkvæmdaaðila á samþykktarsvæðinu, og ákveður á hverjum tíma og í hverri röð verkefnin eru tekin, sem unnið skal að.

8. gr.

Stjórnin ræður starfsmenn og ákveður launakjör þeirra. Heimilt er stjórninni að ráða framkvæmdastjóra til eins árs í senn, getur hún með erindisbréfi falið honum framkvæmdastjórn um daglegan rekstur og umsjón með verkstjórn vinnuflokka.

9. gr.

Allir samningar, er stjórnin og framkvæmdastjóri gera fyrir hönd ræktunarsambandsins, samkvæmt samþykktum þessum eða ályktunum aðalfunda þess, eru skuldbindandi fyrir félagsheildina og búnaðarfélögin, er að samþykkt standa, án þess það hafi verið sérstaklega undir þá borið. Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð gerða sinna fyrir hinum árlega aðalfundi ræktunarsambandsins.

III. KAFLI
Um tilhögun framkvæmda.

10. gr.

Skylt er stjórnum hreppabúnaðarfélaganna, hverri á sínu svæði, fyrir janúarlok ár hvert, að skrá verkbeiðnir félaganna. Skal þar tilgreint, hverjar jarðabætur óskað er að unnar séu á því ári, svo og verkmagn þeirra. Skýrslum þessum ber að skila til stjórnar ræktunarsambandsins eigi síðar en 1. febr. ár hvert.

Skýrslunni fylgi, frá verkkaupendum, greiðsluskuldbinding hvers fyrir sig, og enn fremur yfirlýsing félagsstjórnar hreppsbúnaðarfélagsins, að það takist á hendur ábyrgð á greiðslum sinna félagsmanna fyrir þau verk, sem hjá þeim verða unnin á því starfsári.

11. gr.

Að fengnum þeim skýrslum, er um ræðir í 10. gr., ber stjórn ræktunarsambandsins að semja starfs- og rekstursáætlun fyrir yfirstandandi ár. Rísi ágreiningur innan stjórnar ræktunarsambandsins um veigamikil atriði framkvæmdaáætlunar, ber að leggja hana fyrir aðalfund ræktunarsambandsins til samþykktar.

Framkvæmdastjórn er skylt að framfylgja samþykktri starfsáætlun eftir því sem við verður komið.

12. gr.

Við undirbúning framkvæmdaáætlunar sé þess sérstaklega gætt:

1. Að þær jarðir, sem minnst véltækt land hafa, sitji fyrir vinnu, eftir því, sem við verður komið, án þess að valda óhæfilegum aukakostnaði við flutning véla og verkfæra;
2. að túnasléttun, að öðru jöfnu, sé látin sitja fyrir öðrum ræktunarframkvæmdum;
3. að land það, sem brjóta á til ræktunar, hafi verið ræst fram á fullnægjandi hátt, að dómi trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands;
4. að framræsla bithaga komi að jafnaði því aðeins til greina, að fullnægt hafi verið framræsluverkefnum vegna tún-, garð- og engjaræktar á þann hátt, að það tefji eigi jarðvinnsluna, svo því marki verði náð, að allur heyskapur verði tekinn á vélfæru landi.

IV. KAFLI
Um verðlagsákvarðanir og greiðslu kostnaðar.

13. gr.

Kostnaður við framkvæmdir, er í samþykkt þessari getur, greiðist af verkkaupanda, eftir þeim skildaga og á þann hátt er tilgreint verður í verktökusamningi þeim, er um getur í 7. gr. þessarar samþykktar. Heimilt er stjórn ræktunarsambandsins að láta greiðslur fara fram eftir áætluðum verktöxtum meðan verkið stendur yfir ár hvert, en fullnaðargreiðsla sé byggð á tilkostnaðarverði eins og það verður samkvæmt rekstursreikningi hvers árs. Áætlaðir verktaxtar séu miðaðir við tímaeiningu.

14. gr.

Til reksturskostnaðar telst greiðsla vinnulauna, allur reksturskostnaður véla og greiðslur fyrningargjalds af þeim, kostnaður við flutninga þeirra milli vinnustaða, geymsla vélanna, viðhald véla, er stafar af eðlilegu sliti þeirra, vaxtagreiðslur, kostnaður við verkstjórn og stjórnarkostnaður.

Heimilt er stjórn ræktunarsambandsins að ákveða og leggja á framkvæmdakostnað áhæltuþóknun, er nemi allt að 5% af heildarreksturskostnaði hvers árs.

76 24. febr.

15. gr.

Aðalfundur ræktunarsambandsins getur heimilað framkvæmdastjórn að taka ákveðin verk, sem tilgreind eru í 2. gr. þessarar samþykktar, í ákvæðisvinnu, enda sé lögð fyrir aðalfund kostnaðaráætlun og verklýsing af því, sem vinna á.

16. gr.

Heimilt er framkvæmdastjórn á þeim tímum, sem ekki er unnt að vinna að skurðgrefti, lokræsagerð eða jarðvinnslu, fyrir samþykktaraðila, að taka að sér verkefni fyrir búendur, hreppsfélag eða aðra aðila á samþykktarsvæðinu, þó þau falli ekki undir ákvæði 2. gr., ef tryggt er að það sé hagkvæmt fyrir ræktunarsambandið, enda sé tryggt að vélakostur sé ekki festur við þessi störf svo það brjóti í bága við hagsmuni samþykktaraðila.

17. gr.

Rekstursafgangur af áhættuþóknun, svo og ef ágóði verður af ákvæðisvinnu eða þeim verkum, er um getur í 16. gr., skal leggjast í stofnsjóð ræktunarsambandsins, og varið samkvæmt ákvæðum þeim, er um hann gilda, sbr. 18. gr.

V. KAFLI

Fjáröflun og trygging.

18. gr.

Ræktunarsambandið myndar stofnsjóð til vélakaupa. Stofnfjárhæð hans er kr. 400000.00 — fjögur hundruð þúsund krónur —.

Stofnfjár skal aflað þannig:

1. Helmingur stofnfjárins skal lagður fram af ræktunarsambandinu og hreppabúnaðarfélögum þeim, er að samþykkt þessari standa, sem óafturkræft framlag, í þeim hlutföllum, að ræktunarsambandið leggur fram $^3/_5$ hluta, en hreppabúnaðarfélögin sameiginlega $^2/_5$ hluta fjárins.
2. Hinn helmingur stofnfjárins er framlag framkvæmdasjóðs ríkisins samkv. ákvæðum 9. gr. laga um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum. Rennur það í stofnsjóð jafnóðum og styrkgreiðslur fara fram samkvæmt ákvæðum téðra laga.

   Auk þess leggjast í stofnsjóð árlegar tekjur þær, sem inn koma samkvæmt ákvæðum 17. gr.

19. gr.

Stofnfjárframlag ræktunarsambandsins og hreppabúnaðarfélaganna greiðist inn til sambandsstjórnar þá er samþykkt þessi hefur öðlazt gildi.

Framlag hvers hreppsfélags skal greitt í hlutföllum við fasteignamat lands og ræktunarlóða, þó skal hver verðeining ræktunarlóða aðeins bera hálfan gjaldþunga móti einingu í öðru landverði.

20. gr.

Komi í ljós síðar, að áliti framkvæmdastjórnar, að auka þurfi stofnsjóð, ber henni að gera rökstuddar tillögur um stofnfjáraukningu og tilkynna það búnaðarfélögunum, áður en fulltrúar eru kosnir á aðalfund ræktunarsambandsins.

Ef meiri hluti löglega kjörinna fulltrúa á aðalfundi ræktunarsambandsins ákveður stofnfjáraukningu, er hún bindandi fyrir hreppabúnaðarfélögin.

21. gr.

Heimilt er framkvæmdastjórn að taka rekstrslán gegn tryggingu í þeim jarðræktarstyrk, er á umbæturnar verður greiddur úr ríkissjóði, samkv. ákvæðum II. og V. kafla jarðræktarlaga.

22. gr.

Skylt er samþykktaraðilum að hafa greitt til framkvæmdastjórnar ¾ af áætluðu verði, að frádregnum jarðabótastyrk, þeirrar vinnu, er þeir hafa pantað, áður en verkið er hafið. Eftirstöðvarnar greiðast með gjalddaga, er verktökusamningur ákveður.

VI. KAFLI
Um reikningshald og endurskoðun.

23. gr.

Reikningsár ræktunarsambandsins er almanaksárið og skal reikningsskilum lokið svo tímanlega að endurskoðun geti farið fram áður en aðalfundur ræktunarsambandisns er haldinn. Skulu endurskoðendur sannprófa að reikningum beri saman við bækur framkvæmdastjórnar.

24. gr.

Endurskoðendur séu tveir, kjörnir á aðalfundi ræktunarsambandsins til eins árs í senn. Þeir skulu kynna sér reksturinn sem bezt, og hafa eftirlit með starfrækslu framkvæmdastjórnar í hvívetna.

25. gr.

Endurskoðaðir reikningar skulu lagðir fram til samþykktar á aðalfundi sambandsins, sem haldinn skal fyrir 15. apríl ár hvert. Þar gefur framkvæmdastjórn skýrslu um starfsemina, svo og endurskoðendur, ef tilefni er til þess.

Um fulltrúakosningar til ræktunarsambandsfunda gilda sömu reglur og um kosningar fulltrúa fyrir Búnaðarsamband Kjalarnesþings.

VII. KAFLI
Um breyting samþykkta og hvernig samþykkt verði úr gildi felld.

26. gr.

Tillögur, sem fram kunna að koma til breytinga á samþykkt þessari frá búnaðarfélögum eða framkvæmdastjórn, skulu sendar til allra aðila, er að samþykkt standa samkvæmt 1. gr., til umsagnar. Þær skulu síðan ásamt umsögn búnaðarfélaganna, lagðar fyrir aðalfund ræktunarsambndsins. Samþykki löglegur aðalfundur breytingarnar með a. m. k. ⅗ atkvæðisbærra fulltrúa, skal stjórn sambandsins senda breytingarnar Búnaðarfélagi Íslands, er leitar staðfestingar landbúnaðarráðherra á þeim.

27. gr.

Samþykktir þessar má því aðeins nema úr gildi, að rökstutt álit meiri hluta samþykktaraðila liggi fyrir um að tilgangi samþykktar verði ekki náð, og lögmætur aðalfundur ræktunarsambandsins samþykki það með a. m. k. ⅗ atkvæðisbærra fundarmanna, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til.

28. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

29. gr.

Samþykkt þessi gengur í gildi þegar hún hefur verið staðfest af landbúnaðarráðherra.

76 24. febr. Samþykkt þessi, sem er sett samkvæmt lögum nr. 7 12. janúar 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, og reglugerð um jarðræktarsamþykktir frá 20. febr. 1946, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 24. febrúar 1947.

Bjarni Ásgeirsson.

Árni G. Eylands.

77 24. febr.

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Flateyrarkauptún.

I. KAFLI
Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Flateyrarhöfn takmarkast af línu, er hugsast dregin frá Hólsnesi á Hvilftarströnd yfir fjörðinn, í Ófæruklett innanverðan, og línu frá Flateyrarvita hornrétt á fyrrnefnda línu.

II. KAFLI
Stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Gjöld þau, sem ákveðin eru í reglugerð þessari, skulu renna í hafnarsjóð Flateyrarkauptúns og skal honum varið til þess að gera umbætur á höfninni og mannvirkjum, er henni heyra til, svo og til leiðbeiningar við innsiglinguna.

Hreppsnefnd Flateyrarhrepps kýs þriggja manna hafnarnefnd til fjögurra ára í senn, og hefur hún, undir yfirstjórn hreppsnefndar, framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni, sér um viðhald og umbætur á henni og eignum hennar, stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta, og annast fjárhald hafnarinnar, innheimtu og reikningsskil fyrir hönd hreppsnefndar.

Hreppsnefndin veitir fé úr sjóðnum til umræddra framkvæmda, eftir tillögum hafnarnefndar, og ákveður hvernig hann skuli ávaxta, enda ber hún ábyrgð á eignum hans eins og öðrum eignum hreppsfélagsins.

Reikningar hafnarsjóðs skulu fylgja sveitarsjóðsreikningunum og endurskoðast og úrskurðast ásamt þeim.

3. gr.

Daglegar framkvæmdir og eftirlit annast hafnarnefnd eða umboðsmaður hennar. Til aðstoðar hafnarnefnd skulu vera svo margir starfsmenn sem þurfa þykir. Hreppsnefnd skipar fasta starfsmenn eftir tillögu hafnarnefndar og setur þeim starfsreglur.

III. KAFLI
Um almenna reglu.

4. gr.

Hafnarnefnd sér um að gætt sé reglu í höfninni og á landi hennar. Er öllum skylt að hlýða boði hennar og banni og enn fremur þeirra starfsmanna, er hafnarnefnd setur til að gæta reglu. Þyki einhverjum sér óréttur ger af starfsmönnum

hafnarinnar, getur hann kært það fyrir hafnarnefnd, en skipun starfsmannsins ber að hlýða þegar í stað. 77 24. febr.

Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi sínu.

5. gr.

Þeim, sem ekkert lögmætt erindi eiga, er bannað að dvelja á landi hafnarinnar, ef þeir með því tálma fermingu eða affermingu skipa, eða öðrum störfum, sem þar eru framkvæmd.

6. gr.

Skylt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa á höfninni. Í skipum, sem flytja eldfim efni, má ekki kveikja eld eða ljós, nema í eldavél skipsins og á lögboðnum ljóskerum. Tóbaksreykingar eru bannaðar í þeim skipum og á því svæði, sem unnið er að fermingu eða affermingu.

Álíti hafnarnefnd, eða starfsmaður hennar, að hætta geti stafað af fermingu eða affermingu eldfimrar vöru, er heimilt að stöðva verkið, unz gerðar hafa verið nauðsynlegar varúðarráðstafanir.

Bannað er að sjóða tjöru, bik, fernisolíu eða annað slíkt, sem eldhætta getur stafað af í skipum á höfninni, svo og á landi hafnarinnar, nema með leyfi hafnarnefndar.

7. gr.

Á landi hafnarinnar má ekki smíða ný skip né þétta eldri skip, eða gera við þau á annan hátt, nema með leyfi hafnarnefndar og með þeim skilmálum, sem hún ákveður. Bannað er að leggja skipum upp í hafnarfjöruna, nema með leyfi hafnarnefndar eða umsjónarmanns.

8. gr.

Ekki má kasta útbyrðis seglfestu, ösku, kolum eða neinu öðru, er valdið getur skemmdum á höfninni, frá skipum er þar liggja, né flytja það úr landi út í höfnina. Hafnarnefnd getur einnig bannað að kastað sé í höfnina fiskúrgangi hvers konar og öllu öðru, er óþrifum kann að valda.

Innan hafnartakmarkanna má ekki heldur gera nein hafnarmannvirki, né breyta þeim mannvirkjum, sem nú eru, og ekki heldur fylla upp, né dýpka út frá landi, nema leyfi hafnarnefndar og hreppsnefndar komi til.

IV. KAFLI

Um legu skipa og umferð þeirra á höfninni.

9. gr.

Fiskiskip og önnur skip, er ekki ferma eða afferma, mega aldrei leggjast svo í höfninni, að tálmi fermingu eða affermingu annarra skipa og skulu þau í hvert skipti skyld að hlýða boði hafnarnefndar eða umboðsmanns hennar um það, hvar þau skuli leggjast. Aldrei mega nein skip liggja svo nærri bryggju að eigi sé nægilegt rúm fyrir önnur skip að komast að og frá. Skip eða bátar mega aldrei leggja svo frá sér strengi eða aðrar festar, að tálmi umferð. Festar skipa má aldrei leggja yfir alfaraleið.

10. gr.

Skipum þeim og bátum, er liggja við sérstök legutæki á höfninni, má ekki leggja svo, að hindri eða tefji umferð um höfnina. Hafnarnefnd getur ákveðið, hvar og hvernig legutækjum skipa og báta skuli lagt.

Nú tregðast eigandi eða skipstjóri við að hlýða boðum hafnarnefndar eða

77 starfsmanna hafnarinnar um að flytja skip sitt, bát eða strengi á höfninni og getur
24. febr. þá hafnarnefnd látið gera það á ábyrgð og kostnað eiganda.

11. gr.

Í sérhverju skipi (að undanskildum skipum, sem hafa leyfi hafnarnefndar til að liggja mannlaus í lægi á höfninni) skal jafnan vera einn maður að minnsta kosti, er tekið getur á móti skipunum starfsmanna hafnarinnar og framkvæmt þær, hvort heldur á að færa skipið eða gera eitthvað annað samkvæmt reglugerð þessari.

12. gr.

Eigi má festa skipum við hafnarbakka eða bryggju, nema við festarhringa eða festarstólpa. Festum skal þannig komið fyrir, að þær hindri sem minnst umferð á bryggjunni eða hafnarbakkanum. Þyki þess eigi nægilega gætt, má krefjast, að bætt sé úr því tafarlaust. Skylt er að hafa tryggar hlífar milli skips og bakka eða bryggju ef krafizt er.

13. gr.

Gufuskip og önnur vélskip mega ekki láta vélar ganga af svo miklu afli að öðrum skipum eða hafnarmannvirkjum stafi hætta af því.

Ekki má hleypa vatni á bryggjur eða hafnarbakka að óþörfu.

14. gr.

Ef skip lendir á grynningu eða sekkur, þar sem það, að áliti hafnarnefndar, tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal færa það burt svo fljótt, sem auðið er. Verði dráttur á því, má hafnarnefnd láta færa skipið burt á kostnað eiganda og er henni heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum, ef nauðsyn krefur.

V. KAFLI

Um notkun hafnarbryggjunnar.

15. gr.

Meðan hafnarnefnd ákveður ekki annað, er skipum heimilt að leggjast við bryggju hafnarinnar í þeirri röð, sem þau koma. Þó skulu þau skip, sem sigla eftir fyrir fram ákveðnum ferðaáætlunum og flytja póst, hafa rétt til að fá afgreiðslu við bryggju, þótt önnur skip séu þar fyrir, og verða þau að víkja meðan hin eru afgreidd. Sé fermingu eða affermingu skips ekki haldið áfram með hæfilegum hraða, að áliti hafnarnefndar eða umboðsmanns hennar, ber því að víkja fyrir öðrum skipum, sé þess krafizt. Enn fremur er hafnarnefnd eða umboðsmanni hennar heimilt að vísa skipum frá bryggjunni sé það álitið nauðsynlegt vegna veðurs.

16. gr.

Ef nauðsyn ber til, að skipum, sem ferma eða afferma við bryggju eða hafnarbakka, sé lagt hverju við hliðina á öðru, er heimilt að flytja farm þeirra skipa, sem utar liggja, yfir þilför hinna á bjálkabrúm. Svo er og skipshöfn og farþegum þeirra skipanna, sem utar liggja, heimil nauðsynleg umferð um þilför þeirra skipanna, er nær liggja.

17. gr.

Við uppskipun og útskipun á kjölfestu, sandi og öðru slíku, er skylt að hafa nægilega sterka hlífidúka milli skips og hafnarbakkans, bryggjunnar eða bátanna, svo ekkert falli fyrir borð. Sé þess ekki gætt, getur hafnarnefnd eða starfsmenn hafnarinnar stöðvað verkið unz bætt hefur verið úr því, sem áfátt er.

Kjölfestu má eigi láta annars staðar á lóðir eða mannvirki hafnarinnar en þar, sem hafnarnefnd eða umsjónarmaður vísar til. 77 24. febr.

18. gr.

Þegar lokið er fermingu og affermingu, skal skipstjóri eða afgreiðslumaður, ef þörf gerist, láta ræsta bryggju þá eða hafnarbakka, sem notað hefur verið. Farist það fyrir, skal hafnarnefnd sjá um, að það sé gert, en afgreiðslumaður eða skipstjóri greiðir allan kostnað, sem af því leiðir.

19. gr.

Þeir munir eða vörur, sem affermdar eru eða látnar í skip, mega ekki liggja á bryggju eða hafnarbakka og eigi annars staðar á landi hafnarinnar en á þeim stöðum, sem ætlaðir eru til geymslu, nema með sérstöku leyfi hafnarnefndar. Skal flytja burt vörur og muni jafnskjótt og hún krefst þess.

VI. KAFLI

Um geymsluskip og skip, sem lagt er í lægi.

20. gr.

Sérstakt leyfi hafnarnefndar þarf í hvert sinn til þess að leggja megi á höfnina skipum, sem ætluð eru til geymslu eða lagt er í lægi, og skal leyfið bundið því skilyrði, að eigandi láti taka það upp ef það sekkur eða láti sprengja það sundur, svo að það skemmi eigi höfnina, og sé því eigi fullnægt innan hæfilegs frests, getur hafnarnefnd látið gera það á kostnað eiganda. Hafnarnefnd ákveður í hvert sinn, hvar slíku skipi skuli lagt, hve traust legufærin skuli vera og hvernig þeim skuli vera fyrir komið. Nú sannar eigandi geymsluskips með vottorð tveggja óvilhallra manna, er útnefndir séu af hafnarnefnd, að skip hans sé svo þétt, að eigi stafi nein hætta af, hvað leka snertir, þó það sé mannlaust, og er honum þá leyfilegt að leggja skipinu og láta það liggja, án þess að menn séu á því, á þeim tíma árs, er ekki verður heimtað ljós á skipum. Skylt er eiganda að flytja skipið úr stað, ef hafnarnefnd krefst þess.

Ljós skulu tendrast á skipum þessum, þegar hafnarnefnd krefst þess.

21. gr.

Meðan skip liggur mannlaust á höfninni skal ekki sjaldnar en einu sinni í viku fara út í það, til þess að líta eftir, hvort legufæri eða annað hafi haggazt eða bilað, og ef svo reynist, skal lagfæra það svo fljótt sem auðið er.

Eigi ber hafnarsjóður neina ábyrgð á skipum þeim, er lagt er í lægi á höfninni.

VII. KAFLI

Um hafnargjöld.

22. gr.

Öll skip, 12 smálestir brúttó og þar yfir, skulu greiða hafnargjöld, er þau koma á Flateyrarhöfn og hafa samband við land.

Undanþegin hafnargjaldi eru herskip, varðskip, björgunarskip, skemmtiferðaskip, enda hafi þau skilríki um það, skip, sem gerð eru út til vísindarannsókna, skip, sem leita hafnar vegna sjóskemmda og skip, sem leita hafnar vegna óveðurs, en hafa ekkert samband við land.

Hafnargjöld greiðast af nettóstærð skipa og reiknast í heilum tölum, en brotum skal sleppt.

77
24. febr.

23. gr.

a. Skip, sem eru eign búsettra manna við hafnarsvæðið eða skrásett þar og ekki eru í millilandasiglingum, skulu greiða hafnargjöld einu sinni á ári, krónur 1.50 af hverri smálest, þó ekki minna en 20 kr. á ári, með gjalddaga 1. júlí ár hvert.

b. Önnur innlend fiskiskip, 12—50 brúttó smálestir, greiði 40 aura á smálest hvert sinn, er þau koma til hafnar, þó ekki oftar en sex sinnum á ári.

c. Öll önnur skip, sem til hafnarinnar koma og hafa samband við land, nema þau, sem um getur í 22. gr., skulu greiða hafnargjöld 40 aura af hverri smálest í hvert skipti, sem þau koma á Flateyrarhöfn. Skip, sem um getur í a-lið og sigla milli landa, skulu greiða hafnargjöld samkvæmt þessum staflið.

Innlend strandferðaskip skulu þó einungis greiða hafnargjald í fyrsta sinn á ári hverju, er þau koma á Flateyrarhöfn, en ekkert, þó þau komi aftur á því ári.

d. Heimilisfastir bátar minni en 12 brúttó smálestir greiði: Opnir vélbátar 5 kr. á ári og þilfarsbátar 10 kr. á ári.

VIII. KAFLI

Um bryggjugjald.

24. gr.

1. Gjöld af bryggju hafnarsjóðs:

Hvert skip, sem leggst að bryggju eða að skipi, sem við hana liggur, skal greiða bryggjugjald af nettóstærð skipsins, talið í heilum smálestum, en brotum skal sleppa. Gjaldið skal greiða fyrir hverjar 24 klst. eða minna.

Varðskip og björgunarskip eru undanþegin bryggjugjaldi, nema þegar þau flytja vörur og farþega og taka gjald fyrir.

Gjöldin greiðist sem hér segir:

a. Af farþega-, póst- og flutningaskipum 15 aurar af nettó smálest.

b. Af togurum greiðist 50 krónur í hvert sinn, af línuveiðaskipum yfir 50 smálestir 30 kr. og af öðrum skipum yfir 25 smálestir 10 kr.

c. Af öllum öðrum aðkomuskipum greiðast 10 aurar af nettó smálest skipsins, þó eigi minna en 5 krónur í hvert sinn, sé skipið 5 brúttó smálestir eða stærra, en 3 kr. í hvert sinn af minni skipum.

d. Skip og bátar heimilisfastir á Flateyri greiða: Bátar 5 smálestir brúttó eða stærri greiða 4 krónur á brúttó smálest á ári, bátar, sem minni eru en 5 brúttó smálestir, greiða 10 kr. á ári.

Gjalddagi er 1. júlí ár hvert.

2. Gjald af bryggjum og skipum annarra en hafnarsjóðs:

Bryggjueigendur greiða ekkert gjald af sínum eigin fiskiskipum eða öðrum fiskiskipum, meðan þau stunda fiskveiðar frá Flateyri og leggja upp við bryggjur þeirra.

3. Fyrir sérstaka notkun á mannvirkjum hafnarsjóðs (fiskverkun, síldarsöltun o. fl.), skal hafnarnefnd ákveða sérstakt gjald eða semja við viðkomandi aðila.

IX. KAFLI

Um vörugjald.

25. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum, svo og af skepnum, lifandi og dauðum, sem fermdar eru eða affermdar á höfninni, með þeim undantekningum, sem getur um í næstu grein.

26. gr. 77

Fyrir vörur, sem samkvæmt farmskrá skips eru ákveðnar til umhleðslu og eiga því ekki að leggjast á land nema um stundarsakir, greiðist aðeins hálft gjald. Af vörum, sem settar eru á land og eiga að fara aftur með sama skipi samkvæmt farmskrá þess, greiðist ekkert vörugjald. 24. febr.

27. gr.

Þessar vörur eru algerlega undanþegnar vörugjaldi:

a. Vistir og aðrar nauðsynjar skipa og báta, fluttar úr landi.
b. Póstflutningur og venjulegur farþegaflutningur.
c. Afli lögskráðra skipa á Flateyri, lagður á land, er þau koma úr veiðiför.
d. Vörur, fluttar úr herskipi eða í herskip.
e. Innlend nýmjólk og rjómi, sem flyzt til hafnarinnar.

28. gr.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum. Brot úr gjaldeiningu telst heil gjaldeining. Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds og er skipstjóra skylt að láta hafnarnefnd eða umboðsmanni hennar í té eftirrit af farmskrá skips hans. Sé engin farmskrá skal skipstjóri eða formaður báts gefa drengskaparvottorð um vörumagn sem skip hans hefur fermt eða affermt. Þyki hafnarnefnd eða umboðsmanni hennar ástæða til, getur hún hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hentugast þykir. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn. Ef ýmsar vörutegundir eru í sendingu skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund, sem hæst gjald skal greiða af.

29. gr.

Vörugjaldskrá.

A. Aðfluttar vörur:

1. flokkur. Gjald 40 aurar fyrir hver 100 kg:
   Blý, brýni, eldfastur leir og steinn, fiskbein, gaddavír, hverfisteinar, járn, járn og stál, járnkeðjur, járnpípur, kaðlar, kítti, kol, koparvír, krít, leir, litarvörur þungar, miðstöðvarvörur, múrsteinn, ofnar, prentsverta, salt, sement, sódi, stál, stálvír, steyptar járnvörur, steypujárn, vélar, vélahlutar, vikur og vikursteinn, þakjárn, þakpappi, þakplötur.
2. flokkur. Gjald 60 aurar fyrir hver 100 kg:
   Áburðarolíur (smurolíur), baðlyf, benzín, bækur, feiti, fernisolía, fiskilínur, grænsápa, hey, kálmeti, kartöflur, kornvörur alls konar, leður, linoleum, pappír, pokar, pokastrigi, rúðugler, saumur, segldúkur, seglgarn, steinolía, brennsluolíur, tjara, togleður, tvistur, vaxdúkur, vírnet, þvottaefni, þvottasápa.
3. flokkur. Gjald 80 aurar fyrir hver 100 kg:
   Ávextir nýir, brauðvörur, jurtafeiti, kaffi, kakaó, mjólkurduft, leirvörur, palmín, smjör, smjörlíki, smjörlíkisolíur, sykur, te.
4. flokkur. Gjald 120 aurar fyrir hver 100 kg:
   Ávextir þurrkaðir og niðursoðnir, eldspýtur, glervörur, glysvarningur, leðurvörur, leikföng, léttar vörur, lyf, lyfjavörur, meðalalýsi, niðursuðuvörur, nýlenduvörur, rjól, rulla, reyktóbak, skinnvörur, skófatnaður, súkkulaði, sælgætisvörur, tóbak, tóbaksvörur, vefnaðarvörur, vindlar, vindlingar.
5. flokkur. Gjald 100 aurar fyrir hver 100 kg:
   Aðrar vörur, sem reiknast eftir þyngd.
6. flokkur. Gjald 10 aurar fyrir hvert teningsfet:
   Timbur, tunnuefni og þess háttar vörur.

77 7. flokkur. Gjald 20 aurar fyrir hvert teningsfet:
24. febr. Bifreiðar, húsgögn, orgel, pianó, saumavélar, skilvindur, stundaklukkur og aðrar vörur, sem reiknast eftir rúmmáli.

B. Brottfluttar vörur:

1. flokkur. Gjald 50 aurar fyrir hver 100 kg:
Fiskur, ísvarinn, hraðfrystur, nýr, slægður og óslægður, saltur, óverkaður og verkaður, þurr, harðfiskur, fiskimjöl, lýsi, gærur, saltaðar í búntum eða pökkum, ís, síld.
2. flokkur. Gjald 120 aurar fyrir hver 100 kg:
Garnir, hrogn, kjöt, alls konar mör, tólg.
3. flokkur. Gjald 100 aurar fyrir hver 100 kg:
Dúnn, fiður, fuglar, skinn hert, sundmagi, ull, ullarvörur.
4. flokkur. Gjald 120 aurar fyrir hver 100 kg:
Aðrar afurðir.
5. flokkur. Gjald 5 kr. fyrir hvern grip:
Hestar og nautpeningur.
6. flokkur. Gjald 1 króna fyrir hverja kind:
Sauðfé.

Þótt vörur, flokkaðar undir brottfluttar vörur, flytjist til staðarins, eða vörur flokkaðar undir aðfluttar vörur, flytjist frá staðnum, breytir það engu um vörugjaldið.

Vörugjald fyrir óvenjulegar vörur, sem vafasamt þykir hvernig flokka skuli, ákveður hafnarnefnd.

Lægsta vörugjald í öllum flokkum er 1 króna.

X. KAFLI
Um ýmis gjöld til hafnarinnar.

30. gr.

Fyrir að leggja skipum í fjöru hafnarinnar til hreinsunar eða aðgerðar skal greiða 10 aura af hverri smálest af nettóstærð skips fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, þó aldrei minna en 4 krónur.

Undanþegin þessu gjaldi eru skip, sem eiga heima á Flateyri.

31. gr.

Fyrir geymsluskip, sem lögð eru í lægi á höfninni samkv. 20. gr. greiði eigandi 40 aura árgjald af hverri brúttósmálest.

32. gr.

Fyrir að leggja vörur á land hafnarinnar skal greiða 50 aura fyrir hvert stykki, sem ekki er flutt burtu innan sólarhrings. Um gjald fyrir mikið vörumagn fer eftir samkomulagi við hafnarnefnd.

33. gr.

Fyrir kjölfestu, tekna á landi hafnarinnar, greiðist gjald, sem hafnarnefnd ákveður í hvert sinn.

XI. KAFLI
Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

34. gr.

Hafnargjaldkeri sér um innheimtu allra hafnargjalda og skal greiða gjöldin á skrifstofu hans.

77

24. febr.

35. gr.

Skipstjóri eða formaður ber ábyrgð á greiðslu allra gjalda, sem innheimta skal samkvæmt reglugerð þessari. Ef enginn skipstjóri eða formaður er á skipinu, ber eigandi ábyrgð á greiðslu gjaldanna. Hafnarsjóður hefur haldsrétt á skipinu, unz gjöldin eru greidd. Að svo miklu leyti, sem ekki eru í reglugerð þessari ákveðnir fastir gjalddagar á gjöldunum, skal greiða þau áður en skip fer burt úr höfninni.

36. gr.

Gjald fyrir vörur, sem getur um í 32. gr., greiði eigandi eða umboðsmaður hans og hefur hafnarsjóður haldsrétt á vörunum, unz gjaldið er greitt.

Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins standa skil á greiðslum. Ef skip eða bátur hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri eða formaður ábyrgð á greiðslu vörugjaldanna. Vörugjald fellur í gjalddaga við fermingu eða affermingu vörunnar.

37. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki.

XII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

38. gr.

Um skaðabótaskyldu fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum lagareglum. Ef samningum verður ekki viðkomið um skaðabætur fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, skulu þær ákveðnar af þremur óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila um sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en einn mánuður er liðinn frá því er matsgerð var lokið. Yfirmat skal framkvæmt af fimm óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meir en sem svarar 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð.

Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

39. gr.

Enginn, sem bakað hefur sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, má fara burt úr höfninni meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, sem hafnarnefnd tekur gilda.

40. gr.

Hverja þá skipun, sem samkv. reglugerð þessari má gefa skipi, skal gefa stýrimanni, ef skipstjóri er ekki í skipi. Ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina, og er það jafngilt, sem skipstjóri hefði sjálfur fengið skipunina.

41. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum frá 10 til 500 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum.

42. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

77 43. gr.
24. febr. Reglugerð þessi er hér með sett til að öðlast gildi þegar í stað og er þá um leið úr gildi numin hafnarreglugerð fyrir Flateyrarkauptún, nr. 145 27. ágúst 1940, svo og öll önnur ákvæði, sem kunna að koma í bága við reglugerð þessa.

Þetta birtist til leiðbeiningar og eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 24. febrúar 1947.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

78
14. marz

AUGLÝSING

um breyting til bráðabirgða á gjaldskrá fyrir rafveitu Ísafjarðar, nr. 15 8. marz 1937, sbr. breytingu nr. 178 28. október 1941.

1. gr.

Suðu- og hitanotkun til heimilisþarfa miðað við fullkomið suðutæki verði á mánuði 150 kwst. miðað við þriggja manna fjölskyldu, fjögurra manna 165 kwst., fimm manna 180 kwst. og 10 kwst. fyrir hvern heimilismann umfram 5.

Ljósaverð haldist óbreytt.

Óheimilt er að nota meira rafmagn en fyrr segir. Verði út af því brugðið greiðist umframnotkun með kr. 2.50 hver kwst.

2. gr.

Gjaldskrá þessi öðlast þegar gildi.

Bráðabirgðabreyting þessi á gjaldskrá fyrir rafveitu Ísafjarðar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 1923.

Félagsmálaráðuneytið, 13. marz 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jónas Guðmundsson.

79
14. marz

FISKVEIÐASAMÞYKKT

fyrir Vestmannaeyjar.

I. KAFLI

1. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir Vestmannaeyjar og nær til allra báta, sem ganga þar til fiskjar yfir vetrarvertíð.

2. gr.

Frá 1. degi janúar til 1. apríl, að báðum dögum meðtöldum, má eigi fara til fiskjar með línu, seinna að degi en til kl. 12 á hádegi.

Frá 1. janúar til 15. febrúar má eigi fara til fiskjar með línu fyrr en kl. 3 f. h. og frá 15. febrúar til 15. marz, kl. 2 f. h., og frá 15. marz til 15. apríl, kl. 1 f. h., og skal farið eftir sólar- eða meðaltíma.

Sé róið með línu á tímabilinu frá 15. apríl til 11. maí, að báðum dögum með- 79
töldum, má róa á öllum tímum, nema frá kl. 12 á hádegi til kl. 7 að kveldi. 14. marz

3. gr.

Nefnd sú, sem kosin er samkv. 5. gr. hér á eftir, lætur gefa merki (ljósmerki) úr landi þegar tíminn er kominn. Öllum bátum er heimilt að fara frá festum sínum á Botninum út á Vík, en þó ekki utar en í línu, sem ákveðin er með tveimur hvítum ljósum. Ljós þessi eru sett upp ofanvert við Helli á Urðum, þannig að þau mynda beina línu í Klettsnef, þegar þau bera saman. Út fyrir þessa línu má enginn bátur fara, fyrr en merki hefur verið gefið og telst það fullt brot á samþykktinni, ef nokkur bátur fer að einhverju leyti út fyrir línuna. Á leið út af Botninum má enginn bátur fara með meiri ferð en svo, að báturinn láti sæmilega að stjórn.

Eftirlitsbátarnir skulu dreifa sér á ofangreinda línu, svo að þeir geti nákvæmlega fylgzt með öllum brotum á samþykkt þessari, og leyfist þeim að sjálfsögðu ekki fremur en öðrum að fara út fyrir hina ákveðnu línu.

Smábátar (trillubátar) mega þó ekki fara út fyrir hafnargarðana fyrr en ljósmerki hefur verið gefið.

Heimilt er bátum að fara inn fyrir Eiði áður en ljósmerki er gefið í landi, þó mega þeir ekki fara vestar en svo, að aðeins sjáist fyrstu ljósin í bænum, sem eru bryggjuljós innstu bryggjunnar, og ekki norðar en í merkið: Brekaflá á Bjarnarey í Faxasker að norðan.

Skulu bátarnir halda sig innan þessara merkja, þar til ljósmerki er gefið úr landi.

4. gr.

Formenn skulu gæta þess að leggja ekki á Leiðina of nærri hver öðrum, heldur með hæfilegu millibili. Þegar Leiðin er athugaverð má eigi leggja bátum á hana hverjum á móti öðrum, heldur skal beðið eftir þeim bát, sem á Leiðina hefur lagt. Bátur, sem af sjó kemur, hefur forgangsrétt og fyrir vélbáti gengur róðrarbátur. Þegar margir bátar fara saman út eða inn Leiðina, mega þeir ekki fara hraðar en svo, að þeir láti vel að stjórn.

5. gr.

Bæjarstjórn Vestmannaeyja kýs árlega 9 bátaformenn, þó aldrei færri en að áttundi hver formaður sé gæzlunefndarmaður, til þess að hafa eftirlit með því, að fyrirmælum samþykktar þessarar sé hlýtt. Skulu gæzlumenn auðkenna báta sína með einu vinnuljósi á miðþilfari og er öllum öðrum bátum óheimilt að nota slíkt merki.

Brot á ákvæðum þessarar greinar telst sem tímabrot.

II. KAFLI

6. gr.

Allir bátar, sem fiskveiðar stunda við Vestmannaeyjar, eru skyldir að hafa veiðarfæri sín greinilega merkt. Skal þess vandlega gætt, að engin merki séu svo lík, að ekki sé auðvelt að greina á milli.

7. gr.

Bæjarstjórn Vestmannaeyja kýs árlega þriggja manna nefnd, er eftirlit hefur með því að hlýtt sé ákvæðum 6. gr. Jafnframt skal nefndin halda nákvæma skrá yfir öll merkin. Síðan skal prenta merkjaskrá þessa, og fær hver bátur eitt eintak gegn lágu gjaldi.

Kostnaður við prentun og skrásetningu merkjanna greiðist úr hafnarsjóði.

79 8. gr.

14. marz Aðkomubátar eru skyldir til að tilkynna merki sín, áður en þeir byrja hér fiskveiðar. Nefndin gætir þess, að merki aðkomubáta séu eigi hin sömu eða of lík þeim, sem fyrir eru, og taki þau síðan á merkjaskrá, og sjái um að tilkynna þau opinberlega.

9. gr.

Enginn bátur má leggja þorskanet undir Sandi án útfara. Við hvert útfaraakkeri skal vera að minnsta kosti 5 faðma keðja. Við akkeri, sem vegur 25 kg, má í hæsta lagi leggja 8 netum. Við akkeri, sem eigi vegur meira en 35 kg, má mest leggja 12 netum, og við akkeri, sem vegur 50 kg, má mest leggja 15 netum. Undir Sandi má eigi leggja lengri trossu en 15 neta. Útfarann skal hafa á þeim enda, sem fjær landi er, og skal hann vera minnst 30 faðmar á lengd.

10. gr.

Netadufl skulu útbúin með stöng, sem stendur upp í straumlausu, og flagg í úr stinnu efni, svo að þau standi jafnan út frá skafti duflsins.

11. gr.

Öll veiðarfæri, sem notuð eru gagnstætt ákvæðum samþykktar þessarar, mega umsjónarmennirnir taka og flytja í land, en tafarlaust skulu þeir tilkynna lögreglustjóra upptökuna og alla málavöxtu, og má hann með úrskurði ákveða, að veiðarfærin skulu höfð í haldi, unz eigandi eða umboðsmaður hans sýnir vottorð um það, að sá, er veiðarfærin voru tekin upp fyrir, sé sýknaður með dómi eða málssókn gegn honum falli niður eða hann hafi greitt sektir þær, er honum hafi verið gerðar eða sett fullgilda tryggingu fyrir þeim.

12. gr.

Brot á samþykkt þessari varða sektum frá 25—500 krónum. Viðurlög við brotum á 2. gr. ferfaldast við hverja ítrekun brotsins upp í hámark sektar.

Sektarfé gangi til Hafnarsjóðs Vestmannaeyja.

13. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

14. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi þegar í stað og eru þá jafnframt fallnar úr gildi eldri fiskveiðasamþykktir fyrir Vestmannaeyjar.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Vestmannaeyja hefur gert samkvæmt lögum nr. 86, 14. nóvember 1917 og síðari breytingum á þeim, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 14. marz 1947.

Jóhann Þ. Jósefsson.

Páll Pálmason.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Framfarasjóð Bólstaðarhlíðar- 80
hrepps", útgefin á venjulegan hátt, ad mandatum af dómsmálaráðherra 20. marz 20. marz
1947.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Framfarasjóð Bólstaðarhlíðarhrepps.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Framfarasjóður Bólstaðarhlíðarhrepps og er stofnaður í tilefni af aldarafmæli Búnaðarfélags Bólstaðarhlíðarhrepps árið 1942, jafnhliða því að félagið ákvað að stofna til Æfiskrár samkvæmt reglum, sem færðar eru í fundarbók félagsins.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 9212.89 og tekjur hans allar minningargjafir í sambandi við Æfiskrána og vextir af þeim. Enn fremur aðrar gjafir, sem sjóðnum kann að hlotnast.

Til þess er ætlast, að aðrir sjóðir innan hreppsins geti starfað sem undirdeildir Framfarasjóðsins að ákveðnum verkefnum, ef þess er sérstaklega óskað og það löglega samþykkt.

3. gr.

Markmið sjóðsins er að styðja hvers konar verklegar og menningarlegar framfarir innan Bólstaðarhlíðarhrepps og þó einkum almennar búnaðarframkvæmdir og búnaðarframfarir.

4. gr.

Sjóðurinn starfar á þann hátt, að hann lánar fé sitt búnaðarfélaginu og öðrum félögum til framkvæmda þeirra mála, sem um getur í 3. gr. Einnig má í einstöku tilfellum veita einstaklingum slík lán, en þó því aðeins að þeir, að dómi sjóðstjórnarinnar ráðist í mikilsverðar framkvæmdir, sem teljast verða nauðsynlegar vegna félagsheildarinnar. Lánin eru veitt gegn 2% ársvöxtum og aldrei til lengri tíma en til 10 ára. Að öðru leyti semur stjórnin í hvert sinn um tryggingar og greiðslur.

Þess skal gætt að taka sem sanngjarnast tillit til hinna ýmsu framfara- og menningarmála.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipar stjórn Búnaðarfélags Bólstaðarhlíðarhrepps og fær hún þóknun fyrir starf sitt samkvæmt ákvæðum aðalfundar félagsins. Stjórnin heldur gerðabók sjóðsins og annast allan hag hans og rekstur.

6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og er endurskoðun reikninga hans framkvæmd af endurskoðanda hreppsreikningsins. Reikningarnir eru úrskurðaðir á aðalfundi Búnaðarfélags Bólstaðarhlíðarhrepps og skulu birtir í Búnaðarritinu.

7. gr.

Sjóðurinn tekur þegar til starfa.

80 20. marz

8. gr.

Þegar höfuðstóll sjóðsins jafngildir öllu fasteignamatsverði þeirra tveggja jarða, sem hæst eru metnar innan Bólstaðarhlíðarhrepps, er stjórn sjóðsins heimilt að veita, að einhverju leyti verðlaun af afgangsfénu til einstakra manna fyrir afrek, sem gerð eru í anda þessarar skipulagsskrár.

9. gr.

Skipulagsskrá þessari má breyta, ef tveir aðalfundir Búnaðarfélags Bólstaðarhlíðarhrepps samþykkja það í röð, enda sé væntanlegra breytinga getið í fundarboði.

10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og óskast hún birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

81 21. marz

AUGLÝSING

um breyting á reglugerð fyrir Stýrimannaskólann í Reykjavík, nr. 89 27. apríl 1945.

1. gr.

Aftan við 9. gr. reglugerðarinnar komi svo hljóðandi viðbót:

Þá skal og halda próf upp úr 2. bekk farmannadeildar í lok marzmánaðar ár hvert. Prófið skal haldið af kennurum skólans, og skal prófað í þessum námsgreinum: Stærðfræði, siglingafræði, íslenzku, dönsku, ensku, siglingareglum og skipagerð.

Til þess að standast prófið þarf nemandinn að fá einkunnir sem hér segir:

Í stærðfræði, minnst 4 stig fyrir eina skriflega úrlausn.
Í siglingafræði, minnst 8 stig fyrir 2 skriflegar úrlausnir.
Í íslenzku, minnst 4 stig fyrir eina skriflega úrlausn.
Í siglingareglum, minnst 4 stig fyrir eina munnlega úrlausn.
Í meðaleinkunn, minnst 4 stig.

Farið skal eftir sama einkunnastiga og við burtfararpróf.

Þeir einir, sem standast þetta próf, verða færðir í 3. bekk farmannadeildar að hausti. Þegar sérstaklega stendur á, og kennurum ber saman um, að nemandi hafi næga kunnáttu í þessum námsgreinum, getur skólastjóri þó veitt honum undanþágu frá þessu prófi.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerðarbreyting þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 69 12. apríl 1945, um Stýrimannaskólann í Reykjavík og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 21. marz 1947.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ

82
31. júlí

um fjárhagsráð, innflutningsverzlun, gjaldeyrismeðferð og verðlagseftirlit.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 70 5. júní 1947, um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit, er hér með sett eftirfarandi reglugerð.

I. KAFLI
Um fjárhagsráð og fjárfestingu.

1. gr.

Tilgangurinn með starfi fjárhagsráðs er að samræma framkvæmdir einstaklinga og hins opinbera þannig, að komið verði í veg fyrir atvinnuleysi eða ofþenslu.

Framkvæmdum skal því hagað samkvæmt fyrirfram gerðri áætlun, er fjárhagsráð semur og ríkisstjórnin samþykkir. Fjárhagsráð gefur ríkisstjórninni mánaðarlega skýrslu um starfsemi sína.

2. gr.

Í áætlun fjárhagsráðs um heildarframkvæmdir ár hvert, skal gerð grein fyrir kostnaði við allar stærri framkvæmdir og með hverjum hætti fjár skuli aflað til þeirra, enda skal kveða á um það í áætluninni, í hverri röð framkvæmdir skuli gerðar.

3. gr.

Við samningu heildaráætlunar um fjárfestingu skal fjárhagsráð leita samvinnu við opinberar stofnanir, félög og einstaklinga, sem hafa með höndum framleiðslu eða framkvæmdir, verzlun, iðnað eða annan atvinnurekstur, er fjárfestingu þarf til.

Fjárhagsráð getur, þegar það telur þess þörf, kvatt þessa aðila til funda og fengið hjá þeim hverjar þær skýrslur, er það telur þurfa.

Skulu þeir fyrir þann tíma, er fjárhagsráð ákveður, senda því áætlun um stofnfjárþörf sína, lánsfjárþörf, gjaldeyrisþörf og vinnuaflsþörf og annað það, er fjárhagsráð telur máli skipta.

4. gr.

Fjárhagsráð skal beita sér fyrir samvinnu atvinnurekenda og verkamanna um bætta aðstöðu verkafólks á vinnustöðum, betri hagnýtingu vinnuafls og aukin vinnuafköst.

Fjárhagsráði er heimilt að leggja fyrir vinnumiðlunarskrifstofur landsins að láta fara fram skrásetningu verkafólks almennt eða í einstökum starfsgreinum á þeim tíma og eftir þeim reglum, er fjárhagsráð ákveður.

5. gr.

Fjárhagsráð skal og hafa samvinnu við lánsstofnanir í landinu um samningu og framkvæmd fjárfestingaráætlunar og ber lánsstofnunum að skýra fjárhagsráði frá fjármagni því, er þær hafa yfir að ráða, hvernig því er varið og á hvern hátt það skiptist milli einstakra atvinnugreina.

Nú telur fjárhagsráð eigi nægilega séð fyrir fjárþörf fyrirtækja, er það telur nauðsyn bera til að stofnsetja, og skal það þá leita samvinnu við ríkisstjórn, lánsstofnanir, eða aðra þá aðila, er hlut geta átt að máli um fjárframlög eða fjársöfnun til slíkra fyrirtækja.

17. dag ágústmánaðar 1947. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

82 31. júlí

6. gr.

Fjárhagsráð skal jafnframt því sem það semur áætlun um heildarframkvæmdir gera sérstaka áætlun um framkvæmdir ríkisins áður en fjárlög eru samin ár hvert. — Í þessari áætlun, er ríkisstjórn og Alþingi hafa til hliðsjónar við setningu fjárlaga, skal stefnt að hinu sama marki og áður greinir, að sjá um að allir landsmenn hafi næga vinnu, en komið sé í veg fyrir offramkvæmdir, er valdi erfiðleikum fyrir framleiðsluna og raski fjármálalegu jafnvægi þjóðarinnar.

7. gr.

Til hvers konar fjárfestingar einstaklinga, félaga og opinberra aðila, hvort sem er til stofnunar nýs atvinnurekstrar, til aukningar á atvinnurekstri, húsbygginga, skipakaupa, skipabygginga, hafnar-, vega- og brúargerða, rafveitna eða hvers konar annarra framkvæmda og mannvirkja, þarf leyfi fjárhagsráðs eða þess aðila, sem það felur slíkar leyfisveitingar.

Þetta gildir einnig um framhald ofangreindra framkvæmda, sem þegar eru hafnar.

Til fjárfestingar telst þó eigi venjulegt viðhald eldri tækja og mannvirkja.

8. gr.

Þeir, sem hafa í hyggju að hefja framkvæmdir eða halda áfram framkvæmdum, sem þegar eru hafnar, þess eðlis sem að framan greinir (sbr. 7. gr.), skulu sækja um leyfi til fjárhagsráðs, eftir nánari fyrirmælum þess.

Umsókn um leyfi til fjárfestingarframkvæmda skal leyfisbeiðandi láta fylgja teikningu, nákvæma áætlun um kostnað, efni til framkvæmdanna, vinnuaflsþörf og hvernig hann ætlar að afla fjár til verksins.

9. gr.

Fjárhagsráð skal svara leyfisbeiðnum svo fljótt, sem við verður komið, og skal leitast við að eigi verði á svörum slíkar tafir, að hamli framkvæmdum eða valdi erfiðleikum fyrir leyfisbeiðanda.

10. gr.

Fjárhagsráð getur falið viðskiptanefnd (sbr. II. kafla) eða öðrum aðila afgreiðslu einstakra fjárfestingarleyfa eða tiltekinna flokka fjárfestingarleyfa eftir reglum, er fjárhagsráð setur.

11. gr.

Heimilt skal, án fjárfestingarleyfis:

1. að gera mannvirki eða tæki, sem eigi kostar meira í vinnu og efni en kr. 10000.00;
2. að byggja íbúðarhús til nota fyrir sjálfan sig eða skyldulið sitt, enda sé húsið ekki stærra en 350 rúmmálsmetrar og eigi óeðlilega mikið í það borið á neinn hátt, og húseigandinn vinni að byggingu þess sjálfur með skylduliði sínu að mestu leyti;
3. að byggja verbúðir eða útihús á bújörðum, enda kosti framkvæmdir eigi í efni og vinnu meira en kr. 50000.00.

Þær framkvæmdir, sem hér eru leyfðar, verður að tilkynna til fjárhagsráðs mánuði áður en verkið hefst, og fylgi tilkynningunni nákvæm teikning og áætlun um verð, fjármagn til byggingarinnar og hverjir að byggingunni vinna.

Fjárhagsráð getur þó bannað slíkar framkvæmdir, ef það telur, að þær séu óeðlileg sóun á vinnu og efni, eða að sá, sem hefur í hyggju að byggja húsið, hafi þess ekki þörf né skyldulið hans.

Enn fremur getur ráðið stöðvað verkið eftir að það er hafið, ef rangar upplýs-

ingar hafa verið gefnar um stærð hússins, fjármagn til þess, vinnuafl eða annað, sem verulegu máli skiptir. 82 31. júlí

II. KAFLI
Um skipun, stjórn og starfssvið viðskiptanefndar.

12. gr.

Ríkisstjórnin skipar eftir tillögum fjárhagsráðs fimm manna nefnd og þrjá til vara, er fari með störf innflutnings- og gjaldeyrisdeildar samkv. lögum um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit. Nefnd þessi kallast viðskiptanefnd og lýtur yfirstjórn fjárhagsráðs.

Afl atkvæða ræður úrslitum einstakra mála í viðskiptanefnd. Ágreiningi um meiri háttar mál geta einstakir nefndarmenn skotið til fjárhagsráðs.

13. gr.

Hlutverk viðskiptanefndar er:

1. Að gera tillögur til fjárhagsráðs fyrir ár hvert um heildaráætlun um útflutning og innflutning þess árs, magn og verðmæti. Skal áætlun þessi miðast við það að hagnýta sem bezt markaðsmöguleika og fullnægja sem hagkvæmast innflutningsþörf landsmanna.

   Fyrir yfirstandandi ár skal áætlun þessi gerð að því leyti, sem við verður komið.
2. Að úthluta í samræmi við áætlun fjárhagsráðs til innflytjenda innflutnings- og gjaldeyrisleyfum fyrir þeim vörum, sem háðar eru leyfisveitingum og setja þau skilyrði um þau, sem nauðsynleg kunna að vera vegna viðskiptasamninga eða af öðrum ástæðum.

   Úthlutun leyfa skal við það miðuð, að verzlunarkostnaður og gjaldeyriseyðsla verði sem minnst. Reynt verði, eftir því sem frekast er unnt, að láta þá sitja fyrir innflutningsleyfum, sem bezt og hagkvæmust innkaup gera og sýna fram á, að þeir selji vörur sínar ódýrast í landinu. Skal þetta gilda jafnt um kaupmannaverzlanir og samvinnuverzlanir og miðað við það, að neytendur geti haft viðskipti sín þar, sem þeir telji sér hagkvæmast að verzla.
3. Að úthluta öðrum gjaldeyrisleyfum en þeim, sem í 2. tölulið greinir.
4. Að fara með vöruskömmtun eftir ákvörðun fjárhagsráðs.
5. Að ráðstafa, ef nauðsyn ber til, farmrými í skipum, er annast eiga vöruflutninga til landsins og eru eign íslenzkra aðila eða á vegum þeirra.
6. Að fara með verðlagsákvarðanir og verðlagseftirlit.
7. Önnur störf, er fjárhagsráð kann að fela henni.

14. gr.

Fjárhagsráð semur skrá um þær vörur, sem ætíð skulu greiddar af nýbyggingarreikningi, sbr. 1. gr. laga um fjárhagsráð, en auk þess getur fjárhagsráð ákveðið, að annað efni í tilteknar nýbyggingar skuli greitt af fé þessu. Um leyfisveitingar fyrir vörum þessum fer eftir nánari fyrirmælum fjárhagsráðs til viðskiptanefndar. Viðskiptanefnd færir leyfisveitingar þessar á sérstaka skrá og áritar leyfin til leiðbeiningar fyrir bankana.

15. gr.

Viðskiptanefnd skal daglega senda fjárhagsráði skýrslu um leyfisveitingar í því formi, sem það ákveður.

Aldrei má viðskiptanefnd veita meiri leyfi í neinum vöruflokki, en innflutningsáætlun segir til um, nema til komi samþykki fjárhagsráðs.

82 31. júlí Ef sótt er um innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir vörum til framkvæmda, er hafa fjárfestingu í för með sér, skal viðskiptanefnd, áður en ákvörðun er tekin um beiðnina, ganga úr skugga um, hvort hlutaðeigandi hafi fjárfestingarleyfi.

16. gr.

Fjárhagsráð getur, hvenær sem því þykir ástæða til, lagt fyrir viðskiptanefnd að stöðva með öllu eða draga úr leyfisveitingum í tilteknum vöruflokkum, þótt ráðið hafi áður samþykkt innflutningsáætlun, sem gerir ráð fyrir meiri innflutningi á þeim vörum.

III. KAFLI

Um verðlag og verðlagseftirlit.

17. gr.

Viðskiptanefnd hefur með höndum verðlagsákvarðanir og eftirlit með öllu verðlagi. Miða skal hún verðlagsákvarðanir við þörf þeirra fyrirtækja, sem hafa vel skipulagðan og hagkvæman rekstur.

Nefndin hefur bæði af sjálfsdáðum og að fyrirlagi fjárhagsráðs eða ríkisstjórnar vald og skyldu til að ákveða hámarksverð á hvers konar vörum og verðmæti, þar á meðal hámark álagningar, umboðslauna og annarrar þóknunar, sem máli skiptir um verðlag í landinu. Svo getur og viðskiptanefnd úrskurðað um aðra kostnaðarliði, sem máli skipta um verðlagningu á vörum. Þá getur nefndin ákveðið gjöld fyrir flutning á landi, sjó og lofti, þar með talin farmgjöld og afgreiðslugjöld, enn fremur greiðslur til verkstæða fyrir alls konar verk, svo sem pípu- og raflagnir, smíðar, málningu og veggfóðrun, saumaskap, prentun og því um líkt. Þá getur viðskiptanefnd ákveðið hámarksverð á greiðasölu, veitingum, fæði, snyrtingu, fatapressun og aðgöngumiðum að almennum skemmtunum og öðru slíku. Á hinn bóginn hefur nefndin ekki vald til verðákvörðunar á þeim vörum, sem verðlagðar eru samkvæmt sérstökum lögum, né vöru, sem seld er úr landi, eða launa fyrir verk, sem ákveðin hafa verið með samningum stéttarfélaga.

18. gr.

Ríkisstjórnin skipar, að fengnum tillögum fjárhagsráðs, verðlagsstjóra, sem gerir tillögur til viðskiptanefndar um verðlagsákvæði og hefur á hendi framkvæmd þeirra og eftirlit með að þeim sé hlýtt. Hann skipar trúnaðarmenn um land allt til verðlagseftirlits og hefur á hendi allan daglegan rekstur í sambandi við verðlagseftirlitið.

Ef upp rís ágreiningur um skilning á verðlagsákvæðum, sker viðskiptanefnd úr.

19. gr.

Úrskurðir og ályktanir viðskiptanefndar eru fullnaðarúrslit einstakra verðlagsmála. Þó má taka mál til meðferðar af nýju, ef ástæður hafa breytzt eða nýjar skýrslur komið fram, er máli skipta. — Enga verðlagsákvörðun, sem hafa mundi í för með sér augljósa hækkun á verðlagsvísitölu, má nefndin þó gera, nema málið sé fyrst rætt við fjárhagsráð.

20. gr.

Allar verðlagsákvarðanir, sem samþykktar eru af viðskiptanefnd, skulu birtar af verðlagsstjóra þegar í stað, og ganga þær í gildi jafnskjótt og gilda þar til öðru vísi er ákveðið. Ákvarðanir skulu birtar á þann hátt, að þær verði almenningi kunnar á því verðlagssvæði, er þær ná til.

IV. KAFLI
Um innflutning og gjaldeyrismeðferð.

21. gr.

Engar vörur, sem háðar eru leyfisveitingum samkvæmt 11. gr. laga nr. 70 5. júní 1947, um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit, má flytja til landsins án leyfis fjárhagsráðs eða viðskiptanefndar.

Leyfi þarf þó ekki til að flytja til landsins:

1. Fatnað og aðrar ferðanauðsynjar, sem tilheyra farþegum, sem koma til landsins frá útlöndum, að svo miklu leyti, sem tolleftirlitsmenn telja farangur þenna til eigin afnota farþeganna á ferðalaginu.
2. Íslenzkar vörur, sem endursendar eru til landsins frá útlöndum, ef þær eru endursendar í sömu umbúðum og þær voru sendar héðan, og þeim fylgir vottorð erlendrar tollstjórnar um það, að varan sé komin í erlent tollumdæmi héðan og send þaðan í sömu umbúðum og hún kom þangað.
3. Vörur, sem ætlaðar eru til afnota sendiherra erlendra ríkja og annarra, sem samkvæmt lögum og venju njóta hér tollfrelsis eftir nánari reglum, sem fjármálaráðherra setur.

22. gr.

Hver sá, sem flytja vill til landsins vörur, sem háðar eru leyfisveitingum samkvæmt 11. gr. laganna, skal senda viðskiptanefnd umsókn um það með hæfilegum fyrirvara, og skulu umsókninni fylgja þau gögn og skýrslur, er nefndin krefst.

23. gr.

Skipstjórar, farstjórar og afgreiðslumenn skipa og annarra farartækja mega ekki afhenda viðtakendum aðfluttar vörur, sem leyfi þarf til að flytja hingað til lands, nema með samþykki hlutaðeigandi tollstjóra eða umboðsmanns hans, en þeir veita ekki slíkt samþykki, nema fyrir liggi leyfi viðskiptanefndar til að flytja vörurnar inn.

Póstafgreiðslumenn afhenda ekki vörur, sem koma frá útlöndum í pósti og háðar eru leyfisveitingum, nema fyrir liggi leyfi viðskiptanefndar til að flytja vörurnar inn.

24. gr.

Innflytjendum ber að afhenda tollstjórum og umboðsmönnum þeirra innkaupsreikninga í tvíriti yfir vörurnar, ef þær hafa verið keyptar erlendis, ásamt innflutningsleyfum fyrir þeim vörum, sem háðar eru leyfisveitingum, áður en þær eru teknar til tollmeðferðar, en þegar vörur eru tollskoðaðar, skal bera innflutningsleyfin saman við innkaupsreikningana og vörurnar.

Þegar vörur eru tollafgreiddar, skal afhenda innflytjendum annað eintak innkaupsreikninganna með áritun um að innflutningur hafi farið fram. Skal þetta eintak vera til afnota fyrir gjaldeyriseftirlitið.

25. gr.

Að fráskildum greiðslum fyrir vöruinnflutning, sem er ekki háður leyfisveitingum samkvæmt 11. gr. laganna, má engan gjaldeyri láta af hendi án leyfis viðskiptanefndar, nema séu greiðslur vegna ríkissjóðs eða banka eða vextir og afborganir bæjar- og sveitarfélaga. Bankarnir gefa fjárhagsráði mánaðarlega skýrslu um þessar greiðslur.

Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands h.f. hafa einkarétt til þess að verzla með erlendan gjaldeyri. Þó er póststjórninni heimil slík verzlun innan þeirra takmarka, sem viðskiptamálaráðherra setur.

82 31. júlí

Að selja erlendan gjaldeyri er að láta hann af hendi fyrir íslenzkan gjaldeyri eða aðra greiðslu, í hverju sem fólgin er, en að kaupa erlendan gjaldeyri er að fá hann fyrir íslenzkan gjaldeyri eða aðra greiðslu, í hverju sem fólgin er.

Til gjaldeyris teljast myntaðir peningar, peningaseðlar, ávísanir, víxlar, skuldabréf og önnur verðbréf og skuldbingar, sem hljóða um greiðslu í peningum.

Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands h.f. skulu undir umsjá viðskiptamálaráðuneytisins hafa öruggt eftirlit með því, að misnotkun á erlendum gjaldeyri eigi sér ekki stað í skjóli frjáls innflutnings. Skulu bankarnir setja upp sameiginlega gjaldeyriseftirlitsskrifstofu og haga þessu eftirliti þannig, að það verði sem hagkvæmast og öruggast. Þeim, sem kaupa vilja erlendan gjaldeyri til þess að greiða fyrirfram vörur eða annað, skal skylt að láta afgreiðslubankanum í té skuldbindingu í tvíriti um að leggja fyrir sameiginlega gjaldeyriseftirlitsskrifstofu bankanna innan hæfilegs tíma innflutningsskjöl frá erlendum aðila með áritun tollstjóra um að innflutningur hafi farið fram, eða, ef um er að ræða greiðslur fyrir annað en vörur, önnur gögn, sem gjaldeyriseftirlitsskrifstofan telur fullnægjandi til sönnunar því, að gjaldeyrinum hafi verið ráðstafað í samræmi við gjaldeyrisleyfið, eða önnur skilyrði, sem sett hafa verið. Enn fremur að endurgreiða afgreiðslubankanum í sama gjaldeyri þann afgang, sem verða kann, eða alla fjárhæðina, ef svo fer, að fyrirhuguð kaup takast ekki eða að ástæðan til yfirfærslunnar fellur niður af öðrum orsökum. Ef frekari dráttur, en gert er ráð fyrir í upphafi, verður á fullnægingu þessara skuldbindinga, er viðskiptamönnum skylt að gera gjaldeyriseftirlitsskrifstofunni skriflega fulla grein fyrir ástæðum til þess. Bregðist þetta, skal gjaldeyriseftirlitsskrifstofunni skylt að tilkynna viðskiptanefnd þetta, og tekur hún frekari ákvörðun í málinu.

Gjaldeyriseftirlitsskrifstofu bankanna er skylt að láta fjárhagsráði í té allar þær upplýsingar um gjaldeyrisverzlunina, sem það kann að æskja.

Allur erlendur gjaldeyrir, sem menn eiga eða eignast, skal seldur áðurgreindum bönkum. Undanskilið þessu er það fé, sem lagt hefur verið í nýbyggingarsjóð í erlendum gjaldeyri og vátryggingarandvirði skipa, greitt í erlendum gjaldeyri. Skal slíkur gjaldeyrir vera í vörzlum bankana eða undir þeirra eftirliti.

26. gr.

Erlendis er eigendum íslenzkra skipa og annarra farartækja heimilt að láta af hendi erlendan gjaldeyri, sem þeir fá í flutningsgjöld, fargjöld og önnur slík gjöld, sem þar eru innt af hendi til greiðslu á skyldugreiðslum til skipverja og starfsmanna sinna erlendis og á öðrum nauðsynlegum kostnaði vegna afgreiðslu og veru skipanna og farartækjanna erlendis, svo og nauðsynjum skipanna og farartækjanna, þar til er þau koma hingað, en skylt er eigendum skipanna og farartækjanna að gera gjaldeyriseftirlitsskrifstofu bankanna fullnægjandi grein fyrir öllum slíkum greiðslum í erlendum gjaldeyri. — Enn fremur getur gjaldeyriseftirlitsskrifstofan heimilað innlendum vátryggingarfélögum, sem endurtryggja erlendis, að ráðstafa þeim erlendum gjaldeyri, sem þau fá greiddan í iðgjöldum og sem tjónabætur, en aðeins til greiðslu á endurtryggingargjöldum og öðrum eðlilegum kostnaði við tryggingarstarfsemina í því landi, sem gjaldeyristeknanna er aflað, en skylt er þeim að gera gjaldeyriseftirlitsskrifstofu bankanna ársfjórðungslega fullnægjandi grein fyrir ráðstöfun gjaldeyrisins.

Fjárhagsráð getur sett nánari reglur, ef það telur þess þörf, til tryggingar því að heimild þessi verði eigi misnotuð.

27. gr.

Öllum erlendum gjaldeyri, sem bankarnir kaupa, skal skipt milli þeirra þannig, að Útvegsbankinn fái ⅓ hluta alls gjaldeyrisins, ef hann óskar þess, fyrir innkaupsverð, hlutfallslega af hverri mynt, sem keypt er á mánuði hverjum.

Hlutfalli þessu getur ráðherra breytt, ef báðir bankarnir samþykkja.

28. gr. 82

Útflytjendum íslenzkra afurða og annarra vara er skylt að láta koma fyrir þær erlendan gjaldeyri og afhenda hann til banka þeirra, er um getur í 25. gr. 31. júlí

Skylda þessi nær þó ekki til:

1. Fatnaðar og annarra nauðsynja, sem farþegar á skipum eða öðrum farartækjum hafa með sér til útlanda til eigin nota á ferðalaginu.
2. Notaðra heimilismuna og annarra nauðsynja manna, sem eru að flytja til útlanda.
3. Endursendra aðfluttra vara, sem ekki eru seldar til útlanda eða eiga að seljast þar og engin greiðsla kemur fyrir, nema greitt hafi verið fyrir þær við innflutning.
4. Gjafa og sýnishorna, sem engin greiðsla kemur fyrir.

29. gr.

Áður en vörur eru fluttar héðan til útlanda skulu útflytjendur afhenda tollstjóra eða umboðsmanni hans skýrslu á þar til gerðum eyðublöðum um hina útfluttu vöru, og afrit af farmskírteini eða fylgibréfi yfir vörurnar, ef það hefur verið gefið út, svo og afrit af sölureikningi yfir vöruna, ef salan hefur farið fram, en ef salan fer fram síðar, þá skuldbindingu um að afhenda sölureikning, þegar salan hefur átt sér stað.

Sölureikningur fyrir útfluttar vörur skal hljóða um greiðslu í erlendri mynt, en á skýrslum þeim, sem um ræðir í 1. málsgrein, skal söluverðið gefið upp í íslenzkri mynt og skal miða við dagsgengi.

Skýrslur þær og skjöl, sem ræðir um í 1. málsgr. þessarar greinar, skulu afhentar svo tímanlega, að fram geti farið skoðun á vörunum, ef þörf krefur, áður en ferming þeirra á sér stað. Skýrslu þarf þó ekki að gefa um vörur þær, sem um ræðir í töluliðunum 1—4 í 28. gr.

Hins vegar ber að framvísa öllum slíkum vörum fyrir tolleftirlitsmanni, sem er að rannsókn í skipi eða farartæki eða afgreiðir það til útlanda.

Útflytjendur ísfisks, sem seldur er á erlendum markaði, skulu senda gjaldeyrisskrifstofu bankanna skilagrein (yfirlitsreikning) yfir hverja einstaka sölu, frá aðilum þeim, sem annast söluna erlendis, strax og þær berast, og enn fremur önnur gögn í þessu sambandi, sem skrifstofan kann að óska eftir samkvæmt 31. gr.

30. gr.

Skýrsla sú eða yfirlýsing, sem ræðir um í 29. gr., skal vera skrifleg og tilgreina eftirtalin atriði:

1. Tölu, magn og tegund varanna.
2. Söluverð, ef salan hefur farið fram, annars fob. gangverð varanna.
3. Allan kostnað, sem greiddur er í íslenzkum gjaldeyri og fellur á vöruna til útlanda, svo sem flutningsgjöld og vátryggingu.
4. Ákvörðunarstað varanna.
5. Nafn og heimili viðtakanda varanna.
6. Hvar og hvernig vörurnar séu greiddar eða eigi að greiðast:
   a. Hafi vörurnar verið greiddar fyrir fram, ber útflytjendum að leggja fram vottorð frá bönkunum um það, að þeir hafi móttekið andvirðið í erlendum gjaldeyri.
   b. Eigi greiðsla að fara fram síðar, ber útflytjendum að undirrita skuldbindingu um að skila andvirðinu í erlendum gjaldeyri til bankanna og skal tilgreint, hvenær og í hvaða banka greiðsla sé væntanleg.

82 31. gr.

31. júlí Gjaldeyriseftirlitsskrifstofa bankanna hefur eftirlit með því, að til skila komi allur gjaldeyrir, sem á að greiðast fyrir útfluttar vörur og annað, sem greiðast á með erlendum gjaldeyri, og getur hún krafizt upplýsinga og skýrslna í því sambandi, er hún telur nauðsynlegar. Skal hún gefa fjárhagsráði og viðskiptamálaráðuneytinu vikulega skýrslu um innborganir, sem bönkunum berast í erlendum gjaldeyri.

32. gr.

Annað samrit af farmskrá þeirri, sem ræðir um í 1. mgr. 33. gr. laga nr. 63 31. des. 1937, skulu tollstjórar eða umboðsmenn þeirra senda Landsbanka Íslands ásamt skjölum þeim, sem ræðir um í 29. gr.

Aðalfarmskrá þá, sem ræðir um í 2. mgr. 33. gr. framannefndra laga nr. 63 31. des. 1937, skulu tollstjórar eða umboðsmenn þeirra fyrst um sinn og þar til er önnur skipun verður á því gerð, senda Landsbanka Íslands.

Auk farmskráa, sem skipstjórar, farstjórar og afgreiðslumenn skipa og annarra farartækja skulu gera yfir útflutningsvörur, sem skipið eða farartækið hefur tekið til flutnings og koma á farmskrá, skulu skipstjórar eða farstjórar gera og afhenda tolleftirlitsmanni, áður en skipið eða farartækið leggur úr höfn, skrá yfir vörur þær, sem skipið eða farartækið hefur tekið úr landi og ætlaðar eru útflutningsskipinu eða farartækinu sjálfu, skipverjum eða starfsmönnum og farþegum til neyzlu og notkunar í skipinu eða farartækinu.

Skipstjórar eða farstjórar eru enn fremur skyldir til að gefa tolleftirlitsmanni, ef ástæða þykir til, skýrslu um það, hvernig vörur þær, sem ræðir um í 3. mgr. þessarar greinar, hafa verið greiddar og til hvers eða hverra greiðslan hefur gengið eða á að ganga.

33. gr.

Bannað er að flytja íslenzkan og erlendan gjaldmiðil (seðla og mynt) úr landi. Þó er farþegum heimilt að taka með sér til útlanda til notkunar þar 50 krónur í íslenzkum gjaldeyri eða jafngildi þess í erlendum gjaldeyri.

34. gr.

Tollstjórar, hver fyrir sitt umdæmi, skulu láta Hagstofu Íslands í té nákvæma skýrslu um magn, tegund og söluverð útfluttrar vöru, jafnskjótt og skip eða farartæki, sem vöruna flytur, leggur frá landi. Enn fremur skulu þeir eigi síðar en 5. hvers mánaðar láta hagstofunni í té skýrslu um innflutning í næsta mánuði á undan, og skal skýrslan vera í því formi, sem hagstofustjóri ákveður.

35. gr.

Hver sá, er innflutnings- eða gjaldeyrisleyfi fær, greiði fjárhagsráði ½% af fjárhæð þeirri, sem leyfið hljóðar um, þó aldrei minna en 1 krónu fyrir hvert einstakt leyfi. Skal gjaldi þessu varið til að standast kostnað af fjárhagsráði og framkvæmd laga nr. 70/1947, um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit. Leyfisgjaldið greiðist við afhendingu leyfanna.

V. KAFLI

Ýmis ákvæði.

36. gr.

Fjárhagsráð hefur rétt til að ráða sérfræðinga og annað starfsfólk í þjónustu sína.

Viðskiptanefnd, verðlagsstjóri og aðrir aðilar, er starfa í umboði fjárhagsráðs, ráða starfslið að fengnu samþykki fjárhagsráðs, enda ákveður fjárhagsráð laun þess. — Fjárhagsráð setur þessum aðilum almennar starfsreglur svo og reglur um einstök atriði í starfi þeirra. 82 31. júlí

37. gr.

Fjárhagsráðsmönnum, viðskiptanefndarmönnum, verðlagsstjóra og starfsmönnum þessara aðila er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá þeim atriðum, er þeir verða áskynja um af skýrslum þeim, sem látnar eru í té samkvæmt lögum nr. 70/1947 og reglugerð þessari, að því leyti, sem þau varða einstaka menn eða einstök fyrirtæki.

38. gr.

Fjárhagsráð getur veitt undanþágu frá ákvæðum reglugerðar þessarar, ef sérstaklega stendur á, enda komi samþykki ríkisstjórnarinnar til. Undanþága má þó aldrei fara í bág við lög nr. 70/1947.

39. gr.

Hver sá, er vanrækir að láta fjárhagsráði, innflutnings- og gjaldeyrisdeild eða embættismönnum þeim, sem þessir aðilar til þess setja, í té skýrslur þær, sem honum er skylt að gefa samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar, skal sæta 20—200 kr. dagsektum. Sá, sem gefur sömu aðilum rangar skýrslur, skal sæta refsingu samkvæmt ákvæðum 15. kafla almennra hegningarlaga.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar, og reglum settum samkvæmt þeim, varða sektum allt að 200 þús. kr. Ef miklar sakir eru eða ef brot er ítrekað, má svipta sökunaut atvinnurétti um stundarsakir eða fyrir fullt og allt. Upptaka eigna samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga skal og heimil vera.

40. gr.

Reglugerð þessi öðast þegar gildi, og er þá jafnframt úr gildi felld reglugerð nr. 7 frá 16. janúar 1946 og reglugerð nr. 2 frá 9. janúar 1945.

Forsætisráðuneytið, 31. júlí 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Birgir Thorlacius.

REGLUGERÐ

83 11. ágúst

um skömmtun á nokkrum byggingarvörum.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 11. gr. l. nr. 70 1947 svo og l. nr. 37 1939 og l. nr. 59 1940 er hér með sett eftirfarandi reglugerð:

1. gr.

Frá og með 12. ágúst 1947 er bannað að selja hvers konar trjávið, krossvið og hvers konar þilplötur, sement og steypustyrktarjárn, nema gegn leyfum, sem út eru gefin af viðskiptanefnd fjárhagsráðs, sbr. þó 6. gr.

2. gr.

Allir, sem verzla með vörutegundir þær, er um ræðir í 1. gr., hvort heldur er í smásölu eða heildsölu, skulu fyrir 14. ágúst 1947 gefa viðskiptanefnd skýrslu um

83 birgðir sínar af þeim í því formi, er hún ákveður, eins og þær voru, áður en við-
11. ágúst skipti hófust 12. ágúst 1947. Sama gildir um iðnfyrirtæki, sem nota þessar vörur til framleiðslu sinnar, svo og um einstaklinga, félög og opinbera aðila, sem hafa undir höndum ofangreindar vörur.

3. gr.

Hver, sem flytur til landsins vörur þær, sem um ræðir í 1. gr., skal þegar í stað senda viðskiptanefnd skýrslu um það. Enn fremur skulu tollstjórar, hver í sínu umdæmi, gefa viðskiptanefnd jafnharðan skýrslu um allan innflutning framangreindra vara og hver sé viðtakandi.

4. gr.

Heildsöluverzlun má eigi selja smásöluverzlun vörur þær, er um ræðir í 1. gr., nema með leyfi viðskiptanefndar.

5. gr.

Þegar veitt er fjárfestingarleyfi til framkvæmda, sem í þarf vörur þær, sem reglugerð þessi tekur til, afgreiðir viðskiptanefnd jafnframt fjárfestingarleyfinu nauðsynleg leyfi til kaupa á þessum vörum.

6. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. má verzlun selja án leyfis allt að 4% af innflutningi sínum á þessum vörum, enda geri kaupandi sennilegt fyrir seljanda, að þær vörur séu eingöngu notaðar til eðlilegs viðhalds eldri mannvirkjum. Skal þá hlutaðeigandi afhenda verzluninni í tvíriti skriflega beiðni um kaupin í því formi, er viðskiptanefnd fyrirskipar, og lýsa yfir að viðlögðum drengskap, að efnið verði eingöngu notað svo sem að framan segir. Verzlanir láta annað eintak áðurgreindra beiðna fylgja söluskýrslum sínum til viðskiptanefndar, sbr. 9. gr.

7. gr.

Um leyfisveitingar til annarra framkvæmda en þeirra, er fjárfestingarleyfi þarf til, sbr. 5. gr., fer eftir þeim reglum, sem fjárhagsráð setur.

8. gr.

Viðskiptanefnd getur veitt iðnfyrirtækjum leyfi til kaupa á trjávið, krossvið og hvers konar þilplötum, sementi og steypustyrktarjárni til framleiðslu sinnar. Fjárhagsráð setur nánari reglur um þær leyfisveitingar.

9. gr.

Verzlanir skulu 1. hvers mánaðar senda viðskiptanefnd skýrslu um sölu sína og kaup á sementi, trjávið, krossvið og hvers konar þilplötum og steypustyrktarjárni í næsta mánuði á undan, svo og birgðir af þeim vörum.

Skýrslu þessari skulu fylgja leyfi þau, sem komið hafa í mánuðinum fyrir seldar vörur.

10. gr.

Viðskiptanefnd færir spjaldskrá um allar verzlanir, er selja vörur þær, sem háðar eru skömmtun samkv. þessari reglugerð. Skal þar skrá jafnóðum birgðir, kaup og sölu. Enn fremur heldur nefndin skrá um alla þá, sem fengið hafa fjárfestingarleyfi og úthlutun á byggingarefni í sambandi við það, svo og aðra þá, er fá leyfi til efniskaupa.

11. gr.

Viðskiptanefnd getur, hvenær sem er, án dómsúrskurðar, látið fulltrúa sína rannsaka birgðir heildsöluverzlana og iðnfyrirtækja af vörum þeim, sem um ræðir í 1. gr.

Enn fremur getur nefndin bundið skömmtunarleyfi því skilyrði, að hún geti hvenær sem er látið trúnaðarmenn sína rannsaka, hversu langt byggingum og öðrum mannvirkjum sé komið til þess að meta, hversu mikið efni hafi verið í þær notað. Er þá hlutaðeigendum skylt að láta trúnaðarmönnum nefndarinnar í té allar upplýsingar og aðstoð til þess að slík rannsókn geti farið fram. 83 11. ágúst

12. gr.

Ef ágreiningur rís um skilning á ákvæðum þessarar reglugerðar, sker fjárhagsráð úr.

13. gr.

Hver sá, sem tregðast við að senda viðskiptanefnd fyrirskipaðar skýrslur samkvæmt reglugerð þessari, skal sæta 20—200 kr. dagsektum. Má ákveða þær með ábyrgðarbréfi til hlutaðeiganda.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar og reglum settum samkvæmt þeim, varða sektum allt að 200 þús. kr. Ef miklar sakir eru eða ef brot er ítrekað, má svipta sökunaut atvinnurétti um stundarsakir eða fyrir fullt og allt. Upptaka eigna samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga skal og heimil vera.

14. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Viðskiptamálaráðuneytið, 11. ágúst 1947.

Emil Jónsson.

Sigtr. Klemenzson.

REGLUGERÐ

84 17. ágúst

um takmörkun á sölu, dreifingu og tollaafgreiðslu nokkurra vörutegunda.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 11. gr. laga nr. 70 1947, svo og laga nr. 37 1939 og laga nr. 59 1940, er hér með sett eftirfarandi reglugerð:

1. gr.

Frá og með deginum í dag er fyrst um sinn, unz öðruvísi verður ákveðið, bannað að tollafgreiða hvers konar vefnaðarvöru, búsáhöld, hreinlætisvörur og kornvörur.

2. gr.

Engin heildsöluverzlun eða iðnfyrirtæki má, unz öðruvísi verður ákveðið, selja eða afgreiða neina þeirra vörutegunda, er um ræðir í 1. gr.

Skömmtunarskrifstofa ríkisins getur veitt undanþágu frá ákvæðum 1. mgr. um kornvörur, ef sérstaklega stendur á.

3. gr.

Viðskiptanefnd getur ákveðið með auglýsingu, að smásöluverzlunum sé bannað að afgreiða til viðskiptamanna sinna nema tiltekið magn eða verðmæti af framangreindum vörum og sé þeim jafnframt skylt að skrá sérstaklega þau viðskipti eftir reglum, sem viðskiptanefnd auglýsir.

4. gr.

Viðskiptanefnd skilgreinir með auglýsingu nánar, hvaða vörur falli undir 1. gr.

84 17. ágúst

5. gr.

Viðskiptanefnd getur fyrirskipað birgðatalningu á framangreindum vörum, hvenær sem hún telur ástæðu til, og er henni heimilt án dómsúrskurðar að láta rannsaka birgðir verzlana og iðnfyrirtækja og einstakra manna af þeim.

6. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar og reglum settum samkvæmt þeim, varða sektum allt að 200 þús. kr. Ef miklar sakir eru eða ef brot er ítrekað, má svipta sökunaut atvinnurétti um stundarsakir eða fyrir fullt og allt. Upptaka eigna samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga skal og heimil vera.

7. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Viðskiptamálaráðuneytið, 17. ágúst 1947.

Emil Jónsson.

Sigtr. Klemenzson.

85 13. ágúst

REGLUGERÐ

um viðauka við reglugerð nr. 159 18. sept. 1940, um sölu og úthlutun á matvörutegundum.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 37 12. júní 1939 og lögum nr. 59 7. maí 1940, er hér með sett eftirfarandi reglugerð:

1. gr.

Frá og með 14. ágúst 1947 er bannað að selja hvers konar kaffi, nema gegn seðlum, sem út eru gefnir að tilhlutun ríkisstjórnarinnar.

2. gr.

Allir, sem verzla með framangreinda vöru, skulu fyrir 16. ágúst gefa skýrslu um birgðir sínar, eins og þær voru, er viðskipti hófust að morgni 14. ágúst. Í Reykjavík skal skila birgðaskýrslum til Skömmtunarskrifstofu ríkisins, en utan Reykjavíkur til oddvita eða bæjarstjóra, sem síðan senda skrifstofunni skýrslurnar. Viðskiptanefnd ákveður með auglýsingu lengd úthlutunartímabils og magn það, er úthlutað er hverjum einstaklingi.

Að öðru leyti fer um skömmtun þessa og brot á reglugerðinni eftir ákvæðum reglugerðar nr. 159 1940 og síðari breytingum á þeirri reglugerð.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Viðskiptamálaráðuneytið, 13. ágúst 1947.

Emil Jónsson.

Sigtr. Klemenzson.

REGLUGERÐ

86
13. ágúst

um sölu og afhendingu benzíns.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 70 5. júní 1947, svo og lögum nr. 37 12. júní 1939, og lögum nr. 59 7. maí 1940, er hér með sett eftirfarandi reglugerð:

1. gr.

Eigendum og umráðamönnum benzínbirgða, sem ætlaðar eru til afhendingar í smásölu, er óheimilt að láta úti nokkuð af þeim til bifreiðaaksturs fram yfir það, sem nægir til að fylla benzíngeymi bifreiðar þeirrar, sem benzínið tekur, og má ekki tæma benzíngeymi bifreiðarinnar á annan hátt en með eðlilegri eyðslu gangvélar bifreiðarinnar. Heildsalar mega ekki láta úti benzín til bifreiðaaksturs nema til smásala, sem annast benzínsölu á bifreiðar annaðhvort fyrir eigin reikning eða í umboði heildsalans (olíufélagsins).

Skömmtunarskrifstofa ríkisins getur þó veitt undanþágu frá þessum ákvæðum, þegar hún telur ástæðu til.

2. gr.

Benzín til annarrar notkunar en bifreiðaaksturs, þar með talið flugvélabenzín, er bannað að afhenda nema til nauðsynlegustu þarfa og ekki án sérstakrar heimildar Skömmtunarskrifstofu ríkisins meira en venjulegan vikuforða hlutaðeiganda.

3. gr.

Afgreiðslumönnum benzíns er skylt, unz annað verður ákveðið, að skrá í fullgilt skoðunarvottorð viðkomandi bifreiðar eða á blað, sem fest er við vottorðið, lítrafjölda, sem afgreiddur hefur verið til bifreiðarinnar. Skal hann enn fremur rita dagsetningu í vottorðið og einkenna með fangamarki sínu.

Afgreiðslumönnum er enn fremur skylt að gæta þess, að ekki sé afhent benzín nema til eðlilegrar notkunar bifreiðarinnar, og ber honum að neita um afgreiðslu, ef benzínkaup eru óeðlileg.

4. gr.

Heimilt er viðskiptanefnd að láta framkvæma fyrirvaralaust rannsókn á skoðunarvottorðum, ef hún telur ástæðu til.

5. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 200 000, og skal með mál út af slíkum brotum farið sem almenn lögreglumál.

6. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Viðskiptamálaráðuneytið, 13. ágúst 1947.

Emil Jónsson.

Sigtr. Klemenzson.

87
14. ágúst

REGLUGERÐ

um skömmtun á skófatnaði.

Samkvæmt heildild í lögum nr. 70 5. júní 1947 og lögum nr. 37 12. júní 1939, enn fremur lögum nr. 59 7. maí 1940, er hér með sett eftirfarandi reglugerð:

1. gr.

Frá og með 15. ágúst 1947 er bannað að selja skófatnað, nema gegn seðlum, sem út eru gefnir að tilhlutan ríkisstjórnarinnar, sbr. þó næstu grein.

2. gr.

Ákvæði 1. gr. gilda ekki um gúmmískófatnað og venjulegan inniskófatnað; nú leikur vafi á því, hvort um inniskó er að ræða, og skal þá bera það undir úrskurð Skömmtunarskrifstofu ríkisins.

3. gr.

Allir þeir, sem verzla með framangreinda vöru, hvort sem er í smásölu eða heildsölu, svo og innlendir framleiðendur, skulu fyrir 17. ágúst 1947 gefa skýrslu um birgðir sínar af þessum vörum eins og þær voru, er viðskipti hófust að morgni 15. ágúst.

Í Reykjavík skal skila birgðaskýrslum til Skömmtunarskrifstofu ríkisins, en utan Reykjavíkur til oddvita eða bæjarstjóra, sem síðan senda skrifstofunni skýrslurnar. Viðskiptanefnd ákveður með auglýsingu lengd úthlutunartímabils og parafjölda, sem úthlutað er hverjum einstaklingi.

4. gr.

Hver sá, er flytur til landsins vörur þær, er að framan greinir, eða framleiðir innanlands, skal þegar í stað senda Skömmtunarskrifstofu ríkisins skýrslu um þær.

Enn fremur skulu tollstjórar, hver í sínu umdæmi, gefa Skömmtunarskrifstofu ríkisins jafnharðan skýrslu um allan innflutning framangreindra vara og hver sé viðtakandinn.

5. gr.

Heildsöluverzlanir mega ekki selja smásöluverzlunum vörur þær, sem að framan greinir, án leyfis Skömmtunarskrifstofu ríkisins.

Enn fremur mega innlendir framleiðendur ekki selja vörur þessar án skömmtunarseðla eða heimildar frá Skömmtunarskrifstofu ríkisins.

6. gr.

Verzlanir og innlendir framleiðendur skulu 1. dag hvers mánaðar senda Skömmtunarskrifstofu ríkisins skýrslu um sölu sína, kaup eða framleiðslu á skófatnaði í næsta mánuði á undan, svo og skýrslu um birgðir þessara vara. Skýrslu þessari skulu fylgja seðlar þeir, er komið hafa í mánuðinum á undan fyrir seldar vörur.

7. gr.

Skömmtunarskrifstofa ríkisins getur hvenær sem er, án dómsúrskurðar, látið fulltrúa sína rannsaka birgðir verzlana og innlendra framleiðenda á vörum þeim, sem hér um ræðir.

87
14. ágúst

8. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar og reglum settum samkvæmt þeim varða sektum allt að 200 000 krónum, og skal með mál út af slíkum brotum fara sem almenn lögreglumál.

9. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Viðskiptamálaráðuneytið, 13. ágúst 1947.

Emil Jónsson.

Sigtr. Klemenzson.

Stjórnartíðindi 1947, B. 13.

88
13. maí

REGLUGERÐ

um húsagerðarsamþykktir í sveitum.

I. KAFLI

Markmið samþykktar og verkefni.

1. gr.

Búnaðarsamböndum er heimilt að setja samþykkt um, að sambandið taki að sér ákveðnar húsagerðarframkvæmdir á sambandssvæðinu, eða komi á félagsskap, er taki að sér framkvæmd þessara mála.

Húsagerðarframkvæmdir þær, sem hér um ræðir, eru:

1. Að reisa íbúðarhús;
2. að reisa hvers konar geymsluhús;
3. að reisa peningshús. Þar til heyrandi hesthús, fjós, fjárhús, svínahús, loðdýragarðar, hlöður fyrir þurrhey og vothey, áburðargeymslur, svo og önnur mannvirki, sem nauðsynleg eru til búreksturs.

II. KAFLI

Undirbúningur að stofnun húsagerðarsamþykkta.

2. gr.

Nú ákveður aðalfundur búnaðarsambands að koma á húsagerðarsamþykkt fyrir sambandssvæðið, og skal þá stjórn sambandsins semja frumvarp að húsagerðarsamþykkt á grundvelli laganna og þessarar reglugerðar. Frumvarpið skal senda formönnum allra hreppabúnaðarfélaga innan sambandsins. Jafnframt sé þeim tilkynnt, að frumvarpið verði tekið til fullnaðarafgreiðslu á næsta aðalfundi sambandsins.

3. gr.

Formönnum hreppabúnaðarfélaganna ber að boða til almenns fundar í félagi sínu. Í fundarboði skal tekið fram, að frumvarp til húsagerðarsamþykktar verði til umræðu og afgreiðslu. Skal til fundarins boðað með nægilegum fyrirvara og félagsmönnum gefinn kostur á að kynna sér samþykktina. Skal tilkynnt í fundarboði, hvar samþykkt liggi frammi til sýnis fyrir félagsmenn.

88 13. maí

4. gr.

Fundur telst lögmætur, ef fullnægt er ákvæðum gildandi laga hlutaðeigandi félags um lögmæti aðalfundar. Þar skal samþykktin borin undir atkvæði mættra félagsmanna. Gildir ákvörðun fundarins sem umboð fyrir fulltrúa þess á aðalfundi búnaðarsambandsins til lokaákvarðana og atkvæðagreiðslu um stofnun húsagerðarsamþykktar.

5. gr.

Þegar frumvarp að samþykkt hefur fengið áðurgreindan undirbúning, samkvæmt 2.—4. gr. þessarar reglugerðar, og hlotið samþykki meiri hluta hreppabúnaðarfélaga á sambandssvæðinu, skal það lagt fyrir aðalfund sambandsins. Samþykki löglegur aðalfundur frumvarp að samþykkt með að minnsta kosti ⅗ atkv. atkvæðisbærra fundarmanna, skal stjórn sambandsins senda samþykktina Búnaðarfélagi Íslands, er leitar á henni staðfestingar landbúnaðarráðherra.

6. gr.

Nú eru komnar fram kröfur frá einu eða fleirum hreppabúnaðarfélögum um skiptingu búnaðarsambandsins í samþykktarsvæði og liðinn er sá frestur, er um getur í 3. gr. laganna, 1. mgr., og skal þá stjórn búnaðarsambandsins gera tillögur um slíka skiptingu. Skal skiptingunni þannig hagað, að hvert sýslufélag sé eitt húsagerðarsamþykktarsvæði, en heimilt er þó, ef nauðsynlegt þykir aðstöðu vegna, að takmörk séu önnur, enda sé fengin umsögn nýbýlastjórnar.

7. gr.

Nú hefur sambandsstjórn gert tillögur um skiptingu búnaðarsambands í húsagerðarsambönd, og skal hún þá leita um þær álits og tillagna Búnaðarfélags Íslands og hlutaðeigandi hreppabúnaðarfélaga. Ber formönnum hreppabúnaðarfélaga að hafa þá meðferð um afgreiðslu málsins, sem ákveðin er í 3. og 4. gr. þessarar reglugerðar, enda ber stjórn búnaðarsambandsins að láta fylgja umsagnarbeiðninni frumdrætti að samþykkt fyrir hvert húsagerðarsamband. Nú telur Búnaðarfélag Íslands að skiptin brjóti í bága við ákvæði laganna og reglugerðar þessarar, og skal þá synja um staðfestingu á þeim, þar til er bót hefur verið á því ráðin.

8. gr.

Að fengnum samþykktum hreppabúnaðarfélaganna og umsögn Búnaðarfélags Íslands, skulu tillögur um skiptin og frumdrættir að samþykkt fyrir hvert húsagerðarsamband lögð fyrir aðalfund búnaðarsambandsins, sem tekur ákvörðun um skiptinguna.

9. gr.

Að fengnum þeim undirbúningi, er um getur í 7. og 8. gr. þessarar reglugerðar getur hvert húsagerðarsamband innan þess búnaðarsambands, er skiptin ná til, sett sér húsagerðarsamþykkt að eigin frumkvæði. Skal það gert á sameiginlegum almennum fundi hlutaðeigandi hreppabúnaðarfélaga eða á fulltrúafundi og skulu fulltrúar kosnir í hlutfalli við tölu félagsmanna í hverju hreppsbúnaðarfélagi. Samþykki löglega boðaður almennur félagsfundur eða fulltrúafundur frumvarp með að minnsta kosti ⅗ atkvæða atkvæðisbærra fundarmanna, skal stjórn húsagerðarsambandsins senda Búnaðarfélagi Íslands samþykktina, er leitar á henni staðfestingar landbúnaðarráðherra.

III. KAFLI
Framkvæmdastjórn og verksvið hennar.

10. gr.

Í samþykktum skal kveða á um, hvernig framkvæmdastjórn sé skipuð, um lengd kjörtímabils og verkaskiptingu stjórnarnefndarmanna, enn fremur um valdsvið félagsfunda og framkvæmdastjórnar.

11. gr.

Framkvæmdastjórn búnaðarsambands eða húsagerðarsambands skal annast kaup á nauðsynlegum vélum, verkfærum og veggjamótum til þeirra framkvæmda, sem um er getið í 1. gr. reglugerðar þessarar, en skylt er henni að hafa samráð við teiknistofu landbúnaðarins um kaup og val tækjanna, enda skal teiknistofan veita aðstoð þar að lútandi eftir því sem þörf krefur.

12. gr.

Stjórnin sér um kaup á öllu því, er með þarf til reksturs og viðhalds þeim vélum og áhöldum, er keypt verða. Henni ber að hafa þau brunatryggð fyrir fjárhæð, er svarar til verðgildis þessara eigna, eins og þær eru á hverjum tíma.

13. gr.

Stjórnin annast um allan rekstur vélanna. Henni ber að gera og undirrita alla verktökusamninga við hina einstöku framkvæmdaaðila á samþykktarsvæðinu og ákveður á hverjum tíma og í hverri röð verkefni eru tekin, sem unnið skal að.

14. gr.

Stjórnin ræður framkvæmdastjóra í samráði við teiknistofu landbúnaðarins. Með erindisbréfi skal framkvæmdastjóra falin umsjón daglegs reksturs, þar með talin yfirstjórn vinnuflokka. Hann skal hafa tekið sveinspróf í húsasmíði og hafa full réttindi húsasmíðameistara. Þó má, ef ekki er annars kostur, ráða mann, sem ekki hefur full réttindi, ef hann að dómi sambandsins, Búnaðarfélags Íslands og teiknistofu landbúnaðarins, telst full fær til að taka starfið að sér. Nú hefur sýslunefnd gert byggingarsamþykkt, samkvæmt lögum nr. 108 frá 31. des. 1945 og ráðið byggingarfulltrúa, er þá húsagerðarsambandi viðkomandi sýslu heimilt að fela honum framkvæmdastjórn þess.

15. gr.

Allir samningar, er framkvæmdastjórn gerir fyrir hönd húsagerðarsambands, samkvæmt samþykktum þess eða ályktunum aðalfunda sambandsins, eru skuldbindandi fyrir félagsheildina og hreppabúnaðarfélögin, er að samþykkt standa, án þess, að það hafi sérstaklega verið borið undir þá. Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð gerða sinna fyrir aðalfundi sambandsins.

IV. KAFLI
Undirbúningur framkvæmda.

16. gr.

Nú er samþykkt staðfest og undirbúningur hafinn til framkvæmda og ber þá teiknistofu landbúnaðarins að láta byggingafróða menn athuga og gera tillögur um hvar og hvernig húsum verði bezt fyrir komið á þeim jörðum, þar sem óskað er aðstoðar sambandsins um húsagerð og annað, er að byggingu lýtur. Trúnaðar-

88 menn þessir skulu jafnframt leita álits jarðeiganda eða leiguliða, ef um erfðaábúð
13. maí er að ræða, og taka í tillögum sínum tillit til óska þeirra eftir því, sem fært þykir. Kostnaður við þessa athugun greiðist af teiknistofu landbúnaðarins. Nú hefur byggingasamþykkt verið sett, samkvæmt lögum nr. 108 frá 31. des. 1945, og fer þá um framkvæmd þessara mála samkvæmt henni.

17. gr.

Byggingar, sem reistar eru samkvæmt lögum um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum og reglugerð þessari, skulu gerðar eftir uppdráttum samþykktum eða gerðum af teiknistofu landbúnaðarins og í samráði við viðkomandi aðila. Rísi ágreiningur út af uppdráttum, hefur Búnaðarfélag Íslands úrskurðarvald.

18. gr.

Byggingasjóður og nýbýlasjóður ríkisins leggja fram sem styrk ⅓ hvor af kostnaðarverði þeirra véla og vinnutækja, kominna á ákvörðunarstað, er forstöðumaður teiknistofu landbúnaðarins, í samráði við Búnaðarfélag Íslands telur samböndum þörf á til byggingastarfsemi þeirra. Styrkur veitist til kaupa á nýjum og vönduðum tækjum, eða vélum og tækjum, sem að áliti teiknistofu landbúnaðarins og Búnaðarfélags Íslands, eru jafngild nýjum að nothæfni, enda hafi kaupin farið fram eftir að lög um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum öðluðust gildi. Framlög endurgreiðist úr ríkissjóði.

19. gr.

Framkvæmdastjórn húsagerðarsambands ber að taka þá greiðslu fyrir notkun véla og verkfæra, sem keypt eru og notuð samkvæmt reglugerð þessari, að hún nægi fyrir öllum venjulegum reksturskostnaði, og sé þar með talið hæfilegt viðhalds- og fyrningargjald, er miðist við, að það nægi til að endurnýja vélar og verkfæri jafnóðum og þau verða ónothæf. Teiknistofa landbúnaðarins ákveður, hvað sé hæfilegt að leggja til hliðar fyrir viðhaldskostnaði. Gjald þetta ákveðst sem jafnt árgjald skipt á það árabil, er telst hæfilegur endingartími vélanna, að dómi teiknistofu landbúnaðarins. Teiknistofan ákveður fjárhæð fyrningargjalds og skal það miðast við, að hægt sé að endurnýja vélar og verkfæri að öllu leyti, að fyrningartímabilinu loknu. Nú eru vélar ekki notaðar einhvern tíma, og ber þá hlutaðeigandi húsagerðarsambandi að greiða fyrningargjaldið fyrir þann tíma.

20. gr.

Búnaðarfélag Íslands skal innheimta fyrningargjaldið í lok reikningsárs og leggja það í sérstakan fyrningarsjóð, er verði í vörzlu þess. Sjóðinn skal ávaxta í Búnaðarbanka Íslands. Búnaðarfélag Íslands annast reikningshald sjóðsins og ávísar úr honum eftir tillögum teiknistofu landbúnaðarins. Hvert samband heldur séreign sinni í sjóðnum. Stjórnir húsagerðarsambanda tilkynna teiknistofu landbúnaðarins þegar endurnýja þarf vélar eða verkfæri, og skal þá teiknistofa landbúnaðarins láta fara fram skoðun á þeim. Eftir skoðunina ákveður teiknistofa landbúnaðarins, hver áhöld skuli keypt til endurnýjunar, og tilkynnir það stjórn Búnaðarfélags Íslands ásamt tillögum sínum um, hvað skuli greiðast úr fyrningarsjóði til kaupanna. Þegar vélar og verkfæri hafa verið keypt, ávísar stjórn Búnaðarsambands Íslands fé því, er hún ákveður, að fyrningarsjóður leggi fram.

21. gr.

Teiknistofa landbúnaðarins skal hafa, í samráði við verkfæranefnd ríkisins, eftirlit með vélum þeim og verkfærum, sem keypt eru og notuð samkvæmt ákvæð-

um reglugerðar þessarar, viðgerðum á þeim og viðhaldi, svo og ef þess er óskað, öðrum vélknúnum tækjum, sem notuð eru í sambandi við framkvæmdir þessar. Skylt er framkvæmdastjórn að sjá um, að vélar og verkfæri séu geymd þannig, þegar þau eru ekki í notkun, að öruggt megi telja að þau verði ekki fyrir skemmdum. Framkvæmdastjórn ber að hlýta ákvörðunum teiknistofu landbúnaðarins og verkfæranefndar um viðhald vélanna, hirðingu þeirra og geymslu. Vanræki húsagerðarsamband viðhald véla þessara, að dómi þessara aðila, eða neiti að hlýta fyrirmælum þeirra þar að lútandi, skal það varða sektum eða endurgreiðslu styrksins, sé um miklar sakir að ræða. 88 13. maí

Kostnaður við eftirlit það, er hér um ræðir, greiðist af teiknistofu landbúnaðarins.

V. KAFLI
Fjáröflun og tryggingar.

22. gr.

Hvert húsagerðarsamband myndar stofnsjóð til vélakaupa.

Tekjur hans eru:

1. Óafturkræft framlag heiman úr héraði, er nemi minnst ⅙ hluta heildarstofnfjár.
2. Sameiginlegt stofnfjárlán, sem endurgreiðist innan 5 ára.
3. Framlög byggingasjóðs og nýbýlasjóðs, er nemi ⅔ kostnaðarverðs véla og tækja. Stofnfjárframlag úr héraði greiðist til sambandsstjórnar, þá er samþykkt hefur öðlazt gildi.

23. gr.

Húsagerðarsamböndum er heimilt að stofna framkvæmdasjóð. Í sjóð þennan renni tekjur samkvæmt 31. og 33. gr. reglugerðarinnar.

24. gr.

Komi í ljós síðar, að áliti framkvæmdastjórnar, að auka þurfi stofnsjóð, ber henni að gera rökstuddar tillögur um stofnfjáraukningu til félagsdeildanna, áður en fulltrúar eru kosnir á aðalfund húsagerðarsambandsins. Ef ⅗ hlutar löglega kjörinna fulltrúa á aðalfundi ákveða stofnfjáraukningu, er hún bindandi fyrir félagsheildirnar.

25. gr.

Nú hefur húsagerðarsamþykkt verið komið á og starfsemi hafin samkvæmt fyrirmælum hennar, og skal þá Búnaðarfélag Íslands senda hlutaðeigandi húsagerðarsambandi byggingastyrk allra aðila á sambandssvæðinu óskertan til afgreiðslu og úthlutunar, að frádregnu fyrningargjaldi, samkvæmt 19. gr., nema sambandsstjórnin geri aðrar ráðstafanir.

26. gr.

Skuldir, sem myndast kunna við húsagerðarsamband samkvæmt lögum og reglugerð þessari, eru forgangsskuldir, tryggðar með veði í jörð þeirri, er framkvæmdin hefur verið gerð á, eftir lánum þeim, er á jörðinni hvíldu, er framkvæmdin hófst og víkja aðeins fyrir opinberum gjöldum og fylgifjárkröfum, ef um óðalsjarðir er að ræða. Skuldir þessar má taka lögtaki.

VI. KAFLI
Um tilhögun framkvæmda.

27. gr.

Skylt er stjórnum félagsdeildanna, hverri á sínu svæði, að skrá verkbeiðnir félagsmanna sinna fyrir lok októbermánaðar ár hvert. Skal þar tilgreint hvað óskað er eftir að gert sé á næsta ári. Skýrslur þessar skulu komnar til stjórnar húsagerðarsambands eigi síðar en í nóvemberlok. Skýrslunni fylgi frá verkkaupendum samþykktur uppdráttur frá teiknistofu landbúnaðarins, greiðsluskuldbinding hvers fyrir sig og yfirlýsing um væntanleg lán til byggginganna séu til tryggingar skilvísri greiðslu.

28. gr.

Að fengnum þeim skýrslum, er um ræðir í 27. gr., ber framkvæmdastjórn að semja starfs- og rekstursáætlun fyrir yfirstandandi ár. Risi ágreiningur um veigamikil atriði framkvæmdaáætlunar, ber að leggja hana fyrir aðalfund til samþykktar. Framkvæmdastjórn er skylt að framfylgja samþykktri starfsáætlun, eftir því sem við verður komið.

29. gr.

Við undirbúning framkvæmdaáætlunar sé þess sérstaklega gætt:

Að þær jarðir, sem mest þarfnast nýbygginga, sitji fyrir eftir því, sem við verður komið, án þess að valda óhæfilegum aukakostnaði við flutning véla og verkfæra.

VII. KAFLI
Um verðlagsákvarðanir og greiðslu kostnaðar.

30. gr.

Kostnaður við framkvæmdir, er í samþykkt þessari getur, greiðist af verkkaupendum, eftir þeim skilyrðum og á þann hátt, er tilgreint verður í verktökusamningum. Heimilt er stjórn sambandsins að láta greiðslur fara fram eftir áætluðum verktöxtum, meðan verkið stendur yfir ár hvert, en fullnaðargreiðslu skal miða við kostnaðarverð.

31. gr.

Kostnaðarverð telst greiðsla vinnulauna, allur reksturskostnaður véla og greiðslur fyrningargjalds af þeim, kostnaður við flutning þeirra milli vinnustaða, viðhald véla, er stafar af eðlilegu sliti þeirra, vaxtagreiðslur, kostnaður við verkstjórn og stjórnarkostnaður. Heimilt er að leggja á áhættuþóknun, er nemi allt að 10% af heildarkostnaði hvers árs.

32. gr.

Aðalfundur húsagerðarsambands getur heimilað framkvæmdastjórn að taka ákveðin verk, sem tilgreind eru í 1. gr. þessarar samþykktar, í ákvæðisvinnu, enda sé lögð fyrir aðalfund kostnaðaráætlun og verklýsing.

33. gr.

Heimilt er framkvæmdastjórn, ef ekki eru næg verkefni hjá félagsmönnum, að taka að sér verkefni fyrir hreppsfélög eða aðra aðila á samþykktarsvæðinu, þótt þau falli ekki undir ákvæði 1. gr., ef sýnt þykir, að það sé hagkvæmt fyrir húsagerðarsambandið, enda sé tryggt, að vélakostur og mannafli sé ekki festur svo við þessi störf, að það brjóti í bága við hagsmuni félagsmanna.

34. gr. 88

Reksturskostnaður af áhættuþóknun, svo og ef ágóði verður af ákvæðisvinnu 13. maí
eða þeim verkum, er um getur í 33. gr., skal leggjast í framkvæmdasjóð.

VIII. KAFLI

Um breyting samþykkta og hvernig samþykkt verði úr gildi felld.

35. gr.

Tillögur, er fram kunna að koma til breytinga á húsagerðarsamþykkt, skulu sendast félagsdeildum til umsagnar. Þær skulu síðan lagðar fyrir aðalfund hlutaðeigandi húsagerðarsambands. Samþykki löglegur aðalfundur breytingarnar með að minnsta kosti ⅔ atkvæðisbærra fulltrúa, skal stjórn sambandsins senda breytingarnar til Búnaðarfélags Íslands, er leitar staðfestingar landbúnaðarráðherra á þeim.

36. gr.

Samþykktir þessar má því aðeins nema úr gildi, að rökstutt álit meiri hluta samþykktaraðila liggi fyrir um, að tilgangi samþykktar verði ekki náð, og að lögmætur aðalfundur hlutaðeigandi sambands samþykki það með að minnsta kosti ⅔ atkvæðisbærra fulltrúa, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til.

37. gr.

Brot gegn lögum og reglugerð þessari varðar sektum til ríkissjóðs frá 100—5000 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Mál út af brotum skulu sæta meðferð opinberra mála.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 7 12. janúar 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 13. maí 1947.

Bjarni Ásgeirsson.

Árni G. Eylands.

GJALDSKRÁ 89

24. marz

fyrir flugvöllinn í Keflavík.

1. **Lendingargjöld:**

Fyrir hverja lendingu skal greiða lendingargjald, kr. 6.00 á hvert tonn flugvélarinnar, allt að 20 tonnum, en kr. 3.00 á hvert tonn, sem þar er fram yfir. Brot úr tonni reiknast sem heilt tonn. Miða skal við leyfðan hámarksþunga flugvélarinnar brúttó (Aircraft Gross Weight). Minnsta gjald er kr. 10.00.

2. **Flugskýlisleiga:** . .

Fyrir heil flugskýli reiknast ársleiga kr. 36.00 á hvern m² gólfflatar. Fyrir hluta úr skýli reiknast leigan kr. 5.00 á m² á mánuði, en kr. 50.00 á m² á ári, ef leigt er til eins árs í senn eða lengur.

89 24. marz

Ef einstakar flugvélar eru teknar til geymslu í skýlum flugvallarins reiknast flugskýlisleiga sem hér segir:

Vænghaf flugvélar:	Leiga á sólarhring:	Leiga á mánuði:
Undir 12 m	kr. 10.00	kr. 100.00
12—15 —	— 25.00	— 200.00
15—18 —	— 40.00	— 300.00
18—21 —	— 55.00	— 400.00
21—24 —	— 70.00	— 500.00
24—27 —	— 80.00	— 600.00
27—30 —	— 90.00	— 700.00
Yfir 30 —	— 100.00	— 1000.00

3. **Stæðis- og festargjöld:**
Stæðisgjald er ekkert fyrir fyrstu 6 klst., en fyrir næstu 24 klst. eða brot þar af, skulu greidd stæðisgjöld sem hér segir:

Vænghaf flugvélar:	Leiga á sólarhring:
Undir 12 m	kr. 10.00
12—18 —	— 20.00
18—24 —	— 30.00
24—30 —	— 40.00
Yfir 30 —	— 45.00

Sé um lengri tíma en viku að ræða, lækka stæðisgjöldin um 50% fyrir þann tíma, sem fram yfir er. Tjóðurhringir skulu vera fyrir hendi á öllum flugvélastæðum.

4. **Leiga fyrir skemmur og bragga:**
Mánaðarleiga kr. 1.75 fyrir m² af gólffleti eða sem hér segir:
Stórar vöruskemmur (300 m²) ..... kr. 500.00 á mánuði.
Stórir braggar (110 m²) ..... — 190.00 á mánuði.
Venjulegir braggar (55 m²) ..... — 95.00 á mánuði.

5. **Leiga fyrir steinsteypt plön:**
Ársleiga kr. 2.50 fyrir hvern m².

6. **Lóðarleiga:**
Ársleiga kr. 2.00—7.00 fyrir hvern m² eftir verðmæti lóðarinnar, til hvers hún er notuð og leigutíma.

7. **Gjald af flugvélabenzíni:**
Af flugvélabenzíni, sem afgreitt er á flugvellinum eða frá honum skal greiða flugvellinum gjald sem hér segir:
Á hvern benzínlítra kr. 0.09.
Á hvert U.S.-gallon — 0.34.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 7. gr. laga nr. 24 12. febrúar 1945, um flugvelli og lendingarstaði fyrir flugvélar, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 24. marz 1947.

Eysteinn Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

HAFNARREGLUGERÐ

90
26. marz

fyrir Djúpavogskauptún.

I. KAFLI
Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Djúpavogshöfn tekur yfir Djúpavog sunnan línu, sem hugsast dregin úr Mönnutanga að austan í Gleiðuvíkurtanga að vestan.

II. KAFLI
Um stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Að nýafstöðnum hverjum hreppsnefndarkosningum skal hreppsnefnd Búlandshrepps kjósa þrjá menn í hafnarnefnd og jafnmarga til vara. Er kjörtímabil hafnarnefndar til jafnlangs tíma og hreppsnefndar þeirrar, er hana kýs. Í fyrsta sinn skal hreppsnefnd Búlandshrepps kjósa hafnarnefnd, er hafnarmannvirki því er lokið, sem nú er unnið að. Þangað til skal hreppsnefnd Búlandshrepps fara með öll þau mál, er undir hafnarnefnd heyra. Hafnarnefnd sér um að reglugerð hafnarinnar sé hlýtt. Hún sér um innheimtu gjalda þeirra, sem ákveðin verða með reglugerð þessari, gegn kaupi, sem um semur. Þá skal hafnarnefnd sjá um viðhald og endurbætur lendingarbóta og hafnarmannvirkja, stjórna öllum framkvæmdum, er þar að lúta, annast fjárhald lendingarbótasjóðs og reikningshald fyrir hönd hreppsnefndar.

III. KAFLI
Um almennar reglur.

3. gr.

Hafnarnefnd sér um að gætt sé reglu á höfninni við hana og í landi hennar. Öllum er skylt að hlýða boði hennar og banni tafarlaust og enn fremur þeirra starfsmanna, sem hún setur fyrir sig.

4. gr.

Skylt er að gæta varúðar um allt það, er slysum getur valdið. Ekki má skjóta innan hafnarsvæðisins, nema með leyfi hafnarnefndar.

5. gr.

Fiskúrgangi né öðru, sem orðið getur til að fylla upp, má hvergi kasta í voginn innan hafnartakmarka.

Innan hafnartakmarka má ekki gera nein hafnarmannvirki, né breyta eða auka við þau, sem nú eru, og ekki heldur fylla upp né dýpka út frá landi, nema leyfi hafnarnefndar komi til, og gildir leyfið aðeins til eins árs sé það látið ónotað.

IV. KAFLI
Um notkun hafnarinnar.

6. gr.

Heimilt skal bátum og skipum að leggjast að bryggju hafnarinnar í þeirri röð, sem þau koma að, en skylt er þeim að fara frá bryggju, er þau hafa lokið erindi

90 sínu, ef aðrir þurfa að komast að, eða þau eru þar að öðru leyti til trafala að þarf-
26. marz lausu, og gildir sama um upp- og útskipun á vörum.

Skipum eða bátum má ekki leggja svo, að það hindri eða tefji umferð um höfnina.

Skip eða bátar mega aldrei leggja svo frá sér strengi eða aðrar festar, að það tálmi umferð.

V. KAFLI
Um lendingarbótasjóð.

7. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði bryggjugerðar og hafnarmannvirkis, viðhaldi og rekstrarkostnaði, skal stofna lendingarbótasjóð.

Í lendingarbótasjóð renna allar tekjur, sem ákveðnar verða með reglugerð þessari. Reikningsár lendingarbótasjóðs er almanaksárið. Við lok hvers reikningsárs og ekki síðar en fyrir lok næsta marzmánaðar, skal hafnarnefnd semja reikning yfir tekjur og gjöld lendingarbótasjóðs á hinu liðna ári og enn fremur reikning yfir eignir hans og skuldir í árslok. Reikningarnir skulu endurskoðaðir og úrskurðaðir á sama hátt og hreppsreikningurinn.

Fyrir 1. nóvember ár hvert skal lendingarbótanefnd hafa samið og lagt fyrir hreppsnefnd Búlandshrepps frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld lendingarbótasjóðs á komandi ári. Hreppsnefnd skal síðar fullsemja áætlunina og senda hana samgöngumálaráðuneytinu til staðfestingar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á gjalda- og tekjuliðum.

8. gr.

Tekjur lendingarbótasjóðs:

Hafnargjald:

1. Hvert aðkomuskip greiði í hvert skipti, er það fermir eða affermir, kr. 0.30 af hverri nettósmálest.
2. Allir heimilisfastir bátar á Djúpavogi og aðkomubátar, er þar kunna að hafa viðlegu um lengri eða skemmri tíma, greiði af hverri nettósmálest kr. 10.00.

Undanþegin hafnargjaldi eru herskip, varðskip, björgunarskip, skip, sem hafa skírteini sem skemmtiferðaskip, skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, einnig skip, sem leita hafna vegna óveðurs, sjóskaða eða skemmda á einhvern hátt, nema þau jafnframt fermi eða affermi einhverja vöru. Sama gildir um skip, sem leita hafnarinnar til að setja á land sjúka eða látna.

Innlend strandferðaskip skulu einungis greiða hafnargjald í fyrsta sinn á ári hverju, sem þau koma í höfnina, en ekkert þó þau komi oftar á því ári.

Vörugjald:

1. Af salti, kolum, sementi, áburði, síldarmjöli og fiskimjöli skal greiða fyrir hver 100 kg eða minna kr. 0.30.
2. Af hráolíu, steinolíu og benzíni fyrir heiltunnu kr. 0.75.
3. Af hráolíu, steinolíu og benzíni fyrir hálftunnu kr. 0.40.
4. Af tómum tunnum uppsettum og óuppsettum fyrir hverja kr. 0.15.
5. Af trjáviði og öðrum vörum, sem reiknast eftir rúmmáli, fyrir hvert rúmfet kr. 0.07.
6. Af bifreiðum kr. 15.00.
7. Af bátum kr. 10.00.
8. Af lifandi stórgripum kr. 7.00.
9. Af sauðfé lifandi kr. 0.50.

10. Af kjöttunnum, heilum, fyrir hverja kr. 0.75.
11. Af kjöttunnum, ½, fyrir hverja kr. 0.40.
12. Af kjöttunnum, ¼, fyrir hverja kr. 0.20.
13. Af kindaskrokkum, fyrir hvern kr. 0.15.
14. Af ull, fyrir hvern balla kr. 0.75.
15. Af gærum, fyrir hvert búnt kr. 0.07.
16. Af heyi, fyrir hver 100 kg kr. 0.50.
17. Af saltsíld, fyrir hverja tunnu kr. 0.30.
18. Af fiski, nýjum og ísuðum, hver 100 kg kr. 0.10.
19. Af frystum fiski, hver 100 kg kr. 0.15.
20. Af hverju hverju tonni slægðs afla kr. 2.00.
21. Af saltfiski, óverkuðum, hver 100 kg kr. 0.20.
22. Af saltfiski verkuðum, hver 100 kg kr. 0.30.
23. Af öllum öðrum gjaldskyldum vörum, hver 100 kg kr. 0.50.

Þar sem miðað er við 100 kg greiðist sama gjald fyrir allan þunga undir 100 kg.

9. gr.

Undanþegnar vörugjaldi eru þessar vörur:

Vistir og aðrar nauðsynjar til báta og skipa til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi.

Vörur, sem fluttar eru úr landi og á bátum til viðskiptamanna á verzlunarsvæðinu.

Póstflutningur og farangur ferðamanna, allt að 25 kg.

Vörur, sem fluttar eru úr herskipi og í herskip.

Umbúðir, sem eru endursendar, enda skal þess getið á farmskrá.

10. gr.

Bryggjugjald:

Hvert það skip, sem leggst að bryggju, greiði bryggjugjald, sem hér segir:

Öll skip og bátar, 1 smálest og þar yfir, greiða 20 aura af hverri nettó-smálest. Bátar undir 1 smálest án hreyfils, heimilisfastir á hafnarsvæðinu, séu gjaldfrjálsir. Bryggjugjald reiknast fyrir hverjar 24 klst. eða brot úr þeim. Skip eða bátur, sem athafnar sig utan á öðru skipi, er við bryggju liggur, greiði hálft það gjald, er hér er getið.

11. gr.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum. Fara skal eftir farmskrá skips við útreikning vörugjalds, og er skipstjóri skyldur að láta hafnarnefnd í té eftirrit af farmskrá skips. Sé engin farmskrá skal skipstjóri eða formaður báts gefa drengskaparvottorð um vörumagn það, sem skip hans hefur fermt eða affermt. Þyki hafnarnefnd ástæða til, getur hún hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hún telur hentugast. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn. Ef ýmsar vörutegundir eru í sömu sendingu, skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund, sem hæst gjald skal reikna af. Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því sem gjaldskrá til tekur og reiknast eins og þar segir. Ef vafi leikur á því í hvaða flokki skuli telja einhverja vöru, úrskurðar hafnarnefnd, en úrskurði hennar má skjóta til hreppsnefndar.

12. gr.

Vörugjaldið greiðir eigandi varanna eða umboðsmaður, og ber formaður báts ábyrgð á greiðslunni. Lendingarbótasjóður hefur haldsrétt á vörunni, þar til gjaldið er greitt. Ef skip eða bátar hafa ekki farm sinn skráðan ber skipstjóri eða formaður ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

90 Vörugjald af vörum, sem lagðar eru í land, fellur í gjalddaga strax og varan
26. marz er komin í land, og vörugjald af vörum, sem fluttar eru úr landi, fellur í gjalddaga, þegar varan er komin í skip.

13. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki.

14. gr.

Þeir, sem skemma bryggjur eða önnur mannvirki og áhöld lendingarsjóðs, eru skyldir til að greiða að fullu kostnað við að lagfæra það.

15. gr.

Fyrir að leggja vörur á land hafnarinnar skal greiða 5 aura gjald fyrir hvert stykki, sem ekki er flutt burt innan sólarhrings. Gjaldið reiknast fyrir hverjar 24 klukkustundir eða brot úr þeim.

Gjald fyrir stærri stykki fer eftir samkomulagi.

Fyrir lóðir hafnarinnar, geymsluhús og tæki, sem leigð eru einstökum mönnum um lengri tíma, skal greiða gjald, sem ákveðið verður eftir samkomulagi.

16. gr.

Um skaðabótaskyldur fyrir skemmdir á lendingarbótunum, mannvirkjum eða áhöldum, fer eftir almennum lagafyrirmælum.

Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur fyrir skemmdir á lendingarbótunum, mannvirkjum hennar eða áhöldum, má ákveða það af þremur óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila um sig er heimilt að krefjast yfirmats, og gera skal það áður en einn mánuður er liðinn frá því að matsgerð var lokið. Yfirmat skal framkvæma af fimm óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn greiðir sá, sem þess hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem svarar 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

17. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum frá 50—10000 kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum lögum. Sektirnar renni í lendingarbótasjóð Djúpavogs.

18. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara sem almenn lögreglumál

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Búlandshrepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 26. marz 1947.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

BYGGINGARSAMÞYKKT

91
1. apríl

fyrir Austur-Húnavatnssýslu.

1. gr.

Byggingarsamþykkt þessi nær yfir alla Austur-Húnavatnssýslu, nema Höfðakaupstað.

Setji löggiltur verzlunarstaður sér síðar löggilta samþykkt, þá er það kauptún þar með undanþegið ákvæðum byggingarsamþykktar sýslunnar.

2. gr.

Í hverjum hreppi sýslunnar skal vera byggingarnefnd. Hún er skipuð 3 mönnum, tveim kosnum af hreppsnefnd, og byggingarfulltrúa sýslunnar, sem er formaður nefndarinnar. Hreppsnefnd skal einnig kjósa tvo menn til vara.

Byggingarnefndarmenn skulu kosnir þegar samþykkt þessi hefur verið staðfest og síðan jafnan eftir almennar hreppsnefndarkosningar.

3. gr.

Sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu ræður byggingarfulltrúa í samráði við stjórn Teiknistofu landbúnaðarins og stjórn Búnaðarsambands Húnavatnssýslu, sem nú er jafnframt stjórn húsagerðarsamþykktar sýslunnar. Hann skal jafnframt vera ráðinn til að hafa umsjón með þeim byggingarframkvæmdum, sem gerðar eru samkvæmt húsagerðarsamþykkt Búnaðarsambandsins og starfa að þeim eftir því, sem við verður komið. Byggingarfulltrúinn er formaður byggingarnefnda allra hreppanna (sbr. 2. gr.).

4. gr.

Laun byggingarfulltrúans greiðist að ⅓ af sýslusjóði, ⅓ af Nýbýlasjóði og ⅓ af Byggingasjóði.

Oddviti sýslunefndar annast greiðslu til fulltrúans.

5. gr.

Byggingarfulltrúinn skal ferðast um sýsluna og leiðbeinir sýslubúum um hvers konar byggingar og lætur þeim í té eða útvegar teikningar, ef þess er óskað. Ferðir þessar skulu tilkynntar hlutaðeigendum með hæfilegum fyrirvara og í samráði við stjórn Búnaðarsambandsins. Byggingarfulltrúinn er trúnaðar- og eftirlitsmaður Búnaðarbankans og Nýbýlastjórnar með þeim byggingum, sem byggðar eru fyrir lán eða fjárstyrk frá þessum stofnunum. Hann starfar að öðru leyti að því, sem stjórn Búnaðarsambandsins felur honum, og er ráðunautur hennar í byggingarmálum, enda hafi samningur verið gerður milli sýslunefndar Austur-Húnavatnssýslu og Búnaðarsambandsins um þessi mál.

6. gr.

Byggingarnefndir skulu rækja störf sín með alúð og hraða afgreiðslu þeirra mála, sem undir þær heyra, eftir því sem við verður komið. Vanræksla í starfi skal teljast brot á samþykktinni.

7. gr.

Hver byggingarnefnd skal halda að minnsta kosti einn fund á ári. Þar skulu tekin til meðferðar byggingarmál hreppsbúa. Fundirnir skulu boðaðir með næg-

91 um fyrirvara. Fundur er ekki lögmætur nema allir nefndarmenn séu mættir eða
1. apríl varamenn í þeirra stað.

Afl atkvæða ræður úrslitum mála.

Nefndin skal halda fundabók, er hún ritar í allar gerðir sínar, og undirritar í lok hvers fundar. Heimilt er minni hluta að fá bókaðan ágreining sinn við ályktun meiri hlutans.

Bækur og ritföng greiðast af sýslusjóði, en þóknun til hinna hreppskjörnu nefndarmanna greiðist úr sveitarsjóði.

8. gr.

Byggingarnefndir, hver í sínum hreppi, ákveða legu og afstöðu nýrra bygginga úr varanlegu efni í samráði við hlutaðeigendur, og einnig bygginga, þó ekki séu úr varanlegu efni, ef þeim er fyrirhugaður staður fast við íbúðarhús eða í nágrenni þeirra.

9. gr.

Byggingarnefndir hafa heimild til að krefjast — þegar um byggingu nýs húss er að ræða — að uppdráttur af húsinu sé lagður fram og að þær breytingar séu gerðar á húsinu, sem þeim þykir brýn ástæða til. Þær hafa heimild til að ákveða, að hús, sem ætluð eru til atvinnureksturs, er brunahætta stafar af, séu byggð á afviknum stöðum. Enn fremur hefur nefndin gætur á að farið sé eftir ályktunum hennar, og eftirlit með aðalviðgerðum á húsum úr varanlegu efni.

10. gr.

Byggingarnefndir skulu hver í sínum hreppi hafa eftirlit með íbúðum manna í sýslunni og, ef nauðsyn krefur, hlutast til um nauðsynlegar umbætur á þeim í samráði við héraðslæknir.

Einnig skulu byggingarnefndir hafa eftirlit með fjósum og þeim byggingum, sem mjólkurvinnsla fer fram í, og hlutast til um, að bætt verði úr því, sem áfátt kann að vera, samkvæmt þeim reglum sem hér um gilda.

Þar sem dýralæknisskoðun fer fram vegna mjólkurframleiðslu, skal stjórn mjólkurbúsins láta byggingarfulltrúa í té afrit af skýrslu dýralæknis, að því er snertir verksvið fulltrúans.

11. gr.

Enginn má byggja nýtt hús úr varanlegu efni á því svæði, sem samþykkt þessi nær til, nema hann hafi fengið skriflegt leyfi byggingarnefndar. Ef einhver byrjar á byggingu slíkra húsa eða byggir öðruvísi en nefndin hefur ákveðið, þá skal hann og yfirsmiður hússins sæta sektum frá 100—1000 krónum, er renna í sýslusjóð, og þar að auki getur nefndin látið rífa niður á kostnað eiganda það, sem gert hefur verið, ef henni þykir ástæða til.

Sama gildir, ef byrjað er á verulegum breytingum húsa, sem samþykkt þessi tekur til, áður en fyrir liggur skriflegt leyfi nefndarinnar.

12. gr.

Nú er hlutaðeigandi óánægður með ákvörðun byggingarnefndar, getur hann þá skotið ágreiningnum undir úrskurð forstöðumanns Teiknistofu landbúnaðarins, er fellir fullnaðarúrskurð um málið, eftir að hafa fengið skriflegar ástæður beggja aðila.

13. gr.

Sýslunefnd hefur heimild til, í samráði við byggingarfulltrúa og Teiknistofu landbúnaðarins, að semja sérstaka reglugerð um byggingu húsa úr varanlegu efni,

svo sem styrkleika steinsteypu og máttarviða, hæð undir loft, útbúnað reykháfa, yfirklæðningu, raflagnir o. s. frv. Skal leita staðfestingar stjórnarráðsins á reglugerðinni. 91 1. apríl

14. gr.

Brot á samþykkt þessari varða sektum 50—1000 krónum, er renna í sýslusjóð, og skal farið með mál út af þeim sem almenn lögreglumál. Byggingarfulltrúa ber að kæra brot á samþykktinni fyrir lögreglustjóra.

Byggingarsamþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 108 31. des. 1945, um byggingarsamþykktir fyrir sveitir og þorp, sem ekki eru löggiltir verzlunarstaðir, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 1. apríl 1947.

Bjarni Ásgeirsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Kristjáns Helgasonar", útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 28. apríl 1947. Skipulagsskráin er þannig: 92 28. apríl

SKIPULAGSSKRÁ

Minningarsjóðs Kristjáns Helgasonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Kristjáns Helgasonar og er stofnaður að honum látnum með frjálsum framlögum ættingja og vina Kristjáns.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 3800 — þrjú þúsund og átta hundruð — krónur.

3. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxta í Söfnunarsjóði Íslands eða í peningastofnun með ríkisábyrgð. Sparisjóðsbækur og verðbréf sjóðsins skal skrá á nafn hans.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja leikmenn Knattspyrnufélagsins Vals eða heimili þeirra, er verða fyrir slysum í knattspyrnukappleik.

5. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Af vöxtum og öðrum tekjum má árlega verja samkv. 4. gr. ¾ hlutum, en ¼ skal leggjast við höfuðstól þar til hann er orðinn 10000 kr. Eftir það má verja öllum árstekjum sjóðsins samkv. 4. gr. Heimilt er stjórn sjóðsins að geyma fé það, sem eitthvert ár fellur til ráðstöfunar til ráðstöfunar síðar, ef þannig stendur á að enginn þarfnist styrksins, að dómi stjórnar sjóðsins.

92 28. apríl

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipar stjórn Knattspyrnufélagsins Vals, þó þannig, að úr henni víki einn meðlimur eftir hlutkesti, en sæti hans taki elzti afkomandi Kristjáns Helgasonar.

7. gr.

Stjórn sjóðsins getur aflað honum tekna á ýmsan hátt, t. d. með því að veita viðtöku áheitum og gjöfum. Enn fremur getur stjórnin ákveðið að gangast árlega fyrir knattspyrnukappleik til að afla sjóðnum tekna. Skal af tekjum fyrsta kappleiks, er haldinn yrði í þessum tilgangi varið upphæð til kaupa á veglegum verðlaunabikar fyrir sigur í slíkri keppni. Stjórn sjóðsins semji reglugerð fyrir hann í samráði við stjórn Knattspyrnufélagsins Vals. Skal bikar þessi bera nafnið Kristjánsbikar eða Kristjáns Helgasonar bikar.

8. gr.

Stjórn sjóðsins kýs 2 endurskoðendur, og mega þeir ekki eiga sæti í stjórn sjóðsins.

9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á þessari skipulagsskrá og birta hana í B-deild Stjórnartíðindanna.

93 7. maí

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Miðneshrepps.

I. RAFORKA

Rafveita Miðneshrepps selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 1.20 hver kwst. Við þessu verði skal selja hvers konar raforkunotkun, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár.
2. Um kwst.mæli á 40 aura hver kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 5.50 á ári á m^2 gólfflatarmáls í rúmi því, er lýsa skal. Þar, sem gólffletir eru tiltölulega stórir, miðað við ljósmagn, er heimilt að veita afslátt á fastagjaldi, samkv. reglum, er rafveitustjórn setur.

B. Rafmagn til almennrar heimilisnotkunar.

Um kwst.mæli á 25 aura hver kwst., af fyrstu notkun, er nemi:

Í íbúð,	sem er	1	herbergi og eldhús,	1200	kwst. á ári.
——„——		2	——„——	1500	——„——
——„——		3	——„——	1800	——„——
——„——		4	——„——	2000	——„——
——„——		5	——„——	2200	——„——
——„——		6	——„——	2300	——„——
——„——		7	——„——	2400	——„——

Notkun umfram þetta greiðist með 18 aurum hver kwst.

Notandi greiði auk þess fastagjald, kr. 2.50 á mánuði fyrir hvert herbergi, sem ætlað er til íbúðar, og eldhús. Herbergi, sem er minna en 5 m^2, skal reikna sem hálft, en stærra en 25 m^2 sem tvö.

C. Vélar.

Þar, sem orkan er notuð til vélareksturs, skal hún seld:

1. Um kwst.mæli á 60 aura hver kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma á ári, má krefjast minnsta árgjalds frá kr. 125.00 til kr. 150.00 á hvert uppsett kw. vélanna. Eftir þessum gjaldskrárlið má einnig selja raforku til götu- og hafnarlýsingar, svo og til nota um vinnulagnir við byggingar meðan á byggingu stendur.
2. Ef uppsett rafvélaafl fastra véla við fiskiðnað er yfir 20 kw.,
   um kwst.mæli á 16 aura hver kwst. fyrstu 50 þúsund kwst.
   ——„—— 14 ——„—— næstu 50 ——„——
   ——„—— 12 ——„—— — 50 ——„——

Notkun, sem er umfram 150 þúsund kwst. á ári greiðist með 10 aurum hver kwst. Áskilur rafveitan sér rétt til að rjúfa straum allt að 2 stundum um hádegi og 1 stund á kvöldi, á tímum mesta álags.

D. Hitun.

1. Um kwst.mæli á 12 aura hver kwst., enda sé þá minnsta notkun 6000 kwst. á ári. Notkun umfram 10000 kwst. á ári greiðist með 10 aur. hver kwst. Sala á rafmagni samkvæmt þessum gjaldskrárlið er háð því skilyrði að straumurinn sé rofinn, frá kl. 10.45 til 12 og frá kl. 18 til 19.30.
2. Um kwst. mæli á 4 aura hver kwst. Sala á rafmagni samkvæmt þessum gjaldskrárlið er háð því skilyrði, að straumurinn sé rofinn frá kl. 8.30 til 23.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

a. Að vélaafl, götulínur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
b. Að klukkurofar séu fáanlegir, og að notandi kosti tengingu þeirra, og greiði leigur fyrir þá, samkv. reglum, er gilda um leigu mæla.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir veitu þeirri, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum, sem hér segir:

1. Af einfasa mælum upp að 30 Amp. ..... kr. 1.50 á mánuði.
2. Af þrífasa mælum 50 Amp. og minni ..... — 3.00 – —
3. Af þrífasa mælum 50 Amp. til 200 Amp. ..... — 7.00 – —
4. Af þrífasa mælum yfir 200 Amp. ..... — 10.00 – —

III. HEIMTAUGARGJALD

Af þeirri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald, sem miðast við brunabótamat á húsum og mannvirkjum á þann hátt, sem hér segir:

	Brunabótamat:	Jarðlína:	Loftlína:
Frá kr.	0— 10 000	kr. 1 000	kr. 800
— —	10 000— 25 000	— 1 300	— 1 025
— —	25 000— 50 000	— 1 600	— 1 350
— —	50 000— 75 000	— 1 875	— 1 525
— —	75 000—100 000	— 2 000	— 1 600
— —	100 000 og yfir	— 2 100	— 1 700

Ef brunabótamat á húsi er gamalt, getur rafveitustjóri samræmt það nýju mati og miðað heimtaugargjaldið við það. Láti húseigandi meta húsið á ný skal þó heimtaugargjaldið miðast við það mat.

93 7. maí Greiði húseigandi áætlaðan helming heimtaugargjaldsins um leið og heimtaugaruppsetningu er lokið, er heimilt að veita honum gjaldfrest í allt að 12 mánuði á eftirstöðvunum. Heimtaugargjald fellur í gjalddaga, þegar brunabótamat hússins hefur verið framkvæmt.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 25 metrar, og loftlínuheimtaugar meiri en 60 metrar, og (eða) gildleiki víra meiri en 3×70 qmm., skal húseigandi greiða kostnað af því, sem fram yfir er.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að húsinu, skal greiða allan kostnað við síðari heimtaug eftir reikningi.

IV. ÝMIS GJÖLD

1. Opnunargjald.

Hafi gjald samkv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun 10 krónur.

2. Óleyfileg vör.

Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð, fyrr en notandinn hefur greitt 10 kr. gjald á skrifstofu rafveitunnar.

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í I. kafla þessarar gjaldskrár, um allt að 20% án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi hreppsnefndin breytinguna í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

V. BRÁÐABIRGÐAÁKVÆÐI

Fyrst um sinn skal rafmagn til suðu fyrst og fremst miðað við lagnir í ný hús, er ekki hafa önnur eldfæri og er óleyfilegt að taka burt nothæfar eldavélar til þess að setja í staðinn rafsuðuvélar. Fyrst um sinn skal einnig útiloka frystihúsavélar á tímanum kl. 10.45 til 12 fyrir hádegi og þegar spennan er lág ber að útiloka allar vélar yfirleitt eftir því, sem hægt er.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 7. maí 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón S. Ólafsson.

94 12. maí

ARÐSKRÁ

fyrir Veiðifélag Vatnsdalsár.

1.	Hjaltabakki	26	einingar.
2.	Skinnastaðir	40	—
3.	Akur	69	—
4.	Stóra-Giljá	7	—
5.	Beinakelda	3	—
6.	Litla-Giljá	5	—
7.	Hnausar	91	—
8.	Bjarnastaðir	72	—

9.	Másstaðir	17	einingar.
10.	Hjallaland	13	—
11.	Hvammur	22	—
12.	Eyjólfsstaðir	20	—
13.	Hof	37	—
14.	Kötlustaðir	20	—
15.	Giljá	14	—
16.	Marðarnúpur	7	—
17.	Guðrúnarstaðir	3	—
18.	Kárdalstunga	2	—
19.	Þórormstunga	45	—
20.	Sunnuhlíð	7	—
21.	Forsæludalur	41	—
22.	Grímstunga	105	—
23.	Haukagil	55	—
24.	Saurbær	43	—
25.	Ásbrekka	24	—
26.	Ás	36	—
27.	Brúarstaðir	8	—
28.	Snæringsstaðir	7	—
29.	Undirfell	38	—
30.	Kornsá	18	—
31.	Gilsstaðir	15	—
32.	Flaga	15	—
33.	Helgavatn	15	—
34.	Hnjúkur	16	—
35.	Breiðabólsstaður	13	—
36.	Miðhús	16	—
37.	Vatnsdalshólar	104	—
38.	Sveinsstaðir	115	—
39.	Steinnes	41	—
40.	Leysingjastaðir	15	—
41.	Þingeyrar og Geirastaðir	200	—

Samtals 1500 einingar.

94
12. maí

Arðskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 112 9. október 1941, um lax- og silungsveiði, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 12. maí 1947.

Bjarni Ásgeirsson.

Árni G. Eylands.

95 12. maí **Staðfesting forsetans** á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Þorsteins J. Halldórssonar", útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 12. maí 1947.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Þorsteins J. Halldórssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Þorsteins J. Halldórssonar.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður til minningar um Þorstein Jakob Halldórsson frá Brekku í Svarfaðardal, fæddan 31. ágúst 1921, stúdent frá Menntaskólanum á Akureyri 17. júní 1943, dáinn 19. júlí sama ár. Stofnendur sjóðsins eru foreldrar Þorsteins, Þórlaug Oddsdóttir og Halldór Kr. Jónsson að Brekku í Svarfaðardal, og samstúdentar hans.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 3375.00, þar af kr. 1000.00 frá foreldrum Þorsteins.

4. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Skal leggja vexti óskerta, gjafir og tekjur þær, sem sjóðnum kann að berast, samkvæmt 6. gr. þessarar skipulagsskrár, við höfuðstólinn, unz hann nemur 10000 — tíu þúsund — krónum. Eftir það skal verja allt að ¾ ársvaxta til verðlauna samkv. 7. gr. skipulagsskrár þessarar. Eftirstöðvar vaxtanna skal leggja við höfuðstólinn.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn, skólameistari og tveir kennarar við lærdómsdeild Menntaskólans á Akureyri. Er skólameistari sjálfkjörinn formaður stjórnar sjóðsins, en meðstjórnendur skulu kosnir á almennum kennarafundi til eins árs í senn.

6. gr.

Stjórn sjóðsins annast reikningshald hans, og skal skrá í sérstaka bók allt, er varðar starfsemi sjóðsins og ársreikninga hans. Skal hún hlutast til um, að sjóðurinn ávaxtist í vel seljanlegum verðbréfum eða á annan tryggan hátt.

Stjórn sjóðsins skal sjá um, að gerð séu minningarspjöld, sem séu fyrir hendi á hentugum stöðum fyrir þá, er styrkja vilja sjóðinn með minningargjöfum.

7. gr.

Þegar höfuðstóll sjóðsins er orðinn kr. 10000.00, skal verja árlega ¾ af vöxtum hans til að verðlauna þann nemanda í 6. bekk Menntaskólans á Akureyri, sem skarað hefur fram úr um nám eða íþróttir.

8. gr.

Úthlutun verðlauna samkv. 7. gr. annast kennarar 6. bekkjar, og skal hún fara fram, þá er þeir dimittera.

9. gr. 95
Reikninga sjóðsins skal birta í skýrslu skólans ár hvert. 12. maí

10. gr.
Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og birta hana í B-deild Stjórnartíðinda.

HAFNARREGLUGERÐ 96

fyrir Kaldrananes við Bjarnarfjörð í Strandasýslu. 13. maí

I. KAFLI
Takmörkun hafnarsvæðisins.

1. gr.
Hafnarsvæðið er Bjarnarfjörður innan línu, sem hugsast dregin úr Neshöfða á Kaldrananesi þvert yfir Bjarnarfjörðinn móts við Reykjarvík, en land hafnarinnar afmarkast í Hörsey, frá vörðu hlaðinni á eyjunni, að norðanverðri miðri ey, og beinni sjónhendingu í syðri enda frystihússins, sem H/f Ísborg hefur reist í höfðanum, meðfram sjó eyjarinnar bein lína að sunnan og norðan 185 m lengd. Þetta landsvæði þvert yfir eyjuna innan þessarar afmörkuðu línu, er land, sem höfnin hefur til umráða, enn fremur land undir uppfyllingu milli lands og Hörseyjar, sem höfnin þarf með. Þá og land undir bryggju í höfðanum og umhverfis að þjóðvegi. Enn fremur heimilast höfninni réttindi til að taka og leiða vatn þaðan, sem tiltækilegast þykir fyrir höfnina að taka það, að dómi verkfróðra manna.

II. KAFLI
Stjórn hafnarinnar.

2. gr.
Að nýafstöðnum hreppsnefndarkosningum skal hreppsnefnd Kaldrananeshrepps kjósa 3 menn í hafnarnefnd (lendingarbótanefnd) og jafnmarga til vara, og ákveða formann nefndarinnar. Kjörtímabil hafnarnefndar er hið sama og hreppsnefndar. Hafnarnefnd sér um að reglugerð þessari sé hlýtt, sér um innheimtu gjalda þeirra, sem ákveðin eru samkv. reglugerð þessari, gegn innheimtulaunum eða föstum launum, sem um semur, sér um viðhald og endurbætur hafnar og lendingarbóta og stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta. Hafnarnefnd annast reikningshald og fjárvörzlu hafnarsjóðs, fyrir hönd hreppsnefndar, enda ber hreppsnefnd ábyrgð á eignum sjóðsins, sem öðrum eignum hreppsins, svo og öllum skuldbindingum sjóðsins.

III. KAFLI
Um almenna reglu.

3. gr.
Hafnarnefnd sér um að gætt sé reglu á hafnarsvæðinu og mannvirkjum þess, og er öllum, er hlut eiga að máli, skilt að hlýða boði hennar og banni tafarlaust. En geta síðan, ef þeim finnst sér óréttur ger, skotið máli sínu til lögreglustjóra.

4. gr.
Óheimilt er skipum eða bátum að kasta útbyrðis seglfestu, ösku, kolum eða öðru því, sem valdið geti skemmdum á hafnarsvæðinu.

96 13. maí

5. gr.

Skylt er að gæta varúðar um allt, er slysum gæti valdið.

6. gr.

Hafnarnefnd, svo og aðrir starfsmenn hafnarsvæðisins, skulu gæta allrar kurteisi í starfi sínu.

IV. KAFLI

7. gr.

Bátar, sem ganga til veiða úr Bjarnarfirði, hafa rétt til notkunar á bryggju í þeirri röð sem þeir koma að henni, en skylt er þeim að fara frá henni strax og þeir hafa lokið erindi sínu, ef aðrir þurfa að komast að. Meðan bátur er á floti við bryggju, skal jafnan vera einn maður til taks af skipshöfninni, ef færa þarft bát eða framkvæma aðrar skipanir frá hafnarverði.

8. gr.

Allir bátar, sem ganga til veiða frá höfninni, eru skildir að eiga legufæri, sem tekin eru gild af trúnaðarmönnum hafnarinnar og lagt þar undir þeirra eftirlit þannig, að þau hindri ekki greiðan aðgang að bryggjum hafnarinnar. Legufærum, sem lagt er án leyfis, eða í trássi við hafnarnefnd eða trúnaðarmenn hennar, má taka upp eða færa til á kostnað hlutaðeigenda.

V. KAFLI

Um hafnarsjóð.

9. gr.

Til þess að standast kostnað við lendingarbætur og hafnarmannvirki, og til árlegs reksturskostnaðar, skal stofna hafnarsjóð. Í hafnarsjóð renna allar tekjur sem ákveðnar eru með reglugerð þessari. Við lok hvers rekstursárs skal hafnarnefnd semja reksturs- og efnahagsreikning sjóðsins, og ber henni að hafa fullgert reikninginn ekki síðar en í febrúarlok næsta reikningsárs. Reikningar skulu endurskoðaðir og úrskurðaðir á sama hátt og hreppsreikningar. Fyrir 1. nóvember ár hvert skal hafnarnefnd hafa samið og lagt fyrir hreppsnefnd Kaldrananeshrepps frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Hreppsnefnd skal síðan fullsemja áætlunina og senda hana samgöngumálaráðuneytinu til staðfestingar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á gjalda- og tekjuliðum.

10. gr.

Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið.

VI. KAFLI

Hafnargjöld.

11. gr.

Hvert aðkomuskip greiði í hvert skipti er það fermir og affermir kr. 0.30 af hverri nettósmálest, með þeim undantekningum þó, er hér greinir.

Innlend strandferðaskip skulu aðeins greiða gjald þetta einu sinni á ári, og þá í fyrsta sinn, er þau koma inn á höfnina eða á gjalddaga, er um semst.

Algerlega undanþegin þessu gjaldi eru: Herskip, varðskip, björgunarskip, skip, sem hafa skírteini sem skemmtiferðaskip, og skip sem gerð eru út til vísindalegra

rannsókna, einnig skip, sem leita hafna vegna óveðurs, sjóskaða eða skemmda á einhvern hátt, nema þau jafnframt fermi eða affermi einhverja vöru. Sama gildir um skip, sem leita hafna til að setja á land sjúka og látna. 96 13. maí

12. gr.

Af hverju tonni af slægðum afla greiðist kr. 5.00.

13. gr.

Vörugjaldskrá.

1. flokkur. Ull: 5 aurar af hverju kg.
2. — Kjöt: 5 aurar af hverju kg.
3. — Gærur og garnir: 3 aurar af hverju kg.
4. — Matur og kornvara: 2 aurar af hverju kg.
5. — Kaffi, fóðurvörur, aðfluttur áburður útlendur: 1½ eyrir af hverju kg.
6. — Stykkjavörur: 1—2 aurar af hverju kg.
7. — Salt, byggingavörur aðrar en um getur í 8. fl.: 1 eyrir af hverju kg.
8. — Timbur, unnið og óunnið: 10 aurar af hverju teningsfeti.
9. — Tunnur tómar: kr. 0.75 af hverri.
10. — Hestar og nautgripir: kr. 10.00 af hverjum grip.
11. — Sauðfé: kr. 0.50 af hverri kind.
12. — Fiskkassar úr frystihúsi (ísvarinn fiskur): kr. 5.00 fyrir hverja smál.
13. — Saltsíld: 50 aur. af tunnu.
14. — Beitusíld: 5 kr. af smálest.
15. — Olía, benzín, kol: 5 kr. af smálest.

Gjald þetta reiknast jafnt fyrir fermingu og affermingu skipa og báta.

14. gr.

Undanþegið vörugjaldi er póstflutningur og farangur ferðamanna, allt að 25 kg, svo og vistir og aðrar nauðsynjar til báta og skipa til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi.

15. gr.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum. Skipstjóri eða formaður ber ábyrgð á greiðslu skipa- eða bátagjalda, svo og rétt upp gefnu vörumagni, en viðtakandi vöru eða afgreiðslumaður skips á vörugjaldi. Hefur hafnarsjóður haldsrétt á skipi eða bát, þar til gjöld þessi eru greidd, nema öðruvísi semjist um, og gildir hið sama um vöru, sé vörugjald ekki greitt. Ef skip eða bátur hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri eða formaður ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins. Ef margs konar vörur eru í sömu sendingu skal reikna vörugjaldið eftir þeirri vörutegund, sem hæst vörugjald reiknast af. Gildir þar um úrskurður hafnarnefndar, en úrskurði hennar má skjóta til lögreglustjóra.

VII. KAFLI

Bryggjugjöld.

16. gr.

Hvert það skip, sem leggst að bryggju eða skipi, sem liggur við bryggju hafnarsjóðs, greiði bryggjugjald sem hér segir:

Öll skip, 15 smálestir eða stærri, greiði 20 aura af hverri nettó smálest, minnsta gjald skal þó vera kr. 3.00. Aðkomubátar undir 15 smálestir brúttó greiði kr. 1.50.

Bátar án hreyfils, heimilisfastir á hafnarsvæðinu, sem eru minni en ein smálest brúttó, skulu gjaldfrjálsir.

96 13. maí

Bryggjugjald reiknast fyrir hverjar 24 klst. eða brot úr þeim. Öll gjöld samkv. reglugerð þessari má taka lögtaki.

VIII. KAFLI
Eignatjón og bætur.

17. gr.

Þeir, sem valdir verða að tjóni á bryggjunni eða öðrum mannvirkjum eða á áhöldum hafnarsjóðs, skulu bótaskyldir, annað hvort greiði þeir tjónið með upphæð, er um semur við hafnarnefnd eða viðgerðarkostnað samkv. reikningi.

18. gr.

Um skaðabótaskyldu fyrir tjón, sem tilfært er í næstu grein hér á undan, fer eftir almennum lagafyrirmælum.

19. gr.

Takist ekki samningur um bætur, skulu þær ákveðnar af þremur óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila um sig er heimilt að krefjast yfirmats, og skal þá krafa um það borin fram innan mánaðar frá því, er matsgerð lauk. Yfirmat skal framkvæmt af fimm óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiði sá, er þess hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meir en sem svarar 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð, að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

20. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá 20—10000 kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum lögum. Sektir renna í hafnarsjóð.

21. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 13. maí 1947.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

HAFNARREGLUGERÐ

97
13. mai

fyrir Höfn við Bakkafjörð.

I. KAFLI
Takmörkun hafnarinnar.

1. gr.

Höfnin takmarkast af beinni línu, er hugsast dregin úr Svartsnesi í Skarfatanga.

II. KAFLI
Um stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Hreppsnefnd Skeggjastaðahrepps kýs 3 menn í hafnarnefnd til fjögurra ára í senn. Enn fremur tvo varamenn til sama tíma.

Hafnarnefnd skal ætíð kjósa að loknum hreppsnefndarkosningum.

Hafnarnefnd kýs formann úr sínum hópi.

Hafnarnefnd sér um, að reglugerð hafnarinnar sé hlýtt. Hún sér og um innheimtu á gjöldum til hafnarsjóðs, gegn innheimtulaunum þeirra eða kaupi, sem um semur.

Hafnarnefnd ber, undir yfirstjórn hreppsnefndar og yfirumsjón atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, að hafa framkvæmd allra hafnarmála, sjá um viðhald og umbætur á höfninni og stýra öllum framkvæmdum, er þar að lúta. Hún annast fjárhald hafnarsjóðs, innheimtu og reikningsskil fyrir hönd hreppsnefndar.

3. gr.

Stofna skal sérstakan sjóð, sem nefnist hafnarsjóður. Í hann renna allar tekjur hafnarinnar, sem ákveðnar eru í þessari reglugerð.

Hafnarsjóði skal eftir ákvæðum hreppsnefndar varið í þarfir hafnarinnar, til greiðslu á kostnaði við stjórn hennar, til umbóta á henni, til byggingar hafnarmannvirkja og viðhaldi á þeim o. s. frv.

Óheimilt er að nota fé hafnarinnar til annarra fyrirtækja hreppsins eða binda það í lánum til þeirra.

4. gr.

Hreppsnefnd veitir fé úr sjóðnum til hafnarframkvæmda, eftir tillögum hafnarnefndar og ákveður hvernig hann skuli ávaxtast, enda ber hún ábyrgð á eignum hans, eins og öðrum eignum hreppsins.

Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið.

Reikningar hafnarsjóðs skulu fylgja hreppsreikningnum og endurskoðast og úrskurðast ásamt honum.

5. gr.

Fyrir 1. nóv. ár hvert ber hafnarnefnd að hafa samið og lagt fram fyrir hreppsnefnd Skeggjastaðahrepps frv. til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarsjóðs á komanda ári. Sveitarsjórn skal hafa fullsamið áætlunina og sent hana samgöngumálaráðuneytinu til staðfestingar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegustu skýringum á tekju- og gjaldaliðum.

97
13. maí

III. KAFLI
Almennar reglur.

6. gr.

Hafnarnefnd sér um að gætt sé reglu í höfninni og á landi hennar. Öllum er skylt að hlýða boði hafnarnefndar og banni. Þyki einhverjum sér óréttur ger, getur hann kært fyrir lögreglustjóra. En skipun hafnarnefndar ber að hlýða tafarlaust og varðar sektum, ef út af er brugðið.

7. gr.

Skylt er að gæta varúðar um allt það, er valdið getur bruna. Ekki má skjóta eða bera skotvopn á hafnarsvæðinu, nema með leyfi hafnarnefndar.

8. gr.

Ekki má kasta í höfnina ösku, kolum, fiskúrgangi eða neinu öðru, er valdið getur skemmdum á henni, frá skipum eða bátum, er þar liggja, né flytja það frá landi út í höfnina, nema með leyfi hafnarnefndar. Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera neina bryggju eða önnur mannvirki, né fylla upp eða dýpka út frá landi, nema eftir tillögum hafnarnefndar og með samþykki hreppsnefndar Skeggjastaðahrepps.

IV. KAFLI
Um gjöld til hafnarinnar.

9. gr.

Af vörum, sem fluttar eru í land eða skipað út innan takmarka hafnarinnar, sem greinir í 1. gr. reglugerðar þessarar, skal greiða vörugjöld sem hér greinir:

1. Af salti, kolum, sementi, tilbúnum áburði og fóðurvörum: kr. 4.00 fyrir smál.
2. Af saltfiski og öðrum fiski: kr. 4.00 fyrir smál.
3. Af kjöti, öðru en saltkjöti: kr. 4.00 fyrir smál.
4. Af saltkjöti í heiltunnum: kr. 1.00 fyrir hverja tunnu.
5. Af saltkjöti í hálftunnum: kr. 0.50 fyrir hverja tunnu.
6. Af tómum tunnum: kr. 0.50 fyrir hverja tunnu.
7. Af kornvörum, garðávöxtum, olíu og benzíni: kr. 6.00 fyrir hverja smálest.
8. Af timbri: kr. 0.10 fyrir hvert teningsfet.
9. Af stórgripum: kr. 5.00 fyrir hvern grip.
10. Af sauðfé og geitum: kr. 1.00 fyrir hverja kind eða geit.
11. Af öllum öðrum flutningi: kr. 1.00 fyrir hver 100 kg.

Minnsta gjald af öllum gjaldskyldum vörum er kr. 0.50.

10. gr.

Undanþeginn vörugjaldi er póst- og farþegaflutningur. Einnig vistir og aðrar nauðsynjar fluttar úr landi til skipa og báta, sem liggja í höfn og þau nota til eigin þarfa.

11. gr.

Vörugjald skal reikna eftir mati eða þyngd með umbúðum. Fara skal eftir farmskrám skipa við útreikning vörugjalds og er skipstjóri skyldur að láta hafnarnefnd í té eftirrit af farmskrá skipsins. Sé engin farmskrá, skal skipstjóri eða formaður báts gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem skip hans hefur fermt eða affermt.

Þyki hafnarnefnd ástæða til, getur hún hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hún telur hentugast.

Ef ýmsar vörutegundir eru í sömu sendingu skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund, sem hæst gjald skal reikna af. 97 13. maí

Annars skal flokka vörur til vörugjalds, eftir því sem gjaldskrá tiltekur og reiknast eins og þar segir. Ef vafi leikur á því í hvaða flokki skuli telja einhverja vöru úrskurðar hafnarnefnd, en úrskurði hennar má skjóta til hreppsnefndar.

12. gr.

Vörugjald greiðir eigandi varanna eða umboðsmaður, og ber formaður báts ábyrgð á greiðslunni. Hafnarsjóður hefur haldsrétt á vörunni unz gjaldið er greitt.

Ef skip eða bátar hafa ekki farm sinn skráðan ber skipstjóri eða formaður ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins. Vörugjald af vörum, sem lagðar eru á land, fellur í gjalddaga strax og varan er komin í land og vörugjald af vörum, sem fluttar eru úr landi, fellur í gjalddaga þegar varan er komin í skip.

13. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki.

14. gr.

Um skaðabótaskyldur fyrir skemmdir á hafnarbótum, mannvirkjum eða áhöldum fer eftir almennum lagafyrirmælum.

Ef samningum verður ekki komið við um skaðabætur fyrir skemmdir á lendingarbótum, mannvirkjum hennar eða áhöldum, má ákveða það af þrem óvilhöllum, dómkvöddum mönnum.

Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en einn mánuður er liðinn frá því er matsgerð var lokið. Yfirmat skal framkvæmt af fimm óvilhöllum, dómkvöddum mönnum.

Kostnað við mat greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem svarar 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

15. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá 20—10000 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum lögum. Sektir renna í hafnarsjóð.

16. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

17. gr.

Að öðru leyti en hér er tekið fram fer reglugerð þessi eftir lögum nr. 29 frá 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 13. maí 1947.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

98
21. maí

REGLUGERÐ
fyrir Rafveitu Miðneshrepps.

A. Stjórn og rekstur.

1. gr.

Markmið rafveitunnar.

Rafveita Miðneshrepps er fyrirtæki, sem hreppsnefnd Miðneshrepps starfrækir í þeim tilgangi að veita raforku um hreppinn og selja hana til heimilisnotkunar, iðnaðar og annarra þarfa.

Rafveitan er eign Miðneshrepps, en skal rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með nafninu Rafveita Miðneshrepps og hafa sérstakt reikningshald.

2. gr.

Verksvið og orkuveitusvæði.

Rafveita Miðneshrepps aflar raforku til almenningsþarfa í Miðneshreppi með því að kaupa raforku úr orkuveitu frá Sogsvirkjuninni eða frá öðrum, svo og vinna hana sjálf í orkuverum, er síðar kunna að verða reist, og veitir þeirri orku, sem þannig er keypt eða unnin, um orkuveitukerfi rafveitunnar.

Orkuveitusvæði rafveitunnar er lögsagnarumdæmi Miðneshrepps og sá hluti nágrennis hreppsins, sem hreppsstjórn ákveður og ráðherra samþykkir.

Rafveita Miðneshrepps hefur einkarétt til sölu á raforku beint til raforkunotenda á orkuveitusvæði sínu.

3. gr.

Stjórn raforkumála. Rafveitustjóri.

Yfirstjórn raforkumála hreppsins er í höndum hreppsnefndar, en framkvæmdastjórnin skal falin rafveitunefnd ásamt rafveitustjóra, sem hreppsnefndin skipar að fengnum tillögum rafveitunefndar, og skal hann um rafmagnssérmenntun fullnægja skilyrðum til háspennulöggildingar a. m. k. Hreppsnefndin setur honum erindisbréf. Rafveitustjóri er framkvæmdastjóri rafveitunnar.

Í rafveitunefnd eiga sæti 3 menn, kosnir af hreppsnefnd. Rafveitustjóri á sæti á fundum nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétti.

4. gr.

Verksvið rafveitunefndar.

Rafveitunefnd hefur á hendi stjórn rafveitunnar, sér um viðhald hennar og umbætur og allt, er að starfrækslu hennar lýtur, kaup og sölu á raforku, fjárhald og reikningsskil. Hún skal gefa hreppsnefnd þær skýrslur, sem óskað er eftir, um starfrækslu og ástand rafveitunnar og leggja ársreikning hennar fyrir hreppsnefnd til úrskurðar samtímis ársreikningum hreppsins.

Rafveitunefnd semur nánari reglur, sem hreppsnefnd skal staðfesta, um einstök atriði þessarar reglugerðar, eftir því sem þörf gerist. Hún gerir einnig tillögur til hreppsnefndar um gjaldskrá fyrir rafveituna, undirbýr samninga um orkukaup og orkusölu og annast framkvæmdir allra raforkumála hreppsins.

Rafveitunefnd skipar alla fasta starfsmenn rafveitunnar, að fengnum tillögum rafveitustjóra, og setur þeim erindisbréf.

5. gr.

Verksvið rafveitustjóra.

Rafveitustjóri stjórnar daglegri starfrækslu og reikningshaldi rafveitunnar, eftirliti, viðhaldi á stöðvum, taugum og öðrum útbúnaði og öllum verklegum framkvæmdum, er snerta hana. Hann hefur eftirlit með rafmagnslagningu á orkuveitusvæðinu, þar með talið efni og tæki, sér um afgreiðslu og innheimtu við kaup og sölu á raforku, efni og tækjum, sem veitan kaupir eða selur.

Rafveitustjóri ræður verkamenn og starfsmenn veitunnar, svo sem þörf er á, auk hinna föstu starfsmanna.

6. gr.

Reikningshald og ráðstöfun tekna.

Rafveita Miðneshrepps hefur sjálfstætt reikningshald og tekur sjálf við greiðslum fyrir selda raforku og öðrum tekjum. Skal tekjum hennar fyrst og fremst varið til að standast straum af öllum greiðsluskuldbindingum hennar, svo sem afborgunum á áhvílandi skuldum, vöxtum og öðrum rekstrarkostnaði, þar með talið fullnægjandi viðhald og endurnýjun virkja og annað, sem nauðsynlegt er til að tryggja öruggan rekstur rafveitunnar, en tekjum, sem umfram kunna að verða, ráðstafar hreppsnefnd.

Rafveitustjóri varðveitir sjóð rafveitunnar samkvæmt nánari reglum, sem hreppsnefnd setur að fengnum tillögum rafveitunefndar.

7. gr.

Löggilding rafvirkja. Raflagningarreglur.

Hreppsnefnd getur ákveðið, að engir aðrir en þeir, sem sérstaklega eru til þess löggiltir, megi taka að sér lagningu á húsveitu og uppsetningu véla og tækja eða framkvæma á sína ábyrgð nokkurt verk, er snertir veitur, sem tengja á við taugakerfi rafveitunnar. Hreppsnefnd setur löggildingarskilyrði, löggildir menn og setur reglur um frágang og tilhögun á verkum þeim, sem falla undir verksvið þeirra, allt að fengnum tillögum rafveitustjóra.

Eigi má löggilda sérstaklega aðra en þá, sem áður hafa hlotið lögildingu rafmagnseftirlits ríkisins og ekki setja kröfuminni reglur um raflagningar en rafmagnseftirlit ríkisins gerir.

B. Söluskilmálar.

8. gr.

Sala raforku.

Rafveita Miðneshrepps selur raforku til almenningsþarfa á orkuveitusvæði sínu, alls staðar þar sem taugakerfi hennar nær til, með þeim skilmálum, sem ákveðnir eru í reglugerð þessari og gjaldskrá rafveitunnar á hverjum tíma.

Raforkan er seld sem ein- eða þrífasa riðstraumur, með 220 volta málspennu og 50 riðum á sekúndu. Þegar sérstakar ástæður mæla með, má rafveitustjóri láta í té orku með annarri spennu og annarri straumtegund.

9. gr.

Umsókn um kaup á raforku.

Hver, sem óskar að gerast notandi að raforku, verður að fylla út tilætluð umsóknareyðublöð, er fást á skrifstofu rafveitunnar, og skal hann skuldbinda sig með undirskrift sinni, að hlíta settum reglum um kaup á raforku frá rafveitunni. Skal í umsókninni skýrt frá, hve mikið afl þarf, og til hvers það er ætlað.

98 21. maí

10. gr.

Umsókn um heimtaug.

Umsókn um heimtaug eða breyting á heimtaug skal undirskrifuð af húseiganda, er skuldbindur sig til þess með undirskrift sinni, að greiða heimtaugargjald það, sem ákveðið er í gjaldskrá rafveitunnar.

Heimtaugar með stofnvari eru eign rafveitunnar, enda þótt heimtaugargjaldið hafi verið greitt eftir kostnaði heimtaugar. Rafveitan annast viðhald og endurnýjun heimtaugar án sérstaks endurgjalds, nema heimtaug þurfi að breyta vegna breytingar á húsi. Skal húseigandi greiða kostnaðinn við þá breytingu, og ef ofanjarðarheimtaug er breytt í neðanjarðar, skal húseigandi greiða mismun, sem ákveðinn er í gjaldskrá. Rafveitunni er heimilt að krefjast skuldbindingar um lágmarksnotkun um heimtaug.

Sé um tiltölulega mikla notkun að ræða, og rafveitan þarf, til þess að fullnægja henni, sérstaklega að auka háspennukerfi, auka afl spennistöðvar eða gera meiri háttar viðbætur á lágspennukerfi, er rafmagnsstjóra heimilt að krefjast skuldbindingar umsækjanda um tiltekinn notkunartíma eða þátttöku í kostnaði.

Eigi er skylt að ljúka lagningu jarðstrengsheimtaugar meðan jörð er frosin.

11. gr.

Húsveitur.

Skylt er að láta löggiltan rafvirkja eða rafveituna, ef hún tekur slík verk að sér, framkvæma alla vinnu við raflagnir og raftæki, hvort heldur er um að ræða nýjar raflagnir eða breytingar eða viðgerð á raflögn.

Löggiltir rafvirkjar annast umsóknir og tilkynningar til rafveitunnar um allar raflagnir fyrir hönd húseiganda eða notenda, samkvæmt því, sem ákveðið er í reglum um raflagnir í Miðneshreppi, en rafveitan annast úttekt á öllum nýlagningum, viðaukum og breytingum á raflögnum.

Engir aðrir en umboðsmenn rafveitunnar mega setja straum á veitu eða hluta af veitu, sem úttektarskyld er fyrr en úttekt hefur farið fram og veitan verið tengd af umboðsmönnum rafveitunnar.

Sé út af þessu brugðið, varðar það þann sektum, sem verkið er unnið fyrir, þann, sem setur strauminn á og loks hinn löggilta rafvirkja, er sá um verkið.

Rafveitan tekur ekki á sig ábyrgð á veitu með úttekt eða tengingu.

Rafveitan áskilur sér rétt til þess að setja þau skilyrði fyrir tengingu á veitu, að notkun um hana verði ekki taugakerfi rafveitunnar ofviða, og þar sem hætta kann að verða á þessu, má setja viðeigandi skilyrði í hvert sinn fyrir notkuninni, þar til úr er bætt.

12. gr.

Sala á raforku til notenda, sem sjálfir hafa orkuvinnslu.

Veitur, sem að jafnaði nota raforku annars staðar að en frá rafveitunni, má tengja við taugakerfi hennar í því skyni, að rafveitan verði aðallega eða eingöngu notuð til vara með því skilyrði, að greitt sé lágmarksgjald, sem svarar til þeirrar kvaðar. sem hvílir á rafveitunni vegna tengingarinnar.

Framsal til annarra á raforku, sem keypt er af rafveitunni, er óheimilt án leyfis rafveitustjóra.

13. gr.

Eftirlit með húsveitum og tækjum. Gallar á húsveitum.

Sérhver húsveita, að meðtöldum tækjum til notkunar á raforku, skal fullnægja kröfum þeim, sem settar eru í reglugerð rafmagnseftirlits ríkisins og í reglugerðum rafveitunnar um raflagnir.

Rafveitustjóra er heimilt að hafa eftirlit með öllum húsveitum, gögnum og tækjum, sem notuð eru við hagnýtingu á raforku, og skulu starfsmenn rafveitunnar hafa frjálsan aðgang að öllum herbergjum húss, hvenær sem nauðsynlegt er, til að skoða húsveituna eða hluta hennar eða raftæki, sem nota má við veituna. 98 21. maí

Vélar og önnur tæki skulu vera þannig sett og þannig útbúin, að þau starfi án þess að titringi valdi eða truflun á ljósum eða annarri notkun.

Sé misbrestur á þessu eða aðrir gallar á veitu eða tækjum, skal notandi þegar í stað á sinn kostnað láta löggiltan rafvirkja lagfæra þetta.

Nú kemur í ljós við skoðun, sem framkvæmd er af rafveitunni, rafmagnseftirliti ríkisins eða löggiltum rafvirkja, á húsveitu eða tækjum að galli er á veitu eða tækjum, og skal þá eigandi veitunnar eða tækjanna skyldur til þess að láta gera við gallann á sinn kostnað. Viðgerðin skal framkvæmd af löggiltum rafvirkja.

Rafveitustjóri getur látið taka veituna eða tæki úr sambandi meðan galli er á veitunni eða tækjunum, þar til úr er bætt, eða látið gera við galla á kostnað eiganda.

Húseiganda er skylt að sjá um, að stofntaugar á húsveitu hans séu ávallt nægilega gildar fyrir notkun veitunnar.

Ef óleyfileg vör finnast í veitu, skal notandi veitunnar gerður ábyrgur fyrir, samkvæmt fyrirskipun rafmagnseftirlits ríkisins.

Séu gerðar óleyfilegar tengingar eða breytingar á veitu eða tækjum eða sýnt hirðuleysi um meðferð eða viðhald veitu eða tækja, skal farið með það sem galla á veitu, og er heimilt að gera eiganda að greiða aukagjald, sem ákveðið er í gjaldskrá vegna kostnaðar við aukið eftirlit með veitunni.

Það er óleyfilegt, sem ekki fullnægir kröfum, sem settar eru í reglugerðum rafmagnseftirlits ríkisins um raforkuvirki og reglugerðum Rafveitu Miðneshrepps.

14. gr.

Mælitæki.

1. Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir húsveitu, svo og stað fyrir þau og um tengingu.

   Notandi mælitækis er sá, sem skráður er fyrir raforkunotkun þeirrar veitu, sem mælitækið er fyrir. Skal hann bera ábyrgð á mælitækinu, svo og raforkunotkun veitunnar, þar til er hann lætur af notkun hennar og hefur sagt upp notkuninni með þeim fyrirvara, sem um getur í 19. gr.

   Rafveitan leggur til öll mælitæki og annast um venjulegt viðhald þeirra og endurnýjun á sinn kostnað. Nú verður mælitæki fyrir óvenjulegu hnjaski eða skemmdum, og er þá heimilt að gera notanda að greiða kostnað við viðhald þess eða endurnýjun.
2. Ef notandi óskar, að mælitækið sé leiðrétt, skal hann senda skriflega beiðni um það til rafveitunnar.

   Ef þá kemur í ljós við athugun mælitækis, að mesta skekkja sé +/÷ 5% eða minni, er heimilt að gera notanda að greiða kostnað við prófunina. Sé skekkja meiri, skal rafveitan bera kostnað af prófuninni.

   Ef notandi véfengir árangur prófunarinnar, skal leita úrskurðar rafmagnseftirlits ríkisins, og er hann bindandi fyrir báða aðila. Kostnað við það skal notandi greiða, ef skekkjan reynist minni en +/÷ 5%, en rafveitan annars.

   Hafi kwst.mælir sýnt +/÷ 5% skekkju eða meiri, skal rafveitan áætla leiðréttingu á reikningi rafmagnsnotanda miðað við fyrri notkun, og eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, eftir því, sem næst verður komizt, þó ekki fyrir lengra tímabil en 3 mánuði, nema notandi geti sannað, að um lengra tímabil hafi verið að ræða.
3. Notendur, sem hafa hemil eða rofa, eiga ekki rétt á neinni endurgreiðslu á

98 föstu verði, þótt þeir telji sig ekki hafa getað náð því afli, sem fasta greiðslan
21. maí er miðuð við, en rafveitunni er skylt að leiðrétta skekkju hemilsins eða rofans, svo fljótt sem við verður komið.

Ef hemill notanda brennur sundur með stuttu millibili og ástæða er til að ætla, að of mikið sé lagt á hann að staðaldri, hefur rafveitan rétt til að neita um hemil og gera notanda að skilyrði að kaupa orkuna eftir öðrum gjaldskrárlið.

4. Ef notandi hefur aukna straumnotkun vegna galla á veitu sinni eða tækjum, er rafveitan ekki skyld til þess að áætla frádrátt á reikningum notandans þess vegna.
5. Ef svo reynist, að notkun hafi orðið meiri en álestur sýnir eða álestur verið skakkur eða útreikningur á reikningsfjárhæðinni, áskilur rafveitan sér rétt til að leiðrétta þessa skekkju eftir á, undir eins og vitað er.
6. Verði uppvíst, að straumur sé notaður á annan hátt en um er samið eða raskað hefur verið mælitækjum eða breytt tengingu, þannig að ekki komi fram öll notkun, skal rafveitan áætla þann straum, sem notaður hefur verið óleyfilega, og skal notandi gjalda fyrir hann þrefalt verð eftir gjaldskrá fyrir allan tímann, sem liðinn er frá síðustu skoðun veitunnar, og þar til er leiðrétt er, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

Ef ekki eru fyrir hendi sérstakar upplýsingar um líklega notkun á veitunni, má miða matið við stærð á vörum þeim, sem fyrir veitunni eru.

Við endurtekningu skal rjúfa samband við veituna og gera ráðstafanir til að koma fram ábyrgð á hendur þeim, sem brotlegur hefur gerzt.

15. gr.

Ábyrgð.

Ef vanskil eða dráttur verður á greiðslu rafmagnsgjalda, getur rafveitan krafizt tryggingar fyrir skilvísri greiðslu. Ef rafmagnsnotkun um mælitæki nægir ekki til þess að greiða raunverulegan afhendingarkostnað raforkunnar um mælitækið, er rafveitunni heimilt að krefjast lágmarksgjalds fyrir notkunina. Að öðrum kosti er rafveitunni heimilt að taka mælitækið niður og loka veitunni eða breyta tengingu hennar.

16. gr.

Gjald fyrir raforku.

Reikningur fyrir raforku skal að jafnaði afhentur í húsnæði því, þar sem raforkan er notuð, og er reikningurinn fallinn í gjalddaga undir eins og krafið er um greiðslu. Nánari reglur um innheimtu og um gjalddaga má þó setja í gjaldskrá.

17. gr.

Lokun fyrir veitu og enduropnun.

Sé gjald fyrir raforku ekki greitt þegar greiðslu er krafizt, getur rafveitan sent gjaldanda tilkynningu eða afhent hana í húsnæði því, er veita hans er í, um að hann verði að greiða gjaldið til skrifstofu rafveitunnar innan viku. Dragist greiðsla lengur, er heimilt að taka straum af veitunni, en þó ekki fyrr en þremur dögum eftir að skrifleg tilkynning þess efnis til gjaldanda er afhent honum eða afhent í húsnæði því, sem veita hans er í.

Rafveitunni er heimilt að loka veitunni og senda skuldakröfu, sem hún kann að hafa á hendur notenda til innheimtu með lögtaki:

a. Þegar notandi, þrátt fyrir kröfu og skriflega aðvörun, sem að framan greinir, hefur ekki greitt reikning frá rafveitunni, sem fallinn er í gjalddaga;

b. þegar ábyrgðarmaður notanda stendur ekki við ábyrgðina;
c. þegar notandi hefur gerzt brotlegur við reglugerð þessa.

Lokun fyrir veitu af þessum ástæðum losar notandann ekki undan greiðsluskyldu á lokunartímabilinu.

Sé lokað fyrir veitu vegna skulda má að jafnaði ekki opna aftur, nema:

1. Skuld sé greidd að fullu eða fullnægjandi trygging sett fyrir því, að skuldin verði greidd;
2. að greitt sé aukagjald fyrir enduropnun veitunnar samkv. gjaldskrá;
3. að trygging sé sett fyrir skilvísri greiðslu framvegis, ef sérstakar ástæður eru til að krefjast slíkrar tryggingar.

Ef notandi raforku óskar eftir, að veita hans sé tekin úr sambandi um tíma, er heimilt að taka aukagjald, samkvæmt gjaldskrá, fyrir enduropnun veitunnar, svo og að taka fulla leigu fyrir mælitæki veitunnar þann tíma, sem veitan var ekki í notkun.

Enginn má framkvæma endurtengingu veitu, nema þeir, sem rafveitan hefur veitt umboð til þess hverju sinni. Sé brotið á móti þessu, skal farið með það sem endurtekna, óleyfilega straumnotkun samkvæmt 14. gr.

18. gr.

Rekstrartruflanir.

Stöðvun á rekstri eða truflanir vegna bilana eða takmarkana á raforkuvinnslunni hefur ekki í för með sér neinar skaðabótaskyldur á hendur rafveitunni, en koma skal á reglulegum rekstri aftur, eins fljótt og auðið er.

Notendur eiga ekki rétt á endurgreiðslu, þótt stöðvun verði vegna bilana eða annarra óviðráðanlegra atvika um langan eða skamman tíma, að öðru leyti en því, sem segir síðar um endurgreiðslu fastagjalds, og rafveitan ber ekki ábyrgð á spennubreytingum undir slíkum kringumstæðum eða afleiðingum af þeim, og eigi heldur af bruna eða slysum, sem verða kunna af völdum rafmagns frá húsveitum rafmagnsnotenda.

Rafveitan áskilur sér rétt til þess að loka fyrir straum til viðgerða og viðhalds eða eftirlits á helgum dögum á þeim tímum, sem heimilisnotkun er almennt minnst, og að nóttu til í maí—júlí, svo og endranær, þegar þörf gerist.

Meðan verið er að leggja heimtaugar eða götutaugar, er rafveitunni heimilt að taka straum af því svæði, sem nauðsynlegt er, til þess að framkvæma tengingar.

Komi það fyrir, að takmarka þurfi notkun á raforku um langan eða skamman tíma, ákveður hreppsnefnd, eftir tillögum rafveitunefndar, hver notkun skulu takmörkuð fyrst og á hvern hátt.

Stöðvun á rekstri skal tilkynna fyrir fram, ef unnt er, en þó eiga notendur enga skaðabótakröfu á hendur rafveitunni, þótt straumur hafi verið tekinn af fyrirvaralaust.

Notendur, sem greiða raforku við föstu árgjaldi, eiga rétt á að fá $\frac{1}{300}$ hluta árgjaldsins endurgreiddan fyrir hvern heilan dag, er þeir missa raforkuna vegna stöðvunar eða truflana á rekstri, þó eigi fyrir skemmri tíma en tvo sólarhringa.

19. gr.

Uppsögn á rafmagnsnotkun og tilkynning um flutning eða breyting á notkun.

Sérhver rafmagnsnotkun, er notandi byrjar á eftir nýjum lið gjaldskrár rafveitunnar, er bindandi fyrir hann að minnsta kosti eitt ár, nema um sé að ræða bráðabirgðalagnir eða tilraunataxta, sem eru fullreyndir á skemmri tíma. Þó getur rafveitustjóri leyst notanda undan þessari skuldbindingu þegar sérstaklega stendur á.

98 21. maí

Þegar ár er liðið, getur notandi sagt upp notkuninni með eins mánaðar fyrirvara, ef ekki er um annað samið eða annað ákveðið í gjaldskrá rafveitunnar. Skal uppsögn tilkynnt rafveitustjóra skriflega.

Rafveitan áskilur sér sama uppsagnarfrest af sinni hálfu og notandi hefur samkvæmt framansögðu.

Tilkynning um breytingu á notkun frá einum gjaldskrárlið til annars er sama og uppsögn á fyrri notkun og beiðni um nýja, og fer um það, sem að ofan greinir.

Tilkynning um flutning notanda úr einni íbúð í aðra eða af einum stað á annan á orkuveitusvæðinu má afhenda á innheimtuskrifstofu rafveitunnar með hálfs mánaðar fyrirvara ef um sams konar rafmagnsnotkun er að ræða í hinum nýja notkunarstað, ella skal um flutninginn gilda sem um uppsögn á fyrri notkun og beiðni um nýja væri að ræða.

Notandi ber ábyrgð á raforkunotkun þeirrar veitu, sem hann er skráður fyrir, þar til er hann hættir notkun veitunnar og hefur sagt henni upp með þeim fyrirvara, sem hann hefur samkvæmt reglugerð þessari.

20. gr.

Breytingar á gjaldskrá.

Notanda skal skylt að hlíta ákvæðum gildandi gjaldskrár rafveitunnar og breytingum þeim, sem hreppsnefnd samþykkir og ráðherra staðfestir.

Verði ágreiningur milli rafveitustjóra og notanda um skilning á ákvæðum gjaldskrár eða settum skilyrðum fyrir rafmagnsnotkun, getur notandi krafizt þess, að ágreiningurinn verði lagður undir úrskurð hreppsnefndar.

C. Almenn ákvæði.

21. gr.

Brot á reglugerð.

Brot gegn reglugerð þessari eða gegn reglum, sem settar verða samkvæmt henni, varða sektum allt að 10000 krónum — tíu þúsund krónum —, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Ef brot veldur skemmdum á eignum rafveitunnar skal hinn brotlegi þess utan bæta skaðann.

Sektir renna í ríkissjóð.

22. gr.

Málsókn.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari eða á reglum, sem settar eru samkvæmt henni, skal farið sem almenn lögreglumál.

23. gr.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 21. maí 1947.

Bjarni Ásgeirsson.

Páll Pálmason.

AUGLÝSING

99
24. maí

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Vestmannaeyjakaupstað, nr. 70 3. ágúst 1926, sbr. reglugerð nr. 9 4. janúar 1941 og nr. 73 13. maí 1942.

Vörugjald af ísvörðum fiski og hraðfrystum fiski skal vera 2 kr. af hverjum 100 kg, þar til öðruvísi kynni að verða ákveðið, þó ekki lengur en til ársloka 1947.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 24. maí 1947.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

100
5. júní

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Styrktarsjóð skipstjóra- og stýrimannafélagsins Hafþór, Akranesi," útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 5. júní 1947.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir styrktarsjóð skipstjóra- og stýrimannafélagsins Hafþór á Akranesi.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af tillögum frá skipstjórum og stýrimönnum þeim, sem eru í skipstjóra- og stýrimannafélaginu Hafþór á Akranesi. Og var, er hann var stofnaður í nóvember 1943, kr. 3600.00.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja meðlimi Hafþórs, þegar þeir verða hjálparþurfi, sem og ekkjur þeirra og börn.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru ¼ af árstillögum félagsmanna í Hafþór, ársvextir af höfuðstól og frjálsar gjafir.

4. gr.

Stjórn félagsins Hafþórs hefur á hendi stjórn sjóðsins. Henni ber að sjá um, að höfuðstóll sjóðsins sé ávaxtaður með sömu tryggingu og fyrirskipað er fyrir lánum af ómyndugra fé, sem og að tekjur sjóðsins séu lagðar við höfuðstólinn og ávaxtaðar á sama hátt og hann, eins fljótt og því verður við komið, að því leyti, sem þeim er ekki varið til styrkveitinga samkv. 5. gr. Stjórn sjóðsins ber um hver áramót að gera reikning um fjárhag sjóðsins fyrir síðastliðið ár, og skal sá reikningur endurskoðaður og úrskurðaður á aðalfundi Hafþórs.

100 5. gr.
5. júní Höfuðstólinn má aldrei skerða. Þegar hann er orðinn kr. 5000.00 má verja helmingi af ársvöxtum hans og helmingi af árstillögum félagsmanna til styrkveitinga. Þó má, þegar sérstök atvik ber að höndum, verja allt að því öllum ársvöxtunum og helmingi árstillaga til styrkveitinga.

6. gr.

Aðnjótandi styrks úr sjóðnum geta orðið skipstjórar þeir og stýrimenn, sem eru félagsmenn í Hafþór, þegar þeir verða hjálparþurfi sökum veikinda, slysa eða ellilasburðar, sömuleiðis ekkjur þeirra og eftirlifandi börn, sem þurfa hjálp sér til framfæris.

7. gr.

Styrk úr sjóðnum veitir fimm manna nefnd, og eru í henni félagsstjórn Hafþórs og tveir aðrir félagsmenn, sem til þess eru kosnir á ári hverju á aðalfundi. Um styrkveitingar skal sækja 1. des., og með umsóknarbréfum skulu fylgja skilríki um verðleika og þörf umsækjanda. Styrkjunum skal síðan úthlutað fyrir aðalfund Hafþórs í desembermánuði.

8. gr.

Skyldi svo fara, að félagið Hafþór leystist upp eða liði undir lok, skal „Styrktarsjóður skipstjóra- og stýrimannafélagsins Hafþórs" halda áfram að starfa undir þriggja manna stjórn, sem sé skipuð af dómsmálaráðuneytinu. Skal hún halda áfram að ávaxta sjóðinn og taka á móti gjöfum þeim, er honum kynnu að berast.

Hún skal um hver áramót afhenda dómsmálaráðuneytinu skýrslu um fjárhag sjóðsins. Styrks úr sjóðnum verða þeir aðnjótandi, sem hafa verið meðlimir Hafþórs, svo og ekkjur þeirra og börn, og skulu þeir ganga fyrir um styrkveitingar, ef þeir eru hjálparþurfi, en annars skal á sama hátt styrkja aðra innanbæjar skipstjóra og stýrimenn, svo og ekkjur þeirra og eftirlátin börn, ef þau þurfa hjálpar með.

9. gr.

Eftir aðalfund í Hafþór í desember ár hvert sendir stjórn styrktarsjóðsins skýrslu um fjárhag sjóðsins síðastliðið ár til dómsmálaráðuneytisins, sem hefur eftirlit með, að sjóðnum sé stjórnað samkv. framanskráðri skipulagsskrá.

Þannig samþykkt á aðalfundi í skipstjóra- og stýrimannafélaginu Hafþór á Akranesi, hinn 20. febrúar 1945.

101 **AUGLÝSING**
6. júní **um breytingar á reglugerð um eyðingu refa í Vestur-Ísafjarðarsýslu, nr. 92 27. ágúst 1936.**

Við 2. gr. Síðasta setningin falli niður.

Við 3. gr. Síðasta setning fyrstu málsgreinar orðist þannig: Grenjaleitir í löndum eyðijarða kostar sýslusjóður að hálfu á móti viðkomandi sveitarsjóði.

6. gr. orðist svo:

Allur kostnaður við grenjavinnslu, annar en leitarkostnaður, sbr. 3. gr., greiðist úr sýslusjóði eftir reikningi frá viðkomandi hreppsnefnd, sem trúnaðarmaður sýslunefndar hefur samþykkt. Allir yrðlingar, sem teknir eru á greni eða annars staðar, eru eign þess manns eða manna, sem yrðlingunum ná.

8. gr. fellur niður.

9. gr. Í stað 10 kr. komi 50 kr.

11. gr. Ný grein svo hljóðandi: 101

Sýslunefnd kýs í byrjun hvers kjörtímabils trúnaðarmann innan sýslunnar, 6. júní
sem hafi yfirumsjón með allri grenjavinnslu og eyðingu refa í sýslunni. Skal hann samþykkja ráðningu starfsmanna og getur gert kröfu til þess, að sami skotmaður starfi í fleiri en einum hreppi, ef hann telur hann sérstaklega vel hæfan til starfsins. Skulu trúnaðarmanni sendir allir reikningar yfir refaveiðikostnað innan sýslunnar, svo og fyrir skotnar hlaupatófur, ásamt vottorði tveggja óvilhallra manna, um að dýrunum hafi verið eytt. Skulu refaveiðireikningar frá hreppsnefndum sendir trúnaðarmanni fyrir 1. sept. Sendir hann síðan reikningana, ásamt athugasemdum sínum, ef nokkrar eru, til oddvita sýslunefndar svo fljótt sem verða má, og eigi síðar en svo, að grenjavinnslukostnaður verði greiddur viðkomandi hreppsnefnd fyrir áramót. Allur kostnaður við starf trúnaðarmanns greiðist úr sýslusjóði, og ákveður sýslufundur þóknun fyrir starf hans.

Breytingar þessar, sem sýslunefnd Vestur-Ísafjarðarsýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 108 11. ágúst 1933, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 6. júní 1947.

Bjarni Ásgeirsson.

Árni G. Eylands.

AUGLÝSING 102

6. júní

um breyting á fjallskilareglugerð fyrir Vestur-Ísafjarðarsýslu, nr. 102 31. ágúst 1937.

1. gr.

Aftan við greinina bætist: Heimilt skal hreppsnefnd að fela stjórn búnaðarfélags viðkomandi hrepps framkvæmd fjallskilamála í hreppnum með þeim réttindum og skyldum, sem hreppsnefndum eru ákveðin í reglugerð þessari.

8. gr.

Aftan við greinina bætist: Markaskrá skal fylgja myndaskrá yfir öll mörk.

15. gr.

Orðist þannig: Hver hreppsnefnd skal skipa fyrir um fjársmalanir eina eða fleiri að vori, til rúnings eða mörkunar, á þeim tíma, er hentast þykir, og er öllum fjáreigendum skylt að hlíta fyrirmælum hennar í öllu því, er smölunina snertir. Skulu hreppsnefndir reyna að haga svo til, að smölun þessi fari fram sama dag í þeim hreppum, þar sem lönd liggja saman.

16. gr.

Í stað orðanna: „Í ómakslaun“ o. s. frv. komi: Ómakslaun greiðist eftir samkomulagi eða sanngjörnum reikningi.

20. gr.

Við greinina bætist: og skylt skal að láta fara fram aukaleit, ef $\frac{1}{10}$ hluti fjáreigenda viðkomandi hrepps óskar þess.

102 6. júní

21. gr.

Orðist svo: Skylt skal hverjum ábúanda eða húsráðanda, sem fé á, að gera fjallskil fyrir sig, hjú sín og börn, eigi þau fé, einnig fyrir það fé, er hann kann að hafa tekið til upprekstrar úr öðrum hreppum. Lausamenn og húsmenn, sem eiga 10 kindur á fjalli, skulu gera fjallskil, enn fremur notendur eða eigendur jarða, þótt enga kind eigi, nema sannað sé, að eigandi geti á engan hátt notað sér jörðina. Heimilt er hreppsnefnd, telji hún það betur henta, að taka í sínar hendur ráðningu manna til fjallskila, og skal þá jafna kostnaði niður á fjáreigendur eftir fjártölu og landeigendur, sem ekki eiga fé, eftir hundraðatölu í jörð.

22. gr.

Orðist svo: Hver, sem á færri en 10 kindur á fjalli, svo og notendur eða eigendur jarða, sem enga kind eiga, geta valið um að fara í göngur einn sér eða í samlögum við aðra, eða að greiða í sveitarsjóð eða fjallskilasjóð þá upphæð fyrir hverja kind eða hundrað í jörð, sem hreppsnefnd ákveður, sbr. þó síðustu málsgrein 21. gr.

25. gr.

Niður falli orðin: „áliti meira hluta þess flokks, sem hann er í og".

39. gr.

Í stað orðanna: „fyrir geymslulaun greiðast 15 aurar yfir sólarhringinn hverja kind", komi: Geymsla greiðist eftir samkomulagi eða sanngjörnum reikningi.

Breytingar þessar, sem sýslunefnd Vestur-Ísafjarðarsýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna frá 1927, staðfestast hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 6. júní 1947.

Bjarni Ásgeirsson.

Árni G. Eylands.

103 7. júní

AUGLÝSING

um kosningu alþingismanns í Vestur-Skaftafellssýslu.

Með því að alþingismaður Gísli Sveinsson hefur lagt niður þingmennskuumboð sitt fyrir Vestur-Skaftafellssýslu frá 1. júlí n. k. að telja, þá er hér með samkvæmt 135. gr. laga nr. 80 1942, um kosningar til Alþingis, fyrirskipað, að kosning alþingismanns fyrir Vestur-Skaftafellssýslu fyrir þann tíma, er hinn fráfarandi þingmaður átti eftir, skuli fara fram 13. júlí n. k.

Frestir þeir, er um ræðir í 19. gr. kosningalaganna, styttast þannig, að kjörskrár skulu lagðar fram 4 vikum fyrir kjördag, auglýsingafresturinn skal felldur alveg niður og tími sá, sem kjörskrá á að liggja frammi, verður 2 vikur, kærufrestur samkvæmt 20. gr. styttist í 2 vikur og úrskurðir samkvæmt 21. gr. skulu ganga viku fyrir kjördag.

Þetta birtist hérmeð öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 7. júní 1947.

Bjarni Benediktsson.

Ragnar Bjarkan.

JARÐRÆKTARSAMÞYKKT

104
7. júní

fyrir Búnaðarfélag Ólafsfjarðar í Eyjafjarðarsýslu.

Búnaðarfélag Ólafsfjarðar gerir, á grundvelli laga nr. 7 12. janúar 1945, svofellda jarðræktarsamþykkt:

1. gr.

Tilgangur með ræktunarsamþykktinni er:

1. Að ræsa fram land til túnræktar, garðræktar, engjaræktar og beitiræktar.
2. Að framkvæma jarðvinnslu á túnum jarða á félagssvæðinu, sem ekki eru véltæk.
3. Að taka að sér jarðvinnslu til nýræktar túna og garða.
4. Að framkvæma sléttun engja, svo að þær verði véltækar.

Allt þetta skal framkvæmt eftir fyrirmælum trúnaðarmanns, er Búnaðarfélag Íslands samþykkir til að hafa á hendi undirbúning um, hvernig verkin skuli framkvæmd.

2. gr.

Stjórn Búnaðarfélags Ólafsfjarðar annast allar framkvæmdir. Um kaup á vélum og áhöldum skal hafa samráð við verkfæranefnd ríkisins.

3. gr.

Skylt er að tryggja vélar og áhöld fyrir sannvirði, eins og það álízt á hverjum tíma.

4. gr.

Verkbeiðnir félagsmanna skulu komnar til stjórnarinnar fyrir febrúarlok, ella er ekki skylt að taka þær til greina á því ári. Heimilt er stjórninni, ef hún telur þess þörf, að krefjast ábyrgðar, sem hún tekur gilda, á vinnslukostnaði.

5. gr.

Að fengnum verkbeiðnum skal gera áætlun um framkvæmdir á árinu. Skal þess þá sérstaklega gætt:

1. Að þær jarðir, sem minnst véltækt land hafa, sitji fyrir vinnu, eftir því sem við verður komið, án þess að valda óhæfilegum aukakostnaði við flutning véla og verkfæra.
2. Að túnasléttun sé, að öðru jöfnu, látin sitja fyrir öðrum ræktunarframkvæmdum.
3. Að land það, sem brjóta á til ræktunar, hafi verið ræst fram á fullnægjandi hátt, að dómi trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands.
4. Að framræsla bithaga komi að jafnaði því aðeins til greina, að fullnægt hafi verið framræsluverkefnum vegna tún-, garða- og engjaræktar á þann hátt, að það tefji ekki jarðvinnsluna, svo að því marki verði náð, að allur heyskapur verði tekinn á vélfæru landi.

6. gr.

Kostnaður við framkvæmdir, er í samþykkt þessari getur, greiðist af verkkaupanda. Heimilt er stjórninni að láta greiðslur fara fram eftir áætlun, miðað við tímaeiningu, meðan verkið stendur yfir, en fullnaðargreiðsla sé byggð á reikningsskilum í árslok.

7. gr.

Til reksturskostnaðar telst greiðsla vinnulauna, rekstur, viðhalds- og geymslukostnaður véla, kostnaður við flutning véla og áhalda milli vinnustaða, fyrningargjald, vextir og afborgun lána og stjórnarkostnaður.

104 7. júní

Heimilt er stjórninni að leggja á framkvæmdakostnað áhættuþóknun, er nemi allt að 5% af heildarkostnaði ár hvert. Skal fé því varið til að mæta óhöppum, er fyrir kunna að koma, og ekki fæst greitt úr fyrningarsjóði.

8. gr.

Heimilt er stjórninni að láta vinna að öðrum verkefnum en að framan greinir, ef hagkvæmt þykir, enda brjóti það ekki í bága við hagsmuni samþykktaraðila.

9. gr.

Búnaðarfélagið myndar stofnsjóð til vélakaupa, er sé andvirði beltisdráttarvélar T D 9, ásamt viðeigandi plóg, herfum og valta. Alls kr. 60000.00.

Tekjur stofnsjóðs eru:

a. Helmingur stofnfjárins er framlag framkvæmdasjóðs ríkisins, samkvæmt ákvörðun 9. gr. laga um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum. Rennur framlagið í stofnsjóð, er það greiðist, sem styrkur til vélakaupa félagsins.
b. Framlag Búnaðarsambands Eyjafjarðar.
c. Afgangurinn sé óafturkræft beint framlag Búnaðarfélags Ólafsfjarðar, er eigi má nema minna en ¼ stofnfjárins, svo og stofnfjárlán, tryggt með ábyrgð Búnaðarfélagsins, og endurgreiðist það innan 5 ára.

10. gr.

Heimilt er stjórninni að taka rekstrarlán gegn tryggingu í þeim jarðræktarstyrk, er á umbæturnar verður greiddur úr ríkissjóði, samkvæmt ákvörðun II. og V. kafla jarðræktarlaga.

11. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Skulu reikningar endurskoðaðir af endurskoðendum Búnaðarfélags Ólafsfjarðar og lagðir fram á aðalfundi þess ár hvert. Þar skal og lögð fram skýrsla um starfsemina á síðastliðnu ári og rædd framtíðarstarfsemi.

12. gr.

Breytingartillögur við samþykkt þessa skulu lagðar fram á aðalfundi. Samþykki lögmætur aðalfundur þær með minnst ⅗ atkvæða atkvæðisbærra fundarmanna, skulu þær sendar Búnaðarfélagi Íslands, er leitar staðfestingar landbúnaðarráðherra á þeim.

13. gr.

Samþykktir þessar má því aðeins nema úr gildi, að ⅗ fundarmanna á lögmætum aðalfundi samþykki það, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til. Verði samþykktirnar felldar úr gildi, verður stofnsjóður og fyrningarsjóður áfram eign Búnaðarfélags Ólafsfjarðar, og skal eignunum varið til almennra framfaramála á félgssvæðinu.

14. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

15. gr.

Samþykkt þessi gengur í gildi, er hún hefir verið staðfest af landbúnaðarráðherra.

Samþykkt þessi, sem er sett samkvæmt lögum nr. 7 12. janúar 1945, um jarðræktar og húsagerðarsamþykktir, í sveitur, og reglugerð um jarðræktarsamþykktir frá 20.

febrúar 1946, staðfestist hérmeð til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli. 104 7. júní

Landbúnaðarráðuneytið, 7. júní 1947.

Bjarni Ásgeirsson.

Árni G. Eylands.

JARÐRÆKTARSAMÞYKKT 105 9. júní

fyrir Búnaðarfélag Grýtubakkahrepps og Svalbarðsstrandarhrepps, í Suður-Þingeyjarsýslu.

I. KAFLI.

Takmörk samþykktarsvæðis og markmið.

1. gr.

Samþykktarsvæðið nær yfir hreppabúnaðarfélögin í Svalbarðsstrandarhreppi og Grýtubakkahreppi í Þingeyjarsýslu.

2. gr.

Ræktunarsambandið tekur að sér, á þann hátt sem fyrir er mælt í samþykkt þessari, eftirgreind verkefni á öllum jörðum á samþykktarsvæðinu að undanskildum þeim, sem falla undir ákvæði VI. kafla jarðræktarlaga nr. 54, 4. júlí 1942, um búferlaflutning:

1. Að ræsa fram land til túnræktar, garðræktar, beitiræktar og engjaræktar. Tekur framkvæmd verksins til fullnaðarframræslu á landinu að opnum skurðum, svo og lokræsum, þar sem þess er þörf, eins og fyrir verður mælt af trúnaðarmanni, er Búnaðarfélag Íslands samþykkir til að hafa á hendi undirbúning um hvernig verkið skuli framkvæmt.
2. Að framkvæma jarðvinnslu á túnum jarða á samþykktarsvæðinu, sem ekki eru véltæk. Nær það til plægingar, herfingar og jöfnunar landsins. Hverjar vinnsluaðferðir verða viðhafðar á hverjum stað, fer eftir fyrirsögn trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands.
3. Að taka að sér jarðvinnslu til nýræktar túna og garða. Nær það til fullnaðarvinnslu landsins á sama hátt og gert er ráð fyrir í síðustu málsgrein undir lið 2.
4. Að framkvæma sléttun engja, svo þær verði véltækar, hvort heldur það er gert með völtun, vinnslu lands, flóðgarðahleðslu eða öðrum aðferðum eftir fyrirsögn trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands.

II. KAFLI.

Skipun og verksvið fulltrúaráðs og framkvæmdastjórnar.

3. gr.

Fulltrúaráð skal kosið á aðalfundum búnaðarfélaganna ár hvert, þannig að einn fulltrúi verði kosinn fyrir hvern tug félagsmanna. Hálfur tugur, sem er fram yfir heilann, veitir þó rétt til fulltrúa.

Aðalfundur fulltrúaráðs skal haldinn fyrir 15. marz ár hvert. Hvert búnaðarfélag innan ræktunarsambandsins kýs tvo menn í framkvæmdastjórn til tveggja ára, þó þannig að annar þeirra gangi úr eftir eitt ár eftir hlutkesti, úr því gangi þeir úr til skiptis eftir starfsaldri. Stjórnarnefndarmenn má endurkjósa.

105 9. júní

Stjórnarnefndarmenn eru ekki kjörgengir í fulltrúaráð. Fulltrúaráð kýs einn mann í stjórn til tveggja ára í senn. Varamenn í stjórn skulu kosnir eftir sömu reglum og aðalmenn, og taki þeir sæti aðalmanna í forföllum þeirra.

4. gr.

Stjórnin skiptir með sér verkum. Formaður boðar til allra funda og stjórnar þeim. Ritari sér um bókun fundargerða. Gjaldkeri hefur á hendi reikningshald fyrir allar þær framkvæmdir, sem gerðar eru á grundvelli samþykktarinnar, og annast allar innheimtur og greiðslur eftir ávísun formanns.

5. gr.

Stjórn ræktunarsambandsins annast kaup á nauðsynlegum vélum og verkfærum til skurð- og lokræsagerðar, svo og á jarðvinnsluvélum, en skylt er henni, sbr. 8. gr. laga um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, að hafa samráð við verkfæranefnd ríkisins um kaup og val vélanna.

6. gr.

Stjórnin sér um kaup á öllu því, er með þarf til reksturs og viðhalds þeim vélum og áhöldum, er keypt verða. Henni ber að hafa þau tryggð fyrir fjárhæð, er svarar til verðgildis þessara eigna, eins og þær eru á hverjum tíma.

7. gr.

Stjórnin annast um allan rekstur vélanna, og ákveður á hverjum tíma og í hverri röð verkefnin eru tekin, sem unnið skal að, og gerir verktökusamning við þá aðila, sem unnið er fyrir.

8. gr.

Stjórnin ræður starfsmenn og ákveður launakjör þeirra. Heimilt er stjórninni að ráða framkvæmdastjóra til eins árs í senn, getur hún falið honum framkvæmdastjórn um daglegan rekstur og umsjón með verkstjórn vinnuflokka, með erindisbréfi.

9. gr.

Allir samningar er stjórnin og framkvæmdastjóri gera fyrir hönd ræktunarsambandsins, samkvæmt samþykktum þessum eða ályktunum aðalfunda þess, eru skuldbindandi fyrir félagsheildina og hreppabúnaðarfélögin, er að samþykkt standa, án þess það hafi verið sérstaklega undir þá borið. Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð gerða sinna fyrir fulltrúaráði.

III. KAFLI.

Um tilhögun framkvæmda.

10. gr.

Skylt er stjórnum hreppabúnaðarfélaganna, hverri á sínu svæði, fyrir janúarlok ár hvert, að skrá verkbeiðnir félagsmanna. Skal þar tilgreint hverjar jarðabætur óskað er að unnar séu á því ári, svo og verkmagn þeirra. Skýrslum þessum ber að skila til framkvæmdastjórnar eigi síðar en 1. janúar ár hvert.

Skýrslunni fylgi yfirlýsing félagsstjórnar hreppabúnaðarfélaganna, að þau takist á hendur ábyrgð á greiðslum sinna félagsmanna fyrir þau verk, sem hjá þeim verða unnin á því starfsári.

11. gr.

Að fengnum þeim skýrslum, er um ræðir í 10. gr., ber framkvæmdastjórn ræktunarsambandsins að semja starfs- og reksturs áætlun fyrir yfirstandandi ár og leggja hana fyrir aðalfund fulltrúaráðs til staðfestingar.

Framkvæmdastjórn ber að framfylgja gerðri starfsáætlun eftir því sem við verður komið.

12. gr.

Við undirbúning framkvæmdaáætlunar sé þess sérstaklega gætt:

1. Að þær jarðir, sem minnst véltækt land hafa, sitji fyrir vinnu eftir því sem við verður komið, án þess að valda óhæfilegum aukakostnaði í flutningi véla og verkfæra.
2. Að túnasléttun sé að öðru jöfnu látin sitja fyrir öðrum ræktunarframkvæmdum.
3. Að land það, sem brjóta á til ræktunar, hafi verið ræst fram á fullnægjandi hátt, að dómi trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands.
4. Að framræsla bithaga komi að jafnaði því aðeins til greina, að fullnægt hafi verið framræsluverkefnum vegna tún-, garð- og engjaræktar á þann hátt, að það tefji eigi jarðvinnsluna, svo því marki verði náð, að allur heyskapur verði tekinn á vélfæru landi.

IV. KAFLI.

Um verðlagsákvarðanir og greiðslu kostnaðar.

13. gr.

Kostnaður við framkvæmdir, er í samþykkt þessari getur, greiðist af verkkaupanda, eftir þeim skildaga og á þann hátt, er tilgreint verður í verktökusamningi þeim, er um getur í 7. gr. þessarar samþykktar. Heimilt er stjórn sambandsins að láta greiðslur fara fram eftir áætluðum verktöxtum meðan verkið stendur yfir ár hvert, en fullnaðargreiðsla sé byggð á tilkostnaðarverði, eins og það verður samkvæmt reksturs reikningi hvers árs. Áætlaðir verktaxtar séu miðaðir við tímaeiningu.

14. gr.

Til reksturskostnaðar telst greiðsla vinnulauna, allur reksturskostnaður véla og greiðslur fyrningargjalds af þeim, kostnaður við flutninga, viðhald véla, er stafar af eðlilegu sliti þeirra, vaxtagreiðslur, kostnaður við verkstjórn og stjórnarkostnaður.

Heimilt er stjórn ræktunarsambandsins að ákveða og leggja á framkvæmdakostnað áhættuþóknun, er nemi allt að 5% af heildarreksturskostnaði hvers árs.

15. gr.

Fulltrúaráðsfundur getur heimilað framkvæmdastjórn að taka ákveðin verk, sem tilgreind eru í 2. gr. þessarar samþykktar, í ákvæðisvinnu, enda sé lögð fyrir fulltrúa kostnaðaráætlun og verklýsing af því, sem vinna á.

16. gr.

Heimilt er framkvæmdastjórn á þeim tímum, sem ekki er unnt að vinna að skurðgrefti, lokræsagerð eða jarðvinnslu fyrir samþykktaraðila, að taka að sér verkefni fyrir búendur, hreppsfélög eða aðra aðila á samþykktarsvæðinu, þó þau falli ekki undir ákvæði 2. gr., ef tryggt er, að það sé hagkvæmt fyrir ræktunarsambandið, enda sé tryggt að vélakostur sé ekki festur við þessi störf, svo það brjóti í bága við hagsmuni samþykktaraðila.

105 9. júní

17. gr.

Rekstursafgangur af áhættuþóknun, svo og ef ágóði verður af ákvæðisvinnu eða þeim verkum, er um getur í 16. gr., skal leggjast í stofnsjóð ræktunarsambandsins, og varið samkvæmt ákvæðum þeim, er um hann gilda, sbr. 18. gr.

V. KAFLI.

Fjáröflun og tryggingar.

18. gr.

Ræktunarsambandið myndar stofnsjóð til vélakaupa. Stofnfjárhæð hans er kr. 160.000. Stofnfjár skal aflað þannig:

1. Einn fjórði hluti stofnfjár kr. 40 þúsund er lagt fram sem óafturkræft fé af hreppabúnaðarfélögunum.
2. Einn fjórði hluti stofnfjár heimilast ræktunarsambandinu að taka að láni. Lán þetta endurgreiðist á 5 árum.
3. Helmingur stofnfjár er framlag framkvæmdasjóðs ríkisins samkvæmt ákvæðum 9. gr. laga um jarðræktar og húsagerðarsamþykktir í sveitum. Leggst það í stofnsjóð jafnóðum og það greiðist úr framkvæmdasjóði ríkisins.
4. Auk þess leggjast í stofnsjóð tekjur þær, sem inn koma samkvæmt ákvæðum 17. gr.

19. gr.

Stofnfjárframlag hreppabúnaðarfélaganna greiðist inn til framkvæmdastjórnar þá er samþykkt þessi hefur öðlazt gildi.

Framlag hvers hreppsbúnaðarfélags skal greitt í hlutföllum við fasteignamat lands og ræktunarlóða, þó skal hver verðeining ræktunarlóða aðeins bera hálfan gjaldþunga móti einingu á öðru landverði.

20. gr.

Komi í ljós síðar að áliti framkvæmdastjórnar, að auka þurfi stofnsjóð ber henni að gera um það rökstuddar tillögur til stjórna hreppabúnaðarfélaganna, er leggur þær fyrir almennan fund, hver í sínu félagi. Að fenginni meirihluta samþykkt sé hún lögð fyrir aðalfund ræktunarsambandsins, og verði hún samþykkt þar með meira en $^3/_5$ atkvæða, er hún bindandi fyrir hreppabúnaðarfélögin.

21. gr.

Heimilt er framkvæmdastjórn að taka reksturslán gegn tryggingu í þeim jarðræktarstyrk, er á umbæturnar verður greiddur úr ríkissjóði, samkvæmt ákvæðum II. og V. kafla jarðræktarlaga.

VI. KAFLI.

Um reikningshald og endurskoðun.

22. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið og skal reikningsskilum lokið svo tímanlega að endurskoðun geti farið fram áður en hinn árlegi aðalfundur fulltrúaráðs er haldinn. Skulu endurskoðendur sannprófa að reikningum beri saman við bækur framkvæmdastjórnar.

23. gr.

Endurksoðendur séu tveir kjörnir á aðalfundi fulltrúaráðs til eins árs í senn, og 2 til vara. Þeir skulu kynna sér reksturinn sem bezt, og hafa eftirlit með starfrækslu framkvæmdastjórnar í hvívetna.

105

9. júní

24. gr.

Endurskoðaðir reikningar skulu lagðir fram til samþykktar á aðalfundi fulltrúaráðs. Þar gefur framkvæmdastjórn skýrslu um starfsemina, svo og endurskoðendur, ef tilefni er til þess.

VII. KAFLI.

Um breyting samþykkta og hvernig samþykkt verði úr gildi felld.

25. gr.

Tillögur, er fram kunna að koma til breytinga á samþykkt þessari frá hreppabúnaðarfélögum eða framkvæmdastjórn, skulu sendar fulltrúaráði, er sendir þær til Búnaðarfélags Íslands til umsagnar. Þær skulu síðan, ásamt umsögnum búnaðarfélaganna, lagðar fyrir aðalfund fulltrúaráðs. Samþykki löglegur aðalfundur fulltrúaráðs breytingarnar með að minnsta kosti ⅗ atkvæðisbærra fulltrúa, skal stjórn þess senda breytingarnar Búnaðarfélagi Íslands, er leitar staðfestingar landbúnaðarráðherra á þeim.

26. gr.

Verði ræktunarsambandinu slitið, skulu eignir þess skiptast milli hlutaðeigandi búnaðarfélaga eftir sömu hlutföllum, sem þau hafa greitt til stofnsjóðs sambandsins.

27. gr.

Samþykktir þessar má því aðeins nema úr gildi, að rökstutt álit meiri hluta samþykktaraðila liggi fyrir, um að tilgangi samþykktarinnar verði ekki náð, og lögmætur aðalfundur fulltrúaráðs samþykki það með að minnsta kosti ⅗ hlutum atkvæðisbærra fundarmanna, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til.

28. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

29. gr.

Samþykkt þessi gengur í gildi, er hún hefur verið staðfest af landbúnaðarráðherra.

Samþykkt þessi, sem er sett samkvæmt lögum nr. 7 12. janúar 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, og reglugerð um jarðræktarsamþykktir frá 20. febrúar 1946, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 9. júní 1947.

Bjarni Ásgeirsson.

Árni G. Eylands.

106
9. júní

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á samþykktum byggingarsamvinnufélaga.

Samkvæmt lögum nr. 44 7. maí 1946, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum, hefur ráðuneytið staðfest samþykktir fyrir eftirgreind byggingarsamvinnufélög:

27. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélag atvinnubifreiðarstjóra í Reykjavík og nágrenni. Varnarþing í Reykjavík. Staðfest 3. marz 1947.
28. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélagið Sólbyrgi, Reykjavík. Varnarþing í Reykjavík. Staðfest 18. marz 1947.
29. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélag ökumanna í Reykjavík. Varnarþing í Reykjavík. Staðfest 11. apríl 1947.
30. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélag Hafnarkauptúns, Höfn, Hornafirði. Varnarþing í Höfn, Hornafirði. Staðfest 10. maí 1947.
31. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélagið Bjarg, Vestmannaeyjum. Varnarþing í Vestmannaeyjum. Staðfest 12. maí 1947.

Samþykktir þessar eru í samræmi við fyrirmynd að samþykkt, sem birt er með auglýsingu nr. 92 12. júní 1946. Stj.tíð. B., bls. 174—179.

Félagsmálaráðuneytið, 9. júní 1947.

F. h. r.
Jónas Guðmundsson.

Gísli Jónasson.

107
11. júní

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 168 12. sept. 1939, um sölu og útflutning á vörum.

1. gr.

4. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Til þess að standast kostnað við störf útflutningsnefndar og annan kostnað af framkvæmd þessarar reglugerðar, skulu allir þeir, sem flytja vörur út úr landinu, aðrar en sjávarafurðir, greiða ½‰ — hálfan af þúsundi — af útflutningsverðmætinu, þó eigi minna en 2 kr. og greiðist gjald þetta til lögreglustjóra á útflutningsstað, í Reykjavík til tollstjóra.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 11 12. febrúar 1940, um sölu og útflutning á vörum, og er jafnframt úr gildi felld reglugerð nr. 212 24. nóv. 1939, um breyting á reglugerð frá 12. september 1939, um sölu og útflutning á vörum.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 11. júní 1947.

Jóhann Þ. Jósefsson.

Gunnl. E. Briem.

AUGLÝSING

108
16. júní

um staðfesting heilbrigðismálaráðuneytisins á heilbrigðissamþykkt fyrir Akraneskaupstað.

Samkvæmt lögum nr. 35 12. febrúar 1940, um heilbrigðisnefndir og heilbrigðissamþykktir, er hér með eftir tillögum landlæknis staðfest eftirfarandi heilbrigðissamþykkt fyrir Akraneskaupstað, er bæjarstjórn kaupstaðarins hefur samþykkt:

Heilbrigðissamþykkt fyrir Akraneskaupstað.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Samþykktin gildir fyrir lögsagnarumdæmi Akraneskaupstaðar.

2. gr.

Heilbrigðisnefnd skipa þrír menn. Lögreglustjóri og héraðslæknir eru sjálfkjörnir í nefndina, og er lögreglustjóri formaður hennar. Þriðji nefndarmaðurinn er kosinn af bæjarstjórn úr hópi þeirra, er bæjarstjórn skipa.

3. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa gát á, að ákvæði samþykktar þessarar séu haldin, svo og önnur ákvæði laga og reglugerða, sem að almennum þrifnaðar- og heilbrigðisháttum lúta. Hún ákveður starfssvið heilbrigðisfulltrúa með erindisbréfi, enda komi samþykki bæjarstjórnar til. Heilbrigðisfulltrúi tekur laun úr bæjarsjóði, en lýtur að öðru leyti heilbrigðisnefnd og héraðslækni.

4. gr.

Formaður kveður nefndina til funda, svo oft sem honum þykir við þurfa og að jafnaði ekki sjaldnar en 4 sinnum á ári. Hann er skyldur að kveðja nefndina á fund, þegar einn nefndarmanna óskar þess.

Heilbrigðisfulltrúi skal mæta á fundum nefndarinnar, enda séu honum boðaðir fundirnir.

5. gr.

Nefndin heldur gerðabók, og skal í hana rita allt, sem gerist á fundum hennar.

Nefndin getur falið einhverjum nefndarmanna eða heilbrigðisfulltrúa, að vera fundarritari.

Fundargerðir skulu að jafnaði sendar bæjarráði.

Formaður annast um, að fyrirskipunum nefndarinnar sé hlýtt. Hann getur þó neitað að framkvæma ályktanir hennar, og skal þá tafarlaust skjóta málinu til bæjarstjórnar. Nú samþykkir bæjarstjórn ályktanir nefndarinnar, og ber formanni þá skylda til að láta framkvæma þær.

6. gr.

Heilbrigðisnefndin skal láta bóka allar kvartanir og kærur, sem henni berast, og einnig allt það, er henni finnst athuga- og aðfinnsluvert og undir starfssvið hennar heyrir. Alla þessa bókfærslu annast heilbrigðisfulltrúi og héraðslæknir, enda skulu allar kærur og kvartanir sendar þeim.

30. dag júlímánaðar 1947. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

108 7. gr.

16. júní Nefndinni skal heimilt að rannsaka eða láta rannsaka allt það, sem samþykkt þessi fjallar um, svo og annað það, er hún telur varða almenna þrifnaðar- og heilbrigðishætti, en gæta skal hún settra lagafyrirmæla um framkvæmd slíkra rannsókna.

Ályktanir og fyrirskipanir nefndarinnar skulu yfirleitt tilkynntar skriflega þeim, sem þær varða, og skal greinilega mælt fyrir um, hverjar umbætur eða ráðstafanir nefndin telur nauðsynlegar.

8. gr.

Nú telur heilbrigðisnefnd nauðsynlega einhverja þrifnaðarráðstöfun, sem hefur í för með sér gjöld fyrir bæjarsjóð, og skal hún þá leggja það mál fyrir bæjarstjórn og fara fram á, að fé sé veitt í því skyni.

Þó getur nefndin látið gera bráðnauðsynlegar umbætur án fengins samþykkis bæjarstjórnar, ef nauðsyn ber til, að þær séu gerðar tafarlaust, svo sem ef hættuleg farsótt kemur upp í bænum. En leita skal þá samþykkis bæjarstjórnar, svo fljótt sem verða má.

9. gr.

Nú rís ágreiningur milli heilbrigðisnefndar og bæjarstjórnar um framkvæmdir og fyrirkomulag á heilbrigðisráðstöfunum, og má þá skjóta ágreiningnum til heilbrigðisstjórnarinnar til úrskurðar.

Einnig getur héraðslæknir skotið máli sínu til sama aðila, ef hann fær ekki framgengt þeim heilbrigðisráðstöfunum, er hann telur nauðsynlegar.

II. KAFLI

Um hreinlæti og þrifnað á lóðum og lendum o. fl.

10. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa umsjá með hreinlæti og þrifnaði á götum og torgum, opnum og girtum svæðum, fjörum, hafnarbökkum, túnum, görðum og lóðum umhverfis hús, hvort sem þau eru opinber eign eða eign einstakra manna.

11. gr.

Húsa- og lóðagirðingar mega ekki vera þannig, að rottur og mýs geti falizt þar. Eigendum er skylt að sjá um, að haldið sé hreinum portum og annarri byggðri lóð kring um hús þeirra, svo og óbyggðum lóðum, þar á meðal rústum.

Heilbrigðisnefnd getur fyrirskipað lagfæringar og viðgerðir á portum og lóðum, eftir því sem henni þykir nauðsynlegt til þrifnaðar. Ber hús- og lóðareigandi allan kostnað af þess háttar aðgerðum og umbótum. Enginn má fleygja sorpi, ösku eða öðru því, sem talið er í næstu grein hér á eftir, á lóð annars manns, eða verða þess valdandi, að slíkt berist inn á lóðina. Hver sem gerir sig sekan um slíkt, skal skyldur til að flytja óhreinindin tafarlaust burt á sinn kostnað og gera ráðstafanir til þess, að þetta endurtaki sig ekki.

12. gr.

Í höfnina, fjörurnar, fjörubakkana eða á almannafæri má ekki kasta eða skilja eftir hræ, fiskúrgang, matarleifar, sorp, ösku né yfirleitt neitt það, er valdið geti óheilnæmi, óþrifnaði eða óprýði.

13. gr.

Áburð og annað þess háttar, sem óþef getur lagt af, skal flytja í vel þéttum vögnum, svo að úr þeim geti eigi runnið, fokið eða sletzt við flutninginn.

14. gr.

Á hús eða girðingar, sem vita að almannafæri, má ekki hengja eða festa á annan hátt fiskiföng né annað, sem óþef getur lagt af eða óþrifnaði valdið.

Í tún eða garða, sem liggja nærri almannafæri, má ekki bera fiskúrgang né neinn þann áburð, sem megnan óþef leggur af. Bannað er að bera salernisáburð í matjurtagarða.

III. KAFLI
Um vatnsveitu, vatnsból og frárennsli.

15. gr.

Öll hús innan samþykktarsvæðisins skulu taka neyzluvatn úr vatnsveitu bæjarins. Þó getur bæjarstjórn veitt undanþágu frá þessu um lengri eða skemmri tíma, enda veiti heilbrigðisnefnd meðmæli sín til þess og ráði tilhögun vatnsbólsins.

16. gr.

Heilbrigðisnefnd hefur eftirlit með vatnsbólum og vatnsveitu bæjarins, að því er við kemur hollustuháttum. Hún lætur rannsaka neyzluvatnið, svo oft sem þurfa þykir. Hún getur bannað að nota vatn úr vatnsbólum eða látið loka þeim og fylla þau upp, ef henni þykir nauðsyn til bera.

17. gr.

Lagningu allra holræsa á samþykktarsvæðinu, hvort sem er á eignum bæjarins eða einstakra manna, skal bera undir heilbrigðisnefnd til samþykkis.

18. gr.

Þar sem holræsi er komið í götu, skal húseiganda skylt að leggja holræsi frá sínu húsi út í göturæsið. Skal leiða allt skolp frá húsinu og regnvatn af því út í göturæsið. Húseigandi skal sjá um hreinsun á ræsum þeim, er ganga frá húsinu, og gæta þess, að frárennsli í þeim stíflist ekki.

Allt þetta er húseiganda skylt að gera á eigin kostnað.

19. gr.

Þar sem skolpi verður ekki veitt í holræsi, má þó ekki láta það síga í jörð niður svo nærri íbúðarhúsum, að hætta sé á, að jarðvegurinn undir eða umhverfis húsin saurgist. Skal veita öllu slíku skolpi frá húsunum í vatnsheldum holræsum, svo langt sem heilbrigðisnefnd telur nauðsynlegt, enda í öllu að farið samkvæmt fyrirmælum hennar.

20. gr.

Þar sem því verður við komið, skal leiða öll skolpræsi til sjávar, og skulu þau ná út fyrir stórstraums fjöruborð. Þó skal forðast að leggja þau til sjávar, þar sem þau geta valdið saurgun baðstaða eða öðrum óþrifnaði.

IV. KAFLI
Um salerni, sorp- og salernahreinsun, sorpílát o. fl.

21. gr.

Sérhverju íbúðarhúsi í kaupstaðnum skal fylgja salerni. Starfsfólk í verksmiðjum og á vinnustöðvum, þar sem unnið er að staðaldri, skal hafa aðgang að sérstöku salerni (sbr. 40. gr.). Öll salerni í kaupstaðnum skulu vera vatnssalerni, enda nái holræsakerfi til hússins.

Ákvæði þetta um vatnssalerni tekur þó ekki til salerna, sem verkamenn nota við útivinnu á bæjarlandinu.

108 22. gr.

16. júní Hverjum húseiganda er skylt að hafa nægilega stór sorpílát, sem komið sé fyrir á þann hátt, að aðgengilegt sé fyrir sorphreinsunarmenn. Skylt er að ganga þrifalega um sorpílát og skulu þau vera með loki. Óheimilt er með öllu að setja í þau mannasaur.

23. gr.

Heilbrigðisnefnd ákveður, hvert slíkt sorp skuli flytja. Skal þannig gengið frá því svæði, að ekki geti borizt þaðan óþrifnaður til mannabústaða eða á almannafæri.

Almenningssalerni og þvaghús skulu vera undir eftirliti heilbrigðisnefndar og gerð með samþykki hennar.

V. KAFLI
Um íbúðir.

24. gr.

1. Íbúðarherbergi er hvert það herbergi í húsi, sem ætlað er til dagvistar eða næturvistar fyrir fólk eða hvort tveggja. Það er talin sérstök íbúð, ef eldhús fylgir, hvort sem herbergin eru eitt eða fleiri.
2. Lofthæð íbúðarherbergja má ekki vera minna en 2,50 metr. Sé herbergi undir súð, verður að minnsta kosti helmingur af gólffleti þess, og aldrei minna en 6 m², að hafa lofthæð 2,50 m. Í gömlum húsum og þakherbergjum má leyfa minni hæð; þó má hæðin aldrei vera minni en 2,15 m, enda sé enginn veggur lægri en 85 cm.
3. Gólfflötur íbúðarherbergis má ekki vera minni en 6 m², nema það sé eingöngu ætlað til næturvistar. Má leyfa eitt slíkt herbergi í hverri íbúð, enda sé það ekki minna en 4 m² að gólffleti.
4. Á hverju íbúðarherbergi skal vera gluggi, sem má opna, og má glerflötur í gluggum íbúðarherbergis ekki vera minni en 1/12 af gólffleti þess.

25. gr.

Kjallara má því aðeins nota til íbúðar, að fullnægt sé eftirfarandi skilyrðum:

Kjallari sé ekki grafinn dýpra í jörð en 1 m á þeim hluta, sem íbúðarherbergin eru í, og gluggar ekki neðar en 25 cm frá jörðu. Lofthæð herbergja sé eigi minni en 2,30 m. Allir gluggar í íbúðarherbergjunum viti mót sólarátt — frá réttu austri til rétts vesturs — að eldhúsi frá skildu. Glerflötur glugga sé eigi minni en 1/12 af gólffleti herbergis. Forgarður, ekki mjórri en 3 m, greini húsið frá götunni, ef gluggar íbúðarherbergjanna vita út að götu. Gólf skal gert úr vatnsheldu efni. Íbúðin sé rakalaus og með nægri hitun.

26. gr.

Hverri íbúð skal fylgja forstofa, og hverju íbúðarherbergi skal séð fyrir nægilegum hita.

Í hverri íbúð mega ekki búa fleiri en svo, að 10 teningsmetrar af loftrúmi komi á hvern íbúa; enda séu að eins talin sjálf íbúðarherbergin.

27. gr.

Hver íbúð skal hafa aðgang að vatnssalerni. Salernisklefi skal vera minnst 0,85 m² að gólffleti og hafa næga loftræstingu. Í honum eða í sambandi við hann skal vera handlaug. Gólf og veggir salernis skulu flísalagðir minnst í 1,5 metra hæð frá gólfi. Nota má þó annað efni, er heilbrigðisnefnd telur jafngilda til hreinlætis.

Hver íbúð skal hafa aðgang að þvottahúsi, enda hafi þau vatnsþétt gólf með afrennsli og svo gengið frá lofti og veggjum, að þoli raka og gufu. Ef ekki er gluggi á hjörum í þvottahúsi eða eldhúsi, skal loftræsa það út fyrir vegg eða upp fyrir þak, en ekki inn í reykháf.

28. gr.

Héraðslæknir og heilbrigðisnefnd skulu hafa eftirlit með þeim íbúðum, sem ástæða er til að ætla, að fullnægi ekki nauðsynlegum heilbrigðiskröfum. Nú er þannig ástatt um íbúð eða einstök herbergi, að telja verður þau heilsuspillandi eða óþrifaleg, einkum vegna raka, kulda, þrengsla eða slæms viðhalds, og skal þá heilbrigðisnefnd gera húseiganda skriflega aðvart, og veita honum hæfilegan frest til umbóta. Verði ekki úr bætt á tilsettum tíma, er nefndinni heimilt að banna hana til íbúðar og láta rýma hana. Skaðabóta fyrir slíkt bann verður ekki krafizt.

29. gr.

Nú býr húseigandi ekki í kaupstaðnum og skal hann þá hafa þar umboðsmann, sem heilbrigðisnefnd geti snúið sér til.

VI. KAFLI

Um veggjalýs, húsaskíti, rottur, mýs og önnur meindýr.

30. gr.

Húsráðendum er skylt að tilkynna heilbrigðisnefnd, ef vart verður við veggjalýs, húsaskíti eða önnur þess háttar óþrif í húsum þeirra eða híbýlum.

Óheimilt er að leigja íbúðir í húsum, þar sem slíkra óþrifa verður vart, fyrr en óþrifunum hefur verið útrýmt.

Enginn má flytja sig eða farangur sinn úr þess háttar íbúð og í aðra íbúð, nema ráðstafanir, er heilbrigðisnefnd metur gildar, séu gerðar til þess, að óþrifin berist ekki með þeim.

Skylt er húsráðanda að gjöra ráðstafanir til að eyða veggjalúsum, húsaskítum og öðrum þess háttar óþrifum úr húsum sínum, og hlíta um það fyrirmælum heilbrigðisnefndar.

Nú vanrækir húsráðandi að gera slíkar ráðstafanir innan þess frests, sem honum er settur af heilbrigðisnefnd, og er þá nefndinni heimilt að láta framkvæma ráðstafanirnar á kostnað hlutaðeiganda.

Rottu- eða músagang í húsum skal ætíð tilkynna heilbrigðisnefnd, og gerir hún þá ráðstafanir til útrýmingar þeirra eftir því, sem föng eru á. Heilbrigðisnefnd getur heimtað af húseigendum endurbætur á húsum, er miða að því að gera þau rottuheld.

VII. KAFLI

Um gripahús, áburðargeymslu og geymslu húsdýra.

31. gr.

Ekki má reisa ný peningshús eða áburðargeymslur á samþykktarsvæðinu nema samþykki heilbrigðisnefndar komi til. Að öðru leyti skulu eftirfarandi reglur gilda um þess háttar atvinnurekstur, og ná þær einnig til alls gripahalds, sem á samþykktarsvæðinu er, áður en samþykkt þessi tekur gildi.

32. gr.

Ef peningshús eru byggð áföst við íbúðarhús, skulu þau vera nægilega vel einangruð frá íbúðarhúsinu, að dómi heilbrigðisnefndar. Húsin skulu vera björt og loftgóð og þannig gerð, að auðvelt sé að þrífa þau. Gólf og flór skal vera úr steinsteypu. Opnar forir og áburðarhaugar eru bönnuð á samþykktarsvæðinu. Allur áburður skal geymdur í áburðarhúsum eða safngryfjum. Sé þannig um lokun þeirra búið, að ekki berist frá þeim ódaunn eða óhreinindi og að þau séu hættulaus, þó að

108 16. júní yfir sé gengið. Að öðru leyti skulu áburðargeymslur gerðar eftir uppdráttum og nánari fyrirmælum bæjarstjórnar.

33. gr.

Sé annar búpeningur en kýr hafður í fjósi, skal halda þeim vel aðskildum. Alifugla má ekki hafa í fjósum. Svín má og ekki hafa í fjósum. Ekki má nota fjós fyrir salerni.

34. gr.

Alifuglar skulu hafðir á afgirtu svæði. Lausa hesta má ekki reka á götum bæjarins, og ekki mega nautgripir ganga þar lausir nema maður sé í fylgd með þeim.

35. gr.

Allt hundahald er bannað í Akraneskaupstað (sbr. reglug. nr. 49, 1925). Þó er sauðfjárnefnd heimilt að hafa tvo nauðsynlega fjárhunda.

VIII. KAFLI

Um verksmiðjur, verkstæði, vinnustofur og vinnustöðvar og hvers konar iðnrekstur.

36. gr.

Á samþykktarsvæðinu má enginn reisa verksmiðjur, hús til iðnreksturs eða taka áður byggð hús til slíkra nota, nema samþykki heilbrigðisnefndar komi til, allra sízt ef iðjan getur valdið óhollustu, óþrifnaði eða spillt andrúmslofti umhverfisins.

Allur iðnrekstur, utan húss og innan, skal háður eftirliti og fyrirmælum nefndarinnar. Hún getur og krafizt lagfæringar á slíkum stofnunum, sem fyrir eru, þegar samþykkt þessi gengur í gildi, ef hún telur það nauðsynlegt.

37. gr.

Heilbrigðisnefnd skal halda skrá yfir allar verksmiðjur, verkstæði, vinnustofur og húsnæði fyrir hvers konar iðn, sem rekin er innan húss, og láta skoða allt, er að hollustuháttum lýtur, þegar henni þykir þurfa og eigi sjaldnar en einu sinni á ári.

38. gr.

Slíkar stöðvar skulu þannig úr garði gerðar, að lífi, heilsu og limum verkamanna við vinnu og dvöl á vinnustaðnum sé tryggt nægilegt öryggi.

Vinnustofur mega ekki vera lægri undir loft en 2,5 m, og gólffletur aldrei minni en 3 m^2 fyrir hvern verkamann. Þó skal loftrúm aldrei minna en 8 m^3 á mann, en 12 m^3, þar sem óvenjuleg hætta er á, að loft spillist við vinnuna. Gólf skulu þannig gerð, að auðvelt sé að halda þeim hreinum, og aldrei mega vera á þeim neins konar ábreiður.

Séð skal fyrir hentugri og nægilegri birtu handa hverjum einstökum starfsmanni og fyrir nægilegum hita, eftir því sem við á um tegund vinnunnar.

39. gr.

Loftræsting skal vera nægileg. Í vinnustöðvum, þar sem rekin er atvinna, sem mikið ryk fylgir, skal vera sérstakur útbúnaður til að soga burt rykið. Auk þess getur heilbrigðisnefnd krafizt þess, að starfsfólkinu sé séð fyrir sérstökum rykverjum, einkum ef rykið er óvenjulega mikið eða skaðvænlegt. Sama gildir og, þegar um skaðvænar lofttegundir er að ræða.

40. gr.

Starfsfólk skal hafa sérstaka fatageymslu, utan vinnustofunnar eða í lokuðum skápum, og herbergi til þess að matast í. Starfsfólk skal hafa greiðan aðgang að salernum og handlaugum. Þar sem 5 konur hið fæsta eru á vinnustað, skulu þær eiga rétt á sérstöku salerni. Ekki má ætla eitt salerni fyrir meira en 20 karlmenn eða 15 konur. 16. júní

Hrákaílát skulu vera svo mörg, sem heilbrigðisnefnd þykir þurfa, og af þeirri gerð, er henni þykir hlýða.

41. gr.

Ræsting á vinnustöðum innan húss skal fara fram daglega utan vinnutíma, og skulu gólf þá jafnan þvegin en ekki sópuð.

42. gr.

Heilbrigðisnefnd skal einnig hafa eftirlit með vinnustöðvum utan húss eða í hálfopnum húsum, svo sem fiskverkunarstöðvum, síldarverkunarstöðvum o. þ. h. og gilda um slíkar stöðvar ákvæði 40. gr. eftir því sem við á.

IX. KAFLI

Um skrifstofur, afgreiðslustofur og almennar verzlunarbúðir, sem ekki eru sérstök fyrirmæli um í samþykkt þessari.

43. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa eftirlit með hollustuháttum í skrifstofum, sem opnar eru fyrir almenning, svo og hvers konar afgreiðslustofum og verzlunarbúðum.

44. gr.

Ekkert húsnæði má taka til afnota fyrir starfrekstur þann, sem um getur í næstu grein á undan, nema hæð þess undir loft sé að minnsta kosti 2.5 m, enda skal engum starfsmanni ætlað minna en 10 m^3 loftrúm.

Þar, sem gert er ráð fyrir mikilli aðsókn aðkomufólks, getur heilbrigðisnefnd krafizt meira loftrýmis.

Loftræsting skal vera í góðu lagi og vélknúin, ef heilbrigðisnefnd telur þess þörf, og þá einkum í verzlunarbúðum, sem verzla með ryksælar vörur, svo sem vefnaðarvörur o. þ. h.

Séð skal fyrir nægilegum hita og birtu. Skal ljósflötur glugga ekki vera minni en ⅛ gólfflatar.

Gólf skulu lögð gólfdúk eða öðru því efni, sem telja má jafngilda til hreinlætis. Gólf skulu þvegin daglega utan vinnutíma og búðin hreinsuð af ryki.

45. gr.

Starfsfólk skal eiga greiðan aðgang að salernum og handlaugum, svo að nægilegt sé, sbr. 21. og 40. gr.

X. KAFLI

Um vöruskemmur og aðrar vörugeymslur.

46. gr.

Heilbrigðisnefnd lætur sig skipta geymslu á öllum neyzluvörum og húsnæði, sem notað er til þeirra hluta. Skulu allar slíkar vörugeymslur vera vel loftræstar og rakalausar og þrifalega um þær gengið. Heilbrigðisnefnd getur krafizt endurbóta og hreinsunar á þeim, eftir því sem henni þykir þurfa,

108 16. júní Nú verður í slíkum geymslum vart meindýra, og skal það tilkynnt heilbrigðisnefnd. Hún segir fyrir um, hvernig með skuli fara, og eru hlutaðeigendur skyldir að hlíta fyrirmælum hennar.

XI. KAFLI
Um verbúðir, verkamannaskýli o. þ. h.

47. gr.

Heilbrigðisnefnd skal líta eftir hreinlæti og hollustuháttum, svo sem hita og loftræstingu, í verbúðum, verkamannaskýlum og öðrum þess háttar bráðabirgðahíbýlum. Skulu hlutaðeigendur skyldir að hlýða fyrirmælum hennar um allar nauðsynlegar og viðurkenndar ráðstafanir, er að þessu lúta.

XII. KAFLI
Um skóla og aðra kennslustaði.

48. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa eftirlit með öllum skólum og kennslustöðum í kaupstaðnum, hverju nafni sem þeir nefnast, og hvort sem um er að ræða opinbera skóla eða einkaskóla.

49. gr.

Hver sá, er taka vill börn eða annað fólk til kennslu, skal láta umsókn sinni til lögreglustjóra fylgja meðmæli héraðslæknis og heilbrigðisnefndar. Er þess krafizt, að héraðslæknir telji húsnæði og annan útbúnað fullnægja ákvæðum þessarar samþykktar, og að ekkert sé athugavert við heilsu kennara eða annarra heimilismanna. Slíkar leyfisbeiðnir skal endurnýja árlega.

50. gr.

Kennslustofur, hvort sem er í einkaskólum eða opinberum skólum, skulu vera bjartar og rúmgóðar. Hæð undir loft skal aldrei vera minni en 3 m og gólfflötur ekki minni en svo, að 1.4 m^2 komi á hvern nemanda, enda sé loftrými aldrei minna en 4 m^3 á nemanda.

Undanþágur frá þessum kröfum getur þó heilbrigðisnefnd veitt, ef um er að ræða kennslu smábarna, er hafa stuttan kennslutíma daglega. Ljósflötur glugga á kennslustofum skal vera að minnsta kosti ⅕ gólfflatar. Gluggar viti ekki mót norðri, og ekkert sé í nánd við þá, sem dregið geti úr birtunni að öllum jafnaði. Hafa skal gætur á, að gluggarúður séu jafnan vel hreinar.

Sætum skal skipað þannig, að birtan komi á vinstri hönd og nái sem jafnast til allra.

51. gr.

Góð loftræsting skal vera í öllum kennslustofum og því nægilega margir gluggar á hjörum. Einkum skal loftræsta vel milli kennslustunda. Nú tekur hver hópur við af öðrum í sömu kennslustofu, og skal þá nota að minnsta kosti hálfa klukkustund til rækilegrar loftræstingar og annarrar nauðsynlegrar hreinsunar á milli þess, er skipt er um hópana.

Sjá skal hverri kennslustofu fyrir jöfnum og hæfilegum hita.

52. gr.

Gólf í kennslustofum skulu vera lögð gólfdúki eða einhverju því efni, sem auðvelt er að halda hreinu.

53. gr.

Skólaborð skulu þannig gerð, að auðvelt sé að hreinsa þau, og hvorki sprungin né rifin. Hæð skólaborða í barna- og unglingaskólum skal, eftir því sem unnt er, samsvara hæð nemendanna.

Fatageymsla skal vera utan kennslustofanna.

54. gr.

Ræsting á kennslustofum skal fara fram utan skólatíma, og skulu gólf, borð og bekkir vandlega þvegin, en ekki sópuð. Sama máli er að gegna um gluggatóftir o.s.frv.

55. gr.

Greiður skal aðgangur að drykkjarvatni, og mega drykkjarker ekki vera sameiginleg, ef ker þarf að nota.

56. gr.

Greiður skal aðgangur að vatnssalernum nægilega mörgum, og skulu þau ekki færri en svo, að eitt salerni komi á hverja 30 pilta og eitt á hverjar 25 stúlkur, enda séu sér salerni fyrir þær að jafnaði og sérstakt þvaghús fyrir pilta.

Þar sem mjög mannmargir skólar eru, má þó leyfa, að fleiri séu um hvert salerni, þó aldrei fleiri en 50 nemendur. Um allan útbúnað, er að þessu lýtur, skal farið eftir fyrirmælum heilbrigðisnefndar.

57. gr.

Enginn nemandi, sem haldinn er næmum eða óþrifalegum sjúkdómi, má sækja skóla. Nú verður vart einhvers slíks sjúkdóms nemanda, og skal þá tafarlaust fyrirskipa lækningu hans, enda á nemandi ekki afturkvæmt í skóla, fyrr en að lokinni lækningu. Jafnframt skulu þá og gerðar ráðstafanir til þess, að læknað sé annað fólk á heimili nemandans, sem kynni að reynast haldið sama kvilla. Um framhald lækningarinnar fer eftir fyrirmælum heimilislæknis eða héraðslæknis.

58. gr.

Opinbera skóla eða kennslustofur má ekki lána til annarra nota nema með leyfi heilbrigðisnefndar, enda sé þá fyrirmælum hennar og kröfum um ræstingu fylgt eftir.

XIII. KAFLI

Um kirkjur og hvers konar almenn samkomuhús.

59. gr.

Kirkjur og önnur almenn samkomuhús skulu vera hæfilega hituð og loftræsting svo fullkomin, að óloft eða ódaunn geti ekki safnazt þar fyrir, þó að fjölmennt sé í þeim og þau mikið notuð. Veggir og gólf skulu vera þannig gerð, að auðvelt sé að halda þeim hreinum. Þvottur og önnur nauðsynleg hreingerning skal framkvæmd eftir því, sem heilbrigðisnefnd telur nauðsynlegt í hverju einstöku tilfelli. Skal hún gefa út um það sérstakar reglur, er taki einkum til þeirra samkomuhúsa, sem mest eru notuð, svo sem kvikmyndahús og dansstaða.

60. gr.

Nú er eitthvert samkomuhús mikið notað, og getur þá heilbrigðisnefnd skipað svo fyrir, að nægur tími skuli milli hverrar notkunar, svo að tími vinnist til fullkominnar loftræstingar og annarra nauðsynlegra hreingerninga.

108 61. gr.
16. júní Öllum samkomuhúsum skal fylgja vel útbúin og hæfileg salerni og þvaghús til afnota fyrir gestina, og skal að þeim greiður aðgangur.

XIV. KAFLI
Um eftirlit með matvælum, öðrum neyzluvörum o. fl.

62. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa eftirlit með matvælum ásamt öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum samkv. skilgreiningi í 2. og 3. gr. laga nr. 24 1. febr. 1936 og 1. gr. reglugerðar nr. 17 22. febr. 1939 og síðari lögum, er sett kunna að verða um þau efni. Hún lætur fram fara skoðun, svo oft sem henni þykir þurfa, og að minnsta kosti einu sinni á ári, á mjólkurbúðum, brauðsölubúðum, brauðgerðarhúsum, kjötbúðum, fiskbúðum, slátrunarhúsum, nýlenduvörubúðum og öðru húsnæði, þar sem unnið er að tilbúningi eða dreifingu matvæla eða annarrar neyzluvöru.

63. gr.

Matvæli og aðrar neyzluvörur, sem eru hættulegar heilbrigði manna, eða skemmdar eða óhreinar, má ekki hafa á boðstólum til neyzlu. Matvæli og neyzluvörur teljast hættulegar heilbrigði manna, þegar sérstök hætta er á, að þær geti borið með sér sjúkdóma eða valdið eitrunum, eða þegar þær eru tilbúnar eða með þær farið af mönnum, sem haldnir voru næmum sjúkdómum, eða hætta var á, að borið gætu slíkar sóttkveikjur með sér.

64. gr.

Við tilbúning og dreifingu matvæla og annarra neyzluvara skal gætt þess hreinlætis, að varan ekki óhreinkist eða spillist. Vatn, sem notað er við tilbúning þessara vara, svo og til hreinsunar á ílátum og áhöldum, skal fullnægja þeim kröfum, sem gerðar eru til neyzluvatns.

65. gr.

Héraðslæknir skal jafnan hafa óhindraðan aðgang til eftirlits og töku sýnishorna af matvælum og öðrum neyzluvörum. Sömu réttindi hefur fulltrúi hans við eftirlitsstarfsemina, enda hafi hann umboð áritað af lögreglustjóra (sbr. 7. gr. laga nr. 24 1936).

66. gr.

Til varnar rotnunarskemmdum í matvælum og öðrum neyzluvörum, sem ætlaðar eru til dreifingar manna á meðal, má ekki, nema leyft sé samkvæmt sérstökum reglum, nota önnur rotvarnarefni en matarsalt, saltpétur, sykur, alkóhól eða edik, og þessi efni aðeins í viðeigandi matvæli og í viðeigandi skömmtum.

67. gr.

Á stöðum, þar sem matvæli og aðrar neyzluvörur eru búnar til, geymdar eða hafðar á boðstólum, má ekki geyma eða nota eitruð efni eða vörur, sem eru hættulegar heilbrigði manna (sbr. 63. gr.). Með samþykki héraðslæknis má þó nota eiturefni til hreingerninga og sótthreinsunar, enda leiðbeinir hann þá um geymslu og notkun þeirra. Ílát, áhöld og umbúðir, sem notaðar eru við tilbúning og dreifingu matvæla og annarra neyzluvara, mega ekki vera af þeirri gerð, að varan snerti eitraða málma, svo sem zink og blý, eða önnur eitruð efni, sbr. 13. gr. reglugerðar nr. 49 1936.

68. gr. 108

Sá, sem vill fá leyfi lögreglustjóra til að starfrækja sláturhús, til að búa til matvæli eða neyzluvörur, eða til að selja eða dreifa manna á meðal kjöti, kjötmeti, nýjum fiski, fiskmeti, mjólk, mjólkurafurðum, brauði, kökum, ávöxtum, aldinum eða grænmeti, skal hafa til þess meðmæli heilbrigðisnefndar. 16. júní

Auk þess, sem þegar er tekið fram, gilda um þess háttar tilkynningarskylda starfsemi eftirfarandi reglur:

1. Um matvælabúðir.

69. gr.

Mjólk má ekki selja úr öðrum búðum en þeim, sem til þess hafa fengið sérstakt leyfi. Þó er heimil mjólkursala á matsölu- og veitingahúsum til neyzlu þar. Einnig má leyfa sölu á mjólk úr fjósum beint til neytanda.

Enginn má selja kjöt eða kjötmeti í smásölu til daglegrar neyzlu í bænum, nema í sérstökum kjötbúðum, sem heilbrigðisnefnd hefur viðurkennt.

Ekki má verzla með nýlenduvörur í öðru húsnæði en því, sem heilbrigðisnefnd hefur úrskurðað til þess hæft.

70. gr.

Húsakynni matvælabúða, — það er mjólkur-, kjöt-, fisk-, brauða- og nýlenduvörubúða —, skulu vera björt (þ. e. ljósflötur glugga helzt ekki minni en 1/10 gólfflatar), rúmgóð, með góðri loftræstingu, hrein og varin rottum, músum, flugum og ryki. Mjólkurbúðir skulu svalar og viti gluggar helzt ekki móti sól.

Gólf skulu vera vatnsheld og auðvelt að halda þeim hreinum. Í kjöt- og fiskbúðum skal vera niðurfall í gólfi.

Loft og veggir skulu vera vel sléttir og olíubornir. Í kjöt- og fiskbúðum skulu þeir flísalagðir eða húðaðir á annan hátt, er heilbrigðisnefnd telur jafngilda.

Inngangur skal vera í búðirnar beint af götu og ekkert samband milli þeirra og íbúðarherbergja. Hundar, kettir eða önnur húsdýr mega ekki koma inn í húsakynnin.

71. gr.

Afgreiðsluborð og hillur skulu þannig gerð, að auðvelt sé að halda þeim hreinum. Búðarborð í nýlenduvörubúðum skulu lögð hörðu og hreinlegu efni. Í mjólkur-, kjöt-, fisk- og brauðbúðum skulu þau lögð marmara, gleri eða öðru jafngildu efni. Í kjöt- og fiskbúðum skal á fremri brún búðarborða vera brík til varnar því, að kaupendur nuggi sér við matvælin á borðinu.

72. gr.

Vörur í kjötbúðum, sem ætlaðar eru til neyzlu án frekari matreiðslu, skulu geymdar í lokuðum glerskápum. Í nýlenduvörubúðum skulu slíkar vörur, svo og kornvörur, geymdar í vel luktum skúffum eða ílátum. Við afhendingu á slíkum vörum má ekki snerta þær með berum höndum, nema seldar séu í sérumbúðum. Yfirleitt skal starfsfólkið gæta ýtrasta hreinlætis við afgreiðsluna.

Um matvæli má ekki búa í umbúðir, sem eru litaðar, málaðar, gljáðar eða prentaðar með eitruðuum litum og eigi í notaðan pappír, skrifaðan eða prentaðan.

Í nýlenduvörubúðum má ekki selja smjör eða smjörlíki nema í sérumbúðum.

Brauð skulu jafnan geymd og afhent í góðum pappírsumbúðum.

Ekki má neyta vöru brauðsölubúða inni í búðunum, nema sérstakt rúm sé til þess ætlað og sérstakt leyfi komi til.

73. gr.

Í húsakynnum mjólkurbúða skal vera útbúnaður til þess að hægt sé að halda mjólkinni kaldri. Vatn það, sem notað er til kælingar eða þvotta, skal fullnægja kröf-

108 16. júní um um drykkjarvatn (sbr. 64. gr.). Gæta skal þess, að mjólkin óhreinkist ekki við losun flutningsílátanna. Geyma skal mjólkina í lokuðum ílátum, sem heilbrigðisnefnd tekur gild. Mælitæki skulu geymd í lokuðum skáp og þannig útbúin, að hendur mælenda snerti þau ekki að innanverðu.

74. gr.

Matvælabúðir skal þvo og ræsta daglega utan vinnutíma. Vatnsleiðsla skal vera í húsakynnunum og starfsfólkið hafa greiðan aðgang að salerni og þvottaskál, enda skal brýnt fyrir því að þvo hendur sínar, er það hefur notað salerni.

75. gr.

Geymsluklefi kjötbúða skal gerður líkt og sölubúðin. Í honum skal vera ílát með loki undir úrgang.

Vörugeymslur matvælabúða skulu annars, þar sem ekki eru sett sérstök fyrirmæli, fullnægja skilyrðum 46. gr. reglugerðar þessarar.

76. gr.

Í mjólkurbúðum má, auk mjólkur og mjólkurafurða (þar með talið smjör, ostur og skyr), aðeins selja brauð og kökur. Forðast skal þó vörur, sem megn lykt er af, svo sem sumar ostategundir.

Ekki mega kaupendur neyta varanna í búðinni.

Í kjötbúðum má selja alls konar niðursuðuvörur, feitmeti, osta, egg og harðfisk.

Í nýlenduvörubúðum má ekki selja kjöt eða fiskmeti nema niðursoðið, að undanteknum harðfiski. Þar má ekki selja smjör eða smjörlíki nema í sérumbúðum.

Steinolíu og aðrar óþrifalegar og illa lyktandi vörur má því aðeins selja í nýlenduvörubúðum, að tryggilega sé um búið að dómi heilbrigðisnefndar.

77. gr.

Enginn má starfa í matvörubúðum nema hann sanni með læknisvottorði, að hann sé ekki haldinn næmum eða óþrifalegum sjúkdómi. Skal vottorð þetta ekki vera eldra en mánaðargamalt, þegar hann tekur til starfa, og ber að endurnýja það á árs fresti.

Starfsfólk í matvælabúðum, sem hefur hálsbólgu eða sótthita eða þjáist af niðurgangi, þótt ekki fylgi sótthiti, skal hætta vinnu í búðinni, þangað til það er orðið frískt aftur.

Starfsfólkið skal við vinnu sína vera í hvítri, hreinni yfirhöfn og þannig búið um hárið, að það ekki leiki laust.

2. Um brauðgerðarhús, heimabakstur o. fl.

78. gr.

Brauðgerðarhús skulu vera rúmgóð. Loftrými skal aldrei vera minna í vinnustofum en svo, að 8 m^3 komi á mann, en í þeim herbergjum, sem í er bakað, hnoðað eða kökur gerðar, skal loftrými ekki vera minna en 12 m^3 á hvern starfsmann. Þau skulu vera björt, þannig að ljósflötur glugga sé að minnsta kosti $^1/_{10}$ gólffletar. Að öðru leyti skulu þau fullnægja kröfum þeim, sem gerðar eru um aðrar vinnustofur, sbr. VIII. kafla.

Vöru- og geymsluklefar skulu vera bjartir, loftgóðir og rakalausir.

79. gr.

Gólf í brauðgerðarhúsum skulu vera vatnsheld, lögð flísum eða gerð úr öðru vatnsheldu efni, er heilbrigðisnefnd tekur gilt. Veggir skulu gleraðir eða á annan

hátt þannig gerðir, að auðvelt sé að halda þeim hreinum. Hið síðasta gildir einnig um loftin. 108 16. júní

80. gr.

Ytri flötur bakaraofna skal vera sem sléttastur og að öðru leyti þannig útbúinn, að ekki safnist fyrir á honum ryk eða önnur óhreinindi, enda skal auðvelt að þrifa hann.

81. gr.

Allt húsnæði, hvort sem um er að ræða vörugeymslu eða annað, sem notað er við rekstur brauðgerðarhúsa, skal vera rottuhelt og varið fyrir rottum og músum, flugum og öðrum meindýrum. Hundar, kettir eða önnur húsdýr mega þar aldrei inn koma.

Nú verður í slíku húsnæði vart við rottur, mýs, flugnamergð eða önnur meindýr, og skal þá tafarlaust leitað aðstoðar heilbrigðisnefndar til útrýmingar þeim. Er hlutaðeiganda skylt að hlíta fyrirmælum hennar þar að lútandi.

82. gr.

Húsnæði brauðgerðarhúsa má ekki standa í beinu sambandi við svefnherbergi eða önnur íbúðarherbergi, hvorki um dyr né glugga, og ekki má heldur nota íbúðarherbergi til geymslu á vörum eða áhöldum, sem nota á við brauðgerðina.

Starfsfólk hafi aðgang að salerni, handlaugum og snyrtiklefa sem segir í 74. gr., enn fremur sérstöku herbergi til að matast í.

83. gr.

Bannað er að sitja eða liggja á borðum þeim, sem notuð eru við tilbúning eða geymslu á framleiðsluvörum brauðgerðarhúsa. Skulu vinnuborðin laus frá veggjum, færanleg og skúffulaus.

Stór trog og önnur stór ílát skulu vera á hjólum, svo að auðvelt sé að flytja þau úr stað við hreingerningar.

Ekki má þurrka fatnað eða annað á bökunarofnunum, eða yfirleitt nota þá til annars en bökunar.

84. gr.

Deig má ekki hnoða með öðru en höndum eða þar til gerðum vélum. Þeir, sem starfa að brauðgerð, mega ekki neyta tóbaks við vinnu sína né heldur í vinnustofunum á öðrum tíma.

85. gr.

Ákvæði 77. gr. varðandi matvælabúðir gilda einnig um brauðgerðarhús.

86. gr.

Brauð eða brauðmat má ekki flytja um bæinn öðruvísi en í lokuðum, rykheldum ílátum, er auðvelt sé að halda hreinum. Enda skulu öll flutningstæki, sem notuð eru til þessa, vera háð eftirliti heilbrigðisnefndar og samþykkt af henni. Gildir þetta jafnt, hvort sem um er að ræða flutning frá brauðgerðarhúsi til sölustaða, milli sölustaða eða til neytenda.

87. gr.

Heimabakað brauð má ekki hafa á boðstólum í brauðsölubúðum. Brauðvörur má aldrei hafa á boðstólum á götum úti eða torgum. Ekki má heldur ganga með þess háttar vörur milli húsa í söluskyni.

108 16. júní

3. Um sláturhús, frystihús, kjötskoðun o. fl.

88. gr.

Óheimilt er að slátra skepnum annars staðar en í sláturhúsi. Þó getur heilbrigðisnefnd, með samþykki lögreglustjóra, veitt undanþágu frá þessu ákvæði, varðandi slátrun til heimanotkunar, — og þá því aðeins, að hlutaðeigendur eigi þess ekki kost, að fá skepnunum slátrað í sláturhúsi.

Sláturhús skulu vera björt og loftgóð og þannig gerð, að auðvelt sé að halda þeim hreinum. Gólf skulu steinsteypt, með niðurfallsopi einu eða fleirum og hallist gólfið að þeim. Veggir skulu sléttir og kalkaðir. Skal kölkunin endurnýjuð að minnsta kosti einu sinni á ári og þá fyrir sláturtíð að hausti. Heilbrigðisnefnd getur þó leyft annan útbúnað á veggjum, ef hún telur ástæðu til. Loftræstingu skal þannig hagað, að við megi koma örum loftskiptum, enda sé nægilegt aðstreymi af fersku lofti.

89. gr.

Sláturhús skal hólfa að minnsta kosti í þrennt. Í einu hólfinu sé sérstakur banaklefi, þar sem skepnurnar eru deyddar. Í öðru hólfi séu skepnurnar gerðar til, flegnar og kjötið þvegið. En í þriðja klefanum skulu skrokkarnir hengdir upp til kælingar og skoðunar, og skal þar lögð sérstök áherzla á góða loftræstingu. Auk þess skal vera sérstakur innyflaklefi, þar sem hleypt er úr vömbum og önnur þess háttar sláturstörf unnin.

Undir þessum klefa, eða hið næsta honum, skal vera vatnshelt gorílát eða gorgryfja og op á milli með hlera. Gorgryfjan skal að öllu eins gerð og fyrir er mælt um safngryfjur.

Þó má veita öllum slíkum úrgangi beint til sjávar eftir sérstökum pípum, enda samþykki heilbrigðisnefnd allan útbúnað.

90. gr.

Vatnsleiðsla skal vera um allt húsið og greiður aðgangur að hreinu þvottavatni. Starfsfólk skal eiga greiðan aðgang að vatnssalernum og handlaug, en ekki mega þau vera í beinu sambandi við slátrunarklefana.

91. gr.

Í stíum, réttum eða portum, þar sem sláturgripir eru geymdir, skal flórinn vera steinsteyptur.

92. gr.

Sláturhús má ekki reisa nær íbúðarhúsi en 20 m. Sama gildir um stíur, réttir eða gripaport.

93. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa gát á því, að sláturhús og umhverfi þeirra sé vel þrifið.

Gólf skal skola hrein á hverjum degi, þegar slátrað er. Gorílát eða gorgryfjur skal tæma jafnóðum og þær fyllast.

Réttir, stíur og port skal hreinsa daglega, ef skepnur hafa verið í þeim. Hundum eða köttum má ekki hleypa inn í sláturhús og ekki kasta sullum, þar sem hundar geta náð í þá. Skal láta sulli í sérstakt ílát og grafa þá síðan að minnsta kosti einn metra í jörð niður eða brenna.

Slátrarar og annað starfsfólk skal vera hreinlega til fara og að jafnaði hafa hera handleggi upp að olnboga. Það má ekki vera haldið næmum eða óþrifalegum sjúkdómi.

94. gr. 108

Ekki má selja kjöt til neyzlu í bænum, nema það hafi áður verið skoðað af dýra- 16. júní
lækni eða lækni og merkt samkvæmt reglum og fyrirmælum um kjötskoðun. Sérstakan gaum skal gefa svínakjöti vegna hárorma (tríkína).

Enginn má hafa til matar kjöt eða slátur af sjálfdauðum skepnum eða þeim, sem lógað hefur verið vegna sjúkleika, nema héraðslæknir telji það ósaknæmt. Slíkar skepnur má ekki heldur flytja í sláturhús nema með leyfi héraðslæknis.

Heilbrigðisnefnd segir fyrir um, hvað gera skuli við kjöt eða slátur, sem dæmt er óhæft til manneldis. Skal því komið fyrir á kostnað eiganda.

95. gr.

Um tilbúning matvæla úr kjöti og öðrum sláturafurðum, húsnæði til þeirra hluta og annað varðandi þá starfsemi, gilda ákvæði 68. gr., 70. gr., 71. gr., 72. gr., 74. gr. og 77. gr. reglugerðar þessarar, eftir því sem við getur átt.

Þar, sem starfrækt hefur verið slátrun eða unnið úr sláturafurðum, áður en samþykkt þessi gengur í gildi, getur heilbrigðisnefnd veitt undanþágur til bráðabirgða um ákveðinn tíma frá áður greindum skilyrðum, ef hún telur ástæðu til.

96. gr.

Frystihús, sem matvæli eru fryst í, eiga að vera þannig gerð, að auðvelt sé að halda þeim hreinum og lausum við sveppi, myglu og önnur óhreinindi. Veggir, gólf og loft skulu vel einangruð og dyraumbúnaður vel þéttur og öruggur. Í geymsluklefa þeirra sé hægt að halda hitastigi að minnsta kosti 8 stigum undir frostmarki á Celsiusmæli.

4. Reglur um mjólk og mjólkursölu.

97. gr.

Vara, sem seld er undir nafninu mjólk, skal vera ómenguð nýmjólk. Fitumagn hennar skal aldrei vera minna en 3.15%, en eðlisþyngd við 15° C. skal vera 1.028—1.034. Um framleiðslu og meðferð mjólkur skulu gilda ákvæði reglugerðar nr. 136 19. október 1946, um mjólk og mjólkurvörur. Skal öll framleiðsla og meðferð mjólkur auk annars fullnægja ákvæðum 63., 64. og 67. gr. samþykktar þessarar, til varnar hættum og óhollustu sölumjólkur.

98. gr.

Ekki má selja í kaupstaðnum mjólk, sem er:

1. Óeðlileg að útliti, bragði eða lykt (súr, með lyfjabragði o. s. frv.).
2. Óhrein (en hún telst óhæf til neyzlu vegna óhreininda, ef í henni sést botnfall, þegar hún hefur staðið óhreyfð í tvær klukkustundir).
3. Mjólk úr kúm, sem eru haldnar sjúkdómum, er geta spillt mjólkinni eða borizt með henni og sýkt neytendur, svo sem berklum, miltisbruna, júgurbólgu, garnabólgu, legbólgu, gin- og klaufaveiki, kálfsburðarsótt o. fl.
4. Mjólk, sem í er gröftur, graftarsýklar, aðrir sýklar hættulegir heilbrigði manna, eða óvenjulega mikið af annarlegum gerlum.
5. Mjólk, sem rannsókn sýnir, að sé svikin (vatnsblönduð, rjómi verið úr henni tekinn eða í hana látin annarleg efni eða rotnunarefni).

99. gr.

Fjósin skulu fullnægja ákvæðum 32. og 33. gr. þessarar samþykktar. Í fjósinu eða við það skulu vera handhæg, þrifaleg þvottatæki. Salerni skulu ekki vera í beinu sambandi við fjósin, og bannað er með öllu að nota fjósin fyrir salerni. Fjósin skulu varin meindýrum eftir föngum.

108 Fjósin skulu kölkuð eigi sjaldnar en einu sinni á ári, nema hægt sé að þvo þau.
16. júní Þau skulu þrifin eftir föngum, mokuð og sópuð reglulega og kýrnar burstaðar og vel hirtar. Flórmokstri og ræstingu skal lokið eigi síðar en 15 mínútum áður en mjaltir byrja.

Við ræstingu kúnna eða fjósa má ekki nota svo lyktarsterk efni, að mjólkin geti mengazt af þeim (t. d. kreólín).

Mjaltafólk skal vera klætt hreinlegum mjaltafötum og hreint um hendur. Á undan mjöltum skal hreinsa júgrið vel og í kringum það. Fyrstu bununum úr spenanum má ekki blanda saman við mjólkina, og kýr, sem eru með júgursjúkdóma eða mjólka gallaðri mjólk, skal mjólka sér. Þegar eftir mjaltir skal bera mjólkina úr fjósinu og kæla hana eftir föngum, og skulu ílátin ekki þéttlokuð, meðan á kælingu stendur. Mjólkurfötur og flutningsílát eiga helzt að vera tinuð, og er bannað að nota zinkvarin (galvaníseruð) ílát eða ryðguð. Öllum mjólkurílátum skal halda vandlega hreinum. Vatn, sem notað er til hreinsunar mjólkuríláta, skal fullnægja kröfum til drykkjarvatns.

Heilbrigðisnefnd getur krafizt þess, að seljendur sýni vottorð dýralæknis um heilbrigði kúa og þrifnað í fjósum.

100. gr.

Ekki má selja mjólk frá heimili, ef berklaveikur maður fæst þar við gripahirðingu, mjaltir eða aðra meðferð mjólkur, og eigi þar, sem smitandi berklasjúklingur dvelur, nema með leyfi héraðslæknis.

XV. KAFLI

Um gistihús, veitingastaði, lækningastofur, elliheimili o. fl.

101. gr.

Sá, sem vill fá leyfi lögreglustjóra til að setja á stofn eða reka gistihús, matsöluhús eða veitingastofu, skal hafa til þess meðmæli heilbrigðisnefndar. Nú vill einhver setja á stofn eða starfrækja heilbrigðis- eða lækningastofnanir, sem taldar eru í 1. gr. laga nr. 30 frá 1933, og skal hann þá, áður en hann leitar samþykkis ráðherra (sbr. 2. gr. nefndra laga), leita álits og samþykkis heilbrigðisnefndar.

Heilbrigðisnefnd skal hafa eftirlit með hollustuháttum gistihúsa og veitingastaða, elliheimila svo og annarra heilbrigðis- eða lækningastofnana einstakra manna, ef settar verða á stofn í kaupstaðnum. Skal henni og umboðsmönnum hennar ætíð heimill aðgangur að þeim.

102. gr.

Herbergi þeirra stofnana, sem um getur í 101. gr., skulu fullnægja öllum almennum skilyrðum um loftrými, birtu, loftræstingu og salerni, sem sett eru um íbúðir (sbr. V. kafla).

Gólf skulu lögð gólfdúk eða öðru jafngildu efni. Veggir og loft skulu máluð eða þannig gerð, að auðvelt sé að halda þeim hreinum. Í rúmunum skulu ætíð vera dýnur, en ekki laust hey eða hálmur. Skulu þær, sem annar rúmfatnaður, vel hirtar. Inngangur í veitingahús skal vera greiður frá götu.

103. gr.

Vistmenn, gestir og starfsfólk skal hafa greiðan aðgang að vatnssalerni og handlaugum. Getur heilbrigðisnefnd sett reglur um tölu þeirra, er hún telur þess þörf.

104. gr. 108

Gestgjafi eða forstöðumaður ber ábyrgð á, að allur matur sé þannig geymdur, að fulls hreinlætis sé gætt. Hann skal og sjá um, að einungis séu notuð hrein og óskemmd matvæli. 16. júní

105. gr.

Starfsfólk skal vera hreinlega til fara. Sömu hreinlætisreglur og heilbrigðiskröfur gilda um starfsfólkið og um starfsfólk í matvælabúðum, sbr. 77. gr.

XVI. KAFLI

Um rakarastofur og snyrtistofur, íþróttahús, sundlaugar og baðhús.

106. gr.

Heilbrigðisnefnd hefur eftirlit með hreinlæti og útbúnaði í rakarastofum, hárgreiðslustofum og hvers konar snyrtistofum, sem fyrir eru og settar verða á stofn í kaupstaðnum; einnig íþróttahúsum, baðhúsum og sundlaugum.

107. gr.

Húsakynni í rakarastofum og snyrtistofum skulu vera björt og rúmgóð, með nægilegri loftræstingu og upphitun. Gólf og veggir skulu þannig, að auðvelt sé að halda þeim hreinum. Starfsfólk hafi greiðan aðganga að þvottaskál og salerni.

108. gr.

Ekki má taka til meðferðar í slíkum stofum fólk, ef starfsfólk verður þess vart, að það er haldið smitandi húðsjúkdómi eða óþrifakvillum.

109. gr.

Húsakynni íþrótta- og leikfimishúsa skulu vera björt (ljósflötur glugga a. m. k. 1/5 gólfflatar), rúmgóð og loftræsting og upphitun í lagi. Má aldrei nota þau örar en svo, að nægilegur tími gefist milli notkana til nauðsynlegrar hreinsunar og loftræstingar.

Auk æfingasala skulun vera búningsherbergi, baðherbergi og áhaldaherbergi.

110. gr.

Í baðhúsum skulu klefar vera nægilega rúmgóðir, og skal þar vera nægur hiti og loftræsting. Gólf og veggir skulu lagðir flísum eða á annan hátt frá gengið, sem heilbrigðisnefnd telur jafngilda. Baðker skulu þannig, að óhreinindi safnist ekki fyrir, og yfirleitt skal um allt þannig búið, að auðvelt sé að halda því hreinu.

Í hverju baðhúsi skal vera hæfilega stór biðstofa.

111. gr.

Vatn það, sem notað er í sundlaugar, skal að því er gerlagróður snertir standast þær kröfur, sem gerðar eru til drykkjarvatns. Laugarnar skal tæma og hreinsa, svo oft sem þurfa þykir, eða gera aðrar þær ráðstafanir, sem heilbrigðisnefnd tekur gildar, til þess að verjast óeðlilegri aukningu gerlafjölda í vatninu.

112. gr.

Búningsklefa og gólf öll skal þvo og ræsta eftir þörfum og aðsókn og ekki sjaldnar en einu sinni á dag.

Baðföt, handklæði, burstar og því um líkt, sem lánað er til afnota, skal soðið eftir hverja notkun eða lagt í sótthreinsunarlög, eftir því sem heilbrigðisnefnd tekur gilt. Að því búnu skulu þessi tæki þvegin.

108 113. gr.
19. júní Ekki má hleypa fleiri baðgestum í laugina en svo, að minnsta kosti 3 m² af yfirborði vatns komi á hvern mann. Fólki, sem hefur smitandi eða óþrifalega sjúkdóma, opin sár eða aðra kvilla, sem geta borizt manna á milli má ekki hleypa í laugina. Nú virðist baðverði grunsamlegt, að einhver baðgestanna sé haldinn slíkum kvilla, og skal hann þá banna honum aðgang, nema læknisvottorð komi til.

114. gr.

Nú leikur grunur á, að sundlaugar verði útbreiðslustaðir fyrir einhverja sjúkdóma, svo sem fótamyglu, og skal þá tafarlaust gjöra héraðslækni aðvart, sem gerir nauðsynlegar ráðstafanir til úrbóta. Ef mikil brögð eru að, getur hann látið loka baðhúsi um lengri eða skemmri tíma, meðan rannsókn eða sótthreinsun fer fram.

115. gr.

Útibaðstaðir, aðrir en sundlaugar, skulu háðir eftirliti heilbrigðisnefndar.

Skal einkum athugað, hvort möguleikar séu fyrir hendi um saurgun sjávarins (vatnsins) eða umhverfisins frá skolpveitum, sorpi eða því um líku, eða hvort rottur hafist við þar í nágrenninu.

116. gr.

Starfsfólk allra þeirra stofnana, er hér um ræðir, skal gæta fullkomins hreinlætis og vera hreinlega til fara.

Um heilbrigði starfsfólksins, svo og kennara og nemanda í íþróttum og leikfimi, gilda ákvæði 77. greinar.

XVII. KAFLI

Um eftirlit með skipum, bátum, bifreiðum o. fl.

117. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa eftirlit með öllu því, er að hollustuháttum lýtur og heilsuvernd skipshafna í skipum og bátum, sem skrásett eru í Akraneskaupstað, hvort heldur þau eru notuð til veiða, vöruflutninga eða fólksflutninga.

Fyrst og fremst skal nefndin ganga úr skugga um, og þá í samvinnu við skipaskoðun ríkisins, að fullnægt sé ákvæðum um vistarverur skipverja og farþega svo og öðrum fyrirmælum, er að þrifnaði og heilsuvernd lúta, og felast í 23., 25., 41. og 51. grein tilskipunar nr. 43, frá 20. nóv. 1922, um eftirlit með skipum og bátum og öryggi þeirra.

Nefndin eða umboðsmenn hennar skulu jafnan eiga greiðan aðgang til eftirlits þessa.

118. gr.

Auk þess, sem að framan greinir, skulu öll skip og bátar, þó þeir séu ekki skrásettir í Akraneskaupstað, háðir eftirliti og fyrirmælum heilbrigðisnefndar og héraðslæknis á meðan þeir liggja á Akraneshöfn, við bryggjur annars staðar á samþykktarsvæðinu eða eru á landi til aðgerða.

119. gr.

Um almennt hreinlæti í vistarverum farþega, svo og í eldhúsi, og um alla meðferð og framleiðslu matfanga skulu yfirleitt gilda sömu reglur og um matsölu- og gistihús, að svo miklu leyti sem við verður komið. Þó getur heilbrigðisnefnd veitt undanþágur og tilslakanir eftir staðháttum og öðrum ástæðum.

120. gr. 108

Eigi má flytja með skipum eða bátum sjúklinga með næma sjúkdóma, nema 16. júní
með leyfi héraðslæknis, enda sé þá fyrirmælum hans í öllu fylgt.

121. gr.

Nú verður í bát eða skipi vart við lasleika, sem ekki er víst nema geti verið næmur sjúkdómur, og skal þá skipstjóri þegar í stað tilkynna það héraðslækni eða sóttgæzlumönnum (tollþjónum), er aftur tilkynna það héraðslækni, en hann gerir síðan nauðsynlegar ráðstafanir.

Tilkynna skal einnig óþrifasjúkdóma, er borizt geta manna á milli, svo sem kláða og lús, og gerir þá heilbrigðisnefnd eða héraðslæknir ráðstafanir til þess að lækna og útrýma þeim kvillum, eða leggur ráð á um, hvernig að skuli farið. Allan kostnað, er af þess konar framkvæmdum leiðir, greiðir útgerð skipsins.

122. gr.

Bátar eða skip, sem stödd eru á Akraneshöfn eða við bryggjur á samþykktarsvæðinu, skulu tafarlaust tilkynna héraðslækni, heilbrigðisnefnd eða sóttgæzlumönnum (tollþjónum), ef þar verður vart við einhver meindýr, svo sem veggjalús, húsaskíti eða rottur. Gerir þá heilbrigðisnefnd eða héraðslæknir ráðstafanir til útrýmingar þeirra, ef nauðsyn þykir bera til, enda greiðir útgerðin allan kostnað, er af slíkum ráðstöfunum kann að leiða.

123. gr.

Hafnsögumenn, sóttgæzlumenn (tollþjónar) svo og aðrir eftirlitsmenn við Akraneshöfn skulu skyldir að tilkynna héraðslækni eða heilbrigðisnefnd, ef þeir verða varir við einhverjar þær misfellur í skipum eða bátum á höfninni, sem á undan eru taldar.

124. gr.

Heilbrigðisnefnd getur gefið út sérstök eyðublöð fyrir skip og báta, til þess að fá sem gleggstar upplýsingar um heilbrigðisástand og annað, er hún telur sig varða. Getur hún þar meðal annars krafizt, að skýrt sér greinilega frá öllum kvillum og slysum, er fyrir koma í bátum eða skipum, og þá hvers læknis hafi verið leitað í hvert skipti.

125. gr.

Skipstjórar og útgerðarmenn bera ábyrgð á því, að fyrirmælum heilbrigðisnefndar og héraðslæknis sé hlýtt.

Ef miklar ástæður eru til, má kyrrsetja skip eða báta, sem ekki hafa framkvæmt fyrirmæli héraðslæknis eða heilbrigðisnefndar, þangað til kröfunum er fullnægt.

126. gr.

Allar leigubifreiðir, sem notaðar eru til fólksflutninga og skrásettar eru í Akraneskaupstað, skulu háðar eftirliti heilbrigðisnefndar um allt, sem að þrifnaði og heilsuvernd farþega lýtur. Einkum skal hún hafa nákvæmt eftirlit með almenningsvögnum, sem flytja fólk langleiðis.

Heilbrigðisnefnd getur og látið til sín taka hreinlæti í bifreiðum, sem flytja farþega til og frá Akranesi, þó ekki séu þær skrásettar þar.

127. gr.

Heilbrigðisnefnd getur samið reglur og nánari fyrirmæli, er lúta að heilsuvernd farþega og vörnum gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma í almenningsbifreiðum, er síðan séu hengd upp í öllum stórum farþegabifreiðum.

108 16. júní

128. gr.

Í almennings- eða leigubifreiðum má ekki flytja sjúklinga með næma sjúkdóma nema með leyfi héraðslæknis, enda sé þá hans fyrirsögn nákvæmlega fylgt.

129. gr.

Bifreiðastjórar og bifreiðaeigendur bera ábyrgð á, að reglum og fyrirmælum heilbrigðisnefndar og héraðslæknis sé hlýtt.

Nú óhlýðnast bifreiðarstjóri eða bifreiðareigandi fyrirmælum heilbrigðisnefndar, og getur hún þá krafizt þess af lögreglustjóra, að bifreiðin sé tekin úr umferð, unz kröfum hennar er fullnægt.

130. gr.

Ákvæði þessi taka einnig til farþegaflugvéla eftir því, sem við getur átt.

XVIII. KAFLI

Um kirkjugarða, líkhús, líkgeymslu o. fl.

131. gr.

Þá er gera skal nýjan kirkjugarð eða stækka gamlan, skal leita álits héraðslæknis og heilbrigðisnefndar og getur hún þá heimtað, að garðstæðið sé þurrkað með lokræsum, ef hún telur það svo raklent, að vatn geti komið upp í grafirnar.

Vatnsból skulu ekki vera nær kirkjugarði á jafnsléttu eða undan brekku en 150 m.

Grafa skal svo djúpt, að ekki sé minna en 1¼ m frá kistuloki á grafarbarm.

Grafkapellur, ef leyfðar verða (sbr. 11. gr. reglugerðar nr. 83 frá 1934), skulu settar í sérstakri röð í útjaðri kirkjugarðs, gerðar úr steini eða steinsteypu og mega aldrei vera hærri en hálfur metri ofanjarðar.

132. gr.

Ókistulögð lík má ekki geyma í heimahúsum lengur en 3 sólarhringa og aldrei lengur en 7 sólarhringa, þó kistulögð séu, nema sérstakt leyfi héraðslæknis komi til, eða þau séu í loftheldri málmkistu. Héraðslæknir getur þó fyrirskipað að lík fólks, sem dáið hefur úr næmum sjúkdómi, skuli þegar í stað kistulagt og flutt í líkhús.

133. gr.

Fundin eða sjórekin lík skal ætíð flytja í líkhús, og kistuleggja þegar að lokinni lögskipaðri rannsókn.

Fer að öðru leyti um meðferð þeirra samkvæmt fyrirmælum reglugerðar nr. 24, frá 1. apríl 1936, um mannskaðaskýrslur og rannsókn á fundnum líkum.

XIX. KAFLI

Um fangelsi og vistarverur handtekinna manna.

134. gr.

Heilbrigðisnefnd skal láta til sín taka hollustuhætti og umgengni í fangelsum og öðrum húsakynnum, sem notuð eru til þess að geyma í handtekna menn.

Slík húsakynni skulu þannig úr garði gerð, að tryggt sé að vistmenn fari sér ekki að voða, svo og að þær séu ekki heilsuspillandi, enda samþykki heilbrigðisnefnd fyrirkomulag þeirra um allt, er að hollustuháttum lýtur.

135. gr. 108

Í áður nefndum vistarverum skal gæta fyllsta hreinlætis, þvo gólf daglega eða 16. júní
oftar, ef mannaskipti verða tíðari. Séð skal fyrir nægilegum hita og góðri loftræstingu.

136. gr.

Nú kemur í ljós, að einhver vistmanna er haldinn næmum eða óþrifalegum sjúkdómi eða grunur um slíkt, og skal þá geyma hann einan í herbergi, enda sé héraðslækni tafarlaust tilkynnt, ef grunur er um næman sjúkdóm. Eftir þess háttar menn skal jafnan sótthreinsa herbergi og rúmfatnað og hlíta um það fyrirmælum héraðslæknis.

XX. KAFLI
Um aðstoð við sóttvarnir.

137. gr.

Heilbrigðisnefnd skal á allan hátt aðstoða héraðslækni við hvers konar sóttvarnir, eftir því sem þörf er á. Skal henni þá heimilt, ef hættuleg farsótt kemur upp í héraðinu og héraðslæknir telur nauðsynlegt, að setja um stundarsakir, eftir hans tillögum, strangari fyrirmæli um hvers konar hreinlæti utan húss og innan, meðferð og útbýting matvæla og fleira, er að heilsuvernd lýtur, þótt ekki séu áður um það ákvæði í samþykkt þessari.

138. gr.

Þegar svo stendur á, sem um getur í 137. grein, skal heilbrigðisnefnd heimilt að ráða fólk til bráðabirgða til eftirlits eða hjúkrunar, enda skal jafnan leita samþykkis bæjarstjórnar svo fljótt, sem verða má.

XXI. KAFLI
Lokaákvæði.

139. gr.

Heilbrigðisnefnd getur fyrirskipað, að einstakir kaflar eða greinar samþykktarinnar skuli sérprentaðar og festar upp, almenningi til leiðbeiningar á þeim stöðum, sem við á.

140. gr.

Bæjarstjórn skal ávallt leita umsagnar heilbrigðisnefndar um hvers konar ráðstafanir eða framkvæmdir, sem varða almenna þrifnaðar- og heilbrigðishætti.

141. gr.

Brot á samþykkt þessari eða vanræksla á, að hlýða í tækan tíma fyrirskipunum heilbrigðisnefndar samkvæmt samþykktinni, varða sektum allt að 1000 krónum, og rennur sektarfé í bæjarsjóð. Ef einhver vanrækir að vinna verk, er heilbrigðisnefnd hefur fyrirskipað samkvæmt samþykkt þessari, þá er nefndinni heimilt að láta vinna það, sem þarf, á kostnað hins vinnuskylda. Skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr bæjarsjóði, en innheimta síðan hjá hlutaðeiganda, ef þörf gerist með lögtaki.

142. gr.

Mál, sem rísa út af brotum á samþykkt þessari, skal fara með sem almenn lögreglumál.

108 16. júní

143. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi, jafnskjótt og hún hefur verið samþykkt og birt í stjórnartíðindunum.

Þetta birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 16. júní 1947.

Eysteinn Jónsson.

Ragnar Bjarkan.

109 23. júní

AUGLÝSING

um afnám reglugerðar um hámarksökuhraða bifreiða nr. 23 17. febr. 1943.

Reglugerð nr. 23 17. febrúar 1943, um hámarksökuhraða bifreiða, er numin úr gildi frá 24. þ. m. að telja.

Í dómsmálaráðuneytinu, 23. júní 1947.

Bjarni Benediktsson.

Ragnar Bjarkan.

110 23. júní

AUGLÝSING

um staðfesting dómsmálaráðuneytisins á samþykkt um breyting á lögreglusamþykkt fyrir Dalasýslu, nr. 149 28. ágúst 1940.

Samkvæmt lögum nr. 107 frá 8. maí 1935, um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna, er hér með staðfest eftirrituð samþykkt um breyting á lögreglusamþykkt fyrir Dalasýslu.

1. gr.

Við 28. gr., aftan við 1. málslið 2. málsgreinar bætist: Hænsni í kauptúnum séu höfð í heldum girðingum tímabilið frá 20. maí til 20. ágúst ár hvert.

2. gr.

37. gr. orðist þannig:

Eigi má halda fleiri skemmtisamkomur, sem aðgangur er seldur að í hverjum hreppi sýslunnar á ári, en sex, nema leyfi hlutaðeigandi hreppstjóra komi til. Skal þeim samkomum, sem haldnar eru frá 1. júlí til 15. sept., slitið eigi síðar en kl. 11 að kvöldi, ef virkur dagur fer í hönd, en á öðrum tímum árs eigi síðar en kl. 3 að nóttu.

3. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist hér með öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 23. júní 1947.

Bjarni Benediktsson.

Ragnar Bjarkan.

AUGLÝSING

111
26. júní

um greiðslu sjúkrabóta (dagpeninga).

Ákvæða almannatryggingalaganna um sjúkrabætur, 39.—44. gr., taka gildi 1. júlí n. k. og hefjast greiðslur sjúkradagpeninga væntanlega í lok þess mánaðar.

Réttur til sjúkrabóta er bundinn eftirfarandi skilyrðum:

1. að umsækjandi sé orðinn fullra 16 ára, ekki yfir 67 ára og njóti ekki örorkubóta samtímis.
2. að umsækjandi hafi greitt að fullu áfallin iðgjöld til tryggingarsjóðs áður en veikindin hófust.
3. að sannað sé með vottorði atvinnurekanda eða á annan fullnægjandi hátt, að umsækjandi hafi hætt störfum á þeim tíma, er læknisvottorð greinir, og kaup hans eða atvinnutekjur fallið niður vegna sjúkleikans að öllu eða mestu leyti.
4. að sannað sé með læknisvottorði, að umsækjandi hafi orðið að hætta störfum vegna sjúkleika, verið fullkomlega óvinnufær a. m. k. 15 daga og, ef hinn sjúki dvelur utan kaupstaða og kauptúna, þar sem læknar starfa, að hann hafi legið rúmfastur samkvæmt fyrirmælum læknis a. m. k. 7 daga samfleytt af þeim tíma, þegar um legu utan sjúkrahúss er að ræða.

Læknar teljast starfandi, auk þess kaupstaðar og kauptúns, þar sem þeir eru búsettir, í kauptúnum þar sem þeir hafa ákveðinn viðtals- og vitjunartíma a. m. k. tvisvar í mánuði. Vottorð tveggja óvilhallra manna nægir sem sönnun þess, að rúmlega utan sjúkrahúss hafi verið óslitin frá þeim tíma, er læknir vottaði upphaf og nauðsyn legunnar.

Launþegar, þ. e. þeir, sem starfa í annarra þjónustu, eiga rétt til sjúkrabóta, ef þeir eru fullkomlega óvinnufærir a. m. k. 15 daga, og greiðast þá dagpeningar frá og með ellefta degi. Þeir, sem stunda eða reka sjálfstæða atvinnu, fá rétt til sjúkrabóta frá og með sjöttu sjúkraviku. Einyrkjar geta þó átt rétt til dagpeninga eftir sama biðtíma og launþegar, ef ákveðin skilyrði eru fyrir hendi, sbr. lög um almannatryggingar, 42. gr. b.

Hámark sjúkrabóta er: Fyrir kvænta karla, þegar konan vinnur eigi utan heimilis eða er atvinnulaus, kr. 6.00 á dag á I. verðlagssvæði og kr. 5.00 á II. verðlagssvæði, og fyrir aðra kr. 5.00 á I. verðlagssvæði, en kr. 4.00 á II. verðlagssvæði, auk verðlagsuppbótar. Auk þess greiðast fjölskyldubætur með þremur fyrstu börnum bótaþega undir 16 ára aldri, sem hann hefur á framfæri, enda njóti þau ekki lífeyris. Sjúkrabætur mega þó aldrei fara fram úr ¾ þess, sem hinn sjúki hefur misst í af tekjum vegna sjúkdómsins. Giftar konur fá því aðeins greiddar sjúkrabætur, þótt þær hafi unnið utan heimilisins, að maður þeirra geti eigi séð heimilinu farborða.

Sjúkrabætur falla niður þann dag, sem hinn tryggði telst vinnufær, enda þótt hann taki ekki til starfa eða vanræki að segja frá bata sínum, og greiðast ekki lengur en 26 vikur á 12 mánuðum. Haldi hinn sjúki þrátt fyrir sjúkleikann kaupi eða atvinnutekjum, sem er lægra en sjúkrabótum nemur, greiðast sjúkradagpeningar þó aldrei hærri en svo, að þeir, að viðbættum tekjum, nemi einum fjórða meiru en sjúkrabætur. Sé kaupið eða tekjurnar hærra greiðast ekki sjúkrabætur.

Ef hinn sjúki dvelur á sjúkrahúsi og á rétt á að Tryggingastofnunin (sjúkrasamlag eða ríkisframfærsla) greiði dvalarkostnaðinn, lækka dagpeningagreiðslur til hans um jafnmikið og ellilífeyrir til einstaklinga fyrir sama tímabil nemur, ef um kvæntan mann er að ræða, ella um ⅘ hluta.

111 28. júní

Réttur til sjúkrabóta fellur niður, ef sjúkdómurinn stafar af áfengisneyzlu eða öðrum orsökum, sem hinn sjúki sjálfur á sök á. Sjúkrabætur greiðast ekki vegna farsótta, þegar slíkir sjúkdómar ganga.

Fastir starfsmenn, þ. e. þeir, sem ráðnir eru eða skipaðir til a. m. k. eins árs eða með þriggja mánaða uppsagnarfresti, skulu aldrei missa neins í af launum sínum fyrstu fjórtán dagana eftir að þeir forfallast frá vinnu og eiga því ekki rétt til dagpeninga fyrir þann tíma. Sama gildir ef þeir njóta kaupgreiðslu fyrir lengri tíma samkvæmt samningi, sérstökum lögum eða venju í starfsgrein þeirra.

Þeir, sem ætla að sækja um sjúkrabætur, skulu tilkynna Tryggingastofnuninni eða (utan Reykjavíkur) umboðsmanni hennar (eða fulltrúa hans í hreppnum) veikindin með læknisvottorði áður en 10 dagar eru liðnir frá því að sjúkdómurinn olli óvinnuhæfni. Umsóknir um sjúkrabætur skulu, ef óvinnuhæfnin varir fullan biðtíma, sendar sömu aðilum ásamt tilskildum vottorðum og upplýsingum. Eyðublöð fyrir umsóknir og læknisvottorð fást hjá Tryggingastofnuninni (slysatryggingadeild) og utan Reykjavíkur eftir 10. júlí hjá umboðsmönnum, sem gefa nánari upplýsingar.

Tryggingaráð getur ákveðið að greiða þeim, sem veikzt hafa fyrir 1. júlí, þá eru veikir og óvinnufærir, og ekki njóta örorkustyrks, sjúkrabætur frá 1. júlí, ef sjúkleiki þeirra hefur hafizt og valdið tekjumissi á síðustu sex mánuðum, enda greiðist dagpeningar þá eigi lengur en þar til liðnar eru 26 vikur auk biðtíma frá því veikindin hófust.

Tryggingastofnun ríkisins, 28. júní 1947.

Haraldur Guðmundsson.

112 26. júní

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Menningarsjóð kennara", útgefin venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 26. júní 1947.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Menningarsjóð kennara.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Menningarsjóður kennara. Minning Magnúsar Helgasonar skólastjóra.

2. gr.

Sjóður þessi er stofnaður með 1000.00 króna framlagi frá Sambandi íslenzkra barnakennara og minningargjöfum um Magnús Helgason skólastjóra. Stofnfé sjóðsins er 2000.00 krónur.

Tekjur sjóðsins eru:

a. Vextir af stofnfé sjóðsins.
b. 5% af árlegum tekjum S Í B.
c. Minningargjafir (enda gefi sjóðurinn út minningarspjöld, sem seld verði til ágóða fyrir sjóðinn).
d. Áheit.
e. Dánargjafir.
f. Aðrar gjafir, er sjóðnum kunna að berast.

g. Verði tekjuafgangur af bókaútgáfu S Í B og útgáfu Íslandskortsins, skal hann renna í menningarsjóðinn. 112 26. júní

h. Sé styrkur áætlaður í fjárlögum ríkisins, til utanfara kennara eða kennaranámskeiða, en styrkurinn ekki veittur vegna sérstaks ástands utanlands eða innan, skal stjórn S Í B vinna að því við stjórnarvöld ríkisins, að áætlaður styrkur sé greiddur til sjóðsins og leggist þá við höfuðstólinn.

3. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn 25000 kr. má veita árlega styrki úr honum, er nemi ¾ ársvaxta, en ¼ ársvaxta skal leggja við höfuðstólinn. Þegar sjóðurinn er orðinn 50000 kr. má veita úr honum styrki, er nemi allt að ⅘ ársvaxta, ⅕ ársvaxta skal leggja við höfuðstólinn. Þegar sjóðurinn er orðinn 100000 kr. má verja til styrkveitinga öllum ársvöxtum sjóðsins.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að vinna að menningarmálum íslenzkrar barnakennarastéttar:

a. Með því að veita starfandi kennurum, einum eða fleirum, sem sýnt hafa sérstakan dugnað og hæfileika á einhverju sviði kennslu og menningarmála, styrk til framhaldsnáms eða rannsókna í einhverri sérgrein uppeldis og kennslumála, utanlands eða innan.

b. Með því að veita styrk til þess að koma á fót vel nothæfu uppeldisbókasafni.

c. Að öðru jöfnu skulu þeir kennarar sitja fyrir um styrki, sem sýnt hafa sérstakan dugnað og árangur í íslenzkukennslu og þjóðlegum fræðum, og stunda vilja framhaldsnám í þeim efnum.

5. gr.

Styrk úr sjóðnum má veita öllum starfandi, settum og skipuðum, barnakennurum, er vinna samkvæmt lögum, er í hvert sinn gilda um skipun barnakennara í landinu (sbr. þó a- og b-lið 4. gr.).

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn: Skólastjóri kennaraskólans og 2 menn tilnefndir af stjórn S Í B til 5 ára í senn, og skal annar þeirra tilnefndur sem formaður. Að öðru leyti skiptir stjórnin sjálf með sér verkum. Stjórn S Í B tilnefnir 2 endurskoðendur til 2 ára í senn.

7. gr.

Sjóðinn skal ávaxta jafntryggilega og gildir um fé ómyndugra.

8. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Skulu reikningar sjóðsins birtir í B-deild Stjórnartíðindanna.

9. gr.

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 27. júní 1941.

Gísli Jónasson. **Margrét Jónsdóttir.** **Gunnar M. Magnúss.**

113
28. júní

REGLUGERÐ

um sjóvátryggingu afla og veiðarfæra.

1. gr.

Vélbátaábyrgðarfélögum er heimilt að vátryggja afla og veiðarfæri á þeim skipum, sem þau hafa í sjóvátryggingu.

2. gr.

Sá, er beiðist vátryggingar á afla og veiðarfærum, öðru hvoru eða hvorutveggja, skal gera það skriflega. Beiðninni skal fylgja nákvæm skrá yfir hluti þá, sem beiðst er vátryggingar á, og skal verðleggja hvað fyrir sig, svo sem fiskilínur, dragnætur, botnvörpur, herpinætur, niðristöður og uppihöld, nótabáta, vindur, bjóð o. s. frv. Afli skal einnig tryggður fyrir tilgreinda upphæð.

3. gr.

Tilgreina skal hvaða dag tryggingin hefst og hvaða dag henni lýkur. Gildir hún frá kl. 12 á hádegi þann dag, er hún hefst, til kl. 12 á miðnætti þann dag, er henni lýkur.

4. gr.

Tryggingin nær til afla, veiðarfæra og muna, sem farast með skipi og skemmda, sem verða af völdum strands, elds og ásiglingar.

5. gr.

Hið vátryggða er tryggt aðeins innanborðs og í því skipi, sem veiðarfærin og munirnir tilheyra og veitt hefur aflann, sem tryggður var. Tryggingin gildir við fiskveiðar og siglingar við strendur landsins og á höfnum inni.

6. gr.

Vátryggingariðgjöldin ákveðast af vátryggjanda í samráði við Samábyrgð Íslands á fiskiskipum. Þau greiðast fyrir fram um leið og vátryggingar er beiðst.

7. gr.

Vátryggingarféð greiðist þegar, er sannað er, að skipið og munirnir hafa farizt. Ef ekki spyrst til skips í 3 mánuði má krefjast vátryggingarfjárins, þó skiptapinn sé eigi sannaður á annan hátt. Komi síðar í ljós, að hið tryggða hefur bjargazt að nokkru eða öllu leyti, verður það eign vátryggjenda.

Reglugerð þessi er hér með sett samkv. lögum nr. 61 31. maí 1947, um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 28. júní 1947.

Jóhann Þ. Jósefsson.

Gunnl. E. Briem.

REGLUR

114
30. júní

um veitingu einkarafstöðvalána úr raforkusjóði.

1. gr.

Úr raforkusjóði má veita lán, samkvæmt 3. tölulið 35. gr. raforkulaganna, allt að kr. 150 000 samtals á hverju almanaksári. Slík lán verða hér eftir í reglum þessum nefnd einkarafstöðvalán.

2. gr.

Umsókn um einkarafstöðvalán sendist raforkumálastjóra. Umsókninni fylgi áætlun með uppdráttum og lýsingu á verkinu. Raforkumálastjóri rannsakar áætlunina og kynnir sér staðhætti til að geta dæmt um hvort virkjunartilhögun er skynsamleg og heppileg og áætlun rétt. Hann setur skilyrði um tilhögun virkjunarinnar og framkvæmd verksins. Hann gengur úr skugga um, hvort fullnægt er skilyrðum raforkulaganna og þessara reglna, um lánveitingu til virkjunarinnar.

3. gr.

Raforkumálastjóri gerir, að framkvæmdri rannsókn og að fenginni umsögn raforkuráðs, tillögur til ráðherra um veitingu einkarafstöðvalána úr raforkusjóði.

4. gr.

Að fenginni skriflegri heimild frá ráðherra í hvert sinn eða samkv. fyrirmælum hans, veitir raforkumálastjóri einkarafstöðvalán úr raforkusjóði meðan upphæð sú endist, sem um ræðir í 1. gr., og skal lántaki gefa út og undirrita skuldabréf, þar sem fram er tekið, til hvaða tíma lánið er veitt og með hvaða kjörum. Skal skuldabréfið, ásamt bréfi ráðherra, svo og umsókn, áætlun og öðrum skilríkjum, geymast í skjalasafni sjóðsins og vaxta- og afborganagreiðslur færast inn í skuldabréfið jafnóðum og greiðslur fara fram.

5. gr.

Vextir af einkarafstöðvalánum skulu vera 2% og greiðist eftir á árlega. Lánin mega vera afborganalaus fyrstu tvö árin, en greiðist síðan upp með jöfnum afborgunum á 15 árum, eða fyrr, ef lántakandi óskar.

6. gr.

Lánið kemur ekki til útborgunar fyrr en byggingu rafstöðvarinnar er lokið og hún hefur verið tekin út af raforkumálastjóra eða fulltrúa hans, og gengið er úr skugga um að stöðin fullnægi settum skilyrðum.

7. gr.

Lánið má nema allt að ⅔ stofnkostnaðar vatnsaflsstöðvarinnar og rafmagnslínu þaðan heim að húsvegg, enda sé stofnkostnaður hæfilegur að dómi raforkumálastjóra.

8. gr.

Til tryggingar skilvísri greiðslu vaxta og afborgana skal lántaki, auk veðs í rafstöðinni, leggja fram tryggingu, sem raforkumálastjóri tekur gilda.

114 30. júní Reglur þessar eru hér með settar samkvæmt raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast þegar gildi.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 30. júní 1947.

Bjarni Ásgeirsson.

Páll Pálmason.

115 30. júní

AUGLÝSING

um breytingar á reglugerð fyrir vatnsveitu Siglufjarðar, nr. 131 25. júlí 1941.

8. gr. 1. málsgrein orðist svo:

Vatnsskattur skal greiddur af öllum húsum með 4‰ af fasteignamatsverði húsanna. Af verksmiðjum eða húsum, þar sem fram fer atvinnurekstur, sem mikið vatn útheimtir, skal greiða 1% af fasteignamatsverði, ef ekki er greitt sérstakt gjald fyrir þá notkun.

9. gr. orðist svo:

Af hverri tunnu grófsaltaðrar síldar greiðist 10 aurar í vatnsgjald. Af hverri tunnu sérverkaðrar síldar greiðist 20 aurar. Af hverri tunnu flakaðrar síldar greiðist 50 aurar. Af hverjum 100 kg af söltuðum, frystum eða ísuðum fiski greiðist 6 aurar. Af hverri tunnu af söltuðum flökuðum fiski greiðist 20 aurar. Af hverjum 100 kg af hraðfrystum fiskflökum greiðist 30 aurar.

Vatnsskattsskylda framleiðslu má eigi flytja burt af framleiðslustaðnum fyrr en vatnsskattur af hendi er greiddur, að viðlögðum sektum, samkv. 16. og 18. gr. reglugerðarinnar, ef út af bregður.

10. gr. orðist svo:

Þegar um fyrirtæki er að ræða, sem nota mikið vatn, s. s. síldarverksmiðjur, getur bæjarstjóri ákveðið að selja því vatn um mæli, og kostar þá smálestin 30 aura.

Sem lágmarksgjald ber verksmiðjunum að greiða kr. 800 fyrir hverja 1000 mála vélasamstæðu, sem verksmiðjurnar geta annað og tengdar eru við vatnsæð veitunnar.

Þegar ákveðið hefur verið að selja vatn um mæli, ber viðkomandi notanda að útvega sér mæli og annast sjálfur viðhald hans. Vanræki vatnsnotandi að fá sér mæli eða að annast viðhald hans, skal vatnsgjald til síldarverksmiðja vera 5 aurar fyrir hvert mál síldar, er verksmiðjurnar hafa tekið á móti til bræðslu.

Ef vatnsnotandi óskar þess, skal vatnsveitan kaupa fyrir hann vatnsmæli.

12. gr. orðist svo:

Fyrir vatn til skipa skal gjalda 15 kr. fyrir eina smálest eða hluta úr smálest. Taki skip meira en eina smálest, skulu þau greiða 5 kr. fyrir hverja smálest umfram þá fyrstu. Ef um vatnskaup í stórum stíl er að ræða, er bæjarstjóra heimilt að veita afslátt, þó aldrei meira en 25%.

Skip, sem vatnsveitan hefur afhent vatn, má ekki, að viðlögðum sektum, fara af höfninni fyrr en vatnið er greitt, nema gjaldfrestur hafi verið veittur.

Reglugerðarbreyting þessi, sem bæjarstjórn Siglufjarðar hefur samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög um aðstoð til vatnsveitna nr. 93 5. júní 1947, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt eru úr gildi felldar breytingar á áðurnefndri reglugerð, samkvæmt auglýsingu nr. 188 25. sept. 1945. 115 30. júní

Félagsmálaráðuneytið, 30. júní 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón S. Ólafsson.

REGLUGERÐ

116 1. júlí

um viðauka við reglugerð nr. 49 3. marz 1945, um skömmtun á erlendu smjöri.

1. gr.

Auk þeirrar skömmtunar á erlendu smjöri, sem áður hefur verið ákveðin, skal afhenda hverjum manni innkaupaheimild fyrir einu kílógrammi af smjöri fyrir mánuðina júlí, ágúst og september 1947, og gildir sú innkaupaheimild til 30. sept. n. k., og eiga við um hana allar sömu reglur og aðrar innkaupaheimildir, sem gefnar hafa verið út í þessu skyni.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 37 12. júní 1939, sbr. lög nr. 59 7. maí 1940.

Viðskiptamálaráðuneytið, 1. júlí 1947.

Emil Jónsson.

Jón Guðmundsson.

REGLUGERÐ

117 1. júlí

um héraðssundlaug í Laugaskarði í Hveragerði.

1. gr.

Eigendur héraðssundlaugarinnar í Laugaskarði í Hveragerði eru Hveragerðishreppur, Ölfushreppur og Ungmennafélag Ölfusinga.

2. gr.

Sundlaugin skal rekin sem fjárhagslega sjálfstætt fyrirtæki.

3. gr.

Fimm manna nefnd annast rekstur laugarinnar. Hreppsnefnd Ölfushrepps og hreppsnefnd Hveragerðishrepps kjósa sinn manninn hvor í nefndina og Ungmennafélag Ölfusinga einn. Sömu aðilar kjósa þrjá varamenn. Skólastjóri garðyrkjuskólans að Reykjum í Hveragerði á sæti í nefndinni, en menntamálaráðuneytið skipar fimmta nefndarmanninn og varamann hans. Starfstímabil sundlaugarnefndar skal vera hið sama og kjörtímabil hreppsnefndanna.

Nefndin skiptir sjálf með sér störfum.

4. gr.

Sundlaugarnefnd ber ábyrgð á rekstri laugarinnar gagnvart eigendum.

117 5. gr.

1. júlí Hlutverk sundlaugarnefndar er einkum að

a) skipuleggja afnot af lauginni,
b) lána laugina til sundmóta og kappleika.
c) ráða nauðsynlegt starfslið,
d) ákveða kaup áhalda, viðhald og endurbætur á eigninni, eftir því sem æskilegt þykir og fjárhagur leyfir,
e) ákveða afnotagjald,
f) annast fjárreiður allar og reikningsskil.

6. gr.

Nefndinni ber að halda glögga og nákvæma gerðabók um störf sín.

7. gr.

Sundlaugina má einungis nota til íþróttaiðkana. Jafnan skulu skólar í Hveragerðis- og Ölfushreppi og Ungmennfélag Ölfusinga eiga forgangsrétt að notkun laugarinnar. Skólastjórar nefndra skóla skulu ávallt hafðir með í ráðum, þegar ákveðinn er tími sá, sem skólarnir fá til umráða í lauginni.

8. gr.

Daglegt eftirlit skal forstöðumaður sundlaugarinnar annast. Ber honum að sjá um, að umgengni sé góð, fyllsta hreinlætis gætt í hvívetna, hiti hæfilegur í baðklefum, vatn laugarinnar jafnan hreint og hæfilega heitt o. s. frv. Hann skal og annast baðvörzlu, ræsting baðklefa og búningsherbergja, þvott á skýlum og handklæðum, ræsting laugarþróarinnar o. s. frv. Nánar skal kveða á um starfssvið hans í erindisbréfi, er sundlaugarnefnd setur.

9. gr.

Almanaksárið skal vera reikningsár stofnunarinnar. Reikningar skulu endurskoðaðir á sama hátt og hreppsreikningar. Senda skal íþróttanefnd ríkisins afrit af ársreikningum jafnskjótt og endurskoðun þeirra er lokið og hreppsnefndir Hveragerðis- og Ölfushrepps og stjórn Ungmennafélags Ölfusinga hafa samþykkt þá.

10. gr.

Rekstrarhagnaði sundlaugarinnar skal verja henni til viðhalds og endurbóta. Rekstrarhalla greiða eigendur að jöfnu.

11. gr.

Ef Ungmennafélag Ölfusinga hættir störfum, skiptist eignarhluti þess í sundlauginni að jöfnu milli Hveragerðishrepps og Ölfushrepps.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt 9. gr. íþróttalaga nr. 25 frá 12. febrúar 1940, til þess að öðlast gildi nú þegar.

Menntamálaráðuneytið, 1. júlí 1947.

Eysteinn Jónsson.

Birgir Thorlacius.

BRÁÐABIRGÐAGJALDSKRÁ

118
1. júlí

fyrir Rafveitu Hveragerðis.

Um heimtaugagjald.

1. gr.

Af hverri húsveitu, sem tengd er við taugakerfi rafveitunnar, skal greiða heimtaugagjald. Skal það vera sem hér segir:

1. Grunngjald fyrir hverja loftlínuheimtaug kr. 400.—
2. Grunngjald fyrir hverja jarðlínuheimtaug kr. 600.—

Auk þess grunngjalds skal greiða kr. 10.00 af hverju þúsundi króna af brunabótamati húsa og mannvirkja. Hálfu þúsundi eða minna í brunabótamati skal sleppa í útreikningi þessum, en ella hækka upp í heilt þúsund.

Ef brunabótamat á húsi er gamalt getur rafveitustjóri eða hreppsnefnd samræmt það nýju mati og miðað heimtaugargjaldið við það. Láti húseigandi meta húsið á ný skal þó heimtaugargjaldið miðast við það mat.

2. gr.

Húseigandi greiðir grunngjald heimtaugar um leið og heimtaugaruppsetningu er lokið. Hinn hluti heimtaugagjaldsins fellur í gjalddaga, þegar brunabótamat hússins hefur verið framkvæmt.

3. gr.

Sá lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 25 metrar, og loftlínuheimtaugar meiri en 60 metrar, og (eða) gildleiki víra meiri en 3×70 qmm., skal húseigandi greiða kostnað af því, sem fram yfir er.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að húsinu, skal greiða allan kostnað við síðari heimtaug eftir reikningi.

Bráðabirgðagjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 1. júlí 1947.

Bjarni Ásgeirsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

119 9. júlí **Staðfesting forsetans** á skipulagsskrá fyrir „Nemendasjóð Verzlunarskóla Íslands", útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 9. júlí 1947. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Nemendasjóð Verzlunarskóla Íslands.

(Stofnaður 28. apríl 1908)

1. gr.

Sjóðurinn heitir Nemendasjóður Verzlunarskóla Íslands.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja þá nemendur Verzlunarskóla Íslands, sem af einhverjum ástæðum skortir fé til þess að halda áfram námi við skólann.

3. gr.

Stjórn MFVÍ hefur á hendi stjórn sjóðsins og úthlutar styrkjum úr honum í samráði við skólastjóra.

4. gr.

Ætlast er til, að styrkþegar endurgreiði styrki þá, er þeir hafa hlotið úr sjóðnum, ef þeir verða þess síðar megnugir.

5. gr.

Í sjóðinn falla:

a) tillög þau, sem nemendur greiða til hans ár hvert af frjálsum vilja eða eftir samþykkt fundar í MFVÍ.
b) hagnaður af skemmtunum þeim, sem nemendur halda til styrktar sjóðnum.
c) tillög og gjafir, sem aðrir kynnu að vilja leggja til hans.

6. gr.

Gjaldkeri MFVÍ skal vera gjaldkeri sjóðsins, og skal hann á aðalfundi ár hvert leggja fram reikninga sjóðsins endurskoðaða af endurskoðanda skólans.

7. gr.

Sjóðinn skal vaxta við Sparisjóðsdeild Landsbanka Íslands.

8. gr.

Skipulagsskrá þessari má aðeins breyta á aðalfundi MFVÍ og þá því aðeins, að ⅔ fundarmanna séu því samþykkir.

9. gr.

Með skipulagsskrá þessari falla úr gildi eldri ákvæði, sem kunna að vera til um Nemendasjóð Verzlunarskólans.

Þannig samþykkt af fundi höldnum í MFVÍ 25. febrúar 1947.

Sigurður Kristinsson, varaformaður.	**Ólafur Sigurðsson,** gjaldkeri.	**Eyþór Árnason,** ritari.

REGLUGERÐ

120
10. júlí

um Rafveitusjóð Rangárvallasýslu.

1. gr.

Til þess að standa straum af héraðsframlagi til héraðsrafmagnsveitna ríkisins í Rangárvallasýslu og stuðla að því á annan hátt, að fullnægt verði þörfum íbúa sýslunnar á raforku, stofnar sýslan sjóð, er nefnist Rafveitusjóður Rangárvallasýslu.

2. gr.

Í rafveitusjóð skulu renna:

a. Heimtaugagjöld samkvæmt 4. og 5. gr. þessarar reglugerðar;
b. hluti Rangárvallasýslu af tekjuafgangi héraðsrafmagnsveitna ríkisins samkvæmt 30. gr. raforkulaganna;
c. vextir af fé sjóðsins.

Sjóðnum má enn fremur afla tekna,

d. með niðurjöfnun á hreppsfélög sýslunnar, allt að 5 af hverju þúsundi af virðingarverði skattskyldra fasteigna, samkvæmt fasteignamati, og
e. á hvern þann hátt annan, sem sýslunefnd ákveður og lög heimila.

3. gr.

Sýslunefnd getur tekið lán handa rafveitusjóði, ef gjöld sjóðsins verða í bili meiri en tekjur hans hrökkva fyrir, en vextir og afborganir af þeim lánum teljast síðan til gjalda sjóðsins.

4. gr.

Hver sá, er óskar eftir að kaupa rafmagn úr fyrirhugaðri héraðsrafveitu ríkisins í sýslunni, skal hafa greitt heimtaugargjald í rafveitusjóð áður en lagning veitunnar er hafin, eða gert skriflegan samning um greiðslu þess og má krefjast þess að trygging verði sett fyrir greiðslunni.

Upphæð heimtaugagjalds ákveðst samkvæmt fyrirmælum 5. greinar.

5. gr.

Heimtaugagjald hvers rafmagnskaupanda skal vera 57 af hverju hundraði af samanlögðu fasteignamatsverði lands og húsa, að við bættum 2000.00 krónum, enda sé samanlögð lengd háspennu og lágspennulínu hinnar fyrirhuguðu veitu ekki yfir 1 km á hvern rafmagnskaupanda að meðaltali.

Fari línulengd fram úr því, skulu heimtaugagjöld rafmagnskaupanda hinnar fyrirhuguðu veitu hækka samtals sem nemur áætluðu kostnaðarverði af þeim línum, sem fram yfir eru, og skal kostnaðarverðinu deilt jafnt á alla kaupendurna, nema samkomulag verði með þeim um aðra skiptingu sín á milli.

6. gr.

Oddviti sýslunefndar hefur allt bókhald, fjárreiður og innheimtu fyrir rafveitusjóð. Hann semur árlega reikning rafveitusjóðsins.

Skal reikningur undanfarins árs lagður fram á sýslufundi til samþykktar og gilda þar um sömu reglur, sem um sýslusjóðsreikninginn. Á sýslufundi skal semja áætlun um tekjur og gjöld rafveitusjóðs yfirstandandi árs. Skal oddviti sýslunefndar leita tillagna raforkumálastjóra um lagningu nýrra héraðsrafmagnsveitna og aukn-

120 ingar eldri veitna í sýslunni á hverju ári nægilega snemma, til þess að leggja þær
10. júlí fyrir fundinn.

Framlag til héraðsrafmagnsveitu getur sýslunefndin bundið við ákveðið mannvirki.

Afrit af rafveitusjóðsreikningi og áætlun um tekjur og gjöld skal oddviti sýslunefndar senda raforkumálastjóra að afstöðnum sýslufundi.

7. gr.

Úr rafveitusjóði má ekki greiða styrk til annarrar héraðsrafmagnsveitu í sýslunni en héraðsrafmagnsveitu ríkisins, nema veitan hafi reglugerð, staðfesta af ráðherra, er heimili henni að njóta styrks úr rafveitusjóði sýslunnar, og rafmagnsnotendur hennar greiði sjóðnum heimtaugargjald samkvæmt 4. og 5. gr. þessarar reglugerðar.

8. gr.

Ef einstakir bændur í sýslunni eða fleiri saman reisa vatnsaflsrafstöðvar til heimilisnota utan þess svæðis, sem héraðsrafmagnsveitum er ætlað að ná til í náinni framtíð, má veita þeim lán úr rafveitusjóði allt að ⅔ kostnaðar með 2% vöxtum til 15 ára, enda séu stöðvarnar vel gerðar að dómi raforkumálastjóra.

Umsóknir um lán úr sjóðnum sendist oddvita sýslunefndar, en sýslunefnd ákveður lánveitingar.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Rangárvallasýslu hefur samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 10. júlí 1947.

Bjarni Ásgeirsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

121 **SAMÞYKKTIR**
11. júlí

fyrir sparisjóð Hellissands og nágrennis, Hellissandi.

I. Stofnun, nafn, ábyrgð og stjórn sjóðsins.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Sparisjóður Hellissands og nágrennis, og skal heimili hans of varnarþing vera í kauptúninu Hellissandi í Snæfellsnessýslu.

2. gr.

Ábyrgðarmenn sjóðsins skulu aldrei vera færri en 15 og þeir skulu allir vera búsettir í Neshreppi. Skal stjórn sjóðsins vera skylt að gera það, sem í hennar valdi stendur, til að sjá um að ábyrgðarmenn verði aldrei færri. Sérhver ábyrgðarmaður ábyrgist með allt að tvö hundruð og fimmtíu krónum, að sjóðurinn standi í skilum. Ábyrgð getur eigi fallið niður, nema fyrir andlát, burtflutning úr lögsagnarumdæminu, missi fjárforræðis, gjaldþrot, nauðasamninga, eða ef maður verður öreigi á annan hátt.

121

11. júlí

3. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn. Skulu tveir þeirra kjörnir á aðalfundi úr flokki ábyrgðarmanna, en sá þriðji af sýslunefnd Snæfellsness- og Hnappadalssýslu á sama tíma, og gildir kosning þeirra allra til eins árs. Hlutfallskosningu skal við hafa, ef þess er óskað. Stjórnarnefndarmenn má endurkjósa, en hafi þeir setið í stjórninni í fjögur ár samfleytt, er þeim ekki skylt að taka við kosningu fyrr en að fjórum árum liðnum. Stjórnin kýs formann úr sínum flokki. Deyi stjórnarnefndarmaður, kjörinn af ábyrgðarmönnum, flytji burt úr héraðinu eða falli ábyrgð hans niður á annan lögmætan hátt, skal þegar í stað kalla saman fund ábyrgðarmanna og kjósa þeir annan í hans stað fyrir það, sem eftir er af kjörtímabilinu. Deyi stjórnarnefndarmaður, kjörinn af sýslunefnd, eða verði á annan lögmætan hátt óhæfur til að gegna stjórnarstörfum, skal tafarlaust beiðast þess, að sýslunefnd kjósi annan í hans stað. Ekki má stjórnin reka eigin lánastarfsemi eða aðra atvinnu, er komið geti í bága við hagsmuni sjóðsins.

Stjórn sparisjóðsins ræður starfsmenn hans og hefur umsjón með öllum framkvæmdum sjóðsins.

Birta skal í blaði því, er flytur stjórnarvaldaauglýsingar, hverjir séu stjórnendur sjóðsins og starfsmenn og hverjir geti undirritað kvittanir og aðrar yfirlýsingar, svo að skuldbindandi sé fyrir sjóðinn gagnvart viðskiptamönnum hans.

Stjórnendur sjóðsins bera einn fyrir alla og allir fyrir einn ábyrgð á því, að ekkert af fé sjóðsins fari forgörðum fyrir hirðuleysi. Tapist eitthvað af fé sjóðsins fyrir handvömm eða óráðvendni sparisjóðsstjórnar, eða einhverra starfsmanna sjóðsins, endurskoðunarmanna eða annarra, er við hann eru riðnir, skal hlutaðeigendum skylt að bæta skaðann, ef krafizt er, og sæti þeir auk þess hegningu, eins og lög standa til um sýslunarmenn hins opinbera.

4. gr.

Stjórnendur sjóðsins og starfsmenn mega ekki sjálfir taka lán úr sjóðnum. Eigi mega þeir heldur ábyrgjast lán úr honum fyrir aðra.

5. gr.

Tilkynna skal stjórnarráðinu tafarlaust, hverjir kosnir eru í stjórn sjóðsins.

6. gr.

Við sparisjóðinn skulu vera a. m. k. tveir starfsmenn, féhirðir og bókari. Það skal jafnan vera aðalreglan, að eigi má greiða neina upphæð úr sjóðnum né í hann, nema tveir af starfsmönnum hans eða stjórnendum séu viðstaddir og riti þeir upphæðina tafarlaust í bækur sjóðsins, hvor um sig. Þó má féhirðir veita móttöku greiðslum í sjóðinn án þess að annar starfsmaður sé viðstaddur, en þá skal hann tafarlaust rita greiðsluna inn í bækur sjóðsins. Sömuleiðis getur féhirðir greitt fé úr sjóðnum gegn ávísun formanns, þó aðrir starfsmenn séu ekki viðstaddir.

Heimilt er að stjórnin hafi störf þessi með höndum.

Aðalfundur ákveður þóknun til starfsmanna fyrir eitt ár í senn, að fengnum tillögum stjórnarinnar.

Starfsmenn sjóðsins skulu ráðnir til eigi skemmri tíma en eins árs í senn og er stjórninni heimilt að segja þeim upp starfinu eða víkja þeim frá fyrirvaralaust, ef henni virðast nægar sakir til þess.

Skal formaður þá kalla saman fund ábyrgðarmanna þegar í stað og leggur sá fundur fullnaðarúrskurð á málið.

121 7. gr.
11. júlí Féhirðir skal setja tryggingu fyrir fé því, sem honum er trúað fyrir. Stjórnarráðið ákveður fjárhæð tryggingar að fengnum tillögum sparisjóðsstjórnar.

8. gr.

Sérhverja greiðslu í sjóðinn og úr honum skal tafarlaust skrá í dagsjóðbókina og aðrar þær bækur, sem greiðslan á heima í. Greiðslu afborgana og vaxta af lánum skal jafnan rita á hlutaðeigandi skuldabréf. Afborgun af víxli skal einnig tafarlaust skrá á víxilinn.

9. gr.

Allar bækur sjóðsins skulu skýrt og greinilega færðar og allar fjárhæðir þannig ritaðar, að enginn vafi geti á því leikið, hver upphæðin er. Sé einhverri tölu breytt sakir skakkrar innfærslu, skal breytingin þannig gerð, að sjá megi hverju breytt hafi verið. Dagsetningar sé greinilega getið við hverja einstaka greiðslu.

10. gr.

Stjórnarfundir skulu haldnir svo oft, sem þurfa þykir, og ákveður stjórnin hvernig skuli haga daglegri starfrækslu sjóðsins.

11. gr.

Eigi síðar en í aprílmánuði ár hvert, skal aðalfundur haldinn og boðar formaður hann öllum ábyrgðarmönnum sex dögum fyrir fundinn.

Skulu þar lagðir fram reikningar sjóðsins fyrir næstliðið almanaksár, með athugasemdum endurskoðenda og svörum stjórnar og leggur fundurinn úrskurð á þá. Aukafundi boðar formaður á sama hátt, þegar honum þykir þörf á, eða minnst fimm ábyrgðarmenn æskja þess. Fundurinn er lögmætur þegar minnst 8 af ábyrgðarmönnum mæta. Mæti eigi 8 af ábyrgðarmönnum, skal boða fund að nýju á sama hátt, og er hann þá lögmætur hversu fáir sem mæta. Á fundinum ræður afl atkvæða. Þó má eigi gera breytingar á samþykktum sparisjóðsins nema ⅔ hlutar fundarmanna á lögmætum fundi samþykki.

II. Um innlög í sjóðinn, inn- og útborgun, vexti og vaxtagreiðslur o. fl.

12. gr.

a. Innlög eru tekin í gjaldgengum peningum og eigi minni en tíu krónur í senn.
b. Það, sem lagt er inn í sjóðinn, færist inn í innstæðubók og fær hver innlagsmaður reikning.
c. Sem skírteini fyrir innstæðu fær hver innlagsmaður viðskiptabók með sömu yfirskrift og einkennistölu og í innstæðubók stendur. Á bókina skal letrað, að samþykktir sjóðsins, gildandi lög og reglugerðir sparisjóðsins, séu til athugunar á skrifstofu sparisjóðsins og geti innstæðueigendur fengið þær þar, ef þeir óska. Eigandi greiðir andvirði sparisjóðsbókarinnar til sparisjóðsins, þegar hann leggur inn í hana í fyrsta sinn.
d. Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, má neita viðtöku á fé í sjóðinn eða gera að skilyrði, að féð skuli standa óhreyft að minnsta kosti eitt ár, en þá skal meiri hluti stjórnarinnar vera á því máli.
e. Sparisjóðurinn getur neitað einstökum viðskiptamönnum um að hafa hærri innstæðu en 10 þúsund krónur.
f. Um eigur manns í sparisjóðnum verður eigi sagt öðrum en þeim, sem lögum samkvæmt geta krafizt þess.

13. gr.

Upphæð innlánsvaxta ákveður sparisjóðsstjórnin á hverjum tíma í samræmi við ákvæði gildandi laga. Vextir af innstæðu skulu reiknaðir út að fullu og færðir í bækur sjóðsins við hver árslok. Í innstæðubókinni skulu vextir hvers innstæðueiganda þá lagðir við höfuðstól á reikning hans. Vextir reiknast eftir mánuðum þrítugnættum og gjaldast vextir í eigi minni hlutum en heilum eyri.

Af upphæðum, sem nema fimm hundruðum króna og þar yfir, er sjóðnum eigi skylt að greiða vexti, þegar upphæðir þessar standa skemur en tvo mánuði í sjóðnum. Í fyrsta sinn sem viðskiptabók er sýnd eftir hver áramót, skulu vextirnir færðir í hana og skal þess þá nákvæmlega gætt, að upphæð innstæðufjár, að meðtöldum vöxtum í viðskiptabókinni, beri saman við það sem innstæðubókin telur. Finnist skekkja í vaxtareikningi, eftir að vextirnir hafa verið skráðir í innstæðubókina má eigi breyta hinni skráðu vaxtaupphæð, en leiðrétta skal skekkjuna þá er hún finnst.

14. gr.

Af fé, sem sparisjóðurinn ávaxtar með sparisjóðskjörum, verður greitt það, sem menn óska, án uppsagnarfrests, þegar stjórn sjóðsins sér það fært, en heimta má að upphæðum frá 100 krónum til 300 krónum sé með viku fyrirvara sagt upp og upphæðum þar yfir með tveggja mánaða fresti. Án tveggja mánaða frests er eigi skylt að borga meir en 500 krónur á mánuði hverjum úr sömu viðskiptabók.

15. gr.

Aldrei má greiða neina upphæð af sparisjóðsinnstæðufé, nema því aðeins að viðskiptabókin sé sýnd og skal þá upphæðin jafnframt skráð í hana. Skulu starfsmenn sjóðsins gæta þess nákvæmlega að þetta sé gert og skulu í því skyni í hvert sinn bera greiðslu þá, sem skráð var í viðskiptabókina, saman við fjárhæð þá, sem skráð er í bækur sjóðsins. Ef sparisjóðurinn tekur við innlögum með þeim kjörum, að hægt sé að hefja innstæðuna með tékka, án þess að viðskiptabókin sé sýnd, skal greinilega letrað á bókina að hún sýni eigi ávallt rétta innstæðu og sé því ekki veðhæf.

Það er ekki á ábyrgð sparisjóðsins, þótt handhafi viðskiptabókar hafi eigi haft löglega heimild frá eiganda hennar til að fá útborgað fé það, er viðskiptabókin hljóðar um, eða eitthvað af því.

Þegar innlögum er veitt móttaka, án þess að viðskiptabók sé sýnd, skal gefa sérstaka kvittun fyrir innlögum, og skal þess getið í kvittuninni, að hún gildi aðeins þangað til upphæðin verði rituð í viðskiptabók innstæðueiganda, en það skal gert næst þegar viðskiptabókin er sýnd í sparisjóðnum. Þess skal enn fremur getið á hlutaðeigandi reikningi í innstæðubók, um leið og greiðslan er skráð þar, að viðskiptabókin hafi ekki verið sýnt, en aðeins sérstök kvittun gefin. Við samanburð innstæðubókar og viðskiptabókar þegar hún er sýnd næst á eftir, skal það athugað, að innlögin séu skráð í viðskiptabókina, en kvittun sé ógild orðin.

16. gr.

Innstæðufé og vextir greiðast út úr sjóðnum í gjaldgengri mynt, bankaávísunum eða seðlum og tilfærist útborgun í reikning eiganda í innstæðubókinni. Greiðist innstæðan að fullu skal skila viðskiptabókinni aftur, án endurgjalds og glatist viðskiptabók verður farið með hana eftir þar um gildandi lögum.

17. gr.

Ef eigandi innstæðufjár eða erfingjar hans vitja eigi sjóðsins í fimmtán ár, til að taka við vöxtum eða segja upp höfuðstól, og eigi heldur innan sex mánaða

121 11. júlí eftir áskorun í blaði því, er flytur stjórnarvaldaauglýsingar, er öll innstæðan, ásamt vöxtum orðin eign sparisjóðsins.

18. gr.

Innstæðufé getur sparisjóðurinn sagt lausu með þriggja mánaða fresti. Skal annaðhvort rita uppsögnina í sparisjóðsbókina eða gefa út auglýsingu um hana, er sé birt í blaði því í Reykjavík, sem stjórnarvaldaauglýsingar skulu birtar í. Eftir gjalddaga eru engir vextir greiddir af því, sem upp er sagt.

19. gr.

Ársarð allan af rekstri sparisjóðsins, að kostnaði og vöxtum frádregnum, skal leggja í varasjóð. Tjón, er sparisjóðurinn kann að verða fyrir og ársarður hrekkur eigi til að greiða, skal greiða úr varasjóði, en eigi má greiða þaðan annað, nema því aðeins að varasjóður nemi að minnsta kosti 10% af sparisjóðsinnstæðufénu samanlögðu. Þegar svo er komið hag varasjóðs, getur stjórnarráðið samþykkt, eftir tillögum sparisjóðsstjórnarinnar, að verja megi fé úr sjóðnum til nytsamlegra fyrirtækja í almenningsþarfir í héraðinu.

20. gr.

Varasjóður sparisjóðsins skal vera í tryggum og auðseljanlegum verðbréfum eða inneign hjá Landsbankanum. Þó er eigi skylt að koma meira af varasjóði svo fyrir, en að nemi 5% af samanlögðu innstæðufé sjóðsins eins og það var í árslok næst á undan. Nú ber svo við, að stjórn sjóðsins neyðist til að grípa til fjár þessa, vegna ófyrirsjáanlegra útborgana, og er henni þá skylt, svo fljótt sem verða má, að koma því í samt lag aftur.

III. Um útlán.

21. gr.

Eignir sjóðsins skal ávaxta:

a. Með því að kaupa ríkisskuldabréf eða önnur skuldabréf, sem álíta má jafngóð;
b. með því að lána fé til einstakra manna gegn áreiðanlegu fasteignaveði í hæsta lagi ⅔ af virðingarverði því, er lögskipaðir virðingarmenn meta eða gegn sjálfskuldarábyrgð einstakra manna eða félaga. Sjálfskuldarábyrgðarlán úr sjóðnum til einstakra manna má því aðeins veita til lengri tíma en eins árs, að þau séu afborgunarlán með árlegri afborgun, og sé láninu fullkomlega lokið innan tíu ára frá lánveitingunni;
c. með því að kaupa víxla, sem sparisjóðsstjórnin álítur trygga;
d. á hvern annan hátt, er stjórn sjóðsins telur heppilegan.

22. gr.

Sparisjóðurinn áskilur sér forvexti af útlánum. Vextir skulu ávallt greiddir eigi síðar en á gjalddaga, en bregðist það, greiði skuldunautur 1% árlega dráttarvexti um þann tíma, sem dregizt hefur að borga fram yfir gjalddaga.

23. gr.

Aldrei má veita lán úr sjóðnum nema meiri hluti sparisjóðsstjórnar sé því samþykkur og hafi ákveðið hámark lánsupphæðar.

Sparisjóðurinn skal, til þess það sé tryggt, að hann geti hvenær sem er fullnægt skyldum sínum um greiðslu á innlánsfé, eiga í sjóði, innstæðu í banka, sem ríkið ábyrgist, og í tryggum, auðseljanlegum verðbréfum, minnst 1/10 af innlánsfénu. Sjóður og bankainnstæða mega þó aldrei vera minni en 7% af innlánsfénu.

Komi það fyrir, að stjórn sparisjóðsins neyðist til þess að grípa til þess fjár vegna fyrirsjáanlegra útborgana, er henni skylt, svo fljótt sem verða má, að koma því í samt lag eftir. Sé það ekki gert innan tveggja mánaða skal sparisjóðsstjórnin tilkynna sparisjóðseftirlitinu það, sem í samráði við stjórnina ákveður, hvenær skuli í síðasta lagi búið að leiðrétta það. Þegar verðbréf, sem sparisjóðurinn kaupir, hljóða á nafn eða handhafa, skal tafarlaust láta nafnskrá bréfin sem eign sparisjóðsins. Verðbréfaeign sjóðsins má því aðeins skerða, að meiri hluti sparisjóðsstjórnar samþykki. 121 11. júlí

24. gr.

Án samþykkis allrar sparisjóðsstjórnarinnar má sparisjóðurinn ekki taka lán til annars en þess, að fullnægja skuldbindingum sínum gagnvart innstæðueigendum. Aldrei má sparisjóðurinn taka lán, nema meiri hluti sparisjóðsstjórnar hafi ákveðið það.

Nú veðsetur sparisjóðurinn skuldabréf sín eða verðbréf, sem handveð til tryggingar slíkum lánum, og skal þess þá nákvæmlega gætt, að jafnan séu í vörzlum sparisjóðsins fullgild skírteini frá lánveitanda fyrir geymslu veðsins. Skulu bækur sjóðsins einnig ljóslega bera með sér, hvar bréfin eru geymd og hver þau séu.

25. gr.

Eigi má sparisjóðurinn gefa út handhafaávísun á sjálfan sig.

IV. Um reikninga sjóðsins.

26. gr.

Reikningsár sparisjóðsins skal vera almanaksárið og skal ársreikningur hans ávallt vera saminn og lagður fram á skrifstofu sjóðsins fyrir lok marzmánaðar ár hvert.

27. gr.

Ársreikningurinn skal þannig gerður, að af honum sjáist glöggt:

1. Hversu mikið alls hefur verið greitt í sjóðinn og úr honum á árinu. Skal í því efni saminn reikningur yfir allar innborganir í sjóðinn og útborganir úr honum, og sé þar greint, hver sjóðfordinn hafi verið í ársbyrjun og við árslok;
2. hverjar tekur hann hafi haft á árinu og hver útgjöld hans hafi verið, einnig skal tilfæra tap það, er hann kann að hafa beðið á árinu. Skal í þessu skyni semja reikning yfir rekstur sjóðsins;
3. hverjar séu eignir sjóðsins í árslokin og hverjar skuldir eða skuldbindingar hvíli á honum. Til þess að þetta sjáist glöggt, skal semja nákvæman efnahagsreikning fyrir sjóðinn, eins og hagur hans stóð í árslok.

28. gr.

Semja skal við hver árslok sundurliðaða skrá yfir inneign allra innstæðueigenda að meðtöldum vöxtum. Skal tala innstæðueigenda (viðskiptabóka) nákvæmlega sjást af skrá þessari. Einnig skal semja sundurliðaða skrá yfir öll þau útlán, er sjóðurinn á útistandandi, bæði fasteignaveðslán, sjálfskuldarábyrgðarlán og handveðslán. Skal semja sérstaka skrá yfir hvern flokk lánanna. Skrár þessar skulu bera með sér, fyrir hvaða tímabil vextir eru greiddir af hverju einstöku láni, svo að glöggt sjáist, hversu mikið er greitt fyrirfram af vöxtum, og eins af hverjum lánum vextir eru vangoldnir. Enn fremur skal semja sundurliðaða skrá yfir víxla þá, er sparisjóðurinn kann að eiga í árslok og eigi eru innleystir. Gjalddagi víxlanna sé tilgreindur á skránni. Skal sjást á skránni hvernig víxilréttar hefur verið gætt. Á öllum þessum skrám skal geta nafns hvers innstæðu eiganda eða lántakanda, svo og einkennistölu.

121 11. júlí

Loks skal semja sundurliðaða skrá yfir allar aðrar eignir sjóðsins, svo og yfir skuldir þær, er hann er í við aðra.

29. gr.

Skylt er sparisjóðnum að hafa reikninga sína jafnan í því formi, er fyrirmyndir stjórnarráðsins sýna.

V. Um endurskoðun.

30. gr.

Til að rannsaka reikninga sjóðsins og bókfærslu alla skal velja tvo endurskoðunarmenn. Skulu þeir kosnir af sýslunefnd Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, með hlutfallskosningu til eins árs í senn. Endurkjósa má endurskoðunarmenn. Kjósa skal tvo menn til vara og ganga þeir í stað aðalmanna í forföllum þeirra.

31. gr.

Tilkynna skal sparisjóðseftirlitinu hverjir séu kosnir endurskoðunarmenn sparisjóðsins.

32. gr.

Skylt er endurskoðunarmönnum að rannsaka sjóðforða og verðbréfaeign sparisjóðsins einu sinni á ári. Endurskoðendur eiga frjálsan aðgang að öllum bókum, verðbréfum og öðrum skjölum og verðmætum sjóðsins, hvenær sem þeim þykir henta, til eftirlits, hvort heldur eru báðir í einu eða hvor um sig.

33. gr.

Endurskoðendum er skylt að hafa nákvæmt eftirlit með allri bókfærslu sparisjóðsins og gefa gætur að því, að þar sé allt í reglu og að gætt sé allra þeirra fyrirmæla, er þar um gilda. Ber þeim gaumgæfilega að rannsaka, að allar greiðslur í sjóðinn og úr honum séu rétt færðar í bókum sparisjóðsins. Skulu þeir benda á, ef eitthvað er athugavert, svo að úr verði tafarlaust bætt.

34. gr.

Ársreikning sparisjóðsins skulu endurskoðendur rannsaka þegar eftir að hann er saminn og skulu þeir hafa lokið starfi sínu fyrir marzmánaðarlok. Rita þeir síðan á reikninginn vottorð sitt um, að endurskoðun reikningsins sé lokið. Reikningurinn með athugasemdum endurskoðenda skal síðan lagður fyrir aðalfund til úrskurðar.

35. gr.

Verði ágreiningur milli endurskoðenda um einhver þau atriði, er tilhögun á reikningsfærslu sparisjóðsins snertir, og þeir koma sér eigi saman, skulu endurskoðendur leggja málið fyrir sparisjóðseftirlitið til úrskurðar. Eins skal farið að, ef endurskoðendur komast að raun um, að rekstur sjóðsins sé ekki að öllu leyti lögmætur og í fullu samræmi við lög nr. 69 27. júní 1941, um sparisjóði, svo og reglugerð nr. 36 15. febr. 1942, og önnur gildandi fyrirmæli, og stjórn sjóðsins bætir eigi tafarlaust úr því, sem ábótavant er.

36. gr.

Aðalfundur ákveður þóknun handa endurskoðendum fyrir starf þeirra.

Framanritaðar samþykktir staðfestast hér með.

Viðskiptamálaráðuneytið, 11. júlí 1947.

Emil Jónsson.

Jón Guðmundsson.

REGLUGERÐ

122
11. júlí

um Rafveitusjóð Árnessýslu.

1. gr.

Til þess að standa straum af héraðsframlagi til héraðsrafmagnsveitna ríkisins í Árnessýslu og að stuðla að því á annan hátt, að fullnægt verði þörfum íbúa sýslunnar á raforku, stofnar sýslan sjóð, er nefnist: Rafveitusjóður Árnessýslu.

2. gr.

Í rafveitusjóð skulu renna:

a. heimtaugagjöld samkvæmt 4. og 5. grein þessarar reglugerðar,
b. hluti Árnessýslu af tekjuafgangi héraðsrafmagnsveitna ríkisins samkvæmt 30. gr. raforkulaganna,
c. vextir af fé sjóðsins.

Sjóðnum má enn fremur afla tekna á annan hátt, er sýslunefnd samþykkir.

3. gr.

Sýslunefnd getur tekið lán handa rafveitusjóði, ef gjöld sjóðsins verða í bili meiri en tekjur hans hrökkva fyrir, en vextir og afborganir af þeim lánum teljast síðan til gjalda sjóðsins.

4. gr.

Hver sá, er óskar eftir að kaupa rafmagn úr fyrirhugaðri héraðsrafmagnsveitu ríkisins í sýslunni, skal hafa greitt heimtaugagjald í rafveitusjóð, áður en lagning veitunnar er hafin, eða gert skriflegan samning um greiðslu þess og má þá krefjast þess að trygging verði sett fyrir greiðslunni. Upphæð heimtaugagjalds ákveðst samkvæmt fyrirmælum 5. greinar.

5. gr.

Heimtaugagjald hvers rafmagnskaupanda skal vera 31 af hverju hundraði af samanlögðu fasteignamatsverði lands og húsa að viðbættum 2000 kr., enda sé samanlögð lengd háspennu og lágspennulína hinnar fyrirhuguðu veitu ekki yfir 1 km á hvern rafmagnskaupanda að meðaltali.

Fari línulengd fram úr því, skulu heimtaugagjöld rafmagnskaupenda hinnar fyrirhuguðu veitu hækka samtals sem nemur áætluðu kostnaðarverði af þeim línum, sem fram yfir eru, og skal kostnaðarverðinu deilt jafnt á alla kaupendurna, nema samkomulag verði með þeim um aðra skiptingu sín í milli.

6. gr.

Oddviti sýslunefndar hefur á hendi allt bókhald, fjárreiður og innheimtu fyrir rafveitusjóð. Hann semur árlega reikning rafveitusjóðs. Skal reikningur undanfarins árs lagður fram á sýslufundi til samþykktar og gilda þar um sömu reglur, sem um sýslusjóðsreikninginn. Á sýslufundi skal semja áætlun um tekjur og gjöld rafveitusjóðs yfirstandandi árs. Skal oddviti sýslunefndar leita tillagna raforkumálastjóra, um lagningu nýrra héraðsrafmagnsveitna og aukningar eldri veitna í sýslunni á hverju ári nægilega snemma, til þess að leggja þær fyrir fundinn. Framlag til héraðsrafmagnsveitu getur sýslunefndin bundið við ákveðin mannvirki. Afrit af rafveitusjóðsreikningnum og áætlun um tekjur og gjöld skal oddviti sýslunefndar senda raforkumálastjóra að afstöðnum sýslufundi.

122 11. júlí

7. gr.

Úr rafveitusjóði má ekki greiða styrk til annarrar héraðsrafmagnsveitu í sýslunni en héraðsrafmagnsveitu ríkisins, nema veitan hafi reglugerð, staðfesta af ráðherra, er heimili henni að njóta styrks úr rafveitusjóði sýslunnar, og rafmagnsnotendur hennar greiði sjóðnum heimtaugagjöld samkv. 4. og 5. gr. þessarar reglugerðar.

8. gr.

Ef einstakir bændur í sýslunni eða fleiri saman reisa vatnsaflsrafstöðvar til heimilisnota utan þess svæðis, sem héraðsrafmagnsveitum er ætlað að ná til í náinni framtíð, má veita þeim til þess lán úr rafveitusjóði allt að ⅔ kostnaðar með 2% vöxtum til 15 ára, enda séu stöðvarnar vel gerðar að dómi raforkumálastjóra. Umsóknir um lán úr sjóðnum sendist oddvita sýslunefndar, en sýslunefnd ákveður lánveitingar.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Árnessýslu hefur samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 11. júlí 1947.

Bjarni Ásgeirsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

123 12. júlí

REGLUGERÐ

um skatt- og útsvarsgreiðslur innlendra manna, sem eru á förum til útlanda.

1. gr.

Enginn má selja innlendum manni, eða láta honum á annan hátt í té, far til útlanda, nema hann sýni nýtt eða nýáritað vegabréf frá lögreglustjóra til fararinnar.

Lögreglustjóri skal ekki gefa út eða árita vegabréf til utanfarar nema með samþykki innheimtumanna opinberra gjalda, og skulu þeir, áður en þeir veita samþykkið, gæta fyrirmæla 2. og 3. gr. þessarar reglugerðar.

2. gr.

Nú ætlar maður af landi brott alfarið eða til langdvalar erlendis, að því er ætla má að dómi skattayfirvalda, og skal honum þá skylt að greiða áður en hann fer úr landi skatta sína og útsvör til brottfarardags, eftir reglum þessarar greinar.

1. Skatta og útsvör undanfarinna skattára (útsvarsára) skal hann greiða að fullu, og skulu gjöld þessi fyrir síðastliðið skattár ákveðin með sérstakri álagningu fyrir brottför hans, hafi almenn álagning þá ekki farið fram.
2. Skatta og útsvar fyrir þann hluta brottfararársins, sem liðinn er við brottför, skal hann greiða að fullu miðað við þær tekjur, er hann hefur haft til brottfarardags, og ákveðast skattarnir samkv. reglum 9. gr. laga nr. 96 frá 9. desember 1946, þó þannig, að persónufrádráttur sé veittur. Þau gjöld, sem ekki eru miðuð við tekjur, en bundin eru við dvöl í landinu við upphaf gjaldársins, skal hann greiða að fullu fyrir allt árið.

3. gr. 123

Nú ætlar maður af landi brott, en þó ekki til langdvalar skv. 2. gr., og skal honum þá skylt að greiða áður en hann fer úr landi skatta sína og útsvör til brottfarardags, eða tryggja greiðslu á þeim eftir reglum þessarar greinar. 12. júlí

1. Skatta og útsvör vegna undanfarinna skattára (útsvarsára) skal honum skylt að greiða að fullu, eða — ef innheimtumenn telja það nægja — setja fyrir þeim tryggingu.
2. Skatta og útsvör fyrir þann hluta brottfararársins, sem liðinn er við brottför, skal hann tryggja með greiðslu inn á biðreikning hjá innheimtumönnum, eða — ef innheimtumenn telja það nægja — setja fyrir þeim aðra tryggingu. Sé krafizt greiðslu inn á biðreikning, skal upphæð greiðslunnar ákveðin hlutfallslega eftir dvöl gjaldanda í landinu á brottfarárinu og gjöldum hans fyrir síðastliðið skattár, nema ástæða þyki til að ákveða hana hærri eða lægri vegna breytinga á hag gjaldanda.

Víkja má frá ákvæðum þessarar greinar, telji innheimtumenn eigi þörf sérstakrar tryggingar, eða sérstaklega stendur á.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 11. gr. laga nr. 96 frá 9. desember 1946 og öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 12. júlí 1947.

Jóhann Þ. Jósefsson.

Magnús Gíslason.

AUGLÝSING 124

16. júlí

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Vestmannaeyjakaupstað, nr. 70 3. ág. 1926.

1. gr.

1. mgr. a-liðar 14. gr. hafnarreglugerðarinnar orðist svo:

Allar fleytur, sem heima eiga í Vestmannaeyjum, skulu greiða lestargjald, einu sinni á ári, 1. maí, kr. 20.00 fyrir hvert tonn af brúttóstærð fleytunnar, þó aldrei minna en kr. 150.00 á ári. Umræddar fleytur skulu ekki hér eftir greiða festar- og uppsátursgjald, svo sem 16. gr. hafnarreglugerðar mælir fyrir um.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerðarbreyting þessi, sem bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29, 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Reglugerð nr. 103 15. október 1932, um breyting á hafnarreglugerðinni, fellur jafnframt úr gildi.

Samgöngumálaráðuneytið, 16. júlí 1947.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

125
28. júlí

REGLUGERÐ
fyrir Rafveitu Hveragerðis.

A. Stjórn og rekstur.

1. gr.

Markmið rafveitunnar.

Rafveita Hveragerðis er fyrirtæki, sem hreppsnefnd Hveragerðishrepps starfrækir í þeim tilgangi, að veita raforku um hreppinn og selja hana til heimilisnotkunar, iðnaðar og annarra þarfa.

Rafveitan er eign Hveragerðishrepps, en skal rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með nafninu Rafveita Hveragerðis og hafa sérstakt reikningshald.

2. gr.

Verksvið og orkuveitusvæði.

Rafveita Hveragerðis aflar raforku til almenningsþarfa í Hveragerðishreppi með því að kaupa raforku úr orkuveitu frá Sogsvirkjuninni eða öðrum, svo og vinna hana sjálf í orkuverum, er síðar kunna að verða reist, og veitir þeirri orku, sem þannig er keypt eða unnin, um orkuveitukerfi rafveitunnar.

Orkuveitusvæði rafveitunnar er Hveragerðishreppur og sá hluti nágrennis hreppsins, sem hreppsstjórn ákveður og ráðherra samþykkir.

Rafveita Hveragerðis hefur einkarétt til sölu á raforku beint til raforkunotenda á orkuveitusvæði sínu.

3. gr.

Stjórn raforkumála. Rafveitustjóri.

Yfirstjórn raforkumála hreppsins er í höndum hreppsnefndar, en framkvæmdastjórnin skal falin rafveitunefnd ásamt rafveitustjóra, sem hreppsnefndin skipar að fengnum tillögum rafveitunefndar, og skal hann um rafmagnssérmenntun fullnægja skilyrðum til háspennulöggildingar a. m. k. Hreppsnefndin setur honum erindisbréf. Rafveitustjóri er framkvæmdastjóri rafveitunnar.

Í rafveitunefnd eiga sæti þrír menn, kosnir af hreppsnefnd. Rafveitustjóri á sæti á fundum nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétti.

4. gr.

Verksvið rafveitunefndar.

Rafveitunefnd hefur á hendi stjórn rafveitunnar, sér um viðhald hennar og umbætur og allt, er að starfrækslu hennar lýtur, kaup og sölu á raforku, fjárhald og reikningsskil. Hún skal gefa hreppsnefnd þær skýrslur, sem óskað er eftir, um starfrækslu og ástand rafveitunnar og leggja ársreikning hennar fyrir hreppsnefnd til úrskurðar samtímis ársreikningum hreppsins.

Rafveitunefnd semur nánari reglur, sem hreppsnefnd skal staðfesta, um einstök atriði þessarar reglugerðar, eftir því sem þörf gerist. Hún gerir einnig tillögur til hreppsnefndar um gjaldskrá fyrir rafveituna, undirbýr samninga um orkukaup og orkusölu og annast framkvæmdir allra raforkumála hreppsins.

Rafveitunefnd skipar alla fasta starfsmenn rafveitunnar, að fengnum tillögum rafveitustjóra, og setur þeim erindisbréf.

5. gr.

Verksvið rafveitustjóra.

Rafveitustjóri stjórnar daglegri starfrækslu og reikningshaldi rafveitunnar, eftirliti, viðhaldi á stöðvum, taugum og öðrum útbúnaði og öllum verklegum framkvæmdum, er snerta hana. Hann hefur eftirlit með rafmagnslagningu á orkuveitusvæðinu, þar með talið efni og tæki, sér um afgreiðslu og innheimtu við kaup og sölu á raforku, efni og tækjum, sem veitan kaupir eða selur.

Rafveitustjóri ræður verkamenn og starfsmenn veitunnar, svo sem þörf er á, auk hinna föstu starfsmanna.

6. gr.

Reikningshald og ráðstöfun tekna.

Rafveita Hveragerðis hefur sjálfstætt reikningshald og tekur sjálf við greiðslum fyrir selda raforku og öðrum tekjum. Skal tekjum hennar fyrst og fremst varið til að standast straum af öllum greiðsluskuldbindingum hennar, svo sem afborgunum á áhvílandi skuldum, vöxtum og öðrum rekstrarkostnaði, þar með talið fullnægjandi viðhald og endurnýjun virkja og annað, sem nauðsynlegt er til að tryggja öruggan rekstur rafveitunnar, en tekjum, sem umfram kunna að verða, ráðstafar hreppsnefnd.

Rafveitustjóri varðveitir sjóð rafveitunnar samkvæmt nánari reglum, sem hreppsnefnd setur að tillögum rafveitunefndar.

7. gr.

Löggilding rafvirkja. Raflagningarreglur.

Hreppsnefnd getur ákveðið, að engir aðrir en þeir, sem sérstaklega eru til þess löggiltir, megi taka að sér lagningu á húsveitu og uppsetningu véla og tækja eða framkvæma á sína ábyrgð nokkurt verk, er snertir veitur, sem tengja á við kerfi rafveitunnar. Hreppsnefnd setur löggildingarskilyrði, löggildir menn og setur reglur um frágang og tilhögun á verkum þeim, sem falla undir verksvið þeirra, allt að fengnum tillögum rafveitustjóra.

Eigi má löggilda sérstaklega aðra en þá, sem áður hafa hlotið löggildingu rafmagnseftirlits ríkisins og ekki setja kröfuminni reglur um raflagningar en rafmagnseftirlit ríkisins gerir.

B. Söluskilmálar.

8. gr.

Sala raforku.

Rafveita Hveragerðis selur raforku til almenningsþarfa á orkuveitusvæði sínu, alls staðar þar sem kerfi hennar nær til, með þeim skilmálum, sem ákveðnir eru í reglugerð þessari og gjaldskrá rafveitunnar á hverjum tíma.

Raforkan er seld sem ein- eða þrífasa riðstraumur, með 220 volta málspennu og 50 riðum á sekúndu. Þegar sérstakar ástæður mæla með, má rafveitustjóri láta í té orku með annarri spennu og annarri straumtegund.

9. gr.

Umsókn um kaup á raforku.

Hver, sem óskar að gerast notandi að raforku, verður að fylla út tilætluð umsóknareyðublöð, er fást á skrifstofu rafveitunnar, og skal hann skuldbinda sig

125 28. júlí með undirskrift sinni, að hlíta settum reglum um kaup á raforku frá rafveitunni. Skal í umsókninni skýrt frá, hve mikið afl þarf, og til hvers það er ætlað.

10. gr.

Umsókn um heimtaug.

Umsókn um heimtaug eða breytingu á heimtaug skal undirskrifuð af húseiganda, er skuldbindur sig til þess með undirskrift sinni, að greiða heimtaugargjald það, sem ákveðið er í gjaldskrá rafveitunnar.

Heimtaugar með stofnvari eru eign rafveitunnar, enda þótt heimtaugargjaldið hafi verið greitt eftir kostnaði heimtaugar. Rafveitan annast viðhald og endurnýjun heimtaugar án sérstaks endurgjalds, nema heimtaug þurfi að breyta vegna breytingar á húsi. Skal húseigandi greiða kostnaðinn við þá breytingu, og ef ofanjarðarheimtaug er breytt í neðanjarðar, skal húseigandi greiða mismun, sem ákveðinn er í gjaldskrá. Rafveitunni er heimilt að krefjast skuldbindingar um lágmarksnotkun um heimtaug.

Sé um tiltölulega mikla notkun að ræða, og rafveitan þarf, til þess að fullnægja henni, sérstaklega að auka háspennukerfi, auka afl spennistöðvar eða gera meiri háttar viðbætur á lágspennukerfi, er rafmagnsstjóra heimilt að krefjast skuldbindingar umsækjanda um tiltekinn notkunartíma eða þátttöku í kostnaði.

Eigi er skylt að ljúka lagningu jarðstrengsheimtaugar meðan jörð er frosin.

11. gr.

Húsveitur.

Skylt er að láta löggiltan rafvirkja, eða rafveituna, ef hún tekur slík verk að sér, framkvæma alla vinnu við raflagnir og raftæki, hvort heldur er um að ræða nýjar raflagnir eða breytingar eða viðgerð á raflögn.

Löggiltir rafvirkjar annast umsóknir og tilkynningar til rafveitunnar um allar raflagnir fyrir hönd húseiganda eða notenda, samkvæmt því, sem ákveðið er í reglum um raflagningar í Hveragerðishreppi, en rafveitan annast úttekt á öllum nýlagningum, viðaukum og breytingum á raflögnum.

Engir aðrir en umboðsmenn rafveitunnar mega setja straum á veitu eða hluta af veitu, sem úttektarskyld er fyrr en úttekt hefur farið fram og veitan verið tengd af umboðsmönnum rafveitunnar.

Sé út af þessu brugðið, varðar það þann sektum, sem verkið er unnið fyrir, þann, sem setur strauminn á og loks hinn löggilta rafvirkja, er sá um verkið.

Rafveitan tekur ekki á sig ábyrgð á veitu með úttekt eða tengingu.

Rafveitan áskilur sér rétt til þess að setja þau skilyrði fyrir tengingu á veitu, að notkun um hana verði ekki taugakerfi rafveitunnar ofviða, og þar sem hætta kann að verða á þessu, má setja viðeigandi skilyrði í hvert sinn fyrir notkuninni, þar til úr er bætt.

12. gr.

Sala á raforku til notenda, sem sjálfir hafa orkuvinnslu.

Veitur, sem að jafnaði nota rafmagn annars staðar að en frá rafveitunni, má tengja við taugakerfi hennar í því skyni, að rafveitan verði aðallega eða eingöngu notuð til vara með því skilyrði, að greitt sé lágmarksárgjald, sem svarar til þeirrar kvaðar, sem hvílir á rafveitunni vegna tengingarinnar.

Framsala til annarra á raforku, sem keypt er af rafveitunni, er óheimil án leyfis rafveitustjóra.

13. gr.

Eftirlit með húsveitum og tækjum. Gallar á húsveitum.

Sérhver húsveita, að meðtöldum tækjum til notkunar á raforku, skal fullnægja kröfum þeim, sem settar eru í reglugerð rafmagnseftirlits ríkisins og í reglugerðum rafveitunnar um raflagnir.

Rafveitustjóra er heimilt að hafa eftirlit með öllum húsveitum, gögnum og tækjum, sem notuð eru við hagnýtingu á raforku, og skulu starfsmenn rafveitunnar hafa frjálsan aðgang að öllum herbergjum húss, hvenær sem nauðsynlegt er, til að skoða húsveituna eða hluta hennar eða raftæki, sem nota má við veituna.

Vélar og önnur tæki skulu vera þannig sett og þannig útbúin, að þau starfi án þess að titringi valdi eða truflun á ljósum eða annarri notkun.

Sé misbrestur á þessu eða aðrir gallar á veitu eða tækjum, skal notandi þegar í stað á sinn kostnað láta löggiltan rafvirkja lagfæra þetta.

Nú kemur í ljós við skoðun, sem framkvæmd er af rafveitunni, rafmagnseftirliti ríkisins eða löggiltum rafvirkja, á húsveitu eða tækjum, að galli er á veitu eða tækjum, og skal þá eigandi veitunnar eða tækjanna skyldur til þess að láta gera við gallann á sinn kostnað. Viðgerðin skal framkvæmd af löggiltum rafvirkja.

Rafveitustjóri getur látið taka veituna eða tæki úr sambandi meðan galli er á veitunni eða tækjunum, þar til úr er bætt, eða látið gera við galla á kostnað eiganda.

Húseiganda er skylt að sjá um, að stofntaugar í húsveitu hans séu ávallt nægilega gildar fyrir notkun veitunnar.

Ef óleyfileg vör finnast í veitu, skal notandi veitunnar gerður ábyrgur fyrir, samkvæmt fyrirskipun rafmagnseftirlits ríkisins.

Séu gerðar óleyfilegar tengingar eða breytingar á veitu eða tækjum eða sýnt hirðuleysi um meðferð eða viðhald veitu eða tækja, skal farið með það sem galla á veitu, og er heimilt að gera eiganda að greiða aukagjald, sem ákveðið er í gjaldskrá vegna kostnaðar við aukið eftirlit með veitunni.

Það er óleyfilegt, sem ekki fullnægir kröfum, sem settar eru í reglugerðum rafmagnseftirlits ríkisins um raforkuvirki og reglugerðum Rafveitu Hveragerðis.

14. gr.

Mælitæki.

1. Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir húsveitu, svo og stað fyrir þau og um tengingu.

   Notandi mælitækis er sá, sem skráður er fyrir raforkunotkun þeirrar veitu, sem mælitækið er fyrir. Skal hann bera ábyrgð á mælitækinu, svo og raforkunotkun veitunnar, þar til er hann lætur af notkun hennar og hefur sagt upp notkuninni með þeim fyrirvara, sem um getur í 19. gr.

   Rafveitan leggur til öll mælitæki og annast um venjulegt viðhald þeirra og endurnýjun á sinn kostnað. Nú verður mælitæki fyrir óvenjulegu hnjaski eða skemmdum, og er þá heimilt að gera notanda að greiða kostnað við viðhald þess eða endurnýjun.
2. Ef notandi óskar, að mælitækið sé leiðrétt, skal hann senda skriflega beiðni um það til rafveitunnar.

   Ef þá kemur í ljós við athugun mælitækis, að mesta skekkja sé $+/-5\%$ eða minni, er heimilt að gera notanda að greiða kostnað við prófunina. Sé skekkja meiri, skal rafveitan bera kostnað af prófuninni.

   Ef notandi véfengir árangur prófunarinnar, skal leita úrskurðar raf-

125 28. júlí

magnseftirlits ríkisins, og er hann bindandi fyrir báða aðila. Kostnað við það skal notandi greiða, ef skekkjan reynist minni en +/÷ 5%, en rafveitan annars.

Hafi kwst-mælir sýnt +/÷ 5% skekkju eða meiri, skal rafveitan áætla leiðréttingu á reikningi rafmagnsnotanda miðað við fyrri notkun, og eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, eftir því, sem næst verður komizt, þó ekki fyrir lengra tímabil en 3 mánuði, nema notandi geti sannað, að um lengra tímabil hafi verið að ræða.

3. Notendur, sem hafa hemil eða rofa, eiga ekki rétt á neinni endurgreiðslu á föstu verði, þótt þeir telji sig ekki hafa getað náð því afli, sem fasta greiðslan er miðuð við, en rafveitunni er skylt að leiðrétta skekkju hemilsins eða rofans, svo fljótt sem við verður komið.

Ef hemill notanda brennur sundur með stuttu millibili og ástæða er til að ætla, að of mikið sé lagt á hann að staðaldri, hefur rafveitan rétt til að neita um hemil og gera notanda að skilyrði að kaupa orkuna eftir öðrum gjaldskrárlið.

4. Ef notandi hefur aukna straumnotkun vegna galla á veitu sinni eða tækjum, er rafveitan ekki skyld til þess að áætla frádrátt á reikningum notandans þess vegna.

5. Ef svo reynist, að notkun hafi orðið meiri en álestur sýnir eða álestur verið skakkur eða útreikningur á reikningsfjárhæðinni, áskilur rafveitan sér rétt til að leiðrétta þessa skekkju eftir á, undir eins og vitað er.

6. Verði uppvíst, að straumur sé notaður á annan hátt en um er samið, eða raskað hefur verið mælitækjum eða breytt tengingu, þannig að ekki komi fram öll notkun, skal rafveitan áætla þann straum, sem notaður hefur verið óleyfilega, og skal notandi gjalda fyrir hann þrefalt verð eftir gjaldskrá fyrir allan tímann, sem liðinn er frá síðustu skoðun veitunnar, og þar til er leiðrétt er, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

Ef ekki eru fyrir hendi sérstakar upplýsingar um líklega notkun á veitunni, má miða matið við stærð á vörum þeim, sem fyrir veitunni eru.

Við endurtekningu skal rjúfa samband við veituna og gera ráðstafanir til að koma fram ábyrgð á hendur þeim, sem brotlegur hefur gerzt.

15. gr.

Ábyrgð.

Ef vanskil eða dráttur verður á greiðslu rafmagnsgjalda, getur rafveitan krafizt tryggingar fyrir skilvísri greiðslu. Ef rafmagnsnotkun um mælitæki nægir ekki til þess að greiða raunverulegan afhendingarkostnað raforkunnar um mælitækið, er rafveitunni helmilt að krefjast lágmarksgjalds fyrir notkunina. Að öðrum kosti er rafveitunni heimilt að taka mælitækið niður og loka veitunni eða breyta tengingu hennar.

16. gr.

Gjald fyrir raforku.

Reikningur fyrir raforku skal að jafnaði afhentur í húsnæði því, þar sem raforkan er notuð, og er reikningurinn fallinn í gjalddaga undir eins og krafið er um greiðslu. Nánari reglur um innheimtu og um gjalddaga má þó setja í gjaldskrá.

17. gr.

Lokun fyrir veitu og enduropnun.

Sé gjald fyrir raforku ekki greitt þegar greiðslu er krafizt, getur rafveitan sent gjaldanda tilkynningu eða afhent hana í húsnæði því, er veita hans er í, um

að hann verði að greiða gjaldið til skrifstofu rafveitunnar innan viku. Dragist greiðsla lengur, er heimilt að taka straum af veitunni, en þó ekki fyrr en þremur dögum eftir að skrifleg tilkynning þess efnis til gjaldanda er afhent honum eða afhent í húsnæði því, sem veita hans er í. 125 28. júlí

Rafveitunni er heimilt að loka veitunni og senda skuldakröfu, sem hún kann að hafa á hendur notanda, til innheimtu með lögtaki:

a. þegar notandi, þrátt fyrir kröfu og skriflega aðvörun, sem að framan greinir, hefur ekki greitt reikning frá rafveitunni, sem fallinn er í gjalddaga;
b. þegar ábyrgðarmaður notanda stendur ekki við ábyrgðina;
c. þegar notandi hefur gerzt brotlegur við reglugerð þessa.

Lokun fyrir veitu af þessum ástæðum losar notandann ekki undan greiðsluskyldu á lokunartímabilinu.

Sé lokað fyrir veitu vegna skulda má að jafnaði ekki opna aftur, nema:

1. skuldin sé greidd að fullu eða fullnægjandi trygging sett fyrir því, að skuldin verði greidd;
2. að greitt sé aukagjald fyrir enduropnun veitunnar samkv. gjaldskrá;
3. að trygging sé sett fyrir skilvísri greiðslu framvegis, ef sérstakar ástæður eru til að krefjast slíkrar tryggingar.

Ef notandi raforku óskar eftir, að veita hans sé tekin úr sambandi um tíma, er heimilt að taka aukagjald, samkvæmt gjaldskrá, fyrir enduropnun veitunnar, svo og að taka fulla leigu fyrir mælitæki veitunnar þann tíma, sem veitan var ekki í notkun.

Enginn má framkvæma endurtengingu veitu, nema þeir, sem rafveitan hefur veitt umboð til þess hverju sinni. Sé brotið á móti þessu, skal farið með það sem endurtekna, óleyfilega straumnotkun samkvæmt 14. gr.

18. gr.

Rekstrartruflanir.

Stöðvun á rekstri eða truflanir vegna bilana eða takmarkana á raforkuvinnslunni hefur ekki í för með sér neinar skaðabótaskyldur á hendur rafveitunni, en koma skal á reglulegum rekstri aftur, eins fljótt og auðið er.

Notendur eiga ekki rétt á endurgreiðslu, þótt stöðvun verði vegna bilana eða annarra óviðráðanlegra atvika um langan eða skamman tíma, að öðru leyti en því, sem segir síðar um endurgreiðslu fastagjalds, og rafveitan ber ekki ábyrgð á spennubreytingum undir slíkum kringumstæðum eða afleiðingum af þeim, og eigi heldur af bruna eða slysum, sem verða kunna af völdum rafmagns frá húsveitum rafmagnsnotenda.

Rafveitan áskilur sér rétt til þess að loka fyrir straum til viðgerða og viðhalds eða eftirlits á helgum dögum á þeim tímum, sem heimilisnotkun er almennt minnst, og að nóttu til í maí—júlí, svo og endranær, þegar þörf gerist.

Meðan verið er að leggja heimtaugar eða götutaugar, er rafveitunni heimilt að taka straum af því svæði, sem nauðsynlegt er, til þess að framkvæma tengingar.

Komi það fyrir, að takmarka þurfi notkun á raforku um langan eða skamman tíma, ákveður hreppsnefnd, eftir tillögum rafveitunefndar, hver notkun skuli takmörkuð fyrst og á hvern hátt.

Stöðvun á rekstri skal tilkynna fyrir fram, ef unnt er, en þó eiga notendur enga skaðabótakröfu á hendur rafveitunni, þótt straumur hafi verið tekinn af fyrirvaralaust.

Notendur, sem greiða raforku við föstu árgjaldi, eiga rétt á að fá $\frac{1}{300}$ hluta árgjaldsins endurgreiddan fyrir hvern heilan dag, er þeir missa raforkuna vegna stöðvunar eða truflana á rekstri, þó eigi fyrir skemmri tíma en tvo sólarhringa.

125 19. gr.

28. júlí *Uppsögn á rafmagnsnotkun og tilkynning um flutning eða breytingu á notkun.*

Sérhver rafmagnsnotkun, er notandi byrjar á eftir nýjum lið gjaldskrár rafveitunnar, er bindandi fyrir hann að minnsta kosti eitt ár, nema um sé að ræða bráðabirgðalagnir eða tilraunataxta, sem eru fullreyndir á skemmri tíma. Þó getur rafveitustjóri leyst notanda undan þessari skuldbindingu þegar sérstaklega stendur á.

Þegar ár er liðið, getur notandi sagt upp notkuninni með eins mánaðar fyrirvara, ef ekki er um annað samið eða annað ákveðið í gjaldskrá rafveitunnar. Skal uppsögn tilkynnt rafveitustjóra skriflega.

Rafveitan áskilur sér sama uppsagnarfrest af sinni hálfu og notandi hefur samkvæmt framansögðu.

Tilkynning um breytingu á notkun frá einum gjaldskrárlið til annars er sama og uppsögn á fyrri notkun og beiðni um nýja, og fer það, sem að ofan greinir.

Tilkynning um flutning notanda úr einni íbúð í aðra, af einum stað á annan á orkuveitusvæðinu má afhenda á innheimtuskrifstofu rafveitunnar með hálfs mánaðar fyrirvara, ef um sams konar rafmagnsnotkun er að ræða í hinum nýja notkunarstað, ella skal um flutninginn gilda sem um uppsögn á fyrri notkun og beiðni um nýja væri að ræða.

Notandi ber ábyrgð á raforkunotkun þeirrar veitu, sem hann er skráður fyrir, þar til er hann hættir notkun veitunnar og hefur sagt henni upp með þeim fyrirvara, sem hann hefur samkvæmt reglugerð þessari.

20. gr.

Breytingar á gjaldskrá.

Notanda skal skylt að hlíta ákvæðum gildandi gjaldskrár rafveitunnar og breytingum þeim, sem hreppsnefnd samþykkir og ráðherra staðfestir.

Verði ágreiningur milli rafveitustjóra og notanda um skilning á ákvæðum gjaldskrár eða settum skilyrðum fyrir rafmagnsnotkun, getur notandi krafizt þess, að ágreiningurinn verði lagður undir úrskurð hreppsnefndar.

C. Almenn ákvæði.

21. gr.

Brot á reglugerð.

Brot gegn reglugerð þessari eða gegn reglum, sem settar verða samkvæmt henni, varða sektum allt að 10000 krónum — tíu þúsund krónum —, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Ef brot veldur skemmdum á eignum rafveitunnar skal hinn brotlegi þess utan bæta skaðann.

Sektir renna í ríkissjóð.

22. gr.

Málsókn.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari eða á reglugerðum, sem settar eru samkvæmt henni, skal farið sem almenn lögreglumál.

23. gr. 125

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. 28. júlí

Atvinnumálaráðuneytið, 28. júlí 1947.

Bjarni Ásgeirsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

GJALDSKRÁ 126

28. júlí

yfir almennar efnarannsóknir, er Iðnaðardeild Atvinnudeildar Háskólans annast.

Samkvæmt lögum nr. 68 7. maí 1940, um náttúrurannsóknir, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði:

1. gr.

Gjöld fyrir almennar efnarannsóknir, er Iðnaðardeild Atvinnudeildar Háskólans annast, skulu vera sem hér segir:

I. Benzín og aðrar steinolíur.

Blossamark, undir 0° C.	kr.	50.00
Blossamark, yfir 0° C.	—	24.00
Brennisteinn, ákvörðun	—	50.00
Conradson carbon	—	60.00
Eðlisþyngd (pyknometer)	—	17.00
Eimingarleifar	—	24.00
Móðumark	—	30.00
Storknunarmark	—	40.00
Vatn og óhreinindi (í skilvindu)	—	10.00
Viskositet	—	25.00
Stigeiming (A.S.T.M.)	—	60.00

II. Eldsneyti.

Aska í föstu eldsneyti	—	17.00
Botnfall í kyndingarolíum	—	24.00
Brennisteinn (án hitagildisákvörðunar)	—	50.00
Hitagildi, efra	—	70.00
Hitagildi, neðra	—	100.00
Undirbúningur á föstu eldsneyti undir rannsókn	—	35.00
Vatn, aska og efra hitagildi	—	95.00
Vatnsefni og kolefni	—	100.00
Viskositet á kyndingarolíum	—	25.00

III. Feiti og feitar olíur.

Aska	—	27.00
Bræðslumark	—	20.00
Eðlisþyngd	—	17.00
Fituinnihald, ákvörðun	—	30.00
Joðtala	—	40.00

126 28. júlí

Ljósbrot (refractive index)	kr.	15.00
Óhreinindi	—	27.00
Ósápuhæft	—	50.00
Polenske tala	—	40.00
Reichert-Meissl tala	—	40.00
Sáputala	—	30.00
Sterkja, prófun	—	10.00
Sterkja, ákvörðun	—	40.00
Sýrutala	—	17.00
Vatnsinnihald	—	27.00

IV. Fóðurefni.

Ammoníak	—	17.00
Aska	—	17.00
Aska og sandur	—	24.00
Fita (með eterextraktion)	—	24.00
Fosfat	—	35.00
Hráprótein	—	30.00
Hreinprótein (Slutzer)	—	45.00
Sandur	—	17.00
Sykur (með pólarisation)	—	33.00
Sykur (með Fehlingsvökva)	—	35.00
Sterkja, ákvörðun	—	40.00
Tréni (samkv. Weende)	—	35.00
Vatn (eða þurrefni)	—	17.00
Vatn, salt, hráprótein og fita	—	70.00
Vatn, salt, hráprótein, fita og ammoníak	—	85.00
Vatn, aska, hráprótein, fita og tréni	—	100.00
Vatn, aska, hráprótein, fita, tréni og meltanl. hreinprótein	—	145.00
Matarsalt	—	17.00
Meltanlegt hreinprótein	—	50.00

V. Leir og steintegundir.

1. Vatn, óbundið (þurrkun við 105° C.)	—	17.00
2. Vatn, bundið (þurrkun við 180° C.)	—	27.00
3. Glæðitap	—	24.00
4. Kísilsýra (SiO_2)	—	50.00
5. Járn (alls)	—	27.00
6. Járn (ferró)	—	20.00
7. Aluminíum	—	27.00
8. Kalcíum	—	27.00
9. Magníum	—	27.00
10. Kalíum og Natríum (aðgreint)	—	100.00
11. Kalíum og Natríum (óaðgreint)	—	70.00
12. Kalk ($CaCO_3$)	—	24.00
13. Kalk og $MgCO_3$ (aðgreint)	—	34.00
14. Efnarannsókn samkv. 3 til 7	—	125.00
15. Efnarannsókn samkv. 3 til 9	—	160.00
16. Efnarannsókn samkv. 3 til 10	—	250.00
17. Súlfat	—	27.00
18. Titan	—	27.00

19. Brennisteinn í brennisteinsjárni	kr.	35.00	**126**
20. Fosfat	—	40.00	28. júlí

VI. Málmar og sambræðingar málma.

Aluminiumsambræðingar:		
Aluminium, blý, tin, járn og zink	—	135.00
Aluminium, blý, eir og tin	—	85.00
Aluminium, járn, zink, nikkel og mangan	—	100.00
Aluminium og silicium	—	60.00
Blýsambræðingar:		
Blý	—	40.00
Blý og tin	—	80.00
Blý, tin og antimon	—	95.00
Blý, tin, antimon, eir, zink og járn	—	150.00
Gull:		....
Gull og silfur (óaðgreint)	—	70.00
Gull og silfur (aðgreint)	—	85.00
Gull, silfur og eir (aðgreint)	—	115.00
Eirsambræðingar:		
Eir	—	50.00
Eir og tin	—	75.00
Eir, tin og antimon	—	85.00
Eir og blý	—	70.00
Eir og zink	—	75.00
Eir, blý, tin, zink, járn og antimon	—	150.00
Steypujárn og stál:		
Kolefni, bundið og óbundið	—	40.00
Grafít	—	50.00
Silicium, brennisteinn, fosfór og mangan	—	100.00
Fosfór	—	40.00
Brennisteinn	—	43.00
Tinsambræðingar:		
Tin	—	45.00
Tin og blý	—	80.00
Tin og antimon	—	70.00
Tin, antimon og arsen	—	90.00
Zinksambræðingar:		:
Zink	—	45.00
Zink og blý	—	70.00
Zink, eir, blý, tin, járn og aluminium	—	140.00

VII. Málmsteinar.

Brennisteinn	—	43.00
Eir, leysanlegur í sýrum	—	50.00
Eir og brennisteinn	—	85.00
Eir og zink	—	70.00
Fosfór	—	55.00
Gull og silfur (óaðgreint)	—	85.00

126 28. júlí

Gull og silfur (aðgreint)	kr.	100.00
Járn (án bræðslu)	—	35.00
Járn og mangan	—	50.00
Járn, kísilsýra, aluminium, kalcium og magnium	—	110.00
Járn og brennisteinn	—	60.00
Kalium og natrium (óaðgreint)	—	70.00
Kalium og natrium (aðgreint)	—	100.00
Mangan, án alkalíbræðslu	—	40.00
Mangan, með alkalíbræðslu	—	55.00
Tin	—	55.00
Tin og blý	—	85.00
Tin og antimon	—	85.00
Tin, eir, blý, antimon og zink	—	160.00
Zink	—	50.00
Zink og blý	—	80.00
Zink og brennisteinn	—	90.00
Zink og eir	—	80.00
Zink, eir og blý	—	110.00

VIII. Salt.

1. Klóríð	—	20.00
2. Kalcium	—	27.00
3. Magnium	—	27.00
4. Súlfat	—	27.00
5. Óleysanlegt í vatni	—	27.00
6. Raki og bundið vatn	—	27.00
7. Efnarannsókn samkv. 1. til 6	—	115.00
8. Járn	—	27.00

IX. Saltfiskur.

Salt	—	20.00
Vatn	—	17.00

X. Sápa og þvottaefni.

Alkalí, alls	—	24.00
Alkalí, óbundið	—	35.00
Alkalí, bundið feitisýrum	—	35.00
Alkalí, bundið karbonati	—	35.00
Alkalísilikat (Vandglas)	—	40.00
Ammoníak	—	27.00
Feiti, óbundin	—	55.00
Feitisýrur, alls	—	40.00
Súrefnisjafngildi bleikiefna	—	35.00
Vatn	—	35.00
Feitisýrur og alkalí, alls, ób., bundið feitisýrum, bundið karb.	—	135.00

XI. Smurningsolíur.

Blossamark, allt að 200° C.	—	24.00
Blossamark, yfir 200° C.	—	30.00
Eðlisþyngd	—	17.00
Viscositet, Engler°	—	25.00

Conradson carbon	kr.	60.00	**126**
Móðumark (Cloud point)	—	30.00	28. júlí
Rennslismark (Pour point)	—	40.00	
Asfalt, með normalbenzíni	—	50.00	
Aska	—	27.00	
Díazóprófun	—	27.00	
Fituefni, prófun	—	15.00	
Fituefni, ákvörðun sáputölu	—	35.00	
Ljósbrot	—	15.00	
Neutralizationtala (sýrutala), alls	—	17.00	
Neutralizationtala vatnsleysanlegra efna	—	34.00	
Neutralizationtala, alls og vatnsleysanlegra efna	—	45.00	

XII. Vatn.

Steinefni, alls	—	20.00
Ammoníak (NH_3), prófun	—	10.00
Ammoníak (NH_3), ákvörðun	—	27.00
Nítrat (NO_2), prófun	—	10.00
Nítrat (NO_2), ákvörðun	—	35.00
Nítrat (NO_3), prófun	—	10.00
Nítrat (NO_3), ákvörðun	—	35.00
Fosfat (PO_4), prófun	—	10.00
Fosfat (PO_4), ákvörðun	—	40.00
Klóríð (Cl)	—	17.00
Súlfat (SO_4)	—	27.00
Kolsýra (CO_2), alls	—	20.00
Kolsýra (CO_2), óbundin	—	13.00
Bíkarbónat (HCO_3)	—	13.00
Hydroxyl	—	13.00
Kolsýra (CO_2), agressiv	—	27.00
Kísilsýra (SiO_2), gravimetriskt	—	35.00
Kísilsýra (SiO_2), kólorímetriskt	—	20.00
Kalcíum (Ca)	—	27.00
Magníum (Mg)	—	27.00
Járn (Fe), kólorímetriskt	—	20.00
Mangan (Mn)	—	25.00
Flúoríð (F), beint	—	30.00
Flúoríð (F), með eimingu	—	45.00
Brennisteinsvetni (H_2S), prófun	—	10.00
Brennisteinsvetni (H_2S), ákvörðun	—	40.00
Natríum og kalíum, óaðgreint	—	55.00
Natríum og kalíum, aðgreint	—	85.00
Súrefni, uppleyst	—	27.00
Permanganattala	—	24.00
Svifefni (suspenderuð efni)	—	27.00
Litur	—	15.00
Sýrustig (pH)	—	10.00
Harka, alls H°	—	27.00
Harka, bíkarbónat H°	—	20.00
Efnarannsókn varðandi steinefni, Cl, SO_4, SiO_2, permanganattölu, hörku, alls bíkarbónathörku og pH	—	115.00

126 28. júlí	Efnarannsókn varðandi hollustu (steinefni, NH_3, NO_2, NO_3, PO_4, Cl, CO_2 ób., permanganattala og pH)	kr. 135.00
	Efnarannsókn, almenn (steinefni, NH_3, NO_2, NO_3; PO_4, CI, SO_4, CO_2 ób., SiO_2, Ca, Mg, F, permanganattala, harka alls og bikarbónatharka, pH)	— 300.00
	Klór, uppleyst	— 27.00

XIII. Ýmsar algengar ákvarðanir.

Aska í mjöli o. fl.	— 17.00
Blossamark, undir 0° C.	— 50.00
Blossamark 0° til 200° C.	— 24.00
Blossamark yfir 200° C.	— 30.00
Botnfall í tærum vökvum (í skilvindu)	— 10.00
Bræðslumark	— 20.00
Eðlisþyngd vökva, í pyknómetri	— 17.00
Eðlisþyngd vökva með Westphalsvog	— 12.00
Eðlisþyngd vökva með flotvog	— 10.00
Eðlisþyngd fastra efna, í pyknómetri	— 20.00
Eðlisþyngd fastra efna með Westphalsvog	— 15.00
Eiming með vatnsgufu (reykul efni)	— 40.00
Extraktion í Soxhletáhaldi	— 24.00
Glæðitap	— 24.00
Joðtala	— 40.00
Köfnunarefni (Kjeldahl)	— 30.00
Ljósbrot (refractive Index) vökva	— 15.00
Óleysanlegt í vatni	— 30.00
Óleysanlegt í sýrum	— 25.00
Polarisation, ákvörðun	— 20.00
Raki, þurrkun við 105° C.	— 17.00
Sáputala	— 35.00
Stigeiming til ákvörðunar vínanda	— 35.00
Stigeiming (A.S.T.M.)	— 60.00
Storknunarmark feiti (titer)	— 25.00
Storknunarmark olíu	— 40.00
Suðumark	— 20.00
Sýrutala	— 17.00
Sýrustig (pH)	— 10.00
Titering, sýru eða basa	— 17.00
Vatn, bundið (þurrkun við 180° C.)	— 27.00
Vatn (með toluoleimingu)	— 27.00
Ósápuhæft	— 50.00

Gjöld samkvæmt þessum kafla miðast við, að ákvörðun fari fram án sérstaks undirbúnings á sýnishorninu.

2. gr.

Gjald fyrir útflutningsvottorð reiknast auk rannsóknar kr. 40.00.

Gjaldskrá þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 28. júlí 1947.

Bjarni Ásgeirsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

AUGLÝSING

127
30. júlí

um breytingu á fjallskilareglugerð fyrir Austur-Húnavatnssýslu frá 15. júlí 1941.

Aftan við reglugerðina bætist svo hljóðandi

Bráðabirgðaákvæði:

1. Heimilt er að jafna niður allt að ¼ hluta fjallskilakostnaðar á landverð jarða. Gjald þetta greiðist af ábúendum.
2. Hrossasmölun sú, sem framkvæmd hefur verið í október, færist fram og verði fyrsta laugardag eftir fjárskil.

Reglugerðarbreyting þessi, sem sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna, nr. 12 31. maí 1927, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 30. júlí 1947.

Bjarni Ásgeirsson.

Árni G. Eylands.

YFIRLIT

128

um hag Búnaðarbanka Íslands, 30. júní 1947.

Eignir:

1.	Skuldabréf fyrir lánum:			
	a. Sparisjóðsdeild	kr.	6106333.32	
	b. Veðdeild	—	1344053.90	
	c. Ræktunarsjóður	—	1512384.02	
	d. Byggingarsjóður	—	4237338.27	
	e. Viðlagasjóður	—	329767.09	
	f. Loðdýralánadeild	—	3030.00	
	g. Smábýladeild	—	40227.72	
				kr. 13573134.32
2.	Verðbréf:			
	a. Sparisjóðsdeild	kr.	11503273.14	
	b. Ræktunarsjóður	—	883526.99	
	c. Byggingarsjóður	—	765584.20	
	d. Viðlagasjóður	—	387127.87	
				— 13539512.20
3.	Víxlar			— 23990980.03
4.	Lán í hlaupareikningi			— 7535360.70
5.	Ýmsir viðskiptamenn			— 101543.24
6.	Óinnheimtar tekjur:			
	a. Veðdeild	kr.	9441.96	
	b. Ræktunarsjóður	—	20601.00	
	c. Loðdýralánadeild	—	575.85	
				— 30618.81

128

7.	Útibú á Akureyri	kr.	84226.70
8.	Teiknistofa	—	75654.72
9.	Tryggingar fyrir ábyrgðum	—	168393.51
10.	Innanstokksmunir	—	46818.50
11.	Sameiginlegur kostnaður	—	523824.93
12.	Kreppulánasjóður bæjar- og sveitarfélaga	—	438012.75
13.	Fasteignir	—	150000.00
14.	Innheimtur	—	299210.94
15.	Nýbýlasjóður	—	111602.34
16.	Sparisjóðsinnstæða varasjóðs Ræktunarsjóðs	—	535451.09
17.	Bankainnstæða og peningar í sjóði	—	10389823.74
		Kr.	71594168.52

Skuldir:

1.	Innstæða í sparisjóði og á skírteinum			kr.	38884775.70
2.	Innstæða í hlaupareikningi			—	11449618.33
3.	Innstæða í reikningslánum			—	154287.77
4.	Ýmsir viðskiptamenn:				
	a. Sparisjóðsdeild	kr.	723297.09		
	b. Byggingarsjóður	—	3595.89		
				—	726892.98
5.	Kreppulánasjóður			—	71999.39
6.	Ábyrgðir			—	168393.51
7.	Fyrningarsjóður fasteigna			—	600000.00
8.	Vextir og aðrar tekjur:				
	a. Sparisjóðsdeild	kr.	1511985.81		
	b. Byggingarsjóður	—	2526341.87		
	c. Viðlagasjóður	—	30559.94		
	d. Smábýladeild	—	399.51		
				—	4069287.13
9.	Skuldlaus eign:				
	a. Sparisjóðsdeild	kr.	3564525.40		
	b. Veðdeild	—	1444676.00		
	c. Ræktunarsjóður	—	4381223.87		
	d. Byggingarsjóður	—	4479561.56		
	e. Viðlagasjóður	—	1284446.26		
	f. Loðdýralánadeild	—	14317.92		
	g. Smábýladeild	—	300162.70		
				—	15468913.71
				Kr.	71594168.52

Reykjavík, 30. júní 1947.

BÚNAÐARBANKI ÍSLANDS

REGLUGERÐ

129
19. sept.

um breyting á reglugerð nr. 83 11. ágúst 1947.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 11. gr. laga nr. 70 1947, svo og lögum nr. 37 1939 og lögum nr. 59 1940, er hér með sett eftirfarandi reglugerð:

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Bannað er að selja eða afhenda hvers konar trjávið, krossvið og hvers konar þilplötur, sement, steypta steina til veggjagerðar og steypustyrktarjárn, nema gegn leyfum, sem út eru gefin af viðskiptanefnd fjárhagsráðs, sbr. þó 6. gr.

2. gr.

Í stað orðanna „trjávið, krossvið og hvers konar þilplötum, sementi og steypustyrktarjárni" í 8. gr. komi: skömmtuðum byggingarvörum.

3. gr.

Í stað orðanna „sementi, trjávið, krossvið og hvers konar þilplötum og steypustyrktarjárni" í 9. gr. komi: skömmtuðum byggingarvörum.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Viðskiptamálaráðuneytið, 19. september 1947.

Emil Jónsson.

Jón Guðmundsson.

REGLUGERÐ

130
23. sept.

um vöruskömmtun, takmörkun á sölu, dreifingu og afhendingu vara.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 70 5. júní 1947, um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit, sbr. lög nr. 37 12. júní 1939 og lög nr. 59 7. maí 1940, er hér með sett eftirfarandi reglugerð:

I. KAFLI

Um skömmtunarskrifstofu ríkisins.

1. gr.

Viðskiptanefnd rekur sérstaka skrifstofu, er nefnist skömmtunarskrifstofa ríkisins. Skal sú skrifstofa hafa með höndum allar þær framkvæmdir og eftirlit með vöruskömmtun og öðrum takmörkunum á sölu, dreifingu og afhendingu vara, sem ákveðnar verða á hverjum tíma af viðskiptanefnd og fjárhagsráði í samráði við ríkisstjórnina.

Viðskiptanefnd ræður, í samráði við fjárhagsráð, forstjóra fyrir skömmtunarskrifstofu ríkisins, og er hann skömmtunarstjóri.

130 Skömmtunarstjóri skal hafa á hendi daglega stjórn og eftirlit skömmtunar-
23. sept. skrifstofunnar, og sjá um allar framkvæmdir í skömmtunarmálum, eftir þeim ákvörðunum og fyrirmælum, sem gefnar eru á hverjum tíma af viðskiptanefnd. Skömmtunarstjóri hefur eftirlit með því að þeim reglum sé hlýtt, sem settar kunna að vera um skömmtunarmál þau, er skömmtunarskrifstofan á að fjalla um.

2. gr.

Skömmtunarstjóri ræður starfsfólk skömmtunarskrifstofunnar í samráði við viðskiptanefnd og fjárhagsráð.

II. KAFLI
Um skömmtunargögn.

3. gr.

Viðskiptanefnd ákveður í samráði við fjárhagsráð og ríkisstjórn hvaða vörur skuli skammta á hverjum tíma og hve mikið af hverri. Sama gildir um hvers konar takmarkanir, sem settar yrðu um sölu, dreifingu og afhendingu vara.

Ef upp rís ágreiningur um skilning á skömmtunarákvæðum, sker viðskiptanefnd úr.

Skömmtunarstjóri auglýsir ákvarðanir viðskiptanefndar í skömmtunarmálum, sbr. 1. mgr. og verður sala og dreifing vara þeirra, sem ákveðið er að skammta, háð ákvæðum þessarar reglugerðar frá þeim tíma, sem ákveðinn er í auglýsingu skömmtunarstjóra.

Þeim aðilum, sem fjalla um ákvarðanir í skömmtunarmálum, er óheimilt að skýra óviðkomandi frá nokkru, er þeir kynnu að verða áskynja, fyrr en eftir að ákvarðanir hafa verið birtar almenningi af skömmtunarstjóra.

4. gr.

Skömmtunarskrifstofan lætur gera skömmtunarseðla, nægilega marga og fjölbreytta til þess að hægt sé á hverjum tíma að taka upp skömmtun á hvers konar vörum með litlum fyrirvara. Skömmtunarstjóri ákveður gerð slíkra skömmtunarseðla í samráði við viðskiptanefnd.

Skömmtunarskrifstofan annast um útsendingu á skömmtunarseðlum og öðrum skömmtunargögnum, til þeirra, er úthlutunina eiga að annast til almennings, með nægum fyrirvara til þess að slík gögn verði komin í hendur þeim áður en úthlutun skömmtunarseðla skal hefjast.

5. gr.

Skömmtunarskrifstofunni og þeim, er úthlutun skömmtunarseðla annast, skal skylt að gæta þeirra svo vel sem kostur er, og sjá um að þeir glatist ekki á neinn hátt eða komist í hendur annarra en þeirra, sem við þeim eiga að taka við almenna úthlutun.

6. gr.

Þeir, sem hafa með höndum úthlutun skömmtunarseðla til almennings, skulu framkvæma hana á þann hátt, sem skömmtunarstjóri leggur fyrir. Skömmtunarstjóri getur krafizt þess, að hver einstaklingur, sem óskar að fá afhenta skömmtunarseðla, geri fullnægjandi grein fyrir því hver hann sé, og færi jafnframt sönnur á, að hann hafi ekki fengið umbeðna skömmtunarseðla afhenta áður annars staðar, óski hann að fá afhenta skömmtunarseðla utan þess umdæmis, þar sem hann síðast var skráður á manntal.

Skömmtunarseðla má ekki afhenda í stað þeirra, sem sagðir eru glataðir eða ónýttir, nema fullgildar sönnur séu færðar á það, að rétt sé frá skýrt í því efni, og að öðru leyti sé fullnægt þeim skilyrðum, sem skömmtunarstjóri kann að setja.

Skömmtunarstjóri skal setja þeim, er úthlutun skömmtunarseðla til almennings annast, skýrar reglur um það, hvernig úthlutun skömmtunarseðlanna skuli fara fram, og taka þá jafnframt fram hverra gagna skuli krafizt af einstaklingi, ef ágreiningur rís út af afhendingarsynjun þess er úthlutunina annast. Heimilt er að leita úrskurðar skömmtunarstjóra um slíkan ágreining, og er úrskurður hans fullnaðarúrskurður. 130 23. sept.

7. gr.

Bæjarstjórnir og hreppsnefndir, hver í sínu umdæmi, skulu hafa á hendi afhendingu skömmtunarseðla og annarra skömmtunargagna til almennings.

Trúnaðarmenn verðlagsstjóra hafa á hendi eftirlit með sölu og dreifingu skömmtunarvara og önnur skyld störf í þágu skömmtunarskrifstofunnar, eftir fyrirmælum skömmtunarstjóra. Á þeim stöðum, þar sem enginn trúnaðarmaður verðlagsstjóra er starfandi, er skömmtunarstjóra heimilt að skipa sérstaka trúnaðarmenn í samráði við viðskiptanefnd.

III. KAFLI
Um sölu og dreifingu skömmtunarvara.

8. gr.

Þeim, sem hafa með höndum tollafgreiðslu erlendra vara, er óheimilt að afgreiða til innflytjenda nokkra skömmtunarvöru, nema samkvæmt skriflegu leyfi skömmtunarskrifstofunnar. Skal slíkt leyfi endursendast skömmtunarskrifstofunni jafnskjótt og afhending vörunnar hefur farið fram, með áritun tollafgreiðslunnar um það, hvaða dag afhendingin hafi farið fram, og til hvaða númers í tollskránni varan teljist. Sama gildir um þá, er framleiða skömmtunarvörur innan lands, að þeir mega ekki afhenda neinum slíkar vörur nema með skriflegu leyfi skömmtunarskrifstofunnar, og ber þeim að endursenda skömmtunarskrifstofunni slíkt leyfi með áritun sinni um afhendingardag, sé ekki um afhendingu gegn skömmtunarreitum eða innkaupaleyfum að ræða. Skömmtunarstjóri getur sett nánari ákvæði um afhendingu skömmtunarvara til innflytjenda og frá framleiðendum slíkra vara innan lands.

9. gr.

Þeir aðilar, sem fá afhentar skömmtunarvörur frá innflytjanda eða framleiðanda innan lands, skulu afhenda honum reiti af gildandi skömmtunarseðlum eða aðrar löglegar innkaupaheimildir, til jafns við það verðmæti eða magn sem afhent er samkvæmt gildandi skömmtunarákvæðum. Innflytjanda eða framleiðanda skömmtunarvöru innan lands er óheimilt að afhenda frá sér nokkra skömmtunarvöru nema þessu ákvæði sé samtímis framfylgt, og er viðtakanda slíkrar vöru jafnframt óheimilt að veita henni viðtöku nema þessa ákvæðis sé einnig gætt.

10. gr.

Verzlanir, sem verzla með skömmtunarvörur, en eiga ekki nægar birgðir tiltekinnar skömmtunarvöru, þegar skömmtun hennar hefst, geta snúið sér til skömmtunarskrifstofunnar með beiðni um að fá fyrir fram innkaupsleyfi fyrir tilteknu magni tiltekinnar vöru. Er skömmtunarstjóra heimilt að ákveða um veitingu slíkra fyrirframinnkaupaleyfa, með það fyrir augum, að jafna vörubirgðirnar í verzlununum eftir því, sem þurfa þykir, vegna hagsmuna almennings.

Skömmtunarstjóri lætur gera sérstök eyðublöð undir slíkar umsóknir, og skal rita allar beiðnir um fyrir fram innkaupaleyfi á slík eyðublöð.

130 11. gr.

23. sept. Engri verzlun, hvorki heildverzlun né smásöluverzlun eða iðnfyrirtæki, er heimilt að afhenda nokkra skömmtunarvöru, nema hún fái sér þá afhenta gildandi skömmtunarreiti eða aðrar löglegar innkaupaheimildir fyrir vörunni, samkvæmt gildandi skömmtunarákvæðum.

Innflytjendur og framleiðendur skömmtunarvara skulu afhenda skömmtunarskrifstofunni, hvenær sem skömmtunarstjóri krefst þess, og eigi síðar en 2. dag næsta mánaðar eftir að afhending skömmtunarvara hefur farið fram, alla þá reiti skömmtunarseðla og innkaupaleyfi, sem þeir hafa fengið í sambandi við afhendingu skömmtunarvara í næsta mánuði á undan. Skulu þessir aðilar þá jafnframt gefa skömmtunarskrifstofunni skýrslu um afhendingu á skömmtunarvörum á umræddu tímabili, innflutning sinn eða framleiðslu, svo og birgðir, í því formi og á þeim eyðublöðum sem skömmtunarstjóri ákveður. Skömmtunarstjóri getur einnig sett reglur um það, hvernig flokka skuli og búa um skömmtunarreiti þá, sem sendast eiga skömmtunarskrifstofunni.

Reiti þá af skömmtunarseðlum, svo og aðrar innkaupaheimildir, sem skömmtunarskrifstofunni berast frá innflytjendum og framleiðendum skömmtunarvara, skal skömmtunarskrifstofan eyðileggja eftir að hafa sannprófað magn þeirra, svo fljótt sem því verður við komið, og á það tryggilegan hátt, að þessi gögn geti ekki komizt í hendur óviðkomandi manna, eftir að þeim hefur verið skilað til skömmtunarskrifstofunnar.

12. gr.

Telji skömmtunarstjóri sig hafa rökstuddan grun um að einhver aðili, sem annast dreifingu skömmtunarvara, afhendi þær án þess að taka við gildandi skömmtunarreitum eða innkaupaheimildum, getur hann látið stöðva alla afhendingu skömmtunarvara til slíks aðila, þar til dómur er genginn í málinu, enda kæri skömmtunarstjóri slíkan aðila til viðkomandi dómara samtímis því að hann lætur stöðva afgreiðslu skömmtunarvara til hans.

Sama gildir og um það, ef seljandi skömmtunarvara veitir móttöku reitum af skömmtunarseðlum eða innkaupaheimildum, án þess að afhenda skömmtunarvörur til jafns við slíkar innkaupaheimildir.

Áður en skömmtunarstjóri lætur stöðva afhendingu skömmtunarvara samkvæmt þessari grein, skal hann leggja málið fyrir viðskiptanefnd, og fá samþykki hennar til þeirrar ráðstöfunar.

13. gr.

Skömmtunarskrifstofa ríkisins getur hvenær sem er, án dómsúrskurðar, rannsakað vörubirgðir heildsala og smásala. Skulu starfsmenn skrifstofunnar sjálfrar framkvæma slíkar birgðatalningar og talningu skömmtunarmiða, þar sem því verður við komið.

Sá, sem talningu vörubirgða framkvæmir, skal hafa meðferðis frá skömmtunarskrifstofunni skilríki, er sýni að hann hafi heimild til að framkvæma birgðakönnunina.

14. gr.

Iðnfyrirtæki, veitingahús og aðrir, sem líkt stendur á um, og þurfa á skömmtunarvörum að halda til starfsemi sinnar, geta sótt um úthlutun á skömmtunarvörum á þar til gerðum eyðublöðum, á tilteknu magni eða verðmæti tiltekinnar skömmtunarvöru. Skömmtunarstjóra er heimilt að veita slíkum aðilum innkaupaleyfi samkvæmt sérstökum reglum, sem viðskiptanefnd setur þar um, og skal í þeim reglum ákveðið, hvort eða að hve miklu leyti þessir aðilar skuli taka við skömmtunarreitum af viðskiptavinum sínum til endurgreiðslu á veittum innkaupaleyfum.

IV. KAFLI

15. gr.

Öllum þeim, sem hafa undir höndum skömmtunarvörur eða efni til framleiðslu skömmtunarvara, sem þeir framleiða sjálfir í atvinnuskyni, þó er heimilisiðnaður undanskilinn, skulu gefa skömmtunarskrifstofunni skýrslur um birgðir sínar af þessum vörum, á þeim tíma er skömmtunarstjóri krefst þess með venjulegum auglýsingum eða bréfum. Skömmtunarstjóri getur lagt svo fyrir að birgðaframtalið sé gert á þar til gerð eyðublöð eða að birgðaframtalið sé sent í símskeytum, eða á annan hátt, eftir því sem honum þykir við þurfa. Ef einhver aðili vanrækir að gefa slíkar birgðaskýrslur, eða dregur að koma þeim í hendur skömmtunarskrifstofunni, getur skömmtunarstjóri látið stöðva alla afgreiðslu á skömmtunarvörum til hans, unz ákvæði þessu er fullnægt.

Á sama hátt og með sömu viðurlögum, getur skömmtunarstjóri krafizt þess að skömmtunarskrifstofunni séu gefnar skýrslur um framleiðslu skömmtunarvara innanlands, áætlaðar þarfir fyrir skömmtunarvörur eða efni í þær, svo og hvað annað er ætla má að orðið geti til leiðbeininga eða upplýsinga í sambandi við fyrirhugaðar ákvarðanir í skömmtunarmálum eða ákvarðanir um innflutning vara frá útlöndum.

130
23. sept.

V. KAFLI

Ýmis ákvæði.

16. gr.

Skömmtunarstjóra, starfsmönnum skömmtunarskrifstofunnar, svo og þeim öðrum, sem á einhvern hátt starfa við vöruskömmtun, er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá þeim atriðum, er þeir verða áskynja um af skýrslum þeim, sem látnar eru í té, að því leyti, sem þau varða einstaka menn eða einstök fyrirtæki.

17. gr.

Skömmtunarstjóri getur veitt undanþágu frá ákvæðum reglugerðar þessarar, ef sérstaklega stendur á, enda komi samþykki viðskiptanefndar til.

18. gr.

Hver sá, er vanrækir að láta skömmtunarskrifstofunni, eða starfsmönnum þeim, sem skömmtunarstjóri til þess setur, í té skýrslur þær, sem honum er skylt að gefa samkvæmt reglugerð þessari, skal sæta 20—200 kr. dagsektum. Má ákveða þær með ábyrgðarbréfi til hlutaðeiganda.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar, og reglum settum samkvæmt þeim, varða sektum allt að 200 þús. kr. Ef miklar sakir eru eða ef brot er ítrekað, má svipta sökunaut atvinnurétti um stundarsakir eða fyrir fullt og allt. Upptaka eigna samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga skal og heimil vera.

Kostnaður við rekstur skömmtunarskrifstofunnar og allar framkvæmdir hennar í skömmtunarmálum, greiðist af viðskiptanefnd.

19. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi, og er þá úr gildi felld reglugerð nr. 159 frá 18. sept. 1940, svo og önnur ákvæði reglugerða, er kunna að fara í bága við reglu-

130 23. sept. gerð þessa. Jafnframt falla úr gildi frá og með 1. okt. n. k. reglugerð nr. 84 17. ág. 1947 og reglugerð nr. 85 13. ág. 1947.

Viðskiptamálaráðuneytið, 23. september 1947.

Emil Jónsson.

Jón Guðmundsson.

131 23. sept.

REGLUGERÐ

um sölu og afhendingu benzíns og takmörkun á akstri bifreiða.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 70 5. júní 1947, um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit, sbr. lög nr. 37 12. júní 1939 og lög nr. 59 7. maí 1940, er hér með sett eftirfarandi reglugerð:

1. gr.

Heildsölum og smásölum er bannað að láta úti benzín með öðrum hætti en ákveðið er í reglugerð þessari.

Allir þeir, sem eiga eða hafa undir höndum benzínbirgðir fram yfir það, sem er á geymum farartækja, eru skyldir, að viðlögðum drengskap, að tilkynna lögreglustjóra strax eftir að reglugerð þessi gengur í gildi, hversu miklar slíkar benzínbirgðir þeirra eru þá, og hvar þær eru geymdar. Lögreglustjórar tilkynna síðan skömmtunarskrifstofu ríkisins niðurstöðutölur um benzínbirgðir.

2. gr.

Bannað er að afhenda benzín til annarrar notkunar en bifreiðaaksturs, nema eftir reglum, sem viðskiptanefnd setur.

3. gr.

Eftir að reglugerð þessi er gengin í gildi, er eigendum og umráðamönnum benzínbirgða óheimilt að selja, láta úti eða að taka til eigin nota nokkurt benzín til bifreiðaaksturs eða annarrar notkunar fram yfir þann skammt, sem ákveðinn verður með auglýsingu skömmtunarstjóra fyrir byrjun hvers skömmtunartímabils, og aðeins gegn afhendingu skömmtunarmiða.

Skömmtunarstjóri auglýsir ákvörðun viðskiptanefndar um, hversu langt hvert skömmtunartímabil skuli vera, svo og hve mikill benzínskammtur skuli vera á hverjum tíma fyrir hvern flokk bifreiða.

Skammtur verður mismunandi hér fyrir strætisvagna, almenningsbifreiðar og aðrar leigubifreiðar til mannflutninga, mjólkurflutningabifreiðar, einkabifreiðar, vörubifreiðar, læknabifreiðar, smávörubifreiðar og bifhjól.

Leigubifreiðar til mannflutninga teljast hér þær bifreiðar, sem hinn 1. júlí 1947 voru skrásettar og tryggðar sem leigubifreiðar, eða sem síðar fá viðurkenningu samgöngumálaráðuneytisins sem leigubifreiðar.

4. gr.

Ekki má, nema með leyfi lögreglustjóra, eftir reglum sem skömmtunarstjóri setur, afhenda í einu meira benzín en það, sem nægir til að fylla benzíngeyma bifreiðar eða bifhjóls þess, sem benzínið tekur, og má ekki tæma benzíngeyma þeirra

á annan hátt en með eðlilegri eyðslu gangvélar farartækisins, nema þess þurfi vegna bilunar á því, eða það sé tekið úr notkun. 131 23. sept.

5. gr.

Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, getur viðskiptanefnd heimilað skömmtunarstjóra að veita tiltekinn aukabenzínskammt til bifreiða og annarra véla eftir reglum, sem hún setur í samráði við fjárhagsráð.

Enn fremur getur viðskiptanefnd heimilað skömmtunarstjóra að veita ökutækjum, sem skrásett eru erlendis, benzínskammt eftir dvalartíma þeirra hér á landi og tegund ökutækis.

6. gr.

Allur ónauðsynlegur akstur leigubifreiða til mannflutninga er bannaður að næturlagi milli kl. 23 og 7, nema fyrir tiltekna tölu bifreiða, er fær leyfi til næturvörzlu eftir ákvörðun samgöngumálaráðuneytisins.

Allar leigubifreiðar til mannflutninga, sem fá benzínúthlutun sem slíkar, skulu greinilega auðkenndar af viðkomandi lögreglustjóra með álímdum miða innanvert á framrúðu og afturrúðu bifreiðarinnar. Skal á miða þessum standa prentað greinilegu letri bókstafurinn L, og skal miðinn vera stimplaður embættisstimpli viðkomandi lögreglustjóra.

Leigubifreiðar til mannflutninga, sem aka án tilskildra einkenna samkvæmt þessari grein, eða á öðrum tíma en reglugerð þessi kveður á um, skulu sæta sektum, eigi lægri en 500 kr. fyrir fyrsta brot og hækkandi sektum ef um ítrekuð brot er að ræða.

7. gr.

Engin fólksflutningabifreiðastöð getur fengið skömmtunarleyfi fyrir fleiri bifreiðar en hún hefur fastráðna bifreiðastjóra á. Forráðamönnum bifreiðastöðvanna er skylt að tilkynna viðkomandi lögreglustjóra strax og reglugerð þessi gengur í gildi, fjölda bifreiða, sem á stöðinni eru, og skrásetningarmerki þeirra. Hætti bifreið störfum á stöðinni, ber að tilkynna það jafnharðan til lögreglustjóra í viðkomandi umdæmi.

Fólksflutningabifreiðastöðvum er óheimilt eftir gildistöku þessarar reglugerðar að auka við tölu þeirra fólksflutningabifreiða, sem þá eru starfandi á bifreiðastöðinni, og ber slíkum stöðvum að tilkynna viðkomandi lögreglustjóra þá þegar tölu slíkra bifreiða á stöðinni, skráningarnúmer þeirra, nafn eiganda, nafn bifreiðarstjóra og annað það, er lögreglustjóri telur að máli skipti í þessu sambandi.

8. gr.

Skömmtunarstjóri getur, samkvæmt ákvörðun viðskiptanefndar, bannað sölu á benzíni tiltekna daga eða tiltekinn hluta sólarhrings.

9. gr.

Lögreglustjórar skulu annast afhendingu á benzínskömmtunarheftum. Þegar afhending heftis fer fram, skal skrá í það:

1. Fullt nafn og heimili eiganda farartækis.
2. Skrásetningarmerki farartækis.
3. Tegund bifreiðar, þ. e. hvort um strætisvagn, almenningsbifreið, mjólkurflutningabifreið, leigubifreið til mannflutninga, læknisbifreið, einkabifreið, smávörubifreið, vörubifreið eða bifhjól sé að ræða.
4. Úthlutunartímabil það, sem heftið gildir fyrir.
5. Vegalengdarmælisstöðu í upphafi tímabils.
6. Benzínmagn það, sem farartækinu er úthlutað á hverju úthlutunartímabili.

131 7. Raunverulega benzíneyðslu á næsta úthlutunartímabili á undan.
23. sept. 8. Nafn og embættisinnsigli þess, er afhendir heftið.

Inn í heftið skal festa arkir með skömmtunarmiðum. Þessir miðar hljóða á 1 og 5 lítra af benzíni og skulu þeir vera mismunandi stórir eftir gildi sínu. Enn fremur skal á hvern miða skrá fyrir hvaða tímabil hann gildir.

Miðarnir skulu vera þannig, að auðvelt sé að losa hvern einstakan frá hinum. Skal frá örkunum þannig gengið, að tiltekinn fjölda þeirra megi festa inn í hvert hefti, eftir því sem við á og úthlutað er fyrir hvert tiltekið tímabil, samkvæmt auglýsingu þeirri, sem um getur í 3. gr.

Ef eigandi eða umráðamaður farartækis hefur, er skömmtun hefst, átt benzín, sem skylt er að gefa upp samkvæmt 2. mgr. 1 .gr., skal við fyrstu og, ef með þarf, síðari úthlutanir nema úr hefti farartækis hans miða, sem svara til magns birgðanna.

Eigi mega lögreglustjórar afhenda heftin til annarra farartækja en þeirra, sem skrásett eru innan lögsagnarumdæmis þeirra, og hafa gilt skoðunarvottorð. Þó má gera undantekningu frá þessu um farartæki, sem stödd eru innan annars lögsagnarumdæmis og eigendur þeirra eða umráðamenn færa sönnur á það fyrir lögreglustjóra, að þau geti ekki komizt til þess lögsagnarumdæmis, þar sem þau eru skrásett, áður en nýtt skömmtunartímabil hefst, en tilkynna skal það símleiðis lögreglustjóra í lögsagnarumdæmi því, þar sem bifreiðin er skrásett.

Eigi einstaklingur eða fjölskylda, sem á sameiginlegt heimili, fleiri einkabifreiðar en eina, má eigi láta úti benzínskömmtunarhefti nema fyrir eina bifreið slíks einstaklings eða fjölskyldu.

Enginn getur fengið nýja benzínmiða, nema hann sýni skömmtunarhefti. Nú glatast skömmtunarhefti og ákveður þá skömmtunarstjóri, hvort gefa skuli út nýtt hefti.

Þegar nýir miðar eru afhentir eiganda eða umráðamanni fólksbifreiðar, skal lögreglustjóri athuga, hvort benzínnotkun hefur verið eðlileg. Nú kemur í ljós við þessa athugun, að akstur farartækis er verulega annar en ætla má samkvæmt benzínnotkuninni, og skal þá eigi afhenda nýja skömmtunarmiða til hlutaðeigandi umsækjanda, heldur skal sá, sem brotlegur er, sæta viðurlögum samkvæmt 15. gr.

Nú er kílómetra- eða mílumælir farartækis ekki í lagi, þegar reglugerð þessi gengur í gildi og skal þá eigandi þess eða umráðamaður hafa látið gera við hann áður en næsta úthlutunartímabil hefst. Eftir þann tíma verður benzín ekki afhent til annarra farartækja en þeirra, sem hafa mælitæki sín í lagi, nema með sérstöku leyfi lögreglustjóra.

Eigendur eða umráðamenn vörubifreiða geta ekki fengið afhenta benzínbók nema vörubifreiðin sé sannanlega akurshæf og hafi áður verið í akstri. Nýjar vörubifreiðar, sem eru að hefja starfsemi, fá því aðeins benzínbók, að þær geti sannað að þær ætli að fara í einhvers konar atvinnu.

Eigendur eða umráðamenn vörubifreiða skulu mánaðarlega fá benzínbók hjá viðkomandi lögreglustjóra og skulu þeir framvísa við hann vinnunótum, er sýni hve margar vinnustundir bifreiðin hefur verið notuð í næstliðnum mánuði, í fyrsta sinn í byrjun nóvember þ. á. Allir þeir, er kaupa vinnu vörubifreiða eða hafa hennar not, skulu skyldir að láta bifreiðastjóra slíkrar bifreiðar í té daglega, eða að sérstöku verki loknu, vinnunótu, er sýni hve margar stundir bifreiðin hefur starfað að akstri.

Komi í ljós, að verulegur mismunur sé á notkun benzíns handa bifreiðinni samkvæmt benzínbókinni, við það sem ætla má að bifreiðin hafi notað við akstur samkvæmt vinnunótum, skal lögreglustjóri nema úr hinni nýju benzínbók miða til jafns við það, er hann telur að til vanti að bifreiðin hafi notað af benzíni til vinnu þeirrar, er vinnunóturnar sýna.

10. gr.

Þegar smásali lætur af hendi benzín, skal hann samtímis taka úr heftinu miða fyrir því magni, sem hann selur í hvert skipti, og má eigi afhenda benzín gegn lausum miðum.

Smásali getur eigi fengið afhent benzín af heildsölubirgðum nema hann afhendi samtímis heildsalanum miða fyrir samsvarandi magni. Þó getur skömmtunarskrifstofa ríkisins gefið undanþágu frá þessu, ef sérstaklega stendur á.

Heildsöluverzlanir skulu í byrjun hvers mánaðar afhenda skömmtunarskrifstofu ríkisins miða þá, sem þær hafa fengið frá smásölum næsta mánuð á undan, ásamt skýrslum um innkaup sín og sölu þann tíma, svo og birgðir í lok hvers mánaðar.

11. gr.

Nú rís ágreiningur út af skömmtun til farartækis og sker þá lögreglustjóri úr honum. En áfrýja má þeim úrskurði til skömmtunarstjóra, sem leggur endanlegan úrskurð á ágreininginn.

12. gr.

Skömmtunarskrifstofa ríkisins getur hvenær sem er, án dómsúrskurðar, rannsakað benzínbirgðir heildsala og smásala. Skulu starfsmenn skrifstofunnar sjálfrar framkvæma slíkar birgðatalningar og talningu skömmtunarmiða, þar sem því verður við komið.

Sá, sem talningu á benzínbirgðum framkvæmir, skal hafa meðferðis frá skömmtunarskrifstofunni skilríki, er sýni, að hann hafi heimild til að framkvæma birgðakönnunina.

13. gr.

Skömmtunarskrifstofa ríkisins setur nánari reglur um framkvæmd reglugerðar þessarar, ef þurfa þykir.

14. gr.

Umskráningar (tilfærslur á einkennismerkjum) ökutækja, hvort heldur er innan sama umdæmis eða milli umdæma, mega ekki fara fram án vitundar skömmtunarskrifstofu ríkisins.

Verkstæðum, er taka að sér viðgerðir á ökutækjum eða öðrum vélum, er nota benzín sem aflgjafa, er skylt að tilkynna skömmtunarskrifstofu ríkisins, er þau taka á móti slíkum ökutækjum eða vélum, sem fyrirsjáanlegt er að verða ónothæfar lengur en 3 daga. Sömu aðilar skulu tilkynna skömmtunarskrifstofu ríkisins er aðgerð er lokið.

15. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum allt að 200 000 kr. Gildir þetta jafnt um þá, sem kaupa eða selja benzín og aðra, sem brjóta gegn ákvæðum reglugerðarinnar. Enn fremur skal afnema benzínskammt bifreiðar, ef eigandi hennar verður brotlegur við reglugerðina, eigi skemur en 3 mánuði og eigi lengur en 2 ár. Fara skal með mál út af slíkum brotum sem almenn lögreglumál.

Þá er heimilt að leggja við allt að 200 kr. dagsektir, ef benzínsalar skila ekki á tilteknum tíma skýrslum þeim um benzínbirgðir, sem nauðsynlegar eru til framkvæmda þeim ráðstöfunum, sem um ræðir í reglugerð þessari, samkvæmt fyrirmælum skömmtunarstjóra. Samgöngumálaráðuneytið ákveður dagsektir þessar í ábyrgðarbréfi eða símskeyti til aðila, og skal þar tekið fram frá hvaða tíma þær falla á.

131 16. gr.
23. sept. Reglugerð þessi öðlast gildi frá og með 1. okt. 1947 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.
Jafnframt er úr gildi numin reglugerð nr. 86 13. ágúst 1947.

Viðskiptamálaráðuneytið, 23. september 1947.

Emil Jónsson.

Jón Guðmundsson.

132
27. sept.

REGLUGERÐ

um laun stundakennara.

1. gr.

Laun stundakennara skulu vera sem hér segir:

Í menntaskólum	kr. 7.70	fyrir	hverja	kennslustund
- Kennaraskóla Íslands, vélstjóraskólanum og stýrimannaskólanum	— 7.20	—	—	—
- gagnfræða- (og héraðs)skólum	— 6.50	—	—	—
- íþróttakennaraskólanum og húsmæðrakennaraskólanum	— 6.00	—	—	—
- húsmæðraskólum og unglingaskólum	— 5.25	—	—	—
- barnaskólum	— 4.70	—	—	—

Orlofsfé er talið með í launum þessum.

Laun stundakennara í þeim skólum, sem eigi eru hér greindir, en styrks njóta úr ríkissjóði, skulu ákveðin í samráði við fræðslumálastjórnina.

2. gr.

Verði breyting á kennslustundafjölda fastra kennara frá því, sem nú er ákveðið í lögum skólanna hvers um sig, breytast stundakennaralaunin í sama hlutfalli, þó þannig, að jafnan standi á heilum eða hálfum tug aura.

3. gr.

Á laun þau, er um ræðir í 1. gr., skal greiða verðlagsuppbót.

4. gr.

Prófdómarar njóta sömu launa og stundakennarar skólanna, er þeir starfa við.

5. gr.

Stundakennsla greiðist af rekstrarfé skólanna hvers um sig.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 32. gr. laga nr. 60/1945, um laun starfsmanna ríkisins, öðlast þegar gildi. Samtímis er úr gildi felld reglugerð nr. 96/1945, um laun stundakennara.

Menntamálaráðuneytið, 27. september 1947.

Eysteinn Jónsson.

Birgir Thorlacius.

AUGLÝSING

133
30. júlí

um breytingar á samþykkt nr. 225 15. desember 1943, um lokunartíma sölubúða í Seyðisfjarðarkaupstað.

Aftan við 1. málsgrein 2. gr. samþykktarinnar bætist: nema á laugardögum kl. 3 síðdegis.

4. málsgrein 2. greinar hljóði þannig:

Á tímabilinu frá 15. maí til 15. september skal á laugardögum loka sölubúðum ekki síðar en kl. 12 á hádegi.

Samþykkt þessi, sem samin er af bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar samkvæmt lögum nr. 17 1. febr. 1936, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 30. júlí 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jónas Guðmundsson.

REGLUGERÐ

134
8. ágúst

fyrir vatnsveitu í Hólmavíkurhreppi.

1. gr.

Hreppsnefnd Hólmavíkurhrepps hefur einkaleyfi til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á því svæði, er hún nær yfir og getur fullnægt, svo og á Hólmavíkurhöfn.

2. gr.

Vatnsveitunefnd, sem kosin er af hreppsnefnd til fjögurra ára í senn, annast öll framkvæmdastörf, viðhald og endurbætur vatnsveitunnar, fjárreiður hennar og umsjón eigna, í samráði við oddvita og hreppsnefnd.

Í vatnsveitunefnd skulu vera 3 menn og aðrir 3 til vara. Vatnsveitunefnd skipar sjálf með sér verkum.

3. gr.

Vatnsveitan lætur leggja aðalvatnsæðar um þorpið svo víða, sem fært þykir, svo að húseigendur eigi greiðan aðgang að þeim í fyrirhuguðu vegarstæði eða götu, er lóðir þeirra liggja að. Frá aðalæðum skulu húseigendur leggja vatnsæðar í hús sín á sinn kostnað.

4. gr.

Hver sá, sem vill komast í samband við vatnsveitu Hólmavíkur, skal senda vatnsveitunefnd skriflega umsókn þar um. Umsókninni skulu fylgja upplýsingar um, hve mikið vatn hlutaðeigandi telur sig þurfa að nota.

5. gr.

Skylt er húseiganda eða lóðareiganda að halda vatnsæðum sínum vel við, og láta tafarlaust gera við þær, ef leki kemur að þeim eða aðrar bilanir. Hann skal sérstaklega gæta þess, að ekki frjósi í þeim. Enginn má setja aflvélar í samband

30. dag ágústmánaðar 1947. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

134 8. ágúst við vatnsveituna, nema með samþykki vatnsveitunefndar, og með þeim útbúnaði, sem hún telur tryggan.

6. gr.

Vatnsveitunefnd getur fyrirskipað takmörkun á vatnsnotkun, ef skortur er á vatni. Þá getur hún lokað fyrir vatnið, þegar þarf, vegna hreinsunar á vatnsgeyminum eða viðgerðar á vatnsæðum. Slík lokun skal tilkynnt fyrir fram, ef nokkur tök eru á. Fullan vatnsskatt ber að greiða, þótt slík lokun fari fram.

7. gr.

Vatnsveitunefnd er heimilt að loka fyrir vatn hjá þeim, sem eftir ítrekaða áminningu eyða vatni að óþörfu, eða vanrækja að gera við bilanir á leiðslum sínum, svo og ef þeir hafa vatnsæðum sínum þannig fyrir komið, að óþrif hljótist af, eða greiða ekki vatnsskatt á réttum gjalddaga.

8. gr.

Skylt er manni að láta af hendi land sitt og landsafnot í þarfir vatnsveitunnar, svo og mannvirki, og þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir samkvæmt mati, ef ekki næst samkomulag.

9. gr.

Vatnssala til skipa fer fram á bryggju hafnarsjóðs og fleiri bryggjum, ef þurfa þykir, og er bryggjueigendum skylt að leyfa afhendingu vatns til skipa á bryggjum sínum og lagningu vatnsæða og uppsetningu mælitækja í húsum og á bryggjum í þessu skyni, samkv. 8. gr.

10. gr.

Hver sá, sem tekur vatn úr vatnsveitunni án heimildar, eða á annan hátt en ráð er fyrir gert, í þeim tilgangi að losna við að greiða gjald fyrir, skal sæta sektum, nema þyngri refsing liggi við samkv. hegningarlögunum, auk þess sem honum er skylt að greiða fyrir vatnið samkv. mati vatnsveitunefndar.

11. gr.

Hver sá, sem skemmir eða saurgar vatnsæðar vatnsveitunnar, brunna hennar eða önnur mannvirki, skal greiða fullar bætur fyrir samkv. mati tveggja dómkvaddra manna, og sæta sektum, nema þyngri refsing liggi við.

12. gr.

Vatnsveitunefnd eða trúnaðarmönnum hennar er heimilt að fara í hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til athugunar og aðgerðar. Ef útbúnaði er að einhverju leyti ábótavant, skal húseigandi tafarlaust bæta úr því, ella er vatnsveitunefnd heimilt að gera við það á hans kostnað.

13. gr.

Af öllum húsum Hólmavíkurkauptúns, sem virt eru til fasteignamats og vatni er veitt í eða úr næst til vatnsæða í götu, vegi eða opnu svæði, er lóð þeirra telst til, skal greiða vatnsskatt. Skatturinn skal lagður á eftir lögskipaðri fasteignamatsvirðingu húsanna. Skatt skal einnig greiða eftir virðingarverði fastra véla, sem í húsinu eru, ef þær eru vátryggðar ásamt því og nota vatn úr vatnsæðum hreppsins.

14. gr. 134

Af öllum húsum í Hólmavíkurkauptúni, sem svo er ástatt um, sem um getur í 13. gr. reglugerðar þessarar, skal greiða vatnsskatt að upphæð 12‰ — tólf af þúsundi —, þó skal lágmark skattsins vera kr. 50.00 fyrir hvert íbúðarhús. 8. ágúst

15. gr.

Af húsum, sem nota vatn til annars en venjulegra heimilisþarfa vegna atvinnu, sem í þeim er rekin og útheimtir mikið vatn, svo sem verksmiðjur, baðhús, þvottahús, iðnaðarfyrirtæki o. fl., skal greiða í vatnsskatt 18‰ — átján af þúsundi — af fasteignamatsverði.

16. gr.

Fyrir önnur vatnsnot skal greiða vatnsskatt sem hér segir:

1.	Af hverri tunnu saltaðrar síldar	kr.	0.20
2.	Af hverri tunnu flakaðrar síldar	—	0.35
3.	Af hverri smálest innvegins nýs fisks	—	1.00
4.	Fyrir vatn til fiskþvottar, af hverju skpd.	—	0.20
5.	Fyrir hvern stórgrip, sem stendur inni, á ári	—	10.00
6.	Fyrir þvott á bifreiðum, í hvert sinn	—	2.00
7.	Fyrir hverja frysta síldartunnu	—	0.15
8.	Fyrir hvern kjötskrokk	—	0.06
9.	Fyrir vatn í steypu, af hverri sementstunnu	—	0.40

17. gr.

Þegar um er að ræða fyrirtæki, sem nota mikið vatn, svo sem síldarverksmiðjur og hraðfrystihús, getur vatnsveitan ákveðið að selja vatn um mæli. Af fyrstu 500 smálestunum sé þá greitt kr. 0.50 af smálest, af næstu 500 smál. sé greitt kr. 0.25 af smálest og af því, sem þar er fram yfir, skal greiða kr. 0.10 af smálest.

Vatnsveitan leggur til mæla, en notendur greiða eftir þá hæfilega leigu eftir ákvörðun vatnsveitunefndar.

18. gr.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts húsa. Atvinnurekandi, útgerðarmaður eða útflytjandi ber ábyrgð gagnvart vatnsveitunni á greiðslu vatnsskatts af síld og öðrum fiski. Eigandi framleiðslustöðvar ber ábyrgð á, að vatnsskattur af vatnsskattskyldri framleiðslu eða verkun á stöð hans sé greiddur á gjalddaga.

19. gr.

Fyrir vatn til skipa skal gjalda kr. 6.00 fyrir smálest hverja eða brot úr smálest. Minnsta gjald fyrir fiskiskip er kr. 10.00 og kr. 15.00 fyrir önnur skip. Vatnsveitunefnd er heimilt að ákveða, að fyrir skip, sem skrásett eru að eiga heima í Hólmavík og eru undir 30 rúmlestir að stærð, séu greiddar kr. 30.00 í fast gjald á ári, og fyrir bifreiðar, sem eru í eigu manna í Hólmavíkurhreppi, séu greiddar kr. 30.00 á ári, enda greiðist gjöld þessi fyrir fram. Þá er hreppsnefnd heimilt að ákveða, að hafskipabryggja Hólmavíkurhrepps greiði vatnsveitunni ákveðna upphæð á ári í vatnsskatt eftir ákvörðun hreppsnefndar, enda hafi bryggjan þá allar tekjur af vatnssölu þeirri, er fram fer á bryggjum, og af rekstri þeim, er fram fer á plönum hennar og bryggju, svo sem síldarsöltun og fleira.

20. gr.

Skip, sem vatnsveitan hefur afhent vatn, má ekki, að viðlögðum sektum, fara af höfninni fyrr en vatnið er greitt, nema gjaldfrestur hafi verið veittur. Vatnsskatt má innheimta með lögtaki á kostnað notanda.

134 8. ágúst

21. gr.

Reikningsár vatnsveitunnar er almanaksárið. Gjalddagi vatnsskatts húsa er 31. maí ár hvert og greiðist vatnsskatturinn í einu lagi fyrir líðandi ár. Vatnsskattur samkv. 16. gr. fellur í gjalddaga um leið og varan er framleidd eða flutt á skipsfjöl til útflutnings. Vatnsskattur samkv. 17. gr. fellur í gjalddaga mánaðarlega eftir á eða þegar verksmiðjurekstur hættir ár hvert.

22. gr.

Heimilt er hreppsnefnd fyrir eitt ár í senn að hækka eða lækka vatnsskattinn um allt að 50%.

23. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða allt að 500 kr. sektum, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

Mál út af brotum gegn reglugerðinni skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 8. ágúst 1947.

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

Gísli Jónasson.

135 8. ágúst

JARÐRÆKTARSAMÞYKKT

fyrir Búnaðarsamband Austurlands.

I. KAFLI

Takmörk samþykktarsvæða og markmið.

1. gr.

Búnaðarsambandi Austurlands sé skipt í eftirfarandi samþykktarsvæði og ræktunarfélög:

1. Búnaðarfélag Skeggjastaðahrepps:
2. Búnaðarfélag Vopnafjarðarhrepps;
3. Búnaðarfélag Jökuldalshrepps, Búnaðarfélag Hlíðarhrepps, Búnaðarfélag Fljótsdalshrepps, Búnaðarfélag Fellahrepps og Búnaðarfélag Tunguhrepps;
4. Búnaðarfélag Skriðdalshrepps, Búnaðarfélag Vallahrepps, Búnaðarfélag Eiðahrepps og Búnaðarfélag Hjaltastaðahrepps;
5. Búnaðarfélag Borgarfjarðarhrepps;
6. Búnaðarfélag Loðmundarfjarðarhrepps;
7. Búnaðarfélag Seyðisfjarðarhrepps og Búnaðarfélag Seyðisfjarðarkaupstaðar;
8. Búnaðarfélag Mjóafjarðarhrepps;
9. Búnaðarfélag Norðfjarðarhrepps og Búnaðarfélag Neskaupstaðar;
10. Búnaðarfélag Helgustaðahrepps, Búnaðarfélag Eskifjarðarhrepps og Búnaðarfélag Reyðarfjarðarhrepps;
11. Búnaðarfélag Fáskrúðsfjarðarhrepps og Búnaðarfélag Búðahrepps;

12. Búnaðarfélag Stöðvarhrepps;
13. Búnaðarfélag Breiðdalshrepps og Búnaðarfélag Beruneshrepps;
14. Búnaðarfélag Búlandshrepps og Búnaðarfélag Geithellnahrepps;
15. Búnaðarfélag Bæjarhrepps, Búnaðarfélag Nesjahrepps og Búnaðarfélag Hafnarkauptúns;
16. Búnaðarfélag Mýrahrepps og Búnaðarfélag Borgarhafnarhrepps;
17. Búnaðarfélag Hofshrepps.

2. gr.

Hvert ræktunarsamband eða ræktunarfélag fyrir sig tekur að sér, með aðstoð og undir yfirumsjón Búnaðarsambands Austurlands á þann hátt, sem nánar er fram tekið í samþykkt þessari, eftirgreind verkefni, er nái til allra jarða á samþykktarsvæðinu, eftir því sem bezt á við á hverjum stað, að undanskildum þeim jörðum, er falla kunna undir ákvæði VI. kafla jarðræktarlaga nr. 54 4. júlí 1942, um búferlaflutning:

1. Að ræsa fram land til túnræktar, beitiræktar og engjaræktar. Tekur framkvæmd verksins til fullnaðar framræslu á landinu að opnum skurðum, svo og lokræsum, þar sem þess er þörf.
2. Að framkvæma jarðvinnslu á túnum jarða á samþykktarsvæðinu, sem ekki eru véltæk. Nær það til plægingar, herfingar og jöfnunar lands.
3. Að taka að sér jarðvinnslu til nýræktar túna og garða. Nær það til fullnaðarvinnslu landsins á sama hátt og gert er ráð fyrir í síðustu málsgrein 2. tölul.
4. Að framkvæma sléttun engja, svo þær verði véltækar, hvort heldur það er gert með völtun, vinnslu lands, flóðgarðahleðslu eða öðrum aðferðum.

Búnaðarsamband Austurlands leggur ræktunarsamböndunum eða ræktunarfélögunum til án endurgjalds, faglega aðstoð eftir megni.

Allar framkvæmdir samkvæmt þessari grein, 1. til 4. lið, skulu gerðar eftir fyrirsögn Búnaðarfélags Íslands.

II. KAFLI

Skipun og verksvið framkvæmdastjórnar.

3. gr.

Stjórnarnefndarmenn þeirra hreppsbúnaðarfélaga, er standa saman um ræktunarsamþykkt, mynda fulltrúaráð fyrir ræktunarsambandið eða ræktunarfélagið, þar sem ræktunarfélagið tekur aðeins yfir eitt búnaðarfélag, kemur aðalfundur þess í stað fulltrúaráðs. Hvert ræktunarsamband eða ræktunarfélag velur sér þriggja manna framkvæmdastjórn. Þar sem fleiri en þrjú búnaðarfélög eru í einni ræktunarsamþykktarheild, er þó heimilt að hafa fimm manna framkvæmdastjórn. Framkvæmdastjórn skal valin þannig:

a. Þar sem ræktunarsvæðið tekur aðeins yfir eitt búnaðarfélag, skal kjósa framkvæmdastjórn á aðalfundi félagsins.
b. Þar sem tvö eða fleiri búnaðarfélög eru á sama ræktunarsvæði skal framkvæmdastjórn kosin af fulltrúaráði, þ. e. stjórnarnefndarmönnum hlutaðeigandi búnaðarfélags á sameiginlegum fundi þeirra. Kosning gildir til þriggja ára.

Úr þriggja manna framkvæmdastjórn gengur einn maður árlega, fyrstu tvö árin eftir hlutkesti, en síðan í röð eftir starfsaldri. Úr fimm manna stjórn ganga tveir menn fyrsta árið og tveir annað árið eftir hlutkesti, en síðan árlega í réttri röð eftir starfsaldri. Stjórnarnefndarmenn má endurkjósa.

4. gr.

Stjórnin skiptir með sér verkum. Formaður boðar til allra funda og stjórnar þeim. Ritari sér um bókun fundargerða. Gjaldkeri hefur á hendi reikningshald

135 fyrir allar þær framkvæmdir, sem gerðar eru á grundvelli samþykktarinnar, og
8. ágúst annast allar innheimtur og greiðslur eftir ávísun formanns.

5. gr.

Stjórn hvers ræktunarsambands eða ræktunarfélags annast kaup á nauðsynlegum vélum og verkfærum til skurða og lokræsagerðar, svo og á jarðvinnsluvélum, en skylt er henni, sbr. 8. gr. laga um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, að hafa samráð við verkfæranefnd ríkisins um kaup og val vélanna.

6. gr.

Stjórn hvers ræktunarsambands eða ræktunarfélags sér um kaup á öllu því, er með þarf til reksturs og viðhalds þeim vélum og áhöldum, sem keypt verða. Henni ber að hafa þau tryggð fyrir fjárhæð, er svarar til verðgildis þessara eigna, eins og þær eru á hverjum tíma.

7. gr.

Stjórn hvers ræktunarsambands eða ræktunarfélags annast um allan rekstur vélanna. Henni ber að gera og undirrita alla verktökusamninga við hina einstöku framkvæmdaaðila á samþykktarsvæðinu, og ákveða á hvaða tíma og í hverri röð verkefnin eru tekin, er unnið skal að.

8. gr.

Stjórn hvers ræktunarsambands eða ræktunarfélags ræður starfsmenn, ákveður launakjör þeirra og hefur umsjón með öllum jarðræktarframkvæmdum. Heimilt er þó stjórninni að ráða framkvæmdastjóra til eins árs í senn. Getur hún með erindisbréfi falið honum framkvæmdastjórn um daglegan rekstur og umsjón með verkstjórn vinnuflokka.

9. gr.

Allir þeir samningar, er framkvæmdastjórn gerir fyrir hönd ræktunarsambands eða ræktunarfélags síns samkvæmt samþykktum eða ályktunum aðalfundar, eru skuldbindandi fyrir ræktunarsambandið eða ræktunarfélagið í heild, þótt þeir hafi ekki sérstaklega verið undir það bornir eða einstök búnaðarfélög þess.

Framkvæmdastjórn ber ábyrgð gerða sinna fyrir aðalfundi ræktunarsambandsins.

III. KAFLI
Um tilhögun framkvæmda.

10. gr.

Skylt er stjórnum hreppabúnaðarfélaganna, hverri á sínu svæði, að skrá verkbeiðnir félagsmanna fyrir lok janúarmánaðar ár hvert. Skal þar tilgreint, hverjar jarðabætur óskað er, að unnar séu á því ári, svo og verkmagn þeirra, eftir því sem næst verður komizt. Skýrslum þessum ber að skila til framkvæmdastjórnar hlutaðeigandi ræktunarsambands eða ræktunarfélags fyrir 1. febrúar ár hvert.

Skýrslunni fylgi frá verkkaupendum greiðsluskuldbinding hvers þeirra fyrir sig, og enn fremur yfirlýsing félagsstjórnar hreppabúnaðarfélagsins um það, að félagið takist á hendur ábyrgð á greiðslum félagsmanna sinna fyrir þau verk, er hjá þeim verða unnin á því starfsári.

11. gr.

Að fengnum þeim skýrslum, er um ræðir í 10. gr., ber framkvæmdastjórn hvers ræktunarsambands eða ræktunarfélags að semja starfs- og rekstursáætlun fyrir yfirstandandi ár. Rísi ágreiningur innan ræktunarsambandsstjórnar um veigamikil

atriði í framkvæmdaáætlun, ber að leggja hann fyrir næsta aðalfund ræktunar- 135
sambandsins til úrskurðar. 8. ágúst

Framkvæmdastjórn er skylt að framfylgja samþykktri starfsáætlun, svo sem við verður komið.

12. gr.

Við undirbúning framkvæmdaáætlunar sé þess sérstaklega gætt:

1. Að þær jarðir, sem minnst véltækt land hafa, sitji fyrir vinnu, eftir því sem við verður komið, án þess að valda óhæfilegum aukakostnaði í flutningi véla og verkfæra.
2. Að túnasléttun sé að öðru jöfnu látin sitja fyrir öðrum ræktunarframkvæmdum.
3. Að land það, er brjóta á til ræktunar hafi verið ræst fram á fullnægjandi hátt, að dómi trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands.
4. Að framræsla bithaga í stærri stíl komi að jafnaði því aðeins til greina, að fullnægt hafi verið framræsluverkefnum vegna tún-, garð- og engjaræktar á þann hátt, að það tefji eigi jarðvinnsluna, svo að því marki verði náð, að allur heyfengur verði tekinn á vélfæru landi.

IV. KAFLI

Um verðlagsákvarðanir og greiðslu kostnaðar.

13. gr.

Kostnaður við framkvæmdir, er í samþykkt þessari getur, greiðist á eftirgreindan hátt:

1. Sameiginleg framræsla fleiri jarða greiðist af þeim, er hagsmuna njóta af framkvæmdinni, eftir flatarmáli þess lands, er nýtur hags af verkinu. Þó skal taka tillit til þess, ef um einhverja sérstöðu er að ræða. Verði ágreiningur um þessi atriði, skal úr honum skorið með mati tveggja óvilhallra dómkvaddra manna.
2. Framkvæmdir á einstökum jörðum skulu greiddar af verkkaupanda, eftir þeim skildaga, og á þann hátt, sem fram verður tekið í verktökusamningi.

Heimilt er stjórn ræktunarsambanda eða ræktunarfélaga að láta greiðslur fara fram eftir áætluðum verktöxtum, meðan verkið stendur yfir ár hvert, en fullnaðargreiðsla sé byggð á tilkostnaðarverði, eins og það verður samkvæmt rekstrarreikningi hvers árs. Áætlaðir verktaxtar séu miðaðir við tímaeiningu.

14. gr.

Til reksturskostnaðar telst greiðsla vinnulauna, allur reksturskostnaður véla og greiðslur fyrningargjalds af þeim, kostnaður við flutninga þeirra milli vinnustaða, viðhald véla, er stafar af eðlilegu sliti þeirra, vaxtagreiðslur, kostnaður við verkstjórn og stjórnarkostnaður.

Heimilt er aðalfundi ræktunarsambands eða ræktunarfélags að ákveða og leggja á framkvæmdakostnað áhættuþóknun, er nemi allt að 5% af heildarkostnaði hvers árs.

15. gr.

Aðalfundur ræktunarsambands eða ræktunarfélags getur heimilað framkvæmdastjórn að taka ákveðin verk, sem tilgreind eru í 2. gr. þessarar samþykktar í ákvæðisvinnu, enda sé lögð fyrir aðalfund kostnaðaráætlun og verklýsing á því, sem vinna á.

16. gr.

Heimilt er framkvæmdastjórn á þeim tímum, sem ekki er unnt að vinna að skurðgrefti, lokræsagerð eða jarðvinnslu fyrir samþykktaraðila að taka að sér

135 verk fyrir búendur, hreppsfélög eða aðra aðila á sambandssvæðinu, þótt þau falli
8. ágúst ekki undir ákvæði annarrar greinar, ef tryggt er að það sé hagkvæmt fyrir búnaðarsambandið og einkum fyrir samþykktarsvæðið, enda sé tryggt að vélakostur sé ekki festur við þessi störf, svo að brjóti í bága við hagsmuni samþykktaraðila.

17. gr.

Rekstursafgangur og áhættuþóknun, svo og ef ágóði verður af ákvæðisvinnu eða þeim verkum, er um getur í 16. gr., skal leggjast í stofnsjóð ræktunarsambandsins eða ræktnunarfélagisns og varið samkvæmt ákvæðum þeim, er um hann gilda, sbr. 18. gr.

V. KAFLI

Fjáröflun og tryggingar.

18. gr.

Hvert ræktunarsamband eða ræktunarfélag myndar stofnsjóð til vélakaupa. Fer upphæð stofnfjár eftir þörfinni á hverjum stað. Stofnfjár skal aflað þannig:

1. Hreppabúnaðarfélögin á samþykktarsvæðinu leggja fram sem óafturkræft framlag upphæð, er nemur hið minnsta ¼ hluta alls stofnfjárins samkv. 1.—4. lið. Þar sem ræktunarsamband kaupir skurðgröfu styrkir Búnaðarsamband Austurlands það með óafturkræfri upphæð, er nemur allt að ¼ hluta af kaupverði hennar, enda sé fé ætlað fyrir því í fjárhagsáætlun sambandsins.
2. Í stofnsjóð renna óafturkræf frjáls fjárframlög frá einstaklingum eða öðrum aðilum.
3. Með sameiginlegu stofnláni, sem tryggt er með sameiginlegri ábyrgð ræktunarsambandsins eða ræktunarfélagsins. Skulu slík stofnlán endurrgreidd innan 5 ára.
4. Styrkur úr framkvæmdasjóði ríkisins til vélakaupa rennur í stofnsjóð jafnóðum og hann greiðist.

Árlegar tekjur stofnsjóðs eru:

a. Tekjur þær, sem inn koma samkv. ákvæðum 17. gr.
b. Vaxtatekjur og aðrar tekjur, er til sjóðsins kunna að falla.

19. gr.

Stofnfjárframlag hreppsbúnaðarfélaga greiðist inn til framkvæmdastjórnar, þá er samþykkt hefur öðlazt gildi. Framlag hvers hreppsbúnaðarfélags skal greitt í hlutföllum við fasteignamat lands og ræktunarlóða. Þó skal hver verðeining ræktunarlóða aðeins bera hálfan gjaldþunga móti einingu í öðru landverði.

20. gr.

Komi í ljós síðar að auka þurfi stofnsjóð, að áliti framkvæmdastjórnar, ber henni að gera rökstuddar tillögur um stofnfjáraukningu til stjórnar búnaðarfélaganna á ræktunarsvæðinu, en þær leggja tillögurnar fyrir almennan fund í félögunum til samþykktar. Að fenginni meiri hluta samþykkt í hlutaðeigandi búnaðarfélögum skal tillagan borin upp á aðalfundi ræktunarsambands eða ræktunarfélagsins. Verði hún samþykkt þar með minnst ⅗ atkvæða, er hún bindandi fyrir hreppabúnaðarfélögin.

21. gr.

Heimilt er framkvæmdastjórn að taka reksturslán gegn tryggingum í þeim jarðræktarstyrk, er á umbætur verður greiddur úr ríkissjóði, samkv. ákvæðum II. og V. kafla jarðræktarlaga.

22. gr.

Skylt er samþykktaraðilum að hafa greitt framkvæmdastjórn 3/5 af áætluðu kostnaðarverði að frádregnum væntanlegum jarðabótastyrk þeirrar vinnu, er þeir hafa pantað, áður en verkið er hafið. Eftirstöðvarnar greiðast á gjalddaga, er verktökusamningur ákveður.

VI. KAFLI

Um reikningshald, endurskoðun og yfirstjórn fjármála.

23. gr.

Reikningsár hvers ræktunarsambands eða ræktunarfélags er almanaksárið. Reikningsskilum skal lokið svo tímanlega að endurskoðun hafi farið fram áður en aðalfundur ræktunarsambandsins er haldinn. Skulu endurskoðendur sannprófa, að reikningum beri saman við bækur framkvæmdastjórnar.

24. gr.

Endurskoðendur séu tveir kjörnir á aðalfundi ræktunarsambandsins til eins árs í senn. Þeir skulu kynna sér reikninga sem bezt og hafa eftirlit með starfrækslu framkvæmdastjórnar í hvívetna.

25. gr.

Endurskoðaðir reikningar skulu lagðir fram til samþykktar á aðalfundi ræktunarsambandsins eða ræktunarfélagsins, er haldinn skal eigi síðar en 30. apríl ár hvert. Þar gefur framkvæmdastjórn skýrslu um starfsemina, svo og endurskoðendur ef tilefni er til þess.

26. gr.

Búnaðarsamband Austurlands hefur yfirumsjón með fjárhag og reikningshaldi allra ræktunarsambanda á sínu svæði. Þá er reikningar ræktunarsambands hafa verið samþykktir á aðalfundi þess, skal senda þá til stjórnar Búnaðarsambandsins til athugunar og yfirendurskoðunar. Verði ágreiningur milli stjórnar Búnaðarsambands Austurlands annars vegar og framkvæmdastjórnar ræktunarsambandsins hins vegar, skal úr þeim ágreiningi skorið á aðalfundi Búnaðarsambandsins.

VII. KAFLI

Um breyting samþykkta og hvernig samþykkt verði úr gildi felld.

27. gr.

Tillögur, er fram kunna að koma til breytinga á samþykkt þessari frá hreppabúnaðarfélögum eða framkvæmdastjórn, skulu sendar stjórn Búnaðarsambands Austurlands, er sendir þær til allra búnaðarfélaga á sambandssvæðinu til umsagnar. Þær skulu síðan lagðar fyrir aðalfund Búnaðarsambandsins. Samþykki löglegur aðalfundur breytingarnar með að minnsta kosti 3/5 atkvæðisbærra fulltrúa, skal stjórn sambandsins senda breytingarnar Búnaðarfélagi Íslands, er leitar staðfestingar landbúnaðarráðherra á þeim.

28. gr.

Samþykktir þessar má því aðeins nema úr gildi, að rökstutt álit meiri hluta samþykktaraðila liggi fyrir um það, að tilgangi samþykktar verði ekki náð og lögmætur aðalfundur Búnaðarsambandsins samþykki það með að minnsta kosti 3/5 atkvæðisbærra fundarmanna, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til.

29. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið sem almenn lögreglumál. Geta þau varðað sektum frá 100—5000 krónum, nema þyngri hegning liggi við að lögum.

135 30. gr.

8. ágúst Samþykkt þessi gengur í gildi, þá er hún hefur verið staðfest af landbúnaðarráðherra.

Sérstakt ákvæði.

Þá er samþykkt þessi, og þar með skipting sambandsins í samþykktarsvæði, hefur hlotið staðfestingu, getur hvert ræktunarsvæði innan þess ramma, er heildarsamþykkt þessi markar, sett sér ræktunarsamþykkt að eigin frumkvæði.

Ber að haga samþykkt að öllu í samræmi við fyrirmæli laga nr. 7 12. janúar 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum og reglugerð frá 20. febr. 1946, um jarðræktarsamþykktir, svo og samþykkt þessa.

Samþykkt þessi, sem er sett samkvæmt lögum nr. 7 12. jan. 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, og reglugerð um jarðræktarsamþykktir frá 20. febr. 1946, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 8. ágúst 1947.

Bjarni Ásgeirsson.

Árni G. Eylands.

136

8. ágúst

REGLUGERÐ

um holræsi í Húsavíkurhreppi.

1. gr.

Þegar hreppurinn hefur látið leggja holræsi í veg, götu eða annað opið svæði, eða þar sem hreppurinn hefur tekið að sér viðhald og endurnýjun eldri holræsa, er þeim húseigendum, er þar eiga hús að, eða í námunda við og í holræsið geta náð, skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu, er flytji allt skolp frá því út í aðalræsið. Regnvatn af húsum og lóðum skal einnig, eftir því sem unnt er, leiða í ræsið.

Vanræki einhver að láta gera holræsi innan hæfilegs frests, sem vatnsveitunefnd setur, getur hún látið vinna verkið á kostnað húseiganda.

2. gr.

Öll framkvæmdastörf, sem holræsakerfi kauptúnsins varða, svo sem viðhald, endurbætur, viðauka og umsjón alla, annast vatnsveitunefnd eða maður, sem hreppsnefnd felur það, undir yfirumsjón hreppsnefndar. Er engum heimilt að leggja aðalræsi, nema að fengnu leyfi þessara aðila, og er mönnum skylt að hlíta fyrirmælum þeirra um gerð og legu ræsis og annað það, er máli skiptir í sambandi við það.

3. gr.

Kostnaður allur við aðalholræsakerfið greiðist úr hreppssjóði. Til að standast þann kostnað, ber hverjum húseiganda, sem á hús við götu, veg eða opið svæði, þar sem holræsi er lagt í, að greiða tengigjald, um leið og hann tengir ræsi við aðalholræsi, kr. 600.00 miðað við hús með einni íbúð. Hækkar gjald þetta um kr. 200.00 fyrir hverja íbúð í húsinu umfram eina.

Verksmiðjur, sölubúðir, baðhús, þvottahús, iðnfyrirtæki o. fl. þ. h. greiða í tengigjald kr. 600.00.

Auk tengigjalds af hverri húseign, sem tengd er við holræsakerfi hreppsins, skal húseigandi greiða í árlegt holræsagjald til hreppsins kr. 25,00 af hverju húsi og enn fremur 5‰ af fasteignamati húsanna.

4. gr. 136

Hið árlega holræsagjald, sem og tengigjald, getur hreppsnefndin hækkað og 8. ágúst
lækkað eftir ástæðum, um allt að 50%.

5. gr.

Húseigendur bera ábyrgð á greiðslu tengigjalds og holræsagjalds gagnvart hreppsnefnd. Kröfur, sem hreppsnefndin kann að öðlast samkv. reglugerð þessari, má taka lögtaki á kostnað gjaldanda, og eru gjöld þessi tryggð með lögveði í húseigninni í næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsveði fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

Gjalddagi holræsagjaldsins er 1. júní ár hvert.

6. gr.

Ákvæði 1. og 3. greinar reglugerðar þessarar ná til holræsa þeirra, er hreppurinn lét leggja 1945 sem og Búðarárræsis.

7. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 1000.00, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

Með mál út af brotum gegn reglugerð þessari, skal farið sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 8. ágúst 1947.

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

Gísli Jónasson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Halldórs Kristins 137
Haraldssonar", útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 11. 11. ágúst
ágúst 1947.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Halldórs Kristins Haraldssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Minningarsjóður Halldórs Kristins Haraldssonar.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja efnilega Svarfdælinga til búnaðarnáms.

3. gr.

Sjóðurinn er myndaður með 300 króna gjöf frá fjölskyldunni í Bakkagerði og félögum í U.M.F. Þorsteinn Svörfuður.

137 11. ágúst

4. gr.

Ætlast er til að sjóðurinn fái tekjur sínar á þann hátt, er hér greinir:

a. Árlegt framlag frá U.M.F. Þorsteinn Svörfuður, er sé 10% af nettótekjum félagsins ár hvert þar til sjóðurinn er orðinn 10000 — tíu þúsund — krónur, þó aldrei minna en 25 krónur á ári.
b. Með gjöfum einstakra manna og félaga.
c. Með áheitum og dánarminningum.

5. gr.

U.M.F. Þorsteinn Svörfuður er falin forsjá og efling sjóðs þessa, og kýs það á aðalfundi sínum ár hvert þrjá menn í stjórn sjóðsins og tvo endurskoðendur.

6. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn 10000 — tíu þúsund — krónur, má byrja að úthluta styrkjum úr honum, þó aldrei meira en þrem fjórðu árlegra vaxta. En þegar sjóðurinn er orðinn 15000 — fimmtán þúsund — krónur, er leyfilegt að verja til styrktar úr honum öllum árlegum tekjum hans.

7. gr.

Verkefni sjóðsstjórnar er:

a. Að ávaxta sjóðinn á sem hagfeldastan hátt hjá tryggri lánsstofnun, og hafa með höndum allt reikningshald hans. Skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga sjóðsins á aðalfundi U.M.F. Þorsteins Svörfuður ár hvert.
b. Sjóðstjórninni ber að ákveða hverjir njóta skulu styrkja úr sjóðnum á hverjum tíma.
c. Stjórnin skal halda skrá yfir allar tekjur sjóðsins, samkvæmt b- og c-lið 4. gr.
d. Heimilt er stjórninni að verja fé úr sjóðnum til útgáfu minningarspjalda.

8. gr.

Reglugerð þessa má endurskoða að fimm árum liðnum, þó skulu þrjár fyrstu greinar hennar ætíð standa óbreyttar.

9. gr.

Þó að U.M.F. Þorsteinn Svörfuður leysist upp, skal sjóðurinn halda áfram að starfa undir umsjá hreppsnefndar Svarfaðardalshrepps.

10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

138 11. ágúst

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Jóns Högnasonar", útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 11. ágúst 1947.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Jóns Högnasonar.

1. gr.

Sjóður þessi er stofnaður til minningar um Jón Högnason, Vestmannaeyjum, af bróður hans, Ólafi Högnasyni.

Stofnfé sjóðsins er 1000 — eitt þúsund — krónur.

2. gr. 138

Árlega skal verja ¾ hlutum vaxta, um jólin, til að gleðja með fátæk börn, sem 11. ágúst
dvelja á sjúkrahúsi Vestmannaeyja. Höfuðstólinn má aldrei skerða. ¼ hluti vaxta, gjafir og áheit, sem sjóðnum kann að áskotnast, leggist við höfuðstól.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skal á hverjum tíma skipuð sjúkrahússnefnd kaupstaðarins og sé gjaldkeri sjúkrahússins jafnframt gjaldkeri sjóðsins. Reikningar hans skulu endurskoðaðir af endurskoðendum bæjarins.

4. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxta eftir því sem sjóðsstjórn telur heppilegast á hverjum tíma.

5. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Bæjarstjórinn í Vestmannaeyjum, 25. apríl 1947.

Ólafur Kristjánsson.

SAMÞYKKT 139

12. ágúst

fyrir Vatnsveitufélag Bakkagerðiskauptúns.

1. gr.

Félagið heitir Vatnsveitufélag Bakkagerðiskauptúns.

2. gr.

Tilgangur félagsins er að sjá þorpinu fyrir vatni.

3. gr.

Skylt er öllum húseigendum í Bakkagerðisþorpi að greiða stofngjald til Vatnsveitufélags Bakkagerðiskauptúns, nema til komi ákvæði vatnalaga, 3. kafli 23. gr. 2, enda hafa þeir fyrir afnot af vatni því, er félagið hefur umráð yfir á hverjum tíma eftir ákvæðum þeim, sem samþykkt þessi greinir.

Stofngjald telst hér sú upphæð, er kom á hvern félagsmanna, er vatnsveitan var lögð.

4. gr.

Kostnaði við upphaflega lagningu aðalleiðslu vatnsveitunnar skal jafnað niður á öll hús í kauptúninu, en innlögn kostar hver húseigandi. Félagsstjórn ákveður hvað telst aðalleiðsla.

Þar, sem vatnsveitan er lögð með mjög takmarkaðri pípuvídd, skal stofnkostnaður greiddur að fullu þegar er vatnsveitan hefur verið lögð.

5. gr.

Vatnsskatt skal innheimta árlega með kr. 25.00 fyrir hverja innlögn eða íbúð. Skal honum ásamt þeim stofngjöldum, er til kunna að falla, varið til viðhalds og lagningar viðbótar aðalleiðslu eftir því, sem með þarf. Heimilt er stjórninni með samþykki lögmæts aðalfundar, að leggja á sérstakt aukagjald til viðhalds eða viðbótarlagningar, ef þörf krefur.

Vatnsskatt og stofngjald má taka lögtaki.

139 6. gr.
12. ágúst Stjórn félagsins skipa 3 menn, formaður, ritari og féhirðir. Skulu þeir annast innheimtu gjalda, bókun fundargerða og eftirlit vatnsveitunnar, að fylgt sé settum reglum, umsjón með hreinsun vatnsbóls, viðhalds og viðbótarlagnir eftir því, sem fyrir er lagt, eða með þarf á hverjum tíma.

7. gr.

Formaður kveður saman aðalfund á tímabilinu apríl—maí ár hvert. Skulu þar rædd þau mál, sem fyrir liggja og teknar ákvarðanir um starfsemi félagsins á árinu, lagðir fram endurskoðaðir reikningar félagsins og kosin stjórn til eins árs og 2 endurskoðendur til eins árs. Aðalfundur er lögmætur ef ⅗ hluthafa atkvæði eru mætt á fundinum. Eitt atkvæði skal vera fyrir hvert stofngjald.

Formaður boðar til fundar þegar er stjórnin sér ástæðu til.

8. gr.

Þar sem vatnsbólið er brunnur, skal fara sparlega með vatnið eftir því, sem við verður komið og er hverjum húseiganda skylt að sjá um, að ekki sé látið renna vatn að óþörfu.

9. gr.

Mál, sem kunna að rísa út af samþykkt þessari, skal reka fyrir gestarétti í Borgarfirði eða Seyðisfirði.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 12. ágúst 1947.

F. h. r.
Jónas Guðmundsson.

Gísli Jónasson.

140 **REGLUGERÐ**
12. ágúst

um holræsi og holræsagjald fyrir Hnífsdalskauptún.

1. gr.

Þar sem hreppsnefnd hefur látið leggja holræsi í götu eða á opnu svæði á kostnað sveitarsjóðs, er hverjum húseiganda skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu, er flytji allt skolp frá því út í aðalræsið. Vanræki einhver húseigandi að gera ræsi með hæfilegum fresti, er hreppsnefnd setur, skal hreppsnefndin láta vinna verkið á hans kostnað.

2. gr.

Áður en húseigandi byrjar að leggja ræsi sitt, skal hann skýra oddvita eða þeim, sem hreppsnefnd felur umsjá með lagningu holræsa um þorpið, frá því og fá samþykki þar til. Skal allt, sem holræsum utan húss og innan tilheyrir, ákveðið í samráði við umsjónarmann. Hann skal og hafa umsjá alla með verkinu og er húseiganda skylt að hlýða fyrirmælum hans í öllu því, er að tilhögun og lagningu ræsanna lýtur.

Engir mega leggja eða ganga frá holræsum, sem liggja í holræsanet þorpsins, nema hreppsnefnd hafi viðurkennt þá hæfa til þess starfs.

3. gr. 140

Holræsagjald skal greiða árlega af öllum húsum, sem standa við götu eða opið 12. ágúst
svæði, sem holræsi hefur verið lagt í. Skal gjaldið lagt á eftir fasteignamati og vera 10‰ — tíu af þúsundi — af fasteignamati hvers húss, enda sé lágmarksgjald fyrir hvert hús kr. 60.00 og fast gjald á hverja íbúð umfram eina í húsi kr. 10.00.

Gjöld þessi getur hreppsnefnd hækkað eða lækkað eftir ástæðum um allt að 20%.

4. gr.

Holræsagjaldið greiðist af húseiganda og ber hann ábyrgð á greiðslu þess. Gjaldið hefur lögtaksrétt og er það tryggt með lögveðrétti í húsi og öðrum mannvirkjum húseiganda, svo og lóð húseiganda, ef hún er eignarlóð hans, næstu 2 ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði. Gjalddagi holræsagjalds er 1. október ár hvert, en kostnaður við lagningu holræsa greiðist að lögn lokinni.

5. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 500 krónum, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

Mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal fara með sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 12. ágúst 1947.

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

Gísli Jónasson.

REGLUGERÐ 141

12. ágúst

um vatnsveitu í Hnífsdalskauptúni.

1. gr.

Hreppsnefnd Eyrarhrepps hefur öll framkvæmdastörf, er vatnsveituna snerta, enda er vatnsveitan eign hreppsins. Hreppsnefndin hefur einkarétt til starfrækslu vatnsveitu í Hnífsdalskauptúni.

2. gr.

Af öllum íbúðarhúsum, samkomuhúsum og sölubúðum í kauptúninu, sem vatn er leitt til úr vatnsveitu hreppsins í Hnífsdal, skal greiða vatnsskatt árlega, er sá 5‰ — fimm af þúsundi —, af fasteignamatsverði húsanna, þó aldrei minna en kr. 40.00.

Af peningshúsum, sem vatn er leitt til úr vatnsveitu kauptúnsins, skal greiða 15‰ — fimmtán af þúsundi — af fasteignamatsverði þeirra, þó ekki yfir kr. 40.00 af húsi.

3. gr.

Skattur fyrir atvinnufyrirtæki, og aðra er nota vatn úr téðri vatnsveitu til annars en áður er fram tekið, sbr. 2. gr., skal ákveðinn 18‰ — átján af þúsundi — af fasteignamati, nema um annað hafi náðst samkomulag milli hreppsnefndar Eyrarhrepps og hlutaðeigandi aðila. Þó skal það samkomulag ávallt vera í samræmi við gildandi vatnalöggjöf.

141 4. gr.
12. ágúst Húseigandi ábyrgist vatnsskatt. Heimilt er honum að hækka húsaleigu sem skatti eða skattaukningu svarar, þótt leigan hafi áður verið ákveðin.

5. gr.

Gjalddagi á vatnsskatti er 1. júlí ár hvert. Vatnsskattur hefur lögtaksrétt og nýtur lögveðréttar í fasteign næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir samningsveði og aðfararveði.

6. gr.

Húseigendum ber að greiða kostnað við lagningu vatnsæða úr götuæðum kauptúnsins að húsum sínum og í þau. Hreppsnefndin löggildir menn, er hún telur hæfa, og svo marga, er henni þykir þurfa, til þess að leggja vatnsæðar kauptúnsins, og séu þeir skyldir að hlíta þeim reglum, er hreppsnefnd setur.

7. gr.

Skylt er hverjum húseiganda eða lóðareiganda að halda vatnsæðum sínum vel við og láta tafarlaust gera við þær, ef leki kemur að þeim eða þær bila. Hann skal sérstaklega gæta þess, að ekki frjósi í æðunum. Enginn má eyða vatni að óþörfu.

8. gr.

Umsjónarmönnum vatnsveitunnar og löggiltum vatnsrörlagningamönnum er heimilt að fara um hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til þess að athuga þær og tæki þau, er sett kunna að vera í sambandi við þær.

9. gr.

Skylt er manni að láta af hendi land sitt, landsafnot og mannvirki í þágu vatnsveitu kauptúnsins og þola þær kvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir samkvæmt mati, ef eigi næst samkomulag.

10. gr.

Umsjónarmönnum vatnsveitunnar er heimilt að loka vatnsæðum í húsum eða hverfum, þyki þess þörf vegna viðgerða á vatnsveitukerfinu.

Þá er og heimilt að loka vatnsæðum fyrir þeim, er vanrækja að gera við leka á pípum eða tækjum, sem í sambandi eru við þær, eða eyða vatni að óþörfu, svo og þeim, sem ekki greiða vatnsskatt, efni, vinnu eða annað, sem vatnsveitan kann að leggja til um stundarsakir, á réttum gjalddaga.

Fullan vatnsskatt ber einnig að greiða fyrir þann tíma, sem vatnsæðum er lokað.

11. gr.

Engum er heimilt án leyfis hreppsnefndar eða þess, er hún felur umsjá með vatnsveitunni, að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar.

12. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 200.00, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 12. ágúst 1947.

F. h. r.
Jónas Guðmundsson.

Gísli Jónasson.

HÚSAGERÐARSAMÞYKKT

142
12. ágúst

fyrir Eiðaþinghá og Hjaltastaðaþinghá í Fljótsdalshéraði.

Búnaðarfélögin í Eiðaþinghá í Suður-Múlasýslu og Hjaltastaðaþinghá í Norður-Múlasýslu, gera á grundvelli laga nr. 7 12. janúar 1945, svofellda húsagerðarsamþykkt:

I. KAFLI
Takmörk samþykktarsvæðis og markmið.

1. gr.

Samþykktarsvæðið nær yfir hreppabúnaðarfélögin í Eiðaþinghá og Hjaltastaðaþinghá.

2. gr.

Húsagerðarfélagið tekur að sér byggingarframkvæmdir á samþykktarsvæðinu, á þann hátt, að ráða til sín flokk byggingarverkamanna. Félagið leggur þeim til fullkomnar vélar og tæki til vinnunnar.

Stefnt skal að því að hraða húsabótum og öðrum byggingarstörfum í viðkomandi sveitum og að byggingarnar verði vandaðar, hagkvæmar og smekklegar og svo ódýrar, sem kostur er á.

Byggingar þær sem samþykkt þessi nær til eru:

1. Íbúðarhús.
2. Peningshús.
3. Hlöður og súrheystóftir.
4. Haughús, safnþrær og þvaggryfjur.
5. Geymsluhús.

Húsin afhendist að minnsta kosti fokheld, nema öðruvísi sé um samið.

II. KAFLI
Skipun og valdsvið framkvæmdastjórnar.

3. gr.

Stjórnir hreppabúnaðarfélaganna mynda fulltrúaráð fyrir húsagerðarfélagið. Aðalfundur fulltrúaráðs skal haldinn eigi síðar en 15. apríl ár hvert. Aukafundi skal halda þá er framkvæmdastjórn eða einn þriðji fulltrúaráðsmanna óskar. Aðalfundur velur félaginu þriggja manna framkvæmdastjórn og aðra þrjá til vara, kjörtími þeirra er þrjú ár. Stjórnarnefndarmenn búnaðarfélaganna tilnefna hvor sinn mann í framkvæmdastjórn, en koma sér saman um hinn þriðja. Náist eigi samkomulag, tilnefnir stjórn Búnaðarsambands Austurlands þann mann. Sama aðferð gildir um kjör varamanna. Einn maður gengur úr stjórninni árlega, 1. og 2. árið eftir hlutkesti, en síðan í röð eftir starfsaldri. Stjórnarnefndarmenn má endurkjósa. Atkvæðisrétt á fundum húsagerðarfélagsins hafa fulltrúaráðsmenn einir. Sé stjórnarnefndarmaður búnaðarfélags jafnframt í framkvæmdastjórn, skal varamaður hans taka sæti á fulltrúaráðsfundi. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

4. gr.

Framkvæmdastjórn hefur á hendi yfirstjórn allra byggingarframkvæmda, er félagið tekur að sér. Hún getur ráðið sér framkvæmdastjóra í samráði við teiknistofu landbúnaðarins, sem hefur umsjón með daglegum rekstri og framkvæmdum á

142 12. ágúst

þessu sviði. Framkvæmdastjórinn skal hafa tekið próf í húsasmíði og hafa full réttindi byggingarmeistara. Þó má, ef ekki er annars kostur, ráða mann, sem ekki hefur full réttindi, ef hann þrátt fyrir það telst fær til að taka starfið að sér, að dómi framkvæmdastjórnar, Búnaðarfélags Íslands og teiknistofu landbúnaðarins. Stjórnin setur honum erindisbréf í samráði við forstöðumann teiknistofu landbúnaðarins.

Stjórnin heldur sérstaka gerðabók, þar sem færðar eru ályktanir hennar vegna þessarar starfsemi.

5. gr.

Framkvæmdastjórn annast kaup á nauðsynlegum vélum og verkfærum og öðru því, er með þarf, til að náð verði æskilegum hraða í byggingarframkvæmdum.

Skylt er henni, samkvæmt 20. gr. laga um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, að hafa samráð við forstöðumann teiknistofu landbúnaðarins um kaup og val véla, verkfæra og sérstakra veggjamóta, sem félögin fá styrk til að kaupa samkvæmt 21. gr. áðurgreindra laga.

6. gr.

Framkvæmdastjórn sér um kaup á öllu því, er með þarf til reksturs og viðhalds á vélum og áhöldum, er keypt verða. Henni ber að hafa þau tryggð fyrir fjárhæð, sem svarar til verðgildis þessara eigna, eins og þau eru á hverjum tíma.

7. gr.

Stjórnin tekur á móti umsóknum frá félagsmönnum um byggingarframkvæmdir og kynnir sér hvort umsækjandi geti fullnægt skilyrðum þeim, sem félagið setur. Hún undirritar alla verktökusamninga og ákveður hvenær og í hverri röð byrja skuli á hverri byggingu, sem unnið skal að. Enn fremur ákveður hún, ásamt framkvæmdastjóra, staðsetningu bygginga í samráði við jarðeiganda, ef ekki liggur fyrir ákveðin teikning frá trúnaðarmanni teiknistofu landbúnaðarins, sbr. 18. gr. laga um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum.

8. gr.

Framkvæmdastjóri hefur yfirstjórn allra vinnuflokka og bókhald og gjaldkerastörf fyrir byggingaframkvæmdirnar, nema annað þyki hentugra. Enn fremur ber honum að fylgjast með því, að verkkaupi fullnægi öllum skilyrðum, sem honum eru sett af stjórninni, og hefur að öðru leyti eftirlit með rekstrinum.

9. gr.

Allir samningar, sem stjórn og framkvæmdastjóri gerir fyrir hönd húsagerðarfélagsins samkvæmt samþykktum þessum, er bindandi fyrir félagið í heild, án þess að hafa verið lagðir fyrir félagsfund sérstaklega. Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg gagnvart fulltrúaráði.

III. KAFLI

Um tilhögun framkvæmda.

10. gr.

Nú sækir félagsmaður um að félagið annist byggingaframkvæmdir á jörð sinni eða landi, sem hann hefur til umráða, skal þá fylgja umsókninni teikning af mannvirkjum, gerð af teiknistofu landbúnaðarins eða samþykkt af henni. Jafnframt skal þess getið, hvenær hann telji sig hafa lokið undirbúningi verksins og að hve miklu leyti hann óski að verkið sé unnið af félaginu.

Umsóknir skulu komnar til framkvæmdastjórnar fyrir þann tíma, sem hún ákveður ár hvert.

142
12. ágúst

11. gr.

Að fengnum umsóknum þeim, sem um getur í 10. gr., ber stjórninni, í samráði við framkvæmdastjóra, að semja starfs- og rekstursáætlun fyrir hinar fyrirhuguðu byggingaframkvæmdir yfirstandandi árs.

Rísi ágreiningur innan framkvæmdastjórnar um veigamikil atriði framkvæmdaáætlunarinnar, ber að leggja hana fyrir fulltrúaráðsfund til úrskurðar. Framkvæmdastjórn er skylt að framfylgja samþykktri starfsáætlun, eftir því sem við verður komið.

12. gr.

Við undirbúning framkvæmdaáætlunar skal þess sérstaklega gætt, að þeir, sem mesta þörf hafa fyrir nýbyggingar, sitji fyrir, eftir því sem unnt er.

13. gr.

Til þess að félagið taki að sér byggingaframkvæmdir, skal verkkaupi hafa fullnægt eftirtöldum atriðum:

Lagt inn greiðslu í sjóð félagsins, sem framkvæmdastjórn tekur fullnægjandi til að ljúka verkinu, eða þeim hluta þess, sem því er falið að annast. Heimilt er verkkaupa að leggja fram sem greiðslutryggingu ávísun á væntanlegt lán eða styrk, enda liggi fyrir upplýsingar frá viðkomandi stofnun um lágmarksupphæðir á láni eða styrk, sem veitt yrði, og samþykki þeirra. Nú hefur verkkaupi fullnægt framangreindum skilyrðum að dómi framkvæmdastjórnar, og skal hún þá gera við hann verktökusamning. Verkkaupandi skal hafa grafið fyrir húsi, enn fremur gert aðgengilegt fyrir vélar og önnur tæki, sem nauðsynleg eru við byggingar. Tryggt nægt vatn til steypunnar og flutt allt byggingarefni á staðinn, nema samið hafi verið sérstaklega við félagið að annast það.

14. gr.

Byggingaframkvæmdum skal yfirleitt hagað þannig, að unnið sé að því að steypa húsin yfir sumarmánuðina, þó má einnig, ef svo stendur á, að það hentar betur vegna vinnunnar, þekja húsin og gera þau fokheld. Önnur vinna en steypuvinna fari fram að haustinu og vetrinum og þá leitast við að dreyfa mönnum sem haganlegast til verka. Utanhúss húðun skal ávallt fara fram að sumrinu.

15. gr.

Unnið skal í flokkum, trésmiðir sér, er ganga á undan og ganga frá steypumótum, svo steypuverkamenn. Í þeim flokki skal vera einn maður, er fær sé um að fara með steypuvél, og einn, er fær sé um allar járnalagnir. Flokkur steypuverkamanna framkvæmir alla steypu- og járnvinnu. Enn fremur undirbúning steypu, flutning véla og áhalda milli vinnustöðva og hirðingu þeirra. Í hverjum flokki skal vera að minnsta kosti einn, sem fær sé um að vinna á eigin ábyrgð og skal hann hafa flokksstjórn á hendi. Ráðning flokksstjóra fer fram í samráði við forstöðumann teiknistofu landbúnaðarins. Vinnunni skal hagað þannig, að steypa geti gengið sem greiðlegast, og ber flokksstjóra að hafa samvinnu við framkvæmdastjóra um alla verkstjórn.

16. gr.

Nú liggja ekki fyrir hjá félagsmönnum næg verkefni, og er þá heimilt að taka verk fyrir utanfélagsmenn, enda sé farið eftir reglum samþykktarinnar um greiðslutryggingu og öll störf greidd af verkkaupa eftir reikningi.

142
12. ágúst

IV. KAFLI
Um greiðslu kostnaðar.

17. gr.

Kostnaður við þær framkvæmdir, er samþykkt þessi nær til, greiðist af verkkaupanda, eftir þeim skildaga og á þann hátt, er greint verður í verktökusamningi þeim, er um ræðir í 7. og 13. gr.

Heimilt er framkvæmdastjórn að láta greiðslu fara fram eftir áætluðum töxtum meðan verkið stendur yfir, en fullnaðargreiðsla sé byggð á tilkostnaðarverði eins og það verður samkvæmt reikningi hvers árs. Áætlaðir verktaxtar séu miðaðir við meðaltals byggingarkostnað næst liðins árs, eins og hann hefur verið reiknaður af teiknistofu landbúnaðarins, og með hliðsjón af þeim verðbreytingum, sem kunna að hafa orðið.

18. gr.

Til reksturskostnaðar telst greiðsla vinnulauna, allur reksturskostnaður véla og greiðsla fyrningargjalds af þeim, áhöldum og veggjamótum. Kostnaður við flutninga milli vinnustöðva, viðhald véla og annarra tækja, sem stafar af eðlilegu sliti þeirra, vaxtagreiðslur, kostnaður við verkstjórn og stjórnarkostnaður. Heimilt er framkvæmdastjórn að ákveða að leggja á framkvæmdakostnað áhættuþóknun, er nemi allt að 10% af reksturskostnaði hvers árs.

19. gr.

Rekstursafgangur af áhættuþóknun eða verkum, sem unnin eru fyrir utanfélagsmenn, skal leggjast í byggingarvélasjóð félagsins.

V. KAFLI
Fjáröflun og tryggingar.

20. gr.

Félagið myndar byggingarvélasjóð til kaupa á vélum, verkfærum,, áhöldum og veggjamótum við byggingaframkvæmdir. Stofnfjárhæð hans er 20000.00 krónur. Tekjur byggingavélasjóðs eru:

1. ⅔ hlutar stofnfjárins eru framlög byggingasjóðs og nýbýlasjóðs ríkisins, samkvæmt 21. gr. laga um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum.
2. Hinn hluti fjárins skal lagður fram af viðkomandi búnaðarfélögum, að jöfnu frá hvoru félagi, svo og af búnaðarsambandi Austurlands, eftir þeim hlutföllum, sem samkomulag næst um á milli þessara aðila.
3. Auk þessa leggist í byggingavélasjóð tekjur þær, sem inn koma samkvæmt ákvæðum 19. gr.

21. gr.

Tillag til byggingavélasjóðs greiðist til framkvæmdastjórnar, er samþykkt þessi öðlast gildi.

22. gr.

Nú kemur í ljós, að áliti framkvæmdastjórnar, að auka þarf byggingarvélasjóð og ber henni að gera rökstuddar tillögur um aukningu sjóðsins, og leggja það fyrir lögmæta fundi í báðum búnaðarfélögunum. Nái það samþykki þeirra, er samþykktin bindandi.

23. gr.

Framkvæmdastjórn ber að taka þær greiðslutryggingar, sem fyrir er mælt í 13. gr., miðað við áætlaðan kostnað af hverri byggingu. Lokagreiðslur fari fram samkvæmt ákvæðum verktökusamnings.

142

12. ágúst

24. gr.

Heimilt er framkvæmdastjórn að taka rekstrslán, gegn tryggingum í ávísunum og greiðslutryggingum, sem ekki eru fallnar í gjalddaga.

VI. KAFLI

Um reikningshald og endurskoðun.

25. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið, og skal reikningsskilum lokið svo tímanlega, að endurskoðun geti farið fram, áður en aðalfundur félagsins er haldinn. Endurskoðendur skulu sannprófa, að reikningum beri saman við bækur framkvæmdastjórnar. Eftir að aðalfundur fulltrúaráðs hefur úrskurðað reikningana, skulu þeir lagðir fyrir aðalfund Búnaðarsambands Austurlands til samþykktar ásamt skýrslu framkvæmdastjórnar um starfsemina.

26. gr.

Endurskoðendur séu tveir kjörnir af aðalfundi fulltrúaráðs, sinn frá hvoru félagi til eins árs í senn. Þeir skulu kynna sér reksturinn vandlega, og hafa eftirlit með starfrækslu framkvæmdastjórnar í hvívetna.

VII. KAFLI

Um breytingu samþykktar og hvernig samþykkt verði úr gildi felld.

27. gr.

Samþykki löglegir aðalfundir búnaðarfélaganna breytingar á samþykkt þessari, með að minnsta kosti ⅔ atkvæða og mæli meiri hluti fulltrúaráðs með breytingunni, skal framkvæmdastjórn senda breytingarnar stjórn Búnaðarsambands Austurlands og Búnaðarfélagi Íslands, er leitar staðfestingar landbúnaðarráðherra á þeim.

28. gr.

Samþykkt þessa má því aðeins nema úr gildi, að lögmætir fundir í félögunum samþykki það, með minnst ⅔ atkvæða, og lögmætur aðalfundur Búnaðarsambands Austurlands samþykki það einnig, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til.

Rafveita Ísafjarðar vinnur raforku í orkuveri sínu í Engidal, svo og öðrum orkuverum, sem hún síðar kann að reisa í sama tilgangi eða kaupir raforku af öðrum og veitir þeirri orku, sem þannig er unnin eða keypt um orkuveitukerfi rafveitunnar.

Orkuveitusvæði rafveitunnar er lögsagnarumdæmi Ísafjarðarkaupstaðar og Eyrarhrepps og sá hluti nágrennis kaupstaðarins og hreppsins, sem bæjarstjórn og hreppsnefnd kunna að ákveða og ráðherra samþykkir.

169 29. ágúst

Rafveita Ísafjarðar hefur einkarétt til sölu á raforku beint til raforkunotenda á orkuveitusvæði sínu.

3. gr.

Stjórn raforkumála. Rafveitustjóri.

Yfirstjórn raforkumála kaupstaðarins og hreppsins er í höndum bæjarstjórnar og hreppsnefndar, og á þann hátt, er samningur milli kaupstaðarins og hreppsins, um rafveituna, kveður á um.

Framkvæmdastjórnin skal falin rafveitunefnd ásamt rafveitustjóra, sem yfirstjórnin skipar, að fengnum tillögum rafveitunefndar, og skal hann um rafmagnssérmenntun fullnægja skilyrðum til háspennulöggildingar a. m. k. Yfirstjórnin setur honum erindisbréf. Rafveitustjóri er framkvæmdastjóri rafveitunnar.

Í rafveitunefnd eiga sæti 7 menn, kosnir af yfirstjórninni á þann hátt, er fyrrnefndur samningur milli þessara aðila segir til um.

Rafveitustjóri á sæti á fundum nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétti.

4. gr.

Verksvið rafveitunefndar.

Rafveitunefnd hefur á hendi stjórn rafveitunnar, sér um viðhald hennar og umbætur og allt, er að starfrækslu hennar lýtur, kaup og sölu á raforku, fjárhald og reikningsskil. Hún skal gefa yfirstjórninni þær skýrslur, sem óskað er eftir, um starfrækslu og ástand rafveitunnar og leggja ársreikning hennar fyrir yfirstjórnina til úrskurðar.

Rafveitunefnd semur nánari reglur, sem yfirstjórnin skal staðfesta, um einstök atriði þessarar reglugerðar eftir því, sem þörf gerist. Hún gerir einnig tillögur til yfirstjórnarinnar um gjaldskrá fyrir rafveituna, undirbýr samninga um orkukaup og orkusölu og annast framkvæmdir allra rafmagnsmála fyrirtækisins.

Rafveitunefnd skipar alla fasta starfsmenn rafveitunnar, að fengnum tillögum rafveitustjóra, og setur þeim erindisbréf.

5. gr.

Verksvið rafveitustjóra.

Rafveitustjóri stjórnar daglegri starfrækslu og reikningshaldi rafveitunnar, eftirliti, viðhaldi á stöðvum, taugum og öðrum útbúnaði og öllum verklegum framkvæmdum, er snerta hana. Hann hefur umsjón með rafmagnslagningu á orkuveitusvæðinu, þar með talið efni og tæki, sér um afgreiðslu og innheimtu við kaup og sölu á raforku, efni og tækjum, sem rafveitan kaupir eða selur.

Rafveitustjóri ræður verkamenn og starfsmenn veitunnar, svo sem þörf er á, auk hinna föstu starfsmanna.

6. gr.

Reikningshald og ráðstöfun tekna.

Rafveita Ísafjarðar hefur sjálfstætt reikningshald og tekur sjálf við greiðslum fyrir selda raforku og öðrum tekjum. Skal tekjum hennar fyrst og fremst varið til að standa straum af öllum greiðsluskuldbindingum hennar, svo sem afborgunum af áhvílandi skuldum, vöxtum og öðrum reksturskostnaði, þar með talið fullnægjandi viðhald og endurnýjun virkja og annað, sem nauðsynlegt er til að tryggja öruggan rekstur rafveitunnar, en tekjur, sem umfram kunna að verða, renna í varasjóð. Rafveitustjóri varðveitir sjóð rafveitunnar samkvæmt nánari reglum, sem yfirstjórn rafveitunnar setur.

7. gr.

Löggilding rafvirkja.

Yfirstjórn rafveitunnar getur ákveðið að rafveitunefnd löggildi þá menn til lagninga á húsveitum, er fullnægja löggildingarskilyrðum, er bæjarstjórn og hreppsnefnd setja, enda hafi þeir löggildingu rafmagnseftirlits ríkisins til rafvirkjastarfa við lágspennuveitur a. m. k. Þessir menn nefnast löggiltir rafvirkjar og skal rafveitunefnd setja reglur um frágang og tilhögun á verkum þeim, sem falla undir verksvið þeirra, að svo miklu leyti, sem það er ekki ákveðið í reglugerð um raforkuvirki. Mega þá engir aðrir en þeir, sem löggiltir eru af rafveitunefnd, taka að sér lagningu á húsveitum, uppsetningu tækja, eða framkvæma á sína ábyrgð nokkurt verk, er snertir veitur, sem tengja á við taugakerfi rafveitunnar.

Yfirstjórn rafveitunnar getur, þegar henni þykir ástæða til, ákveðið verðlag á efni og vinnu rafvirkja, svo og ákveðið í gjaldskrá greiðslur fyrir verk þau, sem rafveitan innir af hendi við úttekt raflagna, skoðunargerðir og annað eftirlitsstarf sitt.

B. Söluskilmálar.

8. gr.

Sala raforku.

Rafveita Ísafjarðar selur raforku til almenningsþarfa á orkuveitusvæði sínu, alls staðar þar sem taugakerfi hennar nær til, með þeim skilmálum, sem ákveðnir eru í reglugerð þessari og gjaldskrá rafveitunnar á hverjum tíma. Raforkan er seld sem ein- og þrífasa riðstraumur með 220 volta málspennu og 50 riðum á sekúndu. Þegar sérstakar ástæður mæla með, má rafveitustjóri láta í té orku með annarri spennu og annarri straumtegund.

9. gr.

Umsókn um kaup á raforku.

Hver sá, sem óskar að gerast notandi að raforku, verður að fylla út tilætluð umsóknareyðublöð, er fást á skrifstofu rafveitunnar, og skal hann skuldbinda sig með undirskrift sinni, að hlíta settum reglum um kaup á raforku frá rafveitunni. Skal í umsókninni skýrt frá, hve mikið afl þarf og til hvers það er ætlað.

10. gr.

Umsókn um heimtaug.

Umsókn um heimtaug eða breytingu á heimtaug skal undirskrifuð af húseiganda, er skuldbindur sig til þess með undirskrift sinna að greiða heimtaugargjald það, sem ákveðið er í gjaldskrá rafveitunnar. Heimtaugar með stofnvari eru eign rafveitunnar, enda þótt heimtaugargjaldið hafi verið greitt eftir kostnaði heimtaugar. Rafveitan annast viðhald og endurnýjun heimtaugar, án sérstaks endurgjalds, nema heimtaug þurfi að breyta vegna breytingar á húsi. Skal húseigandi greiða kostnaðinn við þá breytingu, og ef ofanjarðarheimtaug er breytt í neðanjarðar, skal húseigandi greiða mismun, sem ákveðinn er í gjaldskrá. Rafveitunni er heimilt að krefjast skuldbindingar um lágmarksnotkun um heimtaug. Sé um tiltölulega mikla notkun að ræða, og rafveitan þarf, til þess að fullnægja henni, sérstaklega að auka háspennukerfi, auka afl spennistöðvar eða gera meiri háttar viðbætur á lágspennukerfi, er rafveitustjóra heimilt að krefjast skuldbindingar umsækjanda um tiltekinn notkunartíma eða þátttöku í kostnaði. Eigi er skylt að ljúka lagningu jarðstrengsheimtaugar, meðan jörð er frosin.

169 29. ágúst

11. gr.

Húsveitur.

Skylt er að láta löggiltan rafvirkja eða rafveituna, ef hún tekur slík verk að sér, framkvæma alla vinnu við raflagnir og raftæki, hvort heldur er um að ræða nýjar raflagnir, breytingar eða viðgerð á raflögn. Löggiltir rafvirkjar annast umsóknir og tilkynningar til rafveitunnar um allar raflagnir fyrir hönd húseiganda eða notenda, samkvæmt því, sem ákveðið er í reglum um raflagningar á orkuveitusvæðinu, en rafveitan annast úttekt á öllum nýlagningum, viðaukum og breytingum á raflögnum. Óheimilt er öðrum en umboðsmönnum rafveitunnar að setja í samband við veitu eða hluta af veitu, sem úttektarskyld er, fyrr en úttekt hefur farið fram og veitan verið tengd af umboðsmanni rafveitunnar. Sé út af þessu brugðið, varðar það þann sektum, sem verkið er unnið fyrir, þann, sem setur strauminn á og loks hinn löggilta rafvirkja, er sá um verkið. Rafveitan tekur ekki á sig ábyrgð á veitu með úttekt eða tengingu. Rafveitan áskilur sér rétt til þess að setja þau skilyrði fyrir tengingu á veitu, að notkun um hana verði ekki taugakerfi rafveitunnar ofviða, og þar sem hætta kann að verða á þessu, má setja viðeigandi skilyrði í hvert sinn fyrir notkuninni, þar til úr er bætt.

12. gr.

Sala á raforku til notenda, sem sjálfir hafa orkuvinnslu.

Veitur, sem að jafnaði nota raforku annars staðar að en frá rafveitunni, má tengja við taugakerfi hennar í því skyni, að rafveitan verði aðallega, eða eingöngu, notuð til vara, með því skilyrði, að greitt sé lágmarks árgjald, er svarar til þeirrar kvaðar, sem hvílir á rafveitunni vegna tengingarinnar. Framsal til annarra á raforku, sem keypt er af rafveitunni, er óheimilt án leyfis rafveitunnar.

13. gr.

Eftirlit með húsveitum og tækjum. Gallar á húsveitum.

Sérhver húsveita, að meðtöldum tækjum til notkunar á raforku, skal fullnægja þeim kröfum, sem settar eru í reglugerð rafmagnseftirlits ríkisins og í reglugerð rafveitunnar um raflagnir.

Rafveitustjóri hefur eftirlit með öllum húsveitum, gögnum og tækjum, sem notuð eru við hagnýtingu á raforku, og skulu starfsmenn rafveitunnar hafa frjálsan aðgang að öllum herbergjum húss, hvenær sem nauðsynlegt er, til að skoða húsveituna eða hluta hennar eða raftæki, sem nota má við veituna.

Vélar og önnur tæki skulu vera þannig sett og þannig útbúin, að þau starfi án þess, að titringi valdi eða truflunum á ljósum eða annarri notkun.

Sé misbrestur á þessu, eða aðrir gallar á veitu eða tækjum, skal notandi þegar í stað á sinn kostnað láta löggiltan rafvirkja lagfæra þetta.

Nú kemur í ljós við skoðun, sem framkvæmd er af rafveitunni, rafmagnseftirliti ríkisins eða löggiltum rafvirkja á húsveitu og tækjum, að galli er á veitu eða tækjum, og skal þá eigandi veitunnar eða tækjanna skyldur til þess að láta gera við gallana á sinn kostnað. Viðgerðin skal framkvæmd af löggiltum rafvirkja.

Rafveitustjóri getur látið taka veituna eða tæki úr sambandi, meðan galli er á veitunni eða tækjunum, þar til úr er bætt, eða látið gera við galla á kostnað eiganda.

Húseiganda er skylt að sjá um, að stofntaugar í húsveitu hans séu ávallt nægilega gildar fyrir notkun veitunnar.

Ef óleyfileg vör finnast í veitu, skal notandi veitunnar gerður ábyrgur fyrir, samkvæmt fyrirskipun rafmagnseftirlits ríkisins.

Séu gerðar óleyfilegar tengingar eða breytingar á veitu eða tækjum, eða sýnt hirðuleysi um meðferð eða viðhald veitu eða tækja, skal farið með það sem galla á veitu, og er heimilt að gera eiganda að greiða aukagjald, sem ákveðið er í gjaldskrá, vegna kostnaðar við aukið eftirlit með veitunni. 169 29. ágúst

Það er óleyfilegt, sem ekki fullnægir kröfum, sem settar eru í reglugerðum rafmagnseftirlits ríkisins um raforkuvirki og reglugerðum Rafveitu Ísafjarðar.

14. gr.

Mælitæki.

1. Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir húsveitu, svo og stað fyrir þau og um tengingu.

   Notandi mælitækis er sá, sem skráður er fyrir raforkunotkun þeirrar veitu, sem mælitækið er fyrir. Skal hann bera ábyrgð á mælitækinu, svo og raforkunotkun veitunnar, þar til hann lætur af notkun hennar og hefur sagt upp notkuninni með þeim fyrirvara, sem um getur í 19. gr.

   Rafveitan leggur til öll mælitæki og annast um venjulegt viðhald þeirra og endurnýjun á sinn kostnað. Nú eyðileggst mælitæki eða verður fyrir óvenjulegu hnjaski eða skemmdum, og er þá heimilt að gera notanda að greiða kostnað við viðhald eða endurnýjun.
2. Ef notandi óskar að mælitæki sé leiðrétt, skal hann senda skriflega beiðni um það til rafveitunnar.

   Ef þá kemur í ljós við athugun mælitækis, að mesta skekkja sé plús eða mínus 5% eða minni, er heimilt að gera notanda að greiða kostnað við prófunina. Sé skekkjan meiri, skal rafveitan bera kostnað af prófuninni.

   Ef notandi véfengir árangur prófunarinnar, skal leita úrskurðar rafmagnseftirlits ríkisins, og er hann bindandi fyrir báða aðilja. Kostnað við það skal notandi greiða, ef skekkjan reynist minni en plús eða mínus 5%, en rafveitan annars.

   Hafi kwst. mælir sýnt plús eða mínus 5% skekkju eða meira, skal rafveitan áætla leiðréttingu á reikningi rafmagnsnotanda miðað við fyrri notkun, og eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, eftir því sem næst verður komist. Þó ekki fyrir lengra tímabil en 3 mánuði, nema notandi geti sannað, að um lengra tímabil hafi verið að ræða.
3. Notendur, sem hafa hemil eða rofa, eiga ekki rétt á neinni endurgreiðslu á föstu verði, þótt þeir telji sig ekki hafa getað náð því afli, sem fasta greiðslan er miðuð við, en rafveitunni er skylt að leiðrétta skekkju hemilsins eða rofans, svo fljótt sem við verður komið. Ef hemill notanda brennur sundur með stuttu millibili og ástæða er til að ætla, að of mikið sé lagt á hann að staðaldri, hefur rafveitan rétt til að neita um hemil, og gera notanda að skilyrði að kaupa orkuna eftir öðrum gjaldskrárlið.
4. Ef notandi hefur aukna straumnotkun vegna galla á veitu sinni eða tækjum, er rafveitan ekki skyld til þess að áætla frádrátt á reikningum notandans þess vegna.
5. Ef svo reynist, að notkun hefur orðið meiri en aflestur sýnir, eða aflestur verið skakkur eða útreikningur á reikningsfjárhæðinni, áskilur rafveitan sér rétt til að leiðrétta þessa skekkju eftir á, undir eins og vitað er.
6. Verði uppvíst, að straumur sé notaður á annan hátt, en um er samið, eða að raskað hefur verið mælitækjum eða breytt tengingu, þannig að ekki komi fram öll notkun, skal rafveitan áætla þann straum, sem notaður hefur verið óleyfilega, og skal notandi gjalda fyrir hann þrefalt verð eftir gjaldskrá fyrir

169 29. ágúst

allan tímann, sem liðinn er frá síðustu skoðun veitunnar, og þar til leiðrétt er, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

Ef ekki eru fyrir hendi sérstakar upplýsingar um líklega notkun á veitunni, má miða matið við stærð á vörum þeim, sem fyrir veitunni eru.

Við endurtekningu skal rjúfa samband við veituna, og gera ráðstafanir til að koma fram ábyrgð á hendur þeim, sem brotlegur hefur gerzt.

15. gr.

Ábyrgð.

Ef vanskil eða dráttur verður á greiðslu rafmagnsgjalda, getur rafveitan krafizt tryggingar fyrir skilvísri greiðslu. Ef rafmagnsnotkun um mælitæki nægir ekki til þess að greiða raunverulegan afhendingarkostnað raforkunnar um mælitækið, er rafveitunni heimilt að krefjast lágmarksgjalds fyrir notkunina. Að öðrum kosti er rafveitunni heimilt að taka mælitækið niður og loka veitunni eða breyta tengingu hennar.

16. gr.

Gjald fyrir raforku.

Reikningur fyrir raforku skal að jafnaði afhentur í húsnæði því, þar sem raforkan er notuð, og er reikningurinn fallinn í gjalddaga undir eins og krafið er um greiðslu. Nánari reglur um gjalddaga og tilhögun á innheimtu má setja í gjaldskrá.

17. gr.

Lokun fyrir veitu og enduropnun.

Sé gjald fyrir raforku ekki greitt þegar greiðslu er krafizt, getur rafveitan sent gjaldanda tilkynningu eða afhent hana í húsnæði því, er veita hans er í, um að hann verði að greiða gjaldið til skrifstofu rafveitunnar innan viku. Dragist greiðsla lengur, er heimilt að taka straum af veitunni, en þó ekki fyrr en þremur dögum eftir að skrifleg tilkynning þess efnis til gjaldanda er afhent honum eða afhent í húsnæði því, sem veita hans er í.

Rafveitunni er heimilt að loka veitunni og senda skuldakröfu, sem hún kann að hafa á hendur notanda, til innheimtu með lögtaki:

a. Þegar notandi, þrátt fyrir kröfu og skriflega aðvörun, sem að framan greinir, hefur ekki greitt reikning frá rafveitunni, sem fallinn er í gjalddaga;
b. þegar ábyrgðarmaður notanda stendur ekki við ábyrgðina;
c. þegar notandi hefur gerzt brotlegur við reglugerð þessa.

Lokun fyrir strauminn af þessum ástæðum losar notandann ekki undan greiðsluskyldu á lokunartímabilinu.

Sé lokað fyrir veitu vegna skulda má að jafnaði ekki opna aftur nema:

1. skuldin sé greidd að fullu eða fullnægjandi trygging sett fyrir því, að skuldin verði greidd;
2. að greitt sé aukagjald fyrir enduropnun veitunnar samkv. gjaldskrá;
3. að trygging sé sett fyrir skilvísri greiðslu framvegis, ef sérstakar ástæður eru til að krefjast slíkrar tryggingar.

Ef notandi raforku óskar eftir, að veita hans sé tekin úr sambandi um tíma, er heimilt að taka aukagjald, samkvæmt gjaldskrá, fyrir enduropnun veitunnar, svo og að taka fulla leigu fyrir mælitæki veitunnar þann tíma, sem veitan var ekki í notkun. Enginn má framkvæma endurtengingu veitu nema þeir, sem rafveitan hefur veitt umboð til þess hverju sinni. Sé brotið á móti þessu, skal farið með það sem endurtekna óleyfilega straumnotkun, samkvæmt 14. gr.

18. gr.

Reksturstruflanir.

Stöðvun á rekstri eða truflanir vegna bilana eða takmarkana á raforkuvinnslunni hefur ekki í för með sér neinar skaðabótaskyldur á hendur rafveitunni, en koma skal á reglulegum rekstri aftur, eins fljótt og auðið er.

Notendur eiga ekki rétt á endurgreiðslu þótt stöðvun verði vegna bilana eða annarra óviðráðanlegra atvika um langan eða skamman tíma, að öðru leyti en því, sem segir síðar um endurgreiðslu fastagjalds, og rafveitan ber ekki ábyrgð á spennubreytingum undir slíkum kringumstæðum eða afleiðingum af þeim, og eigi heldur af bruna eða slysum, sem verða kunna af völdum rafmagns frá húsveitum rafmagnsnotenda.

Rafveitan áskilur sér rétt til þess að loka fyrir straum til viðgerða og viðhalds eða eftirlits á helgidögum, á þeim tímum, sem heimilisnotkun er almennt minnst, og að nóttu til í maí—júlí, svo og endranær, þegar þörf gerist.

Meðan verið er að leggja heimtaugar eða götutaugar, er rafveitunni heimilt að taka straum af því svæði, sem nauðsynlegt er til þess að framkvæma tengingar.

Komi það fyrir, að takmarka þurfi notkun á raforku um langan eða skamman tíma, ákveður yfirstjórn rafveitunnar, eftir tillögum rafveitunefndar, hver notkun skuli takmörkuð fyrst og á hvern hátt.

Stöðvun á rekstri skal tilkynna fyrir fram, ef unnt er, en þó eiga notendur enga skaðabótakröfu á hendur rafveitunni, þótt straumur hafi verið tekinn af fyrirvaralaust.

Notendur, sem greiða raforku við föstu árgjaldi, eiga rétt á að fá $\frac{1}{300}$ hluta árgjaldsins endurgreiddan fyrir hvern heilan dag, er þeir missa raforkuna vegna stöðvunar eða truflana á rekstri, þó eigi fyrir skemmri tíma en tvo sólarhringa.

19. gr.

Uppsögn á rafmagnsnotkun og tilkynning um flutning eða breytingu á notkun.

Sérhver rafmagnsnotkun, er notandi byrjar á eftir nýjum lið gjaldskrár rafveitunnar, er bindandi fyrir hann, að minnsta kosti eitt ár, nema um sé að ræða bráðabirgðalagnir eða tilraunataxta, sem eru fullreyndir á skemmri tíma. Þó getur rafveitustjóri leyst notanda undan þessari skuldbindingu, þegar sérstaklega stendur á.

Þegar ár er liðið, getur notandi sagt upp notkuninni með eins mánaðar fyrirvara, ef ekki er um annað samið eða annað ákveðið í gjaldskrá rafveitunnar. Skal uppsögn tilkynnt rafveitustjóra skriflega.

Rafveitan áskilur sér sama uppsagnarfrest af sinni hálfu og notandi hefur samkvæmt framansögðu.

Tilkynning um breytingu á notkun frá einum gjaldskrárlið til annars er sama og uppsögn á fyrri notkun og beiðni um nýja, og fer um það sem að ofan greinir.

Tilkynningu um flutning notanda úr einni íbúð í aðra skal afhenda á skrifstofu rafveitunnar með hálfs mánaðar fyrirvara.

Notandi ber ábyrgð á raforkunotkun þeirrar veitu, sem hann er skráður fyrir, þar til er hann hættir notkun veitunnar og hefur sagt henni upp með þeim fyrirvara, sem hann hefur, samkvæmt reglugerð þessari.

20. gr.

Breytingar á gjaldskrá.

Notanda skal skylt að hlíta ákvæðum gildandi gjaldskrár rafveitunnar og breytingum þeim, sem yfirstjórnin samþykkir og ráðherra staðfestir.

169 29. ágúst

Verði ágreiningur milli rafveitustjóra og notanda um skilning á ákvæðum gjaldskrár eða settum skilyrðum fyrir rafmagnsnotkun, getur notandi krafizt þess, að ágreiningurinn verði lagður undir úrskurð yfirstjórnar rafveitunnar.

C. Almenn ákvæði.

21. gr.

Brot á reglugerð.

Brot á reglugerð þessari eða gegn reglum, sem settar verða samkvæmt henni, varða sektum allt að 10000 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Ef brot veldur skemmdum á eignum rafveitunnar, skal hinn brotlegi þess utan bæta skaðann.

Sektir renna í ríkissjóð.

22. gr.

Málsókn.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari eða reglugerðum, sem settar eru samkvæmt henni, skal farið sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 29. ágúst 1947.

Bjarni Ásgeirsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

Stjórnartíðindi 1947, B. 17.

170 2. sept.

REGLUGERÐ

fyrir Rafveitu Flateyrarhrepps.

A. Stjórn og rekstur.

1. gr.

Markmið rafveitunnar.

Rafveita Flateyrarhrepps er fyrirtæki, sem hreppsnefnd Flateyrarhrepps starfrækir í þeim tilgangi, að veita raforku um hreppinn og selja hana til heimilisnotkunar, iðnaðar og annarra þarfa.

Rafveitan er eign Flateyrarhrepps, en skal rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með nafninu: Rafveita Flateyrar, og hafa sérstakt reikningshald.

2. gr.

Verksvið og orkuveitusvæði.

Rafveita Flateyrar aflar raforku til almenningsþarfa í Flateyrarhreppi með því að kaupa raforku úr orkuveitu frá Rafmagnsveitum ríkisins eða öðrum, svo og vinna hana sjálf í orkuverum, er síðar kunna að verða reist, og veitir þeirri orku, sem þannig er keypt eða unnin, um orkuveitukerfi rafveitunnar.

Orkuveitusvæði rafveitunnar er Flateyrarhreppur og sá hluti nágrennis hreppsins, sem hreppsstjórn ákveður og ráðherra samþykkir.

10. dag októbermánaðar 1947. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

Rafveita Flateyrar hefur einkarétt til sölu á raforku beint til raforkunotenda á orkuveitusvæði sínu. 170 2. sept.

3. gr.

Stjórn raforkumála. Rafveitustjóri.

Yfirstjórn raforkumála hreppsins er í höndum hreppsnefndar, en framkvæmdastjórnin skal falin rafveitunefnd ásamt rafveitustjóra, sem hreppsnefndin skipar að fengnum tillögum rafveitunefndar, og skal hann um rafmagnssérmenntun fullnægja skilyrðum til lágspennulöggildingar a. m. k. Hreppsnefndin setur honum erindisbréf. Rafveitustjóri er framkvæmdastjóri rafveitunnar.

Í rafveitunefnd eiga sæti 3 menn, kosnir af hreppsnefnd. Rafveitustjóri á sæti á fundum nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétti.

4. gr.

Verksvið rafveitunefndar.

Rafveitunefnd hefur á hendi stjórn rafveitunnar, sér um viðhald hennar og umbætur og allt, er að starfrækslu hennar lýtur, kaup og sölu á raforku, fjárhald og reikningsskil. Hún skal gefa hreppsnefnd þær skýrslur, sem óskað er eftir, um starfrækslu og ástand rafveitunnar og leggja ársreikning hennar fyrir hreppsnefnd til úrskurðar samtímis ársreikningum hreppsins.

Rafveitunefnd semur nánari reglur, sem hreppsnefnd staðfestir, um einstök atriði þessarar reglugerðar, eftir því sem þörf gerist. Hún gerir einnig tillögur til hreppsnefndar um gjaldskrá fyrir rafveituna, undirbýr samninga um orkukaup og orkusölu og annast framkvæmdir allra raforkumála hreppsins.

Rafveitunefnd skipar fasta starfsmenn rafveitunnar, að fengnum tillögum rafveitustjóra, og setur þeim erindisbréf.

5. gr.

Verksvið rafveitustjóra.

Rafveitustjóri stjórnar daglegri starfrækslu og reikningshaldi rafveitunnar, eftirliti, viðhaldi á stöðvum, taugum og öðrum útbúnaði og öllum verklegum framkvæmdum, er snerta hana. Hann hefur eftirlit með rafmagnslagningu á orkuveitusvæðinu, þar með talið efni og tæki, sér um afgreiðslu og innheimtu við kaup og sölu á raforku, efni og tækjum, sem veitan kaupir eða selur.

Rafveitustjóri ræður verkamenn og starfsmenn veitunnar, svo sem þörf er á, auk hinna föstu starfsmanna.

6. gr.

Reikningshald og ráðstöfun tekna.

Rafveita Flateyrar hefur sjálfstætt reikningshald og tekur sjálf við greiðslum fyrir selda raforku og öðrum tekjum. Skal tekjum hennar fyrst og fremst varið til að standast straum af öllum greiðsluskuldbindingum hennar, svo sem afborgunum á áhvílandi skuldum, vöxtum og öðrum rekstrarkostnaði, þar með talið fullnægjandi viðhald og endurnýjun virkja og annað, sem nauðsynlegt er til að tryggja öruggan rekstur rafveitunnar, en tekjum, sem umfram kunna að verða, ráðstafar hreppsnefnd.

Rafveitustjóri varðveitir sjóð rafveitunnar samkvæmt nánari reglum, sem hreppsnefnd setur að tillögum rafveitunefndar.

170 2. sept.

7. gr.

Löggilding rafvirkja. Raflagningarreglur.

Hreppsnefnd getur ákveðið, að engir aðrir en þeir, sem sérstaklega eru til þess löggiltir, megi taka að sér lagningu á húsveitu og uppsetningu véla og tækja eða framkvæma á sína ábyrgð nokkurt verk, er snertir veitur, sem tengja á við kerfi rafveitunnar. Hreppsnefnd setur löggildingarskilyrði, löggildir menn og setur reglur um frágang og tilhögun á verkum þeim, sem falla undir verksvið þeirra, allt að fengnum tillögum rafveitustjóra.

Eigi má löggilda sérstaklega aðra en þá, sem áður hafa hlotið löggildingu rafmagnseftirlits ríkisins og ekki setja kröfuminni reglur um raflagningar en rafmagnseftirlit ríkisins gerir.

B. Söluskilmálar.

8. gr.

Sala raforku.

Rafveita Flateyrar selur raforku til almenningsþarfa á orkuveitusvæði sínu, alls staðar þar sem kerfi hennar nær til, með þeim skilmálum, sem ákveðnir eru í reglugerð þessari og gjaldskrá rafveitunnar á hverjum tíma.

Raforkan er seld sem ein- eða þrífasa riðstraumur, með 220 volta málspennu og 50 riðum á sekúndu. Þegar sérstakar ástæður mæla með, má rafveitustjóri láta í té orku með annarri spennu og annarri straumtegund.

9. gr.

Umsókn um kaup á raforku.

Hver, sem óskar að gerast notandi að raforku, verður að fylla út tilætluð umsóknareyðublöð, er fást á skrifstofu rafveitunnar, og skal hann skuldbinda sig með undirskrift sinni, að hlíta settum reglum um kaup á raforku frá rafveitunni. Skal í umsókninni skýrt frá, hve mikið afl þarf, og til hvers það er ætlað.

10. gr.

Umsókn um heimtaug.

Umsókn um heimtaug eða breytingu á heimtaug skal undirskrifuð af húseiganda, er skuldbindur sig til þess með undirskrift sinni að greiða heimtaugargjald það, sem ákveðið er í gjaldskrá rafveitunnar.

Heimtaugar með stofnvari eru eign rafveitunnar, enda þótt heimtaugargjaldið hafi verið greitt eftir kostnaði heimtaugar. Rafveitan annast viðhald og endurnýjun heimtaugar án sérstaks endurgjalds, nema heimtaug þurfi að breyta vegna breytingar á húsi. Skal húseigandi greiða kostnaðinn við þá breytingu, og ef ofanjarðarheimtaug er breytt í neðanjarðar, skal húseigandi greiða mismun, sem ákveðinn er í gjaldskrá. Rafveitunni er heimilt að krefjast skuldbindingar um lágmarksnotkun um heimtaug.

Sé um tiltölulega mikla notkun að ræða, og rafveitan þarf, til þess að fullnægja henni, sérstaklega að auka háspennukerfi, auka afl spennistöðvar eða gera meiri háttar viðbætur á lágspennukerfi, er rafmagnsstjóra heimilt að krefjast skuldbindingar umsækjanda um tiltekinn notkunartíma eða þátttöku í kostnaði.

Eigi er skylt að ljúka lagningu jarðstrengsheimtaugar meðan jörð er frosin.

11. gr.

Húsveitur.

Skylt er að láta löggiltan rafvirkja eða rafveituna, ef hún tekur slík verk að sér, framkvæma alla vinnu við raflagnir og raftæki, hvort heldur er um að ræða nýjar raflagnir eða breytingar eða viðgerð á raflögn.

Löggiltir rafvirkjar annast umsóknir og tilkynningar til rafveitunnar um allar raflagnir fyrir hönd húseiganda eða notenda, samkvæmt því, sem ákveðið er í reglum um raflagningar í Flateyrarhreppi, en rafveitan annast úttttekt á öllum nýlagningum, viðaukum og breytingum á raflögnum. 170 2. sept.

Engir aðrir en umboðsmenn rafveitunnar mega setja straum á veitu eða hluta af veitu, sem úttektarskyld er fyrr en úttekt hefur farið fram og veitan verið tengd af umboðsmönnum rafveitunnar.

Sé út af þessu brugðið, varðar það þann sektum, sem verkið er unnið fyrir, þann, sem setur strauminn á og loks hinn löggilta rafvirkja, er sá um verkið.

Rafveitan tekur ekki á sig ábyrgð á veitu með úttekt eða tengingu.

Rafveitan áskilur sér rétt til þess að setja þau skilyrði fyrir tengingu á veitu, að notkun um hana verði ekki taugakerfi rafveitunnar ofviða, og þar sem hætta kann að verða á þessu, má setja viðeigandi skilyrði í hvert sinn fyrir notkuninni, þar til úr er bætt.

12. gr.

Sala á raforku til notenda, sem sjálfir hafa orkuvinnslu.

Veitur, sem að jafnaði nota raforku annars staðar að en frá rafveitunni, má tengja við taugakerfi hennar í því skyni, að rafveitan verði aðallega eða eingöngu notuð til vara með því skilyrði, að greitt sé lágmarksárgjald, sem svarar til þeirrar kvaðar, sem hvílir á rafveitunni vegna tengingarinnar.

Framsala til annarra á raforku, sem keypt er af rafveitunni, er óheimil án leyfis rafveitustjóra.

13. gr.

Eftirlit með húsveitum og tækjum. Gallar á húsveitum.

Sérhver húsveita, að meðtöldum tækjum til notkunar á raforku, skal fullnægja kröfum þeim, sem settar eru í reglugerð rafmagnseftirlits ríkisins og í reglugerðum rafveitunnar, um raflagnir.

Rafveitustjóra er heimilt að hafa eftirlit með öllum húsveitum, gögnum og tækjum, sem notuð eru við hagnýtingu á raforku, og skulu starfsmenn rafveitunnar hafa frjálsan aðgang að öllum herbergjum húss, hvenær sem nauðsynlegt er, til að skoða húsveituna eða hluta hennar eða raftæki, sem nota má við veituna.

Vélar og önnur tæki skulu vera þannig sett og þannig útbúin, að þau starfi án þess að titringi valdi eða truflun á ljósum eða annarri notkun.

Sé misbrestur á þessu eða aðrir gallar á veitu eða tækjum, skal notandi þegar í stað á sinn kostnað láta löggiltan rafvirkja lagfæra þetta.

Nú kemur í ljós við skoðun, sem framkvæmd er af rafveitunni, rafmagnseftirliti ríkisins eða löggiltum rafvirkja, á húsveitu eða tækjum, að galli er á veitu eða tækjum, og skal þá eigandi veitunnar eða tækjanna skyldur til þess að láta gera við gallann á sinn kostnað. Viðgerðin skal framkvæmd af löggiltum rafvirkja.

Rafveitustjóri getur látið taka veituna eða tæki úr sambandi meðan galli er á veitunni eða tækjunum, þar til úr er bætt, eða látið gera við galla á kostnað eiganda.

Húseiganda er skylt að sjá um, að stofntaugar í húsveitu hans séu ávallt nægilega gildar fyrir notkun veitunnar.

Ef óleyfileg vör finnast í veitu, skal notandi veitunnar gerður ábyrgur fyrir, samkvæmt fyrirskipun rafmagnseftirlits ríkisins.

Séu gerðar óleyfilegar tengingar eða breytingar á veitu eða tækjum eða sýnt hirðuleysi um meðferð eða viðhald veitu eða tækja, skal farið með það sem galla á veitu, og er heimilt að gera eiganda að greiða aukagjald, sem ákveðið er í gjaldskrá vegna kostnaðar við aukið eftirlit með veitunni.

170 2. sept. Það er óleyfilegt, sem ekki fullnægir kröfum, sem settar eru í reglugerðum rafmagnseftirlits ríkisins, um raforkuvirki og reglugerðum Rafveitu Flateyrar.

14. gr.

Mælitæki.

1. Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir húsveitu, svo og stað fyrir þau og um tengingu.

   Notandi mælitækis er sá, sem skráður er fyrir raforkunotkun þeirrar veitu, sem mælitækið er fyrir. Skal hann bera ábyrgð á mælitækinu, svo og raforkunotkun veitunnar, þar til er hann lætur af notkun hennar og hefur sagt upp notkuninni með þeim fyrirvara, sem um getur í 19. gr

   Rafveitan leggur til öll mælitæki og annast um venjulegt viðhald þeirra og endurnýjun á sinn kostnað. Nú verður mælitæki fyrir óvenjulegu hnjaski eða skemmdum, og er þá heimilt að gera notanda að greiða kostnað við viðhald þess eða endurnýjun.
2. Ef notandi óskar, að mælitækið sé leiðrétt, skal hann senda skriflega beiðni um það til rafveitunnar.

   Ef þá kemur í ljós við athugun mælitækis að mesta skekkja sé +/÷ 5% eða minni, er heimilt að gera notanda að greiða kostnað við prófunina. Sé skekkja meiri, skal rafveitan bera kostnað af prófuninni.

   Ef notandi véfengir árangur prófunarinnar, skal leita úrskurðar rafmagnseftirlits ríkisins, og er hann bindandi fyrir báða aðila. Kostnað við það skal notandi greiða, ef skekkjan reynist minni en +/÷ 5%, en rafveitan annars.

   Hafi kwst. mælir sýnt +/÷ 5% skekkju eða meiri, skal rafveitan áætla leiðréttingu á reikningi rafmagnsnotanda miðað við fyrri notkun, og eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, eftir því, sem næst verður komizt, þó ekki fyrir lengra tímabil en 3 mánuði, nema notandi geti sannað, að um lengra tímabil hafi verið að ræða.
3. Notendur, sem hafa hemil eða rofa, eiga ekki rétt á neinni endurgreiðslu á föstu verði, þótt þeir telji sig ekki hafa getað náð því afli, sem fasta greiðslan er miðuð við, en rafveitunni er skylt að leiðrétta skekkju hemilsins eða rofans, svo fljótt sem við verður komið.

   Ef hemill notanda brennur sundur með stuttu millibili og ástæða er til að ætla, að of mikið sé lagt á hann að staðaldri, hefur rafveitan rétt til að neita um hemil og gera notanda að skilyrði að kaupa orkuna eftir öðrum gjaldskrárlið.
4. Ef notandi hefur aukna straumnotkun vegna galla á veitu sinni eða tækjum, er rafveitan ekki skyld til þess að áætla frádrátt á reikningum notandans þess vegna.
5. Ef svo reynist, að notkun hafi orðið meiri en álestur sýnir eða álestur verið skakkur eða útreikningur á reikningsfjárhæðinni, áskilur rafveitan sér rétt til að leiðrétta þessa skekkju eftir á, undir eins og vitað er.
6. Verði uppvíst, að straumur sé notaður á annan hátt en um er samið eða raskað hefur verið mælitækjum eða breytt tengingu, þannig að ekki komi fram öll notkun, skal rafveitan áætla þann straum, sem notaður hefur verið óleyfilega, og skal notandi gjalda fyrir hann þrefalt verð eftir gjaldskrá fyrir allan tímann, sem liðinn er frá síðustu skoðun veitunnar, og þar til er leiðrétt er, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

Ef ekki eru fyrir hendi sérstakar upplýsingar um líklega notkun á veitunni, má miða matið við stærð á vörum þeim, sem fyrir veitunni eru.

Við endurtekningu skal rjúfa samband við veituna og gera ráðstafanir til að koma fram ábyrgð á hendur þeim, sem brotlegur hefur gerzt.

15. gr.

Ábyrgð.

Ef vanskil eða dráttur verður á greiðslu rafmagnsgjalda, getur rafveitan krafizt tryggingar fyrir skilvísri greiðslu. Ef rafmagnsnotkun um mælitæki nægir ekki til þess að greiða raunverulegan afhendingarkostnað raforkunnar um mælitækið, er rafveitunni heimilt að krefjast lágmarksgjalds fyrir notkunina. Að öðrum kosti er rafveitunni heimilt að taka mælitækið niður og loka veitunni eða breyta tengingu hennar.

16. gr.

Gjald fyrir raforku.

Reikningur fyrir raforku skal að jafnaði afhentur í húsnæði því, þar sem raforkan er notuð, og er reikningurinn fallinn í gjalddaga undir eins og krafið er um greiðslu. Nánari reglur um innheimtu og um gjalddaga má þó setja í gjaldskrá.

17. gr.

Lokun fyrir veitu og enduropnun.

Sé gjald fyrir raforku ekki greitt þegar greiðslu er krafizt, getur rafveitan sent gjaldanda tilkynningu eða afhent hana í húsnæði því, er veita hans er í, um, að hann verði að greiða gjaldið til skrifstofu rafveitunnar innan viku. Dragist greiðsla lengur, er heimilt að taka straum af veitunni, en þó ekki fyrr en þremur dögum eftir að skrifleg tilkynning þess efnis til gjaldanda er afhent honum eða afhent í húsnæði því, sem veita hans er í.

Rafveitunni er heimilt að loka veitunni og senda skuldakröfu, sem hún kann að hafa á hendur notanda, til innheimtu með lögtaki:

a. þegar notandi, þrátt fyrir kröfu og skriflega aðvörun, sem að framan greinir, hefur ekki greitt reikning frá rafveitunni, sem fallinn er í gjalddaga;
b. þegar ábyrgðarmaður notanda stendur ekki við ábyrgðina;
c. þegar notandi hefur gerzt brotlegur við reglugerð þessa.

Lokun fyrir veitu af þessum ástæðum losar notandann ekki undan greiðsluskyldu á lokunartímabilinu.

Sé lokað fyrir veitu vegna skulda má að jafnaði ekki opna aftur, nema:

1. skuldin sé greidd að fullu eða fullnægjandi trygging sett fyrir því, að skuldin verði greidd;
2. að greitt sé aukagjald fyrir enduropnun veitunnar samkv. gjaldskrá;
3. að trygging sé sett fyrir skilvísri greiðslu framvegis, ef sérstakar ástæður eru til að krefjast slíkrar tryggingar.

Ef notandi raforku óskar eftir, að veita hans sé tekin úr sambandi um tíma, er heimilt að taka aukagjald, samkvæmt gjaldskrá, fyrir enduropnun veitunnar, svo og að taka fulla leigu fyrir mælitæki veitunnar þann tíma, sem veitan var ekki í notkun.

Enginn má framkvæma endurtengingu veitu, nema þeir, sem rafveitan hefur veitt umboð til þess hverju sinni. Sé brotið á móti þessu, skal farið með það sem endurtekna, óleyfilega straumnotkun samkvæmt 14. gr.

18. gr.

Rekstrartruflanir.

Stöðvun á rekstri eða truflanir vegna bilana eða takmarkana á raforkuvinnslunni hefur ekki í för með sér neinar skaðabótaskyldur á hendur rafveitunni, en koma skal á reglulegum rekstri aftur, eins fljótt og auðið er.

Notendur eiga ekki rétt á endurgreiðslu, þótt stöðvun verði vegna bilana

170 2. sept.

eða annarra óviðráðanlegra atvika um langan eða skamman tíma, að öðru leyti en því, sem segir síðar um endurgreiðslu fastagjalds, og rafveitan ber ekki ábyrgð á spennubreytingum undir slíkum kringumstæðum eða afleiðingum af þeim, og eigi heldur af bruna eða slysum, sem verða kunna af völdum rafmagns frá húsveitum rafmagnsnotenda.

Rafveitan áskilur sér rétt til þess að loka fyrir straum til viðgerða og viðhalds eða eftirlits á helgum dögum á þeim tímum, sem heimilisnotkun er almennt minnst, og að nóttu til í maí-júlí, svo og endranær, þegar þörf gerist.

Meðan verið er að leggja heimataugar eða götutaugar, er rafveitunni heimilt að taka straum af því svæði, sem nauðsynlegt er, til þess að framkvæma tengingar.

Komi það fyrir, að takmarka þurfi notkun á raforku um langan eða skamman tíma, ákveður hreppsnefnd, eftir tillögum rafveitunefndar, hver notkun skuli takmörkuð fyrst og á hvern hátt.

Stöðvun á rekstri skal tilkynna fyrirfram, ef unnt er, en þó eiga notendur enga skaðabótakröfu á hendur rafveitunni, þótt straumur hafi verið tekinn af fyrirvaralaust.

Notendur, sem greiða raforku við föstu árgjaldi, eiga rétt á að fá 1/300 hluta ársgjaldsins endurgreiddan fyrir hvern heilan dag, er þeir missa raforkuna vegna stöðvunar eða truflana á rekstri, þó eigi fyrir skemmri tíma en tvo sólarhringa.

19. gr.

Uppsögn á rafmagnsnotkun og tilkynning um flutning eða breytingu í notkun.

Sérhver rafmagnsnotkun, er notandi byrjar á eftir nýjum lið gjaldskrár rafveitunnar, er bindandi fyrir hann að minnsta kosti eitt ár, nema um sé að ræða bráðabirgðalagnir eða tilraunataxta, sem eru fullreyndir á skemmri tíma. Þó getur rafveitustjóri leyst notanda undan þessari skuldbindingu þegar sérstaklega stendur á.

Þegar ár er liðið, getur notandi sagt upp notkuninni með eins mánaðar fyrirvara, ef ekki er um annað samið eða annað ákveðið í gjaldskrá rafveitunnar. Skal uppsögn tilkynnt rafveitustjóra skriflega.

Rafveitan áskilur sér sama uppsagnarfrest af sinni hálfu og notandi hefur samkvæmt framansögðu.

Tilkynning um breytingu á notkun frá einum gjaldskrárlið til annars er sama og uppsögn á fyrri notkun og beiðni um nýja, og fer um það, sem að ofan greinir.

Tilkynning um flutning notanda úr einni íbúð í aðra af einum stað á annan á orkuveitusvæðinu má afhenda á innheimtuskrifstofu rafveitunnar með hálfs mánaðar fyrirvara, ef um samskonar rafmagnsnotkun er að ræða í hinum nýja notkunarstað, ella skal um flutninginn gilda sem um uppsögn á fyrri notkun og beiðni um nýja væri að ræða.

Notandi ber ábyrgð á raforkunotkun þeirrar veitu, sem hann er skráður fyrir, þar til er hann hættir notkun veitunnar og hefur sagt henni upp með þeim fyrirvara, sem hann hefur samkvæmt reglugerð þessari.

20. gr.

Breytingar á gjaldskrá.

Notanda skal skylt að hlíta ákvæðum gildandi gjaldskrár rafveitunnar og breytingum þeim, sem hreppsnefnd samþykkir og ráðherra staðfestir.

Verði ágreiningur milli rafveitustjóra og notanda um skilning á ákvæðum

gjaldskrár eða settum skilyrðum fyrir rafmagnsnotkun, getur notandi krafizt þess, að ágreiningurinn verði lagður undir úrskurð hreppsnefndar. 170 2. sept.

C. Almenn ákvæði.

21. gr.

Brot á reglugerð.

Brot gegn reglugerð þessari eða gegn reglum, sem settar verða samkvæmt henni, varða sektum allt að 10000 — tíu þúsund — krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Ef brot veldur skemmdum á eignum rafveitunnar, skal hinn brotlegi þess utan bæta skaðann.

Sektir renna í ríkissjóð.

22. gr.

Málsókn.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari eða á reglugerðum, sem settar eru samkvæmt henni, skal farið sem almenn lögreglumál.

Með reglugerð þessari er úr gildi numin reglugerð um meðferð og notkun rafmagns í Flateyrarhreppi frá 28. ágúst 1929.

23. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 2. september 1947.

Bjarni Ásgeirsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

REGLUGERÐ 171 2. sept.

um barnavernd á Akranesi.

1. gr.

Í umdæmi barnaverndarnefndar Akraness er börnum yngri en 12 ára eigi leyfilegt að vera á almannafæri seinna en kl. 21 á tímabilinu frá 20. september til 15. apríl, og ekki seinna en kl. 22 hinn tíma ársins, nema í fylgd með fullorðnum. Börn frá 12—14 ára mega ekki vera á almannafæri seinna en kl. 22 á tímabilinu frá 20. september til 15. apríl, og ekki seinna en kl. 23 hinn tíma ársins, nema í fylgd með fullorðnum. Foreldrar og húsbændur barnanna skulu sjá um, að ákvæðum þessum sé framfylgt.

2. gr.

Unglingum innan 16 ára eru bannaðar óþarfa ferðir út í skip, sem liggja á höfninni.

3. gr.

Barnaverndarnefnd er heimilt að kynna sér kvikmyndasýningar, leiksýningar og aðrar opinberar sýningar á undan almenningi. Ef barnaverndarnefnd telur sýningu skaðsamlega eða óholla sálarlífi barna, getur hún bannað að börn innan ákveðins aldurs fái aðgang að henni.

171 2. sept. Unglingum innan 14 ára er óheimill aðgangur að opinberum kvikmyndasýningum, er hefjast eftir kl. 20 á tímabilinu frá 1. október til 1. maí, nema í fylgd með foreldrum eða forráðamönnum.

4. gr.

Unglingum innan 16 ára aldurs er óheimill aðgangur að opinberum dansleikjum. Undanskildir eru þó dansleikir, sem sérstaklega eru ætlaðir börnum og unglingum, svo og dansleikir innanfélags hjá æskulýðsfélögum og skólafélögum.

5. gr.

Unglingum innan 16 ára er óheimill aðgangur að öldrykkjustofum. Einnig er þeim óheimill aðgangur að almennum kaffistofum eftir kl. 21, nema í fylgd með fullorðnum, sem bera ábyrgð á þeim. Eigendum og umsjónarmönnum ber að sjá svo um, að unglingar fái þar ekki aðgang eða hafist þar við.

6. gr.

Börnum á skólaskyldualdri er eigi leyfilegt að annast dreifingu og sölu blaða eða útburð bréfa meðan skóli starfar nema að fengnu samþykki barnaverndarnefndar.

7. gr.

Barnaverndarnefnd hefur heimild til að ákveða, að unglingar 12—16 ára skuli bera aldursskírteini.

8. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að þremur árum. Auk refsingar má svipta mann réttindum samkv. almennum hegningarlögum, ef miklar sakir eru.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 29 1947, um vernd barna og ungmenna, öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 2. september 1947.

Eysteinn Jónsson.

Birgir Thorlacius.

172 9. sept.

AUGLÝSING

um breyting á flokkunarreglum og iðgjaldaskrá Brunabótafélags Íslands frá 15. okt. 1932.

Við 11. gr.:

3. málsgr. 2 falli niður.
4. málsgr. a 2 falli niður.
4. málsgr. b 2 falli niður.

Í stað þess komi svo hljóðandi ákvæði, sem verður niðurlag 11. gr.:

Iðgjald af lausafé skal vera hið sama og reiknað er af húsinu, sem lausaféð er geymt í. Þó skal ekki reikna viðaukagjald það, sem um ræðir í 4. gr.: ½‰ og ¾‰.

Breyting þessi, sem gerð er samkv. lögum nr. 26 23. júní 1932, um Brunabótafélag Íslands, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi frá og með 15. október 1947.

Félagsmálaráðuneytið, 9. september 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jónas Guðmundsson.

JARÐRÆKTARSAMÞYKKT

173
11. sept.

fyrir Búnaðarfélag Svarfdæla.

Búnaðarfélag Svarfdæla gerir á grundvelli laga nr. 7 12. jan. 1945 svofellda jarðræktarsamþykkt:

1. gr.

Tilgangurinn með ræktunarsamþykktinni er:

1. Að ræsa fram land til túnræktar, garðræktar, engjaræktar og beitiræktar;
2. að framkvæma jarðvinnslu á túnum jarða á samþykktarsvæðinu, sem ekki eru vélfær;
3. að taka að sér jarðvinnslu til nýræktar túna eða garða;
4. að framkvæma sléttun engja, svo þær verði véltækar.

Allt þetta skal framkvæmt eftir fyrirmælum trúnaðarmanns, er Búnaðarfélag Íslands samþykkir.

2. gr.

Stjórn Búnaðarfélags Svarfdæla annast allar framkvæmdir. Um kaup á vélum og áhöldum skal hafa samráð við verkfæranefnd ríkisins.

3. gr.

Skylt er að tryggja vélar og áhöld fyrir sannvirði, eins og það álízt á hverjum tíma.

4. gr.

Verkbeiðnir félagsmanna skulu vera skriflegar og komnar til stjórnar félagsins fyrir janúarlok, ella er ekki skylt að taka þær til greina á því ári. Heimilt er stjórninni, ef hún telur þess þörf, að krefjast ábyrgðar, sem hún tekur gilda, á vinnslukostnaði.

5. gr.

Að fengnum verkbeiðnum skal gera áætlun um framkvæmdir á árinu. Skal þess þá sérstaklega gætt:

1. Að jarðir, sem minnst véltækt land hafa, sitji fyrir vinnu eftir því, sem við verður komið, án þess að valda óhæfilegum aukakostnaði í flutningi véla og verkfæra;
2. að túnasléttun sé að öðru jöfnu látin sitja fyrir öðrum ræktunarframkvæmdum;
3. að land það, sem brjóta á til ræktunar, hafi verið ræst fram á fullnægjandi hátt, að dómi trúnaðarmanna Búnaðarfélags Íslands;
4. að framræsla bithaga komi að jafnaði því aðeins til greina, að fullnægt hafi verið öðrum framræslu- og jarðvinnsluverkefnum, svo því marki verði náð, að allur heyskapur verði tekinn á vélfæru landi.

6. gr.

Kostnaður við framkvæmdir þær, er í samþykkt þessari getur, greiðist af verkkaupendum. Heimilt er stjórninni að láta greiðslur fara fram eftir áætlun, meðan verkið stendur yfir, en fullnaðargreiðsla sé byggð á reikningsskilum í árslok.

7. gr.

Til reksturskostnaðar telst greiðsla vinnulauna, reksturs-, viðhalds- og geymslukostnaður véla, kostnaður við flutning véla og verkfæra milli vinnustaða, fyrningargjald, vextir og afborgun lána og stjórnarkostnaður.

Heimilt er stjórninni að leggja á framkvæmdakostnað áhættuþóknun, er nemi

173 11. sept.

allt að 5% af heildarkostnaði ár hvert. Skal fé því varið til að mæta óhöppum, er fyrir kunna að koma, og ekki fást greidd úr fyrningarsjóði.

8. gr.

Heimilt er stjórninni að láta vinna að öðrum verkefnum, en að framan greinir, ef hagkvæmt þykir, enda brjóti það ekki í bága við hagsmuni samþykktaraðila.

9. gr.

Búnaðarfélagið myndar stofnsjóð til vélakaupa, er sé andvirði beltisdráttarvélar TD9 með tilheyrandi jarðvinnslutækjum og ræsaplóg, að fjárhæð alls kr. 65000.00. Tekjur sjóðsins eru:

1. Einn fjórði hluti framlag frá Búnaðarfélagi Svarfdæla og er það óafturkræft;
2. einn fjórði stofnfjárlán, er tryggt sé með ábyrgð búnaðarfélagsins og endurgreiðist það innan 6 ára;
3. helmingur stofnfjárins er framlag framkvæmdasjóðs ríkisins, samkvæmt ákvæðum 9. gr. laga um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, jafnóðum og það greiðist úr ríkissjóði.

10. gr.

Komi í ljós síðar, að áliti búnaðarfélagsstjórnarinnar, að auka þurfi stofnsjóð, ber henni að gera um það rökstuddar tillögur til aðalfundar félagsins. Ef aðalfundur samþykkir stofnfjáraukningu, er hún bindandi fyrir félagið.

11. gr.

Heimilt er stjórninni að taka rekstrarlán gegn tryggingu í þeim jarðræktarstyrk, er á umbæturnar verður greiddur úr ríkissjóði samkvæmt ákvæðum II. og V. kafla jarðræktarlaga.

12. gr.

Reikningsár félagsins, varðandi starfsemi þess samkvæmt samþykkt þessari, er almanaksárið. Skulu reikningar endurskoðaðir af endurskoðendum Búnaðarfélagsins og lagðir fram á aðalfundi þess ár hvert. Þar skal og lögð fram skýrsla um starfsemina á síðastliðnu ári og rædd framtíðarverkefni.

13. gr.

Breytingartillögur við samþykkt þessa skulu lagðar fram á aðalfundi Búnaðarfélags Svarfdæla, enda hafi þeirra verið getið á fundarboði. Samþykki lögmætur aðalfundur þær með minnst ⅗ atkvæðum atkvæðisbærra fundarmanna, skulu þær sendar Búnaðarfélagi Íslands, er leitar staðfestingar landbúnaðarráðherra á þeim.

14. gr.

Samþykkt þessa má því aðeins nema úr gildi, að ⅗ fundarmanna á lögmætum aðalfundi samþykki það, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til. Verði samþykktin felld úr gildi, verður stofnsjóður og fyrningarsjóður áfram eign Búnaðarfélags Svarfdæla og skal eignunum varið til almennra framfaramála í hreppnum.

15. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

16. gr.

Samþykkt þessi gengur í gildi, er hún hefur verið staðfest af landbúnaðarráðherra.

Samþykkt þessi, sem er sett samkvæmt lögum nr. 7 12. janúar 1945, um jarð- 173
ræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, og reglugerð um jarðræktarsamþykktir 11. sept.
frá 20. febrúar 1946, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 11. september 1947.

Bjarni Ásgeirsson.

Árni G. Eylands.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Sigurbjörns Andrés- 174
sonar frá Þórisstöðum", útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráð- 12. sept.
herra 12. september 1947.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Sigurbjörns Andréssonar frá Þórisstöðum.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Sigurbjörns Andréssonar frá Þórisstöðum í Gufudalsshreppi.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Guðrúnu S. Jónasdóttur, Þórisstöðum, til minningar um son hennar, Sigurbjörn Andrésson.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er 1000 — eitt þúsund — krónur.

4. gr.

Sjóðurinn gefur út minningarspjöld og leggst fé það, sem kemur inn fyrir þau, við höfuðstólinn, ásamt öðru fé, er sjóðnum kann að áskotnast á annan hátt.

5. gr.

Höfuðstóll sjóðsins ávaxtast í tryggum verðbréfum.

6. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja lömunarveika sjúklinga í Gufudalshreppi. Ættingjar Sigurbjörns gangi fyrir styrk úr sjóðnum.

7. gr.

Þegar höfuðstóllinn er orðinn kr. 5000.00 koma ⅔ hlutar vaxtanna til útborgunar, en ⅓ leggst við höfuðstólinn, þegar höfuðstóllinn er orðinn kr. 20000.00 koma ¾ vaxtanna til útborgunar, en ¼ leggst við höfuðstólinn, þegar höfuðstóllinn er orðinn kr. 50000.00 greiðast ⅘ hlutar vaxtanna út, en ⅕ leggst við höfuðstólinn, og þegar höfuðstóllinn er orðinn kr. 100000.00 greiðast 9/10 hlutar út, en 1/10 leggst við höfuðstólinn, og skal það síðan haldast.

174 11. sept.

8. gr.

Stjórn sjóðsins skipa sóknarprestur Staðarprestakalls og tvö af systkinum Sigurbjörns, meðan þeirra nýtur við, en eftir þeirra dag oddviti Gufudalshrepps og landlæknirinn. Ársreikninga sjóðsins skal birta í B-deild Stjórnartíðinda.

9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Þórisstöðum, 19. júní 1947.

Guðrún S. Jónasdóttir.

175 13. sept.

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Flateyjarhöfn á Breiðafirði.

I. KAFLI

Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Flateyjarhöfn liggur umhverfis Flatey, og takmarkast að vestan af línu, sem hugsast dregin í hásuður, úr vestri enda Klofnings, í aðra línu, sem hugsast dregin um Spilli í Skálanes, og eru það suðurtakmörk hafnarinnar.

Að austan takmarkast höfnin af beinni línu milli Skjaldareyjar og Hrólfskletts, og að norðan af línu úr Hrólfskletti um Sýrey í Klofning.

Innri takmörk hafnarinnar er strandlengja eyjarinnar á alla vegu.

II. KAFLI

Stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Að nýafstöðnum hreppsnefndarkosningum skal hreppsnefnd Flateyjarhrepps kjósa 3 menn í hafnarnefnd, og jafnmarga til vara. Kjörtímabil hafnarnefndar er hið sama og hreppsnefndar. Hafnarnefnd sér um viðhald og endurbætur hafnarinnar og stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta. Hafnarnefnd annast reikningshald og fjárvörzlu hafnarsjóðs, fyrir hönd hreppsnefndar, enda ber sveitarsjóður ábyrgð á eignum og skuldbindingum sjóðsins.

3. gr.

Til þess að standast kostnað við hafnarmannvirki og árlegan reksturskostnað, skal stofna hafnarsjóð. Í hafnarsjóð renna allar tekjur, sem ákveðnar eru með reglugerð þessari. Við lok hvers rekstrsárs skal hafnarnefnd semja reksturs- og efnahagsreikning sjóðsins, og ber henni að hafa fullgert reikninginn ekki síðar en í febrúarlok næsta reikningsár. Reikningar skulu endurskoðaðir og úrskurðaðir á sama hátt og hreppsreikningar.

Fyrir 1. nóvember ár hvert skal hafnarnefnd hafa samið og lagt fyrir hreppsnefnd Flateyjarhrepps frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Hreppsnefnd skal síðan fullsemja áætlunina og senda hana samgöngu-

málaráðuneytinu til staðfestingar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á gjalda- og tekjuliðum. 175 13. sept.

4. gr.

Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið.

III. KAFLI

Um legu skipa og umferð þeirra á höfninni.

5. gr.

Fiskiskip og önnur skip, er ekki ferma né afferma, mega aldrei leggjast svo á höfninni, að þau tálmi affermingu annarra skipa, og skulu þau í hvert skipti skyld að hlýða boðum hafnarnefndar eða umboðsmanns hennar um það, hvar þau megi liggja eða leggjast.

Aldrei mega nein skip leggjast svo nærri bryggju, að eigi sé nægilegt svigrúm fyrir önnur skip, að komast að eða frá.

Tregðist eigandi, skipstjóri eða umráðamaður skips við að hlýða boðum hafnarnefndar eða umboðsmanns hennar, um að flytja skip sitt, bát eða strengi á höfninni, getur hafnarnefnd látið gera það á kostnað eiganda.

6. gr.

Enginn má leggja sérstök legugögn í höfnina nema leyfi hafnarnefndar komi til, og skal hún ákveða hvar þau skuli lögð.

Í hverju skipi, — að undanskildum skipum, sem hafa leyfi hafnarnefndar til að liggja mannlaus í lægi hafnarinnar —, skal jafnan vera einn maður, að minnsta kosti, er geti tekið á móti skipunum hafnarnefndar og látið framkvæma þær, hvort heldur á að færa skipið, eða framkvæma eitthvað annað samkvæmt reglugerð þessari.

7. gr.

Ekki má festa skipi við bólvirki né bryggju, nema við festarhringa eða festarstólpa. Festum skal þannig komið fyrir, að þær hindri sem minnst umferð á bryggjunni eða bólvirkinu. Þyki þess eigi nægilega gætt, má krefjast að bætt sé úr því tafarlaust. Skylt er að hafa tryggar hlífar milli skips og bólvirkis eða bryggju.

8. gr.

Gufuskip eða önnur vélaskip mega ekki láta vélar ganga með svo miklu afli, að öðrum skipum eða hafnarmannvirkjum stafi hætta af því. Ekki má hleypa vatni á bryggju eða bólvirki að óþörfu.

9. gr.

Ef skip lendir á grynningu eða sekkur, þar sem það að áliti hafnarnefndar tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal færa það burt svo fljótt sem auðið er. Verði dráttur á því, má hafnarnefnd láta færa skipið burt á kostnað eiganda, og er henni heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum, ef nauðsyn krefur.

Hrökkvi andvirði hins selda skips ekki fyrir kostnaðinum, er eigandi þess ábyrgur fyrir eftirstöðvunum.

IV. KAFLI

Um notkun bryggna og bólvirkja.

10. gr.

Venjulega er skipum heimilt að leggjast við bryggjur og bólvirki hafnarinnar í þeirri röð, sem þau koma. Þó skulu, að öðru jöfnu þau skip, sem sigla eftir fastri,

175 auglýstri ferðaáætlun og flytja póst, hafa rétt til að leggjast að bryggjum og ból-
13. sept. virkjum, þótt önnur skip liggi þar fyrir, og verða þau þá að víkja, meðan hin eru afgreidd. Sams konar rétt hafa vélskip fram yfir seglskip. Sé fermingu eða affermingu skips eigi haldið áfram með hæfilegum hraða, að áliti hafnarnefndar, ber því að víkja fyrir öðrum skipum, ef hún krefst þess. Enn fremur getur hafnarnefnd eða umboðsmaður hennar vísað skipum frá bryggjum og bólvirkjum, álíti hann það nauðsynlegt vegna óveðurs.

11. gr.

Ef nauðsyn ber til að skipum, sem ferma eða afferma við bryggjur eða bólvirki, sé lagt hlið við hlið, er heimilt að flytja farm þeirra skipa, sem utar liggja, yfir þilför hinna á bjálkabrúm. Svo er og skipshöfn og farþegum þeirra skipa, sem utar liggja, heimil nauðsynleg umferð um þilför þeirra skipanna, sem nær liggja.

12. gr.

Við uppskipun og útskipun á kjölfestu, sandi og öðru slíku, er skylt að hafa nægilega sterka hlífidúka milli skips og bólvirkis, bryggju eða milli skipa, svo ekkert falli fyrir borð. Sé þessa ekki gætt, getur hafnarnefnd stöðvað verkið unz úr er bætt.

13. gr.

Þeir munir eða vörur, sem affermdar eru eða láta á í skip, mega ekki liggja á bryggjum né bólvirkjum og eigi annars staðar á landi hafnarinnar en á þeim stöðum, sem ætlaðir eru til geymslu, nema með leyfi hafnarnefndar. Skal flytja burt vörur og muni, jafnskjótt og hún krefst þess.

V. KAFLI

Hafnarmannvirki einstakra manna og félaga innan hafnarinnar.

14. gr.

Meðfram strandlengju hafnarinnar má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, né heldur breyta þeim mannvirkjum, sem fyrir eru, og ekki fylla upp eða dýpka út frá landi, nema hreppsnefndin hafi veitt samþykki til þess, að fengnum tillögum hafnarnefndar. Skjóta má úrskurði hreppsnefndar undir úrskurð samgöngumálaráðuneytisins. Sé slíkt leyfi ekki notað innan tveggja ára fellur það úr gildi.

Sá, sem fengið hefur leyfi til að gera slíkt mannvirki, skal halda því svo vel við, að engin hætta stafi af því. Brot gegn því varðar sektum, allt að 10 þúsund krónum, og getur hafnarnefndin látið nema burtu mannvirkið á kostnað eiganda.

Til meiri háttar framkvæmda og ráðstafana skal leita samþykkis samgöngumálaráðuneytisins.

15. gr.

Við bryggjur eða uppfyllingu einstakra manna eða félaga innan hafnarinnar, hafa skip rétt til að leggjast að í sömu röð og þau koma inn og sækja um það. Þó skulu skip, sem sigla eftir fastri, auglýstri áætlun, hafa forgangsrétt næst skipum eiganda.

16. gr.

Við hverja bryggju einstakra manna eða félaga, sem skipum er ætlað að leggjast að, skal vera umsjónarmaður, er hafnarnefnd samþykkir.

Óheimilt skal einstaklingum eða félögum, sem eiga bryggju eða bólvirki innan hafnarinnar, að taka vörugjald af þeim vörum, sem fara þar um, nema samþykki hafnarnefndar komi til.

17. gr.

Um lýsingu slíkra mannvirkja, þrifnað á þeim og ýmis nauðsynleg áhöld, svo sem stiga, landgöngubrýr, björgunarhringi o. s. frv., fer eftir þeim fyrirmælum, er hafnarnefnd setur á hverjum tíma, og gildir jafnt fyrir allar bryggjur, bólvirki og uppfyllingar á hafnarsvæðinu. 13. sept.

VI. KAFLI
Um almenna reglu.

18. gr.

Hafnarnefnd sér um að gætt sé almennrar reglu á höfninni og við hana. Er öllum skylt að hlýða boði hennar og banni, og enn fremur annarra þeirra starfsmanna, er hún setur til að gæta reglu. Þyki einhverjum sér óréttur ger, getur hann kært það fyrir hreppstjóra eða sýslumanni, en skipunum hafnarnefndar eða starfsmanna hennar ber að hlýða tafarlaust.

Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi sínu.

19. gr.

Öll skot við og á höfninni eru stranglega bönnuð.

20. gr.

Skylt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa í skipum á höfninni. Í skipum, sem flytja eldfim efni, má eigi kveikja eld eða ljós nema í eldavél skipsins eða á ljóskerum. Tóbaksreykingar eru bannaðar í þeim skipum og því svæði, sem unnið er að fermingu þeirra eða affermingu, enda skal það greinilega auglýst. Álíti hafnarnefnd að hætta geti stafað af fermingu eða affermingu eldfimrar vöru, er henni heimilt að stöðva verkið, unz gerðar hafa verið nauðsynlegar varúðarráðstafanir.

VII. KAFLI
Hafnargjöld.

1. Lestagjald.

21. gr.

Öll skip, 12 brúttósmálestir og stærri, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin vörum, skulu greiða lestagjald í hvert sinn, er þau leggjast við festar á Flateyjarhöfn og hafa samband við land, með þeim undantekningum, er síðar getur.

22. gr.

a. Fiskiskip 12 brúttósmálestir og stærri, sem eru eign manna búsettra í Flateyjarhreppi, skulu greiða lestagjald einu sinni á ári, 1 krónu fyrir hverja smálest, með gjalddaga í október.
b. Önnur innlend fiskiskip greiði 30 aura af hverri brúttósmálest í hvert skipti, sem þau koma til hafnar, og hafa samband við land, þó ekki yfir 2 krónur af smálest á ári.
c. Innlend strandferðaskip og millilandaskip greiða í fyrsta skipti á ári hverju, er þau koma á Flateyjarhöfn, 50 aura af hverri brúttósmálest í lestagjald, en ekkert þótt þau komi oftar á því ári.
d. Öll önnur skip, sem til hafnarinnar koma, nema þau sem undanþegin eru hafnargjöldum, greiða, ef þau hafa samband við land, 60 aura af hverri nettósmálest í hvert skipti.

Hálf smálest telst sem heil, minna broti skal sleppt.

175 13. sept.

23. gr.

Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip, björgunarskip, skip, sem hafa skírteini sem skemmtiferðaskip, skip, sem gerð eru út til vísindarannsókna, skip, sem leita hafnar vegna óveðurs, en hafa ekki samband við land, og skip, sem sanna fyrir sjórétti að þau hafi orðið að leita hafnar vegna sjótjóns.

24. gr.

Fyrir vélbáta að 12 smálestum brúttó, sem heima eiga í Flatey, eru gerðir út þaðan eða liggja þar við festar, í fjöru eða á floti að staðaldri, greiðist 20 króna árlegt gjald, með gjalddaga í október. Fyrir alla aðra vélbáta að 12 smálestum brúttó greiðist 10 kr. hafnargjald í fyrsta sinn, er þeir koma að bryggju ár hvert.

Af uppskipunarbátum og öðrum bátum, sem notaðir eru til flutninga að og frá skipum eða annarra flutninga, greiðast 20 krónur af hverjum árlega, með gjalddaga í október.

2. Bryggju- og bólvirkjagjald.

25. gr.

Hvert skip, sem leggst að bólvirki eða bryggju, hvar sem er í höfninni, skal greiða bryggjugjald eftir stærð skipsins, talið í heilum brúttósmálestum, en broti skal sleppt.

Gjöldin skulu vera sem hér segir:

a. Bátar og skip 12 brúttósmálestir og stærri, sem eru eign búsettra manna í Flateyjarhreppi, greiði 3 krónur af hverri brúttósmálest á ári.

b. Öll aðkomuskip greiða 16 aura af brúttósmálest fyrir hvern hálfan sólarhring, eða hluta af hálfum sólarhring, sem þau liggja við bryggju. Minnsta gjald skal þó vera 10 kr. í hvert sinn. Liggi þau skip utan á öðru skipi greiðist aðeins hálft gjald. Sama máli gegnir um þau aðkomuskip, er fiskveiðar stunda frá Flatey, eða eru gerð út þaðan. Þó getur hafnarnefnd, ef hún telur ástæðu til, gert samning um bryggjugjöld slíkra skipa. Undanþegin bryggjugjaldi eru sömu skip og um getur í 24. gr., nema er þau flytja vörur eða farþega, sem þau taka gjald fyrir. Þó eru herskip og skemmtiferðaskip alltaf undanþegin bryggjugjaldi og öðrum hafnargjöldum.

26. gr.

Nú eiga einstaklingar eða félög hafskipabryggju innan hafnarsvæðisins og má þá ekki taka í hafnarsjóð bryggjugjald né gjald af vörum, sem um þær bryggjur fara, fyrri en hafnarsjóður hefur komið upp sambærilegu mannvirki til afgreiðslu skipa.

Heimilt er að innheimta þessi gjöld í hafnarsjóð, þegar byrjað er á framkvæmdum hafnarmannvirkja.

3. Vörugjald.

27. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum og skepnum, sem útskipað er eða afskipað á höfninni, með þeim undantekningum, sem getur um í næstu greinum.

28. gr.

Fyrir vörur, sem samkvæmt farmskrá skipsins eru ákveðnar til umhleðslu, og eiga því ekki að leggjast á land nema um stundarsakir, greiðist aðeins hálft vörugjald.

Af vörum, sem settar eru á land, en eiga að fara aftur með sama skipi, greiðist ekkert vörugjald.

29. gr. 175

Þessar vörur eru algerlega undanþegnar vörugjaldi: 13. sept.

a. Umbúðir, sem endursendar eru, enda sé þess getið á farmskrá.
b. Vistir og aðrar nauðsynjar skipa og báta til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi.
c. Afli skipa, lagður á land, þegar skip kemur úr veiðiför.
d. Póstflutningur og venjulegur farþegaflutningur.

30. gr.

Vörugjaldið skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum, af hverri sendingu sérstaklega. Brot úr gjaldeiningu telst heil gjaldeining. Fara skal eftir farmskrá skips við útreikning vörugjalds, og eru skipstjóri eða afgreiðslumaður skips, skyldir til að láta hafnarnefnd í té afrit af farmskrá skipsins. Sé engin farmskrá, skal skipstjóri eða formaður báts, gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem fleyta hans hefur fermt eða affermt. Þyki hafnarnefnd ástæða til, getur hún hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt, er hún telur hentugast. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn. Ef ýmsar vörutegundir eru í sendingu, skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund, sem hæst gjald skal greiða af.

31. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því sem vörugjaldskrá tiltekur, og gjald greiðist eftir því, er þar segir.

Ef vafi leikur á í hverjum flokki skuli telja einhverja vöru, úrskurðar hafnarnefnd, en úrskurði hennar má áfrýja til hreppsnefndar.

32. gr.

Vörugjaldskrá.

A. Aðfluttar vörur.

1. flokkur. Gjald 30 aurar fyrir hver 100 kg:
   Blý, brýni, eldfastur leir og steinn, fiskbein, gaddavír, hverfisteinar, járn og stál, járnkeðjur, járnpípur, kaðlar, kítti, kol, koparvír, krít, tin, þungar litarvörur, miðstöðvarvörur, múrsteinar, ofnar, salt, sement, sódi, stálvír, steyptar járnvörur, vélar, vélahlutar, vikur, vikursteinar, þakjárn, þakpappi, þakplötur.
2. flokkur. Gjald 50 aurar fyrir hver 100 kg:
   Áburðarolía, baðlyf, benzín, bækur, feiti, fernisolía, fiskilínur, grænsápa, kálmeti, kartöflur, kornvörur alls konar, leður, linoleum, pappír, pokar, pokastrigi, rúðugler, saumur, segldúkur, seglgarn, steinolía, tjara, togleður, tvistur, vaxdúkur, vírnet, þvottaefni, þvottasápa.
3. flokkur. Gjald 70 aurar fyrir hver 100 kg:
   Ávextir nýir, brauðvörur, jurtafeiti, kaffi, kakaó, mjólkurduft, leirvörur, smjör, smjörlíki, sykur, te.
4. flokkur. Gjald 120 aurar fyrir hver 100 kg:
   Ávextir, þurrkaðir og niðursoðnir, eldspýtur, glervörur, glysvarningur, leðurvörur, leikföng, lyfjavörur, meðalalýsi, niðursuðuvörur, nýlenduvörur, skinnavörur, skófatnaður, súkkulaði, sætigætisvörur, tóbaksvörur, vefnaðarvörur og aðrar léttar vörur.
5. flokkur. Gjald 100 aurar fyrir hver 100 kg:
   Aðrar vörur, sem reiknast eftir þyngd.
6. flokkur. Gjald 10 aurar fyrir hvert teningsfet:
   Timbur, tunnuefni.

175 Tómar tunnur 25—50 aurar stykkið, eftir stærð (síldartunnur, olíuföt).
13. sept. 7. flokkur. Gjald 20 aurar fyrir hvert teningsfet:
Bifreiðar, húsgögn, saumavélar, skilvindur, stundaklukkur og aðrar vörur, sem reiknast eftir rúmmáli.
8. flokkur. Lifandi sauðfé, 50 aurar fyrir hverja kind.

B. Brottfluttar vörur.

1. flokkur. Gjald 40 aurar fyrir hver 100 kg:
Fiskur ísvarinn, hraðfrystur, nýr, slægður og óslægður, saltur, óverkaður og verkaður, þurrkaður, harðfiskur, fiskimjöl, lýsi, gærur saltaðar, í búntum eða pökkum, ís, síld.
2. flokkur. Gjald 60 aurar hver 100 kg:
Garnir, hrogn, kjöt (alls konar), mör, tólg.
3. flokkur. Gjald 100 aurar fyrir hver 100 kg:
Dúnn, fiður, skinn hert, fuglar, sundmagi, ull, ullarvörur.
4. flokkur. Gjald 5 krónur fyrir stykkið:
Hestar og nautgripir.
5. flokkur. Gjald 1 króna fyrir hverja kind:
Lifandi sauðfé.

Þótt vörur flokkaðar undir brottfluttar vörur flytjist til staðarins, eða vörur flokkaðar undir aðfluttar vörur, flytjist frá staðnum, breytir það engu um vörugjaldið. Vörugjald fyrir óvenjulegar vörur, sem vafasamt þykir hvernig flokka skuli, ákveður hafnarnefnd.

4. Önnur gjöld til hafnarinnar.

33. gr.

Fyrir að leggja vörur á land hafnarinnar, skal geriða 10 aura fyrir hvern fermetra lands, sem varan þekur, sé hún ekki flutt burt innan tveggja sólarhringa. Gjald þetta reiknast fyrir hverjar 24 klukkustundir eða brot úr þeim. Gjald fyrir mikið vörumagn má ákveða með samningi.

34. gr.

Fyrir lóðir hafnarinnar, geymsluhús og tæki, sem leigð eru einstökum mönnum eða félögum um lengri eða skemmri tíma, skal greiða gjald, sem ákveðið verður með samningi.

VIII. KAFLI

Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

35. gr.

Hafnarnefnd eða umboðsmaður hennar sér um innheimtu allra hafnargjalda.

36. gr.

Skipstjóri eða formaður ber ábyrgð á greiðslu lestagjalds og bryggjugjalds. Hafnarsjóður hefur haldsrétt á skipum unz gjöldin eru greidd. Þegar gjalddagar eru ekki ákveðnir í reglugerð þessari, skal greiða gjöldin áður en skipið fer burt úr höfninni.

37. gr.

Gjald fyrir vörur, sem um getur í 33. gr., greiðir eigandi eða umboðsmaður hans, og hefur hafnarsjóður haldsrétt í vörunni unz gjaldið er greitt.

Vörugjald af vörum, sem lagðar eru á land á hafnarsvæðinu, fellur í gjalddaga um leið og varan er sett á land, og vörugjald af vörum, sem fluttar eru úr höfninni, fellur í gjalddaga þegar vörurnar eru komnar í skip. Afgreiðslumaður skips skal standa skil á greiðslu vörugjaldsins. 175 13. sept.

Ef skip eða bátur hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri eða formaður ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

38. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki.

IX. KAFLI
Ýmis ákvæði.

39. gr.

Um skaðabótaskyldu fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum reglum.

Ef samningum verður ekki við komið, um skaðabætur fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, skulu þær ákveðnar af þremur óvilhöllum dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en einn mánuður er liðinn frá því að matsgerð er lokið. Yfirmat skal fara fram af fimm dómkvöddum mönnum.

Kostnaður við yfirmat greiðist af þeim, er hefur krafizt þess, ef matsupphæðinni verður ekki breytt til hækkunar, er nemi 10% af hinni ákveðnu skaðabótaupphæð. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

40. gr.

Enginn, sem bakað hefur sér refsingu eða skaðaótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, má fara burt úr höfninni, meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, er hafnarnefnd tekur gilda.

41. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum frá 20—10000 krónur, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Sektirnar renna í hafnarsjóð Flateyjar.

42. gr.

Mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara með að hætti opinberra mála.

43. gr.

Við gildistöku þessarar reglugerðar fellur úr gildi bráðabirgðareglugerð um notkun bryggju í Flatey á Breiðafirði, frá 12. júní 1935.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 13. september 1947.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

GJALDSKRÁ

um póstburðargjöld.

Samkvæmt 13. gr. póstlaga nr. 31 frá 12. febr. 1940, er hér með sett eftirfarandi gjaldskrá um póstburðargjöld.

Fyrir	Innanlands				Til Danmerkur (Færeyja, Grænl.), Finnlands, Noregs (Svalbarða) og Svíþjóðar			Til annarra landa		
	Hámark stærðar og þyngdar	Þyngdarmörk g	Burðargj. aur. staðar	Burðargj. aur. ríkis	Hámark stærðar og þyngdar	Þyngdarmörk g	Burðargj. aur.	Hámark stærðar og þyngdar	Þyngdarmörk g	Burðargj. aur.
Bréf	Lengd + breidd + þykkt 90 cm. Mesta lengd 60 cm. Í ströngum: lengd + tvöfalt þvermál 1 m. Mesta lengd 80 cm 2000 g Fyrir bréf yfir 500 g er ríkistaxti sami og til annarra landa	20 125 250 500	35 70 100 200	50 125 200 300	Sama og innanlands Fyrir bréf yfir 500 g sama burðargjald og til annarra landa	20 125 250 500	50 125 200 300	Sama og innanlands	20 40 60 80 hver 20 þar yfir	60 95 130 165 35
Bréfspjöld einf. tvöf.	Mest 15×10,5 cm Minnst 10×7 cm		25 50	35 70	Sama og innanlands		35 70	Sama og innanlands		35 70
Verzlunarskjöl	Sama og bréf Minnsta gjald	50	10 35	12 50	Sama og innanlands Minnsta gjald	50	12 50	Sama og innanlands Minnsta gjald	50	12 60
Prent	Stærð söm og bréfa Þyngd 2000 g	50	10	12	Stærð og þyngd sama og til annarra landa	50	12	Stærð og þyngd sama og bréfa. Einstök bindi bó 3 kg	50	12

					Fyrir útgefendaprent til Danmerkur og Noregs er burðargj. fyrir hver	500	100	Fyrir prent, sem er opið, eða saman brotið spjald gildir sama stærð og fyrir bréfspjöld		
Blindra prent	Stærð söm og bréfa 7000 g	1000	6	6	Stærð söm og bréfa 7000 g	1000	6	Stærð söm og bréfa 7000 g	1000	6
Sýnishorn	Stærð söm og bréfa 500 g Minnsta gjald	50	10 20	12 24	Stærð og þyngd sama og til annarra landa Minnsta gjald	50	12 24	Stærð söm og bréfa 500 g Minnsta gjald	50	12 24
Blöð og tímarit	50×24×24 cm 5000 g. Þó aðeins 2500 g með landpóstum. Það skal vegið allt í einu, sem látið er í póst í einu. Innritunargjald er 10 kr., er greiðist í fyrsta sinn og blað er innritað, síðan í byrjun hvers árs	500	50	50	Bögglar: a. Með skipum á hafnarstaðina. b. Með bifreiðum. c. Með landpóstum. Hámark þyngdar og stærðar. a. og b. Þyngd 20 kg mest. Stærð 1,25 m mest á einhvern veg, eða að rúmmáli 60 dm³ 5 kg eða minna, 80 dm³ yfir 5 kg, en ekki yfir10 kg 100 dm³ yfir 10 kg, en ekki yfir 15 kg, og 120 dm³ yfir 15 kg. c. 40×24×24 cm. Burðargjald:					
Póstávísanir	Allt að 50 kr. 75 aurar — — 100 — 150 — Fyrir hverjar viðbótar 100 kr. 50 —									
Póstkröfur	Allt að 50 kr. 150 aurar — — 100 — 200 — Fyrir hverjar viðbótar 100 kr. 50 —									

	að	1 kg	3 kg	5 kg	10 kg	15 kg	20 kg
a. Sjóveg	aurar	400	600	800	1400	2000	2500
b. Með bifreiðum	—	600	900	1200	2100	3000	3700
c. Með landpóstum							
Sumar $^{15}/_{4}$—$^{14}/_{10}$	—	700	1000	1300			
Vetur $^{15}/_{10}$—$^{14}/_{4}$	—	1200	1700	2200			

Staðartaxti er hálft burðargjald eins og undir a.
Séu bögglar rúmfrekir eða verði sérstaklega varlega með þá að fara, er ofangreint burðargjald hækkað um 50 %.

Gjaldskrá þessi gengur í gildi 1. október 1947. Samtímis fellur úr gildi gjaldskrá um póstburðargjöld frá 28. okt. 1942.

Samgöngumálaráðherrann, 12. september 1947.

Emil Jónsson.

Guðmundur Hlíðdal.

177
19. sept.

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Bíldudalskauptún.

I. KAFLI
Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Bíldudalshöfn takmarkast af línu, sem hugsast dregin frá Haganestá að Jaðarshlein. Innan nefndrar línu takmarkast hún af landinu alla vegu meðfram vognum.

II. KAFLI
Stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Hreppsnefnd Suðurfjarðahrepps hefur á hendi stjórn hafnarmála, en þrír menn kosnir af hverri nýkjörinni hreppsnefnd til 4 ára í senn, hafa á hendi framkvæmd þeirra. Hreppsnefnd kýs formann nefndarinnar, en nefndarmenn kjósa hafnarvörð.

3. gr.

Hafnarnefnd hefur eftirlit með höfninni, sér um viðhald og umbætur á mannvirkjum hennar, annast fjárhald hennar og reikningshald fyrir hönd hreppsnefndar. Reikningur hafnarsjóðs skal fylgja hreppsreikningnum og endurskoðast ásamt honum.

III. KAFLI
Um almenna reglu.

4. gr.

Hafnarnefnd sér um, að gætt sé almennrar reglu á höfninni og við hana. Er öllum skylt að hlíta boði hennar og banni, svo og starfsmanns þess, er hún setur til að halda uppi reglu.

Þykist einhver beittur órétti, getur hann kært fyrir hafnarnefnd, en skipun starfsmanns ber að hlýða þegar í stað. Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi sínu.

5. gr.

Skylt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa á höfninni og við hana.

6. gr.

Ekki má kasta útbyrðis seglfestu, ösku, kolum eða neinu öðru, er valdið getur skemmdum á höfninni, né heldur fiskúrgangi eða öðru, sem óþrifum kann að valda. Innan hafnartakmarkanna er einnig óheimilt að gera nein hafnarmannvirki, breyta þeim sem fyrir eru, fylla upp né dýpka út frá landi, nema leyfi hafnarnefndar og hreppsnefndar komi til. Þá er enn fremur bönnuð hver sú starfsemi á höfninni eða við hana, sem að dómi hafnarnefndar truflar eðlilega notkun hafnarinnar.

IV. KAFLI
Um umferð og legu skipa á höfninni.

7. gr.

Fiskiskip og önnur skip, er ferma ekki né afferma, mega aldrei leggjast svo á höfninni að þau tálmi afgreiðslu annarra skipa, og skulu þau í hvert skipti skyld

að hlýða boðum hafnarnefndar eða umboðsmanns hennar, um hvar þau megi liggja. Aldrei mega nein skip liggja svo nærri bryggjum að eigi sé nægilegt rúm fyrir önnur skip að komast að og frá. Skipum eða bátum má ekki leggja þannig, að þau hindri eða tefji umferð um höfnina. Nú tregðast eigandi við að hlýða boðum hafnarnefndar, um að flytja skip sitt, bát eða strengi úr höfninni. og getur þá hafnarnefnd látið gera það á kostnað og ábyrgð eiganda. 177 19. sept.

8. gr.

Eigi má festa skipum við bryggjur hafnarinnar nema við festarhringa eða festarstólpa, og skal festum þannig fyrir komið, að þær tálmi sem minnst umferð. Skylt er að hafa tryggar hlífar milli skips og bryggju, ef þess er krafizt.

9. gr.

Vélskip mega ekki láta vélar ganga af svo miklu afli, að öðrum skipum eða hafnarmannvirkjum stafi hætta af. Ekki má hleypa vatni á bryggjur eða hafnarmannvirki að óþörfu.

10. gr.

Ef skip lendir á grunni eða sekkur, þar sem það, að áliti hafnarnefndar, tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal færa það brott svo fljótt sem auðið er. Verði dráttur á því, má hafnarnefnd láta flytja skipið burt á kostnað eiganda, og er henni heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaði, er af slíku leiðir.

V. KAFLI

Um notkun hafnarmannvirkja.

11. gr.

Venjulega er skipum heimilt að leggjast við bryggjur í þeirri röð, sem þau koma, þó skulu skip, að öðru jöfnu, sem sigla eftir fyrir fram ákveðinni og auglýstri ferðaáætlun og flytja póst, hafa rétt til þess að leggjast að bryggjum þótt önnur skip liggi þar fyrir, og verða þau, sem fyrir eru, að víkja meðan hin eru afgreidd. Sé fermingu eða affermingu skips eigi haldið áfram með hæfilegum hraða, að áliti hafnarnefndar, ber því að víkja fyrir öðrum skipum, ef hún krefst þess. Enn fremur getur hafnarnefnd vísað skipum frá bryggjum, áliti hún það nauðsynlegt veðurs vegna.

12. gr.

Ef nauðsyn ber til að skipum, sem ferma eða afferma við bryggjur, sé lagt hverju við hliðina á öðru, er heimilt að flytja farm þeirra skipa, sem utar liggja yfir þilför hinna á bjálkabrúm. Svo er og skipshöfn og farþegum þeirra skipanna, sem utar liggja, heimil nauðsynleg umferð um þilför þeirra skipanna, er nær liggja.

13. gr.

Við uppskipun og útskipun á kjölfestu, sandi og öðru slíku, er skylt að hafa nægilega sterka hlífðardúka milli skips og bryggju, svo að ekkert falli fyrir borð. Sé þessa eigi gætt getur hafnarnefnd stöðvað verkið, unz bætt hefur verið úr því, sem áfátt er. Kjölfestu má eigi láta annars staðar á lóðir eða mannvirki hafnarinnar, en þar sem hafnarnefnd vísar til.

14. gr.

Þeir munir eða vörur, sem affermdar eru eða látnar í skip, mega ekki liggja á bryggju, og eigi annars staðar á landi hafnarinnar, en á þeim stöðum, sem ætlaðir eru til geymslu, nema með sérstöku leyfi hafnarnefndar. Flytja skal burt vörur og muni, jafnskjótt og hafnarnefnd krefst þess.

177
19. sept.

VI. KAFLI
Um geymsluskip.

15. gr.

Geymsluskip og skip, sem lagt er í lægi, skulu áður en þeim er lagt, fá leyfi hafnarnefndar í hvert sinn, og hlíta þeim skilmálum, er hafnarnefnd kann að setja. Skylt er eiganda að flytja skipið úr stað, ef hafnarnefnd krefst þess. Eigi ber hafnarsjóður neina ábyrgð á skipum þeim, er lagt er í lægi í höfninni.

VII. KAFLI
Hafnargjöld.

16. gr.

Öll skip, seglskip, gufuskip og önnur vélskip, ferjur og hvers konar fleytur, stærri en 12 smálestir brúttó, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin vörum, eða seglfestu, skulu greiða lestagjald í hvert sinn, sem þau leggjast við festar á höfninni, þó með þeim undantekningum, er síðar getur.

17. gr.

Öll skip, sem eru eign manna búsettra við hafnarvæðið eða skrásett þar, og ekki eru í millilandasiglingum, skulu greiða lestagjöld einu sinni á ári, 1 krónu á brúttó smálest, þó aldrei minna en kr. 5.00 á ári, með gjalddaga 1. júlí ár hvert.

Fiskiskip, sem skrásett er utan hafnarsvæðis, greiða 15 aura af hverri brúttó smálest í hvert sinn, sem þau koma til hafnarinnar, þó ekki oftar en fimm sinnum á ári hverju, þó þau komi oftar til hafnarinnar.

Innlend strandferðaskip greiða í fyrsta sinn á ári hverju, er þau koma á Bíldudalshöfn, 40 aura af smálest hverri í hafnargjald, en ekkert þó þau komi aftur á sama ári. Önnur skip, sem til hafnarinnar koma, og hafa samband við land, greiða 15 aura af hverri brúttó smálest í hvert sinn, sem þau koma á Bíldudalshöfn, sbr. þó 19. gr.

18. gr.

Fyrir skip, sem lagt er við föst legufæri á höfninni, skal greiða árlega, sem hér segir: Ef þau eiga heima á Bíldudal, og eru að öllu leyti í eigu manna búsettra við hafnarsvæðið, skal greiða fyrir opna báta kr. 5.00, vélbáta með þilfari kr. 10.00, og stærri skip kr. 15.00 á ári. Um aðra báta eða skip fer eftir samkomulagi við hafnarnefnd.

19. gr.

Undanþegin lestagjaldi eru öll herskip, varðskip, björgunarskip, vitaskip ríkissjóðs, skip, sem hafa skírteini sem skemmtiferðaskip, skip, sem gerð eru út til vísindarannsókna, skip, sem leita hafnar vegna sjóskemmda, og skip, sem leita hafnar vegna óveðurs, en hafa ekkert samband við land. Hafnargjöld greiðast af nettó stærð skipa, þar sem ekki er annað ákveðið.

VIII. KAFLI
Bryggjugjald.

20. gr.

Hvert skip, sem leggst við bryggju eða bólvirki, skal greiða bryggjugjald af hverri nettó smálest, og er gjaldið 20 aurar fyrir hvern sólarhring eða hluta af sólarhring, þó aldrei minna en 10 krónur á sólarhring. Ef skip liggur utan á öðru skipi,

sem liggur við bryggju, skal það greiða hálft gjald. Fyrir báta heimilisfasta á Bíldu- 177
dal gilda þó eftirfarandi sérstakar reglur. Bátar og skip, 5 smálestir brúttó eða 19. sept.
stærri, greiða kr. 40.00 á ári, bátar, sem eru minni en 5 smálestir, greiða kr. 10.00 á ári. Herskip og varðskip eru undanþegin bryggjugjaldi, nema þau flytji vörur til eða frá staðnum gegn gjaldi.

IX. KAFLI
Vörugjald.

21. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum og skepnum, lifandi og dauðum, sem fluttar eru í land eða úr landi eða á milli skipa, með þeim undantekningum, er síðar getur. Hálft vörugjald skal greiða af vörum, sem lagðar eru í land til umhleðslu eða sem einungis eru fluttar milli skipa.

Eftirtaldar vörur eru algerlega undanþegnar vörugjaldi:

a. Umbúðir, sem endursendar eru, enda sé þess getið á farmskrá.
b. Innlend mjólk og rjómi, sem fluttur er að.
c. Bréfapóstur og farangur farþega.
d. Afli fiskiskipa og nauðsynjar þeirra.
e. Vörur og tæki til hafnarinnar.

22. gr.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum. Brot úr gjaldeiningu, sem nemur meira en helmingi, reiknast heil gjaldeining, en minna brot hálf gjaldeining. Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds og er skipstjóra skylt að láta hafnarnefnd í té afrit af farmskrá skips síns. Sé engin farmskrá skal skipstjóri eða formaður báts gefa drengskaparvottorð um vörumagnið. Þyki hafnarnefnd ástæða til, getur hún hvenær sem er látið mæla vörumagnið á þann hátt, sem henni þykir hentugast. Reynist það meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn. Ef ýmsar vörutegundir eru í sömu sendingu skal reikna vörugjald eftir þeirri tegund, sem hæst gjald skal greiða af.

23. gr.

Vörur skulu flokkaðar til vörugjalds eftir vöruskrá, og greiðist gjald samkvæmt henni. Ef vafi leikur á, í hverjum flokki skuli telja vöru, sker hafnarnefnd úr, en úrskurði hennar má áfrýja til hreppsnefndar.

24. gr.

Vörugjaldskrá:

1. flokkur. Gjald 25 aurar fyrir hver 100 kg:
   Blý, brýni, sement, eldfastur leir, gaddavír og stálvír, gærur, hverfisteinar, ís, ísvarinn fiskur, járn, stál, kopar, kaðlar, kítti, kol, krít, litarvörur þungar, nýr fiskur útfluttur og blautur saltfiskur, miðstöðvarvörur og steyptar járnvörur, prentsverta, saltsíld, sódi, togleður, þakjárn og þakpappi.
2. flokkur. Gjald 50 aurar fyrir hver 100 kg:
   Baðlyf, benzín og alls konar olíur, feiti, fiskilínur, grænsápa, garnir, hrogn, hey, kálmeti, kartöflur, kornvörur alls konar, kjöt, leður, leirvörur, linoleum, mör, pappír og bækur, pokar og pokastrigi, rjúpur og aðrir fuglar, rúðugler, saltfiskur þurr, sápa, segldúkur, seglgarn, tólg, tjara, tvistur og vaxdúkur.
3. flokkur. Gjald 75 aurar fyrir hver 100 kg:
   Ávextir alls konar, brauðvörur, harðfiskur, kaffi, kakaó, lyfjavörur, lýsi,

177 niðursuðuvörur, nýlenduvörur alls konar, palmín, smjör, smjörlíki, súkkulaði,
19. sept. sundmagar, sykur, te, ull.

4. flokkur. Gjald 1 króna fyrir hver 100 kg:
Dúnn, eldspýtur, fiður, glervörur, glysvarningur, rjól, rulla, og alls konar tóbaksvörur, skinnvörur, skófatnaður, vefnaðarvörur, og allar aðrar vörur, sem reiknast eftir þyngd.

5. flokkur. Gjald 10 aurar fyrir hvert teningsfet:
Timbur, tunnur og aðrar slíkar vörur, reiknaðar eftir rúmmáli.

6. flokkur. Gjald 20 aurar fyrir hvert teningsfet:
Bifreiðar, húsgögn, orgel, píanó, saumavélar, skilvindur, stundaklukkur, og aðrar þungar vörur, sem reiknast eftir rúmmáli.

7. flokkur. Gjald 4 krónur á grip:
Hross, nautgripir, svín.

8. flokkur. Gjald 50 aura fyrir hverja kind:
Sauðfé.

X. KAFLI
Vörugeymsla o. fl.

25. gr.

Fyrir vörugeymslu á landi hafnarinnar eða í húsum hennar skal greiða eftir samkomulagi við hafnarnefnd í hvert sinn. Fyrir sérstaka notkun á mannvirkjum hafnarinnar og landi, svo sem aðgerð á fiski, síldarsöltun, fiskverkun o. fl., skal greiða gjald, sem ákveðið verður með samningi milli viðkomandi aðilja og hafnarnefndar.

XI. KAFLI
Önnur gjöld.

26. gr.

Fyrir að leggja skipi í fjöru hafnarinnar til hreinsunar eða viðgerðar, skal greiða 10 aura fyrir hverja nettó smálest af burðarmagni skipsins hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, þó aldrei minna en 4 krónur. Undanþegin eru skip, sem eru heimilisföst á hafnarsvæðinu.

Fyrir uppsátur skipa og báta greiðist árgjald, og skal það vera kr. 10.00 fyrir allt að 5 smálesta báta, fyrir báta 6 til 12 smálesta kr. 20.00, fyrir 13 til 50 smálesta skip kr. 30.00 og fyrir stærri skip kr. 75.00, og er í öllum tilfellunum miðað við brúttó stærð.

Fyrir kjölfestu greiðist gjald, sem hafnarnefnd ákveður í hvert sinn.

XII. KAFLI
Innheimta og greiðsla hafnargjalda.

27. gr.

Öll þau gjöld, sem greiðast skulu einu sinni á ári samkvæmt reglugerð þessari, falla í gjalddaga 1. október ár hvert, og ber gjaldendum að greiða þau á skrifstofu hafnarinnar.

Öll önnur gjöld, sem reglugerðin ákveður, skulu greiðast áður en skip fer burt úr höfninni, og getur enginn skipstjóri vænzt þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá lögreglustjóra, nema hann sanni með vottorði frá hafnarnefnd, að hann hafi greitt öll gjöld til hafnarinnar. Vöru- og geymslugjald greiðir móttakandi af vörum, sem koma til hafnarinnar, en sendandi af vörum, sem fluttar eru úr höfninni. Ef margir eiga vörur í sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins standa skil

á greiðslunni. Ef skip eða bátur hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri eða formaður ábyrgð á greiðslunni. Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað, greiðir sá vörugjaldið, sem affermir. Hafnarsjóður hefur haldsrétt á vörum unz gjaldið er greitt. 177 19. sept.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki.

XIII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

28. gr.

Um skaðabótaskyldu fyrir skemmdir á höfninni eða mannvirkjum hennar og áhöldum, fer eftir almennum lagareglum. Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur fyrir skemmdir, skulu þær ákveðast af þremur óvilhöllum dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, enda sé það gert áður en mánuður er liðinn frá því matsgerð var lokið. Yfirmat skal framkvæmt af fimm óvilhöllum dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, er þess krafðist, ef matsupphæðinni verður ekki breytt um meira en 10 af hundraði af fyrri matsupphæð. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

29. gr.

Enginn, sem hefur bakað sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, má fara burt úr höfninni meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, sem hafnarnefnd tekur gilda.

30. gr.

Hverja þá skipun, sem samkvæmt reglugerð þessari má gefa skipi, skal gefa stýrimanni, ef skipstjóri er ekki í skipi, ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina, og er það jafngilt sem skipstjóri hefði sjálfur fengið skipunina.

31. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá 20—10000 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum lögum. Sektirnar renna í hafnarsjóð Bíldudals.

32. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 19. september 1947.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

178 30. sept.

AUGLÝSING

um breyting á reglugerð um fasteignaskatt til Siglufjarðarkaupstaðar, nr. 72 27. apríl 1946.

1. gr. reglugerðarinnar breytist þannig, að í stað orðanna „á löggiltri verzlunarlóð Siglufjarðar" komi: innan lögsagnarumdæmis kaupstaðarins, undanskilið er þó Héðinsfjörður, Dalir og Siglunes.

Reglugerðarbreyting þessi, sem bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkv. lögum nr. 67 12. apríl 1945, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 30. september 1947.

F. h. r.
Jónas Guðmundsson.

Jón S. Ólafsson.

179 3. okt.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Signýjarsjóð", útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 3. október 1947.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Signýjarsjóð.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Signýjarsjóður og er stofnaður til minningar um Signýju sál. Valdimarsdóttur frá Leysingjastöðum í Hvammssveit, er lézt hinn 8. marz 1946.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 500.00, sem er gjafafé frá vinum hinnar látnu.

3. gr.

Hlutverk sjóðsins er að standa straum af verðlaunagjöfum til barna og unglinga, sem sýna sérstaka iðni og siðprýði við nám í heimavistarskólanum að Laugum í Sælingsdal, Dalasýslu.

4. gr.

Stofnfé sjóðsins má aldrei skerða, en allar árlegar rentur mega ráðstafast samkvæmt því, er segir í 3. gr.

5. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

a. Rentur af höfuðstól sjóðsins;
b. gjafir og áheit, sem berast kunna;
d. ágóði af samkomum, er haldnar kunna að verða til ágóða fyrir sjóðinn.

6. gr. 179

Verði rentur af stofnfé sjóðsins það háar að stjórn sjóðsins þyki ástæða til, 3. okt.
hefur hún heimild til að verja nokkrum hluta tekna til annarra útgjalda í þágu
nemenda skólans. Þó má aldrei nota fé sjóðsins sem beinan rekstursstyrk skólan-
um til handa.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð 3 mönnum og eiga þessir sæti í henni: Sóknar-
prestur, sem er formaður, skólastjóri barnaskólans og skólanefndarformaður eða
í hans stað maður kosinn af skólanefnd.

8. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxtast í Sparisjóði Dalasýslu eða annarri tryggri lánsstofnun.
Skal stjórn sjóðsins færa dagbók fyrir sjóðinn, þar sem í séu rituð nöfn allra þeirra,
er verðlaun hafa hlotið frá sjóðnum, svo og árlegar tekjur og gjöld.

9. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Skulu reikningar árlega endurskoðaðir
af manni, sem skólanefnd kýs til þess.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Sjúkrahússjóð Höfðakaupstaðar", **180**
útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 3. október 1947. 3. okt.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Sjúkrahússjóð Höfðakaupstaðar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Sjúkrahússjóður Höfðakaupstaðar. Starfssvið hans er Höfða-
hreppur í Húnavatnssýslu með þeim takmörkum, sem hann hefur í árslok 1947.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 2000 — tvö þúsund — krónur, er kvenfélagið Eining í Höfða-
hreppi hefur afhent honum.

3. gr.

Sjóðurinn tekur með þakklæti móti gjöfum og áheitum eða öðru styrktarfé, og
leggst það allt við stofnféð og myndar höfuðstól sjóðsins, sem ávaxta skal í Spari-
sjóði Húnavatnssýslu á Blönduósi, eða annarri tryggri peningastofnun.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skal jafnan falin þrem konum búsettum í Höfðakaupstað. Skal
starfandi ljósmóðir kauptúnsins ávallt sjálfkjörin í stjórnina, en meðstjórnendur
hennar kýs Kvenfélagið Eining. Skulu þær konur kosnar til fjögurra ára, og ganga
úr á víxl á tveggja ára fresti, í fyrsta sinn 1949, og þá eftir hlutkesti. Leggist félagið
niður skulu meðstjórnendur kosnir af þeim konum búsettum í Höfðahreppi, sem náð
hafa 18 ára aldri.

5. gr.

Stjórn sjóðsins annast allar framkvæmdir hans. Hún skal halda gerðabók, skal
færa í hverja þeirra skipulagsskrá sjóðsins, enn fremur alla reikninga, er sjóðinn

180 3. okt. varða, fundargerðir stjórnarinnar, eignaskrá, í lok hvers reikningsárs, sem er almanaksárið, og annað það, er varðar hag sjóðsins. Hlotnist sjóðnum minningargjafir um látna menn eða konum, skal einnig færa í gerðabókina árlega sérstaka nákvæma skrá yfir þær. Kvenfélaginu Eining ber að kjósa tvo endurskoðendur reikninga sjóðsins, og skulu þeir hafa eftirlit með að skipulagsskrá hans sé fylgt. Þeir skulu vera búsettir í Höfðakaupstað.

6. gr.

Markmið sjóðsins er að beita sér fyrir og styrkja sjúkrahúsbyggingu hér í Höfðakaupstað og síðar að starfrækja sjúkrahús það, sem byggt verður.

7. gr.

Þegar sjóðurinn, að dómi sjóðstjórnar, er orðinn nægilegur til að hefja sjúkrahúsbyggingu, skal þegar byrja á byggingunni.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari, og hún birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Höfðakaupstað, 24. júlí 1947.

Í stjórn Kvenfélagsins Einingar

Sigríður Guðnadóttir, formaður.	Sigurlaug Helgadóttir, féhirðir.	Margrét Konráðsdóttir, ritari.

181 16. okt. **Staðfesting forsetans** á skipulagsskrá fyrir „Minningargjafasjóð Kvenfélags Lunddæla", útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 16. október 1947.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningargjafasjóð Kvenfélags Lunddæla.

1. gr.

Sjóður þessi heitir Minningargjafasjóður Kvenfélags Lunddæla. Hann er stofnaður af Kvenfélagi Lunddæla með gjöfum frá því, og frá einstökum konum innan kvenfélagsins og utan, til minningar um nokkra látna Lunddælinga. Sjóðurinn er nú kr. 839.78.

2. gr.

Ætlast er til að sjóður þessi verði aukinn með sérstökum minningargjöfum, áheitum og með sölu minningarspjalda.

3. gr.

Nöfn látinna manna, sem minnst verður á þennan hátt, skulu færð inn í sérstaka bók ásamt dánardægri þeirra, upphæð gjafa og nöfnum gefenda.

4. gr.

Sjóður þessi skal ávaxtaður í sparisjóði eða banka.

181
3. okt.

5. gr.

a. Stjórn sjóðsins á stjórn kvenfélagsins að sjá um, færslu minningargjafasjóðs og reikningshald.
b. Ekki skal veitt fé úr sjóðnum nema með samþykki lögmæts kvenfélagsfundar.
c. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skulu endurskoðendur kvenfélagsreikninganna einnig endurskoða árlega reikninga sjóðsins.

6. gr.

Sjóðnum skal varið til líknar- og menningarmála, svo sem 1) til hjálpar bágstöddu fólki, til að gleðja veikt fólk, gamalmenni eða börn, 2) til skógræktar í sveitinni eða til annarra þjóðþrifamála, sem kvenfélagið telur nauðsyn að styrkja á hverjum tíma.

7. gr.

Þegar sjóður þessi er orðinn að upphæð kr. 5000.00 má veita úr honum í fyrsta sinn, og síðar eftir því sem kvenfélagið ákveður, en þann höfuðstól má þó aldrei skerða.

8. gr.

Ef Kvenfélag Lunddæla hættir störfum, skulu 3 konur, kosnar af búsettum konum í sveitinni, annast sjóðinn og fara með eftir þeim reglum, er kvenfélagið hefur ákveðið samkvæmt framanskráðu.

9. gr.

Leita skal staðfestingar stjórnarráðsins á skipulagsskrá þessari.

F. h. Kvenfélags Lunddæla, 1. maí 1947.

Þórunn Vigfúsdóttir.

AUGLÝSING

182
16. okt.

um frest til endurnýjunar á vernd skrásettra erlendra vörumerkja.

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 77 27. júní 1941, um breyting á lögum nr. 43 13. nóv. 1903, um vörumerki, veitist hér með frestur til 31. desember 1947 til að endurnýja vernd þar greindra skrásettra erlendra vörumerkja, enda þótt tilkynningar um endurnýjanir séu afhentar síðar en 10. gr. vörumerkjalaganna ákveður.

Vernd sú fyrir skrásett erlend vörumerki, sem veitt er með téðum lögum, skal falla niður frá árslokum 1947 að telja, hafi vörumerkjaskráritara ekki borizt tilkynning um endurnýjun skrásetningar áður en framangreindur frestur er útrunninn.

Samgöngumálaráðuneytið, 6. október 1947.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

183
12. nóv.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Gerðahrepps.

I. RAFORKA

Rafveita Gerðahrepps selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kwst. mæli á 120 aura hver kwst. Við þessu verði skal selja hvers konar raforkunotkun, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár.
2. Um kwst. mæli á 40 aura hver kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 5.50 á ári á m^2 gólfflatarmáls í rúmi því, er lýsa skal. Þar, sem gólffletir eru tiltölulega stórir, miðað við ljósmagn, er heimilt að veita afslátt á fastagjaldi, samkvæmt reglum, er rafveitustjórn setur.

B. Rafmagn til almennrar heimilisnotkunar.

Um kwst. mæli á 25 aura hver kwst. af fyrstu notkun er nemi:

Í íbúð,	sem er	1	herbergi og eldhús,	1200	kwst. á ári.
——„——		2	——„——	1500	——„——
——„——		3	——„——	1800	——„——
——„——		4	——„——	2000	——„——
——„——		5	——„——	2200	——„——
——„——		6	——„——	2300	——„——
——„——		7	——„——	2400	——„——

Notkun umfram þetta greiðist með 18 aurum hver kwst. Notandi greiði auk þess fastagjald, kr. 2.50 á mánuði fyrir hvert herbergi, sem ætlað er til íbúðar, og eldhús. Herbergi sem er minna en 5 m^2 skal reikna sem hálft, en stærra en 25 m^2 sem tvö.

C. Vélar.

Þar, sem orkan er notuð til vélareksturs, skal hún seld:

1. Um kwst. mæli á 60 aura hver kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma á ári, má krefjast minnsta árgjalds frá kr. 125.00 til kr. 150.00 á hvert uppsett kw. vélanna. Eftir þessum gjaldskrárlið má einnig selja raforku til götu og hafnarlýsingar, svo og til nota um vinnulagnir við byggingar meðan á byggingu stendur.
2. Ef uppsett rafvélaafl fastra véla við fiskiðnað er yfir 20 kw.

um kwst.	mæli á	16	aura hver kwst.	fyrstu 50	þúsund kwst.
——„——		14	——„——	næstu 50	——„——
——„——		12	——„——	— 50	——„——

Notkun, sem er umfram 150 þúsund kwst. á ári greiðist með 10 aur. hver kwst. Áskilur rafveitan sér rétt til að rjúfa straum allt að 2 stundum um hádegi, og 1 stund á kvöldi, á tímum mesta álags.

D. Hitun.

1. Um kwst. mæli á 12 aura hver kwst., enda sé þá minnsta notkun 6000 kwst. á ári. Notkun umfram 10000 kwst. á ári greiðist með 10 aurum hver kwst. Sala á

rafmagni samkvæmt þessum gjaldskrárlið er háð því skilyrði að straumurinn sé rofinn frá kl. 10.45 til 12 og frá kl. 18 til 19.30. 183 12. nóv.

2. Um kwst. mæli á 4 aura hver kwst. Sala á rafmagni samkvæmt þessum gjaldskrárlið er háð því skilyrði að straumurinn sé rofinn frá kl. 18.30 til 23.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

a. Að vélaafl, götulínur og spennur þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
b. Að klukkurofar séu fáanlegir, og að notandi kosti tengingu þeirra, og greiði leigu fyrir þá samkv. reglum, er gilda um leigu mæla.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir veitu hverri, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum, sem hér segir:

1. Af einfasa mælum upp að 30 Amp. ..... kr. 1.50 á mánuði.
2. Af þrífasa mælum 50 Amp. og minni ..... — 3.00 á mánuði.
3. Af þrífasa mælum 50 Amp. til 200 Amp. ..... — 7.00 á mánuði.
4. Af þrífasa mælum yfir 200 Amp. ..... — 10.00 á mánuði.

III. HEIMTAUGARGJALD

Af þeirri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald, sem miðast við brunabótamat á húsum og mannvirkjum á þann hátt, sem hér segir:

	Brunabótamat	Jarðlína	Loftlína
Frá kr.	0— 10 000.00	kr. 1 000.00	kr. 800.00
— —	10 000.00— 25 000.00	— 1 300.00	— 1 025.00
— —	25 000.00— 50 000.00	— 1 600.00	— 1 350.00
— —	50 000.00— 75 000.00	— 1 875.00	— 1 525.00
— —	75 000.00—100 000.00	— 2 000.00	— 1 600.00
— —	100 000.00 og yfir	— 2 100.00	— 1 700.00

Ef brunabótamat á húsi er gamalt getur rafveitustjóri samræmt það nýju mati og miðað heimtaugargjaldið við það. Láti húseigandi meta húsið á ný skal þó heimtaugargjaldið miðast við það mat.

Greiði húseigandi áætlaðan helming heimtaugargjaldsins um leið og heimtaugaruppsetningu er lokið, er heimilt að veita honum gjaldfrest í allt að 12 mánuði á eftirstöðvunum. Heimtaugargjald fellur í gjalddaga, þegar brunabótamat hússins hefur verið framkvæmt.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 25 metrar, og loftlínuheimtaugar meiri en 60 metrar, og (eða) gildleiki víra meiri en 3×70 qmm., skal húseigandi greiða kostnað af því sem fram yfir er.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að húsinu, skal greiða allan kostnað við síðari heimtaug eftir reikningi.

IV. ÝMIS GJÖLD

1. Opnunargjald.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun 10 krónur.

2. Óleyfileg vör.

Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð, fyrr en notandi hefur greitt 10 kr. gjald á skrifstofu rafveitunnar.

183 Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í I. kafla
12. nóv. þessarar gjaldskrár, um allt að 20% án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi hreppsnefndin breytinguna í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

V. BRÁÐABIRGÐAÁKVÆÐI

Fyrst um sinn skal rafmagn til suðu fyrst og fremst miðað við lagnir í ný hús, er ekki hafa önnur eldfæri og er óleyfilegt að taka burt nothæfar eldavélar til þess að setja í staðinn rafsuðuvélar. Fyrst um sinn skal einnig útiloka frystihúsvélar á tímanum kl. 10.45 til 12 fyrir hádegi og þegar spennan er lág ber að útiloka allar vélar yfirleitt eftir því sem hægt er.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923 og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 12. nóvember 1947.

Bjarni Ásgeirsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

184 **BERKLAVARNASJÓÐUR**

Ólafs Halldórssonar konferensráðs.

Ársreikningur 1946.

Höfuðstóll:

1.	Eign frá f. ári, skv. birtum reikningi	kr. 1953.21
2.	Aukning á árinu 1946, skv. eftirfarandi reikningi	— 57.13
		Kr. 2010.34

Eignum sjóðsins er þannig varið:

1.	Hlutabréf í Eimskipafélagi Íslands h.f.	kr. 200.00
2.	Innstæða í sparisjóðsdeild Búnaðarbanka Íslands	— 1810.34
		Kr. 2010.34

Tekjur:

1.	Arður af hlutabréfum	kr. 8.00
2.	Vaxtatekjur	— 49.13
		Kr. 57.13

Gjöld:

	Lagt við höfuðstólinn	kr. 57.13
		Kr. 57.13

Forsætisráðuneytið, 8. janúar 1947.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1947.

Bráðabirgðalög um útflutning og innflutning á íslenzkum og erlendum gjaldeyri, undirskrifuð af forsetanum 3. september 1947, nr. 105.

Bráðabirgðalög um viðauka við lög um Landsbanka Íslands, nr. 10 15. apríl 1928, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 106.

Forsetabréf um að reglulegt Alþingi 1947 skuli koma saman til fundar miðvikudaginn 1. október 1947, undirskrifað af forsetanum 19. september 1947, nr. 107.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 48/1946, um gagnfræðanám, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 108.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 58/1946, um menntaskóla, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 109.

Auglýsing um inngöngu Íslands í Bernarsambandið, undirskrifuð af utanríkisráðherra sama dag, nr. 110.

Tilskipun um að vernd sú, sem heimiluð er fyrir vörumerki með lögum 13. nóv. 1903, skuli einnig ná til Sviss, undirskrifuð af forsetanum 30. september 1947, nr. 111.

Lög um loðdýrarækt, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 112.

Lög um breyting á lögum nr. 20 26. febr. 1943, um búfjártryggingar, undirskrifuð af forsetanum 13. nóvember 1947, nr. 113.

Lög um breyting á lögum nr. 7 12. jan. 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, undirskrifuð af forsetanum 27. nóvember 1947, nr. 114.

Lög um breyting á lögum nr. 28 frá 14. apríl 1947, um hækkun á aðflutningsgjöldum árið 1947, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 115.

Lög um breyting á lögum nr. 94 5. júní 1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarafurðum, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 116.

Lög um breyting á lögum nr. 116 7. nóv. 1941, um útgáfu krónuseðla, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 117.

Lög um breyting á lögum nr. 107 11. ágúst 1933, um ullarmat, undirskrifuð af forsetanum 8. ágúst 1947, nr. 118.

Lög um viðauka við lög nr. 67 1947, um eignakönnun, undirskrifuð af forsetanum 22. desember 1947, nr. 119.

Lög um heimild til þess að marka skemmtunum og samkomum tíma, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 120.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1948 með viðauka, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 121.

Lög um breyting á lögum nr. 58/1946, um menntaskóla, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 122.

Lög um breyting á lögum nr. 48/1946, um gagnfræðanám, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 123.

Lög um dýralækna, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 124.

Lög um bráðabirgðafjárgreiðslur á árinu 1948, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 125.

Lög um viðauka við lög nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 126.

Lög um breyting á lögum um ráðstafanir í sambandi við skilnað Íslands og Danmerkur, nr. 85 frá 9. okt. 1946, undirskrifuð af forsetanum 29. desember 1947, nr. 127.

50

29. dag desembermánaðar 1947. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

Lög um dýrtíðarráðstafanir, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 128.

Lög um breyting á lögum nr. 98 9. júlí 1941, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 129.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1948, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 130.

Forsetabréf um frestun á fundum Alþingis, undirskrifað af forsetanum 20. desember 1947, nr. 131.

185
30. sept.

REGLUGERÐ

um tveggja mánaða viðaukanámskeið fyrir þá, er lokið hafa hinu minna vélstjóraprófi við Vélskólann í Reykjavík.

I. KAFLI
Um inntökuskilyrði, kennslu o. fl.

1. gr.

Markmið námskeiðsins er að veita nemendum fræðslu í eftirtöldum námsgreinum til viðbótar því, sem hin minni vélstjóradeild Vélskólans í Reykjavík, er staðið hefur í 4 mánuði, hefur veitt, og búa nemendur undir próf í þeim greinum.

2. gr

Á námskeiðinu skal kenna íslenzku, stærðfræði, eðlisfræði, eimvélafræði, mótorfræði og rafmagnsfræði.

3. gr.

Inntökuskilyrði á námskeiðið eru þau: a) að nemandinn hafi staðizt vélgæzluprof við Vélskólann í Reykjavík samkvæmt lögum nr. 37 3. nóvember 1915 og reglugerð um viðauka við reglugerð um Vélstjóraskólann í Reykjavík nr. 117 frá 1916 eða hið minna vélstjóraprof við Vélskólann í Reykjavík, b) að hann sé ekki haldinn næmum sjúkdómi eða hafi líkamsgalla, sem orðið geti honum til tálmunar við starf hans, c) að hann hafi óskert mannorð, d) að hann kunni sund.

4. gr.

Beiðnir um inntöku á námskeiðið skal senda skólastjóra Vélskólans í Reykjavík eigi síðar en hálfum mánuði áður en námskeiðið byrjar. Skulu þeim fylgja vottorð um, að umsækjandinn uppfylli skilyrði þau, sem sett eru í 3. gr.

5. gr.

Þessi leyfi skal veita:

1. Jólaleyfi, er nær frá 23. desember til 4. janúar, að báðum dögum meðtöldum. Beri 4. janúar upp á sunnudag, skal kennslan byrja næsta þriðjudag á eftir.
2. Páskaleyfi, er nær frá miðvikudegi fyrir skírdag til 3. í páskum, að báðum dögum meðtöldum.
3. 1. desember, öskudagur og sumardagurinn fyrsti.
4. Í þeim mánuðum, sem ofangreind leyfi eru ekki, getur forstöðumaður námskeiðsins veitt eins dags leyfi.

6. gr.

Reglusemi:

1. Lærisveinar skulu vera komnir í skólann á hverjum degi áður en kennslustundir byrja.

2. Geti lærisveinn ekki sótt kennslustund sakir veikinda eða af öðrum ástæðum, ber að tilkynna forstöðumanni skólans það. 185 30. sept.

Geti lærisveinn ekki vegna veikinda sótt kennslustundir 2 daga, ber að tilkynna forstöðumanni það skriflega og færa ástæður fyrir.

3. Í frímínútum má enginn hávaði eiga sér stað í kennslustofum.
4. Tóbaksreykingar eru stranglega bannaðar alls staðar í skólanum.
5. Lærisveinar skulu fara vel með muni skólans og áhöld. Skemmist eða glatist nokkuð af munum eða áhöldum skólans fyrir vangá eða kæruleysi þeirra, skulu þeir greiða fullar bætur fyrir.
6. Lærisveinar mega ekki fara út í kennslustund án leyfis hlutaðeigandi kennara eða forstöðumanns.
7. Skyldur er lærisveinn að hlýða sérhverjum þeim reglum og fyrirskipunum, sem með samþykki menntamálaráðuneytisins kunna að verða settar til að styðja reglu og aga í skólanum.
8. Brjóti lærisveinn gegn góðri reglu og velsæmi eða sýni ókurteisi eða óhlýðni eða sé óreglusamur, svo að skólavera hans teljist skaðleg fyrir skólann eða aðra lærisveina skólans, eða gagnslaus fyrir hann sjálfan, má vísa honum burt úr skólanum um stundarsakir eða fyrir fullt og allt, ef það telst nauðsynlegt. Skal til þess fengið leyfi menntamálaráðuneytisins.

7. gr.

Forstöðumaður skólans hefur á hendi alla umsjón með honum; hann skal og ráða stundakennara og sjá um útvegun á því, sem til skólans þarf. Öll nauðsynleg áhöld, sem til kennslunnar þarf, leggur skólinn til, en lærisveinar skulu sjálfir kosta bækur og önnur áhöld, er þeir þurfa við námið.

8. gr.

Forstöðumaður skal rita í bók nöfn, fæðingarstað, fæðingardag og ár þeirra lærisveina, sem koma í skólann. Í bókinni skal og geta þeirra, sem próf taka, og prófeinkunna þeirra; enn fremur skal og geta þess, hvenær þeir fara úr skólanum, er fara kynnu úr honum af einhverjum ástæðum án þess að ljúka burtfararprófi. Bók þessi skal ávallt geymd í Vélskólanum.

9. gr.

Að afloknum prófum skal forstöðumaður senda menntamálaráðuneytinu greinilega skýrslu um kennsluna og prófið, enn fremur leggja fram reikninga með fylgiskjölum.

10. gr.

Námskeiðið skal standa yfir í 2 mánuði og skulu kennslustundir vera á viku, sem hér segir, minnst:

Námsgreinar:	Stundir:
Íslenzka	6
Stærðfræði	8
Eðlisfræði	4
Eimvélafræði	10
Mótorfræði	2
Rafmagnsfræði, bókl.	2
Rafmagnsfræði, verkl.	2
Samtals	34

185
30. sept.

II. KAFLI
Um prófið.

11. gr.

Próf skal haldið að afloknu námskeiðinu. Æski einhver, sem ekki er nemandi námskeiðsins, að ganga undir próf, skal hann senda umsókn um það til menntamálaráðuneytisins eigi síðar en mánuði áður en próf byrjar. Umsókninni skal fylgja vottorð um, að hann fullnægi inntökuskilyrðum á námskeiðið, og auk þess vottorð um það frá kennara eða kennurum, sem hafa kennt honum, að hann sé fær um að ganga undir prófið.

12. gr.

Prófin eru bæði munnleg og skrifleg. Þau skulu haldin af prófnefnd, sem menntamálaráðuneytið skipar til þess í hvert skipti. Skulu í henni vera forstöðumaður skólans og tveir aðrir; skulu þeir hafa meiri vélfræðilega þekkingu en námskeiðið veitir. Einn hinna ofangreindu prófdómenda, þó ekki forstöðumaður skólans, skal vera oddviti prófnefndar.

13. gr.

Til prófsins þarf:

Í íslenzku: Að geta gert léttan stíl um almennt efni, skrifað sæmilega og nokkurn veginn rétt, lesið sæmilega og kunna skil á helztu atriðum málfræðinnar. 2. Í stærðfræði: Þekking á hinum fjórum algengu reikningstegundum með heilum tölum, brotum og tugabrotum, enn fremur einfaldri þríliðu og grundvallaratriðum flatarmálsfræðinnar; enn fremur í rúmmálsfræði að geta reiknað út ferstrending og sívalning. 3. Í eðlisfræði: Þekking á lögmálum loftkenndra efna, þrýstingi, og þrýstimælum, eðlisþyngd, dælum, seltumælum, hita, hitamælum, útþenslu hluta við hita, bræðslu, uppgufun, suðu, eiginleikum vatnsgufunnar, einföldum vélum, svo sem vogarstöng, skrúfu, fleyg, dragreipi o. s. frv., rafmagni og segulmagni. 4. Í vélfræði: Þekking á eimvélum í skipum og á landi, einstökum hlutum þeirra, samsetningu og efni, eimkötlum, smíði þeirra og efni, hirðingu eimvéla og katla, hestöflum eimvéla, eldsneyti og eldsneytiseyðslu, stillingu vélanna, viðhaldi og eftirliti, hjálparvélum skips og vélar, slökkvitækjum og lagaákvæðum um skoðun og eftirlit skipa, aðalhlutum skips og skiptingu þess í vatnsþétt hólf, ryði og tæringu og vörnum gegn því, grundvallaratriði mótora.

14. gr.

Verkefni við prófið velur prófnefnd. Skulu verkefni afhent í lokuðu umslagi, undirskrifuð af prófnefndinni. Þau skulu vera tveimur fleiri en prófsveinar, og dregur hver sitt. Skrifleg úrlausnarefni eru þau sömu fyrir alla, sem á sama tíma ganga undir sama próf. Hinar munnlegu úrlausnir séu skrifaðar á miða og dregur prófsveinn einn miða um leið og hann er kallaður til spurninga. Á hinum skriflegu úrlausnarefnum skal taka það fram, hve langur tími er veittur til úrlausnar. Kennarinn í hverri grein heldur hið munnlega próf og dæmir um kunnáttu prófsveina, hver í sinni grein, ásamt hinum skipuðu prófdómöndum. Við hið skriflega próf mega eigi aðrir vera í prófstofunni auk prófsveina en prófnefnd og eftirlitsmenn. Hið munnlega próf má halda í heyranda hljóði. Prófsveinar, sem ekki er verið að prófa, mega hvorki hlusta á hið munnlega próf né vera í prófstofunni, er þeir hafa lokið hinum skriflegu úrlausnum.

15. gr.

Þyki prófsveini eitthvað ógreinilegt í verkefninu, getur hann snúið sér til eftirlitsmanna. Nú álítur prófsveinn, að fyrir hann sé lagt eitthvert það verkefni, sem ekki heyri prófinu til; skal hann þá snúa sér til prófnefndar um þetta og er henni þá skylt að leiðrétta, ef um misskilning er að ræða hjá henni eða prófsveini.

185
30. sept.

16. gr.

Prófsveinar skulu mæta stundvíslega á tilteknum stað og stundu og mega ekki án leyfis víkja úr þeim stað, sem þeim er fenginn.

Prófsveinar mega ekki hafa með sér nein áhöld eða hjálpartæki önnur en þau, sem prófnefnd leyfir.

Sannist það, að prófsveinn noti önnur hjálpartæki, reyni að fá hjálp, hjálpa öðrum eða brjóti á annan hátt settar reglur, má vísa honum frá prófi, og skal þá álitið, að hann hafi ekki staðizt prófið.

Gangi prófsveinn frá prófi vegna sjúkleika og sannar síðar með læknisvottorði, að hann hafi verið forfallaður, ber að líta svo á, að hann hafi gengið undir prófið, og má prófa hann í því, sem eftir var, svo fljótt sem því verður við komið. Eru þá fyrri svör hans fullgild við því, sem lokið var, þegar hann forfallaðist.

Geti hann aftur á móti ekki fært sönnur á, að hann hafi haft fullgilda ástæðu fyrir fjarveru sinni frá prófinu skal álitið að hann hafi ekki staðizt prófið.

Hver prófsveinn dregur í byrjun prófsins eitt tölunúmer, sem hann hefur meðan prófið stendur yfir.

17. gr.

Sannist það fyrir oddvita prófnefndar, að prófsveinn hafi hegðað sér ósæmilega við prófið, getur oddviti vikið honum frá prófi.

18. gr.

Við prófið skulu gefnar einkunnirnar 0 til 8 með þriðjungs millieinkunnum.

Verði pródómendur eigi ásáttir um, hverja einkunn skuli gefa fyrir frammistöðu í einhverri grein, skal sú einkunn gefin, sem að tölugildi er næst meðaltalinu af tölugildi einkunna þeirra, er gefnar hafa verið.

Sé þetta meðaltal mitt á milli tveggja ofangreindra tölugilda, skal gefin sú einkunn, sem er næst fyrir ofan.

19. gr.

Ágætiseinkunn telst meðaleinkunnin 7—8
1. einkunn telst meðaleinkunnin 6—7
2. einkunn telst meðaleinkunnin 5—6
3. einkunn telst meðaleinkunnin 4—5
Lægsta meðaleinkunn, sem þarf til þess að standast prófið, er 4.

20. gr.

Við prófið skulu gefnar 10 einkunnir:

Í vélfræði	4	eink.	fyrir	2	skrifl.	og	2	munnl. úrlausnir
— íslenzku	2	—	—	1	—	—	1	— úrlausn
— reikningi	2	—	—	1	—	—	1	— —
— eðlisfræði	1	eink.	fyrir	1	munnlega	úrlausn		
— mótorfræði	1	—	—	1	—	—		

Hæsta aðaleinkunn verður þannig 80 stig, en lægsta aðaleinkunn, sem þarf til þess að standast prófið, er 40 stig.

21. gr.

Hver prófsveinn, sem staðizt hefur prófið, fær að því loknu prófskírteini eftir þessari fyrirmynd:

185 Nr.
30. sept.

(Ríkisskjaldarmerki)

VIÐAUKASKÍRTEINI

við

prófskírteini nr. .....

N.N. .....

fæddur .....

.....

hefur staðizt viðaukapróf við hið minna vélstjórapróf við Vélskólann í Reykjavík.

Íslenzka	2 einkunnir	.... stig
Stærðfræði	2 —	.... —
Eðlisfræði	1 einkunn	.... —
Vélfræði	4 einkunnir	.... —
Mótorfræði	1 einkunn	.... —
Aðaleink.	10 einkunnir	.... stig

sem verður meðaleinkunnin ....

og hefur hann því staðizt prófið með .... einkunn.

Reykjavík, ... 19....

N.N. N.N. N.N.

Til þess að standast prófið þarf minnst 40 stig. Hæsta aðaleink. er 80 stig.

22. gr.

Að afloknu prófi ritar prófnefnd skýrslu um það með nöfnum prófsveina, fæðingardegi, ári og fæðingarstað ásamt verkefni við prófið, og ritar hún hinar gefnu einkunnir í þar til gerða bók, dagsetur hana og staðfestir með undirskrift sinni.

23. gr.

Glati vélstjóri prófskírteini sínu, á hann rétt á að fá eftirrit af því.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða í lögum nr. 66/1946, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum, öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 30. september 1947.

Eysteinn Jónsson.

Birgir Thorlacius.

REGLUGERÐ

186
30. sept.

um tveggja mánaða viðaukanámskeið við hið minna mótornámskeið Fiskifélags Íslands.

I. KAFLI
Um inntökuskilyrði, kennslu o. fl.

1. gr.

Markmið námskeiðsins er að veita nemendum fræðslu í eftirtöldum námsgreinum til viðbótar því, sem hið minna mótornámskeið Fiskifélags Íslands, er staðið hefur í 9 vikur, hefur veitt og búa nemendur undir próf í þeim greinum.

2. gr

Á námskeiðinu skal kenna: Íslenzku, stærðfræði, eðlisfræði og bóklega og verklega mótorfræði.

3. gr.

Inntökuskilyrði á námskeiðið eru þau: a) að nemandinn hafi lokið hinu minna mótorvélstjóraprófi Fiskifélags Íslands, b) að hann sé ekki haldinn næmum sjúkdómi eða hafi líkamsgalla, sem orðið geti honum til tálmunar við starf hans, c) að hann hafi óskert mannorð.

4. gr.

Beiðnir um inntöku á námskeiðið skal senda Fiskifélagi Íslands eða umboðsmanni þess þar, sem námskeið á að halda, eigi síðar en hálfum mánuði áður en námskeiðið byrjar. Skulu þeim fylgja vottorð um, að umsækjandi uppfylli skilyrði þau, sem sett eru í 3. gr.

5. gr.

Þessi leyfi skal veita:

1. Jólaleyfi, er nær frá 23. desember til 4. janúar, að báðum dögum meðtöldum. Beri 4. janúar upp á sunnudag, skal kennslan byrja næsta þriðjudag á eftir.
2. Páskaleyfi, er nær frá miðvikudegi fyrir skírdag til 3. í páskum, að báðum dögum meðtöldum.
3. 1. desember, öskudagurinn og sumardagurinn fyrsti.
4. Í þeim mánuðum, sem ofangreind leyfi eru ekki, getur forstöðumaður námskeiðsins veitt eins dags leyfi.

6. gr.

Reglusemi:

1. Lærisveinarnir skulu vera komnir í skólann á hverjum degi áður en kennslustundir byrja.
2. Geti lærisveinn ekki sótt kennslustund sakir veikinda eða af öðrum ástæðum, ber að tilkynna forstöðumanni námskeiðsins það.

   Geti lærisveinn ekki vegna veikinda sótt kennslustundir 2 daga, ber að tilkynna forstöðumanni það skriflega og færa ástæður fyrir.
3. Í frímínútum má enginn hávaði eiga sér stað í kennslustofum.
4. Tóbaksreykingar eru stranglega bannaðar alls staðar í skólanum.

186 30. sept.

5. Lærisveinar skulu fara vel með muni skólans og áhöld. Skemmist eða glatist nokkuð af munum eða áhöldum skólans fyrir vangá eða kæruleysi þeirra, skulu þeir greiða fullar bætur.
6. Lærisveinar mega ekki fara út í kennslustund án leyfis hlutaðeigandi kennara eða forstöðumanns.
7. Skyldur er lærisveinn að hlýða sérhverjum þeim reglum og fyrirskipunum, sem með samþykki ráðuneytisins kunna að verða settar til að styðja reglu og aga í skólanum.
8. Brjóti lærisveinn gegn góðri reglu og velsæmi, sýni ókurteisi, óhlýðni eða sé óreglusamur, svo að skólavera hans teljist skaðleg fyrir námskeiðið eða aðra lærisveina námskeiðsins eða gagnslaus fyrir hann sjálfan, má vísa honum burt af námskeiðinu um stundarsakir eða fyrir fullt og allt, ef það telst nauð synlegt. Skal til þess fengið samþykki Fiskifélags Íslands.

7. gr.

Forstöðumaður námskeiðsins hefur á hendi alla umsjón með því; hann skal og ráða stundakennara og sjá um útvegun á því, sem til námskeiðsins þarf. Öll nauðsynleg áhöld, sem til kennslunnar þarf, leggur Fiskifélag Íslands til, en lærisveinar skulu kosta sjálfir bækur og önnur áhöld, er þeir þurfa við námið. Við kennsluna skal nota þær kennslubækur, sem forstöðumaður námskeiðsins ákveður í samráði við Fiskifélag Íslands.

8. gr.

Námskeiðið skal standa yfir í 2 mánuði og skulu kennslustundir vera á viku, sem hér segir, minnst:

Íslenzka	3	stundir
Stærðfræði	3	—
Eðlisfræði	3	—
Bókleg mótorfræði	9	—
Verkleg mótorfræði	12	—
Samtals	30	stundir

Auk þess eru lærisveinar skyldir að hlýða á fyrirlestra í hjúkrunarfræði, öryggisráðstöfunum og björgunarreglum einu sinni í viku.

Hver kennslustund er 50 mínútur með 10 mínútna hléi milli hverra samliggjandi kennslustunda. Miðdegisverðarhlé skal vera frá kl. 11.50 til kl. 13.10.

9. gr.

Að afloknu prófi skal forstöðumaður námskeiðsins senda Fiskifélagi Íslands greinilegar skýrslur um kennsluna og prófið; skal í þær rita nöfn, fæðingarstað, fæðingardag og ár þeirra lærisveina, er sótt hafa námskeiðið og próf taka, einkunnir þeirra og hin skriflegu úrlausnarefni. Skal prófnefnd undirskrifa prófskýrsluna.

II. KAFLI
Um prófið.

10. gr.

Próf skal haldið að afloknu námskeiðinu. Óski einhver, sem ekki er nemandi námskeiðsins, að ganga undir próf, skal hann senda umsókn um það til menntamálaráðuneytisins eigi síðar en mánuði áður en próf byrjar. Umsókninni skal fylgja

vottorð um, að hann fullnægi inntökuskilyrðum á námskeiðið, og auk þess vottorð um það frá kennara eða kennurum, sem hafa kennt honum, að hann sé fær um að ganga undir prófið. 186 30. sept.

11. gr.

Prófið er bæði munnlegt, skriflegt og verklegt. Það skal haldið af prófnefnd, sem menntamálaráðuneytið skipar til þess í hvert skipti. Skulu í henni vera forstöðumaður námskeiðsins og tveir aðrir; skal annar þeirra hafa meiri vélfræðilega þekkingu en námskeiðin veita, en hinn vera vélsmiður, sem æfingu hefur í mótorviðgerðum. Einn hinna ofangreindu prófdómenda, þó ekki forstöðumaður námskeiðsins, skal vera oddviti prófnefndar.

12. gr.

Til prófsins þarf:

1. Í íslenzku: Að geta gert léttan stíl um almennt efni, skrifað sæmilega og nokkurn veginn rétt.
2. Í reikningi: Þekking á hinum fjórum algengu reikningstegundum með heilum tölum, brotum og tugabrotum og einfaldri þríliðu.
3. Í eðlisfræði: Þekking á lögmálum loftkenndra efna, þrýstimælum, hitamælum, dælum, dreifingu hitans og áhrifum hans á fasta og fljótandi hluti, bræðslu, eldsneyti og olíum.
4. Í mótorfræði: Þekking á mótorvélum, sem notaðar eru í skipum og á landi, útbúnaði þeirra og efni, hirðingu og stjórn, þekking á sundurliðun mótorvéla, hreinsun þeirra, samsetningu og stilling, þekking á gangtruflunum mótora og kunna að lagfæra þær, þekking á algengustu bilunum, sem orsakast af sliti og notkun, og endurbótum þeirra. Þekking á hinum algengustu eldsneytistegundum, sem notaðar eru í mótora, hömluhestöflum, eldsneytiseyðslu, slökkvitækjum, ryði og tæringu og vörnum gegn því. Ennfremur þekkingu á grundvallaratriðum rafmagnsfræðinnar um rakstraum og raftækjum mótorskipa.

13. gr.

Verkefni við prófið velur prófnefnd. Skulu verkefni afhent í lokuðu umslagi, undirskrifuð af prófnefndinni; þau skulu vera tveim fleiri en prófsveinar eru, og dregur hver sitt. Verkefni við gangtruflanapróf séu tölusett á skrá hjá prófnefnd, og skulu vera tveim fleiri en prófsveinar eru. Dregur hver prófsveinn miða með einhverri þeirri tölu, sem á skánni er. Skrifleg úrlausnarefni eru þau sömu fyrir alla, sem á sama tíma ganga undir sama próf. Hinar munnlegu úrlausnir séu skrifaðar á miða og dregur prófsveinn einn miða, um leið og hann er kallaður til spurninga. Á hinum skriflegu úrlausnarefnum skal taka það fram, hve langur tími er veittur til úrlausnar. Kennari í hverri grein heldur hið munnlega próf og dæmir um kunnáttu prófsveina, hver í sinni grein, ásamt hinum skipuðu prófdómöndum. Við hið skriflega próf mega eigi aðrir vera í prófstofunni auk prófsveina en prófnefnd og eftirlitsmenn. Við hið verklega próf mega eigi aðrir vera viðstaddir en prófnefnd, kennari og sá prófsveinn, sem verið er að prófa. Hið munnlega próf má halda í heyranda hljóði. Prófsveinar, sem ekki er verið að prófa, mega hvorki hlusta á hið munnlega próf né vera í prófstofunni, er þeir hafa lokið hinum skriflegu úrlausnum.

14. gr.

Þyki prófsveini eitthvað ógreinilegt í verkefninu, getur hann snúið sér til eftirlitsmanna. Nú álítur prófsveinn, að fyrir hann sé lagt eitthvert það verkefni, sem ekki heyri prófinu til; skal hann þá snúa sér til prófnefndar um þetta, og er henni skylt að leiðrétta, ef um misskilning er að ræða hjá henni eða prófsveini. Ef prófsveinn

186 hefur aldrei séð þá vélartegund, sem hann á að taka prófið á, má leyfa honum að
30. sept. athuga vélina í gangi í 1 klst., áður en próf byrjar.

15. gr.

Prófsveinar skulu mæta stundvislega á tilteknum stað og stundu og mega ekki án leyfis víkja úr þeim stað, sem þeim er fenginn.

Prófsveinar mega ekki hafa með sér nein áhöld eða hjálpartæki önnur en þau, sem prófnefnd leyfir.

Sannist það, að prófsveinn noti önnur hjálpartæki, reyni að hjálpa eða að fá hjálp eða brjóti á annan hátt settar reglur, má vísa honum frá prófi, og skal þá álitið, að hann hafi ekki staðizt prófið.

Gangi prófsveinn frá prófi vegna sjúkleika og sannar með læknisvottorði, að hann hafi verið forfallaður, ber að líta svo á, að hann hafi gengið undir prófið, og má prófa hann í því, sem eftir var, svo fljótt sem því verður við komið. Eru þá fyrri svör hans fullgild við því, sem lokið var, þegar hann forfallaðist.

Geti hann aftur á móti ekki fært sönnur á, að hann hafi fullgilda ástæðu fyrir fjarveru sinni frá prófinu, skal litið svo á, að hann hafi eigi staðizt prófið.

Hver prófsveinn dregur í byrjun prófsins eitt tölunúmer, sem hann hefur meðan prófið stendur yfir.

16. gr.

Sannist það fyrir oddvita prófnefndar, að prófsveinn hafi hegðað sér ósæmilega við prófið, getur oddviti vikið honum frá prófi.

17. gr.

Við prófin skulu gefnar einkunnirnar 0 til 8 með þriðjungs millieinkunnum.

Verði prófdómendur eigi ásáttir um, hverja einkunn skuli gefa fyrir frammistöðu í einhverri grein, skal sú einkunn gefin, sem að tölugildi er næst meðaltalinu af tölugildi einkunna þeirra, sem gefnar hafa verið.

Sé þetta meðaltal mitt á milli tveggja ofangreindra tölugilda, skal sú einkunn gefin, sem er næst fyrir ofan.

18. gr.

Ágætiseinkunn telst meðaleinkunnin 7—8
1. einkunn telst meðaleinkunnin 6—7
2. einkunn telst meðaleinkunnin 5—6
3. einkunn telst meðaleinkunnin 4—5

Lægsta meðaleinkunn, sem þarf til þess að standast prófið, er 4.

19. gr.

Við prófið skulu gefnar 6 einkunnir:

Í íslenzku 1 einkunn fyrir 1 skriflega úrlausn.

Í stærðfræði 1 eink. fyrir 1 skriflega úrlausn.

Í eðlisfræði 1 eink. fyrir 1 munnlega úrlausn.

Í mótorfræði 3 einkunnir fyrir 1 skriflega, 1 munnlega og 1 verklega úrlausn, er skal fólgin í því að finna gangtruflun og leiðrétta hana, setja í gang og hirða í gangi.

Hæsta aðaleinkunn verður þannig 48 stig. Til þess að standast prófið þarf í aðaleinkunn minnst 24 stig.

20. gr.

Hver prófsveinn, sem staðizt hefur prófið, fær að því loknu prófskírteini eftir þessari fyrirmynd:

186
30. sept.

(Ríkisskjaldarmerki)

VIÐAUKASKÍRTEINI

við

PRÓFSKÍRTEINI nr.:.....

N. N. .....

fæddur .....

.....

hefur staðizt viðaukapróf við hið minna mótorvélstjórapróf Fiskifélags Íslands, samkvæmt lögum nr. 66 17. júlí 1946, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum, og hlotið þær einkunnir, sem hér segir:

Íslenzka	1 eink.	.... stig
Stærðfræði	1 —	.... —
Eðlisfræði	1 —	.... —
Mótorfræði	3 —	.... —
Aðaleingunn	6 eink.	.... stig

Meðaleinkunn ....., sem er ..... einkunn.

Reykjavík,..... 19 .....

N.N. N.N. N.N.

Til þess að standast prófið þarf minnst 24 stig. Hæsta aðaleinkunn er 48 stig.

21. gr.

Að afloknu prófi ritar prófnefnd skýrslu um það með nöfnum prófsveina, fæðingardegi, ári og fæðingarstað ásamt verkefni við prófið, og ritar hún hinar gefnu einkunnir í þar til gerða prófbók, dagsetur hana og staðfestir með undirskrift sinni.

Í prófbókina skal einnig færa skýrslur þær, sem sendar eru Fiskifélaginu frá námskeiðum, sem haldin eru utan Reykjavíkur, jafnóðum og þær berast Fiskifélaginu.

Prófbókina varðveitir Fiskifélag Íslands, en eftirrit af henni skal senda menntamálaráðuneytinu.

22. gr.

Glati mótorvélstjóri prófskírteini sínu, á hann rétt á að fá eftirrit af því hjá Fiskifélagi Íslands, ef hann æskir þess.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt bráðabirgðaákvæði í lögum nr. 66/1946, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum, öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 30. september 1947.

Eysteinn Jónsson.

Birgir Thorlacius.

187
30. sept.

REGLUGERÐ

um tveggja mánaða viðaukanámskeið við hið meira mótornámskeið Fiskifélags Íslands.

I. KAFLI
Um inntökuskilyrði, kennslu o. fl.

1. gr.

Markmið námskeiðsins er að veita nemendum fræðslu í eftirtöldum námsgreinum til viðbótar því, sem hið meira mótornámskeið Fiskifélags Íslands, er staðið hefur í 4 mánuði, hefur veitt og búa nemendur undir próf í þeim greinum.

2. gr.

Á námskeiðinu skal kenna: Íslenzku, stærðfræði, eðlisfræði, bóklega og verklega mótorfræði og bóklega og verklega rafmagnsfræði.

3. gr.

Inntökuskilyrði á námskeiðið eru: a) að nemandinn hafi lokið hinu meira mótorvélstjóraprófi Fiskifélags Íslands; b) að hann sé ekki haldinn næmum sjúkdómi eða hafi líkamsgalla, sem orðið geti honum til tálmunar við starf hans; c) að hann hafi óskert mannorð.

4. gr.

Beiðni um inntöku á námskeiðið skal senda Fiskifélagi Íslands í Reykjavík eigi síðar en hálfum mánuði áður en námskeiðið byrjar. Skulu þeim fylgja vottorð um, að umsækjandi uppfylli skilyrði þau, sem sett eru í 3. gr.

5. gr.

Þessi leyfi skal veita:

1. Jólaleyfi, er nær frá 23. des. til 4. janúar, að báðum dögum meðtöldum. Beri 4. janúar upp á sunnudag, skal kennslan byrja næsta þriðjudag á eftir.
2. Páskaleyfi, er nær frá miðvikudegi fyrir skírdag til 3. í páskum, að báðum dögum meðtöldum.
3. 1. des., öskudagur og sumardagurinn fyrsti.
4. Í þeim mánuðum, sem ofangreind leyfi eru ekki, getur forstöðumaður námskeiðsins veitt eins dags leyfi.

6. gr.

Reglusemi:

1. Lærisveinarnir skulu vera komnir í skólann á hverjum degi áður en kennslustundir byrja.
2. Geti lærisveinn ekki sótt kennslustund sakir veikinda eða af öðrum ástæðum, ber að tilkynna forstöðumanni námskeiðsins það.

   Geti lærisveinn ekki vegna veikinda sótt kennslustundir 2 daga, ber að tilkynna forstöðumanni það skriflega og færa ástæður fyrir.
3. Í frímínútum má enginn hávaði eiga sér stað í kennslustofum.
4. Tóbaksreykingar eru stranglega bannaðar alls staðar í skólanum.

5. Lærisveinar skulu fara vel með muni skólans og áhöld. Skemmist eða glatist nokkuð af munum eða áhöldum skólans fyrir vangá eða kæruleysi þeirra, skulu þeir greiða fullar bætur fyrir. 187 30. sept.
6. Lærisveinar mega ekki fara út í kennslustund án leyfis hlutaðeigandi kennara eða forstöðumanns.
7. Skyldur er lærisveinn að hlýða sérhverjum þeim reglum og fyrirskipunum, sem með samþykki ráðuneytisins kunna að verða settar til að styðja reglu og aga í skólanum.
8. Brjóti lærisveinn gegn góðri reglu og velsæmi, sýni ókurteisi, óhlýðni eða sé óreglusamur, svo að skólavera hans teljist skaðleg fyrir námskeiðið eða aðra lærisveina námskeiðsins eða gagnslaus fyrir hann sjálfan, má vísa honum burt af námskeiðinu um stundarsakir eða fyrir fullt og allt, ef það telst nauðsynlegt. Skal til þess fengið samþykki Fiskifélags Íslands.

7. gr.

Forstöðumaður námskeiðsins hefur á hendi alla umsjón með því; hann skal og ráða stundakennara og sjá um útvegun á því, sem til námskeiðsins þarf. Öll nauðsynleg áhöld, sem til kennslunnar þarf, leggur Fiskifélag Íslands til, en lærisveinar skulu kosta sjálfir bækur og önnur áhöld, er þeir þurfa við námið. Við kennsluna skal nota þær kennslubækur, sem forstöðumaður námskeiðsins ákveður í samráði við Fiskifélag Íslands.

8. gr.

Námskeiðið skal standa í 2 mánuði og skulu kennslustundir vera á viku sem hér segir minnst:

Íslenzka	5	stundir
Stærðfræði	4	—
Eðlisfræði	3	—
Mótorfræði bókleg	4	—
Mótorfræði verkleg	4	—
Rafmagnsfræði bókl.	8	—
Rafmagnsfræði verkleg	6	—
Samtals	34	stundir

Auk þess eru lærisveinar skyldir að hlýða á fyrirlestra í hjúkrunarfræði, öryggisráðstöfunum og björgunarreglum einu sinni í viku.

Hver kennslustund er 50 mínútur með 10 mínútna hléi milli hverra samliggjandi kennslustunda. Miðdegisverðarhlé skal vera frá kl. 11.50 til kl. 13.10.

9. gr.

Að afloknu prófi skal forstöðumaður námskeiðsins senda Fiskifélagi Íslands greinilegar skýrslur um kennsluna og prófið; skal í þær rita nöfn, fæðingarstað, fæðingardag og ár þeirra lærisveina, er sótt hafa námkeiðið og próf taka, einkunnir þeirra og hin skriflegu úrlausnarefni. Skal pófnefnd undirskrifa prófskýrsluna.

II. KAFLI
Um prófið.

10. gr.

Próf skal haldið að afloknu námskeiðinu. Æski einhver, sem ekki er nemandi námskeiðsins, að ganga undir próf, skal hann senda umsókn um það til menntamálaráðuneytisins eigi síðar en mánuði áður en próf byrjar. Umsókninni skal fylgja

187 vottorð um, að hann fullnægi inntökuskilyrðum á námskeiðið, og auk þess vottorð
30. sept. um það frá kennara eða kennurum, sem hafa kennt honum, að hann sé fær um að ganga undir prófið.

11. gr.

Prófið er bæði munnlegt, skriflegt og verklegt. Það skal haldið af prófnefnd, sem menntamálaráðuneytið skipar til þess í hvert skipti. Skulu í henni vera forstöðumaður námskeiðsins og tveir aðrir; skal annar þeirra hafa meiri vélfræðilega þekkingu en námskeiðin veita, en hinn vera vélsmiður, sem æfingu hefur í mótorviðgerðum. Einn hinna ofangreindu prófdómenda, þó ekki forstöðumaður námskeiðsins, skal vera oddviti prófnefndar.

12. gr.

Til prófsins þarf:

1. Í íslenzku: Að geta gert léttan stíl um almennt efni, skrifað sæmilega og nokkurn veginn rétt, lesið sæmilega og kunna skil á helztu atriðum málfræðinnar.
2. Í stærðfræði: Þekking á hinum 4 reikningsaðferðum með heilum tölum, brotum og tugabrotum, þekking á þríliðu, líkingum og grundvallaratriðum flatarmáls- og rúmmálsfræðinnar.
3. Í eðlisfræði: Þekking á lögmálum loftkenndra efna, þrýstingi og þrýstimælum, eðlisþyngd, seltumælum, dælum, hita, hitamælum, útþenslu hluta við hita, bræðslu, uppgufun og suðu. Þekking á einföldum vélum, svo sem vogarstöng, skrúfu, fleyg, dragreipi o. s. frv.; ennfremur á rafmagni og segulmagni.
4. Í mótorfræði: Fyllri þekking á því, sem til hins meira mótorsnámskeiðsprófs þurfti.
5. Í rafmagnsfræði: Þekking á grundvallaratriðum rafmagnsfræðinnar um rakstraum. Þekking á rafölum, rafmagnsmótorum og rafmagnsgeymum og meðferð þeirra. Ennfremur þekking á rafmagnslögnum, mælitækjum og ljósatækjum í skipum.

13. gr.

Verkefni við prófið velur prófnefnd. Skulu verkefni afhent í lokuðu umslagi, undirskrifuð af prófnefndinni; þau skulu vera tveimur fleiri en prófsveinar eru og dregur hver sitt. Skrifleg úrlausnarefni eru þau sömu fyrir alla, sem á sama tíma ganga undir próf. Hinar munnlegu úrlausnir séu skrifaðar á miða, og dregur prófsveinn einn miða um leið og hann er kallaður til spurninga. Á hinum skriflegu og verklegu úrlausnarefnum skal taka það fram, hve langur tími er veittur til úrlausnar. Kennarinn í hverri grein heldur hið munnlega próf og dæmir um kunnáttu prófsveina, hver í sinni grein, ásamt hinum skipuðu prófdómöndum. Við hið skriflega próf mega eigi aðrir vera í prófstofunni auk prófsveina en prófnefnd og eftirlitsmenn. Við hið verklega próf mega eigi aðrir vera viðstaddir en prófnefnd, kennari og sá prófsveinn, sem verið er að prófa. Hið munnlega próf má halda í heyranda hljóði. Prófsveinar, sem ekki er verið að prófa, mega hvorki hlusta á hið munnlega próf né vera í prófstofunni, er þeir hafa lokið hinum skriflegu úrlausnum.

14. gr.

Þyki prófsveini eitthvað ógreinilegt í verkefninu, getur hann snúið sér til eftirlitsmanna. Nú álítur prófsveinn, að fyrir hann sé lagt eitthvert það verkefni, sem ekki heyri prófinu til; skal hann þá snúa sér til prófnefndar um þetta, og er henni þá skylt að leiðrétta, ef um misskilning er að ræða hjá henni eða prófsveini.

15. gr.

Prófsveinar skulu mæta stundvíslega á tilteknum stað og stundu og mega ekki án leyfis víkja úr þeim stað, sem þeim er fenginn.

Prófsveinar mega ekki hafa með sér nein áhöld eða hjálpartæki önnur en þau, sem prófnefnd leyfir. 187 30. sept.

Sannist það, að prófsveinn noti önnur hjálpartæki, reyni að fá hjálp eða að hjálpa öðrum eða brjóti á annan hátt settar reglur, má vísa honum frá prófi, og skal þá álitið, að hann hafi ekki staðizt prófið.

Gangi prófsveinn frá prófi vegna sjúkleika og sannar síðar með læknisvottorði, að hann hafi verið forfallaður, ber að líta svo á, að hann hafi gengið undir prófið, og má prófa hann í því, sem eftir var, svo fljótt sem því verður við komið. Eru þá fyrri svör hans fullgild við því, sem lokið var, þegar hann forfallaðist.

Geti hann aftur á móti ekki fært sönnur á, að hann hafi haft fullgilda ástæðu fyrir fjarveru sinni frá prófinu, skal álitið, að hann hafi ekki staðizt prófið.

Hver prófsveinn dregur í byrjun prófsins eitt tölunúmer, sem hann hefur, meðan prófið stendur yfir.

16. gr.

Sannist það fyrir oddvita prófnefndar, að prófsveinn hafi hegðað sér ósæmilega við prófið, getur oddviti vikið honum frá prófi.

17. gr.

Við prófin skulu gefnar einkunnirnar 0 til 8 með þriðjungs millieinkunnum.

Verði prófdómendur eigi ásáttir um, hverja einkunn skuli gefa fyrir frammistöðu í einhverri grein, skal sú einkunn gefin, sem að tölugildi er næst meðaltalinu af tölugildi einkunna þeirra, er gefnar hafa verið.

Sé þetta meðaltal mitt á milli tveggja ofangreindra tölugilda, skal gefin sú einkunn, sem er næst fyrir ofan.

18. gr.

Ágætiseinkunn telst meðaleinkunnin 7—8
1. einkunn telst meðaleinkunnin 6—7
2. einkunn telst meðaleinkunnin 5—6
3. einkunn telst meðaleinkunnin 4—5

Lægsta meðaleinkunn, sem þarf til þess að standast prófið, er 4.

19. gr.

Við prófið skulu gefnar 9 einkunnir.
Í íslenzku 2 einkunnir, fyrir 1 munnlega og 1 skriflega úrlausn.
Í stærðfræði 2 einkunnir, fyrir 1 munnlega og 1 skriflega úrlausn.
Í eðlisfræði 1 einkunn, fyrir 1 munnlega úrlausn.
Í mótorfræði 2 einkunnir, fyrir 1 munnlega og 1 verklega úrlausn.
Í rafmagnsfræði 2 einkunnir, fyrir 1 munnlega og 1 verklega úrlausn.

Hinar verklegu úrlausnir séu fólgnar í meðferð logsuðutækja og öðru því, sem prófsveinar hafa ekki tekið próf í áður.

Hæsta aðaleinkunn verður þannig 72 stig. Til þess að standast prófið þarf í aðaleinkunn minnst 36 stig.

20. gr.

Hver prófsveinn, sem staðizt hefur prófið, fær að því loknu prófskírteini eftir þessari fyrirmynd:

187
30. sept.

(Ríkisskjaldarmerki)

VIÐAUKASKÍRTEINI

við

prófskírteini nr.:.....

N.N. .....

fæddur .....

.....

hefur staðizt viðaukapróf við hið meira mótorvélstjórapróf Fiskifélags Íslands, samkvæmt lögum nr. 66 17. júlí 1946, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum, og hlotið þær einkunnir er hér segir:

Íslenzka	2 eink.	.... stig
Stærðfræði	2 —	.... —
Eðlisfræði	1 —	.... —
Mótorfræði	2 —	.... —
Rafmagnsfræði	2 —	.... —

Aðaleinkunn 9 einkunnir .... stig

Meðaleinkunn ....., sem er ..... einkunn

.....19.....

....

.....

Til þess að standast prófið þarf í aðaleinkunn minnst 36 stig. Hæsta aðaleinkunn er 72 stig.

21. gr.

Að afloknu prófi ritar prófnefnd skýrslu um það með nöfnum prófsveina, fæðingardegi, ári og fæðingarstað ásamt verkefni við prófið, og ritar hún hinar gefnu einkunnir í þar til gerða bók, dagsetur hana og staðfestir með undirskrift sinni.

Prófbókina varðveitir Fiskifélag Íslands, en afrit af henni skal senda menntamálaráðuneytinu.

22. gr.

Glati mótorvélstjóri prófskírteini sínu, á hann rétt á að fá eftirrit af því hjá Fiskifélagi Íslands, ef hann óskar þess.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt bráðabirgðaákvæði í lögum nr. 66/1946, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum, öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 30. september 1947.

Eysteinn Jónsson.

Birgir Thorlacius.

REGLUGERÐ

188
1. okt.

um mótornámskeið.

I. KAFLI
Um inntökuskilyrði, kennslu o. fl.

1. gr.

Markmið námskeiðanna er að búa nemendur undir hið minna og meira mótorvélstjórapróf Fiskifélags Íslands. Fiskifélag Íslands ræður mótorfræðikennara til þess að kenna mótorfræði við námskeiðin og veita þeim forstöðu.

2. gr.

1. Inntökuskilyrði á hið minna námskeið skulu vera þessi:
   a. Að nemandinn sé fullra 18 ára að aldri,
   b. að hann sé ekki haldinn næmum sjúkdómi eða hafi líkamsgalla, sem orðið geti honum til tálmunar við starf hans,
   c. að hann hafi óskert mannorð,
   d. að hann kunni sund.
2. Inntökuskilyrði á hið meira námskeið skulu vera þessi:
   a. Að nemandinn hafi staðizt hið minna námskeiðspróf Fiskfélagsins eða inntökupróf í íslenzku og reikningi, sem jafngildi kröfum þeim, sem gerðar eru til hins minna námkeiðsprófs í þessum greinum,
   b. að hann hafi eftir 16 ára aldur unnið í tvö ár á vélaverkstæði, sem réttindi hefur til að kenna þá iðn, eða siglt sem 1. vélstjóri á mótorskipi með meira en 50 hestafla vél 24 mánuði, áður en lög nr. 71/1936, um kennslu í vélfræði, öðluðust gildi,
   c. að hann sé ekki haldinn neinum næmum sjúkdómi eða hafi líkamsgalla, sem geti orðið honum til tálmunar við starf hans,
   d. að hann hafi óskert mannorð,
   e. að hann kunni sund.

3. gr.

Beiðnir um inntöku á námskeiðin skal senda Fiskifélagi Íslands eða umboðsmanni þess á þeim stað, sem námskeið á að halda, eigi síðar en hálfum mánuði áður en námskeið hefst. Skulu þeim fylgja vottorð um, að umsækjandi uppfylli skilyrði þau, sem sett eru í 2. gr., að undanskildu inntökuprófi.

4. gr.

Þessi leyfi skal veita:

1. Jólaleyfi, er nær frá 23. desember til 4. janúar, að báðum dögum meðtöldum. Beri 4. janúar upp á sunnudag, skal kennslan hefjast næsta þriðjudag á eftir.
2. Páskaleyfi, er nær frá miðvikudegi fyrir skírdag til 3. í páskum, að báðum dögum meðtöldum.
3. 1. desember, öskudagurinn og sumardagurinn fyrsti.
4. Í þeim mánuðum, sem ofangreind leyfi eru ekki, getur forstöðumaður námskeiðsins veitt eins dags leyfi.

188
1. okt.

5. gr.

Reglusemi:

1. Lærisveinar skulu vera komnir í skólann dag hvern áður en kennsla hefst.
2. Geti lærisveinn eigi sótt kennslustund sakir veikinda eða af öðrum ástæðum, ber að tilkynna forstöðumanni námkeiðsins það.
   Geti lærisveinn eigi vegna veikinda sótt kennslustundir 2 daga, ber að tilkynna forstöðumanni það skriflega og færa ástæður fyrir.
3. Í frímínútum má enginn hávaði eiga sér stað í kennslustofum.
4. Tóbaksreykingar eru stranglega bannaðar alls staðar í skólanum.
5. Lærisveinar skulu fara vel með muni skólans og áhöld. Skemmist eða glatist nokkuð af munum eða áhöldum skólans fyrir vangá eða kæruleysi þeirra, skulu þeir greiða fullar bætur fyrir.
6. Lærisveinar mega ekki fara út í kennslustund án leyfis hlutaðeigandi kennara eða forstöðumanns.
7. Skyldur er lærisveinn að hlýða sérhverjum þeim reglum og fyrirskipunum, sem með samþykki menntamálaráðuneytisins kunna að verða settar til að styðja reglu og aga í skólanum.
8. Brjóti lærisveinn gegn góðri reglu og velsæmi, sýni ókurteisi, óhlýðni eða sé óreglusamur, svo að skólavera hans teljist skaðleg fyrir námskeiðið eða aðra lærisveina námskeiðsins eða gagnslaus fyrir hann sjálfan, má vísa honum burt af námskeiðinu um stundarsakir eða fyrir fullt og allt, ef það telst nauðsynlegt. Skal til þess fengið samþykki Fiskifélags Íslands.

6. gr.

Forstöðumaður námskeiðsins hefur á hendi alla umsjón með því. Hann skal og ráða stundakennara og sjá um útvegun á því, sem til námskeiðsins þarf. Öll nauðsynleg áhöld, sem til kennslunnar þarf, leggur Fiskifélag Íslands til, en lærisveinar skulu sjálfir kosta bækur og áhöld, er þeir þurfa við námið. Við kennsluna skal nota þær kennslubækur, sem forstöðumaður námskeiðsins ákveður í samráði við Fiskifélag Íslands.

7. gr.

Hið minna námskeið skal standa yfir minnst 12 vikur, en hið meira 6 mánuði, og skulu kennslustundir á viku hverri eigi færri vera en hér segir:

	Minna námskeið	Meira námskeið:
Í íslenzku	4 kennslustundir	5 kennslustundir
— stærðfræði	4 —	4 —
— eðlisfræði	4 —	3 —
— bóklegri mótorfræði	10 —	10 —
— verklegri mótorfræði	12 —	8 —
— bóklegri rafmagnsfræði ...	0 —	2 —
— verklegri rafmagnsfræði ..	0 —	2 —
Samtals	34 kennslustundir	34 kennslustundir

Auk þess eru lærisveinar skyldir að hlýða á fyrirlestra í hjúkrunarfræði, öryggisráðstöfunum og björgunarreglum einu sinni í viku.

Hver kennslustund er 50 mínútur með 10 mínútna hléi milli hverra samliggjandi kennslustunda. Miðdegisverðarhlé skal vera frá kl. 11.50 til 13.10.

188
1. okt.

8. gr.

Að loknu prófi skal forstöðumaður námskeiðsins senda Fiskifélagi Íslands greinilegar skýrslur um kennsluna og prófið; skal í þær rita nöfn, fæðingarstað, dag og ár þeirra lærisveina, er sótt hafa námskeiðið og próf þreyta, einkunnir þeirra og hin skriflegu úrlausnarefni. Skal prófnefnd undirrita prófskýrsluna.

II. KAFLI
Um prófið.

9. gr.

Mótorvélstjórapróf skal fram fara að afloknu námskeiðinu. Æski einhver, sem eigi er nemandi námskeiðsins, að ganga undir próf, skal hann senda umsókn um það til menntamálaráðuneytisins eigi síðar en mánuði áður en próf hefst. Umsókninni skal fylgja vottorð um, að hann fullnægi inntökuskilyrðum á námskeiðið, og auk þess vottorð um það frá kennara eða kennurum, sem hafa kennt honum, að hann sé fær um að ganga undir prófið.

10. gr.

Prófin eru bæði munnleg, skrifleg og verkleg. Þau skulu haldin af prófnefnd, sem menntamálaráðuneytið skipar til þess hverju sinni. Skulu í henni vera forstöðumaður námskeiðsins og tveir aðrir. Skal annar þeirra hafa meiri vélfræðiþekkingu en námskeiðin veita, en hinn vera vélsmiður með æfingu í mótorviðgerðum. Einn hinna ofangreindu prófdómenda, þó ekki forstöðumaður námskeiðsins, skal skipaður oddviti prófnefndar.

11. gr.

Til hins minna námskeiðsprófs þarf:

1. Í íslenzku: Að geta gert léttan stíl um almennt efni, skrifað sæmilega og nokkurn veginn rétt.
2. Í reikningi: Þekking á hinum fjórum algengu reikningstegundum með heilum tölum, brotum og tugabrotum og einfaldri þríliðu.
3. Í eðlisfræði: Þekking á lögmálum loftkenndra efna, þrýstimælum, hitamælum, dælum, dreifingu hitans og áhrifum hans á fasta og fljótandi hluti, bræðslu, eldsneyti og olíum.
4. Í mótorfræði: Þekking á mótorvélum, sem notaðar eru í skipum og á landi, útbúnaði þeirra og efni, hirðingu og stjórn, þekking á sundurliðun mótorvéla, hreinsun þeirra, samsetningu og stilling, þekking á gangtruflunum mótora og kunna að lagfæra þær, þekking á algengustu bilunum, sem orsakast af sliti og notkun, og endurbótum þeirra. Þekking á hinum algengustu eldsneytistegundum, sem notaðar eru í mótora, hömluhestöflum, eldsneytiseyðslu, slökkvitækjum, ryði og tæringu og vörnum gegn því. Ennfremur þekkingu á grundvallaratriðum rafmagnsfræðinnar varðandi rakstraum og raftækjum mótorskipa.

Til hins meira námskeiðsprófs þarf:

1. Í íslenzku: Að geta gert léttan stíl um almennt efni, skrifað sæmilega og nokkurn veginn rétt, lesið sæmilega og kunna skil á helztu atriðum málfræðinnar.
2. Í stærðfræði: Þekking á hinum 4 reikningsaðferðum með heilum tölum, brotum og tugabrotum, þekking á þríliðu, líkingum og grundvallaratriðum flatarmáls- og rúmmálsfræðinnar.
3. Í eðlisfræði: Þekking á lögmálum loftkenndra efna, þrýstingi, þrýstimælum, eðlisþyngd, seltumælum, dælum, hita, hitamælum, útþenslu hluta við hita, bræðslu, uppgufun og suðu. Þekking á einföldum vélum, svo sem vogarstöng, skrúfu, fleyg, dragreipi o. s. frv.; ennfremur á rafmagni og segulmagni.

188 1. okt.

4. Í mótorfræði: Fyllri þekking á því, sem til hins minna námskeiðsprófs er heimtað, og auk þess: Þekking á aflmælilínum og einföldum niðurstöðum, sem af þeim má draga, blöndun hleðslunnar og brennslu eldsneytisins. Þekking á helztu hlutum skips og skiptingu þess í vatnsþétt hólf, hjálparvélum, svo sem stýrisbúnaði, ljósvélum, vindum, kælivélum, slökkvitækjum o. s. frv. og lagaákvæðum um skoðun og eftirlit mótorskipa. Ennfremur að geta framkvæmt minni háttar viðgerðir á mótorum og hjálpartækjum þeirra. Þekking á meðferð eimkatla með tilliti til hjálparkatla í mótorskipum.
5. Í rafmagnsfræði: Þekking á grundvallaratriðum rafmagnsfræðinnar um rakstraum. Þekking á rafölum, rafmagnsmótorum og rafmagnsgeymum og meðferð þeirra. Ennfremur þekking á rafmagnslögnum, mælitækjum og ljósatækjum í skipum.

12. gr.

Verkefni við prófið velur prófnefnd. Skulu hin verklegu verkefni afhent í lokuðu umslagi, undirrituð af prófnefndinni: þau skulu vera tveimur fleiri en prófsveinar eru, og dregur hver sitt. Verkefni við gangtruflanapróf séu tölusett á skrá hjá prófnefnd, og skulu vera tveimur fleiri en prófsveinar, og dregur hver prófsveinn miða með einhverri þeirri tölu, sem á skránni er. Skrifleg úrlausnarefni eru hin sömu fyrir alla, sem á sama tíma ganga undir próf. Hinar munnlegu úrlausnir séu ritaðar á miða, og dregur prófsveinn einn miða, um leið og hann er kallaður til spurninga. Á hinum skriflegu og verklegu úrlausnarefnum skal taka fram, hve langur tími er veittur til úrlausnar. Kennarinn í hverri grein heldur hið munnlega próf og dæmir um kunnáttu prófsveina, hver í sinni grein, ásamt hinum skipuðu prófdómöndum. Við hið skriflega próf mega eigi aðrir vera í prófstofunni auk prófsveina en prófnefnd og eftirlitsmenn. Við hið verklega próf mega eigi aðrir vera viðstaddir en prófnefnd, kennari og sá prófsveinn, sem verið er að prófa. Hið munnlega próf má halda í heyranda hljóði. Prófsveinar, sem ekki er verið að prófa, mega hvorki hlýða á hið munnlega próf né vera í prófstofunni, er þeir hafa lokið hinum skriflegu úrlausnum.

13. gr.

Þyki prófsveini eitthvað ógreinlegt í verkefni, getur hann snúið sér til eftirlitsmanna. Nú álítur prófsveinn, að fyrir hann sé lagt eitthvert það verkefni, sem ekki heyri prófinu til. Skal hann þá snúa sér til prófnefndar um þetta, og er henni þá skylt að leiðrétta, ef um misskilning er að ræða hjá henni eða prófsveini. Ef prófsveinn hefur aldrei séð vélartegund þá, sem hann á að taka prófið á, má leyfa honum að athuga vélin í gangi 1 klst. áður en próf byrjar.

14. gr.

Prófsveinar skulu mæta stundvíslega á tilteknum stað og stundu og mega ekki án leyfis víkja úr þeim stað, sem þeim er fenginn.

Prófsveinar mega ekki hafa með sér nein áhöld eða hjálpartæki önnur en þau, sem prófnefndin leyfir.

Sannist það, að prófsveinn noti önnur hjálpartæki, reyni að fá hjálp eða að hjálpa öðrum eða brjóti á annan hátt settar reglur, má vísa honum frá prófi, og skal þá álitið, að hann hafi ekki staðizt prófið.

Gangi prófsveinn frá prófi vegna sjúkleika og sannar með læknisvottorði, að hann hafi verið forfallaður, ber að líta svo á, að hann hafi gengið undir prófið, og má prófa hann í því, sem eftir var, svo fljótt sem því verður við komið. Eru þá fyrri svör hans fullgild við því, sem lokið var, þegar hann forfallaðist.

Geti hann aftur á móti ekki fært sönnur á, að hann hafi haft fullgilda ástæðu fyrir fjarveru sinni frá prófinu, skal álitið, að hann hafi ekki staðizt prófið.

Hver prófsveinn dregur í byrjun prófsins eitt tölunúmer, sem hann hefur, meðan prófið stendur yfir. 188 1. okt.

15. gr.

Sannist það fyrir oddvita prófnefndar, að prófsveinn hafi hegðað sér ósæmilega við prófið, getur oddviti vikið honum frá prófi.

16. gr.

Við prófin skulu gefnar einkunnirnar 0 til 8 með þriðjungs millieinkunnum.

Verði prófdómendur eigi ásáttir um, hverja einkunn skuli gefa fyrir frammistöðu í einhverri grein, skal sú einkunn gefin, sem að tölugildi er næst meðaltalinu af tölugildi einkunna þeirra, er gefnar hafa verið.

Sé þetta meðaltal mitt á milli tveggja ofangreindra tölugilda, skal gefin sú einkunn, sem er næst fyrir ofan.

17. gr.

Ágætiseinkunn telst meðaleinkunnin 7—8
1. einkunn telst meðaleinkunnin 6—7
2. einkunn telst meðaleinkunnin 5—6
3. einkunn telst meðaleinkunnin 4—5

Lægsta meðaleinkunn, sem þarf til þess að standast prófið, er 4.

18. gr.

Við hið minna mótorvélstjórapróf skulu gefnar 6 einkunnir:
Í íslenzku 1 einkunn fyrir 1 skriflega úrlausn.
Í stærðfræði 1 einkunn fyrir 1 skriflega úrlausn.
Í eðlisfræði 1 einkunn fyrir 1 munnl. úrlausn.
Í mótorfræði 3 einkunnir fyrir 1 skriflega, 1 munnlega og 1 verklega úrlausn, er skal fólgin í því að finna gangtruflun og leiðrétta hana, setja í gang og hirða í gangi.

Hæsta aðaleinkunn verður þannig 48 stig. Til þess að standast prófið þarf í aðaleinkunn 24 stig og í samanlagðri mótorfræði meðaleinkunnina 3.

19. gr.

Við hið meira mótorvélstjórapróf skulu gefnar 14 einkunnir:
Í íslenzku 2 eink. fyrir 1 skrifl. og 1 munnl. úrlausn.
Í stærðfræði 2 eink. fyrir 1 skrifl. og 1 munnl. úrlausn.
Í eðlisfræði 1 einkunn fyrir 1 munnlega úrlausn.
Í mótorfræði 7 eink. fyrir 2 skrifl., 2 munnlegar og 3 verklegar úrlausnir.
Í rafmagnsfræði 2 einkunnir fyrir 1 munnlega og 1 verklega úrlausn.
Hin verklegu úrlausnarefni skulu vera:

1. Að lagfæra gangtruflun á háþrýstivél, tveggja stokka eða fleiri, setja hana í gang, hirða í gangi með álagi, stöðva og ganga frá eftir notkun.

   Gangtruflanir þær, sem lagfæra skal, séu fólgnar í innstillingu vélarinnar, olíugjöf, skolun og þjöppun, ræsingu o. s. frv.

2. a. Tinhúða leg (t. d. sveifarleg), steypa í það hvítmálm, fella það á völinn, án þess að það hafi verið rennt, setja í það nauðsynlegar olíurásir og ganga frá því mátulega þröngu.
   b. Slípa ræsiloka og eldsneytisloka og ganga frá þeim þéttum. Fella fleyg í spor.
   c. Fella sveifarás í að minnsta kosti 3 leg, steypt og rennd á verkstæði, eða gömul, ganga frá legum og ás, svo að fullgert sé til notkunar.
   d. Beygja pípu úr eir eða stáli minnst 25 mm eftir ákveðnu máli. Sýna kunnáttu sína í að sverfa og saga.
   e. Skera sundur að minnsta kosti 3 bulluhringa og fella þá í strokk og bullu,

188 1. okt.

sverfa slitbrúnir af og slípa loka í kælivatnsdælu eða austurdælu og fella saman bandið.

f. Sverfa upp nýjan eða brunninn lóðbolta, tina hann og tinlóða hluti zinkvarða eða ózinkvarða. Harðlóða saman eir eða látún (t. d. látúnsstút eða kraga á eirpípu) með venjulegum blásturslampa eða logsuðu.

g. Gera eitthvað annað þessu hliðstætt, sem prófnefnd álítur, að sýni eins mikla kunnáttu prófsveins. Prófsveinn getur ekki krafist sérstaks verkefnis.

Hæsta aðaleinkunn verður þannig 112 stig. Til þess að standast prófið þarf í aðaleinkunn 56 stig, í íslenzku meðaleinkunnina 3, í samanlagðri mótorfræði meðaleinkunnina 3 og í aukagreinunum samanlögðum meðaleinkunnina 3.

20. gr.

Hver prófsveinn, sem staðizt hefur prófið, fær að því loknu prófskírteini eftir þessari fyrirmynd.

Nr.....

(Ríkisskjaldarmerki)

PRÓFSKÍRTEINI

N.N. .....

fæddur .....

.....

hefur staðizt hið minna mótorvélstjórapróf við mótornámskeið Fiskifélags Íslands og hlotið þær einkunnir, er hér segir:

Íslenzka	1 eink.	.... stig
Stærðfræði	1 —	.... —
Eðlisfræði	1 —	.... —
Mótorfræði	3 —	.... —
Aðaleinkunn	6 eink.	.... stig

Meðaleinkunn ....., sem er ..... einkunn.

Reykjavík, ... 19....

N.N. N.N. N.N.

Til þess að standast prófið þarf minnst 24 stig, í mótorfræði minnst meðaleinkunnina 3. Hæsta aðaleinkunn er 48 stig.

Nr. .....

(Ríkisskjaldarmerki)

PRÓFSKÍRTEINI

N.N. .....

fæddur .....

.....

hefur staðizt hið meira mótorvélstjórapróf við mótornámskeið Fiskifélags Íslands og hlotið þær einkunnir, er hér segir:

188
1. okt.

Aukagreinar:

Íslenzka	2 eink.	.... stig	
Stærðfræði	2 —	.... —	
Eðlisfræði	1 —	.... —	
Rafmagnsfræði	2 —	.... —	.... stig
Mótorfræði	7 —	..... —	

Aðaleinkunn 14 eink. ..... stig

Meðaleinkunn ....., sem er ..... einkunn.

Reykjavík, ...19....

N.N. N.N. N.N.

Til þess að standast prófið þarf minnst 56 stig, í íslenzku meðaleinkunnina 3, í samanlagðri mótorfræði meðaleinkunnina 3 og í aukagreinunum samanlögðum meðaleink. 3. Hæsta aðaleinkunn er 112 stig.

21. gr.

Að afloknu prófinu ritar prófnefnd skýrslu um prófið með nöfnum prófsveina, fæðingardegi, ári og fæðingarstað ásamt verkefni við prófið, og ritar hún hinar gefnu einkunnir í þar til gerða prófbók, dagsetur hana og staðfestir með undirskrift sinni.

Í prófbókina skal einnig færa skýrslur þær, sem sendar eru Fiskifélaginu frá námskeiðum, sem haldin eru utan Reykjavíkur, jafnóðum og þær berast Fiskifélaginu.

Prófbókina skal geyma í vörzlum Fiskifélags Íslands, en eftirrit af henni skal senda menntamálaráðuneytinu.

22. gr.

Glati mótorvélstjóri prófskírteini sínu, á hann rétt á að fá eftirrit af því hjá Fiskifélagi Íslands, ef hann æskir þess.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 18. gr. laga nr. 71/1936, um kennslu í vélfræði, og 57. gr. laga nr. 66/1946, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum, öðlast þegar gildi. Samtímis er úr gildi felld reglugerð nr. 104/1936, um mótornámskeið.

Menntamálaráðuneytið, 1. október 1947.

Eysteinn Jónsson.

Birgir Thorlacius.

189
1. okt.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 103 29. sept. 1936, fyrir vélskólann í Reykjavík.

1. gr.

Síðari málsgrein 6. töluliðs 4. gr. reglugerðarinnar orðist svo:
Matmálstími er frá kl. 11.50 til 13.10.

2. gr.

10. gr. reglugerðarinnar orðist svo:
Kennslustundir á viku hverri skulu vera sem hér segir:

189
1. okt.

Námsgreinar	Minni vélstjóradeild	Meiri vélstjóradeild Fyrri vetur	Meiri vélstjóradeild Síðari vetur	Rafmagnsdeild Fyrri vetur	Rafmagnsdeild Síðari vetur
Íslenzka	5	5	3	5	0
Danska	0	3	2	3	0
Enska	0	3	2	0	0
Þýzka	0	3	2	4	2
Stærðfræði	6	8	6	9	0
Eðlisfræði	4	4	4	6	0
Eimvélafræði	12	3	6	4	2
Mótorfræði	3	3	6		
Burðarþolsfræði	0	0	1	0	0
Vélateikning	0	3	3	4	0
Rafmagnsteikning	0	0	0	0	4
Hjúkrunarfræði	0	1	1	0	0
Bókhald og viðskiptafræði	0	1	1	2	0
Líkamsæfingar	0	1	1	1	1
Bókleg rafmagnsfræði	2	0	0	0	18
Verkleg rafmagnsfræði	2	0	0	0	6
Efnis- og áhaldafræði	0	0	0	0	2
Ljósfræði	0	0	0	0	2
Reglur, öryggis- og hjúkrunarfræði	0	0	0	0	1
Samtals	34	38	38	38	38

Lærisveinar í minni vélstjóradeild skulu auk þess skyldir að hlýða á fyrirlestra í hjúkrunarfræði og björgunarreglum einu sinni í viku.

Hver kennslustund er 50 mínútur.

3. gr.

Þriðja málsgrein 11. gr. orðist svo:

Hið minna vélstjórapróf að lokinni kennslu ár hvert.

4. gr.

a. 2. tölul. 23. gr. orðist svo:
Í stærðfræði: Þekking á hinum fjórum algengu reikningstegundum með heilum tölum, brotum og tugabrotum, enn fremur einfaldri þríliðu, líkingum og grundvallaratriðum flatarmálsfræðinnar og rúmmálsfræðinnar.

b. Orðin: „með tilliti til mótora í bjargbátum“ í 4. tölul. 23. gr., falli niður.

c. Í lok 23. gr. komi nýr liður, er verður 5. töluliður, svo hljóðandi:
Í rafmagnsfræði: Þekking á grundvallaratriðum rafmagnsfræðinnar um rakstraum. Þekking á rafölum, rafmagnsmótorum og rafmagnsgeymum og meðferð þeirra. Enn fremur þekking á rafmagnslögnum, mælitækjum og ljósatækjum í skipum.

5. gr.

29. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Við hið minna vélstjórapróf skulu gefnar 14 einkunnir:

Í vélfræði ..... 6 eink. fyrir 3 skrifl. og 3 munnl. úrl.
Í íslenzku ..... 2 — — 1 — — 1 — —
Í reikningi ..... 2 — — 1 — — 1 — —
Í eðlisfræði ..... 1 — — munnl. úrlausn.
Í rafmagnsfræði ..... 2 — 1 fyrir verkl. og 1 fyrir munnl. úrl.

Hæsta aðaleinkunn verður þannig 112 stig, en lægsta aðaleinkunn, sem þarf til þess að standast prófið, er 56 stig, og í samanlagðri vélfræði meðaleinkunnina 3, í aukagreinunum samanlögðum meðaleinkunnina 3 og í íslenzku meðaleinkunnina 3. 189 1. okt.

6. gr.

A liður 33. gr. orðist svo:

Nr. .....

(Ríkisskjaldarmerki)

PRÓFSKÍRTEINI

N. N.

fæddur .....

hefur staðizt hið minna vélstjórapróf við vélskólann í Reykjavík og hlotið þær einkunnir, sem hér segir:

Aukagreinar	Íslenzka	2 eink.	.... stig.	
	Stærðfræði	2 —	.... —	
	Eðlisfræði	1 —	.... —	
	Rafmagnsfræði	2 —	.... —	
	Mótorfræði	1 —	.... —	.... stig.
Vélfræði		6 —	.... —	.... —

Aðaleinkunn 14 eink. .... stig.

Meðaleinkunn ..... sem er ..... einkunn.

Reykjavík, ... 19..

N. N. N. N. N. N

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 18. gr. laga nr. 71/1936, um kennslu í vélfræði, og 57. gr. laga nr. 60/1946, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum, öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 1. október 1947.

Eysteinn Jónsson.

Birgir Thorlacius.

REGLUGERÐ 190

26. nóv.

um eignakönnun samkvæmt lögum nr. 67 1947.

I. KAFLI

1. gr.

Framtal eigna og tekna samkvæmt lögum um eignakönnun, skal fara fram 31. des. 1947. Nefnist sá dagur framtalsdagur. Framtölum ber að skila til viðkomandi skattyfirvalda fyrir 1. febr. 1948. Sjóðseign bókhaldsskyldra aðila skal jafnan talin eins og hún raunverulega var að kvöldi hins 31. des. 1947. Framtalsnefnd getur veitt viðkomandi skattyfirvöldum heimild til þess að veita framteljanda lengri frest, ef sérstaklega stendur á. Framtöl þessi skulu gilda sem skattframtöl 1948.

190 2. gr.

26. nóv. Framtalsskyldir eru allir þeir aðilar, sem fram eiga að telja til skatts samkvæmt gildandi skattalögum. Þar með talin börn, gamalmenni og aðrir, sem hvorki hafa talið fram áður né verið skattlagðir áður. Framtalsskyldir eru einnig sjóðir, félög, stofnanir og bú, sem eru undir skiptum, og aðrir ópersónulegir aðilar, sem eignir eiga, enda þótt þeir reki ekki atvinnu eða njóti skattfrelsis að lögum.

Fram skal talið, þó að eign aðila sé ekki svo mikil, að skattskyldu nemi.

Eign barns innan 16 ára aldurs, sem ekki hefur verið sjálfstæður framteljandi, telst með eignum foreldra, nema sannað sé, að barnið hafi verið orðið eigandi fjárins fyrir 1. sept. 1946, eða eignin sé sjálfsaflafé barnsins.

3. gr.

Undanþegnir framtali eru forseti Íslands, ríkissjóður, ríkisfyrirtæki og ríkisstofnanir og aðrir þeir sjóðir, sem standa undir umsjón ríkisstjórnarinnar, sveitarfélög og bæjarfélög og fyrirtæki, er þau reka, og sjóðir þeirra, íslenzkir kirkjusjóðir, svo og bankar og sparisjóðir, sem engan arð greiða stofnendum sínum eða ábyrgðarmönnum, þó er framangreindum aðilum skylt, að forseta Íslands undanskildum, að gefa framtalsnefnd sundurliðaðar skýrslur um eignir sínar og skuldir innan þess tíma, sem fjármálaráðherra ákveður. Aðilar þeir, sem í 5. gr. laga nr. 6 1935 greinir, eru undanþegnir framtalsskyldu að sama skapi og þeir eru undan skattskyldu þegnir hér á landi, enda séu þeir erlendir ríkisborgarar.

4. gr.

Um framtal eigna skv. lögum þessum gilda ákvæði 17.—20. gr. laga nr. 6 1935, að því leyti sem ekki eru settar sérreglur í reglugerð þessari.

Ef aðili hefur eftir 1. jan. 1947 gefið eða greitt fyrirfram upp í arf fjárhæð, sem meiru nemur en 1000.00 kr. til sama viðtakanda, þá skal sú fjárhæð talin með eign gefanda eða arfgreiðanda í sambandi við eignakönnunina.

5. gr.

Framteljanda er skylt að sundurliða og sérgreina eignir sínar og skuldir í samræmi við það, sem krafizt er á framtalseyðublöðum, svo og að gefa framtalsnefnd og skattyfirvöldum allar þær upplýsingar, sem þessir aðilar óska um atriði, er snerta fjárhag hans.

6. gr.

Skattanefndir og skattstjórar gera skrá yfir alla þá framteljendur, sem eignaaukning kemur fram hjá fram yfir það, sem eðlilegt getur talizt af tekjum ársins 1947 eða af öðrum eignabreytingum.

Skrá þessi ásamt öðrum gögnum skal send framtalsnefnd jafnskjótt og skattstörfum er lokið 1948. Á þetta einnig við þá, er vilja notfæra sér ákvæði 4. mgr. 17. gr. laga um eignakönnun. Framtalsnefnd leggur á skatta skv. lögum um eignakönnun nr. 67 1947. Framtalsnefnd skal tilkynna gjaldanda skattálagninguna með ábyrgðarbréfi.

Skattþegn er heimilt að kæra yfir álagningu skattsins til framtalsnefndar. Kærufrestur skal vera 3 vikur í Reykjavík og Hafnarfirði frá því að tilkynning um skattgreiðslu var lögð í póst, en 6 vikur annars staðar á landinu. Framtalsnefnd úrskurðar kæru skattþegns innan 4 vikna eftir að henni barst kæran í hendur, nema hún telji sig þurfa lengri frest til rannsóknar.

Skattþegn getur skotið úrskurði framtalsnefndar til fjármálaráðherra.

Um innheimtu skatts skv. lögum um eignakönnun gilda sömu ákvæði og um innheimtu tekju- og eignaskatts.

7. gr. 190

Nú skýrir maður af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi rangt frá eignum sínum 26. nóv.
á framtali sínu, og skal þá eign sú, sem hann þannig dregur undan, falla óskipt til ríkissjóðs.

8. gr.

Hver sá, sem af ásetningi gefur rangar, villandi eða ófullkomnar upplýsingar um eignir sínar á framtali sínu, svo og hver sá, sem af ásetningi lætur undan fallast að telja fram á réttum tíma, skal sæta sektum allt að 200 000.00 krónum.

Sömu refsingu skal sá sæta, sem gerist sekur um hlutdeild í slíku broti.

II. KAFLI

9. gr.

Landsbanka Íslands ber að kalla inn alla peningaseðla sína, sem í umferð eru á framtalsdegi.

Hætta þeir frá upphafi þess dags að vera löglegur gjaldmiðill í greiðslur til opinberra sjóða og manna á milli, sbr. þó 3. og 4. mgr. hér á eftir.

Landsbankinn gefur út nýja tegund seðla, og skulu þeir látnir í skiptum fyrir þá, sem innkallaðir eru.

Innkallaðir seðlar halda gildi sínu gagnvart Landsbanka Íslands framtalsdag og næstu níu daga þar á eftir. Þann tíma er unnt að afhenda seðla til innlausnar í bankanum sjálfum og þeim stofnunum, sem bankinn veitir rétt til seðlainnlausnar í umboði sínu. Sá, sem síðar fær í hendur seðla í peningabréfi, sem sett hefur verið í póst fyrir framtalsdag, getur þó innan mánaðar frá framtalsdegi fengið þá innleysta, sé peningabréfsumslagið jafnframt afhent.

Svo skulu og skipverjar og farþegar á íslenzku skipi, sem ekki hefur verið statt á innlausnarstað á framtalsdegi eða næstu níu daga þar á eftir, eiga þess kost að fá seðla sína innleysta á fyrsta innlausnarstað, sem skipið kemur til eftir þann tíma, enda votti skipstjóri skriflega um fjarveru skipsins og að maður sá, sem innlausnar æskir, hafi með því fylgzt.

Frá upphafi framtalsdags er afhending, viðtaka og sérhver önnur ráðstöfun á innkölluðum peningaseðlum óheimil, að undantekinni afhendingu til innlausnar. Framtalsdag og tvo næstu daga þar á eftir er þó heimilt að nota 5 kr. og 10 kr. seðla til greiðslu farmiða og flutningsgjalds, kaupa á meðulum í lyfjabúðum, nauðsynlegri matvöru í smásöluverzlunum og þess háttar. Viðtaka seðla þessa daga veitir þó ekki viðtakanda heimild til að skipta seðlum oftar en eitt sinn, sbr. 10. gr.

Um auglýsingu innköllunarinnar fer eftir nánari ákvörðun Landsbanka Íslands.

10. gr.

Ekki má sami aðili fá seðla innleysta oftar en eitt skipti. Ákvæði þetta tekur þó ekki til manna, sem fengið hafa í hendur peningabréf, samkvæmt því sem segir í 3. mgr. 9. gr.

11. gr.

Hver sá, er afhendir innlausnarstofnun seðla til innlausnar, skal sýna stofnuninni nafnskírteini sitt.

Nafnskírteini eiga menn rétt á að fá útgefin af lögreglustjórum og hreppstjórum.

Innlausnarstofnun skal um leið og innlausn fer fram stimpla á nafnskírteinið, að eigandi þess hafa neytt innlausnarréttar.

Þá skal og sá, sem seðla afhendir til innlausnar, undirrita innlausnarbeiðni í tvíriti.

190 26. nóv.

Skal þar greind upphæð hinnar afhentu seðlafúlgu, fullt nafn afhendanda ásamt fæðingardegi og fæðingarári, svo og heimilisfang hans. Hann skal einnig greina heimilisfang sitt við síðasta skattframtal, ef annað hefur verið. Giftar konur, sem sjálfar afhenda seðla til innlausnar, skulu auk nafns síns greina nafn og heimilisfang eiginmanns síns.

Í kaupstöðum og kauptúnum, þar sem innlausn fer fram, skulu einstaklingar, 16 ára og eldri, afhenda sjálfir seðla sína til innlausnar, séu þeir um það færir.

Ef eigandi seðla á heima utan nefndra staða, eða sé hann ekki fær um að afhenda seðla sjálfur, má hann fela öðrum manni að innleysa seðlana fyrir sína hönd, enda afhendi hann honum nafnskírteini sitt til sýnis og stimplunar í innlausnarstofnun.

Þeir, sem æskja innlausnar seðla fyrir börn innan 16 ára aldurs, skulu, auk þess að gera grein fyrir sjálfum sér, eins og áður segir, skýra frá fullu nafni og heimilisfangi eiganda seðlanna, svo og fullu nafni og heimilisfangi föður barnsins eða framfærslumanns. Innlausnarbeiðni ópersónulegra aðila, félaga, stofnana, sjóða o. s. frv., skal undirrituð af þeim stjórnarmönnum viðkomandi aðila, sem lögum samkvæmt geta skuldbundið hann.

12. gr.

Stofnanir þær, sem annast innlausn og viðtöku seðla, senda Landsbankanum allar mótteknar innlausnarbeiðnir, ásamt hinum innkölluðu seðlum, jafnskjótt og innlausnarfresturinn er liðinn.

Landsbankinn sendir síðan framtalsnefnd seðlainnlausnarbeiðnirnar eftir að hann hefur unnið úr þeim, skipulega uppraðaðar í stafrófsröð og eftir lögsagnarumdæmum.

13. gr.

Nú koma innkallaðir seðlar fram, eftir að innlausnarfresturinn er liðinn, eða eftir að eigandi hefur notað rétt sinn til seðlainnlausnar, og skal þá Landsbanki Íslands eða önnur innlausnarstofnun taka við seðlunum, ef þess er óskað, enda fylgi þeim greinargerð um ástæður fyrir drættinum.

Settar verða reglur í samráði við stjórn Landsbankans um, að hve miklu leyti innlausnarstofnunum skuli heimilt að láta endurgjald fyrir slíka seðla.

14. gr.

Falli einhverjar greiðslur í gjalddaga á framtalsdegi eða næstu tvo daga þar á eftir, færist gjalddagi þeirra fram um 3 daga.

15. gr.

Tékka, sem út eru gefnir fyrir framtalsdag, skal þrátt fyrir ákvæði 29. gr. laga nr. 94 1933 sýna til greiðslu í síðasta lagi innan mánaðar frá framtalsdegi. Innan sama tíma skal greiðslu vitjað samkvæmt ávísunum, sem greiðast eiga af opinberum sjóðum og út eru gefnar fyrir framtalsdag.

Greiðslu samkvæmt póstávísun, sem gefin hefur verið út fyrir framtalsdag, eða samkvæmt póstkröfu, sem innleyst hefur verið fyrir sama tíma, skal vitjað á viðkomandi pósthús í síðasta lagi innan mánaðar frá framtalsdegi.

Sá, sem við greiðslu tekur samkvæmt 1. mgr., skal sýna greiðslustofnuninni nafnskírteini sitt og afhenda henni skriflega viðurkenningu fyrir greiðslunni, er greini móttekna fjárhæð, fullt nafn, fæðingarár og fæðingardag viðtakanda, svo og heimilisfang hans, ennfremur nafn og heimilisfang greiðanda.

Viðtökuskýrslur þessar sendir viðkomandi greiðslustofnun til framtalsnefndar tafarlaust.

Nú er krafizt greiðslu á tékka, annarri ávísun eða innleystri póstkröfu samkvæmt 1. mgr., eftir að þar greindur frestur er liðinn, og skal greiðslustofnun óheimilt að inna greiðslu af hendi, nema samþykki framtalsnefndar komi til. 190 26. nóv.

Sýning á tékkum þeim, er í 1. mgr. getur, til greiðslu, eftir að mánuður er liðinn frá framtalsdegi, hefur ekki í för með sér brottfall á framkröfurétti tékkhafa, enda sé tékki sýndur til greiðslu, áður en frestur samkvæmt 29. gr. l. nr. 94 1933 sé liðinn.

16. gr.

Öllum bönkum, bankaútibúum og sparisjóðum er skylt að taka að sér innlausn innkallaðra peningaseðla í umboði Landsbanka Íslands.

17. gr.

Hver sá, sem af ásetningi eða stórfelldu gáleysi greinir rangt eða villandi frá einhverju, sem honum ber að gefa upplýsingar um í sambandi við innlausn peningaseðla, svo og hver sá, sem brýtur gegn fyrirmælum 4. mgr. 9. gr. eða 10. gr., skal sæta sektum, allt að 200000.00 kr., enda varði brotið ekki þyngri refsingu samkvæmt öðrum lögum. Tilraun til brota og hlutdeild í þeim er refsiverð á sama hátt.

III. KAFLI

Um nafnskráningu á innstæðum í lánsstofnunum.

18. gr.

Hver sá, sem á framtalsdegi á innstæðu á einum eða fleiri reikningum í banka, sparisjóði eða annarri lánsstofnun, þar með taldar innlánsdeildir samvinnufélaga, skal afhenda hlutaðeigandi lánsstofnun yfirlýsingu til staðfestingar á eignarheimild sinni á innstæðunni og sýna samtímis nafnskírteini sitt.

Samkvæmt þessu ber því innstæðueigendum, hvort sem innstæður þeirra eru skráðar hjá peningastofnunum á fullt nafn og heimilisfang eigendanna eða skráðar þar með öðrum nöfnum, eða nafnlausnar, að gefa um það yfirlýsingu.

Það, sem lánsstofnanir eiga hver hjá annarri, þarf þó ekki að gefa yfirlýsingu um.

Ef innstæðueigandi er heimilisfastur utan þess kaupstaðar eða hrepps, þar sem viðkomandi lánsstofnun er, getur hann afhent innstæðuyfirlýsingu til formanns skattanefndar eða skattstjóra, þar sem hann á heimili, en þeir senda hlutaðeigandi lánsstofnun yfirlýsingarnar.

Í innstæðuyfirlýsingu skal greina heiti lánsstofnunar, númer innstæðureiknings eða sparisjóðsbókar, fullt nafn innstæðueiganda, stöðu hans og heimilisfang.

Ef innstæðueigandi er gift kona, skal greina nafn og heimili eiginmanns hennar, og sé eigandi barn innan 16 ára aldurs, skal greint nafn og heimili föður eða framfærslumanns.

Ef fleiri en einn eru eigendur innstæðu, skal greina nafn, stöðu og heimilisfang hvors eða hvers eiganda um sig og skýra frá, hvernig eignahlutföll eru þeirra á milli.

Ef sami aðili á fleiri en einn innstæðureikning í sömu lánsstofnun, skal greina sérstaklega hverja innstæðu fyrir sig.

Framtalsnefnd lætur gera eyðublöð undir innstæðuyfirlýsingar, og skulu þau liggja frammi í öllum lánsstofnunum, svo og hjá skattstjórum og formönnum skattanefnda.

Undirskriftum innstæðuyfirlýsinga skal hagað með sama hætti sem undirskriftum framtala.

190 26. nóv.

Séu fleiri en einn eigandi að innstæðu, er nægilegt, að einn sameigandi undirriti yfirlýsinguna. Ef ekki er kunnugt um eiganda einhverrar innstæðu, hvílir yfirlýsingarskyldan á þeim, er hefur viðtökuskírteinið í vörzlum sínum.

Handveðhafar innstæðna geta einnig gefið slíka yfirlýsingu fyrir hönd eiganda veðsins, þótt þeir hafi ekki sérstakt umboð til þess.

Yfirlýsingar um innstæðu skulu afhentar hlutaðeigandi lánsstofnunum eða skattayfirvöldum innan tveggja mánaða frá framtalsdegi.

Einstaklingar og félög, sem heimilisfang eiga erlendis, skulu hafa frest til að skila innstæðuyfirlýsingum sex mánuði frá framtalsdegi. Framtalsnefnd getur veitt lengri frest, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

19. gr.

Sá, sem tekur við innstæðuyfirlýsingu, gefur kvittun fyrir viðtöku hennar.

Þegar yfirlýsingin hefur verið borin saman við reikninga viðkomandi lánsstofnunar og þar hefur farið fram skráning, skal innstæðueiganda gefin viðurkenning fyrir því, að yfirlýsingarskyldu sé fullnægt, enda hafi yfirlýsing hans reynzt rétt.

Allar innstæðuyfirlýsingar skulu útfylltar í tvíriti.

Innstæðuyfirlýsingarnar skulu sendar framtalsnefnd við lok skráningarfrestsins, skipulega uppraðaðar eftir stafrófsröð.

Nú hefur lánsstofnun tekið við yfirlýsingu um innstæðu frá aðila búsettum utan lögsagnarumdæmis lánsstofnunar, og skal þá hlutaðeigandi lánsstofnun raða slíkum yfirlýsingum sérstaklega upp eftir lögsagnarumdæmum og í stafrófsröð, og senda þær þannig til framtalsnefndar, jafnskjótt og skráningarfresturinn er liðinn.

20. gr.

Frá og með framtalsdegi er sérhverri lánsstofnun óheimilt að greiða fé út af innstæðureikningi, fyrr en hún hefur fengið í hendur innstæðuyfirlýsingu reikningseiganda.

Ávísanir, sem út eru gefnar fyrir framtalsdag, er þó heimilt að færa reikningi útgefanda til skuldar, þótt hann hafi ekki enn fullnægt yfirlýsingarskyldu sinni, enda sýni viðtakandi nafnskríteini sitt og gefi stofnuninni viðurkenningu fyrir greiðslunni, sbr. 15. gr.

21. gr.

Lánsstofnanir gefa framtalsnefnd skýrslu um allar þær innstæður, sem yfirlýsingar hafa ekki borizt um innan tilskilins tíma samkvæmt framansögðu.

Í skýrslunni skal greina upphæð hverrar innstæðu, ásamt þeim upplýsingum, sem stofnunin getur í té látið um það, hver eigandi muni vera. Birta skal opinbera innköllun varðandi innstæður þessar og með þeim fyrirvara, er fjármálaráðherra ákveður.

Komi eigandi ekki fram, áður en innköllunarfrestur er liðinn, rennur innstæðan óskert í ríkissjóð.

Nú kemur fram innstæðuyfirlýsing, eftir að frestur er liðinn samkvæmt síðustu mgr. 18. gr., en fyrir lok innköllunarfrestsins, og getur þá fjármálaráðherra gert eiganda innstæðunnar að greiða sekt til ríkissjóðs vegna dráttarins, ef ekki þykja nægar afsakanir fyrir hendi. Sekt má nema allt að 25% af innstæðunni, eftir nánari reglum, sem ráðherra setur í samráði við framtalsnefnd.

Hver sá, sem af ásetningi eða stórfelldu gáleysi gefur rangar eða villandi yfirlýsingar um innstæðueign, skal sæta sektum allt að 200000.00 krónur.

Hlutdeild í broti er refsiverð á sama hátt.

IV. KAFLI
Um tilkynningu handhafaverðbréfa.

23. gr.

Öll innlend handhafaverðbréf, sem út hafa verið gefin fyrir framtalsdag og þann dag eru í umferð, innan lands eða utan, skal tilkynna til sérstakrar skráningar. Erlend handhafaverðbréf, sem eru eign innlendra aðila á framtalsdegi, er skylt að tilkynna á sama hátt.

Til innlendra handhafabréfa teljast öll skuldabréf eða vaxtabréf, sem gefin eru út til handhafa af ríkissjóði eða ríkisstofnunum, bæjar- eða sveitar- og sýslufélögum, opinberum stofnunum eða fyrirtækjum, bönkum og öðrum lánsstofnunum, svo og skuldabréf og víxlar, sem gefin hafa verið út eða framseld til handhafa af einstaklingum eða félögum, og hlutabréf eða stofnbréf í félögum eða fyrirtækjum, sem ekki eru skráð á nafn.

Sama gildir um hvers konar kvittanir eða skírteini, sem eiga fyrr eða síðar að innleysast með handhafaverðbréfum.

Öll verðbréf, sem upphaflega hafa verið gefin út til handhafa, eru tilkynningarskyld, þó að þau hafi síðar komið til að hljóða á nafn. Innlend verðbréf, sem geymd eru hér á landi, skal tilkynna til skattanefndar eða skattstjóra í því skattumdæmi, þar sem eigandi verðbréfanna er heimilisfastur.

Heimilt er þó að tilkynna verðbréf til annarrar skattanefndar eða skattstofu, ef hentara þykir, svo sem ef eigandi þeirra dvelst utan lögheimilis síns eða bréfin eru ekki á heimili hans. Stofnanir og fyrirtæki, sem hafa mikla verðbréfaeign undir höndum, geta krafizt þess, að skráning fari fram á geymslustað bréfanna.

Tilkynningarskyld verðbréf í eigu einstaklinga, stofnana eða fyrirtækja, sem heimilisfesti hafa erlendis, svo og erlend verðbréf, skal tilkynna beint til framtalsnefndar.

Framtalsnefnd getur falið fleiri aðilum en að framan greinir að veita tilkynningum viðtöku.

24. gr.

Tilkynningarskyldan hvílir á eigendum verðbréfanna.

Dveljist eigandi erlendis, hvílir skyldan á umboðsmanni hans hér, enda leggi hann fram umboð til þess. Ef verðbréf er í sameign tveggja aðila eða fleiri, hvílir tilkynningarskyldan á þeim aðilanum, sem bréfin geymir. Annist enginn þeirra geymslu bréfanna, er hverjum þeirra um sig skylt að sjá um, að tilkynning fari fram. Ef ekki er vitað um eiganda, hvílir skyldan á þeim, sem hefur vörzlu bréfanna. Skiptaráðandi tilkynnir verðbréf þrotabúa og dánarbúa, sem eru undir opinberum skiptum. Tilkynningarskylda hvílir á eiganda, þó að bréfið sé sem handveð eða til tryggingar hjá þriðja manni. Þeir, sem hafa slík bréf að handveði eða til tryggingar, geta þó tilkynnt þau til skráningar fyrir hönd eigenda þeirra, ef þeir telja sig þurfa þess til að gæta réttar síns. Bréf ófjárráða manna tilkynna fjárhaldsmenn eða framfærslumenn.

Ef vafi leikur á um tilkynningarskyldu, skal um hana fara eftir úrskurði framtalsnefndar.

Tilkynningar um verðbréf skulu undirritaðar af þeim, sem tilkynningarskylda hvílir á, og gilda að öðru leyti um undirskrift sömu reglur sem áður segir um innlausnarskýrslur og innstæðuyfirlýsingar, m. a. um sýningu nafnskírteinis.

25. gr.

Verðbréfatilkynningar skulu vera í tvíriti. Í þeim skal greina nafn eiganda stöðu hans og heimilisfang, og þegar um skuldabréf útgefið af einstaklingum eða

190 stofnunum einstaklinga er að ræða, nafn skuldara verðbréfsins, útgáfudag og ár og
26. nóv. upphæð, séu bréfin númeruð, þá skal greina númer þeirra og sömuleiðis veðtryggingu, ef nokkur er, svo og önnur einkenni.

En þegar um opinber verðbréf er að ræða, skal auk nafns, stöðu og heimilisfangs eiganda þeirra, einnig greina nafn útgefanda, flokk, lítra og númer, auk annarra einkenna, ef einhver eru.

Tilkynningum um verðbréf þeirra aðila, sem heimilisfastir eru hér á landi, skal lokið innan mánaðar frá framtalsdegi, en aðila heimilisfastra erlendis innan 6 mánaða. Framtalsnefnd getur veitt lengri frest, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Komi tilkynningar fram, eftir að frestur er liðinn, en fyrir lok innköllunarfrests, sbr. 27. gr., úrskurðar framtalsnefnd, hversu með skuli fara. Fyrir drátt á tilkynningu getur fjármálaráðherra úrskurðað eiganda sekt allt að 25% af andvirði bréfanna.

Ekki er eiganda skylt að tilkynna verðbréfaeign sína alla í einu lagi.

26. gr.

Þegar tilkynning er afhent skattanefnd, skattstofu eða framtalsnefnd, skal jafnan leggja fram verðbréf þau, sem þar eru greind, að undanskildum verðbréfum, sem erlendis eru. Sá aðili, sem við tilkynningu tekur, gætir þess, að bréfin séu þar rétt greind, og stimplar síðan hvert verðbréf með þar til gerðu stimpilmerki og skrifar eða stimplar nafn sitt yfir það.

Tilkynningarskyld verðbréf, sem út eru gefin af erlendum aðilum, skal stimpla á sama hátt og innlend verðbréf, og innan sama frests, séu þau geymd hér á landi. Innlend verðbréf, sem geymd eru erlendis, skulu send framtalsnefnd til stimplunar innan 6 mánaða frá framtalsdegi.

Að stimplun lokinni skal bréfunum skilað aftur í hendur eiganda.

Þeir, sem tilkynningarskyld verðbréf hafa undir höndum, til geymslu, innheimtu, tryggingar eða vegna þess, að þeim hefur verið falin sala þeirra, geta látið skrá þau á nafn eiganda þeirra, ef eigendurnir gera það ekki sjálfir.

27. gr.

Þeir aðilar, sem veita verðbréfatilkynningum viðtöku og annast stimplun þeirra eða merkingu, skulu gera skrár um öll þau verðbréf, sem þeim hafa borizt tilkynningar um, og í því formi, sem framtalsnefnd ákveður. Framtalsnefnd skal fá skrárnar í hendur ásamt skilagrein um stimpilmerki, þegar að loknum skráningarfresti. Framtalsnefnd lætur fara fram rannsókn á því með aðstoð skattyfirvalda og þeirra aðila, sem eru útgefendur tilkynningarskyldra verðbréfa, hvort tilkynnt hafi verið öll þau verðbréf, sem í umferð eru af hverjum flokki og hverri tegund verðbréfa.

Eftir að tilkynningarfrestur er liðinn, skal birta opinbera innköllun til eigenda verðbréfa, sem ekki hafa verið tilkynnt. Innköllunarfrest ákveður framtalsnefnd. Ef eigandi bréfs kemur ekki fram samkvæmt innkölluninni innan loka innköllunarfrests, fellur verðbréfið, ásamt vöxtum og arði, eða andvirði þess, óskert í ríkissjóð.

Fjármálaráðherra getur þó í samráði við framtalsnefnd veitt undanþágu frá þessu, ef gild afsökun kemur fram fyrir því, að bréfi var ekki lýst í tæka tíð.

28. gr.

Hver sá aðili, sem flytur hingað til lands erlend verðbréf, sem ekki bera það ótvírætt með sér, að þau séu gefin út eða sett í umferð eftir framtalsdag, skal tafarlaust gefa framtalsnefnd skýrslu um innflutning bréfsins. Skal þar greina nafn og heimilisfang eiganda og hvenær bréfið hafi komið í hans eigu. Um stimplun og merkingu slíkra bréfa fer eftir venjulegum reglum.

Bannað er að flytja til annarra landa skráningarskyld verðbréf, sem ekki hafa verið tilkynnt. Sama er um vaxtamiða eða arðmiða af slíkum bréfum. 190 26. nóv.

Handhafabréf, sem gefin eru út af innlendum aðilum, er óheimilt að setja í umferð eftir framtalsdag, nema þau beri ótvírætt með sér, að þau séu gefin út eða sett í umferð eftir þann dag.

Óheimilt er að gefa út nýjar arkir arðmiða eða vaxtamiða eða skipta á nýjum örkum í stað eldri, nema viðkomandi verðbréf séu jafnframt sýnd.

29. gr.

Eftir framtalsdag er sala, veðsetning og aðrar ráðstafanir á tilkynningarskyldum verðbréfum óheimil og ógild, unz tilkynningarskyldu hefur verið fullnægt. Tekur það einnig til gjafa, arfgreiðslu, úthlutana við búskipti, nauðungarsölu o. s. frv.

Ef tilkynningarskylt verðbréf ber þess ekki glögg merki með stimplun, að tilkynningarskyldu hafi verið fullnægt, er útgefanda eða hverjum öðrum aðila óheimilt að innleysa það á einn eða annan hátt, greiða arð af því eða vexti eða fullnægja nokkurri þeirri greiðslu eða kröfu, sem eigandi bréfsins eða handhafi kynni að öðrum kosti að eiga rétt til með afhendingu eða framvísun bréfsins eða vaxtamiða af því.

30. gr.

Öllum opinberum stofnunum og embættismönnum, sem fá í hendur tilkynningarskyld verðbréf, er skylt að ganga úr skugga um, að þau hafi verið tilkynnt og stimplun eða áfestingu tilkynningarmerkja fullnægt. Sé einhver misbrestur á þessu, skulu nefndir aðilar þegar gera framtalsnefnd eða ríkisskattanefnd aðvart.

31. gr.

Hver sá, sem af ásetningi eða stórfelldu gáleysi gefur rangar eða villandi tilkynningar um tilkynningarskyld verðbréf eða brýtur gegn ákvæðum 28. eða 29. gr., skal sæta sektum, allt að 200000.00 krónum. Hlutdeild í broti er refsiverð á sama hátt.

V. KAFLI

32. gr.

Framtalsnefnd sér um framkvæmd laga um eignakönnun. Skattyfirvöldum er skylt að aðstoða nefndina, eftir því sem hún mælir fyrir.

Nefndin hefur yfirumsjón með innköllun peninga, skráningu innstæðna og verðbréfa og öðrum ráðstöfunum til sannprófunar eignaframtali.

Hún stýrir og rannsóknum varðandi eignakönnunarframtalið og undandrátt frá skatti frá fyrri árum.

33. gr.

Framtalsnefnd hefur allan sama rétt sem ríkisskattanefnd er veittur samkvæmt skattalögum til þess að krefjast skýrslna af einstökum mönnum, félögum eða stofnunum og til rannsóknar á efnahag framteljanda. Til þess að framkvæma réttarrannsóknir varðandi framtöl eða önnur efni, sem lög um eignakönnun taka til, skal, ef þess gerist þörf, skipa sérstaka rannsóknardómara samkvæmt 2. mgr. 30. gr. laga nr. 85 1936.

Í sambandi við framkvæmd laga um eignakönnun er bönkum og öðrum lánsstofnunum, svo og öllum opinberum aðilum skylt að veita framtalsnefnd og skattyfirvöldum alla þá aðstoð og upplýsingar, sem um er beðið og unnt er að láta í té, og í því formi, sem óskað er.

190 26. nóv. Framtalsnefnd getur falið sérstökum mönnum eða matsnefndum að framkvæma mat á vissum eignum eða tegundum eigna, svo sem vörubirgðum, byggingum, skipum, vélum, tækjum o. s. frv., til að sannreyna, hversu mikið fé hefur verið í þær lagt.

Matsgerð þeirra getur aðili, innan viku frá því að honum varð um hana kunnugt, skotið til yfirmats 3 dómkvaddra manna, og er mat þeirra fullnaðarmat.

Skylt er að veita matsmönnum aðstöðu til þess, að mat geti orðið framkvæmt. Framtalsnefnd hefur heimild til, án dómsúrskurðar, að láta fulltrúa sína rannsaka vörubirgðir einstakra manna og fyrirtækja og bókhald þeirra.

Þeir, sem starfa að framkvæmd laga þessara, eru háðir þagnarskyldu samkvæmt 50. gr. laga nr. 6 1935.

34. gr.

Ef nokkur sá, sem skyldur er að gefa skýrslu eða upplýsingar samkvæmt lögum um eignakönnun eða reglugerð þessari, verður ekki við því, þegar þess er krafizt af þar til bærum aðila, þá getur fjármálaráðherra gert honum að greiða dagsektir, allt að 500 krónum fyrir hvern dag, unz skyldunni er fullnægt.

35. gr.

Fjármálaráðherra getur, þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi, veitt undanþágur frá einstökum ákvæðum laga um eignakönnun, ef framtalsnefnd mælir með því.

36. gr.

Reglugerð þessi, sem gildir frá 1. desember 1947, er sett samkvæmt lögum nr. 67 5. júní 1947.

Fjármálaráðuneytið, 26. nóvember 1947.

Jóhann Þ. Jósefsson.

Magnús Gíslason.

191 21. nóv.

AUGLÝSING

um loftskeytastöðvar og talstöðvur í íslenzkum skipum og bátum.

Samkvæmt heimild í 9. gr. laga nr. 30 27. júní 1941, um fjarskipti, auglýsist hér með hlutaðeigendum til leiðbeiningar og eftirbreytni, að ríkisstjórnin hefur ákveðið, að hvert íslenzkt skip í förum milli Íslands og útlanda, sem hefur minnst 12 manna áhöfn, svo og hvert íslenzkt farþegaskip yfir 200 rúmlestir að stærð skuli hafa loftskeytastöð með minnst 75 watta afli í loftneti á 600 metra öldulengd, sem sé starfrækt af manni með loftskeytaprófi. Þó getur radíó-talstöð komið í stað loftskeytastöðvar í skipum í innanlandssiglingum, ef fyrir liggur skrifleg yfirlýsing frá póst- og símamálastjórninni, um að siglingaleiðin teljist innan öruggs talstöðvarlangdrægis strandstöðvar, er hefur sólarhrings vörzlu, enda sé siglingaleiðin og og lágmarksafl talstöðvar skipsins á neyðarbylgjulengd tilgreind í yfirlýsingunni.

Hvert annað íslenzkt þilskip stærra en 10 smálestir, er flytur farþega og siglir meira en 3 sjómílur frá landi, skal hafa radíó-talstöð með minnst 5 watta afli í loftneti á neyðarbylgjulengd talstöðva.

Auglýsing þessi gengur í gildi 1. janúar 1948. Frá sama tíma fellur úr gildi auglýsing frá 17. nóvember 1936, um loftskeytastöðvar í íslenzkum skipum.

Samgöngumálaráðherrann, 21. nóvember 1947.

Emil Jónsson.

Guðmundur Hlíðdal.

AUGLÝSING

192
19. des.

um innköllun seðla.

Með tilvísun til laga um eignakönnun, dags. 5. júní 1947, eru hér með innkallaðir allir peningaseðlar Landsbanka Íslands.

Þessir seðlar eru 5, 10, 50, 100 og 500 króna seðlar, gefnir út samkvæmt auglýsingum í Stjórnartíðindunum 16. sept. 1935, 6. júlí 1934, 7. ágúst 1936, 9. maí 1935 og 4. febr. 1944. Skulu allir þessir seðlar ógildir frá og með 31. desember 1947, sbr. þó 3. og 4. málsgrein 21. greinar laga um eignakönnun.

Um skipti á hinum innkölluðu seðlum fyrir nýja seðla fer eftir framangreindum lögum um eignakönnun.

Viðskiptamálaráðuneytið, 19. desember 1947.

Emil Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

AUGLÝSING

193
19. des.

um að út séu gefnir nýir bankaseðlar, samkvæmt lögum um Landsbanka Íslands.

Stjórn Landsbanka Íslands hefur, samkvæmt lögum nr. 10 frá 15. apríl 1928, gefið út handa Landsbankanum nýja 500 króna, 100 króna, 50 króna, 10 króna og 5 króna seðla.

Hinir nýju seðlar eru, hver um sig, jafnir að stærð hinum eldri seðlum, er nú eru í gildi, og sömuleiðis er gerð þeirra, hvers um sig, hin sama og á hinum eldri að öðru en lit. 500 króna og 100 króna seðlarnir eru 10×15 cm, 50 króna seðlarnir 8.5×13.5 cm., en 10 og 5 króna seðlarnir 7×12 cm. Framan á þá er prentað gildi þeirra, tilgreint með bókstöfum, í þrem orðum á 500 króna seðlunum, en tveim orðum á öllum hinum, og fyrir neðan þau orð í tveimur línum: Samkvæmt lögum nr. 10 15. apríl 1928. Landsbanki Íslands. Fyrir ofan þessar áletranir er letrað nafn bankans: Landsbanki Íslands, en fyrir neðan þær stendur nafn formanns bankaráðsins og nafn eins af bankastjórunum, og eru þau nöfn með rithönd þeirra. Vinstra megin við þær er mynd Jóns Sigurðssonar á 500 króna, 100 króna og 10 króna seðlunum og Jóns Eiríkssonar á 50 króna og 5 króna seðlunum, en hægra megin við áletranirnar er hvítur reitur, og er mynd Jóns Eiríkssonar á honum sem vatnsmerki á 500 króna, 100 króna og 50 króna seðlunum, en Jóns Sigurðssonar á 10 króna og 5 króna seðlunum. Á öll horn seðlanna, báðum megin, er letruð sú tala, er táknar gildi þeirra, hvers um sig, og aftan á hverri gerð er mynd í kringlóttum reit, á 500 kr. seðlunum af alþingisstaðnum gamla, Þingvelli, á 100 kr. seðlunum af fjárrekstri við Þjórsá, sunnan við höfðann Bringu, á 50 kr. seðlunum af höfninni í Vestmannaeyjum, á 10 króna seðlunum af Gullfossi og á 5 króna seðlunum af húsi Landsbankans, en upphafsstafir hans, L og Í skrautlega dregnir, hvor til sinnar handar. Grunnflöturinn á hvorri hlið seðils er með brugðnu skrautverki og yzt umgerðir með skrautgreinum í, tvær á framhliðum 500 króna, 100 króna og 50 króna seðlanna, en á bakhliðum þeirra og báðum megin á 10 króna og 5 króna seðlunum.

193 19. des. 500 króna seðlarnir eru með ljósbrúnum lit, 100 króna seðlarnir með bláum lit, 50 króna seðlarnir með grænum lit, 10 króna seðlarnir með rauðum lit og 5 króna seðlarnir með mógrænum, daufum lit.

Þetta er almenningi hér með gert kunnugt.

Viðskiptamálaráðuneytið, 19. desember 1947.

Emil Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

194 29. des.

AUGLÝSING

um innheimtu skemmtanaskatts árið 1947.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að nota heimild laga nr. 130/1947 til þess að innheimta skemmtanaskatt af kvikmyndasýningum með 200% álagi og af öðrum skemmtunum með 20% álagi árið 1948.

Leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna eru undanþegnar skattaukanum.

Menntamálaráðuneytið, 29. desember 1947.

Eysteinn Jónsson.

Birgir Thorlacius.

195 4. des.

AUGLÝSING

um framlengingu á bótatímabili Tryggingastofnunar ríkisins.

Ákveðið hefur verið, að yfirstandandi bótatímabil Tryggingastofnunar ríkisins framlengist til 30. júní 1948. Þeir, sem nú njóta ellilífeyris, örorkulífeyris, barnalífeyris, ekkjulífeyris, fjölskyldubóta eða örorkustyrks, þurfa því ekki að endurnýja umsóknir sínar um næstu áramót, þar sem úrskurðir um slíkar bætur gilda áfram fyrra missiri ársins 1948 og bæturnar verða greiddar þann tíma með sömu grunnupphæðum og á þessu ári, nema úrskurðum beri að breyta lögum samkvæmt.

Þeir, sem njóta örorkulífeyris eða örorkustyrks, sem úrskurðaður hefur verið samkvæmt tímabundnum örorkuvottorðum, er ekki gilda lengur en til næstu áramóta, þurfa þó, ef þeir óska að njóta lífeyris eða styrks áfram, að senda nýtt læknisvottorð áður en hið eldra fellur úr gildi, svo að orkutapið verði metið á ný. Greiðslur lífeyris og styrks til þeirra verða frá næstu áramótum miðaðar við hið nýja mat.

Þeir, sem vegna aldurs eða örorku öðlast rétt til lífeyris á tímabilinu til 30. júní 1948, sendi umsóknir sínar til umboðsmanns Tryggingastofnunarinnar á venjulegan hátt. Sama er um þá, sem á nefndu tímabili öðlast rétt til fjölskyldubóta, barnalífeyris, mæðra- eða ekknabóta eða sjúkradagpeninga.

Næsta bótaár hefst 1. júlí 1948 og endar 30. júní 1949. Verður auglýst síðar með hæfilegum fyrirvara, hvenær umsóknir fyrir það bótaár skuli endurnýjaðar.

Það er skilyrði fyrir bótagreiðslum, að hlutaðeigandi hafi greitt áfallin iðgjöld til tryggginganna. Er því áríðandi, að umsækjendur gæti þess að hafa tryggingaskírteini sín í lagi.

Tryggingastofnun ríkisins, 4. desember 1947.

Haraldur Guðmundsson.

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1947.

Auglýsing um afnám vegabréfsáritana milli Íslands og Belgíu, undirskrifuð af utanríkisráðherra 24. desember 1947, nr. 132.

Bráðabirgðalög um viðauka við lög nr. 128 1947, um dýrtíðarráðstafanir, undirskrifuð af forsetanum 31. desember 1947, nr. 133.

Auglýsing um staðfesting forseta Íslands á breyting á reglugerð fyrir Háskóla Íslands nr. 47 frá 30. júní 1942, undirskrifuð af menntamálaráðherra 13. nóvember 1947, nr. 134.

Bréf félagsmálaráðuneytisins til sýslumannsins í Árnessýslu, um skiptingu Sandvíkurhrepps í tvö sveitarfélög. 196 18. des.

Samkvæmt ákvæðum 4. gr. laga nr. 52 7. maí 1946, um sameiningu Selfossbyggðar í eitt hreppsfélag, sbr. og sveitarstjórnarlög nr. 12 31. maí 1927, vill ráðuneytið hér með skipa svo fyrir um skiptingu á sameiginlegum eignum og skuldum Sandvíkurhrepps í Árnessýslu milli hins nýja Sandvíkurhrepps og Selfosshrepps.

1. Barnaskólinn á Selfossi ásamt skólalóðinni, er takmarkast að sunnan af núverandi lóðarmörkum milli hreppsins og Selfossjarðeigenda, tíu metra frá áveituskurði, að vestan af Tryggvagötu, að norðan af suðurhlið Tryggvagarðs og að austan af framlengdum Bankavegi, skal vera sameign beggja hreppanna í hlutföllum 4/5 í hlut Selfosshrepps og 1/5 í hlut Sandvíkurhrepps.
2. Öllum eignum, skuldum og ábyrgðum hins gamla Sandvíkurhrepps skal skipt þannig, að 4/5 hlutar falli í hlut Selfosshrepps og 1/5 í hlut Sandvíkurhrepps, eftir því mati á eignum, sem hreppsnefndirnar hafa komið sér saman um. Þó gilda þau sérákvæði um brunabótasjóð Sandvíkurhrepps, að hann fellur óskiptum í hlut Sandvíkurhrepps hins nýja.
3. Framfærsla allra núverandi styrkþega sé sameiginleg og einnig þeirra, sem kunna að verða úrskurðaðir á hinn forna Sandvíkurhrepp. Hreppsnefnd hvors hrepps annist um ráðstöfun og greiðslu vegna sameiginlegra styrkþega, sem heima eiga innan hvors hrepps fyrir sig. Af heildarkostnaði við sameiginlega styrkþega greiðir hvor hreppur eftir sama hlutfalli og við skiptingu eigna og skulda. Um hver áramót skulu hreppsnefndir leggja fram reikninga yfir kostnað vegna sameiginlegra styrkþega.
4. Hreppsnefndarmenn skulu vera 7 í Selfosshreppi, en 5 í Sandvíkurhreppi.
5. Bækur og skjöl hins forna Sandvíkurhrepps skulu vera eign hins nýja Sandvíkurhrepps, en hreppsnefnd Selfosshrepps hefur aðgang að þeim eftir þörfum.
6. Stjórn fjallskilamála beggja hreppanna verði sameiginleg og í höndum hreppsnefndar Sandvíkurhrepps, með samkomulagi við hreppsnefnd Selfosshrepps um þau atriði, er þann hrepp varðar. Að öðru leyti fer um fjallskil hreppanna eftir gildandi fjallskilareglugerð á hverjum tíma.
7. Skipting hreppsins miðast við 1. janúar 1947. Framkvæmd skipta á eignum, skuldum og sveitarþyngslum annast hreppsnefndir hinna nýju hreppa og hafa þær komið sér saman um skiptin.

Þetta tilkynnist yður hér með, herra sýslumaður, til frekari aðgerða og birtingar, að því viðbættu, að með framangreindri fyrirskipan er engin breyting gerð á hinum forna Sandvíkurhreppi sem dómþinghá né manntalsþinghá.

55

197
8. sept.

AUGLÝSING

um breyting á fyrirmælum nr. 81 27. júlí 1933, um kjötskoðun, merkingu á kjöti o. fl.

1. gr.

5. gr. fyrirmælanna orðist þannig:

Hver sá, er flytur nýtt, kælt eða frosið kjöt til sölu, í kaupstaði þá eða kauptún, sem um ræðir í 3. og 4. gr., og sem ekki hefur áður verið skoðað og merkt lögum samkvæmt, skal skyldur til að leggja það fram til skoðunar og merkingar á þeim stað, er bæjarstjórn og hreppsnefnd ákveður, áður en það er boðið til sölu eða neyzlu. Skal hann greiða gjald fyrir skoðun, merkingu og húsnæði til skoðunarinnar, sem eigi fari fram úr því sem hér segir, fyrir hvern skrokk:

Af nautgripum og hrossum með	50 kg kjötþunga og þar yfir	kr. 2.00
— —„—	30—50 — —	— 1.00
— —„—	minni kjötþunga	— 0.50
— svínum með 50 kg kjötþunga og þar yfir		— 2.00
— —„—	minni kjötþunga	— 1.00
— sauðfé og geitum		— 0.10

Gjald þetta skiptist að hálfu milli læknis þess, er skoðunina annast og þess, er húsnæði leggur til, nema að því er tekur til sauðfjár og geita, þar skal greiða lækninum kr. 0.07, og þeim er leggur til húsnæði kr. 0.03.

Þar sem kjötskoðun fer fram í sláturhúsi, sem fullnægir ákvæðum ofangreindrar reglugerðar og atvinnurekandi leggur til sjálfur, skal gjald til læknis þess, er skoðun og merkingu annast, vera sama og hann fær fyrir skoðun á öðru kjöti, sem sé ekki hærra en 1 kr. fyrir hvern skrokk af nautgripum, hrossum og svínum, en 7 aurar fyrir hvern kindarskrokk eða geitarskrokk.

Auk þeirrar þóknunar, sem greiða skal lækni þeim, sem kjötskoðunina annast, samkvæmt framanskráðu, ber honum verðlagsuppbót eins og hún er ákveðin á hverjum tíma.

2. gr.

Með auglýsingu þessari eru felldar úr gildi auglýsing nr. 140 29. júlí 1939, um sama efni, og auglýsing nr. 156 20. september 1941, um breyting á kjötskoðunargjaldi samkvæmt auglýsingu nr. 140 29. júlí 1939.

Fyrirmæli þessi eru sett samkvæmt lögum nr. 39 19. júní 1933, um kjötmat o. fl., til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 8. september 1947.

Bjarni Ásgeirsson.

Gunnl. E. Briem.

HÚSAGERÐARSAMÞYKKT

198
18. okt.

fyrir Samvinnubyggingarfélag Eyjafjarðar.

I. KAFLI
Takmörk samþykktarsvæðis og markmið.

1. gr.

Félagið heitir Samvinnubyggingarfélag Eyjafjarðar, og er stofnað á grundvelli laga nr. 7 frá 12. jan. 1945.

Félagssvæðið nær yfir sambandssvæði Búnaðarsambands Eyjafjarðar, þ. e. alla hreppa Eyjafjarðarsýslu, Svalbarðsstrandarhrepp og Grýtubakkahrepp í Suður-Þingeyjarsýslu og Ólafsfjörð.

Heimili þess og varnarþing er Akureyri.

2. gr.

Tilgangur félagsins er:

1. Að vinna að því, að byggður verði á næstu árum, í viðkomandi hreppum, eftir því sem nauðsyn krefur og við verður komið, sá húsakostur, er þarf fyrir búrekstur á jörðum á svæðinu. Byggingar þær, sem samþykkt þessi nær til, eru:
   1. Íbúðarhús.
   2. Peningshús.
   3. Hlöður og votheystóftir.
   4. Þvaggryfjur, safnþrær og haughús.
   5. Geymsluhús.
2. Að stuðla að því með félagslegu samstarfi, að bændur geti komið byggingunum upp á ódýran hátt, en þær séu þó varanlegar og hagkvæmar fyrir búrekstur á jörðunum.

3. gr.

Markmiði sínu hyggur félagið að ná með því:

a. Að hafa í þjónustu sinni byggingafróðan mann. Skal hann, að svo miklu leyti, sem við verður komið, leiðbeina félagsmönnum við undirbúning bygginga þeirra, sem tilgreindar eru í 2. gr. Svo sem um staðsetningu þeirra, byggingarfyrirkomulag og úr hverju efni sé byggt. Hann skal hafa eftirlit með byggingarframkvæmdum félagsmanna. Hann skal og, ef við verður komið, halda námskeið og kenna ýmis einfaldari störf húsabygginga.
b. Að hafa í þjónustu sinni, eftir nánari ákvörðunum aðalfunda, hæfa byggingaverkstjóra, er hafi fagþekkingu á trésmíði, steinsteypu og járnalagningu, raflögnum, hitalögnum og húsamálningu. Skulu þeir hafa á hendi stjórn vinnuflokka, er að byggingum vinna fyrir félagsmenn.
c. Að hvetja félagsmenn til að vinna hverjir hjá öðrum til að létta byggingarkostnaðinn.
d. Að hafa milligöngu fyrir félagsmenn í samvinnu við kaupfélögin á félagssvæðinu um útvegun byggingarefnis með hagkvæmu verði og kjörum.
e. Að hafa áhrif á það, að hentug og vaxtalág lán fáist til bygginganna.

II. KAFLI
Félagsmenn og deildaskipun.

4. gr.

Inngöngu í félagið fá karlar og konur, sem á félagssvæðinu búa, og skal ávallt vera til skrá yfir félagsmenn hjá stjórn félagsins. Skulu nýir félagsmenn færðir inn á skrána og þeir sem úr félaginu ganga skráðir úr því. Úrsögn skal vera skrifleg og sendist félagsstjórn. Árstillag hvers félagsmanns ákveður aðalfundur.

5. gr.

Hreppabúnaðarfélögin geta með lögmætri fundarsamþykkt gerzt deild í félaginu, og gildir þá fundarsamþykkt þess, sem innskráning félagsmanna fyrir svæði búnaðarfélagsins og skal félagsskrá afhent með inntökubeiðni í félagið.

6. gr.

Félagið skiptist í deildir, þannig, að hver hreppur er deild út af fyrir sig, nema aðalfundur félagsins ákveða annað. Færri en 5 félagar geta ekki myndað deild.

7. gr.

Í hverri deild skal halda aðalfund árlega í janúarmánuði. Skulu þar rædd málefni deildarinnar. Þar skal lögð fram skýrsla stjórnarinnar um störf hennar og framkvæmdir á næstliðnu ári á félagssvæðinu. Fundur er lögmætur ef ¼ félagsmanna mætir. Á fundi hafa allir félagsmenn málfrelsi og atkvæðisrétt.

8. gr.

Á aðalfundi deildanna skal kjósa deildarstjórn og varadeildarstjórn til tveggja ára í senn. Hver félagsmaður er skyldur að taka kosningu í sinni deild eitt kjörtímabil og má endurkjósa hann svo oft sem vill, ef hann skorast ekki undan kosningu. Deildarstjóri skal á hvers árs aðalfundi deildarinnar gera full skil fyrir störfum sínum undanfarið ár.

9. gr.

Störf deildarstjóra eru þessi: Hann hefur alla stjórn og framkvæmdir á hendi í deildinni. Hann kallar saman fundi, stjórnar þeim og ber þar upp málefni, er félagsmenn og deildina varða. Honum ber og að standa skil á árgjaldi deildarmanna. Gerðir deildarstjórna og funda í deildunum skal skrá í gerðabók.

10. gr.

Hver deild hefur rétt og skyldu til að senda einn fulltrúa á fundi félagsins. Séu deildarmenn 20 má senda 2. Fyrir 35 deildarmenn má senda þrjá. Fyrir fimmtíu fjóra fulltrúa o. s. frv. Deildarstjóri er sjálfkjörinn fyrsti fulltrúi. Séu fulltrúar fleiri skulu þeir kosnir á aðalfundi deildanna.

III. KAFLI
Verksvið aðalfunda, skipun og valdsvið framkvæmdastjórnar.

11. gr.

Aðalfund félagsins skal halda á ári hverju fyrir lok aprílmánaðar. Hefur hann æðsta vald í félagsmálum og gerir þær ákvarðanir um starfsemi félagsins, sem þörf er á. Aðalfundur er lögmætur, ef fulltrúar frá meira en helmingi félagsdeilda sækja fundina, enda sé á fundinum mættur meiri hluti þeirra fulltrúa, er þar hafa atkvæðisrétt.

12. gr.

Aukafundi skal halda í félaginu, þegar stjórn félagsins álítur þess þörf. Aukafundur er lögmætur, ef fulltrúar mæta frá helmingi deilda eða meira.

13. gr.

Á fundinum eiga sæti, auk deildarfulltrúa, félagsstjórnin, ráðunautur félagsins í byggingarmálum og endurskoðendur. Allir félagsmenn hafa aðgang að fundum félagsins og hafa þar málfrelsi og tillögurétt, en fulltrúar einir atkvæðisrétt. Úrslitum á félagsfundum ræður afl atkvæða, nema þar sem samþykktir mæla fyrir um annað.

14. gr.

Stjórn félagsins skipa 3 menn og jafnmargir varamenn. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Gengur einn maður úr stjórn á hverju ári, í tvö fyrstu skiptin eftir hlutkesti. Hið sama gildir um kjör varamanna. Aðalfundur kýs tvo menn til þess að endurskoða reikninga félagsins. Gildir kosning þeirra til tveggja ára í senn. Skulu þeir kosnir sitt árið hvor í fyrsta sinn eftir hlutkesti. Allir félagsmenn eru skyldir til að taka kosningu um eitt kjörtímabil, en endurkjósa má þá svo oft sem vill, ef þeir ekki skorast undan endurkosningu. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Skal einn vera formaður, annar ritari, þriðji gjaldkeri. Þó er heimilt að skipta verkum á annan hátt, ef hentugra þykir. Formaður kveður til funda og stjórnar þeim. Hann ávísar greiðslum úr sjóðum félagsins. Ritari sér um bókun fundargerða. Gjaldkeri annast reikningshald, innheimtu og greiðslu eftir ávísunum formanns. Stjórnarfundur er lögmætur, ef meiri hluti stjórnar er mættur, en kveðja skal varamenn til funda í forföllum aðalmanna. Úrslitum mála ræður afl atkvæða, en séu þau jöfn ræður atkvæði formanns. Stjórnin skal halda gerðabók og skrá í hana allar gerðir stjórnarfunda. Hún boðar til félagsfunda og undirbýr málefni fyrir fundi, framkvæmir fundarályktanir og annast störf milli funda. Hún leggur fyrir aðalfund til úrskurðar endurskoðaða reikninga félagsins fyrir næsta ár á undan og gætir hagsmuna þess í öllum greinum. Stjórnin ber ábyrgð allra gerða sinna fyrir aðalfundi félagsins.

15. gr.

Félagsstjórn ræður sér til aðstoðar byggingafróðan mann, og getur hún falið honum það af störfum sínum, er henni líst eða aðalfundur ákveður. Hún gerir starfssamning við hann og semur um laun hans. Samningurinn sé uppsegjanlegur af beggja hálfu með ákveðnum fyrirvara.

16. gr.

Stjórn félagsins annast kaup á nauðsynlegum vélum og verkfærum, til þess að náð verði æskilegum hraða í byggingum á félagssvæðinu. Skylt er henni, samkvæmt 20. gr. laga nr. 7 12. janúar 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, að hafa samráð við teiknistofu landbúnaðarins um kaup og val véla, verkfæra og sérstakra veggjamóta, sem félagið fær styrk til að kaupa, samkvæmt 21. gr. téðra laga.

17. gr.

Stjórnin, í samráði við byggingarfulltrúa, sér um kaup á öllu því, sem með þarf til reksturs á vélum og áhöldum, er keypt verða. Henni ber að hafa þau tryggð fyrir fjárhæð, sem svarar til verðgildis þessara eigna, eins og þær eru á hverjum tíma.

198 18. gr.

18. okt. Stjórnin tekur á móti umsóknum frá félagsmönnum um byggingarframkvæmdir og kynnir sér, hvort umsækjandi geti fullnægt þeim skilyrðum, sem félagið setur. Hún undirritar alla samninga um vinnuaðstoð, er félagið veitir, svo og um véla- og áhaldaleigu og ákveður í samráði við byggingarfulltrúa, hvenær og í hverri röð skuli byrja á hverri byggingu, sem unnið skal að. Enn fremur ákveður hún, ásamt byggingarfulltrúa, staðsetningu bygginga, í samráði við jarðeiganda, ef ekki liggja fyrir ákveðnar tillögur frá trúnaðarmanni teiknistofu landbúnaðarins, samanber 18. gr. laga um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum.

19. gr.

Allir samningar, er stjórnin gerir fyrir hönd Samvinnubyggingarfélagsins eftir samþykktum þessum eða ályktunum aðalfunda, eru skuldbindandi fyrir hinar einstöku deildir og félagsheildina, án þess það hafi verið sérstaklega undir þá borið.

IV. KAFLI

Um tilhögun framkvæmda.

20. gr.

Félagið tekur að sér fyrir félagsmenn allan undirbúning að byggingarframkvæmdum, svo sem að annast um að gera uppdrætti og efnisreikninga. Það tekur að sér útvegun samþykktar á teikningum hjá teiknistofu landbúnaðarins, séu þeir ekki gerðir af henni. Félagið leggur félagsmönnum til faglærða byggingamenn sem verkstjóra, eftir því sem aðstæður eru til og nauðsyn krefur. Það útvegar, sé þess óskað, byggingarefni, sbr. ákvæði d-liðar 3. gr. þessarar samþykktar. Þá leggur félagið til vélakost þann, er það kann að eignazt, samkvæmt ákvæðum 16. gr.

21. gr.

Að fengnum þeim umsóknum, er um getur í 17. gr., ber stjórn félagsins í samráði við byggingarfulltrúa að semja starfsáætlun yfir framkvæmdir yfirstandandi árs á svæðinu. Rísi ágreiningur innan félagsstjórnarinnar um veigamikil atriði framkvæmdaáætlunar, ber að leggja hana fyrir deildarstjórafund til samþykktar. Ræður afl atkvæða úrslitum á fundinum. Framkvæmdarstjórn er skylt að framfylgja samþykktri starfsáætlun, eftir því sem við verður komið.

22. gr.

Við undirbúning framkvæmdaáætlunar skal þess gætt, að þeir, sem mesta þörf hafa fyrir nýbyggingar, sitji fyrir, eftir því sem unnt er.

V. KAFLI

Um greiðslu kostnaðar.

23. gr.

Kostnaður við framkvæmdir, er samþykkt þessi tekur til, er félagið innir af hendi fyrir félagsmenn, greiðist af verkþiggjanda eftir þeim skildaga og á þann hátt, er tilgreint verður í samningi, er um það verður gerður. Heimilt er framkvæmdastjórn að láta greiðslur fyrir vélakost fara eftir áætluðum verktöxtum, meðan verkið stendur yfir, en fullnaðarreikningsskil séu byggð á tilkostnaðarverði, eins og þau verða samkvæmt rekstursreikningi hvert ár.

24. gr.

Til kostnaðar telst allur reksturskostnaður véla og áhalda, greiðslur fyrningargjalds af þeim og veggjamótum, viðhald véla og annarra tækja, er stafar af eðlilegu sliti þeirra, vaxtagreiðslur og stjórnarkostnaður. Heimilt er félaginu að leggja á kostnað þann, er hér greinir, allt að 10% áhættuþóknunar. Rekstrarafgangur af áhættuþóknun leggist í byggingarsjóð félagsins.

VI. KAFLI

Fjáröflun og tryggingar.

25. gr.

Félagið myndar byggingarvélasjóð til kaupa á vélum, verkfærum, áhöldum og veggjamótum við framkvæmdir þess. Stofnfjárhæð hans er kr. 100 000.00. Stofnfjár sé aflað þannig:

1. Deildir félagsins leggja fram, sem óafturkræft framlag, ⅙ hluta fjárins.
2. Félagið sjálft hefur aflað sér með óafturkræfum framlögum annars staðar frá ⅙ hluta fjárins.
3. Tveir þriðju starfsfjárins er framlag Byggingarsjóðs og Nýbýlasjóðs ríkisins samkvæmt 21. gr. laga um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum.

Árlegar tekjur stofnsjóðs eru:

1. Tekjur, sem inn koma samkvæmt 23. gr.
2. Vaxtatekjur og aðrar tekjur, er sjóðnum kunna að áskotnast.

26. gr.

Framlög samkvæmt 1. og 2. lið 25. gr. greiðist til félagsstjórnar, er samþykkt þessi hefur öðlazt gildi. Framlög deildanna miðist við tölu býla, er framkvæmdir eftir samþykktum þessum ná til, þó er skylt að greiða inn til stofnsjóðs, ef síðar verður stofnað til nýbýla, er samþykktin nær til, tilsvarandi stofnsjóðsgjald við það, sem greitt hefur verið á býli af viðkomandi deild.

27. gr.

Nú kemur í ljós, að áliti félagsstjórnar, að auka beri byggingarvélasjóð, ber henni þá að gera rökstuddar tillögur um aukningu sjóðsins og senda þær öllum deildunum. Deildarstjórar tilkynni tillögurnar félagsmönnum sínum, áður en fulltrúar eru kosnir á aðalfund félagsins. Ef meiri hluti löglega kjörinna fulltrúa á aðalfundi samþykkir að auka byggingarvélasjóð, er samþykktin bindandi fyrir hinar einstöku deildir félagsins.

28. gr.

Stjórn félagsins heimilast að taka tryggingar, er hún metur gildar, fyrir samningsbundnum greiðslum á þeirri verklegu aðstoð og vélaleigu, er félagið lætur félagsmönnum í té. Miðast tryggingarnar við áætlaðan kostnað, en lokagreiðslur fara eftir samningi þeim, er í 18. gr. er getið.

VII. KAFLI

Um reikningshald og endurskoðun.

29. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið og skal reikningsskilum lokið svo tímanlega, að endurskoðun geti farið fram, áður en aðalfundur félagsins er haldinn. Endurskoðendur skulu sannprófa að reikningunum beri saman við bækur framkvæmdastjórnar og byggingarfulltrúa í hvívetna.

198 30. gr.
18. okt. Endurskoðaðir reikningar skulu lagðir fram á aðalfundi. Þar gefur stjórn og byggingarfulltrúi skýrslu um starfsemina, svo og endurskoðendur, ef tilefni er til.

VIII. KAFLI

Um breytingar samþykkta og hvernig samþykkt verði úr gildi felld.

31. gr.

Tillögur, sem fram kunna að koma, um breyting á samþykkt þessari frá deildunum, skulu sendar framkvæmdastjórn, er sendir þær til umsagnar öllum aðilum, er að samþykkt standa, samkvæmt 1. gr. Breytingartillögur framkvæmdastjórnar skulu sendar sömu aðiljum til umsagnar. Tillögurnar skulu því næst, ásamt umsögnum deildanna lagðar fyrir aðalfund félagsins. Samþykki löglegur aðalfundur þær með að minnsta kosti ⅗ atkvæðisbærra fulltrúa, skal framkvæmdarstjórn senda breytingarnar Búnaðarfélagi Íslands, er leitar staðfestingar landbúnaðarráðherra á þeim.

32. gr.

Samþykkt þessa má því aðeins nema úr gildi, að rökstutt álit meiri hluta samþykktaraðila liggi fyrir um, að tilgangi samþykktar verði ekki náð og að lögmætur aðalfundur samþykki það með að minnsta kosti ⅗ atkvæðisbærra fulltrúa, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til.

33. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

34. gr.

Samþykkt þessi gengur í gildi, er hún hefur verið staðfest af landbúnaðarráðherra.

Samþykkt þessi, sem er sett samkvæmt lögum nr. 7 12. janúar 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, og reglugerð um húsagerðarsamþykktir í sveitum frá 13. maí 1947, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 18. október 1947.

Bjarni Ásgeirsson.

Árni G. Eylands.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Sigrúnar Jónatansdóttur", útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 21. nóvember 1947. 199 21. nóv.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Sigrúnar Jónatansdóttur frá Aðalbóli í Miðfirði.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Minningarsjóður Sigrúnar Jónatansdóttur.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður til minningar um Sigrúnu Jónatansdóttur frá Aðalbóli í Miðfirði, er fæddist 26. sept. 1938 og andaðist 11. jan. 1947. Stofnendur sjóðsins eru: Ólöf Sigfúsdóttir og Benedikt Jónsson, Aðalbóli, fósturforeldrar Sigrúnar sálugu, og foreldrar hennar: Svanhvít Stefánsdóttir og Jónatan Jakobsson. Stofnfé sjóðsins er kr. 5000.00 — fimm þúsund krónur —.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru: Vextir af peningum og verðbréfum sjóðsins, gjafir, áheit og annað, er sjóðnum kann að áskotnast. Tekjurnar leggjast við höfuðstólinn með þeim takmörkunum, er segir í 6. gr.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skulu skipa þrír menn: Skólanefnd Fremri-Torfustaðahrepps kýs tvo þeirra til fjögra ára, en þriðji maðurinn er Benedikt Jónsson, Aðalbóli, meðan hann vill og getur annazt það, en þegar hann hættir, kemur sóknarpresturinn í Melstaðar-prestakalli í hans stað. Verði ein skólanefnd fyrir báða Torfustaðahreppana, eða jafnvel stærri svæði, skal hún samt kjósa tvo menn, en annar þeirra skal þó jafnan vera úr Fremri-Torfustaðahreppi. Stjórnin kýs sér sjálf formann.

5. gr.

Tilgangur sjóðsins er, að veita þeim börnum viðurkenningu, sem í barnaskóla Fremri-Torfustaðahrepps hafa náð beztum árangri við bóklegt nám og handavinnu. Þó skulu þau börn aðeins njóta þess, sem sýnt hafa fyllstu prúðmennsku og ástundun bæði í og utan kennslustunda, og skal stjórn sjóðsins hafa til stuðnings við veitinguna bæði prófbók skólans og umsögn kennara. Tvenn verðlaun skulu veitt á ári, önnur fyrir handavinnu, en hin fyrir bóklegt nám. Þó getur stjórnin, ef henni þykir ástæða til, veitt fleirum verðlaun, t. d. tveimur úr hverjum aldursflokki, tíu ára og eldri, en ekki nær þetta til barna, sem komin eru í unglingadeild, enda þótt hún starfi í sambandi við barnaskólann.

Starfi nú enginn barnaskóli í Fremri-Torfustaðahreppi, en skólaskyld börn þaðan sæki skóla utan hreppsins ásamt börnum úr öðrum hreppi eða hreppum, skulu þau þó, að öðru jöfnu, ganga fyrir veitingum úr sjóðnum, en standi skólasystkini þeirra þeim greinilega og óumdeilanlega framar í áðurnefndum atriðum, ber þó heldur að veita þeim úr sjóðnum, njóti þau ekki svipaðs styrks eða viðurkenningar annars staðar frá.

199
21. nóv.

6. gr.

Tveim þriðju hlutum af ársvöxtum sjóðsins má verja samkv. skipulagsskrá þessari, en þriðji hluti ársvaxtanna skal leggjast við höfuðstólinn, unz sjóðurinn er orðinn kr. 20000.00 — tuttugu þúsund krónur — þá má verja þrem fjórðu hlutum ársvaxtanna samkv. þessari skipulagsskrá, en fjórði hluti ársvaxtanna leggst þá við höfuðstólinn. Þegar sjóðurinn er orðinn kr. 100000.00 — hundrað þúsund krónur — má verja allt að níu tíundu hlutum ársvaxtanna samkv. skipulagsskrá þessari. Tíundi hluti ársvaxtanna leggst þó jafnan við höfuðstólinn ásamt öðrum tekjum sjóðsins. Allir ársvextir leggjast við höfuðstólinn þau ár, sem veiting úr sjóðnum fellur niður. Sé leyfð úthlutun ekki notuð til fulls, leggst afgangurinn einnig við höfuðstólinn. Höfuðstólinn má aldrei skerða. Fyrsta veiting úr sjóðnum fer fram það ár, sem börn fædd 1938 taka fullnaðarpróf, eða flytjast úr barnaskóla í unglingaskóla samkv. gildandi lögum árið 1951.

7. gr.

Höfuðstól sjóðsins skal ávaxta í ríkistryggðum banka, sparisjóði eða verðbréfum, sem stjórn sjóðsins telur fullkomlega trygg.

Aldrei má kaupa hlutabréf fyrir fé sjóðsins.

8. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabók fyrir sjóðinn og færa í hana skipulagsskrána, nöfn, aldur og heimilisfang allra þeirra barna, sem verðlaun fá úr sjóðnum, ásamt greinargerð um, hvers vegna þau fengu verðlaunin, svo og samþykktir og annað, er varðar hag og rekstur sjóðsins. Enn fremur ber sjóðstjórninni að halda bók yfir eignir sjóðsins, tekjur hans og gjöld, og færa í hana ársreikninga sjóðsins, og skulu þeir þar undirritaðir af stjórn sjóðsins og endurskoðendum.

9. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið, og skulu reikningar fullgerðir fyrir lok janúarmánaðar næst á eftir. Skulu þeir síðan endurskoðaðir af sömu mönnum, sem endurskoða skólareikninga viðkomandi skólanefndar. Staðfest afrit af þeim með árituðum athugasemdum endurskoðenda skal þá sent fræðslumálastjóra til frekari umsagnar og síðan birtir í B-deild stjórnartíðindanna.

10. gr.

Heimilt er að breyta skipulagsskrá þessari er tímar líða, ef brýnar ástæður liggja til. Þó verður öll stjórn sjóðsins ásamt allri viðkomandi skólanefnd, svo og fræðslumálastjóri að samþykkja breytingarnar. Aldrei má þó breyta nafni sjóðsins né þeim aðaltilgangi hans, sem er fyrst og fremst að verða til gagns og gleði skólaskyldum börnum í Fremri-Torfustaðahreppi, með þeim undantekningum, sem getið er hér að framan í 5. grein.

11. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og þeim breytingum, sem gerðar kunna að verða á henni samkv. ákvæðum 10. gr. Óskast hún birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

Vestmannaeyjum, 22. sept. 1947.

Jónatan Jakobsson.

Aðalbóli, 14. október 1947.

Svanhvít Stefánsdóttir. Ólöf Sigfúsdóttir. Benedikt Jónsson.

200
23. okt.

REGLUGERÐ

um útgáfu og notkun nafnskírteina vegna framkvæmdar á lögum um eignakönnun.

1. gr.

Allir menn, konur og karlar, 16 ára og eldri, skulu eiga þess kost að fá útgefin nafnskírteini, sem lögreglustjórar og hreppstjórar gefa út.

Nú dvelur maður utan lögheimilis síns. Skal hann þá eiga kost á að fá útgefið nafnskírteini af yfirvaldi á dvalarstaðnum, enda sanni hann með yfirlýsingu frá yfirvaldi á þeim stað, er hann á heima, að hann hafi ekki fengið og fái ekki útgefið nafnskírteini þar.

2. gr.

Skylt skal að sýna nafnskírteini þessi starfsmönnum ríkissjóðs, skattyfirvalda, lánsstofnana, pósthúsa og öðrum, sem til þess kunna að verða löggiltir, í sambandi við skipti á peningum, innlausn og greiðslu á tékkum, póstávísunum, póstkröfum og öðrum ávísunum, nafnskráningu á peningainnstæðum og skrásetningu verðbréfa.

3. gr.

Í nafnskírteini skulu vera þessar upplýsingar um nafnskírteinishafa:

1. Fullt nafn hans.
2. Staða eða atvinna.
3. Fæðingardagur og ár.
4. Fæðingarstaður.
5. Heimilisfang.
6. Nafn hans ritað eigin hendi.

Enn fremur, ef hann óskar, nafn maka og barna og aldur þeirra.

4. gr.

Lögreglustjórum og hreppstjórum skal skylt að halda skrá um nafnskírteini, sem gefin verða út og gæta þess, að sama aðila verði ekki afhent nafnskírteini oftar en einu sinni. Þeim, er óskar nafnskírteinis, skal skylt að gefa allar þær upplýsingar, sem lögreglustjórar og hreppstjórar telja nauðsynlegar við útgáfu nafnskírteinisins og samning skrárinnar.

5. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 10000.00.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 67 1947, um eignakönnun, og öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 23. október 1947.

Jóhann Þ. Jósefsson.

Magnús Gíslason.

201
24. okt.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 168 12. sept. 1939, um sölu og útflutning á vörum.

1. gr.

4. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Til þess að standast kostnað við störf útflutningsnefndar og annan kostnað af framkvæmd þessarar reglugerðar, skulu allir þeir, sem flytja vörur út úr landinu, aðrar en sjávarafurðir, greiða 1‰ — einn af þúsundi — af útflutningsverðmætinu, þó eigi minna en 2 kr., og greiðist gjald þetta til lögreglustjóra á útflutningsstað, í Reykjavík til tollstjóra.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 11 12. febrúar 1940, um sölu og útflutning á vörum, og er jafnframt úr gildi felld reglugerð nr. 107 11. júní 1947, um breyting á reglugerð frá 12. sept. 1939, um sölu og útflutning á vörum.

Jafnframt fellur niður innheimta á viðskiptanefndargjaldi, ½‰ af verðmæti útfluttrar vöru.

Atvinnumálaráðuneytið, 24. október 1947.

Jóhann Þ. Jósefsson.

Gunnl. E. Briem.

202
25. okt.

AUGLÝSING

um eftirlitsgjald af fóðurblöndum.

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 63 31. maí 1947, um eftirlit með framleiðslu og verzlun með fóðurvörur, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði:

Hver sá, er framleiðir til sölu eða flytur inn fóðurblöndur, skal ársfjórðungslega greiða eftirlitsgjald, er nemur kr. 5.00 af hverri smálest. Gjald þetta skal greiða til búnaðardeildar atvinnudeildar háskólans.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 25. október 1947.

Bjarni Ásgeirsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

REGLUGERÐ

203
30. okt.

um breyting á reglugerð um gerð og notkun bifreiða, nr. 72 24. júní 1937.

1. gr.

6. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Á fjórhjóla bifreiðum skulu vera ljósker, er séu tendruð frá því, að hálftími er liðinn frá sólsetri og þangað til hálftími er til sólaruppkomu, einnig í þoku.

Á fjórhjóla bifreiðum skulu vera tvö framljósker og minnst eitt afturljósker. Framljóskerin skulu hafa hvítt eða daufgult ljós og bæði sama ljósmagn. Þau skulu vera sitt til hvorrar hliðar framan á bifreiðinni og lýst akbrautina fram undan nægilega til þess að skapa nauðsynlega yfirsýn fyrir ökumanninum og sett og stillt þannig, að geislar þeirra valdi sem minnstum óþægindum þeim vegfarendum, er á móti koma. Hægri ljósgeisli skal vísa 2½ gráðu til vinstri. Afturljóskerið skal sýna rautt ljós beint aftur, en lýsa jafnframt aftara skrásetningarmerki bifreiðarinnar nægilega með hvítu ljósi. Um ljóskerið má ekki búa svo, að hægt sé að slökkva á því frá ökumannssætinu eða inni í bifreiðinni, á meðan ljós er á framljóskerunum.

Á hverri bifreið skulu vera biðljós. Skal loga á þeim, þegar bifreiðin er stöðvuð á óupplýstri akbraut í myrkri.

Í bæjum og ámóta þéttbýli má ekki aka með ljósgeislum, er kastast meira en 18 metra fram á veginn. Á vegum úti má aka með hærri ljósgeisla, en ávallt skal lækka ljósin, er bifreiðar mætast, svo að þau blindi ekki vegfarendur eða villi þeim sýn, er á móti koma.

Á tvíhjóla bifreiðum (bifhjólum) skal vera eitt framljósker með hvítu eða daufgulu ljósi, er lýsi akbrautina nægilega og á þann hátt, sem segir í 2. mgr., og eitt afturljósker, er sýni rautt ljós beint aftur, en lýsi skrásetningarmerki bifreiðarinnar með hvítu ljósi.

Dragi bifreið vagn, skal afturljósker vera á vagninum, sem dreginn er. Skal það lýsa með rauðu ljósi beint aftur en með hvítu ljósi á skrásetningarmerki vagnsins, er skal vera hið sama og bifreiðarinnar, sem dregur hann.

Á öllum bifreiðum, sem eru að breidd 2,30 m eða þar yfir, skulu vera tvö rauð ljós að aftan og tvö rauð ljós að framan, sitt til hvorrar hliðar og í sömu hæð á yfirbyggingu bifreiðarinnar, er sýni breidd hennar, og séu ljósin ekki fjær yztu hliðarbrún yfirbyggingar en 0.15 m miðað við miðju ljóskersins. Á vörubifreiðum, sem falla undir þetta ákvæði, má þó í stað rafljósa, ef þeim verður ekki við komið, hafa rauða, glitrandi glerfleti (kattarauga).

Skylt er ökumönnum að halda öllum ljósaumbúnaði vel við og hafa hann ætíð sem tryggastan.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt bifreiðalögum, nr. 23 16. júní 1941, og birtist hún til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 30. október 1947.

Bjarni Benediktsson.

Ragnar Bjarkan.

204
30. okt.

LÖGREGLUSAMÞYKKT

fyrir Vestur-Húnavatnssýslu.

FYRSTI ÞÁTTUR
Ákvæði, er taka bæði til kauptúna og sveita.

I. KAFLI
Um reglur og velsæmi á almannafæri.

1. gr.

Á almannafæri mega uppþot og óspektir ekki eiga sér stað. Ekki mega menn safnast saman á almannafæri, svo að til tálma sé fyrir umferðina. Þegar talað er um almannafæri í samþykkt þessari er átt við götur, vegi og svæði, sem almenningur fer um, eða ætluð eru til almenningsafnota, svo sem leikvelli, torg, bryggjur, bólvirki, svo og um veitingastaði, afgreiðslustaði bifreiða o. þ. h. Um kvikmyndahús og önnur samkomuhús, brýr, skeiðvelli, fjárréttir, markaði og opinber uppboð, gilda ákvæði samþykktar þessarar um almannafæri, eftir því sem við á.

2. gr.

Þegar fjölmenni safnast saman á almannafæri, þar á meðal við dyr kirkna, sölubúða, leikhúsa eða annarra samkomuhúsa eða annars staðar þar, sem almenningur kemur saman, skal fólk raða sér þannig, að sá, er fyrr kemur, fái fyrr aðgang og haga sér í öllu eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglan setur til þess að varðveita góða reglu.

3. gr.

Á almannafæri má ekki fljúgast á, æpa, blístra, syngja hátt, eða hafa í frammi annan hávaða eða ofsalegt eða móðgandi athæfi, sem raskar allsherjarreglu eða ónáðar vegfarendur eða þá, sem búa í nágrenninu.

4. gr.

Bannað er að aðhafast að óþörfu nokkuð það, sem raskar næturró manna, og enginn má að ástæðulausu berja á dyr eða glugga, hringja dyrabjöllu eða aðhafast neitt það, er ónáðar eða móðgar húsbúendur.

5. gr.

Á fjölförnum götum og vegum eða þar, sem hætta getur stafað af, má ekki hafa leiki um hönd, ekki gera rennibrautir, renna sér á skautum eða sleðum, eða hafa um hönd aðrar skemmtanir, sem hindra umferðina. Sömuleiðis er bannað að hanga utan á vögnum, sleðum eða bifreiðum, sem eru á ferð um götur eða vegi, eða festa við þá sleða, handvagna eða annað, sem til óþæginda getur orðið.

6. gr.

Ekki má skjóta úr byssu, riffli eða skammbyssu, af boga eða öðrum skotvopnum á eða yfir fjölfarnar götur eða vegi né heldur kveikja í púðri, olíu, benzíni eða öðrum eldfimum efnum eða sprengiefnum og ekki kasta frá sér steinum, glerbrotum, snjókögglum, slori, vatni eða öðru, er tjóni getur valdið eða óþægindum þeim, er um fara.

Nauðsynlegar sprengingar við götur, torg eða á almannafæri, má aðeins gera með leyfi lögreglustjóra og skal ætíð, þegar sótt er um leyfi til slíks, tilgreina hver

framkvæmi verkið, og ber bæði verkstjóri og sá, sem verkið er unnið fyrir, ábyrgð á, að allrar varúðar sé gætt. Sprengiefni og önnur slík eldfim efni, má hvorki geyma í íbúðarhúsum né annars staðar, þar sem hætta stafar af. 204 30. okt.

7. gr.

Enginn má ganga dulklæddur á almannafæri, nema hann sé á leið af eða á grímudansleik eða álfadans. Ekki heldur í búningi, sem misbýður velsæmi eða raskar almennri reglu. Einnig er bannað að hafa í frammi hneykslanlegt athæfi á almannafæri, svo sem með ósæmilegum orðum eða látbragði, með því að fletta sig klæðum, eða gera þarfir sínar á hneykslanlegan hátt.

8. gr.

Ölvuðum mönnum, sem finnast ósjálfbjarga á almannafæri, skal ráðstafað á tryggilegan hátt, þar til þeir koma til sjálfs sín aftur, og skulu þeir greiða kostnað þann, sem af því leiðir. Þeim mönnum öðrum, sem sökum ölæðis hafa í frammi hávaða eða ósæmilegt athæfi eða látbragð á almannafæri, skal ráðstafað á sama hátt, þar til þeir koma til sjálfs sín aftur, og skulu þeir þá auk áfallins kostnaðar enn fremur sæta sektum eftir samþykkt þessari fyrir röskun á allsherjar friði, er þeir kunna að hafa valdið með ölæði sínu og ólátum.

Ölvuðum mönnum er bannað að draga fé í réttum.

9. gr.

Enginn má baða sig eða synda nakinn á opinberum baðstöðum, sundlaugum fyrir almenning, né nálægt bryggjum, skipum á höfn inni, eða á öðrum þeim stöðum, er liggja nálægt almennri umferð.

10. gr.

Hver sá, sem staddur er á almannafæri, er skyldur að segja til nafns síns og heimilis, ef lögreglan krefst þess.

11. gr.

Almenningi er skylt að hlýða öllum skipunum lögregluvaldsins.

Ef nauðsyn ber til, getur lögregluvaldið krafið sér til aðstoðar hvern fulltíða karlmann, sem viðstaddur er, til þess að afstýra óreglu eða óspektum á almannafæri, en heimtingu eiga slíkir menn á fullum bótum úr hreppssjóði fyrir tjón, er þeir kunna að bíða við það á fatnaði eða limum, en hreppssjóður á aðgang að hinum seku.

II. KAFLI

Ákvarðanir til að afstýra tálmunum og hættum fyrir umferðina.

12. gr.

Enginn má án leyfis hlutaðeigandi umráðamanns, láta fyrirberast í umgirtu svæði eða öðrum stöðum, þar sem gengið er inn í hús eða garða, né fara inn í hús manna í óleyfi.

13. gr.

Hlaðna byssu má ekki bera á götum eða vegum. Byssu skal ávallt bera þannig, að opið viti upp. Gaddhrífur, ljái eða aðra slíkta hluti, sem tjón getur hlotizt af, má ekki flytja eftir götum eða vegum, nema svo sé um búið, að engin hætta geti stafað af.

14. gr.

Á alfaravegi má ekki leggja eða setja neitt það, er tálmar umferðina, frekar en nauðsynlegt er vegna vöruflutninga, og skal þess ætíð gætt, að það geri sem

204 30. okt.

minnstan farartálma. Að flutningi loknum skal vandlega hreinsa svæðið, sem notað var. Bifreiðar, vagnar, hjólbörur og sleðar mega ekki standa á götum eða vegum lengur en nauðsynlegt er til að fylla þá eða tæma, og aldrei mega þeir standa á gangstéttum. Hreppsnefnd ákveður, í samráði við lögreglustjóra, hvar á götum eða torgum vagnar eða bifreiðar megi standa, og setur sérstakar reglur þar að lútandi.

15. gr.

Á alfaravegi má ekki vinna neina vinnu, sem tálmar umferð manna, eða gerir hana hættulega, svo sem höggva eða sprengja grjót, eða því um líkt, nema leyfi lögreglustjóra komi til.

16. gr.

Enginn má gera skurði í götur eða vegi, nema hann hafi til þess leyfi hlutaðeigandi stjórnarvalds. Fáist slíkt leyfi, skal verkið unnið þannig, að sem minnstur farartálmi sé að, og ætíð skal þess gætt, að vegfarendur séu aðvaraðir um farartálmanir, með nægilega greinilegum ljósum, frá því fer að skyggja að kveldi og þar til albjart er orðið að morgni. Að öðru leyti gerir hlutaðeigandi stjórnarvald og lögreglustjóri þær ráðstafanir, er þurfa þykir til þess að afstýra hættu fyrir vegfarendur. Ef slík verk dragast úr hófi fram, getur hlutaðeigandi hreppsnefnd eða lögreglustjóri eða bæði í sameiningu, látið ljúka verkinu og sett götur eða vegi í samt lag aftur á kostnað þess, er verkið átti að framkvæma.

17. gr.

Nú er hús svo hrörlegt, að hætt er við að það hrynji, eða einhver hluti þess, og getur lögreglustjóri þá bannað að nota húsið, og lagt fyrir eigandann að rífa það eða endurbæta það svo sem þörf gerist, til þess að afstýra hættu, innan tiltekins tíma. Enn fremur getur lögreglustjóri á kostnað eigandans gert aðrar ráðstafanir, sem hann telur nauðsynlegar til þess að afstýra hættu fyrir vegfarendur og aðra. Ákvæði þetta nær einnig til þess, þegar steinvegg, trévegg eða annarri girðingu liggur við falli eða hruni.

Nú er bryggjum, pöllum eða öðrum mannvirkjum svo áfátt, að hætta getur af því stafað fyrir þá, sem um fara, t. d. þegar göt eru á pöllum eða mannvirki fúin, og getur lögreglustjóri þá krafizt þess að eigendum eða umráðamönnum mannvirkjanna, að þeir gangi svo frá þeim að hættulaust sé.

Nú brennur hús eða mannvirki, eða það er flutt burtu, án þess að annað sé byggt í staðinn, þá er eiganda eða umboðsmanni hans skylt að ganga svo frá rústunum, að ekki stafi hætta, óþrifnaður eða óprýði af.

18. gr.

Pallar, stoðir og annar umbúnaður þess konar, sem notaður er við húsasmíðar og aðrar byggingar eða viðgerðir á húsum, skal vera nægilega traustur. Á slíkum pöllum meðfram götu skal vera a. m. k. 20 cm. há brík og handrið eða reipi í brjósthæð. Lausir stigar sem notaðir eru við byggingar eða viðgerðir á húsum, málun, gluggaþvott eða annað þess konar, skulu vera nægilega traustir og kjálkarnir búnir járngöddum að neðan, ef stiginn er meira en fjögurra metra langur.

Lausir stigar mega ekki standa við húsvegg á almannafæri eftir að dimmt er orðið.

Brot á ákvæðum þessarar greinar er á ábyrgð þess, sem verkið annast, eða, ef hann er ekki tilgreindur, þá á ábyrgð húseiganda eða umráðamanns.

19. gr.

Í opnum gluggum, sem vita að almannafæri, má ekki láta standa jurtapotta eða annað það, er getur fallið niður og valdið tjóni.

20. gr.

Nú liggur kjallaraop út að almannafæri og lengra fram en húshlið og skal þá vera traust handrið beggja megin við það. Auk þess getur lögreglan krafizt þess, að kjallaraopið sé byrgt með hlemm eða hlera. Frá því að dimmir að kveldi, þar til birtir að morgni.

Í kringum birtugrófir við stétt eða götu, skal setja handrið úr járni eða öðrum málmi, eða nægilega sterkar járngrindur yfir, jafnhátt stéttinni eða götunni. Handrið samkvæmt þessari grein mega ekki vera lægri en 60 cm.

21. gr.

Áhöld, sem notuð eru til að hefja upp eða renna niður vörum eða öðru við bryggjur eða hús, sem liggja við alfaraveg, skulu vera nægilega traust, og þeir, sem þau nota, skulu vera áreiðanlegir menn.

22. gr.

Hvargetna þar, sem girðingarhlið eru á vegum, götum eða stígum, er liggja heim að byggðum býlum, er bannað að hafa yfir þeim þverslár eða strengi, nema svo hátt sé undir, að öruggt sé, að ríðandi maður reki sig ekki upp undir. Er það á ábyrgð landseta að þessa sé gætt. Um girðingarhlið á vegum og girðingar með fram vegum skal að öðru leyti fara samkvæmt ákvæðum gildandi vegalaga.

III. KAFLI

Umferð um vegi.

23. gr.

Allir, sem fara um vegi, hvort heldur er gangandi, ríðandi, á vagni, í bifreið, á hjólum eða öðrum farkosti, skulu, þá er þeir mæta einhverjum, eða einhver vill komast fram fyrir þá, halda sér, gripum sínum og farartækjum á vinstri helmingi akbrautarinnar eingöngu og svo nærri götubrún eða gangstéttarbrún sem auðið er. Sá, sem vill komast fram fyrir vegfarendur, skal víkja til hægri handar, þó ekki meira en nauðsyn krefur. Við vegamót skal, ef þörf gerist, sá bíða, sem hefur farartæki á vinstri hönd. Þeir, sem fara um gangstéttir, skulu jafnan víkja til vinstri handar, en eru þó ekki skyldir til að víkja út á akbraut, sé hún til vinstri handar.

24. gr.

Þeir, sem ríða eða aka á almannafæri, skulu gæta allrar varúðar. Vagnar eða sleðar með hesti fyrir mega aldrei standa á almannafæri, nema ökumaður eða annar vel hæfur maður gæti hestsins.

25. gr.

Það er með öllu bannað að ríða, beita fyrir vagn eða flytja farangur á höltum eða meiddum hestum, horuðum eða sem af öðrum ástæðum eru svo illa á sig komnir, að þeir hafa ekki fullan þrótt.

26. gr.

Ríðandi mönnum, lestamönnum og öðrum, er farangur flytja á áburðarhestum, er skylt að víkja úr vegi, og jafnvel út af götum eða vegum fyrir vögnum, er þeir mæta, ef vagninn kemst ekki leiðar sinnar að öðrum kosti.

27. gr.

Það er bannað að ríða eða aka á móti skrúðgöngum og líkfylgdum eða fram hjá þeim. Skal víkja úr vegi fyrir þeim, ef unnt er, eða nema staðar meðan þær fara fram hjá.

204 28. gr.

30. okt. Slökkviliðið er undanskilið ákvæðum þessarar samþykktar um vagna. Allir eru skyldir að víkja úr vegi fyrir því svo fljótt sem unnt er. Sama gildir um sjúkravagna.

29. gr.

Lögreglustjóri getur takmarkað eða bannað umferð bifreiða á vegum, ef slík umferð álízt hættuleg, eða til sérstakra óþæginda fyrir umferð, og á vorin meðan klaka leysir úr jörðu.

30. gr.

Um gerð bifreiða og notkun, fer eftir þeim lögum og reglugerðum þar að lútandi, er nú gilda eða er síðar kunna að verða settar.

Ljós skal ávallt tendra á bifreiðum, þegar skyggja tekur og ávallt hafa þau tendruð, er þær eru á ferð, frá því birtu bregður að kvöldi og þangað til albjart er orðið að morgni.

Lögreglustjóri ákveður nánar um ljósnotkun bifreiða og reiðhjóla, ef þurfa þykir, og auglýsir það á venjulegan hátt.

31. gr.

Ef bifreið mætir vögnum á stað, þar sem hvorugir komast fram hjá öðrum, skal bifreiðin aka til baka og nema staðar, þar til hinir komast fram hjá henni.

Ef gangandi eða ríðandi menn eru á leið yfir brú, er bifreið ekur að, skal bifreiðin nema staðar á veginum við brúarendann og bíða þar til mennirnir eru komnir fram hjá eða yfir brúna, enda skulu þeir ekki tefja för sína að óþörfu.

32. gr.

Bifreiðarstjóri skal gefa hljóðmerki með horni sínu í tæka tíð, þegar umferðin gefur tilefni til. Hætta skal hann að gefa hljóðmerki, ef hestar hræðast eða verða óróir, og ekki má hann gefa hljóðmerki um leið og bifreiðin fer fram hjá hestum. Bifreiðarstjórar skulu gæta þess, einkum að næturlagi, að gera eigi hávaða um nauðsyn fram með hljóðmerkjum. Þeir bera ábyrgð á því, að farþegar þeirra hafi ekki um hönd söng eða hávaða, er raski næturró manna.

33. gr.

Ef bifreiðarstjóri verður þess var, að laus hross eða annar búpeningur eru á vegi þeim, er hann ekur um, skal hann hægja á bifreiðinni og eigi aka hraðar en á 20 km hraða, þar til hann er kominn fram hjá Ef gripirnir hlaupa á undan bifreiðinni eftir veginum, má bifreiðin ekki aka á eftir þeim með meiri hraða en 15 km, og eigi lengri leið en hálfan kílómetra í einu.

34. gr.

Þegar bifreið mætir fjárrekstri á vegi, skal bifreiðarstjóri stöðva bifreiðina meðan reksturinn er rekinn fram hjá. Komi bifreið á eftir fjárrekstri á vegi, skal bifreiðarstjóri gera rekstrarmönnum aðvart um, að hann óski að komast fram hjá rekstrinum og er rekstrarmönnum þá skylt að víkja rekstrinum til hliða á veginum svo fljótt sem unnt er og svigrúm leyfir.

35. gr.

Að öðru leyti skal fara eftir ákvæðum bifreiðalaganna, og reglugerðum þeim, sem settar eru eða settar verða samkvæmt þeim lögum um notkun bifreiða.

36. gr.

Á hverju reiðhjóli, sem notað er, skal vera bjalla, er gefur hvellt hljóð, og skulu hjólreiðamenn láta til hennar heyra, ef hætt er við árekstri og ætíð áður en þeir fara

fyrir húsdyr, horn eða gatnamót. Skylt er þeim að hafa ljósker á reiðhjólunum, er snúi fram og lýsi fram undan sér, og hafa þau tendruð, er þeir eru á ferð, frá því skyggja tekur að kveldi og þar til bjart er orðið að morgni. 204 30. okt.

Þar, sem gæta þarf sérstakrar varúðar, má aldrei aka hraðar en svo, að stöðva megi hjólið þegar í stað. Á hjólum mega aldrei vera fleiri menn en hjólin eru gerð fyrir. Skylt er hjólreiðamanni að nema staðar, ef reið hans veldur því, að hestur fælist eða gerist órór.

Ef slys vill til, sem stafar af eða stendur í sambandi við notkun hjóla, skal hjólreiðamaður þegar nema staðar, skýra frá nafni sínu og heimilisfangi, ef þess er krafizt, og hjálpa þeim, sem slasazt hefur, ef þörf gerist. Hjólreiðamaður skal þegar nema staðar, ef lögreglan gefur honum merki um það. Eigandi hjóla ber ábyrgð á brotum á samþykkt þessari, ef hann lánar þeim, sem er yngri en 14 ára.

Sé for eða bleyta á götunni skal aka svo að ekki slettist á aðra vegfarendur.

IV. KAFLI
Almenn ákvæði um fjallskil og ágang búpenings.

37. gr.

Um rekstur búpenings til afrétta, hirðingu hans og fjallskil fer eftir ákvæðum fjallskilareglugerðar fyrir Vestur-Húnavatnssýslu, eins og þau nú eru eða síðar kunna að verða.

Að öðru leyti eru allir skyldir að gæta, svo sem við verður komið, búpenings síns og alifugla, að ekki gangi til skemmda á varplönd, engjar, tún, akra eða matjurtagarða annarra manna. Valdi búpeningur slíku tjóni, þann veg að saknæmt þyki, skal bæta það samkvæmt ákvæðum þeim, er á hverjum tíma gilda um uslagjöld.

Enginn má siga hundum á annan mann, eða láta fyrirfarast að aftra því, ef hann verður var við, að hundur ræðst á mann, ef honum er það unnt, án þess að stofna sér í háska. Hundar, sem ráðast á menn eða elta skepnur út um hagann, eru réttdræpir, hvar sem þeir sjást úti. Flækningshunda og ketti, sem ekki eru í eign eða umsjá neins manns, getur lögreglan látið handsama og auglýsa. Gefi enginn sig fram innan þriggja sólarhringa, og borgi áfallinn kostnað, skal lóga slíkum dýrum, ef enginn vill taka þau að sér.

V. KAFLI
Um friðun almenningseigna o. fl.

38. gr.

Enginn má skemma, lýta eða óhreinka, né á annan hátt spilla almenningseignum, hvort heldur eru vegir, vatnsból, vatnsveitumannvirki, byggingar, rafáhöld, rafþræðir, ljósker, bryggjur, bryggjuáhöld, símar, brunaboðar, björgunartæki eða annað, sem ætlað er til almennings nota.

39. gr.

Enginn má rita, rispa, tjarga, teikna né mála á hús manna eða girðingar neitt það, sem hneyksli getur valdið, skemmdum eða óprýði. Enginn má heldur skemma girðingar þær, er standa um afgirta garða, reiti, tún eða mannvirki. Það er bannað að klifra yfir þær eða fara í gegnum þær, nema með leyfi eiganda eða umráðamanns. Aðgangur að loðdýragörðum er bannaður óviðkomandi mönnum nema með leyfi eiganda eða gæzlumanns. Bannað er að hafa í frammi að nauðsynjalausu, í nánd við loðdýragarða, hávaða eða annað athæfi, er styggt getur dýrin, einkum um fengitíma og gottíma.

204 30. okt.

Enginn má á nokkurn hátt vísvitandi spilla nokkrum eignum sýslubúa. Komi slíkt fyrir, skal sá er veldur, bæta fullum bótum þann skaða, sem hann gerir.

40. gr.

Enginn má skemma, troða eða spilla á annan hátt ræktuðum blettum, túnum, engjum, matjurtagörðum eða skrúðgörðum manna, hvort sem er girt eða ógirt. Ekki má heldur skemma plöntur, né á nokkurn hátt spilla neinu í grafreitum eða saurga þá á nokkurn hátt. Girðingum má ekki spilla, né skilja eftir opin hlið, sem lokað verður, enda eigi þau að vera lokuð.

41. gr.

Enginn óviðkomandi maður má hagnýta eða tileinka sér neinar nytjar, svo sem beit, berjatöku, egg, veiði, fugla, fiska eða annað, án leyfis landráðanda.

Þó mega ferðamenn hagnýta sér hagbeit í óræktuðu landi og berjatöku til neyzlu á staðnum meðan á áning stendur.

42. gr.

Öllum er skylt að ganga vel og þrifalega um áningarstaði sína og tjaldstæði, eða þar sem þeir á annan hátt koma saman á víðavangi, hvar sem er innan sýslunnar. Ber að ræsta vandlega slíka staði af öllum óhroða og rusli, svo sem dósum, flöskum, bréfum og matarleifum og öðru þvílíku, áður en staðurinn er yfirgefinn, og hylja ruslið í gröf eða gjótu eða flytja það burt.

Flöskur má aldrei brjóta á víðavangi. Bannað er að eyða eða spilla gróðri með lyng- eða hrísrifi eða á annan hátt.

43. gr.

Hreppsnefnd ákveður hvar festa skuli upp auglýsingar frá yfirvöldum og öðrum stjórnarvöldum, og skal hún á kostnað sveitarsjóðs útvega í því skyni spjöld, svo mörg, sem þurfa þykir.

Auglýsingar um sjónleiki, sýningar, söngva og aðrar skemmtanir, sem leyft er að halda, svo og aðrar auglýsingar, má festa upp hvar sem er, með samþykki hlutaðeigandi húsráðanda.

44. gr.

Uppfestar auglýsingar skulu hlutaðeigendur taka niður, þegar þær hafa fullnægt tilgangi sínum. Löglega uppfestar auglýsingar má enginn rífa niður, rissa að skrifa neitt á þær þeim óviðkomandi, óhreinka eða gera ólæsilegar á annan hátt.

VI. KAFLI

Um veitingastaði, samkomuhús og skemmtanir.

45. gr.

Allir staðir, þar sem höfð er á hendi almenn veitingasala matar og drykkjar og gististaðir fyrir almenning, skulu háðir sérstöku eftirliti lögreglustjóra og skal lögreglunni heimill umgangur um húsakynni þau, sem notuð eru í sambandi við veitingarnar.

Á öllum gistihúsum skal haldin nákvæm gestaskrá.

46. gr.

Hverjum, sem hefur veitingasölu, hverju nafni sem nefnist, er skylt að gera allt, sem í hans valdi stendur, til að afstýra því, að nokkuð það fari fram í húsi hans, sem kemur í bága við velsæmi og góða reglu.

47. gr. 204

Á veitingastað má enginn sýna af sér ofsalegt athæfi eða látbragð, hávaða 30. okt.
eða nokkra ósæmilega hegðun eða hafa áhættuspil um hönd.

48. gr.

Allir almennir veitingastaðir skulu vera lokaðir frá kl. 11½ að kvöldi til kl. 6 að morgni og allir gestir, sem ekki eiga náttstað þar, skulu hafa farið út, ekki síðar en ½ stundu eftir að lokað er. Þó má selja ferðamönnum greiða á hvaða tíma sem er. Heimilt er lögreglustjóra að leyfa félögum að halda þar samkvæmi, dansleiki og aðrar skemmtanir, sem ekki eru bundnar við neinn sérstakan lokunartíma, ef ekki taka þátt í þeim aðrir en félagsmenn og gestir þeirra. Sama gildir um brúðkaup og samsæti einstakra tiltekinna manna.

49. gr.

Við hvert veitingahús eða almennt samkomuhús skal eigandinn láta gera salerni, sem gestum er heimill aðgangur að. Skal veitingamaður eða húsráðandi sjá um, að því sé ávallt haldið vel hreinu.

50. gr.

Vilji nokkur halda almenna samkomu, svo sem dansskemmtun, sjónleiki, söngskemmtun, íþróttasýningu, myndasýningu o. s. frv., er almenningi sé boðið til eða seldur aðgangur að, eða til að hafa veitingar á staðnum, skal hann til þess leita leyfis lögreglunnar. Lögreglustjóri veitir slíkt leyfi. Þó getur hann falið hreppstjórum að veita leyfin hverjum í sínum hreppi, og skal tekið fram um leið og leyfið er veitt, hvenær samkomunni skuli vera lokið.

Leyfishafa skal skylt að hlýða þeim fyrirmælum, sem lögregluvaldið setur til þess að varðveita góða reglu, velsæmi og hreinlæti. Honum er skylt að hlýða fyrirmælum heilbrigðisnefndar um ræsting og hreinlæti í húsrúminu, enda skal það ávallt nýræst, er samkoman byrjar, og nægileg hrákaílát til staðar.

Lögreglustjóri eða hreppstjóri getur krafizt þess að þeir, er fá leyfi til að halda samkomur, hafi á sinn kostnað tryggt sér menn til eftirlits allan samkomutímann. Fari nokkuð það fram, er brýtur í bága við reglu og velsæmi, er lögregluvaldinu heimilt að láta slíta samkomunni.

Almennar útisamkomur eru sömu reglum háðar, að svo miklu leyti, sem því verður við komið.

51. gr.

Ef læknir telur, að sjúklingi stafi hætta af háreysti, er samkoma geti valdið í nánd við heimili hans, er heimilt að banna hana á þeim stað.

52. gr.

Föst kvikmyndahús má ekki starfrækja í sýslunni nema með leyfi hlutaðeigandi hreppsnefndar og lögreglustjóra, og með þeim skilyrðum, að því er útbúnað og loftrými snertir, sem hún tiltekur. Hreppsnefnd ákveður, hve mikið gjald skuli greiða í sveitarsjóð fyrir leyfið, annað hvort árlega eða fyrir hverja sýningu.

Lögreglustjóri getur veitt leyfi til að halda einstakar kvikmyndasýningar, og ákveður hann þá gjaldið í sveitarsjóð.

53. gr.

Ef sýndar eru myndir, sem að dómi lögreglustjóra eru siðspillandi, hvort sem það eru skuggamyndir eða kvikmyndir, getur lögreglustjóri bannað að sýna þær. Barnaverndarnefnd getur og bannað, ef henni sýnist ástæða til, að láta börn horfa á myndir, sem geta haft óheppileg áhrif á þau.

204 30. okt.

VII. KAFLI
Almenn ákvæði um hreinlæti og þrifnað.

54. gr.

Enginn má saurga eða á nokkurn hátt spilla neyzluvatni manna, hvort heldur er rennandi vatn í ám, lækjum eða lindum eða vatnsleiðslum eða í þróm eða brunnum.

Vatnsból skulu vera vel varin fyrir öllum óþrifnaði, og þess stranglega gætt, að skolpi eða öðru, er óþrifnaði veldur, sé eigi hellt þann veg, að runnið geti að þeim.

Fataþvottur eða önnur skarnhreinsun má ekki eiga sér stað svo nærri brunnum, að nokkur hætta sé á, að neyzluvatn saurgist af.

55. gr.

Stampa, opnar tunnur, föt eða önnur ílát með lifur, grút eða slori eða því um líku, má ekki láta standa á almannafæri, né hafa nokkuð laust í ílátum, sem ódaun leggur af eða óþrifnaði veldur. Bannað er að hengja fisk, þorskhausa eða fiskúrgang á girðingar eða hús meðfram vegum, svo og að láta fiskúrgang liggja á túnum eða í görðum nálægt alfaraleið um maðkatímann. Slor, sem borið er í garða, skal þegar grafið eða herfað niður í moldina.

Safngryfjur og forir skulu vera þaktar, svo að engan ódaun leggi af þeim og svo vel umgirtar, að engin hætta geti stafað af fyrir menn eða skepnur.

Skylt er að hafa salerni á hverju býli í sveitum og íbúðarhúsi í kauptúni, enn fremur skal skylt að hafa þvagskýli við hvert samkomuhús. Skulu hreppstjórar, hreppsnefndir og heilbrigðisnefndir vinna að því, að framannefndum ákvæðum verði fullnægt sem fyrst, þar sem þessu er nú áfátt.

56. gr.

Bannað er að hella skolpi, sem fiskur eða annað hefur verið þvegið úr, á götu eða almannafæri, ekki má heldur hella þar eða skilja eftir neitt það, er óþrifnaði veldur.

For, slor, gor, mykju og annað því um líkt skal flytja í heldum ílátum um alfaravegi, og skal sá, er á, eða sá, er flytur, hreinsa upp, ef niður á götuna fer.

57. gr.

Skepnum má ekki slátra á eða við götu eða á almannafæri yfirleitt, heldur skal það gert að húsabaki eða innan girðingar, og skal þess vandlega gætt, að skepnur sjái ekki blóðvöllinn, og að hann sé hreinsaður undir eins að slátrun lokinni.

Bannað er að láta hunda komast á blóðvöll, þegar slátrað er sauðfénaði. Brot gegn banni þessu er á ábyrgð hlutaðeigandi hús- eða landráðanda. Bannað er að leggja dauðar skepnur á vegi eða nærri alfaraleiðum. Sama gildir og um flegna skrokka, limi eða slátur, nema vel hulið sé.

Bannað er einnig að flytja dauða dýraskrokka á opnum bifreiðapöllum, nema vandlega sé breytt yfir.

58. gr.

Við hvert sláturhús skulu vera nægilega mörg ílát undir innanmein og þannig fyrir komið, að öruggt sé, að hundar nái ekki að éta úr þeim. Við heimaslátrun skal hafa á blóðvellinum ílát með loki undir sulli og innanmein. Að lokinni hverri slátrun skal annað hvort brenna þessi sollnu líffæri eða grafa þau minnst fullan metra í jörð niður. Annars skulu sláturhússtjórar og aðrir, sem við slátrun fást,

fara eftir fyrirskipunum héraðslækna og reglum þeim, er þeir kunna að setja um þessi efni. 204 30. okt.

59. gr.

Bannað er að hafa hunda með sér að óþörfu á mannamót. Í sambandi við sláturhús skal hafa sérstaka klefa til að geyma hunda í og er öllum eigendum hunda skylt að geyma þá þar, meðan þeir dvelja í kaupstaðnum í sláturtíð, enda skulu hundarnir vera bundnir með þar til gerðum böndum.

60. gr.

Heilbrigðisnefndir hafa, hver í sínum hreppi, eftirlit með því, sem að almennum þrifnaði lýtur. Fer um þetta efni eftir þeim heilbrigðissamþykktum, sem nú gilda fyrir einstaka hreppa sýslunnar, eða þeim, er síðar kunna að verða settar.

ANNAR ÞÁTTUR

Viðauki, er taki til Hvammstangakauptúns.

VIII. KAFLI

Umferðarákvæði.

61. gr.

Án leyfis lögreglunnar má enginn setjast að á götu eða almannafæri til að selja vörur eða reka aðra atvinnu.

62. gr.

Stéttir meðfram götu skulu eingöngu ætlaðar gangandi mönnum. Bannað er að ríða um götur kauptúnsins hraðar en á hægu brokki. Lausa hesta skal jafnan reka hægt og gætilega um götur kauptúnsins, og aldrei má siga hundum á skepnur nærri götu.

Með áburðarhesta má ekki hafa lengri viðdvöl á götunni en nauðsynlegt er til að taka ofan af þeim eða láta upp klyfjar.

Hestar, sem staddir eru í kauptúninu á vetrum, skulu ávallt hýstir um nætur.

63. gr.

Á almannafæri má ekki taka beizli af hesti, sem beitt er fyrir vagn eða annað ökutæki. Láti nokkur hest standa fyrir hlöðnum sleða, vagni eða undir klyfjum, lengur en brýn nauðsyn krefur, getur lögreglan látið taka hest frá vagni og undan klyfjum, og komið honum til varðveizlu á kostnað þess, er flutningnum stýrir.

Hesta má aldrei binda úti við í kauptúninu, né láta þá standa í köldu veðri eða óhæfilega lengi að dómi lögreglunnar, þó að gott veður sé. Getur lögreglan tekið slíka hesta til varðveizlu á kostnað umráðamanna eða eiganda.

Ferðamenn með hesta, sem viðdvöl hafa í kauptúninu, skulu tafarlaust koma hestum sínum í rétt, hús eða haga, eftir tilvísun lögreglunnar, nema þeir hafi leyfi til að geyma þá á afgirtum túnlóðum einstakra manna.

64. gr.

Á miðri götu má ekki nema staðar með hesta, bifreiðar eða önnur ökutæki, heldur skal það gert sem næst gangstétt eða götujaðri, og aðeins halda kyrru fyrir meðan hleðsla eða losun fer fram.

Farþegar skulu stíga gangstéttarmegin upp í ökutækin og út úr þeim. Ekki má nema staðar þar sem hestur, bifreið eða annað ökutæki heldur kyrru fyrir, hinum megin á götunni. Enn fremur er bannað að nema staðar með hest, bifreið

204 30. okt. eða annað ökutæki á gatnamótum, eða nær þeim en 5 metra frá götuhorni, miðað við húslínu.

Öll farartæki skulu snúa samhliða gangstétt eða götujaðri, meðan þau halda kyrru fyrir.

Um götuhorn skal ekið í kröppum boga, ef snúið er til vinstri, en í löngum boga, ef snúið er til hægri handar. Á götuhornum er bannað að aka eða ríða fram fyrir hest, bifreið eða annað ökutæki, er á undan fer.

IX. KAFLI
Um skepnuhald o. fl.

65. gr.

Rekstur búpenings til afréttar, hirðing hans í réttum og fjallskil, er undir umsjón hreppsnefndar kauptúnsins og fer eftir fjallskilareglugerð Vestur-Húnavatnssýslu, eins og hún er eða verða kann.

66. gr.

Skylt er öllum að hlýða fyrirmælum hreppsnefndar um hagabeit í landi hreppsins, bæði hvernig hagabeit skuli hagað og gjöldum fyrir hana. Reglur um hagabeitargjöld skulu samin af hreppsnefnd.

Enn fremur er öllum skylt, sem hafa til umráða eða nytja, um langan eða skamman tíma, kartöflugarða, túnbletti eða önnur nytjalönd, sem hreppurinn á og leigir út eða lánar einstökum mönnum eða félögum, að hlýða fyrirmælum hreppsnefndar eða umboðsmanna hennar, um notkun og umgengni á slíkum eignum. Gjöld fyrir nytjar þessara verðmæta ákveður hreppsnefnd.

Gjöld þau, er um ræðir í þessari grein, má taka lögtaki.

67. gr.

Enginn má, án samþykkis hreppsnefndar, hafa sauðfé heima í löndum hreppsins eða innan kauptúnsins á tímabilinu frá 20. maí til 20. sept. ár hvert, nema í fjárheldri girðingu eða svo öruggri gæzlu að ágangur á land annarra geti ekki af hlotizt.

Enginn má, án leyfis hreppsnefndar, láta hross ganga laus í landi hreppsins, nema í gripheldri girðingu sé. Sama gildir um nautpening.

Hænsni og aðrir alifuglar skulu jafnan byrgð í heldum girðingum, eða vera í tryggri gæzlu á tímabilinu frá 1. apríl til 1. október ár hvert.

68. gr.

Ef búpeningur skríður eða stekkur fullgildar girðingar, skal sá, er fyrir tjóni verður, aðvara eiganda eða umráðamann slíks ágangspenings um að gæta hans. Ef ágangspeningur gengur þannig til skemmda á girt land oftar en tvisvar, þrátt fyrir aðvaranir til umráðamanns peningsins, má selja peninginn á opinberu uppboði, og greiðist af uppboðsandvirðinu allur kostnaður og bætur fyrir tjón, sem af ágangi hefur hlotizt, samkvæmt reikningi landráðanda, en verði ágreiningur um hann, skulu úttektarmenn meta tjónið.

Gildar skulu þær girðingar teljast, sem eru styrkhæfar, samkvæmt reglum Búnaðarfélags Íslands, að öllum frágangi. Ef ágreiningur rís um það, hvort girðing sé fullgild, skulu úttektarmenn hreppsins meta, hvort hún sé það.

69. gr.

Hesta, nautpening, sauðfé og alifugla, sem gengur laust í kauptúninu á þeim tíma, sem óheimilt er að hafa það þar samkvæmt framanskráðu, má lögreglan

handsama. Sömuleiðis má sá, er fyrir ágangi þess verður, handsama gripinn til bráðabirgða, og skal hann þá þegar skýra hreppstjóra frá því og öðrum málavöxtum. 204 30. okt.

Allan kostnað við handsömun og varðveizlu slíks flækingsfénaðar greiðir eigandi þess.

70. gr.

Um sauðfjárrekstra og hrossarekstra, sem koma til kauptúnsins til útflutnings eða slátrunar, gerir lögreglustjóri þær fyrirskipanir, sem nauðsynlegar þykja til að afstýra farartálma, hættu fyrir börn og aðra vegfarendur.

Naut, sem farið er með um göturnar, skulu ætíð leidd í nægilega traustu bandi, og að minnsta kosti tveir menn fylgja hverju nauti ársgömlu eða eldra.

Ekki mega naut standa út á götu gæzlulaus. Naut hálfs árs eða eldri mega ekki ganga saman við kýr kauptúnsbúa.

X. KAFLI

Um mannvirki og lóðir í kauptúninu.

71. gr.

Enginn má byggja í landi kauptúnsins neins konar hús, hvorki til íbúðar, atvinnu, geymslu eða fyrir skepnur, hvorki á lóðum einstakra manna, — hvort sem lóðarhafi sjálfur vill byggja eða annar —, né á leigðum lóðum, nema með leyfi byggingarnefndar, og verða hlutaðeigendur í öllu að hlýta fyrirmælum hennar. Sama gildir um fiskreiti, girðingar eða önnur mannvirki.

Mannvirki við höfnina má ekki gera nema eftir tillögum hafnarnefndar og með leyfi hreppsnefndar.

72. gr.

Enginn má í löndum kauptúnsins rista torf eða strengi, stinga hnausa, rífa hrís eða lyng, nytja slægjur eða taka grjót, sand eða möl án leyfis og tilvísan hreppsnefndar.

Bannað er að kveikja í sinu eða öðrum gróðri í landi kauptúnsins, nema með leyfi hreppsnefndar.

73. gr.

Skylt er hverjum, sem tekur mó í landi kauptúnsins, að ganga svo frá gröfum og haga grefti svo, að ekki stafi hætta af, enda má enginn taka mó í landi þess, nema með leyfi og eftir tilvísan hreppsnefndar eða umboðsmanns hennar.

XI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

74. gr.

Foreldrum og öðrum hlutaðeigendum er skylt að annast um, að tilhlýðilegt eftirlit sé haft með börnum, sem eru á þeirra vegum, þegar þau eru á almannafæri. Börn yngri en 13 ára mega ekki vera á almannafæri eftir kl. 9 á kvöldin á tímabilinu 14. september til 14. apríl, og ekki seinna en kl. 10 á tímabilinu frá 14. apríl til 14. september, nema þau séu í fylgd með fullorðnum.

Lögreglan getur bannað börnum, sem ekki ganga þar til vinnu, að vera á bryggju kauptúnsins.

Á dansleikjum mega börn innan 14 ára ekki vera lengur en til kl. 12 að kvöldi.

204
30. okt.

75. gr.

Knattborðsstofur (Billiard) eða stofur, þar sem mönnum er seldur aðgangur til að kasta kúlum, teningum eða þess háttar, má ekki starfrækja í kauptúninu nema með leyfi hreppsnefndar.

76. gr.

Þá er samkoma stendur yfir fram á nótt, skulu þeir eða sá, er fyrir henni stendur, láta gæta allrar varúðar við eldhættu, og ef enginn býr í húsinu, skal hann eða þeir fullvissa sig um, áður en skilið er við húsið, að ekki sé neins staðar í því óslökktur eldur. Einkum sé þess gætt, að ákveðnum mönnum sé falið eftirlit vegna eldhættu á barnasamkomum, þar sem jólatré eru höfð.

Í húsum þeim, sem opinberar samkomur eru haldnar, skulu vera að minnsta kosti tvennar dyr til útgöngu og skulu hurðir falla út.

Ákvæði þessi eiga einnig við í sveitum.

77. gr.

Bannað er að hrista gólfábreiður, viðra sængurföt, eða hengja þvott eða annað til þerris við götu eða torg í kauptúninu, þar sem það, að dómi lögreglunnar, er til óþrifnaðar eða lýta, eða getur valdið fælni í hestum.

78. gr.

Bannað er að nota gaddavírsgirðingar meðfram vegum í kauptúninu eða nær íbúðarhúsum en 6 metra.

79. gr.

Bannað er að hafa þakjárn laust úti og er það á ábyrgð eiganda, ef það fýkur öðrum til tjóns.

Sama gildir um viðarbrak o. þ. h., sem getur valdið meiðslum eða tjóni.

80. gr.

Í fjöru má ekki skilja eftir eða kasta seglfestu, grjóti eða neinu öðru, er getur valdið skipum eða bátum tjóni, eða á nokkurn hátt hindrað umferð eða skemmt höfnina. Ekki má heldur taka möl, sand eða grjót í fjöru hafnarinnar, nema með leyfi hafnarnefndar og þeirra aðila, sem eiga ráð á aðliggjandi lóðum.

ÞRIÐJI ÞÁTTUR

Almenn ákvæði.

XII. KAFLI

Um staðgildi samþykktarinnar og hvernig henni skuli beitt.

81. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir Vestur-Húnavatnssýslu.

82. gr.

Hreppstjórar skulu, hver í sínum hreppi, hafa gætur á, að fyrirmælum samþykktar þessarar sé hlýtt, og ástunda að koma í veg fyrir brot á henni.

Komist hreppstjóri að því, að brot sé framið, skal hann jafnskjótt kynna sér málavöxtu, og senda lögreglustjóra skýrslu um málið án tafar.

XIII. KAFLI

Um hegningarákvæði, kostnað o. fl.

204
30. okt.

83. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á samþykkt þessari, skal farið sem almenn lögreglumál.

84. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að 1000 krónum, ef ekki liggur við þyngri refsing að lögum.

Ef kenna má yfirsjón, er barn yngra en 14 ára drýgir, skorti á hæfilegri umsjón foreldra eða annarra, sem barninu ganga í foreldra stað, þá skal refsa þeim fyrir yfirsjónina, en ekki barninu.

Hagnaður sá, er sökudólgur kann að hafa haft af broti sínu og enginn einstakur á tilkall til, skal upptækur ger og renna auk sekta í sveitarsjóð þess hrepps, þar sem brotið er framið. Nú hefur maður drýgt brot í fleirum en einum hreppi, sem refsað er fyrir í sama máli, og rennur þá sekt hans og upptækur hagnaður í sýslusjóð.

85. gr.

Ef einhver lætur það ógert, sem er skylda hans samkvæmt samþykkt þessari eða fyrirskipunum lögreglustjóra samkvæmt henni, getur lögreglustjóri látið framkvæma það. Kostnað við þetta og kostnað, sem leiðir af þeim ráðstöfunum, sem lögreglustjóri gerir eða lætur gera, til að hindra brot á samþykktinni, greiðir sveitarsjóður þess hrepps, þar sem ráðstöfunin er framkvæmd, en skyldur er hinn seki að endurgreiða kostnaðinn að fullu.

86. gr.

Kostnaður, sem leiðir af samþykkt þessari, og ekki verður krafizt af einstökum mönnum, greiðist úr sveitarsjóði þess hrepps, þar sem til hefur verið kostað.

Leiði kostnað af ráðstöfunum, er varða sýslufélagið í heild, greiðist hann úr sýslusjóði.

Lögreglusamþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 107 frá 8. maí 1935, um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 30. október 1947.

Bjarni Benediktsson.

Ragnar Bjarkan.

REGLUR

205
1. nóv.

um sérnám ýmissa starfsmanna landssímans.

Samkvæmt 4. gr. reglugerðar frá 9. maí 1942, um stjórn, rekstur og eftirlit fjarskiptamála, eru hér með settar eftirfarandi reglur um inntökuskilyrði, námstilhögun og próf ýmissa starfsmanna landssímans.

A. Símvirkjar, símritarar og loftskeytamenn.

Inntökuskilyrði.

Umsækjandi til símvirkja- og símritara eða loftskeytamannsnáms skal hafa almenna heilbrigði og enga þá líkamsgalla, svo sem sljóva heyrn, sjóndepru, gallað

205 málfar o. þ. l., sem geta dregið úr árangri hans í námi og starfi, enda leggi hann
1. nóv. fram læknisvottorð þar að lútandi. Hann skal hafa lokið miðskólaprófi frá bóknámsdeild miðskóla eða jafngildu prófi í tungumálum, stærðfræði og landafræði frá öðrum sambærilegum skóla. Þegar um eldri starfsmenn er að ræða, sem óska sérnáms, en hafa ekki lokið miðskólaprófi eða hliðstæðu prófi, getur póst- og símamálastjórnin látið halda sérstakt próf fyrir þá í tungumálum, stærðfræði og landafræði.

Námstilhögun.

Námið tekur 3 ár og fer fram við verklegt starf samfara fræðilegu námi. Póst- og símamálastjórnin ákveður, hvar á landinu námið fer fram. Styttri tími kemur aðeins til greina, þegar hlutaðeigandi hefur áður formenntun í sumum námsgreinum. Hafi hann t. d. lokið loftskeytaprófi samkvæmt alþjóða radíóreglugerðinni, þá tekur viðbótarnámið ½—1½ ár.

Við námið er tilhögunin þessi: Fyrstu 4 mánuðir eru reynslutími og við lok hans tilkynnir póst- og símamálastjórnin skriflega, hvort námssveinninn verði tekinn sem reglulegur nemi eða hann verði að hætta námi. Bóklegt nám hefst innan 12 mánaða eftir að reynslutíma er lokið.

Eftir 3 ára nám, að reynslutíma meðtöldum, skal nemandi ganga undir próf, og standist hann það, er honum gefinn kostur á starfi í einhverri starfsdeild landssímans í Reykjavík eða annars staðar á landinu. Ljúki hann hins vegar ekki prófinu eða standist það ekki, má gefa honum kost á að halda námi áfram í eitt ár í viðbót með óbreyttum kjörum og ganga aftur undir próf að því loknu. Ef hann stenzt þá ekki prófið, verður hann að hverfa frá námi.

Mánaðargrunnkaup nemanda er: 1. ár kr. 250.00, 2. ár kr. 300.00, 3. ár kr. 400.00 auk verðlagsuppbótar samkvæmt vísitölu. Mánaðarkaupið greiðist eftir lok hvers mánaðar. Fyrir aukavinnu greiðist á klst. kr. 2.00 í dagvinnu, kr. 3.00 í eftirvinnu og kr. 4.00 í næturvinnu.

Landssíminn lætur kennsluna í té án sérstaks kennslugjalds frá nemendum.

Bóklega námið fari yfirleitt fram utan vinnutíma, og er að sjálfsögðu ekki greitt kaup fyrir þann tíma.

Sumarfrí er 1 dagur fyrir hvern mánuð, en við 1½ vetra skólann fer kennsla ekki fram á tímabilinu júní, júlí og ágúst.

Ef nemandi er svo oft fjarverandi frá námi, t. d. vegna veikinda, slysa eða af öðrum ástæðum, að hann getur ekki fylgzt með hinum nemendunum að dómi póst- og símamálastjórnarinnar, verður hann að hverfa frá námi.

Nemendum er skylt að stunda nám sitt af áhuga, reglusemi og stundvísi og koma ávallt fram með fullri kurteisi. Verði verulegir brestir á þessu, að dómi póst- og símamálastjórnarinnar, getur hún vísað nemanda frá námi.

Námið greinist í flokka, eftir því hvaða sérgrein hlutaðeiganda er aðallega ætlað að starfa við að námi loknu, svo sem hér segir:

1. Símvirki með talsímatækni sem aðalgrein.
2. Símvirki með ritsímatækni sem aðalgrein.
3. Símvirki með sjálfvirka tækni sem aðalgrein.
4. Símvirki með radíótækni sem aðalgrein.
5. Símritari.
6. Loftskeytamaður.

B. Talsímakonur.

Um nám talsímakvenna landssímans gilda eftirfarandi reglur:

Umsækjendur skulu vera á aldrinum 17—22 ára og verða að hafa lokið gagnfræðaprófi eða hliðstæðu prófi.

Heilbrigðisvottorð skal vera frá trúnaðarlækni landssímans.

Hæfnispróf fer fram eftir að umsóknir hafa borizt, og verða valdar úr þær stúlkur, sem hæsta einkunn hljóta í prófinu. Hæfnispróf er haldið í Reykjavík, nema svo standi á, að tiltækilegt og hentugra þyki að halda það annars staðar. 205 1. nóv.

Að loknu hæfnisprófinu byrjar talsímanámskeiðið og æfingatími, sem stendur yfir í að minnsta kosti sex mánuði. Ef framfarir nemenda á talsímanámskeiðinu eða í æfingatímunum teljast ekki viðunandi, má láta nemanda hætta námi fyrirvaralaust.

Að loknu talsímanámskeiði og æfingatíma skulu nemendur látnir ganga undir próf. Þær stúlkur, sem standast prófið og hæfar teljast, verða ráðnar í fasta stöðu hjá landssímanum frá næst komandi misseraskiptum eða áramótum að telja (1. janúar eða 1. júlí). Meðan á námskeiðinu stendur, fá nemendur námsstyrk, sem ákveðinn er af ráðherra. Þeir nemendur, sem lokið hafa prófi og verða ráðnir í fasta stöðu hjá landssímanum, eru skuldbundnir til að vinna á þeirri símastöð, er póst- og símamálastjórnin ákveður á hverjum tíma.

C. Símalagningamenn og tengingamenn.

Inntökuskilyrði.

Umsækjandi skal hafa almenna heilbrigði og enga þá líkamsgalla, svo sem sljóva heyrn, sjóndepru o. þ. l., sem getur dregið úr árangri hans í námi eða starfi, enda leggi hann fram vottorð frá trúnaðarlækni landssímans þar að lútandi.

Hann skal hafa nauðsynlega leikni í almennum reikningi, skrift og lestri og vera sæmilega handlaginn.

Námstilhögun.

Námið greinist í flokka, eftir því hvaða sérgrein hlutaðeigandi er aðallega ætlað að starfa við að námi loknu, svo sem hér segir:

1. Símalagningamenn.

Námið tekur að jafnaði 4 sumur, og að minnsta kosti 16 mánuði samtals, og fer fram við verklegt starf í vinnuflokkum landssímans við aðgerðir og lagningu loftlína. Styttri tími kemur aðeins til greina, þegar hlutaðeigandi hefur áður unnið við sams konar starf eða verið á sérstöku námskeiði í þessari grein eða aðrar sérstakar ástæður eru fyrir hendi, að dómi póst- og símamálastjórnarinnar.

Námið felur í sér æfingu í lagningu og viðgerðum alls konar loftlína, inntaka í hús, uppsetningu talfæra o. þ. l. Að námi loknu gefur hlutaðeigandi verkstjóri póst- og símamálastjórninni skýrslu um námið, og verður að jafnaði haldið verklegt próf áður en viðurkenning er veitt fyrir því, að hlutaðeigandi geti talizt fullgildur símalagningamaður. Kaup símalagningamanna fer eftir samningum við félag símalagningamanna.

2. Tengingamenn jarðstrengja.

Námið tekur 9 mánuði, þar af 3 mánuði aðallega á námskeiði, en 6 mánuði við verklegt starf. Styttri tími kemur aðeins til greina, þegar hlutaðeigandi hefur áður unnið við sams konar starf.

Námið felur í sér æfingu í lagningu og viðgerð alls konar jarðsíma, frágangi strengenda og tengikassa, einfaldar prófanir o. fl.

Námið hefst á 3 mánaða námskeiði, sem er haldið þar, sem póst- og símamálastjórnin ákveður. Að því loknu gengur hlutaðeigandi undir próf, og ef hann stenzt það, heldur hann áfram náminu við verklegt starf í 6 mánuði, og telji verkstjórar hans, að því loknu, hann hafa leyst það af hendi á viðunandi hátt, getur póst- og símamálastjórnin viðurkennt hann sem fullgildan tengingamann við jarðsímalagnir.

Fyrsti ½ mánuður námskeiðsins er kauplaus reynslutími, en að honum lokn-

205 1. nóv. um verður hlutaðeigandi tilkynnt skriflega, hvort hann verður tekinn sem fastur nemandi og fái greitt kaup (um 80% af verkamannakaupi) meðan á námskeiði stendur, gegn vissum skuldbindingum. Að námskeiði loknu greiðist venjulegt verkamannakaup, þar til námi er að fullu lokið, en síðan sama kaup og símalagningamenn fá.

3. Tengingamenn við húslagnir.

Námið tekur 9 mánuði, þar af 3 mánuði aðallega á námskeiði, en 6 mánuði við verklegt starf. Styttri tími kemur aðeins til greina, þegar hlutaðeigandi hefur áður unnið við sams konar starf.

Námið felur í sér æfingu í lagningu alls konar símatauga innanhúss og lagnir í tækjum, þ. á m. pípulagning, strengjalagning og frágang strengenda, kveiking víra, uppsetning talfæra o. þ. l., einfaldar prófanir á línum og talfærum o. s. frv.

Námið hefst á 3 mánaða námskeiði, en að því loknu gengur hlutaðeigandi undir próf, og ef hann stenzt það, heldur hann áfram náminu við verklegt starf í 6 mánuði og telji verkstjórar hans, að því loknu, hann hafa leyst það af hendi á viðunandi hátt, mun póst- og símamálastjórnin viðurkenna hann sem fullgildan tengingamann við þessar lagnir.

Fyrsti ½ mánuður námskeiðsins er kauplaus reynslutími, en að honum loknum verður hlutaðeiganda tilkynnt skriflega, hvort hann verður tekinn sem fastur nemandi og fái greitt kaup (um 80% af verkamannakaupi) meðan á námskeiði stendur, gegn vissum skuldbindingum. Að námskeiði loknu greiðist venjulegt verkamannakaup, þar til námi er að fullu lokið, en síðan sama kaup og símalagningamenn fá.

Póst- og símamálastjórnin, 1. nóvember 1947.

Guðmundur Hlíðdal.

Einar Pálsson.

206 6. nóv.

JARÐRÆKTARSAMÞYKKT

fyrir Ræktunarfélag Eyrbyggja.

I. KAFLI

Takmörk samþykktarsvæðis og markmið.

1. gr.

Samþykktarsvæðið nær yfir Stokkseyrarhrepp hinn forna í Árnessýslu — Búnaðarfélag Eyrarbakkahrepps og Búnaðarfélag Stokkseyrarhrepps.

2. gr.

Ræktunarfélagið tekur að sér á þann hátt, sem fyrir er mælt í samþykkt þessari, eftirgreind verkefni á öllum jörðum á félagssvæðinu, að undanskildum þeim, er falla undir ákvæði VI. kafla jarðræktarlaganna, nr. 54 4. júlí 1942, um búferlaflutning:

1. Að framkvæma jarðvinnslu á túnum jarða á félagssvæðinu, sem ekki eru véltæk. Nær það til plægingar, herfingar og jöfnunar landsins.
2. Að taka að sér jarðvinnslu til nýræktar túna eða garða. Nær það til fullnaðarvinnslu landsins á sama hátt og gert er ráð fyrir í síðustu málsgrein undir 1. lið.
3. Verksvið félagsins má færa út, ef ástæður leyfa, þannig að það nái einnig til framræslu og annarra ræktunarstarfa, er henta þykir.

Allar framkvæmdir samkvæmt lið 1—3 skulu gerðar eftir fyrirsögn Búnaðar- 206
félags Íslands. 6. nóv.

II. KAFLI
Skipun og verksvið framkvæmdastjórnar.

3. gr.

Stjórnir hreppabúnaðarfélaganna mynda fulltrúaráð fyrir ræktunarfélagið. Fulltrúaráðið kýs ræktunarfélaginu tveggja manna framkvæmdastjórn, einn mann úr hvorum hreppi til eins árs í senn, og skal annar þeirra vera formaður. Stjórnarnefndarmenn má endurkjósa. Fulltrúaráðsfundur er lögmætur, ef mættir eru 2 menn úr hvoru búnaðarfélagi.

4. gr.

Stjórn ræktunarfélagsins annast kaup á nauðsynlegum jarðvinnsluvélum, en skylt er henni, sbr. 8. gr. laga um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, að hafa samráð við verkfæranefnd ríkisins um kaup og val vélanna.

5. gr.

Stjórnin sér um kaup á öllu því, er með þarf til reksturs og viðhalds þeim vélum og áhöldum, er keypt verða.

6. gr.

Stjórnin annast um allan rekstur vélanna. Henni ber að gera og undirrita alla verktökusamninga, við hina einstöku framkvæmdaaðila á félagssvæðinu, og ákveður á hverjum tíma og í hvaða röð verkefnin eru tekin, sem unnið skal að.

7. gr.

Stjórnin ræður starfsmenn og ákveður launakjör þeirra. Heimilt er stjórninni að ráða framkvæmdastjóra til eins árs í senn, getur hún falið honum framkvæmdastjórn um daglegan rekstur og umsjón með verkstjórn vinnuflokka, með erindisbréfi.

8. gr.

Allir samningar, er stjórnin og framkvæmdastjóri gera fyrir hönd ræktunarfélagsins, samkvæmt samþykktum þessum eða ályktunum aðalfunda, eru skuldbindandi fyrir félagsheildina og hreppabúnaðarfélögin, er að samþykkt standa, án þess að það hafi verið sérstaklega undir þá borið. Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð gerða sinna fyrir aðalfundi ræktunarfélagsins.

III. KAFLI
Um tilhögun framkvæmda.

9. gr.

Skylt er stjórnum hreppabúnaðarfélaganna, hvorri á sínu svæði, fyrir janúarlok ár hvert að skrá verkbeiðnir félagsmanna. Skal þar tilgreint hverjar jarðabætur óskað er að unnar séu á því ári, svo og verkmagn þeirra. Skýrslum þessum ber að skila til framkvæmdastjórnar eigi síðar en 1. febrúar ár hvert.

Skýrslunni fylgi frá verkkaupendum greiðsluskuldbinding hvers fyrir sig, og enn fremur yfirlýsing félagsstjórnar hreppabúnaðarfélagsins að það takist á hendur ábyrgð á greiðslum sinna félagsmanna fyrir þau verk, sem hjá þeim verða unnin á því starfsári.

206 6. nóv.

10. gr.

Að fengnum þeim skýrslur, er um ræðir í 9. gr., ber framkvæmdastjórn ræktunarfélagsins að semja starfs- og rekstraráætlun fyrir yfirstandandi ár. Rísi ágreiningur innan ræktunarsambandsstjórnar um veigamikil atriði framkvæmdaáætlunar, ber að leggja hana fyrir aðalfund ræktunarfélagsins til samþykktar.

Framkvæmdastjórn er skylt að framfylgja samþykktri starfsáætlun eftir því, sem við verður komið.

11. gr.

Við allan undirbúning framkvæmdaáætlunar sé þess sérstaklega gætt:

1. Að þær jarðir, sem minnst véltækt land hafa, sitji fyrir vinnu, eftir því sem við verður komið, án þess að valda óhæfilegum aukakostnaði í flutningi véla og verkfæra;
2. að túnasléttun að öðru jöfnu sé látin sitja fyrir öðrum ræktunarframkvæmdum;
3. að land það, sem brjóta á til ræktunar, hafi verið ræst fram á fullnægjandi hátt, að dómi trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands.

IV. KAFLI

Um verðlagsákvarðanir og greiðslu kostnaðar.

12. gr.

Heimilt er framkvæmdastjórn, á þeim tíma, sem ekki er unnt að vinna að jarðvinnslu fyrir samþykktarfélaga, að taka að sér verkefni fyrir búendur, hreppsfélag eða aðra.

13. gr.

Verktaxta skal miða við tímaeiningu og skal haga þeim svo, að greiddur fáist allur kostnaður við rekstur fyrirtækisins og að auki safnist með eðlilegum hraða sjóður til endurnýjunar vélanna.

14. gr.

Ræktunarfélagið myndar stofnsjóð til vélakaupa. Stofnfjárhæð hans er 30 þús. krónur.

Tekjur stofnsjóðs eru:

Hreppabúnaðarfélögin leggja fram sem óafturkræft framlag kr. 15000.00 hvort félag á ræktunarsamþykktarsvæðinu. Móti þessu stofnfé kemur framlag framkvæmdasjóðs ríkisins samkvæmt ákvæðum 9. gr. laga um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, jafnóðum og það greiðist sem styrkur til vélakaupa félagsins.

15. gr.

Stofnfjárframlag hreppabúnaðarfélaganna greiðist inn til sambandsstjórnar, þá er samþykkt þessi hefur öðlazt gildi.

16. gr.

Komi í ljós síðar, að áliti framkvæmdastjórnar, að auka þurfi stofnsjóð, ber henni að gera rökstuddar tillögur um stofnfjáraukninguna til hreppabúnaðarfélaganna fyrir aðalfund þeirra.

Ef meiri hluti fulltrúa á aðalfundi ræktunarfélagsins, að fengnum meiri hluta samþykki í hreppabúnaðarfélögunum, ákveður stofnfjáraukningu, er hún bindandi fyrir hreppabúnaðarfélögin.

206
6. nóv.

V. KAFLI
Um reikningshald og endurskoðun.

17. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið og skal reikningsskilum lokið svo snemma, að endurskoðun geti farið fram áður en aðalfundur ræktunarfélagsins er haldinn. Skulu endurskoðendur sannprófa, að reikningum beri saman við bækur framkvæmdastjórnar. Aðalfundur skal haldinn fyrir lok marzmánaðar ár hvert.

18. gr.

Endurskoðendur séu tveir kosnir á aðalfundi ræktunarfélagsins til eins árs í senn. Þeir skulu kynna sér reikningana sem bezt, og hafa eftirlit með starfrækslu framkvæmdastjórnar í hvívetna.

19. gr.

Endurskoðaðir reikningar skulu lagðir fram til samþykktar á aðalfundi ræktunarfélagsins, en áður skulu þeir hafa verið til umræðu innan hreppabúnaðarfélaganna, þar gefur framkvæmdastjórn skýrslu um starfsemina, svo og endurskoðendur, ef tilefni er til þess.

VI. KAFLI
Um breyting samþykkta og hvernig samþykkt verði úr gildi felld.

20. gr.

Tillögur, er fram kunna að koma til breytinga á samþykkt þessari, frá einstökum hreppabúnaðarfélögum eða framkvæmdastjórn, skulu lagðar fyrir aðalfund ræktunarfélagsins. Samþykki löglegur aðalfundur breytingarnar með að minnsta kosti ⅗ atkvæðisbærra fulltrúa, skal stjórn félagsins senda breytingarnar Búnaðarfélagi Íslands, er leitar staðfestingar landbúnaðarráðherra á þeim.

21. gr.

Samþykktir þessar má því aðeins nema úr gildi, að rökstutt álit meiri hluta samþykktaraðila liggi fyrir um, að tilgangi samþykktarinnar verði ekki náð, og lögmætur aðalfundur ræktunarfélagsins samþykki það með að minnsta kosti ⅗ atkvæðisbærra fundarmanna, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til.

22. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

23. gr.

Samþykkt þessi gengur í gildi er hún hefur verið staðfest af landbúnaðarráðherra.

Samþykkt þessi, sem er sett samkvæmt lögum nr. 7 12. janúar 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, og reglugerð um jarðræktarsamþykktir frá 20. febrúar 1946, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 6. nóvember 1947.

Bjarni Ásgeirsson.

Árni G. Eylands.

207
7. nóv.

HAFNARREGLUGERÐ
fyrir Akraneskaupstað.

I. KAFLI
Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Akraneshöfn takmarkast að vestanverðu af beinni línu, er hugsast dregin úr Vestriflasartá í Syðriflasarenda og þaðan í Þjótarsker, en að sunnan og austan af beinni línu, er hugsast dregin úr Þjótarskeri í vestanverðan Sólmundarhöfða. Höfninni er skipt í tvennt, að vestan: Lambhúsasund, en að austan: Krossvík.

II. KAFLI
Stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Hafnarnefnd hefur á hendi umsjón með höfninni og framkvæmd hafnarmálefna, en skrifstofa bæjarins annast fjárhald hafnarinnar og reikningsskil fyrir hönd bæjarstjórnar Akraneskaupstaðar. Í hafnarnefnd sitja 5 menn og 3 til vara. Skal nefndin kosin á sama hátt og til sama tíma og aðrar fastanefndir, er bæjarstjórn kýs. Heimilt er að kjósa í nefndina menn, er ekki eiga sæti í bæjarstjórn.

3. gr.

Öll gjöld, sem reglugerð þessi ræðir um, skulu renna í hafnarsjóð Akraness. Sjóðnum skal verja til umbóta á höfninni og til byggingar mannvirkja, er höfninni tilheyra. Bæjarstjórn ákveður, hvernig hafnarsjóð skuli ávaxta, enda ber hún ábyrgð á innstæðu hans, sem og öðrum eignum og skuldbindingum. Bæjarstjórn er skylt að láta endurskoða reikninga hafnarinnar einu sinni á ári.

4. gr.

Bæjarstjórn ræður hafnarvörð, setur honum starfsreglur og ákveður laun hans. Bæjarstjóri kallar saman fundi og stjórnar þeim, sér um bókanir á fundargerðum og ályktunum nefndarinnar og hefur á hendi umsjón og eftirlit með fjármálum hafnarinnar og samþykkir reikninga til útborgunar.

Hafnargjaldkeri skal hafa reikningshald hafnarinnar, annast innheimtu á hafnargjöldum með aðstoð hafnarvarðar, og hafa útborganir með höndum undir eftirliti bæjarstjóra.

Hafnarnefnd heldur fundi svo oft, sem þörf krefur. Bæjarstjóra er skylt að kveðja til fundar, ef tveir eða fleiri nefndarmenn fara fram á það við hann. Fundir hafnarnefndar eru ekki ályktunarfærir, nema a. m. k. þrír nefndarmenn séu á fundi.

III. KAFLI
Um almenna reglu.

5. gr.

Hafnarvörður sér um, að gætt sé almennrar reglu á höfninni, á bryggjum hafnarinnar og landi hennar. Er öllum skylt að hlýðnast boði og banni hafnarvarðar, og annarra þeirra starfsmanna, er bæjarstjórn setur til þess að gæta reglu. Þyki einhverjum sér óréttur ger, getur hann kært það fyrir bæjarfógeta, en skipun

hafnarvarðar eða annarra starfsmanna hafnarinnar ber að hlýðnast tafarlaust, og varðar sektum, ef út af er brugðið. 207 7. nóv.

Skylt er að gæta varúðar um allt það, er valdið getur bruna. Álíti hafnarvörður, að hætta geti stafað af meðferð eldfimrar vöru, er honum heimilt að gera þær ráðstafanir til varúðar, er honum þykir nauðsynlegar.

Öll skot og fugladráp er stranglega bannað á höfninni og landi hennar, nema með fyrir fram gefnu samþykki bæjarstjóra, ef slíks er þörf.

Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi sínu.

IV. KAFLI
Um notkun hafnarinnar.

6. gr.

Venjulega er skipum og bátum heimilt að leggjast við bryggjur hafnarinnar í þeirri röð, sem þau koma. Þó hefur hafnarvörður rétt til að leyfa skipum, sem sigla eftir fyrir fram ákveðinni og auglýstri áætlun og flytja póst, að leggjast að bryggju, þótt önnur skip liggi þar fyrir, og verða þau þá að víkja, á meðan hin eru afgreidd. Sé fermingu eða affermingu skips eigi haldið áfram með hæfilegum hraða að áliti hafnarvarðar, ber því að víkja fyrir öðrum skipum, ef hann krefst þess. Enn fremur getur hafnarvörður vísað skipum frá bryggju, álíti hann það nauðsynlegt veðurs vegna. Ef ágreiningur rís, ræður hafnarvörður í hverri röð skipin koma að bryggju.

7. gr.

Ef nauðsyn ber til þess, að skipum, sem ferma eða afferma við bryggjur eða bólverk, sé lagt hverju við hliðina á öðru, er heimilt að flytja farm þeirra skipa, sem utar liggja, yfir þilför hinna. Svo er og skipshöfn og farþegum þeirra skipanna, sem utar liggja, heimil nauðsynleg umferð um þilför þeirra skipanna, sem liggja nær.

8. gr.

Skip eða bátar mega ekki varpa akkerum á Lambhúsasundi, nema þar sem hafnarvörður ákveður. Hafnarnefnd ákveður og úrskurðar um öll atriði viðvíkjandi legu skipa og báta á Lambhúsasundi, ef ágreiningur rís um það, eða ef hafnarvörður telur þörf á breytingum í því efni.

Nú tregðast eigandi eða umráðamaður skips eða báts að hlýða boði hafnarvarðar eða hafnarnefndar um að flytja skip sitt á höfninni, og getur þá hafnarnefnd látið flytja skip eða bát á kostnað og ábyrgð eiganda.

Á Lambhúsasundi má ekki nota önnur akkeri en svokölluð „Patent"-akkeri, nema með sérstöku leyfi hafnarnefndar.

9. gr.

Hafnarnefnd hefur umsjón með bryggjum og mannvirkjum hafnarinnar og áhöldum, er þeim fylgja, og er öllum óheimil notkun þeirra, nema leyfi hafnarnefndar eða bæjarstjóra komi til.

Á hafnarsvæðinu má ekki gera nein mannvirki, né breyta þeim mannvirkjum, sem nú eru, og heldur ekki fylla upp né dýpka út frá landi, nema leyfi bæjarstjórnar komi til.

10. gr.

Seglfestu, ösku, eða öðru því, er valdið getur skemmdum á höfninni, mega skip eða bátar ekki varpa útbyrðis á hafnarsvæðinu, né heldur má flytja slíkt úr landi út í höfnina.

207 11. gr.

7. nóv. Ef skip lendir á grynningum eða sekkur þar, sem það að áliti hafnarvarðar tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal færa það burtu svo fljótt, sem auðið er. Verði dráttur á því, má hafnarvörður láta færa skipið burtu á kostnað eigandans, og er hafnarnefnd heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum, ef nauðsyn krefur.

12. gr.

Þeir, sem skemma bryggjur eða önnur mannvirki hafnarinnar og hafnartæki, eru skyldir til að bæta að fullu kostnaðinn við að lagfæra það.

V. KAFLI

Lestagjald.

13. gr.

Öll skip, hvort sem eru tóm eða hlaðin, skulu greiða hafnargjald, sem miða skal við smálestatölu skipsins, í hvert skipti sem þau leggjast við festar á hafnarsvæðinu, þó með þeim undantekningum, sem segir í 14. gr.

14. gr.

a. Skip og báta 5—100 smálestir brúttó, sem eru eign manna, búsettra á Akranesi og gerð út þaðan til fiskveiða eða flutninga, svo og önnur skip og bátar, sem gerðir eru út frá Akranesi a. m. k. tveggja mánaða tíma á ári, skulu greiða lestagjald einu sinni á ári, 4 krónur af hverri brúttósmálest skips eða báts, þó ekki yfir 200 krónur fyrir einn bát eða skip. Vélbátar minni en 5 smálestir brúttó, skulu greiða 10 króna lestagjald á ári.
b. Skip 100—300 smálestir að stærð brúttó, sem eru eign manna búsettra á Akranesi og gerð eru út þaðan til fiskveiða eða flutninga, svo og önnur skip, sem gerð eru út þaðan, a. m. k. tveggja mánaða tíma á ári, skulu greiða lestagjald einu sinni á ári, 2 kr. af hverri heilli smálest af brúttóstærð skipsins.
c. Flóabáturinn Reykjavík—Akranes—Borgarnes skal greiða lestagjald einu sinni á ári, 3 kr. af hverri heilli brúttósmálest skipsins.
d. Innlend fiskiskip, hverju nafni sem nefnast, svo og skip, sem eingöngu eru í innanlandssiglingum, skulu greiða lestagjald, 0.30 kr. af hverri nettósmálest skipsins, þó ekki oftar en tvisvar í sama mánuði, enda þótt þau komi oftar til hafnar.
e. Öll önnur skip, sem á téð hafnarsvæði koma, nema herskip, björgunarskip, varðskip, skip, sem hafa skírteini sem skemmtiskip, skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, og skip, sem nefnd eru undir staflið f. þessarar greinar, skulu greiða 0.30 kr. af hverri heilli smálest nettó. Skip, sem sigla eftir fastri áætlun, skulu þó ekki greiða gjald þetta oftar en einu sinni á mánuði. Heimilt skal hafnarnefnd að semja um lægra gjald fyrir skip, sem sigla eftir fastri áætlun, hvort sem er með ströndum landsins eða milli landa.
f. Skip, sem leita hafnar vegna óveðurs, sjóskaða eða skemmda á skipi, greiða ekki lestagjald, nema þau jafnframt fermi eða affermi vörur. Sama er með skip, sem leita hafnar til þess að rétta áttavita eða fá skipshafnir.

Gjalddagi lestagjalds samkv. a-, b- og c-lið þessarar greinar skal vera hinn 1. apríl ár hvert. Annars er lestagjaldið þegar fallið í gjalddaga, er skipið hefur varpað akkerum á hafnarsvæðinu.

VI. KAFLI
Um vörugjald.

15. gr.

Fyrir notkun hafnarinnar skal greiða vörugjald af öllum vörum, sem fluttar eru úr landi um borð í skip á höfninni, eða úr skipi á land á hafnarsvæðinu. Vörugjaldið greiðist þannig:

1. flokkur. Gjald 25 aurar á 100 kg:
   Nýr fiskur, fluttur í land.
   Gjald 25 aurar fyrir hvert teningsfet:
   Trjáviður og aðrar vörur, sem reiknaðar eru eftir rúmmáli, þar með talin húsgögn o. þ. h., kork, vikurplötur stk., tómir ísfiskkassar stk.
2. flokkur. Gjald 35 aurar fyrir hver 100 kg:
   Saltfiskur óverkaður, laus, pakkaður og í tunnum og kössum.
   Ísfiskur og frosinn fiskur, laus og í kössum.
   Gjald 35 aurar fyrir hverja tunnu:
   Síldar- og gotutunnur og aðrar líkar, tómar tunnur.
3. flokkur. Gjald 50 aurar fyrir hver 100 kg:
   Blý, eldfastur leir, girðingajárn, járnrör, smíðajárn, steypujárn, saumur, akkeri, keðjur, mótorar, vélahlutir, áburður (tilbúinn), sag, fiski- og síldarmjöl, kartöflur, kornvörur, sykur, smjör, smjörlíki, ull, gærur, hey, fiskilínur, fiskinet, kaðall, hessian, kolkrabbi, ný og fryst beitusíld, ís.
   Gjald 50 aurar fyrir hvert stykki:
   Sauðfé, gotutunnur, lýsistunnur, síldartunnur 100—116 kg, fullar, tóm benzínföt og aðrar stórtunnur, tómar (um 200 l).
   Gjald 50 aurar fyrir hver 100 kg:
   Harðfiskur, niðursoðinn fiskur, fiskflök, ný og frosin, verkaður saltfiskur, kol, salt, sement.
4. flokkur. Gjald 60 aurar fyrir hver 100 kg:
   Nýr fiskur fluttur úr landi.
5. flokkur. Gjald 60 aurar fyrir hver 100 kg:
   Brennsluolía (laus í geymi).
6. flokkur. Gjald 125 aurar fyrir hvert stykki:
   Lýsisföt, smurnings- og steinolíutunnur, um 200 lítra, fullar.
7. flokkur. Gjald 2 krónur fyrir hvert stykki:
   Mótorhjól, hross og nautgripir.
8. flokkur. Gjald 5 krónur fyrir hverja:
   Bifreiðar og dráttarvélar.
9. flokkur. Gjald 1 króna fyrir 100 kg:
   Allar aðrar vörur, sem venja er að greiða flutningsgjald af eftir þyngd.

Fyrir vörur, sem eru aðfluttar til umhleðslu á höfninni eða við bryggju, greiðist hálft gjald. Sama gildir um vörur, sem umhlaðnar eru úr einu skipi í annað, á höfn eða við bryggju.

Fyrir aðfluttar vörur frá öðrum stöðum, t. d. fisk til verkunar, og aðrar þær vörur, sem eiga að flytjast út aftur, greiðist aðeins vörugjald, þegar þær fara.

Bæjarstjórn hefur heimild til að lækka þessa gjaldskrá allt að helmingi, ef nauðsyn krefur og ástæður leyfa. Enn fremur má hún semja sérstaklega um vörugjald af mjólk.

16. gr.

Þessar vörur eru algerlega undanþegnar vörugjaldi:

a. Kol, olía, salt, vistir og aðrar nauðsynjar skipa og báta til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi.

207 b. Póstur og farþegaflutningur, allt að 25 kg.
7. nóv. c. Vörur og tæki til hafnarinnar eða annarra fyrirtækja bæjarins.

17. gr.

Viðtakandi greiðir vörugjaldið af vörum, sem koma til hafnarinnar, en sendandi af vörum, sem fluttar eru úr höfninni. Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað, greiðir sá vörugjaldið, sem affermir.

Vörugjald af vörum, sem koma til hafnar, falla í gjalddaga, þegar skipið, sem vörurnar flytur, er komið í höfnina, og vörugjald af vörum, sem fluttar eru úr höfninni, fellur í gjalddaga, þegar vörurnar eru komnar í skip. Skipstjóri, formaður báts, og afgreiðslumaður skips bera ábyrgð á, að vörugjaldsskyldar vörur séu ekki afhentar, fyrr en vörugjaldið er greitt, og hafnarsjóður hefur haldsrétt í vörunum, unz vörugjaldið er að fullu greitt, og í skipi, unz hafnargjaldið er greitt. Ef út af bregður, er það brot á hafnarreglugerðinni.

Öll gjöld hafnarinnar eiga að greiðast á skrifstofu hafnargjaldkera.

Ágreiningi um greiðslu hafnargjalda má skjóta til bæjarstjórnar.

18. gr.

Enginn flutningur, hverju nafni sem nefnist, má liggja á bryggjunum lengur en brýn nauðsyn krefur. Fisk má ekki slægja þar. Að öðru leyti eru notendur bryggnanna og aðrir háðir þeim reglum, sem bæjarstjórn setur um góða reglu og hreinlæti á þeim.

VII. KAFLI
Um bryggjugjöld.

19. gr.

Hvert skip eða bátur, sem leggst við hafnarbryggjurnar, skal greiða bryggjugjald af nettóburðarmagni skipsins, talið í heilum smálestum. Gjald þetta skal greiða fyrir hvern sólarhring, eða hluta úr sólarhring, 16 aura af hverri smálest, þó aldrei minna en 10 krónur yfir sólarhringinn. Ef skip liggur utan á öðru skipi við hafnarbryggjurnar, skal það greiða hálft gjald. Herskip, varðskip og flóabáturinn Reykjavík—Akranes—Borgarnes, eru undanþegin bryggjugjaldi þessu.

20. gr.

Bátar, stærri en 20 smálestir brúttó, sem ekki eiga heima á Akranesi og ekki eru gerðir út þaðan, skulu greiða 10 krónur fyrir hvern sólarhring eða brot úr sólarhring, sem þeir liggja við bátabryggjurnar, en minni bátar 3 krónur.

Bátar þeir, sem heima eiga á Akranesi eða eru gerðir þaðan út, skulu greiða 10 krónur fyrir hvern sólarhring eða brot úr sólarhring, sem þeir liggja við bryggjur hafnarinnar, án þess að ferming eða afferming eigi sér stað.

VIII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

21. gr.

Skipstjóri, sem siglir skipi sínu eða bát í óleyfi út úr höfninni, án þess að greiða lögmæt hafnargjöld, og án þess að skilja eftir skipsskjölin hjá hafnarverði, hefur gert sig sekan um brot á reglugerð þessari.

Nú fer skip burt úr höfninni í óleyfi, án þess að greiða lögmæt hafnargjöld, og ágreiningur rís síðar um það, hve oft skipið hafi komið til hafnar, eða hve lengi

það hafi verið á hafnarsvæðinu, þá skal fara eftir skýrslu hafnarvarðar um það, nema annað sannist. 207 7. nóv.

22. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda, og hefur hafnarsjóður haldsrétt á vörum, til tryggingar greiðslu á vörugjöldum, en í skipum og bátum til tryggingar greiðslu annarra gjalda, þar til þau hafa verið greidd.

23. gr.

Nú segir gjaldandi rangt til um vörunafn, þyngd eða stærð gjaldskyldrar vöru, og eigi er ætlandi né sannast, að um sé að kenna afsakanlegu gáleysi, þá skal hann skyldur til að greiða ferfalt vörugjald, og að auki sekt fyrir brot á hafnarreglugerðinni, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum.

24. gr.

Enginn, sem bakað hefur sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, má fara burt úr höfninni, meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, sem hafnarnefnd eða hafnarvörður tekur gilda.

Sama gildir um skaðabótaskyld skip.

25. gr.

Hverja þá skipun, sem samkvæmt reglugerð þessari má gefa skipi, skal gefa stýrimanni, ef skipstjóri er ekki á skipi né umboðsmaður hans. Ef stýrimaður er eigi á skipi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina, og er það jafngilt, og skipstjóri hefði fengið skipunina sjálfur.

26. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá 20 til 10 000 krónum, nema þyngri refsing liggi við eftir almennum lögum. Sektirnar renna í hafnarsjóð.

27. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara sem almenn lögreglumál.

28. gr.

Með reglugerð þessari er úr gildi numin hafnarreglugerð fyrir Akranes nr. 118 frá 30. des. 1932 og breyting á þeirri reglugerð nr. 64 frá 26. apríl 1941.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 7. nóvember 1947.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

ARÐSKRÁ

Fiskræktarfélagsins Hvítá fyrir tímabilið 1947—1951.

1.	Einarsnes	75	hlutir
2.	Bóndhóll	45	—
3.	Lækjarkot	14	—
4.	Ölvaldsstaðir	25	—
5.	Ferjubakki II	40	—
6.	Ferjubakki III	20	—
7.	Ferjukot og Ferjubakki I	150	—
8.	Sólheimatunga	10	—
9.	Svignaskarð	10	—
10.	Fróðhús	5	—
11.	Gljúfurá	3	—
12.	Litlu-Skógar	2	—
13.	Stóru-Skógar	2	—
14.	Tandrasel	2	—
15.	Svarfhóll	15	—
16.	Stafholt	26	—
17.	Arnarholt	5	—
18.	Haugar	2	—
19.	Hlöðutún	2	—
20.	Munaðarnes	10	—
21.	Veiðifélag Norðurár	400	—
22.	Hofstaðir	10	—
23.	Hamraendar	60	—
24.	Neðranes	2	—
25.	Veiðifélag Þverár	300	—
26.	Veiðifélag Reykdæla	24	—
27.	Veiðifélag Flóku	10	—
28.	Laugarhóll	70	—
29.	Stafholtsey	3	—
30.	Hvítárbakki	11	—
31.	Þingnes	70	—
32.	Fossatún	4.5	—
33.	Hestur	20	—
34.	Múlakot	5.5	—
35.	Skálpastaðir	20	—
36.	Mávahlíð	2	—
37.	Gröf	20	—
38.	Kistufell	1	—
39.	Arnþórsholt	1	—
40.	Kross	0.5	—
41.	Skarð	18	—
42.	Lundur	25	—
43.	Snartarstaðir	3	—
44.	Gullberastaðir	10	—
45.	Oddsstaðir	1	—
46.	Hóll	1	—

47.	Brautartunga	1	hlutir
48.	Tungufell	0.5	—
49.	Brenna	1.5	—
50.	Iðunnarstaðir	1.5	—
51.	England	2	—
52.	Reykir	2	—
53.	Hvítárvellir I	85	—
54.	Hvítárvellir II	56	—
55.	Hvítárvellir III	4	—
56.	Hvanneyri	73	—
57.	Hannes Ólafsson vegna Stafholts	6	—
58.	Hermann Jónasson vegna Grímsár	60	—
59.	Stöngin vegna Grímsár	60	—
60.	Kristján Guðjónsson vegna Ölvaldsstaða	2	—

Alls 1910 hlutir.

208
11. nóv.

Arðskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 112 9. október 1941, um lax- og silungsveiði, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt falla úr gildi eldri ákvæði um sama efni.

Atvinnumálaráðuneytið, 11. nóvember 1947.

Bjarni Ásgeirsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

HAFNARREGLUGERÐ

209
18. nóv.

fyrir Höfðakaupstað.

I. KAFLI
Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Takmörk hafnarinnar eru: Lína, sem hugsast dregin 300 m frá Höfðatá í réttvísandi vestur. Önnur lína frá vesturenda þessarar línu, því sem næst réttvísandi suður í Djúpnagg (fremsta djúpskerið) og þaðan til lands í Hrafnárós.

II. KAFLI
Stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Til þess að standast kostnað við hafnarmannvirki og árlegan reksturskostnað, skal stofna hafnarsjóð. Í hafnarsjóð renna allar tekjur, sem ákveðnar eru með reglugerð þessari. Við lok hvers rekstursárs skal hafnarnefnd semja reksturs- og efnahagsreikning sjóðsins og ber henni að hafa fullgert reikninginn ekki síðar en í febrúarlok næsta reikningsárs. Reikningar skulu endurskoðaðir og úrskurðaðir á sama hátt og hreppsreikningar. Fyrir 1. nóvember ár hvert skal hafnarnefnd hafa samið og lagt fyrir hreppsnefnd Höfðahrepps frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári.

Hreppsnefnd skal síðan fullsemja áætlunina og senda hana samgöngumála-

209 ráðuneytinu til staðfestingar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á gjalda
18. nóv. og tekjuliðum.

3. gr.

Að nýafstöðnum hreppsnefndarkosningum skal hreppsnefnd Höfðahrepps kjósa 3 menn í hafnarnefnd, og jafnmarga til vara. Kjörtímabil hafnarnefndar er hið sama og hreppsnefndar. Hafnarnefnd sér um viðhald og endurbætur hafnarinnar og stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta. Hafnarnefnd annast reikningshald og fjárvörzlu hafnarsjóðs, fyrir hönd hreppsnefndar, enda ber hreppsnefnd ábyrgð á eignum sjóðsins, sem öðrum eignum hreppsins, svo og öllum skuldbindingum sjóðsins.

4. gr.

Hafnarnefnd skal ráða hafnarvörð, er hefur þau störf undir umsjón hafnarnefndar, sem talin eru í þessari reglugerð, og annað, sem hafnarnefnd kann að fela honum vegna hafnarinnar. Skal hafnarnefnd gefa hafnarverði erindisbréf, er greini sem skýrast störf hans og skyldur.

Hafnarvörður sér um innheimtu allra hafnargjalda og annarra tekna hafnarinnar og skulu gjöldin greidd á skrifstofu hans.

Hafnarvörður skal í forföllum sínum setja mann, sem hafnarnefnd samþykkir, í sinn stað og skal sá maður hafa sama vald og hafnarvörður.

III. KAFLI

Um almenna reglu.

5. gr.

Hafnarvörður sér um, að gætt sé almennrar reglu á höfninni og við hana. Er öllum tafarlaust skylt að hlýða boði hans og banni og enn fremur annarra þeirra starfsmanna, er hún setur til að gæta reglu. Þyki einhverjum sér óréttur ger, getur hann kært það til hafnarnefndar.

Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi sínu.

6. gr.

Þeim, sem ekkert lögmætt erindi eiga um hafnarsvæðið, er bannað að dvelja þar, ef þeir með því tálma fermingu eða affermingu skipa eða öðrum störfum, sem þar fara fram.

7. gr.

Öll skot innan hafnarsvæðisins eru stranglega bönnuð.

8. gr.

Skylt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa á hafnarsvæðinu. Í skipum, sem flytja eldfim efni, má ekki kveikja eld, nema í eldavél skipsins og á ljóskerum. Tóbaksreykingar eru bannaðar í þeim skipum og á því svæði, sem unnið er að fermingu og affermingu þeirra og skal það greinilega auglýst. Álíti hafnarvörður að hætta geti stafað af fermingu og affermingu eldfimrar vöru, er honum heimilt að stöðva verkið, unz gerðar hafa verið nauðsynlegar varúðarráðstafanir. Bannað er að sjóða tjöru, bik, fernisolíu eða annað slíkt, sem eldhætta getur stafað af, í skipum á höfninni, svo og á landi hafnarinnar, nema með sérstöku leyfi hafnarvarðar í hvert sinn.

9. gr.

Á landi hafnarinnar má ekki smíða ný skip né gera við gömul skip, nema með leyfi hafnarvarðar, og með þeim skilmálum, sem hann ákveður í samráði við hafn-

arnefnd. Bannað er að leggjum skipum upp í hafnarfjöruna, nema með leyfi hafnar- 209
varðar. 18. nóv.

10. gr.

Óheimilt er að gera hafnarmannvirki, breyta eða auka við þau hafnarmannvirki, sem nú eru, og einnig fylla upp eða dýpka út frá landi, nema með samþykki hreppsnefndar, og gildir það leyfi því aðeins, að samþykki samgöngumálaráðuneytisins sé fyrir hendi. Sé leyfi þetta ekki notað innan tveggja ára frá veitingu, fellur það úr gildi.

11. gr.

Bannað er að kasta seglfestu, fiskúrgangi, ösku, kolum eða öðrum óþrifnaði í sjóinn frá skipum, er liggja við hafnarbryggjur eða á höfninni.

Óheimilt er einnig að leggja skolpleiðslur og annað frárennsli með útrás í skipakvína.

12. gr.

Óheimilt er að taka seglfestu, sand eða möl í landi hafnarinnar, nema með leyfi hafnarnefndar.

IV. KAFLI

Um legu skipa og umferð þeirra á höfninni.

13. gr.

Fiskiskip og önnur skip, er ferma ekki eða afferma, mega aldrei liggja svo á höfninni, að tálmi fermingu eða affermingu annarra skipa, og skulu í hvert skipti skyld að hlýða boði hafnarvarðar um það, hvar þau skuli leggjast.

Ekki má leggja skipum eða bátum svo nærri bryggjum, að eigi sé, að dómi hafnarvarðar, nægilegt svæði fyrir önnur skip að komast að eða frá, né heldur leggja netum eða duflum svo nærri bryggjum eða á höfninni, að aðgangur gerði skipum ógreiður. Skip mega aldrei leggja svo út frá sér strengi eða önnur festartæki, að umferð tálmi, enda skulu þau nota festarhringi og festarstólpa hafnarinnar.

14. gr.

Nú tregðast eigandi, skipstjóri eða umráðamaður báts eða skips að hlýða skipun hafnarvarðar um að flytja skip sitt, bát eða strengi á höfninni, og getur þá hafnarvörður látið gera það á kostnað og ábyrgð eiganda eða umráðamanns.

15. gr.

Gufuskip eða önnur vélskip mega ekki láta vélarnar ganga af svo miklu afli, að öðrum skipum eða hafnarmannvirkjum stafi hætta af.

Skylt er að hafa tryggar hlífar milli skips og bryggju.

16. gr.

Þeir, sem valdir verða að tjóni á bryggjunni eða öðrum mannvirkjum eða á áhöldum hafnarsjóðs, skulu bótaskyldir. Annað hvort greiði þeir tjónið með upphæð, er um semur við hafnarnefnd, eða viðgerðarkostnað samkvæmt reikningi. Um skaðabótaskyldu fyrir slíkt tjón fer eftir almennum reglum.

Takist ekki samningar um bætur, skulu þær ákveðnar af þremur óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila um sig er heimilt að krefjast yfirmats, og skal þá krafa um það borin fram innan mánaðar frá því, er matsgerð lauk. Yfirmat skal fara fram af fimm óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn yfir mat greiði sá, er þess hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meir en sem svarar 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð, að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

209 17. gr.

18. nóv. Ef skip lendir á grynningum eða sekkur, þar sem það, að áliti hafnarnefndar, tálmar greiða notkun hafnarinnar, skal færa það burt svo fljótt, sem auðið er. Verði dráttur á því, getur hafnarvörður látið færa skipið burt á kostnað eigandans, og er honum heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum. Verði andvirði hins selda skips ekki nægilegt til lúkningar kostnaði, er eigandi ábyrgur fyrir eftirstöðvunum.

V. KAFLI

Um notkun bryggjunnar.

18. gr.

Venjulega er skipum heimilt að leggjast að bryggjum hafnarinnar í þeirri röð, sem þau koma. Þó skulu skip, sem sigla eftir fyrir fram auglýstri ferðaáætlun og flytja póst, svo og afgreiðslubátar slíkra skipa, hafa forgangsrétt til afgreiðslu við bryggju, þó önnur skip liggi þar fyrir. Sams konar rétt hafa vélskip fram yfir seglskip. Sé fermingu eða affermingu skips ekki haldið áfram með hæfilegum hraða, að áliti hafnarvarðar, ber því að víkja fyrir öðrum skipum, ef hann krefst þess. Enn fremur getur hafnarvörður vísað skipum frá bryggju, álíti hann það nauðsynlegt vegna veðurs.

Ef ágreiningur rís, ræður hafnarvörður í hvaða röð skip komast að bryggju.

19. gr.

Ef nauðsyn ber til, að skipum, sem ferma eða afferma við bryggjur eða hafnargarð, sé lagt hlið við hlið, er heimilt að flytja farm þeirra skipa, sem utar liggja, yfir þilför hinna á bjálkabrúm. Svo er og skipshöfn og farþegum þeirra skipa, sem utar liggja, heimil nauðsynleg umferð um þilför þeirra skipa, er nær liggja.

20. gr.

Þeir munir eða vörur, sem affermdar eru eða látnar í skip, mega ekki liggja á bryggju eða uppfyllingu og eigi annars staðar á landi hafnarinnar, en á þeim stöðum, sem ætlaðir eru til geymslu, nema með sérstöku leyfi hafnarvarðar. Skal flytja burtu muni og vörur, jafnskjótt og hann krefst þess. Hafnarvörður getur heimtað gjöld eftir vörur, sem látnar eru liggja á landi hafnarsjóðs.

VI. KAFLI

Um geymsluskip og skip, sem lagt er í lagi.

21. gr.

Sérstakt leyfi hafnarnefndar þarf í hvert sinn til þess að leggja megi á höfninni skipum, sem ætluð eru til geymslu og lagt er í lagi.

Hafnarvörður ákveður í hvert sinn, hvar slíku skipi skuli lagt, hve traust legufærin skuli vera og hvernig þeim skuli fyrir komið.

Nú sannar eigandi geymsluskips með vottorði tveggja manna, er útnefndir séu af hafnarnefnd, að skip hans sé svo þétt, að ekki stafi nein hætta af, vegna leka, þó það sé mannlaust, þá er honum leyfilegt að leggja skipinu og láta það liggja, án þess að menn séu í því á þeim tíma árs, er skipum er heimilt að vera án ljósa. Skylt er eiganda að flytja skipið úr stað, ef hafnarnefnd eða hafnarvörður krefst þess.

Ljós skulu tendruð á skipum þessum, þegar hafnarvörður krefst þess.

22. gr.

Meðan skip liggur mannlaust á höfninni, skal ekki sjaldnar en einu sinni í viku fara út í það, til þess að líta eftir, hvort legufæri eða annað hafi haggazt eða bilað, og ef svo reynist, skal lagfæra það svo fljótt, sem auðið er.

Eigi ber hafnarsjóður ábyrgð á skipum þeim, sem lagt er í lagi í höfninni.

VII. KAFLI
Um hafnsögugjald.

23. gr.

Hafnarnefnd er heimilt að ákveða, að ekkert vöruflutningaskip eða farþegaskip megi sigla að bryggjum hafnarinnar, og innan skipakvía, nema eftir leiðsögn frá höfninni.

Hafnsögugjald skal vera sem hér segir:

Fyrir skip allt að 1000 rúml.	kr.	50.00
———„——— 1000—2000 rúml.	—	75.00
———„——— yfir 2000 rúml.	—	100.00

Hafnsögugjald þetta rennur í hafnarsjóð.

VIII. KAFLI
Um lestagjald.

24. gr.

a. Skip, sem eru eign búsettra manna í Höfðakaupstað, og eru ekki í millilandasiglingum, skulu greiða lestagjald einu sinni á ári, kr. 1.00 fyrir hverja brúttósmálest, þó ekki lægra en kr. 50.00.

b. Innlend fiskiskip greiði 15 aura fyrir hverja brúttó-smálest í hvert skipti, sem þau koma til hafnar, þó aldrei minna en kr. 5.00.

c. Öll önnur skip, sem koma til hafnar, greiða 30 aura í lestagjald fyrir hverja brúttósmálest í hvert sinn, er þau koma til hafnar, þó með þeim undantekningum, sem um getur í 25. gr. Hafnarnefnd er heimilt að lækka gjald þetta, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

d. Af íslenzkum geymsluskipum og veiðiskipum, þar sem unnið er úr sjófangi, t. d. síldarsöltun, og bræðsluskipum, skal gjalda aukagjald, kr. 0.75 af hverri brúttósmálest. Sama aukagjald skal greiða af íslenzkum skipum, sem á höfninni safna í sig síld, sem ætluð er til bræðslu, og af íslenzkum dráttarskipum slíkra skipa. Erlend skip, svo og dráttarskip þeirra, greiði þetta aukagjald þrefalt.

e. Ef flutningsskip liggur lengur í höfn en 6 daga, skal það greiða lestagjald að nýju fyrir hverja 6 daga eða brot úr þeim. Þó skulu flutningaskip, sem bíða eftir saltsíldarfarmi, ekki greiða gjaldið, fyrr en eftir 10 daga.
Nú er skip veðurteppt, og telst sá tími ekki með.

25. gr.

Undanþegin lestagjaldi eru herskip, varðskip, björgunarskip, vitaskip, dýpkunarskip, skip, sem hafa skírteini sem skemmtiskip, skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, einnig skip, sem leita hafnar vegna óveðurs, sjóskaða eða skemmda á einhvern hátt, nema þau jafnframt fermi eða affermi einhverjar vörur. Sama gildir og um skip, sem leita hafnarinnar til að setja á land sjúka eða látna.

IX. KAFLI
Um ljósagjald.

26. gr.

Öll skip, sem koma til hafnarinnar frá 1. ágúst til 14. maí, að báðum dögum meðtöldum, og hafnargjald greiða samkvæmt hafnarreglugerðinni, skulu greiða ljósagjald, sem hér segir:

209 a. Skip, sem um getur í 24. gr., a-lið, greiði 15 kr. á ári.
18. nóv. b. Skip, sem getið er um í 24. gr., b-lið, skulu greiða í hvert sinn, er þau koma til hafnar, gjald, miðað við brúttó smálest, sem hér segir:

Skip allt að 50 smálestum	kr. 4.50
Skip 50 smál. og þar yfir	— 6.00

c. Öll önnur skip greiði:

Skip undir 200 smál.	kr. 7.50
Skip frá 200—400 smál.	— 15.00
Skip yfir 400 smál.	— 45.00

Þó greiði farþegaskip yfir 400 smál., 2 aura af hverri brúttósmálest í hvert skipti.

d. Bátar allt að 12 brúttósmálestum greiði hafnargjald, bryggjugjald og ljósagjald ..... kr. 3.00
en bátar 12—25 smál. brúttó greiði ..... — 4.50
hvert skipti, sem þeir leita hafnar.
Vélbátar, 5 smál. og minni, sem heima eiga í Höfðakaupstað, greiði kr. 20.00 árlegt gjald.

Undanþegin þessu gjaldi eru sömu skip, sem ekki greiða lestagjald.

X. KAFLI
Um bryggjugjald.

27. gr.

Hvert skip, sem leggst við hafnargarð eða við bryggju eða við skip, sem liggur við bryggju eða hafnargarð, skal greiða 10 aura af hverri brúttósmálest skipsins. Gjaldið skal greiða fyrir hvern hálfan sólarhring, eða hluta úr sólarhring, þó aldrei minna en kr. 5.00 í hvert sinn.

Skipstjóri, sem fer frá bryggju, án þess að greiða bryggjugjald skipsins, er sekur um brot á hafnarreglugerðinni.

Undanþegin þessu gjaldi eru sömu skip, sem ekki greiða lestagjald.

XI. KAFLI
Um vörugjald.

28. gr.

Vörugjald greiðist af öllum vörum og skepnum, lifandi og dauðum, sem fermdar eru eða affermdar á höfninni, með þeim undantekningum, sem um getur í 30. gr.

29. gr.

Vörugjald skal reikna eftir tölu, máli eða þyngd með umbúðum. Fara skal eftir farmskrám skipa við útreikning vörugjalds, og skal skipstjóra eða afgreiðslumanni skylt að láta hafnarverði í té eftirrit af farmskrá. Hafi skipstjóri eða formaður báts farminn óskráðan, skal hann gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem skip hans hefur fermt. Þyki hafnarverði ástæða til, getur hann látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn við rannsóknina, ella hafnarsjóður. Ef ýmsar vörutegundir eru í sömu umbúðum, skal reikna vörugjaldið eftir þeirri vörutegund, sem hæst gjald greiðist af. Brot úr gjaldeiningu telst heil gjaldeining. Lægsta gjald af hverri

sendingu er kr. 1.00. Ef vafi leikur á í hvaða flokki skuli telja einhverja vöru, ákveður hafnarvörður það, en úrskurði hans má áfrýja til hafnarnefndar. 209 18. nóv.

30. gr.

Undanþegin vörugjaldi eru þessar vörur:

a. Umbúðir, sem endursendar eru, enda skal þess getið í farmskrá.
b. Vistir og aðrar nauðsynjar til skipa og báta til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi.
c. Póstflutningur og venjulegur farþegaflutningur.

31. gr.

Vörugjaldskrá.

1. flokkur. Gjald 30 aurar hver 100 kg:
   Kol, salt, sement.
2. flokkur. Gjald 35 aurar hver 100 kg:
   Korn, mjölvara, molasykur, garðávextir, saltfiskur, síldarmjöl, lýsi, fiskimjöl, freðsíld allsk., óunnið járn, eldfastur steinn og leir, eldavélar, þvottavélar, eldstór, miðstöðvarefni, járnpípur, bárujárn, saumur, gólf- og veggflísar, blý, vír, akkeri, kaðlar, kítti, menja, þakpappi, vélar og varahlutir til véla, fóðurbætir, kalk, tilbúinn áburður, gærur, skinn, ull og aðrar slíkar vörur.
3. flokkur. 60 aurar hver 100 kg:
   Olía, benzín, feiti, smjörlíki, bifreiðar, strigapokar, hessían, tvistur, garn, línur, önglar og önnur veiðarfæri.
4. flokkur. Gjald 1 kr. hver 100 kg:
   Allar vörur, sem ekki heyra undir aðra flokka, og greiðast eftir þyngd.
5. flokkur. Gjald 10 aurar hvert ten.fet:
   Timbur unnið og óunnið.
6. flokkur. Gjald 15 aurar hver:
   Tómar tunnur og föt, uppsett og óuppsett
7. flokkur. Gjald 25 aurar hver tunna:
   Kverkuð og hausskorin saltsíld og matéssíld.
8. flokkur. Gjald 35 aurar hver tunna:
   Önnur síld.
9. flokkur. Gjald 50 aurar hver:
   Sauðkindur, geitur, loðdýr.
10. flokkur. Gjald 1 króna hver gripur:
    Nautgripir, hestar.

XII. KAFLI

Um aflagjald.

32. gr.

Af heildarafla skips greiðist 5 kr. af hverri smálest fiskjar, óslægðum, sem landað er á hafnarsvæðinu, nema af síld. Af hverju máli síldar greiðist 35 aurar. Gjald þetta er kræft um leið og afla er landað, og greiðist það af eiganda skipsins eða umboðsmanni hans.

Skyldir eru skipstjórar og formenn að gefa hafnarverði upp heildarafla skips í hvert sinn. Ef það er ekki gert, skal hafnarvörður áætla gjaldið og innheimta samkvæmt þeirri áætlun. Hafnarsjóður hefur haldsrétt á afla, þar til gjöldin eru að fullu greidd.

209 18. nóv.

33. gr.

Hafnarsjóður hefur einkarétt á vatnssölu til skipa á hafnarsvæðinu.

Þeir, sem ekki hafa gert sérstaka samninga um kaup á vatni frá vatnsveitu hafnarinnar, skulu greiða 5 kr. fyrir smálest, þó aldrei minna en 10 kr.

XIII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

34. gr.

Móttakandi greiði vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, en sendandi af vörum, sem fluttar eru úr höfninni. Ef skip eða bátur hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri eða formaður ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað, greiðir sá vörugjald, er affermir.

Vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, fellur í gjalddaga, þegar skipið, sem vörurnar flytur, er komið á höfnina, og vörugjald af vörum, sem fluttar eru úr höfninni, fellur í gjalddaga, þegar vörurnar eru komnar í skip.

35. gr.

Formaður báts og skipstjóri skips ber ábyrgð á greiðslu hafnargjalda á skipi sínu.

36. gr.

Öll gjöld til hafnarsjóðs samkv. þessari reglugerð, svo og sektir allar og bætur, hafa lögtaksrétt, og hefur hafnarsjóður haldsrétt í skipum og bátum fyrir greiðslu. Skipstjóri eða formaður, sem fer með skip sitt úr höfninni án þess að greiða lögmæt hafnargjöld, sektir eða bætur hefur gerzt sekur um brot á reglugerð þessari. Undanþágu frá þessu má þó veita, sé trygging, er hafnarnefnd tekur gilda, sett fyrir greiðslunni.

37. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða frá 20—10000 króna sektum, nema þyngri refsing liggi við eftir almennum lögum. Sektirnar renna í hafnarsjóð.

38. gr.

Mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið með sem almenn lögreglumál.

39. gr.

Með reglugerð þessari er felld úr gildi hafnarreglugerð fyrir Skagastrandarkauptún frá 1. ágúst 1936.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 18. nóvember 1947.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ

210
24. nóv.

fyrir vatnsveitu Ólafsfjarðar.

1. gr.

Bæjarstjórn Ólafsfjarðarkaupstaðar hefur einkaleyfi til reksturs vatnsveitu og sölu vatns, á svæði því, er vatnsveitan nær yfir og hún getur fullnægt og einnig til hafnarinnar í Ólafsfirði.

2. gr.

Frá vatnsæðum vatnsveitunnar má enginn leggja vatnsæðar nema með leyfi vatnsveitunefndar.

3. gr.

Öll framkvæmdastörf, er vatnsveituna varða, annast vatns- og hitaveitunefnd, í samráði við bæjarstjórn og bæjarstjóra.

Vatnsveitunefnd annast um viðhald vatnsveitunnar, endurbætur og umsjón alla. Bæjarstjórninni skal heimilt að ráða sérstakan umsjónarmann vatnsveitunnar, er hafi eftirlit með vatnsveitukerfinu og annist önnur þau störf í þágu vatnsveitunnar, er henta þykir. Vatnsveitunefnd getur löggilt sérstaka vatnsvirkja til að annast viðhald og viðauka við vatnsveituna, og er þeim skylt að fara í öllu eftir þeim reglum, er vatnsveitunefnd setur þar um.

4. gr.

Bæjarstjórn hefur á hendi reikningshald vatnsveitunnar og innheimtu gegn hæfilegu endurgjaldi.

Reikningsárið er almanaksárið, og skulu reikningar vatnsveitunnar endurskoðaðir af endurskoðendum bæjarreikninganna og fylgja bæjarreikningum ár hvert.

5. gr.

Bæjarstjórn lætur leggja vatnsæðar svo víða um kaupstaðinn, sem fært þykir og þörf krefur, svo að húseigendur eigi greiðan aðgang að þeim við veg, götu eða annað almenningssvæði, er lóðir þeirra liggja að eða eru í námunda við, og verður enginn krafinn um vatnsskatt, fyrr en svo er.

6. gr.

Skylt er hverjum húseiganda og öðrum, er vatnsæð hefur, að halda vatnsæðum sínum vel við og láta tafarlaust gera við þær, ef leki kemur að þeim. Hann skal sérstaklega gæta þess, að ekki frjósi í æðunum. Enginn má eyða vatni að óþörfu.

7. gr.

Vatnsveitunefnd, umsjónarmanni og löggiltum vatnsvirkjum er heimilt að fara um hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til þess að athuga þær og tæki þau, er sett eru í samband við þær. Ef þeim þykir útbúnaði í einhverju ábótavant, skal tafarlaust bætt úr því á kostnað eiganda.

8. gr.

Heimilt er vatnsveitunefnd að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem vanrækja að láta gera við bilanir á pípum eða tækjum, eyða vatni að óþörfu eða greiða ekki vatnsskatt á réttum gjalddaga.

Ágreiningi út af þessum atriðum má skjóta undir dóm bæjarstjórnar. Fullan vatnsskatt ber að greiða einnig fyrir þann tíma, sem vatnsæðum er lokað.

210 24. nóv.

9. gr.

Vatnsskatt skal greiða af öllum húseignum á vatnsveitusvæðinu, sem vatn er lagt að, sbr. 5. gr. Skal hann ákveðinn í gjaldskrá, og miðaður við fasteignamatsverð húseigna. Aukagjald má leggja á þá, sem nota vatn til annars en heimilisþarfa, og þá, sem hafa vatnshana utanhúss.

10. gr.

Gjalddagi vatnsskattsins er 1. október ár hvert. Vatnsskattinn má taka lögtaki, og er hann tryggður með lögveði í eigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsveði, fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

11. gr.

Bannað er að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar, eða setja hreyfivélar í samband við hana, nema með leyfi vatnsveitunefndarinnar.

12. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, allt að 500 kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum lögum. Valdi nokkur skemmdum á vatnsveitunni, skal hann bæta það eftir mati þar til kvaddra manna.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Ólafsfjarðarkaupstaðar, staðfestist hér með, samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 95 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð fyrir vatnsveitu Ólafsfjarðar, nr. 95 10. september 1935. Þetta birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 24. nóvember 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jónas Guðmundsson.

211 10. des.

REGLUGERÐ

fyrir Rafveitu Vatnsleysustrandarhrepps.

A. Stjórn og rekstur.

1. gr.

Markmið rafveitunnar.

Rafveita Vatnsleysustrandarhrepps er fyrirtæki, sem Vatnsleysustrandarhreppur starfrækir í þeim tilgangi að veita raforku um hreppinn og selja hana til heimilisnotkunar, iðnaðar og annarra þarfa.

Rafveitan er eign hreppsins, en skal rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með nafninu Rafveita Vatnsleysustrandarhrepps, og hafa sérstakt reikningshald.

2. gr.

Verksvið og orkuveitusvæði.

Rafveita Vatnsleysustrandarhrepps aflar raforku til almenningsþarfa í hreppnum með því að kaupa raforku úr orkuveitu rafmagnsveitna ríkisins eða frá öðrum, svo og vinna hana sjálf í orkuverum, er síðar kunna að verða reist,

og veitir þeirri orku, sem þannig er keypt eða unnin, um orkuveitukerfi raf- 211
veitunnar. 10. des.

Orkuveitusvæði rafveitunnar er Vatnsleysustrandarhreppur og sá hluti nágrennis hreppsins, sem hreppsstjórn ákveður og ráðherra samþykkir.

Rafveita Vatnsleysustrandarhrepps hefur einkarétt til sölu á raforku beint til raforkunotenda á orkuveitusvæði sínu.

3. gr.

Stjórn raforkumála. Rafveitustjóri.

Yfirstjórn raforkumála hreppsins er í höndum hreppsnefndar, en framkvæmdastjórnin skal falin rafveitunefnd ásamt rafveitustjóra, sem hreppsnefnd skipar að fengnum tillögum rafveitunefndar, og skal hann um rafmagnssérmenntun fullnægja skilyrðum til háspennulöggildingar a. m. k. Hreppsnefndin setur honum erindisbréf. Rafveitustjóri er framkvæmdastjóri rafveitunnar.

Í rafveitunefnd eiga sæti 3 menn, kosnir af hreppsnefnd. Rafveitustjóri á sæti á fundum nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétti.

4. gr.

Verksvið rafveitunefndar.

Rafveitunefnd hefur á hendi stjórn rafveitunnar, sér um viðhald hennar og umbætur og allt, er að starfrækslu hennar lýtur, kaup og sölu á raforku, fjárhald og reikningsskil. Hún skal gefa hreppsnefnd þær skýrslur, sem óskað er eftir, um starfrækslu og ástand rafveitunnar og leggja ársreikning hennar fyrir hreppsnefnd til úrskurðar samtímis ársreikningum hreppsins.

Rafveitunefnd semur nánari reglur, sem hreppsnefnd staðfestir, um einstök atriði þessarar reglugerðar, eftir því sem þörf gerist. Hún gerir einnig tillögur til hreppsnefndar um gjaldskrá fyrir rafveituna, undirbýr samninga um orkukaup og orkusölu og annast framkvæmdir allra raforkumála hreppsins.

Rafveitunefnd skipar alla fasta starfsmenn rafveitunnar, að fengnum tillögum rafveitustjóra, og setur þeim erindisbréf.

5. gr.

Verksvið rafveitustjóra.

Rafveitustjóri stjórnar daglegri starfrækslu og reikningshaldi rafveitunnar, eftirliti, viðhaldi á stöðvum, taugum og öðrum útbúnaði og öllum verklegum framkvæmdum, er snerta hana. Hann hefur eftirlit með rafmagnslagningu á orkuveitusvæðinu, þar með talið efni og tæki, sér um afgreiðslu og innheimtu við kaup og sölu á raforku, efni og tækjum, sem veitan kaupir eða selur.

Rafveitustjóri ræður verkamenn og starfsmenn veitunnar, svo sem þörf er á, auk hinna föstu starfsmanna.

6. gr.

Reikningshald og ráðstöfun tekna.

Rafveita Vatnsleysustrandarhrepps hefur sjálfstætt reikningshald og tekur sjálf við greiðslum fyrir selda raforku og öðrum tekjum. Skal tekjum hennar fyrst og fremst varið til að standast straum af öllum greiðsluskuldbindingum hennar, svo sem afborgunum á áhvílandi skuldum, vöxtum og öðrum rekstrarkostnaði, þar með talið fullnægjandi viðhald og endurnýjun virkja og annað, sem nauðsynlegt er til að tryggja öruggan rekstur rafveitunnar, en tekjum, sem umfram kunna að verða, ráðstafar hreppsnefnd.

211 10. des. Rafveitustjóri varðveitir sjóð rafveitunnar samkvæmt nánari reglum, sem hreppsnefnd setur að tillögum rafveitunefndar.

7. gr.

Löggilding rafvirkja. Raflagningarreglur.

Hreppsnefnd getur ákveðið, að engir aðrir en þeir, sem sérstaklega eru til þess löggiltir, megi taka að sér lagningu á húsveitu og uppsetningu véla og tækja eða framkvæma á sína ábyrgð nokkurt verk, er snertir veitur, sem tengja á við taugakerfi rafveitunnar. Hreppsnefnd setur löggildingarskilyrði, löggildir menn og setur reglur um frágang og tilhögun á verkum þeim, sem falla undir verksvið þeirra, allt að fengnum tillögum rafveitustjóra.

Eigi má löggilda sérstaklega aðra en þá, sem áður hafa hlotið löggildingu rafmagnseftirlits ríkisins og ekki setja kröfuminni reglur um raflagningar en rafmagnseftirlit ríkisins gerir.

B. Söluskilmálar.

8. gr.

Sala raforku.

Rafveita Vatnsleysustrandarhrepps selur raforku til almenningsþarfa á orkuveitusvæði sínu, alls staðar þar sem taugakerfi hennar nær til, með þeim skilmálum, sem ákveðnir eru í reglugerð þessari og gjaldskrá rafveitunnar á hverjum tíma.

Raforkan er seld sem ein- eða þrífasa riðstraumur, með 220 volta málspennu og 50 riðum á sekúndu. Þegar sérstakar ástæður mæla með, má rafveitustjóri láta í té orku með annarri spennu og annarri straumtegund.

9. gr.

Umsókn um kaup á raforku.

Hver, sem óskar að gerast notandi að raforku, verður að fylla út tilætluð umsóknareyðublöð, er fást á skrifstofu rafveitunnar, og skal hann skuldbinda sig með undirskrift sinni, að hlíta settum reglum um kaup á raforku frá rafveitunni. Skal í umsókninni skýrt frá, hve mikið afl þarf, og til hvers það er ætlað.

10. gr.

Umsókn um heimtaug.

Umsókn um heimtaug eða breytingu á heimtaug skal undirskrifuð af húseiganda, er skuldbindur sig til þess með undirskrift sinni, að greiða heimtaugargjald það, sem ákveðið er í gjaldskrá rafveitunnar.

Heimtaugar með stofnvari eru eign rafveitunnar, enda þótt heimtaugargjaldið hafi verið greitt eftir kostnaði heimtaugar. Rafveitan annast viðhald og endurnýjun heimtaugar án sérstaks endurgjalds, nema heimtaug þurfi að breyta vegna breytinga á húsi. Skal húseigandi greiða kostnaðinn við þá breytingu, og ef ofanjarðarheimtaug er breytt í neðanjarðar, skal húseigandi greiða mismun, sem ákveðinn er í gjaldskrá. Rafveitunni er heimilt að krefjast skuldbindingar um lágmarksnotkun um heimtaug.

Sé um tiltölulega mikla notkun að ræða, og rafveitan þarf, til þess að fullnægja henni, sérstaklega að auka háspennukerfi, auka afl spennistöðvar eða gera meiri háttar viðbætur á lágspennukerfi, er rafmagnsstjóra heimilt að krefjast skuldbindingar umsækjanda um tiltekinn notkunartíma eða þátttöku í kostnaði.

Eigi er skylt að ljúka lagningu jarðstrengsheimtaugar meðan jörð er frosin.

11. gr.

Húsveitur.

Skylt er að láta löggiltan rafvirkja eða rafveituna, ef hún tekur slík verk að sér, framkvæma alla vinnu við raflagnir og raftæki, hvort heldur er um að ræða nýjar raflagnir eða breytingar eða viðgerð á raflögn.

Löggiltir rafvirkjar annast umsóknir og tilkynningar til rafveitunnar um allar raflagnir fyrir hönd húseigenda eða notenda, samkvæmt því, sem ákveðið er í reglum um raflagningar í Vatnsleysustrandarhreppi, en rafveitan annast úttekt á öllum nýlagningum, viðaukum og breytingum á raflögnum.

Engir aðrir en umboðsmenn rafveitunnar mega setja straum á veitu eða hluta af veitu, sem úttektarskyld er, fyrr en úttekt hefur farið fram og veitan verið tengd af umboðsmönnum rafveitunnar.

Sé út af þessu brugðið, varðar það þann sektum, sem verkið er unnið fyrir, þann, sem setur strauminn á og loks hinn löggilta rafvirkja, er sá um verkið.

Rafveitan tekur ekki á sig ábyrgð á veitu með úttekt eða tengingu.

Rafveitan áskilur sér rétt til þess að setja þau skilyrði fyrir tengingu á veitu, að notkun um hana verði ekki taugakerfi rafveitunnar ofviða, og þar sem hætta kann að verða á þessu, má setja viðeigandi skilyrði í hvert sinn fyrir notkuninni, þar til úr er bætt.

12. gr.

Sala á raforku til notenda, sem sjálfir hafa orkuvinnslu.

Veitur, sem að jafnaði nota raforku annars staðar að en frá rafveitunni, má tengja við taugakerfi hennar í því skyni, að rafveitan verði aðallega eða eingöngu notuð til vara með því skilyrði, að greitt sé lágmarksárgjald, sem svarar til þeirrar kvaðar, sem hvílir á rafveitunni vegna tengingarinnar.

Framsala til annarra á raforku, sem keypt er af rafveitunni, er óheimil án leyfis rafveitustjóra.

13. gr.

Eftirlit með húsveitum og tækjum. Gallar á húsveitum.

Sérhver húsveita, að meðtöldum tækjum til notkunar á raforku, skal fullnægja kröfum þeim, sem settar eru í reglugerð rafmagnseftirlits ríksins og í reglugerðum rafveitunnar um raflagnir.

Rafveitustjóra er heimilt að hafa eftirlit með öllum húsveitum, gögnum og tækjum, sem notuð eru við hagnýtingu á raforku, og skulu starfsmenn rafveitunnar hafa frjálsan aðgang að öllum herbergjum húss hvenær sem nauðsynlegt er, til að skoða húsveituna eða hluta hennar eða raftæki, sem nota má við veituna.

Vélar og önnur tæki skulu vera þannig sett og þannig útbúin, að þau starfi án þess, að titringi valdi eða truflun á ljósum eða annarri notkun.

Sé misbrestur á þessu eða aðrir gallar á veitu eða tækjum, skal notandi þegar í stað á sinn kostnað láta löggiltan rafvirkja lagfæra þetta.

Nú kemur í ljós við skoðun, sem framkvæmd er af rafveitunni, rafmagnseftirliti ríksins eða löggiltum rafvirkja, á húsveitu eða tækjum að galli er á veitu eða tækjum, og skal þá eigandi veitunnar eða tækjanna skyldur til þess að láta gera við gallann á sinn kostnað. Viðgerðin skal framkvæmd af löggiltum rafvirkja.

Rafveitustjóri getur látið taka veituna eða tæki úr sambandi meðan galli er á veitunni eða tækjunum, þar til úr er bætt, eða látið gera við galla á kostnað eiganda.

Húseiganda er skylt að sjá um, að stofntaugar í húsveitu hans séu ávallt nægilega gildar fyrir notkun veitunnar.

211 Ef óleyfileg vör finnast í veitu, skal notandi veitunnar gerður ábyrgur fyrir,
10. des. samkvæmt fyrirskipun rafmagnseftirlits ríkisins.

Séu gerðar óleyfilegar tengingar eða breytingar á veitu eða tækjum eða sýni hirðuleysi um meðferð eða viðhald veitu eða tækja, skal farið með það sem galla á veitu, og er heimilt að gera eiganda að greiða aukagjald, sem ákveðið er í gjaldskrá vegna kostnaðar við aukið eftirlit með veitunni.

Það er óleyfilegt, sem ekki fullnægir kröfum, sem settar eru í reglugerðum rafmagnseftirlits ríkisins um raforkuvirki og reglugerðum Rafveitu Vatnsleysustrandarhrepps.

14. gr.

Mælitæki.

1. Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir húsveitu, svo og stað fyrir þau og um tengingu.

   Notandi mælitækis er sá, sem skráður er fyrir raforkunotkun þeirrar veitu, sem mælitækið er fyrir. Skal hann bera ábyrgð á mælitækinu, svo og raforkunotkun veitunnar, þar til er hann lætur af notkun hennar og hefur sagt upp notkuninni með þeim fyrirvara, sem um getur í 19. gr.

   Rafveitan leggur til öll mælitæki og annast um venjulegt viðhald þeirra og endurnýjun á sinn kostnað. Nú verður mælitæki fyrir óvenjulegu hnjaski eða skemmdum, og er þá heimilt að gera notanda að greiða kostnað við viðhald þess eða endurnýjun.
2. Ef notandi óskar, að mælitækið sé leiðrétt, skal hann senda skriflega beiðni um það til rafveitunnar.

   Ef þá kemur í ljós við athugun mælitækis, að mesta skekkja sé +/÷ 5% eða minni, er heimilt að gera notanda að greiða kostnað við prófunina. Sé skekkja meiri, skal rafveitan bera kostnað af prófuninni.

   Ef notandi véfengir árangur prófunarinnar, skal leita úrskurðar rafmagnseftirlits ríkisins, og er hann bindandi fyrir báða aðila. Kostnað við það skal notandi greiða, ef skekkjan reynist minni en +/÷ 5%, en rafveitan annars.

   Hafi kwst.mælir sýnt +/÷ 5% skekkju eða meiri, skal rafveitan áætla leiðréttingu á reikningi rafmagnsnotanda miðað við fyrri notkun, og eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, eftir því, sem næst verður komizt, þó ekki fyrir lengra tímabil en 3 mánuði, nema notandi geti sannað, að um lengra tímabil hafi verið að ræða.
3. Notendur, sem hafa hemil eða rofa, eiga ekki rétt á neinni endurgreiðslu á föstu verði, þótt þeir telji sig ekki hafa getað náð því afli, sem fasta greiðslan er miðuð við, en rafveitunni er skylt að leiðrétta skekkju hemilsins eða rofans, svo fljótt sem við verður komið.

   Ef hemill notanda brennur sundur með stuttu millibili og ástæða er til að ætla, að of mikið sé lagt á hann að staðaldri, hefur rafveitan rétt til að neita um hemil og gera notanda að skilyrði að kaupa orkuna eftir öðrum gjaldskrárlið.
4. Ef notandi hefur aukna straumnotkun vegna galla á veitu sinni eða tækjum, er rafveitan ekki skyld til þess að áætla frádrátt á reikningum notandans þess vegna.
5. Ef svo reynist, að notkun hafi orðið meiri en álestur sýnir, eða álestur verið skakkur eða útreikningur á reikningsfjárhæðinni, áskilur rafveitan sér rétt til að leiðrétta þessa skekkju eftir á, undir eins og vitað er.
6. Verði uppvíst, að straumur sé notaður á annan hátt en um er samið eða raskað hefur verið mælitækjum eða breytt tengingu, þannig að ekki komi

fram öll notkun, skal rafveitan áætla þann straum, sem notaður hefur verið óleyfilega, og skal notandi gjalda fyrir hann þrefalt verð eftir gjaldskrá fyrir allan tímann, sem liðinn er frá síðustu skoðun veitunnar, og þar til er leiðrétt er, nema þyngri refsing liggi við að lögum. 211 10. des.

Ef ekki eru fyrir hendi sérstakar upplýsingar um líklega notkun á veitunni, má miða matið við stærð á vörum þeim, sem fyrir veitunni eru.

Við endurtekningu skal rjúfa samband við veituna og gera ráðstafanir til að koma fram ábyrgð á hendur þeim, sem brotlegur hefur gerzt.

15. gr.

Ábyrgð.

Ef vanskil eða dráttur verður á greiðslu rafmagnsgjalda, getur rafveitan krafizt tryggingar fyrir skilvísri greiðslu. Ef rafmagnsnotkun um mælitæki nægir ekki til þess að greiða raunverulegan afhendingarkostnað raforkunnar um mælitækið, er rafveitunni heimilt að krefjast lágmarksgjalds fyrir notkunina. Að öðrum kosti er rafveitunni heimilt að taka mælitækið niður og loka veitunni eða breyta tengingu hennar.

16. gr.

Gjald fyrir raforku.

Reikningur fyrir raforku skal að jafnaði afhentur í húsnæði því, þar sem raforkan er notuð, og er reikningurinn fallinn í gjalddaga undir eins og krafið er um greiðslu. Nánari reglur um innheimtu og um gjalddaga má þó setja í gjaldskrá.

17. gr.

Lokun fyrir veitu og enduropnun.

Sé gjald fyrir raforku ekki greitt þegar greiðslu er krafizt, getur rafveitan sent gjaldanda tilkynningu eða afhent hana í húsnæði því, er veita hans er í, um, að hann verði að greiða gjaldið til skrifstofu rafveitunnar innan viku. Dragist greiðsla lengur, er heimilt að taka straum af veitunni, en þó ekki fyrr en þremur dögum eftir að skrifleg tilkynning þess efnis til gjaldanda er afhent honum eða afhent í húsnæði því, sem veita hans er í.

Rafveitunnni er heimilt að loka veitunni og senda skuldakröfu, sem hún kann að hafa á hendur notanda til innheimtu með lögtaki:

a. Þegar notandi, þrátt fyrir kröfu og skriflega aðvörun, sem að framan greinir, hefur ekki greitt reikning frá rafveitunni, sem fallinn er í gjalddaga;
b. þegar ábyrgðarmaður notanda stendur ekki við ábyrgðina;
c. þegar notandi hefur gerzt brotlegur við reglugerð þessa.

Lokun fyrir veitu af þessum ástæðum losar notandann ekki undan greiðsluskyldu á lokunartímabilinu.

Sé lokað fyrir veitu vegna skulda má að jafnaði ekki opna aftur, nema:

1. skuldin sé greidd að fullu eða fullnægjandi trygging sett fyrir því, að skuldin verði greidd;
2. að greitt sé aukagjald fyrir enduropnun veitunnar samkvæmt gjaldskrá;
3. að trygging sé sett fyrir skilvísri greiðslu framvegis, ef sérstakar ástæður eru til að krefjast slíkrar tryggingar.

Ef notandi raforku óskar eftir, að veita hans sé tekin úr sambandi um tíma, er heimilt að taka aukagjald, samkvæmt gjaldskrá, fyrir enduropnun veitunnar, svo og að taka fulla leigu fyrir mælitæki veitunnar þann tíma, sem veitan var ekki í notkun.

Enginn má framkvæma endurtengingu veitu, nema þeir, sem rafveitan hefur

211 veitt umboð til þess hverju sinni. Sé brotið á móti þessu, skal farið með það sem
10. des. endurtekna, óleyfilega straumnotkun samkvæmt 14. gr.

18. gr.

Rekstrartruflanir.

Stöðvun á rekstri eða truflanir vegna bilana eða takmarkana á raforkuvinnslunni hefur ekki í för með sér neinar skaðabótaskyldur á hendur rafveitunni, en koma skal á reglulegum rekstri aftur, eins fljótt og auðið er.

Notendur eiga ekki rétt á endurgreiðslu, þótt stöðvun verði vegna bilana eða annarra óviðráðanlegra atvika um langan eða skamman tíma, að öðru leyti en því, sem segir síðar um endurgreiðslu fastagjalds, og rafveitan ber ekki ábyrgð á spennubreytingum undir slíkum kringumstæðum eða afleiðingum af þeim, og eigi heldur af bruna eða slysum, sem verða kunna af völdum rafmagns frá húsveitum rafmagnsnotenda.

Rafveitan áskilur sér rétt til þess að loka fyrir straum til viðgerða og viðhalds eða eftirlits á helgum dögum á þeim tímum, sem heimilisnotkun er almennt minnst, og að nóttu til í maí—júlí, svo og endrar nær, þegar þörf gerist.

Meðan verið er að leggja heimtaugar eða götutaugar, er rafveitunni heimilt að taka straum af því svæði, sem nauðsynlegt er, til þess að framkvæma tengingar.

Komi það fyrir, að takmarka þurfi notkun á raforku um langan eða skamman tíma, ákveður hreppsnefnd, eftir tillögum rafveitunefndar, hver notkun skuli takmörkuð fyrst og á hvern hátt.

Stöðvun á rekstri skal tilkynna fyrir fram, ef unnt er, en þó eiga notendur enga skaðabótakröfu á hendur rafveitunni, þótt straumur hafi verið tekinn af fyrirvaralaust.

Notendur, sem greiða raforku við föstu árgjaldi, eiga rétt á að fá 1/300 hluta árgjaldsins endurgreiddan fyrir hvern heilan dag, er þeir missa raforkuna vegna stöðvunar eða truflana á rekstri, þó eigi fyrir skemmri tíma en tvo sólarhringa.

19. gr.

Uppsögn á rafmagnsnotkun og tilkynning um flutning eða breytingu í notkun.

Sérhver rafmagnsnotkun, er notandi byrjar á eftir nýjum lið gjaldskrár rafveitunnar, er bindandi fyrir hann að minnsta kosti eitt ár, nema um sé að ræða bráðabirgðalagnir eða tilraunataxta, sem eru fullreyndir á skemmri tíma. Þó getur rafveitustjóri leyst notanda undan þessari skuldbindingu þegar sérstaklega stendur á.

Þegar ár er liðið, getur notandi sagt upp notkuninni með eins mánaðar fyrirvara, ef ekki er um annað samið eða annað ákveðið í gjaldskrá rafveitunnar. Skal uppsögn tilkynnt rafveitustjóra skriflega.

Rafveitan áskilur sér sama uppsagnarfrests af sinni hálfu og notandi hefur samkvæmt framansögðu.

Tilkynning um breytingu á notkun frá einum gjaldskrárlið til annars er sama og uppsögn á fyrri notkun og beiðni um nýja, og fer um það sem að ofan greinir.

Tilkynning um flutning notanda úr einni íbúð í aðra, af einum stað á annan á orkuveitusvæðinu má afhenda á innheimtuskrifstofu rafveitunnar með hálfs mánaðar fyrirvara, ef um sams konar rafmagnsnotkun er að ræða í hinum nýja notkunarstað, ella skal um flutninginn gilda sem um uppsögn á fyrri notkun og beiðni um nýja væri að ræða.

Notandi ber ábyrgð á raforkunotkun þeirrar veitu, sem hann er skráður

fyrir, þar til er hann hættir notkun veitunnar og hefur sagt henni upp með þeim fyrirvara, sem hann hefur samkvæmt reglugerð þessari. 211 10. des.

20. gr.

Breytingar á gjaldskrá.

Notanda skal skylt að hlíta ákvæðum gildandi gjaldskrár rafveitunnar og breytingum þeim, sem hreppsnefnd samþykkir og ráðherra staðfestir.

Verði ágreiningur milli rafveitustjóra og notanda um skilning á ákvæðum gjaldskrár eða settum skilyrðum fyrir rafmagnsnotkun, getur notandi krafizt þess, að ágreiningurinn verði lagður undir úrskurð hreppsnefndar.

C. Almenn ákvæði.

21. gr.

Brot á reglugerð.

Brot gegn reglugerð þessari eða gegn reglum, sem settar verða samkvæmt henni, varða sektum allt að 10000 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Ef brot veldur skemmdum á eignum rafveitunnar skal hinn brotlegi þess utan bæta skaðann.

Sektir renna í ríkissjóð.

22. gr.

Málsókn.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari eða á reglugerðum, sem settar eru samkvæmt henni, skal farið sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt vatnalögum, nr 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 10. desember 1947.

Bjarni Ásgeirsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

SAMÞYKKT

212 12. des.

um fjárskipti á svæðinu milli Blöndu og Héraðsvatna.

1. gr.

Svæði það, sem samþykkt þessi nær til, er: Lýtingsstaðahreppur, Mikley, Stokkhólmi og Skatastaðir í Akrahreppi, Seyluhreppur, Staðarhreppur, Sauðárkrókshreppur, Rípurhreppur, Skarðshreppur, Skefilsstaðahreppur, Skagahreppur, Höfðahreppur, Vindhælishreppur, Engihlíðarhreppur, Blönduóshreppur, austan Blöndu og Bólstaðarhlíðarhreppur.

2. gr.

Útrýming alls sauðfjár og geitfjár á þessu svæði skal fara fram haustið 1948. Fjárfjöldi á svæðinu var við áramót 1945—1946 um 24108.

212 3. gr.

12. des. Fulltrúaráð fjárskiptanna skipa 37 menn, eða 3 fyrir hvern hrepp og hlutfallslega fyrir hreppshluta, samkv. 25. gr. laga nr. 44 frá 1947, og jafnmargir til vara.

Framkvæmdanefnd skipa 5 menn og aðrir 5 til vara, kosnir af fulltrúaráði.

4. gr.

Aðalstörf fjárskiptanefndar eru:

a. Að sjá um fullkomna eyðingu hins gamla fjárstofns á sem hagfelldastan hátt;
b. að sjá um að einangrun svæðisins sé tryggð eftir þörfum;
c. að beita sér fyrir kaupum á ósýktu fé inn á svæðið, og
d. að sjá yfirleitt um, að allar framkvæmdir séu í sem beztu lagi og í samræmi við gildandi lög og fyrirmæli.

5. gr.

Sameiginlegur kostnaður, sem tilheyrir fjárkaupunum og ekki greiðist úr ríkissjóði (ríkissjóður greiðir flutningskostnað lamba) skal jafna niður á innkeypt fé. Annar kostnaður skiptist niður á hreppana í hlutfalli við fjártölu þeirra um áramót 1945—1946.

6. gr.

Þeir fjáreigendur, sem hafa fargað öllu fé sínu, sauðfé og geitfé, fyrir 1. nóvember 1947, skulu hafa rétt til að fá líflömb haustið 1948, ef garnaveiki hefur ekki komið í ljós í nágrenninu, svo að sauðfjársjúkdómanefnd telji það hættulegt. Þessum fjáreigendum ber skylda til að sjá um einangrun nýja fjárstofnsins, samkvæmt fyrirmælum framkvæmdanefndar og sauðfjársjúkdómanefndar.

Aðrir fjáreigendur á fjárskiptasvæðinu skulu fá líflömb haustið 1949, eftir að þeir hafa einnig verið sauðlausir eitt ár.

7. gr.

Fjárskiptanefnd skal starfa að málefnum fjárskiptasvæðisins í samráði við sauðfjársjúkdómanefnd og framkvæmdastjóra hennar.

Samþykkt þessi, sem er sett samkvæmt lögum nr. 44 9. maí 1947, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 12. desember 1947.

Bjarni Ásgeirsson.

Gunnl. E. Briem.

REGLUGERÐ

213
23. des.

um niðurjöfnun og innheimtu vatnsskatts í Reykjavík.

1. gr.

Af öllum húsum í lögsagnarumdæmi kaupstaðarins, sem standa við vegi eða opin svæði, þar sem vatnsæðar liggja, skal greiða árlegan vatnsskatt, 1% af fasteignamatsverði hússins.

Sama er og um önnur hús, er fá vatn veitt úr Vatnsveitu bæjarins.

Nú er hús, er greiða ber af vatnsskatt, ekki virt fasteignamatsvirðingu, og ákveður Vatnsveitan þá skattinn.

2. gr.

Auk vatnsskatts samkvæmt 1. gr. skal greiða vatnsskatt fyrir hreyfivélar, gosbrunna, verksmiðjur, baðhús, hvers konar þvottastöðvar, efnalaugar, veitingastaði, sláturhús, iðnaðarfyrirtæki og fyrir vatn til hvers konar slíkrar notkunar umfram venjulega heimilisnotkun.

Aukavatnsskatt samkvæmt 1. mgr. skal innheimta samkvæmt mæli með 40 aura verði fyrir hvern teningsmetra.

Nú er vatn notað, án mælis, þar sem svo hagar til, sem í 1. mgr. segir, og skal Vatnsveitan þá ákveða aukavatnsskattinn, eftir áætlaðri notkun og samkvæmt verðlagi í 2. mgr.

Nú sættir húseigandi eða vatnsnotandi sig ekki við ákvörðun Vatnsveitunnar um aukavatnsskatt, og getur hann þá krafizt þess, að vatnsnotkun hans verði mæld um eins mánaðar skeið, eftir vali Vatnsveitunnar, og verður aukavatnsskattur þess árs þá ákvarðaður hlutfallslega við þá mælingu.

3. gr.

Hafnarstjórn ákveður verð á vatni, sem selt er til skipa á höfninni.

Bæjarráð ákveður endurgjald fyrir vatnið frá hafnarsjóði til Vatnsveitunnar, þó ekki undir 50 aurum fyrir hvern teningsmetra.

4. gr.

Nú er vatni úr Vatnsveitu Reykjavíkur veitt í hús, eða til hvers konar starfsemi utan lögsagnarumdæmisins, og skal þá ákvarða vatnsskattinn samkv. því, er í reglugerð þessari segir.

Ef vatninu er veitt um vatnsæðar vatnsveitufélags utan Reykjavíkur, skal ákveða vatnsskattinn til Vatnsveitu Reykjavíkur með samkomulagi aðila, eða eftir mati.

5. gr.

Engum er heimilt að taka vatn úr brunahönum Vatnsveitunnar án leyfis slökkviliðsstjóra. Sérstakt leyfi bæjarráðs þarf til að setja vatnshreyfivélar í samband við vatnsæðarnar.

6. gr.

Vatnsskattur samkvæmt reglugerð þessari fellur í gjalddaga 2. janúar ár hvert, og ber að greiða skattinn til bæjargjaldkera.

Vatnsskatt má taka lögtaki, og er hann tryggður með lögveðsrétti í eigninni næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

213 23. des. Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Reykjavíkur, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi 1. janúar 1948.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um niðurjöfnun og innheimtu vatnsskatts í Reykjavík, nr. 109 26. október 1936.

Félagsmálaráðuneytið, 23. desember 1947.

F. h. r.
Jónas Guðmundsson.

Gísli Jónasson.

214 29. des.

AUGLÝSING

um frestun á innköllun skiptimyntar og krónuseðla.

Sökum ófyrirsjáanlegs dráttar á afgreiðslu skiptimyntar frá Englandi tilkynnist hér með, að innköllun á sleginni mynt og krónuseðlum er frestað um óákveðinn tíma.

Fjármálaráðuneytið, 29. desember 1947.

F. h. r.
Magnús Gíslason.

Kjartan Ragnars.

215 27. des.

SAMÞYKKT

um stjórn bæjarmálefna Ísafjarðarkaupstaðar.

1. gr.

Í bæjarstjórn sitja níu kjörnir bæjarfulltrúar og bæjarstjóri, sem aukamaður, sé hann ekki kjörinn í bæjarstjórn. Varabæjarfulltrúar taka sæti í bæjarstjórninni og nefndum hennar samkvæmt gildandi reglum.

2. gr.

Einstökum málefnum kaupstaðarins stjórnar bæjarráð og fastar nefndir, er bæjarstjórnin kýs, með þeim takmörkunum, er síðar greinir.

Þessar nefndir eru:

1. Byggingarnefnd.
2. Hafnarnefnd.
3. Fræðsluráð.
4. Framfærslunefnd.
5. Rafveitustjórn.
6. Kjörskrárnefnd.
7. Niðurjöfnunarnefnd.
8. Heilbrigðis- og sóttvarnarnefnd.
9. Sundhallarstjórn.
10. Menningarráð.

Auk þess kýs bæjarstjórnin árlega tvo endurskoðendur bæjarreikninganna og 215
tvo til vara, einn mann til að semja verðlagsskrá, þrjá bæjarfulltrúa til að sækja 27. des.
sýslufund Norður-Ísafjarðarsýslu, til þess að annast með sýslunefndinni Styrktarsjóð ekkna og barna Ísfirðinga þeirra, er í sjó drukkna.

Í hvert sinn er kjósa á bæjarfulltrúa eða aðra starfsmenn bæjarins, kýs bæjarstjórn þrjá menn í kjörstjórn og tvo til vara, og ef kosið er í fleiri en einni kjördeild þrjá menn í undirkjörstjórn fyrir hverja deild. Í hvert sinn er kjósa skal til Alþingis, kýs bæjarstjórn undirkjörstjórn eina eða fleiri og er hver skipuð þremur mönnum. Jafnframt kýs hún tvo menn í yfirkjörstjórn og tvo til vara á sama hátt.

Forseti, tveir varaforsetar, tveir skrifarar, bæjarráð og fastar nefndir, þær, er eigi eru kosnar eftir sérstökum lögum, skal kjósa til eins árs í senn, í fyrsta sinn á kjörtímabilinu, þegar reglulegar bæjarstjórnarkosningar eru um garð gengnar og síðan á fyrsta fundi hvers árs.

Bæjarstjórnin getur, með þeirri undantekningu, sem leiðir af fræðslulögum og lögum um útsvör, tekið mál til meðferðar og úrskurðar þótt falið sé fastri nefnd, og er það þá fallið undan þeirri nefnd. Hún getur og skapað sérstakar nefndir í einstök mál, þegar svo þykir henta, eða falið einhverjum fulltrúanna eða bæjarstjóra framkvæmd þeirra.

Bæjarstjóri á sæti í bæjarráði og öllum föstum nefndum bæjarstjórnarinnar og er formaður þeirra, nema lög ákveði annað. Er hann aukamaður í bæjarráði og í nefndum, þegar hann er ekki bæjarfulltrúi, en sé hann bæjarfulltrúi, er hann eftir sem áður atkvæðislaus aukamaður í þeim nefndum, sem hann er ekki kosinn í sérstaklega. Bæjarráð og allar fastar nefndir bæjarstjórnar skulu halda gerðabók og skrá þar í fundargerðir.

3. gr.

Bæjarráð skal skipað þremur bæjarfulltrúum, sem kosnir eru eins og að framan greinir. Einnig skulu kosnir jafnmargir varamenn á sama hátt. Bæjarráð hefur fasta fundi vikulega og aukafundi eftir þörfum, og eru fundir lögmætir ef meiri hluti bæjarráðsmanna mætir. Í forföllum aðalmanna skulu varamenn mæta. Bæjarráð hefur eftirtalin mál bæjarins með höndum, stjórnar þeim og tekur um þau ákvarðanir, sem jafnframt eru tillögur til bæjarstjórnar og þurfa að öðlast samþykki hennar svo gild verði:

A. Fjárhagsmál.
Til þess telst umsjón og stjórn á fjárhag bæjarins, undirbúningur fjárhagsáætlunar, tillögur til úrskurðar á reikningum bæjarins, samning skýrslu um eignir og skuldir bæjarins, svo og eftirlit með bókhaldi hans og innheimtu gjalda. Enn fremur stjórn og umsjón með vegamálum bæjarins, götum, holræsum, vatnsveitu, vatnssölu og götulýsingu, allt eftir nánari ákvörðun bæjarstjórnar, og reglugerðum þar að lútandi. Til þessa liðs teljast einnig mulningsvél bæjarins og umsjón með henni.

B. Fasteignamál.
Til þess telst umsjón með fasteignum bæjarins, svo sem: Lóðum, húsum, jörðum, mótaki, grjótnámi, sandnámi, slægjum, hagabeit, fjallskilum og fleiru, að því leyti sem ekki er öðruvísi fyrirskipað um þessi mál í lögum og reglugerðum.

C. Bókasafnsmál.
Til þess telst umönnun og stjórn á bókasafni bæjarins, samkvæmt reglugerð þess og samþykktum bæjarstjórnar.

215 D. Sjúkrahúsmál.
27. des. Til þess telst stjórn og rekstur á sjúkrahúsi bæjarins, í samráði við ráðsmann sjúkrahússins og sjúkrahúslækni, allt eftir nánari ákvörðunum reglugerðar sjúkrahússins. Þegar bæjarráð hefur sjúkrahúsmál til meðferðar, skal það jafnan kveðja á fund með sér sjúkrahúslækni og ráðsmann, en eigi hafa þeir þar atkvæðisrétt.

E. Brunamál.
Til þess telst framkvæmd á öllum brunamálum bæjarins, samkvæmt lögum og reglugerðum um brunamál og slökkvilið bæjarins.

F. Búnaðarmál.
Til þess telst stjórn á búrekstri bæjarins í samráði við bústjóra, svo og önnur starfsemi, sem rekin kann að verða í sambandi við búreksturinn.

Bæjarráð skal halda sérstakar gerðabækur fyrir hvern flokk mála, sem undir það heyrir samkvæmt framangreindu, og gera tillögur um málin til bæjarstjórnar, sem leggur á þau fullnaðarúrskurð.

Starfsmenn og framkvæmdastjórar hinna einstöku fyrirtækja, sem undir bæjarráð heyra, skulu ráðnir af bæjarstjórn eftir tillögu bæjarráðs, nema lög og reglugerðir mæli öðruvísi fyrir.

Bæjarstjórn getur vísað til bæjarráðs þeim málum, sem henni sýnist, enda þótt þau heyri ekki undir bæjarráð samkvæmt samþykkt þessari.

4. gr.

Í byggingarnefnd eru fimm menn og jafnmargir til vara. Þrír eru kjörnir úr flokki bæjarstjórnar, en tveir utan hennar. Nefndin annast byggingarmálefni bæjarins, með aðstoð byggingarfulltrúa, ef ráðinn er, samkvæmt því er segir í lögum og samþykktum um byggingarmálefni bæjarins.

5. gr.

Í hafnarnefnd er forseti bæjarstjórnar sjálfkjörinn formaður. Í nefndina eru kosnir tveir menn úr bæjarstjórn og tveir utan hennar og jafnmargir til vara, valdir á sama hátt. Nefndin annast hafnarmálefni samkvæmt hafnarlögum og hafnarreglugerð, sér um innheimtu hafnargjalda og reikninga hafnarsjóðs, og hefur umsjón með störfum hafnargjaldkera. Bæjarstjóri er hafnarstjóri.

6. gr.

Í fræðsluráð eru kosnir til fjögurra ára fimm menn af bæjarstjórn og jafnmargir til vara. Fræðsluráð hefur umsjón með fræðslu barna og unglinga samkvæmt fræðslulögum og reglugerðum um skólamál.

7. gr.

Í framfærslunefnd eru kosnir þrír menn og jafnmargir til vara. Nefndin hefur á hendi stjórn allra framfærslumála bæjarins samkvæmt framfærslulögum. Nefndin stjórnar og elliheimili bæjarins, svo og barnahæli, ef það verður sett á stofn.

Bæjarstjóri er fátækrafulltrúi, nema til þess sé ráðinn sérstakur maður.

8. gr.

Í rafveitustjórn sitja sjö menn, kosnir samkvæmt reglugerð rafveitunnar. Stjórnar hún rafveitumálum samkvæmt gildandi reglugerð og gjaldskrá rafveitunnar.

9. gr. 215

Í kjörskrárnefnd eru kosnir þrír bæjarfulltrúar og jafnmargir til vara. Nefndin 27. des.
sér um að samin sé kjörskrá í tæka tíð fyrir allar almennar kosningar.

10. gr.

Bæjarstjórn kýs niðurjöfnunarnefnd ár hvert, aðalmenn og varamenn, lögum samkvæmt og er bæjarstjóri formaður hennar.

11. gr.

Í heilbrigðis- og sóttvarnarnefnd eru bæjarfógeti og héraðslæknir sjálfkjörnir og einn bæjarfulltrúi kosinn til eins árs í senn. Starf nefndarinnar er eftirlit með framkvæmd á ákvæðum heilbrigðissamþykktar kaupstaðarins, svo og sóttvarnarlaga, með aðstoð heilbrigðisfulltrúa, ef ráðinn er.

12. gr.

Í sundhallarstjórn sitja fimm menn kosnir samkvæmt reglugerð fyrir Sundhöll Ísafjarðar.

13. gr.

Menningarráð skal skipað fimm mönnum, kosnum af bæjarstjórn, og jafnmörgum til vara.

14. gr.

Bæjarstjórn ræður alla starfsmenn bæjarins, nema hún feli einstökum nefndum með samþykkt eða reglugerðum að ráða sér starfsmenn, eða heimili í erindisbréfum einstökum starfsmönnum að ráða sér aðstoðarmenn.

Öllum starfsmönnum ber að haga sér eftir reglum þeim, sem settar eru í samþykktum bæjarins eða erindisbréfum þeirra.

15. gr.

Eftir að reikningar bæjarins og stofnana hans hafa verið endurskoðaðir og samþykktir af bæjarstjórn, skulu þeir lagðir fram almenningi til sýnis eigi skemmri tíma en 15 daga. Reikningum bæjarins skal vera fullokið eigi síðar en í lok aprílmánaðar, og skulu þeir þá þegar sendast endurskoðendum, sem verða að hafa lokið starfa sínum innan þriggja mánaða.

Athugasemdum endurskoðenda skal gjaldkeri hafa svarað innan hálfs mánaðar.

16. gr.

Bæjarstjóri annast framkvæmdir á málum þeim og ráðstöfunum, sem eigi eru öðrum falin og allar bréfaskriftir bæjarstjórnarinnar.

17. gr.

Til þess að gera breytingar á samþykkt þessari, þarf umræður á tveimur fundum í bæjarstjórn, samþykki meiri hluta atkvæða og staðfestingu stjórnarráðsins.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar hefur samið og samþykkt, er hér með staðfest til þess að öðlast gildi 1. janúar 1948.

Jafnframt er úr gildi numin samþykkt um stjórn bæjarmálefna Ísafjarðarkaupstaðar, frá 26. janúar 1938.

Félagsmálaráðuneytið, 27. desember 1947.

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

Gísli Jónasson.

216
27. des.

FUNDARSKÖP
bæjarstjórnar Ísafjarðar.

1. gr.

Rétt til setu á fundum bæjarstjórnar Ísafjarðarkaupstaðar eiga 9 kjörnir bæjarfulltrúar, auk bæjarstjóra, sé hann ekki jafnframt bæjarfulltrúi. Varafulltrúar taka sæti í forföllum aðalfulltrúa eftir gildandi reglum. Eigi getur bæjarfulltrúi tekið sæti annars á sama fundi, nema um framlengingu fundar sé að ræða.

2. gr.

Sá bæjarfulltrúi, sem flest atkvæði fékk við almennar bæjarstjórnarkosningar, kveður hina nýkjörnu fulltrúa til fundar fyrsta miðvikudag að kosningu lokinni. Á þeim fundi kýs bæjarstjórn sér úr flokki fulltrúanna fyrst forseta og tvo varaforseta og síðan tvo skrifara. Að því búnu skal bæjarstjóri kosinn.

Bæjarstjóri boðar annars til bæjarstjórnarfunda, en forseti stjórnar þeim, og sér um að allt fari fram í góðri reglu og að gerðir bæjarstjórnar séu rétt og skipulega ritaðar í gerðabókina. Skylt er fundarmönnum að hlýða úrskurði forseta um allt, er snertir fundarreglur.

Úrskurði forseta má skjóta til bæjarstjórnarinnar.

Fundarritari heldur gerðabók undir umsjón skrifara og forseta og getur í henni mála þeirra, sem rædd eru á fundum og úrslita þeirra. Skrifarar telja saman atkvæði við atkvæðagreiðslur og kosningar. Störfum skipta skrifarar milli sín, eftir samkomulagi við forseta. Í fundarlok skal gerðabók upplesin og undirskrifuð af forseta, skrifurum og öllum öðrum viðstöddum bæjarfulltrúum og bæjarstjóra. Þó eiga fundarmenn rétt á að fá ágreiningsatkvæði sitt stuttlega bókað.

3. gr.

Fundir bæjarstjórnar eru tvenns konar, reglulegir fundir og aukafundir.

Reglulegir fundir skulu haldnir tvisvar í mánuði hverjum, hinn fyrsta og þriðja miðvikudag mánaðarins. Farist reglulegir fundir fyrir vegna helgi eða af öðrum ástæðum, skal fund halda einhvern hinna næstu virku daga á eftir. Reglulegir fundir byrja kl. 8 eftir hádegi og standa svo lengi sem dagskrá endist, nema bæjarstjórn samþykki að fresta þeim.

Aukafundi skal halda svo oft, sem bæjarstjóra þykir þörf vera á þeim stað og stund, sem hann ákveður. Bæjarstjóri skal og jafnan boða til aukafundar, ef þrír bæjarfulltrúar óska þess.

4. gr.

Bæjarstjóri má ekki taka neitt erindi á dagskrá reglulegs fundar, nema það sé komið til hans á hádegi næsta virkan dag fyrir fund. Skal hann þó í síðasta lagi kl. 4 e. h. hinn næsta virkan dag fyrir fund hafa sent öllum fulltrúunum dagskrá, er greini þau erindi, sem fyrir fundinn eiga að koma.

Þegar lagðir eru fram gerðir fastra nefnda bæjarstjórnarinnar, en það skal gert nema nefnd sérstaklega ákveði annað og bæjarstjóri samþykki, skal útdráttur úr fundargerðum fylgja dagskránni. Dagskráin skal fest upp að minnsta kosti á fimm stöðum víðs vegar um bæinn.

Mál, sem eigi er á dagskrá, verður því aðeins tekið fyrir, að til þess fáist samþykki ⅔ þeirra, sem á fundi eru. Hverjum fulltrúa er heimilt að krefjast þess, að ákveðið mál verði tekið á dagskrá næsta almenns fundar, en skylt er að gera það skriflega tveim dögum fyrir fund.

5. gr. 216

Bæjarstjóri ákveður dagskrá. Röð málanna á dagskrá getur bæjarstjórn breytt með ályktun sinni, svo og fellt mál af dagskrá. 27. des.

6. gr.

Skuttrjánum sé fest með gegnreknum skrúfboltum af sama gildleika og á kjalboltunum, 3 í skrúfustefnið og 3 í hver samskeyti, þar fyrir aftan.

Skutstefnið (millistykkið) sé ekki þynnra en kjölurinn, og nái aftur úr byrðing, svo mikið, að hægt sé að þynna það, með sama sniði og ytri flötur byrðingsins, niður í 8—10 cm, eftir breidd stefnisjárnsins.

Bil milli samskeyta á skutstefni og skuttrjám sé ekki minna en 1/8 partur af skipsbreiddinni.

Böndunum sé fest við skuttrén með rekbolta, í hvert bandastykki, af sama gildleika og skararboltar í kili. Auk þess séu botnstokkar á hliðinni á hverju bandi, af sömu þykkt og aðrir botnstokkar, meðalhæð ofan á skuttrjám 1½ sinnum þykktin, festir við bandið í hvorn enda með 2 gegnreknum skrúfboltum. Gildleiki boltanna sé 9/7 af gildleika kjalboltanna. Hverjum botnstokki sé fest við skuttrén með tveim rekboltum af sama gildleika.

11. gr.
Svölujárn.

Lengdin sé sem næst 2 sinnum kjalhæðin að aftan og 2½ sinnum kjalhæðin að framan, og 3 hnoðboltar í hvorum enda, af sömu stærð og í stýrisjárnum. Gildleiki samkvæmt töflu 7. Á svölujárnunum aftan sé stallur á báðum endum, þannig, að breiddin verði þar tvöföld (sjá mynd). Boltunum sé hagað sem bezt eftir atvikum.

12. gr.
Böndin.

Allar aðalstærðir bandanna séu samkvæmt töflu I. Er gert ráð fyrir, að þau séu tvöföld, og stykkin í þeim boltuð þétt hvert við annað, en ekki hafðir kubbar eða trétappar á milli. Hvergi mega samskeyti ganga minna á misvíxl en 1/8 part skipsbreiddar. Skeytin séu vel felld saman og 3 stúfboltar hvorum megin við hver samskeyti. Upplengjari á hliðarbandi reiknast ekki sem skeyti með tilliti til 1/8 parts lengdar, miðað við skipsbreidd og þarf ekki að boltast með meira en 2 boltum, nema að þess þurfi vegna mikillar lengdar.

Þvermál bandaboltanna sé:

10	mm	í	bandastykkjum,	sem	eru	5—6½	og 8	cm þykk
13	—	-	—	—	—	9—10	— 11	— —
16	—	-	—	—	—	12—13—14	— 15	— —

Þar sem mjög langt er á milli skeyta, verða boltarnir að vera 4, svo að stykkin liggi þétt hvert við annað. Skjólborðsstoðirnar séu ekki áfastar við böndin. Þegar

260 11. nóv.

böndin í framstafninum fara að verða mjög tígulmynduð í þverskurð, þannig að hvassa hornið er orðið minna en 60 gráður, séu þau skeytt á kilinum, boltuð þar saman eða í hnéð og liggi sem næst hornrétt á súðina. Þar sem bönd þessi eru í heilu lagi ofan að kili, mega þau vera þynnri en tvöföldu böndin, en ekki þynnri en botnstokkar eftir töflu I. Bilið milli bandanna, og þar sem keðjuhólkurinn (klyds) gengur gegnum súðina, skulu þau fellast þétt hlið við hlið, og minnst 2 bönd heil vera fyrir aftan hólkinn. Þar sem heil bönd eru sundurskorin af stefnishnénu, verður að koma botnstokkur tilsvarandi þeim, sem um getur í 10. gr., varðandi krussaraskut.

Júdasareyrun séu sem næst jafnþykk og böndin við þrömina og nái að minnsta kosti jafnlangt niður og skjólborðsstoðirnar upp frá þilfari eftir töflu I. Breiddin sé þannig, að góður styrkur sé eftir í trénu aftan við keðjuhólkana.

Skútaböndin og skútastytturnar sé hvort tveggja sett sem næst hornrétt á súðina, hvergi með lengra millibili en milli banda. Í afturparti skútans séu böndin og kubbarnir milli þeirra ein vel boltuð samfella, svo langt fram, að hægt sé að negla efsta plankann í súðinni í hana.

Í krussaraskut sé lengd samfellunnar, hvorum megin, um $\frac{1}{6}$ partur af skipsbreiddinni og nái jafn langt niður og skjólborðsstoðirnar.

13. gr.

Skjólborðsstoðir.

Breidd og þykkt skjólborðsstoðar skal vera, sem segir í töflu I, og nái þær að minnsta kosti jafn langt niður eins og upp fyrir þrömina. Stoðir séu hornréttar á súðina milli banda. Stoðir, sem reiðanum er fest í, nái $1\frac{1}{2}$ sinnum lengra niður en hinar stoðirnar og séu líkar að lögun, en flatarmál af þverskurði þeirra við þrömina $1\frac{1}{2}$ sinnum flatarmál hinna. Þar sem skipsbátur er hafður í uglum, skulu settar ein eða tvær aukastoðir, jafnstórar hinum, við hverja bátsuglu. Gæta skal þess, að stoðirnar séu vel felldar milli súðanna og negldar með 2 nöglum í hvern planka og með 2 nöglum í hvern bjálkavegara. Reiðastoðir neglist með 3 nöglum í hvern planka og með 3 nöglum í hvern bjálkavegara.

14. gr.

Kjalbak.

Öll skip hafi kjalbak, er nái frá hné við framstefni að hné við afturstefni, og sé vel fellt á böndin. Skeyti þess mega ekki vera á sama stað og skeyti kjalarins og ekki rétt framan við vélina. Sé kjalbakið í tveim pörtum, mega skeytin vera lítið eitt aftan við kjalskeytið, en ef það er í þrennu lagi, þá séu skeytin undir vélinni og framan við kjalskeytið (hér er gert ráð fyrir, að vélin sé aftast í skipinu). Lengdin á kjalbaksskeytinu sé 5 sinnum hæð þess, og sé skeytið boltað í hvert band með 2 stúfboltum af sama gildleika og skeytisboltarnir í kilinum utan við miðju kjalbaksins, auk þess séu sporðarnir negldir með hæfilega stórum göddum. Um stærð kjalbaksins, sjá töflu III.

15. gr.

Hliðarkjalbak og kjalboltar.

Fyrir kjalboltunum sé borað gegnum kjalbakið og hvern botnbita niður úr kilinum, og gatið haft hæfilega minna en boltinn. Hver bolti hafi sterkan hnoðhring eða haus á efri endanum.

Sé óhjákvæmilegt að taka kjalbakið í sundur fyrir óvenjulega stóru kasthjóli á vélinni, má gera það og setja hliðarkjalbök svo nærri kasthjólinu, sem unnt er. Sé þverskurður flatarmál hvors þeirra hið sama sem kjalbaksins, og skal að minnsta

kosti vera hægt að negla þau í 5 bönd fyrir framan og aftan sundurskurð kjalbaksins; bolta skal þau í hvert band með 2 skrúfboltum jafngildum skeytisboltum. 260 11. nóv.

16. gr.
Bjálkasúð.

Stærð og tala er tilgreind í töflu III. Bjálkasúð nái milli stefna, og á skútabyggðum skipum verður að vera hægt að negla hana í samfelluna aftast í skútanum. Lengd skeytisins sé þreföld breiddin á bjálkasúðinni, þar sem hún er skeytt. Hvert skeyti sé sett saman með 2 skrúfboltum í efri bjálkasúð auk gadda í sporðana. Þar sem bjálkasúð er tvöföld, séu tveir rekboltar notaðir í stað skrúfbolta í skeytin, í neðri bjálkasúðina. Skeytin séu ekki nær hvort öðru en 6 sinnum breiddin á efri bjálkasúðinni, og ekki heldur nær fremri enda vélarreisnar. Afstaða skeytis sé reiknuð frá miðri skörun.

Þar sem þykkt bjálkasúðar samkv. töflu III er 8 cm eða meira, má þykktin á ¼ af skipslengdinni, frá hvorum enda, minnka um ⅕ part.

Ef mikil bugða er á krussaraskut og þess vegna erfitt að beygja bjálkasúð, má fletta bjálkasúðarendanum á svo sem 1½ metra lengd, svo auðveldara verði að beygja og fyrirbyggja brot.

17. gr.
Þilfarsbitar og langstykki.

Bitabugðan sé 22 mm fyrir hvern lengdarmetra af skipsbreiddinni. Stærð og bil er tilgreint í töflu II. Greypt sé upp í bitana um 1 cm fyrir bjálkasúðinni (en ekki niður í bjálkasúðina fyrir bitunum). Þar sem bitar koma á band, sé endi bitans fast að bandinu, en þar sem hann kemur milli banda, á að vera 1 cm bil út að súðinni. Hver bitaendi, líka hálfbitar, neglist ofan í bjálkasúðina með 1 stúfbolta, í 4 cm bjálkasúð með 10 mm, í 5 cm og 6½ cm með 13 mm og í 8, 9 og 10 cm með 16 mm biltum. Langstykkin við op á þilfarinu, þar sem hálfbitar eru greyptir í þau séu jafnbreiðir bitunum, og hæðin jafnmikil og hæð bitans á miðju. Hálfbitarnir séu jafnbreiðir og háir hinum bitunum á bjálkasúðinni í báða enda. Á öllum skipum séu sett langstykki alla leið milli bitanna undir tróðrauf (hnoða, nóta), meginþiljurnar og þilfarsins, þannig að um 2½ cm breidd af stykkinu nái inn undir þilfarið. Breidd og hæð þessara langstykkja sé helmingur bitans við bjálkasúðina. Greyping langstykkjanna inn í bitana sé sem minnst til þess að veikja þá ekki um of.


18. gr.
Tréhné.

Á öllum skipum séu bitahné fyrir framan og aftan hvert op í þilfarinu. Ef þverskipsvísitala skipsins er yfir 10, sé auk þess eitt hné í hverjum heilbita enda. Lengdin á hvorum armi hnésins sé fjórföld á við breidd bitans (ekki hæð). Þykktin á hnénu sé að minnsta kosti ¾ partar að bitahæðinni, og breidd armsins — hnéþykktin frá enda hans — sé eigi minni en hnéþykktin. Á öllum skipum séu 2 skrúfaðir kverkarboltar, annar gegnum bitann og hnéð, en hinn gegnum hnéð, bandenda og súðin. Sé þverskipsvísitala skipsins minni en 10, má auk þess hafa hæfilegan reknagla í hvorum enda hnésins, eins og bezt verður við komið. En sé þverskipsvísitalan hærri en 10, á í stað rekboltanna að vera skrúfbolti gegnum enda hnésins og bitans annars vegar, en enda hnésins, birðing og bönd hinsvegar.

Gildleiki boltanna fer eftir hnéþykktinni. Í 8 og 9 cm hné skal hafa 13 mm bolta, í 10, 11 og 12 cm hné 16 mm bolta og í 13 og 14 cm hné 19 mm bolta.

260 *Járnhné.*

11. nóv. Ef þverskipsvísitalan er 12—13, séu 4 lóðrétt hné úr járni á hvorri síðu. Ef vísitalan er 13—14 komi 5 hné, 14—15 þá 6 hné og ef hún er 15—16 þá 7 járnhné á hvora síðu. Gerð og fyrirkomulag bolta fer eftir meðfylgjandi teikningu. Hnjánum er fest með 3 skrúfboltum í hvorn arm. Þar sem vísitalan er 12—14 með 19 mm, og þar sem vísitalan er 14—16 með 22 mm skrúfboltum. Armlengd hnésins sé að minnsta kosti fjórföld á við breidd bitans (ekki hæð). Miðað sé við bitabreidd við þilfarsop. Þar sem vísitalan er 12—14 sé hnéð gert úr 75×75×9 mm vinkli og 9 mm plötu. En sé vísitalan 14—16 gerist hnéð úr 75×75×12 mm vinkli og 12 mm plötu.



— JÁRNHNÉ —

Hvort sem er tréhné eða járnhné, verður að koma fyrir bandstykki til uppfyllingar, þar sem boltar annars komu á milli banda.

Bógband.

Á öllum skipum sé bógband (bóghné) ofan á bjálkasúðinni rétt undir þilfarinu. Lengdin á hvorum armi sé 5-föld breidd bitans og þykktin sama og á bitaendunum. Hnénu skal fest með 5 skrúfboltum, miðboltanum gegnum stefnið, en hinum gegnum böndin og byrðinginn. Á skipum með þverskipsvísitölu hærri en 12 sé annað bógband mitt á milli kjalbaks og þilfars, jafnstórt og efra hnéð og fest á sama hátt, en má vera úr járni. Gildleiki boltanna sé hinn sami og í bitahnjám. Það, sem að ofan greinir um hné, á einnig við um afturstefni, þegar um tvístöfnunga er að ræða.

19. gr.
Skutbönd.

Á skútabyggðum skipum sé aftasti bitinn bogmyndaður og nái þvert yfir samfelluna og jafnt henni fram hvorum megin. Biti þessi sé álíka þykkur og bitahnén, vel boltaður og negldur í samfelluna. Upphlið hans sé í sama bogfleti og efri rönd þilfarsbitanna til þess að geta myndað slétt undirlag fyrir þrömina, meginþiljuna og þilfarið.


Í krussaraskut sé lárétt skutband (skuthné) undir þilfarinu, jafnþykkt og bitaendarnir. Breidd á miðju sé að minnsta kosti 2-föld á við þykktina. Lengdin á hvorum armi sé nálægt því $\frac{1}{5}$ partur af skipsbreiddinni. Bandinu sé fest með 7 skrúfboltum, af sama gildleika og krafizt er fyrir bógband í 18. gr. Einn bolti gegnum stefnið og 3 í hvorn arm.

20. gr.
Þilfarið.

Þykkt þilfarsþiljanna heflaðra sé ekki minni en tilgreint er í töflu IV, og breidd ekki yfir 13 cm. Þær séu vel þurrar, og snúi merghliðin niður að bitunum,

Þiljumæti séu eigi nær hvert öðru en 2 bitabil, ef ein þilja er á milli þá sé eitt bitabil á milli skeyta, og ekki má skeyta á sama bita, nema 3 þiljuraðir séu á milli. Þar sem þilfarið er sundurskorið meira en að hálfu leyti, miðað við breidd milli meginþilja, við vélareisn eða annars staðar, má ekki skeyta þilfarsþiljum á sama bita, sem reisnin eða þilfarsopið endar. 260 11. nóv.

Vegna hampþéttunar á þilfarinu skal gera rauf í þiljurnar, sem næst 1/10 pörtum frá neðri brún (sjá mynd). Raufin sé grunn og bogamynduð. Nálega frá botni raufarinnar og upp úr sé heflað snið á þiljuna, þannig að opið eða tróðraufin (hnoðan) milli þiljanna að ofan verði um 3 mm. Skiptist þykktin þannig neðan frá, að 1/10 er samfellt, 3/10 hampur og 3/10 bik. Áður en þilfarið er lagt, séu bitar og hné vel tjörguð. Hver þilja sé negld í hvern bita með tveim nöglum og hver þiljuendi með tveim nöglum. Hausarnir skulu vera niðurfelldir um 3/10 af þykktinni, og þilfarstöppunum dýpt í tjöru eða þykka málningu áður en þeir eru settir í götin fyrir naglahausana. Í allt að 48 mm þilfar séu látnir tveir þræðir af hampi, en í 48 mm þilfar og allt að 75 mm þilfar séu látnir þrír þræðir. Í allt að 42 mm þilfar séu notaðir 6½ cm langir naglar (spíkarar), í 48 mm þilfar 9 cm naglar, í 62 mm þilfar 11 cm naglar og í 75 mm þilfar 13 cm naglar. Ef þilfarið er lagt á furubita, verða naglarnir að vera 1 cm lengri.



Til þess að fyrirbyggja þilfarsraka skal tjarga eða olíubera þilfarið að ofan, strax og bikun og skröpun er lokið og mála það eða olíubera að neðan.

21. gr.

Þröm og meginþilja.

Þröm og meginþilja (skandæk og vaterbord) sé jafnþykkt og þilfarið var óheflað. Breidd meginþiljunnar (innan við skjólborðsstoðirnar) sé samkvæmt töflu IV. Milli hverra tveggja stoða sé þröm og meginþilja rígnegldar saman með þeim gegnreknum boltum. Gildleiki boltanna sé 10 mm í allt að 45 mm meginþilju, 13 mm í 45 mm og allt að 60 mm, og 16 mm í 60 og 80 mm meginþiljur. Ef efsta sýja súðarinnar nær jafnhátt upp og efri rönd á þröm, þ. e. a. s., ef þröm er í stykkjum, felld milli stoðanna, þá sé stór haus á boltunum utaná súðinni. Auk þess sé sýjan negld inn í þrömina og sé bilið milli naglanna ekki meira en 4-föld þiljuþykktin. Ef þrömin nær út á ytri brún efstu sýjunnar, á bilið milli naglanna að vera það sama, og auk þess, einn nagli rekinn í hverja stoð, en við samskeyti 2 naglar og tappað yfir alla hausana. Hver meginþlja er negld ofan í hvern bita með þrem nöglum, en ofan í hvert hné með tveim nöglum og tappað yfir alla hausa. Aftan undir skútanum eru sýjuendarnir neglir upp í þrömina með hæfilega stórum nöglum með stuttu millibili.

Utan á þrömina allt í kring er sett kúpt járn, er sé sem næst 1/8 parti mjórra en þramarþykktin. Bilið milli naglanna sé sem næst 4 sinnum járnbreiddin.

22. gr.

Súðin (byrðingurinn).

Þykkt súðarinnar sé samkvæmt töflu IV.

Þar sem sýjur súðarinnar eru látnar ganga gegnum þykktarhefil eða „teknar með þykkt“ á annan hátt, má þykktin ekki vera minni en sú sem fyrirskipuð er í töflu IV.

260 En þótt súðin þynnist við venjulega sléttun, skal ekkert tillit tekið til þess.
11. nóv. Breidd sýjanna (plankanna) neðan við sjólínu á tómu skipi sé ekki yfir 36 cm og ekki meiri en 7-föld sýjuþykktin. Breidd sýjanna ofan við sjóinn í tómu skipi sé ekki yfir 26 cm og ekki meir en 5-föld sýjuþykktin. Þar sem efsta sýjan nær upp á efri brún þramar má hún vera ½ þramarþykkt breiðari en hér um getur.


Sýjurnar gangi sem mest á misvíxl (sjá mynd) og ekki minna en svo, að 1/15 partur skipslengdarinnar sé milli skeyta. Ef ein sýja er milli skeyta, þá má ekki vera skemmra á milli þeirra en 1/24 af skipslengdinni, og ef tvær sýjur eru á milli þá 1/40 partur.

Þegar lengd skipsins er orðin það mikil, að 3—2 og 1 bandabil er undir 1/15—1/24 og 1/40 af skipslengdinni, er fullnægjandi að á ¼ parti skipslengdarinnar framan og aftan, að plankarnir nái þrjú bandabil á misvíxl, ef 1 planki er á milli og ef 2 plankar eru á milli þá 1 bandabil. En á sama bandi má ekki skeyta nema 3 plankar séu á milli, eins og miðskipa.

Lengd skipsins, sem miðað er við, er sú, sem skýrt er frá í 6. gr., sjá enn fremur mynd, er sýnir samskeyti á súðinni.

Seyming súðarinnar sé eftir töflu V og VI. En yfirleitt gildir sú regla, að negla hverja sýju með 4 nöglum í hvert 2-falt band og með tveim nöglum í hvert einfalt band (framan og aftan) og 3 í hvern sýjuenda. Þar sem gegnreknum boltum er ætlaður staður, á ekki að koma nagli.

Minnsta bil milli samskeyta á byrðing.




Gætt sé þess að seyma rétt, svo bönd eða súð rifni ekki á milli nagla. Fleygoddur naglans snúi ávallt á langviðið í bandinu. 260 11. nóv.

Enn fremur þurfa naglarnir að vera þannig settir, að ekki sé hætt við, að bönd eða sýjur rifni á milli naglanna. Sjá mynd af seymingu. Þar sem 5 aðe fleiri naglar eru í bandi, verður að gæta sömu varúðar.

Seyming súðarinnar.

Þar, sem böndin eru bogin, séu þau gerð bein undir mestan hluta sýjubreiddarinnar í stað þess að hola sýjuna.

Hver sýja skal gufuseydd að svo miklu leyti, sem við verður komið vegna lengdarinnar, áður en hún er látin í skipið og seymd að fullu, meðan hún er heit,



— SEYMING SUÐARINNAR —

svo að hún leggist sem bezt að böndunum. Þess skal gætt við seyminguna að nota hæfilega gildan bor, og sé þvermál hans hið sama og breidd mjórra flatarins á naglanum nálægt hausnum. Auk þess séu allir naglar og boltar neðan við hleðslulínu vafðir tjöruhampi. Nöglunum sé hæfilega hleypt inn, svo hægt sé að steypa (sementa) yfir þá, en áður en það er gert, verður að gæta þess, að hampurinn sé vel skorinn eða brenndur úr naglaholunni, svo að steypan geti fest sig við hausinn. Því skal þess gætt að vinna þetta verk í vætu eða raka, svo steypan molni ekki úr vegna þurrks.

Hampþéttun súðarinnar fer fram, eftir að sýjurnar eru vel þornaðar. Rifurnar eða tróðraufarnar eru stíftroðnar og fylltar, þar til dýpt og breidd raufarinnar er jöfn, og þá fyllt með biki.


23. gr.

Húfsýjur.

Húfsýjurnar, ytri og innri, eru til heildarstyrksauka fyrir skipið í sjógangi og þegar því er lagt í fjöru. Þess vegna skal þess gætt, að miðja húfsýjanna miðskipa sé á þeim stað, sem bein lína frá neðri rönd á kilinum snertir miðbandið á að utan. Innri húfsýjurnar, þar sem þær eru tilskildar, séu sem næst gagnvart þeim ytri, að minnsta kosti miðskipa, svo hægt sé að bolta gegnum báðar í senn.

Endaboltar sýjanna, þar sem gert er ráð fyrir hnoðboltum, séu ekki í sama bandi og skeytt er á, heldur gegnum næsta band við skeytið. Endabolta þarf ekki við stefnin, nema sérstaklega standi á vegna mikillar sveigju eða ónógs naglahalds. Í töflu V er ákveðið, hvenær og að hve miklu leyti þessir gegnumreknu hnoðboltar eru notaðir og hvar annars staðar í súðinni eftir stærð skipsins.

260
11. nóv.



— SÚÐARBOLTI —

Boltarnir séu heitzinkaðir eins og allur annar saumur, þeir séu með flötum haus, og þvermál hans tvöfalt á við þvermál boltans, og þykkt haussins helmingur af þvermáli boltans (sjá mynd).

Boltar í húfsýjum og bjálkasúð séu með hnoðhring innan á súðinni. Boltar annars staðar ofan við húfsýjur séu hnoðaðir á böndum (ekki á furuinnsúð). Neðan við húfsýjur þarf ekki að nota hnoðhringi á boltana. Allir boltarnir séu stífreknir.

Þar sem 2 eða fleiri ytri eða innri húfsýjur ná ekki frá stefni til stefnis samkvæmt töflu III. og IV., skulu þær skeyttar á misvíxl samkvæmt reglu um skeytingu ytri súðarinnar, bæði innbyrðis og gagnvart öðrum súðarsýjum.

24. gr.

Kjalsýjur og bjargsýjur.

Þar sem kjalsýjur eru þykkri en 6½ cm er það nægilegt að þykktin samkvæmt töflu IV gildir fyrir hálfa skipslengd L. En á ¼ parti frá hvorum enda má þykktin vera söm og súðarþykktin.

Allar kjalsýjur 5 cm og þykkri, kantboltist við kjölinn með einum hauslausum rekbolta í 4. hvert bandabil.

Kjalsýjur 5 og 6½ cm boltist með 13 mm boltum, og þykkri kjalsýjur með 16 mm boltum. Boltarnir séu sem lengstir í kjölnum, en þó ekki lengri en kjalsýjubreiddin.

Þar sem fyrirskipuð súðarþykkt er 4 cm og minna eftir töflu IV, skulu 2 efstu umförin á ⅔ hluta skipslengdarinnar, miðskipa, vera að minnsta kosti ½ cm þykkari en tilsvarandi súð.

Sé súðarþykktin yfir 4 cm, til og með 5 cm, skulu 2 efstu umförin á sömu lengd, vera 1 cm þykkari.

Sé súðarþykktin yfir 5 cm, til og með 6½ cm, skulu 3 efstu umförin á sömu lengd, vera 1 cm þykkari.

Sé súðarþykktin yfir 6½ cm, til og með 8 cm, skulu 4 efstu umförin á sömu lengd, vera 1 cm þykkari.

Ekki séu notaðir stærri naglar í bjargsýjurnar þó þær séu þykkari, heldur sé hausnum hleypt inn og tappað yfir á þeim stað, er bjargsýjurnar eru þykkari en súðin.

25. gr.

Veltikilir.

Séu veltikilir notaðir, eru þeir vanalega ⅓ af skipslengdinni og miðja þeirra lítið eitt aftan við miðju skipsins. Þykkt veltikjalanna sé um ⅗ af kjalarþykkt skipsins, og kjalhæðin, mæld frá súðinni, ekki meira en 1⅔ sinnum þykkt veltikjalarins. Veltikilina má setja á böndin, áður en súðin er látin, eða utan á súðina. En hvort sem er, sé kjölnum fest með gegnreknum skrúfboltum, einum í hvert band, og séu þeir 3 mm minni í þvermál en kjalboltarnir í aðalkilinum, en þó aldrei grennri en 13 mm. Auk þess sem veltikilirnir eru sérstaklega ætlaðir til að hindra öran velting, eru þeir hentug vörn súðarinnar, þegar skipi er lagt í fjöru; þess vegna skal þess gætt, að veltikilirnir miðskipa séu á þeim stað, sem bein lína frá neðri rönd á kilinum snertir miðbandið að utan. Á minni skipum geta veltikilir komið í stað húfsýju á ½ lengd þeirra.

26. gr.
Innsúð.

Innsúð sé lögð í heild, áður en skiljur eru settar í skipið. Þykktin fer eftir töflu IV. Sýjurnar gangi sem mest á misvíxl. Um skeytingu húfsýjanna á sama reglan við og um súðina að utan, en að því er snertir sýjurnar eða borðin annars staðar í innsúðina má draga ⅓ frá af kröfum þeim, sem gerðar eru um byrðinginn í þessu efni, og skeyta má á sama bandi, ef 2 heil borð eru á milli skeyta.

Innsúð er negld með 3 nöglum í hvert tvöfalt band og með 2 nöglum í hvert einfalt band og 2 nöglum í hvern sýjuenda. Innsúðin má vera úr furu eða greni, þar sem ekki er öðru vísi ákveðið. Að því er snertir ofangreinda seymingu er átt við um 6″ breiðan planka.

27. gr.
Öldustokkur.

Öldustokkurinn sé að breidd og þykkt, sem tilskilið er í töflu IV, nema þar sem hann þarf að vera breiðari vegna sniðsins á skjólborðsstoðunum á boganum að aftan. Skeytin séu þrefalt lengri en breidd öldustokksins miðskipa og negld með tveim gegnreknum skrúfboltum auk eins eða tveggja reknagla í hvorn enda eða sporð skeytisins. Við hverja styttu er öldustokknum fest með einum fjaðrabolta. Stærð fjaðraboltanna er sem hér segir:

4	cm	öldustokkur	16	cm	×	13	mm	með	2	nöglum í stoð.
5	—	—	18	—	×	16	—	—	2	— - —
6½	—	—	24	—	×	19	—	—	3	— - —
8	—	—	26	—	×	19	—	—	3	— - —

Hæð stoðatappanna sé hálf þykkt öldustokksins.

28. gr.
Skjólborð.

Um þykkt skjólborðsins fer eftir töflu IV, og er það venjulega haft alveg niður við þröm framan frá og aftur að framsiglu. Undir skjólborðinu milli siglna skal vera 2½ cm bil milli þess og þramarinnar. Auk þess sé eitt austurop hvorum megin á skipum, allt að 16 metra á lengd, og 2 austurop hvorum megin á skipum þar yfir. Samanlagt flatarmál austuropanna hvorum megin (auk rifunnar undir skjólborðinu) sé ekki minna en 80 fersentímetrar fyrir hvern lengdarmetra skipsins. Á skipum, sem stunda síldveiðar, fer tala, stærð og lokunarbúnaðar austuropa eftir reglum um búnað skipa á síldveiðum.

29. gr.
Vélarreisn.

Vélarreisnin eða sameiginleg reisn yfir vél og káetu sé gerð vel traust eftir stærð skipsins, og sérstaklega skal henni vel fest niður í bitana og langstykkin til beggja hliða með skrúfboltum. Í hliðar eða gafla reisnarinnar ætti helzt hvergi að taka op fyrir dyr, en þurfi þess af einhverjum ástæðum, mega ekki vera minna en 40 cm frá þilfari upp á þröskuld, til varnar gegn því, að hlið reisnar eða lestarops spennist inn vegna hampþéttunar og þrútnunar á þilfarinu, skal setja skrúfteina með haus utan á súðina, og gangi teinarnir inn rétt undir þilfarinu gegnum efri rönd langstykkis, en þar sé stór járnplata sett á þá og spennt með skrúfró innan á neðri rönd neðsta reisnarplankans og efri rönd langstykkisins. Bil milli teinanna að enda reisnarinnar eða að skilrúmi í reisninni sé um 1 metri.

Af líkum ástæðum skal bolta saman á rönd 2 eða 3 yztu þiljurnar í reisnarþakinu.

260 11. nóv. Hliðar og þak reisnarinnar sé ekki þynnra en þilfar skipsins. Sé reisnin há (2 m), getur reisnarþakið verið nokkuð þynnra en aðalþilfarið.

30. gr.
Stýrishús.

Stýrishúsið sé nægilega traust viðað eftir stærð skipsins, og sérstaklega vel tengt saman og fest við reisnina. Að minnsta kosti nái 4 hornstoðirnar niður jafnt neðri rönd á langstykkinu undir reisninni og festist við það og hlið reisnarinnar; aðrar stoðir festist með járnvinklum við þakbita reisnarinnar. Standi húsið algerlega á reisnarþakinu, verða stoðirnar að vera úr eik. Inngönguop í káetu og vélarrúm sé tillukt með hlera í umgerð ekki lægri en 20 cm frá reisnarþakinu. Hurð sé aftan á stýrishúsinu og opnist helzt út. Sé þetta ekki framkvæmanlegt, skal setja sérstaklega góð handrið, sem gerir hliðarinngang nægilega öruggan, auk venjulegra handriða á hliðum stýrishússins. Að minnsta kosti 2 rennigluggar séu framan á stýrishúsinu og auk þess 1 á hvorri hlið, Allar gluggaumgerðir séu úr eik og glerið að minnsta kosti 5 mm þykkt.

Þar sem stýrishús er óvenjulega stórt eða sambyggt við stjórnklefa, nái allar stoðir, þar sem því verður við komið, að neðri rönd á bita eða langstykki. Hyllst sé til þess að bolta stoðirnar í bita frekar en í langstykki.

31. gr.
Reisn yfir íbúð skipverja.

Á minni fiskibátum verður oft að vera sérstaka reisn á þilfarið yfir mannarýminu, svo hægt sé að standa uppréttur á gólfinu við hvílurnar og bekkina; þessi reisn skal þá gerð samkvæmt fyrirmælum um vélarreisn. Hliðar og þak reisnarinnar sé ekki þynnra en aðalþilfarið.

Sé reisn (kappi) aðeins yfir opi því, sem gengið er um niður í skipið, verður hún eigi að síður að vera traustlega gerð, og hvort heldur sem er, verða að minnsta kosti að vera 40 cm frá þilfari upp á þröskuld.

32. gr.
Lestarop og hlerar.

Hliðar og gaflar lestaropsins séu úr eik og þykkt þeirra 1⅓ sinnum þilfarsþykktin og ekki lægri en 40 cm frá þilfari. Lestaropshlerarnir séu jafnþykkir þilfarinu. Bitinn undir hlerunum og umbúnaður hans sé að styrkleika jafn styrkleika hleranna. Lestaropshlerunum er fest niður með einni eða fleiri slám, festum við hliðar lestaropsins með skrúfkrókum eða á annan öruggan hátt.

Sæti fyrir hlerana sé ekki minna en 5 cm breitt.

33. gr.
Stoðir og skiljur.

Í þeim skipum, sem hér er um að ræða, verður að minnsta kosti að vera stoð undir öðrum hvorum heilbita þilfarsins, þar sem bitalengdin er yfir ⅔ af skipsbreiddinni. Þar sem fastar skiljur eru, þarf enga stoð. Þar sem skiljustoðir eru undir bitum, hornstoðir undir vélarreisn eða aðrar hliðarstoðir, þarf enga stoð undir miðja þilfarsbitana. Þykkt skiljanna sé: Milli vélarrúms og lestar 2½ cm fyrir hvern hæðarmetra skiljunnar, en annars staðar 2 cm fyrir hvern hæðarmetra. Vel negldir listar séu sinn hvorum megin við skiljuna, gildleiki þeirra á hvorn veg sé hinn sami og þykkt skiljunnar. Skiljustoðir og listar á þeim séu úr eik.

34. gr.

Siglur og sigluásar.

Þvermál siglu í þilfari sé 20 mm fyrir hvern lengdarmetra siglunnar. Þvermál siglunnar við reiðastallinn sé 0.85 sinnum þvermál hennar í þilfarinu. Lengd siglunnar er reiknað frá kjalbaki að hún. Standi siglan á þilfari (en það er ekki ráðlegt nema fyrir lítil segl, góða undirstöðu og stög, enda myndi þau sem gleiðast horn við sigluna á alla vegu), sé dýpt skipsins miðskapa bætt við lengdina, þegar þvermál hennar er reiknað út. Þar sem sigla stendur á þilfari og hefur góðan stuðning af að minnsta kosti 1½ metra hárri yfirbyggingu, þarf undirstaðan að vísu að vera góð, en þvermál siglunnar er þá reiknað út eftir raunverulegri lengd hennar. Reiðastallur sé úr eik. Þvermál sigluáss (bómu) á miðju sé 23 mm fyrir hvern lengdarmetra, en við endana 0,8 sinnum þvermálið á miðjunni. Þar sem skautið er fest við ásinn framan við rifskálarnar, verður þvermálið að vera þvermál miðjunnar sinnum 1,15. Ef um stutta ása er að ræða, svo sem 4 metra, er nauðsynlegt að auka þvermálið um ⅙. Hið sama á við um lengd ása, ef notaðir eru til að lyfta þungum síldarhafum o. s. frv.

Þvermál gaffals frá siglu að miðju sé 26 mm fyrir hvern lengdarmetra hans alls. Gaffaleyrun séu úr eik.

35. gr.

Bugspjót.

Þvermál bugspjótsins að fremri rönd að stefni sé 42 mm fyrir hvern lengdarmetra þess alls. Þvermál ytri endans sé ¾ sinnum þvermál innri endans.

Siglur og sigluásar, sem hér er getið um, er ætlast til að séu úr góðu greni eða góðri furu, og þess gætt, að sem minnst sé skertur upprunalegur gildleiki trésins, sem smíðað er úr. Ef siglur og sigluásar eru gerðir úr pitchphine má draga 15% frá þvermálinu.

Öll járn á siglum og sigluásum séu traust og vel og haganlega fyrirkomið.

36. gr.

Stýri og stýrisbúnaður.

Þvermál stýrisássins er fundið með því að margfalda saman flatarmál stýrisins og lengdina frá súningslínu ássins aftur að þyngdarpunkti þess, hvort tveggja í metrum. Niðurstaða S í fyrsta dálki í töflu VII, verður þá vísitala fyrir gildleika stýrisássins og fleira í þeirri töflu.

Stýri og stýrisbúnaður er gert á svo margvíslegan hátt, úr tré og járni, og verða því ekki gerðar neinar ákveðnar kröfur um tegund hans.

Á tréstýri má ekki skerða efri enda stýrisássins með öðru en skrúfbolta gegnum ásinn og sveifaraugað, sem auk þess er klemt utan um ásinn með 1 eða 2 skrúfboltum. Hvergi frá efri enda stýrisáss niður fyrir efsta eða efra stýrisjárn (krók eða lykkju) má flatarmál þverskurðarins af stýrisásnum vera minna en fyrirskipað er í töflu VII. Skal þess sérstaklega gætt, þar sem stýrisjárnið er fellt á stýrisásinn. Ásinn sé úr eik alla leið niður að kili, en fjöðrin eða áfellan aftur á stýrisásnum má vera úr furu eða greni, en allt vel samanboltað, auk þess sem stýrisjárnin þurfa að ná með einn bolta í fjöðrina. Þar sem stýrisásinn er úr járni, má ekki skerða hann nema með hæfilegum fleyg til að hindra snúning sveifarinnar á ásnum. Verður sveifaraugað að vera þröngt, og fleygurinn vel felldur í sporið. Ef ásnum er fest á tré- eða járnstýri með því að kljúfa upp í hann, verður að gæta þess, að armarnir séu vel sterkir niður fyrir efsta boltagat gegnum stýrið og armana. Sé ásinn festur við 2 járnplötur, og þær svo við tré eða járnstýri, verður að smíða ásinn ferstrendan á kafla, sem er 5 sinnum þvermál hans, og má þá hver flötur eigi vera minni en fyrirskipað þvermál ássins; plöturnar skal

260 festa á ásinn með heitum hnoðnöglum eða rafsuðu, en við stýrið með skrúf-
11. nóv. boltum. Þykkt platnanna sé 1/10 af stýrisþykktinni eftir töflu VII. Samsetning stýrisáss og stýrisfjöður getur líka verið með 2 flönsum samanboltuðum með fleyg á milli þeirra. Boltagötin skulu samanboruð, boltarnir renndir og falla vel í götin.

Fleiri aðferðir má nota til þess að tengja saman stýrisfjöður og stýrisás.

En þar sem svo mikið liggur við með öryggi þessa útbúnaðar, verður að senda skipaskoðunarstjóra teikningu í 2 eintökum, með áletruðum málum. Önnur teikningin með hugsanlegum breytingum og undirskrift skipaskoðunarstjóra, sé svo endursend skipasmíðameistaranum.

Á öllum stýrum sé augabolti aftan og ofan til í stýrisfjöðrinni með stóru auga, á járnstýri má vera gat á fjöðrinni á þessum stað, svo auðvelt sé að setja þar stýristauma, ef ásinn eða sveifin skyldi bila.

Stöðvari sé settur á stýrið á einhvern hátt, svo það lyftist ekki á járnunum í sjógangi. Sömuleiðis séu tveir sveifarstöðvarar á þilfarinu, sem takmarka víðlöguna, um 40 gráður. Stýrislykkja sé efst á kilinum.

Stýrissveifin sé að lengd og gildleika, eins og um getur í töflu VIII. Stýriskeðjan sé eftir sömu töflu, og einföld frá stýrissveifinni fram að stýrisvél; stýrishjólið (rattið) fari um 7 snúninga, meðan keðjuhjólið fer einn. Járnstengur eftir sömu töflu má hafa, þar sem keðjan þarf ekki annars að fara yfir hjól.

Þar sem vökvastýrisvél er notuð, þarf stýrissveif vélarinnar og vélin í heild að vera að minnsta kosti jafnsterk og tilsvarandi stýrisás. Skal þetta sannað með vottorði viðkomandi stýrisvélarsmiðs.

Hjól stýristaumanna séu að þvermáli 10 sinnum þvermál keðjunnar og hjólboltinn 1¾ sinnum þvermál hennar.

Sé þess óskað að breyta lengd stýrissveifarinnar, skal, ef hún er styttri, og má, ef hún er lengri, reikna út þvermál keðjunnar þannig:

$$d = 0{,}65 \sqrt{\frac{D^3}{S}},$$

þar sem d er þvermál keðjunnar í sentímetrum, D þvermál stýrisássins í cm eftir töflu VIII og S sveifarlengdin í cm frá miðju stýrisássins að festarstað keðjunnar við stýrissveifina.

Við niðursetningu á stýrisvél og stýristaumum, á taumunum að vera þannig fyrir komið, að efri rönd stýrishjólsins (rattsins), þegar því er snúið, hreyfist í sömu átt og stýrið og þar af leiðandi á sama veg og skipið snýst. Þetta er óhjákvæmileg skylda. Þar sem stýrisfjöður er úr járnplötu og óhjákvæmilegt er að hafa langt á milli stýrisjárna, verður að styrkja frambrún plötunnar. Þetta má gera með því að láta stýrisásinn ná alla leið niður að kjöl, með því að rafsjóða rör eða bakjárn við frambrúnina eða á annan hátt, sem skipaskoðunin viðurkennir.

Þegar reikna þarf út eða áætla þyngdarpunkt af yfirfleti stýris vegna stýrisvísitölunnar S, skal ekki tekið tillit til þess hluta af stýrinu, sem er framan við miðju stýrisássins.

Hins vegar er allt flatarmál (líka hlutinn framan við stýrisásinn) tekið með við útreikninginn á „f".

Gert er ráð fyrir, að á stýrinu séu 3 stýrisjárn: eitt á þilfarinu, annað rétt ofan við skrúfuopið og hið þriðja á kjalarendanum.

37. gr.
Reiði.

Fastur reiði. Á þeim skipum, sem hér er um að ræða, teljast siglureiðar og stög fastur reiði. Skal hann vera sem einfaldastur að gerð, en sérlega traustur. Í

reiðann sé notaður grófþættur járnvír. Hjartþáttur sé aðeins í miðjum vírnum, 260
6-þættur, og í hverjum þætti hans ekki yfir 12 þræðir. 11. nóv.

Ummál forstagsins sé sem næst 1/11 partur af ummáli siglunnar. Þar sem tveir vírar eru hvorum megin í afturreiða eða framreiða, sé ummál hvors af vírunum sem næst 1/14 partur af ummáli siglunnar. Þar sem þvermál siglunnar er ekki yfir 18 cm, er nægilegt að hafa einn vír hvorum megin, en þá sé ummál hans sem næst 1/11 partur af ummáli siglunnar.

Ef sigla stendur á þilfari og hefur ekki stuðning af yfirbyggingu eða öðru 1½ metra fyrir ofan þilfar, þá sé ummálið á hverjum vír sem næst 1/11 af ummáli hennar.

Með ummáli siglu er átt við stærð, sem samsvarar þvermáli því, sem fyrirskipað er um siglur og sigluása hér að framan.

Reiðinn sé vafinn að minnsta kosti 2½ metra upp fyrir öldustokk, og festing þeirra við reiðajárnin á bolnum sem næst jafnsterk og vírinn sjálfur. Það getur orðið með því að festa vírnum sjálfum í reiðajárnið með reiðaskrúfum eða með „jómfrúm" og margþættur tjörukeðli eða járnvír.

U	Þ	u	U	Þ	u
mm	mm	mm	mm	mm	mm
32	16	32	64	32	57
38	19	38	70	35	64
45	22	38	76	38	70
51	25	45	82	41	76
57	28	51	88	44	82

Í töflu þessari er U = ummál vírsins í reiðanum, en Þ = þvermál reiðaskrúfnanna og u = ummál tjörukaðalsins í jómfrúnum, allt í millimetrum.

Laus reiði er: blakkir, hjólreipi (falir) og aðrir kaðlar á siglum og sigluásum til þess að geta haft stjórn á seglunum.

Reiðinn sé vel traustur og haganlega fyrir komið.

38. gr.

Segl.

Á þeim skipum, sem reglur þessar fjalla um, er gert ráð fyrir 3 seglum: fokku, stórsegli og mesan. Þykkt dúksins sé, sem greinir í eftirfarani töflu, og fer hún eftir því, hve seglið er stórt og hverrar tegundar það er:

Hampdúkur. Fari í seglið allt að:

	5m²	5-10m²	10-15m²	15-20m²	20-25m²	25-30m²	30-35m²
Fokka	nr. 5	nr. 5	nr. 3	nr. 2	nr. 2	nr. 2	nr. 2
Stórsegl		nr. 5	nr. 5	nr. 4	nr. 3	nr. 2	nr. 1
Mesan	nr. 5	nr. 4	nr. 3	nr. 2	nr. 2	nr. 2	nr. 2

Baðmullardúkur. Fari í seglið allt að:

	5m²	5-10m²	10-15m²	15-20m²	20-25m²	25-30m²	30-35m²
Fokka	nr. 10	nr. 10	nr. 6	nr. 4	nr. 4	nr. 4	nr. 4
Stórsegl		nr. 10	nr. 8	nr. 8	nr. 6	nr. 4	nr. 2
Mesan	nr. 10	nr. 10	nr. 6	nr. 4	nr. 4	nr. 4	nr. 4


Í töflunum er átt við það, sem fer í hvert segl, miðað við einfaldan dúk. Jaðarkaðlar (lig) við seglin, saumgarn og annað fari eftir þykktinni á segldúknum og

260 tegund seglsins. Saumaskap og allan frágang seglanna skal vel vanda, og alls
11. nóv. staðar er gert ráð fyrir, að notuð sé bezta dúktegund (þéttofinn dúkur).
Einn yard af segldúk er um 0,55 m².

39. gr.
Bátsuglur.

Venjulega eru skipsbátar á þeim fiskibátum, sem hér um ræðir, látnir hanga í tveim bátsuglum innan við öldustokkinn aftan til á skipinu. Útslag eða geisli (radíus) bátsuglunnar skal vera 70—80 cm.

Sé nú um venjulegan vikabát að ræða, 4—5 metra langan, að breidd um 35% af lengd hans og að dýpt um 45% af breiddinni, þá skal þvermál bátsuglunnar vera $\frac{1}{70}$ partur af lengd bátsins.



Séu hlutföll bátsins eða bátsuglunnar eitthvað óvenjuleg, eða ef óskað er frekari nákvæmni, er þvermál bátsuglunnar í cm reiknað út með eftirfarandi reglu:

$$\sqrt[3]{47{,}5 \times L \times B \times D\left(\frac{H}{3} + S\right)}.$$

Þar sem L er lengdin á bátnum
— — B — breiddin á bátnum
— — D — dýptin á bátnum

H er hæðin frá efsta stuðningspunkti að miðri bátsuglunni, þar sem blökkinni er fest.

S er útslag eða geisli uglunnar, allt í metrum.

Uglujárnunum sé vel fest við meginþiljuna og öldustokkinn, og skulu þau að styrkleika samsvara bátsuglunum. Öryggishringur sé á bátsuglunni eða annað, sem varnar henni þess, að lyftast úr sætinu á meginþiljunni. Nái uglusætið upp að öldustokki, þarf engan öryggishring. Setja skal stög og leiðara á bátsuglurnar.

Bátsuglur fyrir herpinótabáta eru vanalega um 13 cm í þvermál, ef þær eru einjárnungar.

Séu þær gerðar holar fer gildleikinn eftir efnisþykktinni. Hvort sem er, eða á hvern hátt þær eru gerðar, verður í hverju tilfelli að gefa upp stærð bátsins, hvort hann er með vél og hve þung hún er. Fer þá um styrkleika uglanna og búnað þeirra eftir mati skipaskoðunarstjóra.

40. gr.
Skipsbátar.

Skipsbátar skulu gerðir léttir með svigaböndum og tveim vel festum botnbitum úr eik á hæfilegum stað fyrir tvíálma keðju og hring, þar sem blakkarkróknum er krækt í.

Venjuleg stærðarhlutföll eru, að breiddin sé um 35% af lengdinni, og dýptin 45% af breiddinni. Meðal stafnahæð (það er meðaltal af hæð stafnanna yfir línu, sem dregin er um efri brún þramar miðskipa samhliða kilinum) sé að minnsta kosti 4% af bátslengdinni eða 4 cm fyrir hvern lengdarmetra.

260
11. nóv.

41. gr.
Legufæri.

Legufærin eru samkvæmt töflu IX, og mega akkerin vera stokkakkeri eða svo kölluð patentakkeri.

Legufæravísitala er fundin þannig: Lagt er saman breidd og dýpt skipsins og margfaldað með lengdinni: L (B + D); sjá 6. gr. Séu reisnir á þilfarinu yfir meira en ⅓ af lengd skipsins eða breidd, þá sé bætt við vísitöluna framkvæmi (produkt) af lengd reisnarinnar og summunni af breidd hennar og hæð yfir öldustokk. Það er l(b + h), þar sem l, b og h eru lengd, breidd og hæð reisnarinnar yfir öldustokk, allt í metrum.

Ef reisnin er ekki alls staðar jafnlöng, jafnbreið og jafnhá, skal tekið meðaltal af öllum lengdar-, breiddar- og hæðarstærðum.

Þar sem bátaþilfar stendur út fyrir reisnarþakið er helming þeirrar breiddar bætt við reisnarbreiddina. En sé gangur eða gangar meðfram reisninni, lokaðir, þá er öll hin innilokaða breidd mæld með.

42. gr.
Festar.

Öll skip hafi kaðalfestar til að festa sig við bryggju eða önnur skip, og stálvír á þar til gerðu kefli, þar sem það á við, allt eftir töflu IX. Stálvírinn sé 6-þættur og helzt 24 þræðir í hverjum þætti. Á hvorum enda sé auga fyrir lás eða lykkja, svo fljótlega sé unnt að tengja hann við festi eða festartæki.

43. gr.
Festartæki.

Á öllum skipum séu festartæki (þollar eða annað) framan og aftan á hvorri hlið, sérstaklega ætlaðir til að binda skipið við hafnarbakka eða annars staðar. Auk þess séu á hvorri hlið framan til á skipinu stofnar (pullertar) til að festa við legufærunum. Þar sem keðjan er yfir 16 mm (⅝″), skal auk þess vera keðjuklemma fyrir framan stofninn. Festarleiðarar (kefar) séu hafðir framan og aftan eftir þörfum.

Keðjupípurnar myndi sem næst 50 gráðu horn við láréttan flöt, séu traustar og vel festar. Stærð og styrkleiki festartækjanna, svo og festing þeirra við skipið sé að minnsta kosti jafntraust og festar eða legufæri þau, sem tilskilin eru og ætlazt er til, að fest séu á sinn tilætlaða stað.

Lausa reiðanum sé ætlaðir nægilega margir og góðir festarstaðir, svo og festartæki til að binda akkerin, þar sem ekki eru notuð patentakkeri.

44. gr.
Vindur.

Akkerisvinda sé á öllum skipum, þar sem keðjan er meira en 15 mm (⅜″).

Hvort sem akkerisvindan er vélknúin eða ekki, á hún að vera þannig gerð, að hægt sé að nota hana til að draga upp akkerin með handafli, er hér átt við minni skip.

Ef togvinda eða sterk vinda annarrar tegundar með keðjukrókum og öðrum útbúnaði til að draga upp akkeri, er á skipinu og að mati skipaskoðunarstjóra er fullnægjandi, verður ekki krafizt sérstakrar akkerisvindu.

260 11. nóv.

45. gr.
Dælur.

Á hverju vélskipi sé dæla, sem knúin er með vélinni. Auk þess skal þar vera önnur nægilega stór handdæla á þeim stað, sem aðrennsli er að úr öllu skipinu. Sé skipið með vatnsheldum skiljum, verður hvert rúm að hafa sérstaka dælu. Sogpípan sé sem næst hálfu þvermáli sínu frá botni skipsins. Bulla og hjarta dælunnar skulu ávallt tiltæk, þó farmur sé í skipinu.

Vídd sogpípunnar fer eftir legufæravísitölu skipsins og eftirfarandi töflu, en vídd dæluhólksins, venjulega tvöfalt meiri, fer eftir gerð dælunnar.

Legufæravísitala (sjá 6. og 41. gr.).	Innanmál sogpípunnar:
Undir 80	51 mm
80—110	57 —
110—140	64 —
140—190	76 —

46. gr.
Hágluggi.

Hágluggar (skylight) séu traustir og hæfir til að þola áföll þau, sem búast má við af sjógangi. Lamir og gler sé eins sterkt og við verður komið. Það er ráðlegt, að halli glersins sé hafður 45 gráður. Grind úr járni eða látúnsteinum sé sett yfir glerin til að varna broti. Ávallt sé til sterk segldúkshlíf yfir hágluggann.

47. gr.
Ljórar.

Ljórar séu hvergi hafðir á ytri súð skipsins undir þilfari, nema með leyfi skipaskoðunarstjóra, enda mæli sérstök ástæða með því, og skal þá hægt að loka þeim með vatnsheldum ljórahlerum.

Séu ljórar á reisnum, svo sem á vélarreisn eða reisn yfir vistarverum, sem innangengt er úr í neðra rými skipsins, verður glerið að vera nægilega þykkt eftir stærð þess og varið með járnteinum eða járngrind, ef það er lægra en öldustokkurinn á skipinu.

48. gr.
Ísvörn.

Ef skip eru ætluð til notkunar á íshöfnum að vetri til, skulu þau vera ísvarin með heitzinkuðum járnþynnum nokkuð upp fyrir og niður fyrir sjólínuna frá framstefni og að minnsta kosti aftur að miðju. Þykktin skal vera um $\frac{1}{25}$ partur af þykkt súðarinnar. Járnið sé lagt á vel tjargaðan flókapappa (filtpappa) og negit með gildum nöglum, sem eigi mega þó ná inn úr súðinni.

49. gr.
Eldvarnir.

Í vélarrúmi skal gólfið vera úr skorujárni. Framan við olíuhylkin skal klæða með um 2 mm þykkum plötum, festum með skrúfum eða snerlum svo auðvelt sé að taka þær frá. Asbest og tré er ekki notað bak við plötur þessar.

Þil milli lestar og vélarrúms sé klætt með asbesti og járni. Sömuleiðis þil milli vélarrúms og káetu. Á þeim stöðum þar sem sem olíuhylki, eða annað útilokar þilið frá eldi, þarf að sjálfsögðu ekki að járnklæða það.

Þar, sem ekki eru olíuhylki, skápar eða annað, sem skýlir innsúðinni, sé hún klædd með þunnu járni og engu asbesti. Skápahurðir og önnur tréþil séu klædd með asbesti og járni.

Þar, sem tréreisn er yfir vélarrúmi, ber að klæða þak og veggi með asbezti og járni. 260 11. nóv.

Ef þilfarið í vélarrúminu er ekki innilokað með olíuhylkjum eða öðru, skal það klætt neðan með asbesti og járni.

Sérstök athygli skal leidd að umbúnaði útblásturspípna í tréþaki.

Jafnframt því að tilhögun þessi er eldsvörn er hún líka einangrun og hreinlætisráðstöfun.

Eldstæðum sé svo vel fest, að þau haggist ekki, þótt skipið leggist á hliðina. Gólfið undir og 30 cm út frá eldstæðum framanverðum sé klætt járnþynnum. Allan við í allt að 30 cm fjarlægð frá þeim skal klæða asbesti og járni, og sérstaklega sé vandað til varna gegn eldi, þar sem reykháfurinn gengur upp úr þakinu.

50. gr.
Seyming.

Allur saumur og boltar í skipið skal vera heitzinkað. Stærðir, tala og fyrirkomulag skal vera samkvæmt töflu V. og VI.

Þar sem gegnrekinna bolta er krafizt samkvæmt töflu V þarf ekki að láta reknagla.

51. gr.
Ýmislegt.

Tilhögun á efni. Að framan er þess getið, að hér sé átt við eikarskip. En á slíkum skipum er það venjulegt að hafa kjölinn og súðina í botninum úr beyki, enda er það tekið gilt á skipum, sem byggð eru eftir þessum reglum. Innsúð er úr furu nema hússýjur og bjálkasúð, sem er úr eik. Þilfarið ætíð úr vel þurri furu. Þar sem þverskipsvísitalan er 4 og undir mega vera þilfarsbitar úr vel þurri, góðri furu með efnisviðauka, að minnsta kosti ⅕ á breiddina.

52. gr.
Undirstöður vélarinnar.

Undir vélina skal setja eikarstykki í hvert bandabil, sem nái niður á kjöl og upp að húfsýjum og neglist gegnum súðina á sama hátt og böndin. Þess skal gætt, að stykkin séu hvergi á huldu á þeim stað, þar sem festiboltar vélarinnar eða undirstöðunnar eru settir.

Langstykki, sem kemur ofan á undirfelluna, sé boltað með jafnmörgum gegnreknum boltum og vélin er fest með. Gildleiki boltanna sé hinn sami og kjalboltanna, skal þeim komið fyrir í ytri rönd langstykkjanna, sem næst hornrétt á súðina.

53. gr.
Varnir gegn fúa.

Þess skal vandlega gætt, að hvergi sé látin í skipið spýta, sem „maur" er í. (Rauðgular rákir í eikinni bera vott um þetta, en nokkuð brúnleitari í furu og greni.). Er þetta sóttnæm sýki, sem getur valdið því, að mikill hluti af skipinu fúni á skömmum tíma, einkanlega ef skipið er smíðað úr nýhöggnu efni, eða í illa loftræstu húsi.

Það er nauðsynlegt, að böndin fái vel að þorna áður en súðin, sem ávallt skal vera gufuseydd, er látin á þau. Bitar og bandaendar, hné og bjálkasúð að utan sé allrækilega karbólínborið og auk þess tjargað með blakkfernis, áður en þrömin og meginþiljan er sett á. Sömuleiðis séu bitarnir vel tjargaðir að ofan, áður en þilfarið er lagt. Þegar búið er að byrða skipið og hempa það að utan, er það þrifið vel upp að innan, allt tjargað rækilega, bönd og byrðingur, og þess gætt, að tjaran renni sem

260 11. nóv.

bezt út í hampinn gegnum rifurnar. Skútinn eða skuturinn skal sérstaklega vel þrifinn upp og tjargaður, áður en honum er lofað ofan frá.

Þar, sem skip eru smíðuð í húsi, skal þess vandlega gætt, að loftræsting sé það góð, að ekki myndist mygla, sem líkleg er til að valda fúa.

Með því að eik er mjög hætt við að rifna í smíðum, sérstaklega í þurru veðri úti, verður jafnóðum að bera á hana lýsi, fernis eða málningu til varnar gegn rifum, sem geta orðið þess valdandi, að vatn gangi inn í viðinn og feyi hann, auk þess sem styrkleiki minnkar við rifurnar.

Leyfilegt er og sjálfsagt að „sponsa" kvisti og þess háttar skemmdir, sem ekkert standa í sambandi við sýkningu efnisins. Ber skipasmiðnum skylda til að gera greinarmun á þessu og sömuleiðis til að gæta þess, að verkið sé samvizkusamlega af hendi leyst, og sé þar sérstaklega lögð áherzla á öryggi, traustleika og endingu skipsins.

54. gr.

Skipaskoðunarstjóra er heimilt í einstöku tilfellum, ef ástæða er til, að breyta til um efni og efnisfyrirkomulag o. fl. í skipum, sem smíðuð eru eftir þessum reglum, enda sé heildarstyrkleiki skipsins ekki rýrður.

Tafla I. Bönd og skjólborðsstoðir.

Þverskips vísitala B + D + ½ G	Bandabil frá miðju til miðju	Bandahæð			Bandaþykkt		Skjólborðsstoðir				
		Á kili	Við miðju húfsins	Við þröm	Botnbiti	Önnur bandastykki	Frá miðju til miðju	Hæð[1])	Þykkt fram og aftur	Breidd út og inn	
										Við þröm	Við öldust.
	cm	cm	cm	cm	cm	cm	cm	cm	cm	cm	cm
6.5 undir 7.0 ..	30	15	11½	8	6½	5	60	61	9	9	8
7.0 — 7.5 ..	30	16	12	8½	6½	5	60	62	9	9	8
7.5 — 8.0 ..	32	17	12½	9	6½	6	64	64	9	9½	8½
8.0 — 8.5 ..	33	18	13	9½	6½	6½	66	65	10	10	9
8.5 — 9.0 ..	33	19	13½	10	8	6½	66	66	10	10½	9½
9.0 — 9.5 ..	36	20	14	10½	8	8	72	67	11	11	10
9.5 — 10.0 ..	38	21	14½	11	9	9	76	68	12	11½	10½
10.0 — 10.5 ..	38	22	15	11½	9	9	76	70	12	12	11
10.5 — 11.0 ..	40	23	15½	12	10	10	80	71	13	12½	11½
11.0 — 11.5 ..	40	24	16	12½	10	10	80	72	14	13	12
11.5 — 12.0 ..	42	25	16½	13	11	11	84	74	14	13½	12½
12.0 — 12.5 ..	42	26	17	13½	11	11	84	77	15	14	13
12.5 — 13.0 ..	44	27	17½	14	12	12	88	79	15	14½	13½
13.0 — 13.5 ..	44	28	18	14½	12	12	88	82	15	15	14
13.5 — 14.0 ..	46	29	18½	15	13	13	92	84	17	16	15
14.0 — 14.5 ..	46	30	19	15½	13	13	92	86	17	16½	15½
14.5 — 15.0 ..	48	31	19½	16	14	14	96	89	18	17	15½
15.0 — 15.5 ..	48	32	20	16½	14	14	96	91	18	18	16½
15.5 — 16.0 ..	50	33	20½	17	15	15	100	94	19	19	17½

[1]) Hæð á skjólborðsstoðum er reiknuð frá neðri brún þramar að neðri brún á öldustokk.

Tafla II. Þilfarsbitar.

Breidd skipsins B	Þilfarsbitar[1—2])				
	Bitabil frá miðju til miðju	Bitahæð		Bitabreidd	
		Við miðju	Við enda	Við þilfarsop	Annarsstaðar
	cm	cm	cm	cm	cm
3.0 og undir 3.2 metrar	60	9½	8½	9	8
3.2 — — 3.4 —	60	10	9	9	8
3.4 — — 3.6 —	60	10½	9½	9	8
3.6 — — 3.8 —	65	11	10	10	8
3.8 — — 4.0 —	65	11½	10½	10	8
4.0 — — 4.2 —	70	12	11	12	10
4.2 — — 4.4 —	70	12½	11½	12	10
4.4 — — 4.6 —	70	13	12	12	10
4.6 — — 4.8 —	75	13½	12½	13	12
4.8 — — 5.0 —	75	14	13	13	12
5.0 — — 5.2 —	75	14½	13½	13	12
5.2 — — 5.4 —	75	15	14	15	13
5.4 — — 5.6 —	75	15½	14½	15	13
5.6 — — 5.8 —	75	16	15	15	13
5.8 — — 6.0 —	80	16½	15½	16	14
6.0 — — 6.2 —	80	17	16	16	14
6.2 — — 6.4 —	80	18	17	17	15
6.4 — — 6.6 —	80	19	18	17	15

[1]) Verði langskips vísitala þannig, að 4 cm þilfar komi á 65 cm bitabil, 4¼ cm þilfar á 70 cm bitabil, eða 5 cm þilfar á 75 cm bitabil og 6 cm þilfar á 80 cm bitabil, verður að minnka bitabilið niður í lægri töluna.

[2]) Verði langskips vísitala þannig, að 4¼ cm þilfar komi á 60 cm bitabil, 5 cm þilfar komi 65 cm bitabil, 6 cm þilfar komi á 70 cm bitabil og 7½ cm þilfar komi á 75 cm bitabil, má auka bitabilið upp í hærri töluna.

Tafla III. Langviðir.

Langskips vísitala L (B + D + ½ G)	Kjölur		Framst. og hné		Kjalbak		Bjálkasúð		Húfsýjur innan			
Á aðalfundi, sem haldinn var í Sölumiðstöð sænskra framleiðenda h/f 27. apríl 1946, var samþykkt af öllum félagsmönnum að breyta lögum félagsins á þann hátt að fækka stjórnendum úr fjórum í þrjá. Jafnframt var tilkynnt á fundinum, að fyrrverandi formaður félagsins, Stefán Jóh. Stefánsson, væri genginn úr félaginu. Stjórn félagsins skipa: Haukur Claessen, Vatnsstíg 9, formaður. Meðstjórnendur: Guðmundur Í. Guðmundsson, Hringbraut 87, og Guðmundur G. Hagalín, Langholtsvegi 73.

Reykjavík, 10. maí 1947.
Sölumiðstöð sænskra framleiðenda h/f
Haukur Claessen.
Guðmundur Í. Guðmundsson.

82.

Það tilkynnist hér með, að frá því í dag að telja veitist Kolbeini Péturssyni, Barmahlíð 17, Rvík, prókúruumboð fyrir Liti & Lökk h/f í Reykjavík, og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. h/f Litir & Lökk.
Kolb. Pétursson.

Frá sama tíma afturkallast hér með prókúruumboð það, er Gunnlaugur G. Björnsson hefur haft fyrir nefnt félag.

Reykjavík, 13. maí 1947.
Ludvig Einarsson.
Kolb. Pétursson.

83.

Það tilkynnist hér með, að ég undirritaður, Stefán G. Stefánsson, Eskihlíð 12 B, Reykjavík, rek veitingar og kaffisölu hér í bænum með ótakmarkaðri ábyrgð, undir nafninu Stefánskaffi. Firmað rita ég þannig:

Stefánskaffi.
Stefán G. Stefánsson.
Reykjavík, 13. maí 1947.
Stefán G. Stefánsson.

84.

Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að við undirritaðir rekum með ótakmarkaðri ábyrgð bóka- og ritfangaverzlun undir firmanafninu Snæbjörn Jónsson & Co. Hverjum um sig er heimilt að rita firmað, en skylt er okkur að gera allar mikilsverðar ráðstafanir í samráði hver við annan. Óheimilt að lána eða láta af hendi eignir firmans að fráskilinni vörusöl eða vöruláni, svo og skuldbinda firmað með ábyrgð fyrir aðra.

Reykjavík, 14. maí 1947.
Gunnar E. Kvaran,
Smáragötu 6.
Snæbjörn Jónsson,
Holtsgötu 7.
Ól. Bergmann Erlingsson,
Njálsgötu 76.

85.

Það tilkynnist hér með, að ég meðundirritaður, Davíð Sigmundur Jónsson, Kirkjuteig 17, hef keypt hluti þá, er þeir Jón Bjarnason, Njarðargötu 5, og Sigfús Sighvatsson, Amtmannsstíg 2, Reykjavík, hafa átt í firmanu Davíð S. Jónssyni & Co., umboðs- og heildverzlun í Reykjavík. Ofangreindir aðilar, Jón Bjarnason og Sigfús Sighvatsson, eru því lausir frá öllum skuldbindingum gagnvart fyrirtækinu.

Reykjavík, 20. maí 1947.
Davíð S. Jónsson.
Jón Bjarnason.
Sigfús Sighvatsson.

86.

Hlutafé Síldar- og fiskimjölsverksmiðjunnar er 1000000.00 kr., en ekki 100000.00 kr. eins og misritazt hafði í handriti, sbr. 48. tbl. Lögbbl. þ. á.

87.

Það tilkynnist hér með til hlutafélagaskrár Reykavíkur, að hlutafélaginu Hattabúðinni, Reykjavík, hefur verið slitið, og óskast það hér með afmáð úr hlutafélagaskrá Reykjavíkur.

Reykavík, 20. maí 1947.
Dagbjartur Sigurðsson.
Bjarni Andrésson.
Jason Sigurðsson.

88.
Með því að vátryggingarhlutafélagið Skandinavia í Kaupmannahöfn hefur frá 31. desember 1942 hætt starfsemi sinni hér á landi, óskast félagið hér með afmáð úr hlutafélagaskránni í Reykjavík.

Reykjavík, 21. maí 1947.
Trolle & Rothe h/f.
Carl Finsen.

89.
Við undirritaðir, Eyjólfur Guðsteinsson, Laugavegi 34, Reykjavík, og Sigurjón Sigurðsson, Njálsgötu 48, Reykjavík, rekum verzlun hér í bænum sem fullábyrgir félagar, undir nafninu Verzlunin Stóra-Borg. Firmað ritum við sameiginlega, þannig:

Verzlunin Stóra-Borg.
Eyjólfur Guðsteinsson.
Sigurjón Sigurðsson.
Reykjavík, 23. maí 1947.
Eyjólfur Guðsteinsson.
Sigurjón Sigurðsson.

90.
Það tilkynnist hér með, að á fundi Trolle og Rothe h/f, Reykjavík, 21. marz þ. á., voru þessir kosnir í stjórn félagsins: Carl Finsen, forstjóri, Skálholti, Rvík, formaður, Eiríkur Stephensen, ftr., Bröttugötu 6, varaformaður, og Ólafur H. Matthíasson, ftr., Njálsgötu 92, meðstjórnandi. Jafnframt gengu þeir Eggert Claessen hrl. og Hjalti Jónsson konsúll úr stjórn téðs hlutafélags.

Reykjavík, 25. maí 1947.
Trolle & Rothe h/f.
Carl Finsen.
Eiríkur Stephensen.
Ó. H. Matthíasson.

91.
Hér með tilkynnist, að meðundirritaður, Árni Benediktsson, Reynimel 23, er meðeigandi í firmanu Litlu tóbaksbúðinni sem fullábyrgur félagi, og rekum við fyrirtækið sem sameignarfélag. Firmað ritum við sameiginlega, þannig:

Litla tóbaksbúðin.
Albert Erlingsson.
Árni Benediktsson.

Prókúru fyrir firmað hefur Albert Erlingsson, Brávallagötu 46, og ritar hann firmað þannig: 263

pr. pr. Litla tóbaksbúðin.
Albert Erlingsson.
Reykjavík, 28. maí 1947.
Albert Erlingsson.
Árni Benediktsson.

92.
Á fundi, sem haldinn var í Togaraafgreiðslunni h/f hinn 8. maí s. l., var Skúla Thorarensen, framkvstj., Fjólugötu 11, Rvík, veitt prókúruumboð fyrir hlutafélagið, og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Togarafgreiðslan h/f.
Sk. Thorarensen.
Reykjavík, 30. maí 1947.
Gísli Jónsson.
Sveinn Benediktsson.
Richard Thors.

93.
Við undirritaðir, Lárus Óskarsson, Flókagötu 7, Rvík, og Tómas Albertsson, Tómasarhaga við Laugarásveg, höfum stofnað félag í þeim tilgangi að annast flutninga með flugvélum, og skal félagið heita Ferðaflugfélagið. Heimilisfang félagsins er í Reykjavík. Undirskrift beggja þarf til þess að selja eða veðsetja eignir félagsins. En prókúruumboð fyrir félagið hefur Lárus Óskarsson.

Firmaritun:

Ferðaflugfélagið.
Tómas Albertsson.
Lárus Óskarsson.

Prókúruhafi undirritar:

pr. pr. Ferðaflugfélagið.
Lárus Óskarsson.
Reykjavík, 31. maí 1947.
Tómas Albertsson.
Lárus Óskarsson.

94.
Við undirritaðir Lárus Óskarsson, Flókagötu 7, Reykjavík, og Tómas Albertsson, Tómasarhaga, Laugarásvegi, Reykjavík, höfum komið okkur saman um að stofna félag í þeim tilgangi að annast flutninga með flugvélum. Heiti

263 félagsins er: Flugferðir s/f. Heimili: Reykjavík. Framkvæmdastjóri er Lárus Óskarsson. Firmað ritum við þannig:

Flugferðir s/f.
Tómas Albertsson.
Lárus Óskarsson.

Reykjavík, 31. maí 1947.
Tómas Albertsson.
Lárus Óskarsson.

95.

Á aðalfundi í Ölgerðinni Agli Skallagrímssyni h.f., hinn 13. júní 1947, voru kosin í stjórn félagsins: Formaður: Tómas Tómasson, forstjóri, Bjarkargötu 2. Meðstjórnendur: Agnes Tómasson. frú, Bjarkargötu 2, Björn Ólafs, forstjóri, Mýrarhúsum, Geir Sigurðsson, skipstjóri, Vesturgötu 26 a, Eggert Kristjánsson, stórkaupm., Túngötu 30. Í varastórn voru kosin: Jón Árnason, bankastjóri, Laufásvegi 71, og Anna Pálsdóttir, frú, Vesturgötu 19.

Reykjavík, 3. júní 1947.
Tómas Tómasson.
Agnes Tómasson.
Björn Ólafs.
Geir Sigurðsson.
Eggert Kristjánsson.
Jón Árnason.
Anna Pálsdóttir.

96.

Á aðalfundi Alþýðuhúss Reykjavíkur h/f, sem haldinn var 19. maí 1947, var Guðmundur Í. Guðmundsson, bæjarfógeti, Hringbraut 87, kosinn í stjórn félagsins í stað Ingimars Jónssonar, sem er varamaður í stjórninni.

Reykjavík, 4. júní 1947.
Í stjórn Alþýðuhúss Reykjavíkur h/f.
Oddur Ólafsson.
Jón Axel Pétursson.
Guðm. Í. Guðmundsson.

97.

Við undirritaðir, Guðmundur Snorri Finnbogason, Sogabletti 4, Rvík, og F. Ingimar Guðmundsson, Hverfisgötu 82, Rvík, rekum smásöluverzlun í Reykjavík sem fullábyrgir félagar undir nafninu Snorrabúð. Firmað ritum við hvor um sig, þannig:

Snorrabúð.
Guðm. Sn. Finnbogason.
Snorrabúð.
Ingimar Guðmundsson.

Reykjavík, 4. júní 1947.
Guðm. Sn. Finnbogason.
Ingimar Guðmundsson.

98.

Ég undirritaður, Dagbjartur Sigurðsson, kaupm., Vesturgötu 12, Rvík, hef 1. marz 1947 selt Ólafi Sveinssyni, verzlm., Grenimel 36, Rvík, Verzlunina Höfn, Vesturgötu 12 hér í bænum, og eru allar skuldbindingar, sem stofnaðar kunna að vera í nafni téðrar verzlunar, mér óviðkomandi frá þeim degi að telja.

Reykjavík, 6. júní 1947.
Dagbjartur Sigurðsson.

Ég undirritaður, Ólafur Sveinsson, verzlm., Grenimel 36, Rvík, hef 1. marz 1947 keypt Verzlunina Höfn, Vesturgötu 12, Rvík, og ber ég frá þeim degi alla ábyrgð á skuldbindingum verzlunarinnar. Firmað rita ég þannig:

Verzlunin Höfn.
Ól. Sveinsson.

Reykjavík, 6. júní 1947.
Ól. Sveinsson.

99.

Ég undirrituð, Kristín Meinholt, Laugavegi 5, tilkynni hér með, að ég hef selt verzlunina Goðafoss, Laugavegi 5, Guðrúnu Heiðberg, Rvík, er mun reka verzlunina áfram undir sama nafni.

Reykjavík, 6. júní 1947.
Verzlunin Goðafoss.
Kristín Meinholt.

Samkvæmt ofansögðu hef ég undirrituð keypt verzlunina Goðafoss, Laugavegi 5, Reykjavík, og mun framvegis reka hana á eigin ábyrgð og undir sama nafni, og rita ég firmað þannig:

Verzlunin Goðafoss.
Guðrún Heiðberg.

Reykjavík, 7. júní 1947.
Guðrún Heiðberg,
Tjarnargötu 10 D, Reykjavík.

100.
Það tilkynnist hér með, að við undirritaðir, Kári Sigurðsson, Hverfisgötu 41, Rvík, og Haraldur Sigurðsson, Hólsvegi 10, Rvík, rekum umboðsverzlun hér í bænum með ótakmarkaðri ábyrgð, undir nafninu K. Sigurðsson & Co. Hvor okkar um sig ritar firmað þannig:

K. Sigurðsson & Co.
K. Sigurðsson.
K. Sigurðsson & Co.
H. Sigurðsson.
Reykjavík, 9. júní 1947.
Har. Sigurðsson.
Kári Sigurðsson.

101.
Ég undirrituð hef selt frk. Ragnheiði Pálsdóttur minn hlut í Sokkaviðgerðinni, Bragagötu 32, Rvík.

Reykjavík, 13. júní 1947.
Sveinbjörg Vilhjálmsdóttir.

Samkvæmt ofanrituðu er ég nú einkaeigandi að Sokkaviðgerðinni, Bragagötu 32, Rvík, og ber ein ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum firmans frá og með 13. júní 1946. Firmað rita ég þannig:

Sokkaviðgerðin.
Ragnheiður Pálsdóttir.
Reykjavík, 13. júní 1947.
Ragnheiður Pálsdóttir.

102.
Stjórn „Byggingarfélags alþýðu" (samvinnufélags) skipa nú þessir menn: Guðmundur Ó. Guðmundsson, Hringbraut 176, formaður, Gunnlaugur Magnússon, Brávallagötu 46, ritari, og Guðgeir Jónsson, Hofsvallagötu 20, gjaldkeri.

Reykjavík, 16. júní 1947.
Guðm. Ó. Guðmundsson.
Guðgeir Jónsson.
Gunnl. Magnússon.

103.
Við undirritaðir, Jóhannes R. Snorrason, Mánagötu 22, Rvík, Magnús Guðmundsson, Eskihlíð 12, og Smári Karlsson, Skarphéðinsgötu 2, Rvík, rekum flugskóla hér í bænum, sem fullábyrgir félagar, undir nafninu Flugskólinn Cumulus. Hver okkar um sig ritar firmað, þannig: 263

Flugskólinn Cumulus.
Jóhannes R. Snorrason.
Flugskólinn Cumulus.
Magnús Guðmundsson.
Flugskólinn Cumulus.
Smári Karlsson.
Reykjavík, 19. júní 1947.
Jóhannes R. Snorrason.
Magnús Guðmundsson.

104.
Á hluthafafundi í Gamla Bíó h/f hinn 16. júní s. l. voru eftirtaldir menn kosnir í stjórn: Hafliði Halldórsson, Gamla Bíó, Rvík, Kristín Hafliðadóttir, Kjartansgötu 3, Rvík, Anna Pálsdóttir, Vesturgötu 19, og Hilmar Garðars, s. st. — öll í Reykjavík. Varastjórn Matthea Halldórsdóttir, Gamla Bíó, og Hreinn Þ. Garðars, Vesturgötu 19. Í framkvæmdastjórn: Hafliði Halldórsson og Hilmar Garðars.

Reykjavík, 19. júní 1947.
Anna Pálsdóttir.
Hafliði Halldórsson.
Hilmar Garðars.
Hreinn Þ. Garðars.
Matthea Halldórs.

105.
Ég undirritaður hef frá og með 1. júlí 1947 selt Jóni Elíassyni, Ásvallagötu 27 hér í bænum, þvottahúsið Eimi, Nönnugötu 8, Rvík, og yfirtekur hann á eigin ábyrgð rekstur fyrirtækisins nefndan dag.

Reykjavík, 20. júní 1947.
Dagbjartur Sigurðsson.

Samkvæmt ofanrituðu er ég undirritaður eigandi að þvottahúsinu Eimi, Nönnugötu 8, Rvík, frá og með 1. júlí 1947 að telja, og rek ég það frá og með þeim degi á eigin ábyrgð. Firmað rita ég þannig:

Þvottahúsið Eimir.
Jón Elíasson.
Reykjavík, 20. júní 1947.
Jón Elíasson.

106.
Lög nr. 43 9. maí 1947 gera nokkrar breytingar á lögum nr. 106 3. des. 1943,

263 um stríðsslysatryggingu íslenzkra skipshafna. Meðal annars er nafni Stríðstryggingafélags íslenzkra skipshafna breytt þannig, að félagið heitir nú Íslenzk endurtrygging, og almenn endurtryggingastarfsemi gerð að aðaltilgangi félagsins ásamt stríðsslysatryggingu íslenzkra skipshafna.

Reykjavík, 23. júní 1943
Stjórn Íslenzkrar endurtryggingar.
Brynj. Stefánsson.
Sigurjón Á. Ólafsson.
H. Guðmundsson.
Hafsteinn Bergþórsson.
Ásg. Þorsteinsson.

107.

Það tilkynnist hér með, að við höfum í dag selt Davíð Sigurðssyni, Miklubraut 20, Rvík, firma okkar hárgreiðslustofuna Evu.

Reykjavík, 27. júní 1947.
F. h. Sigríðar Kristinsdóttur og Bryndísar Sigurðardóttur.
Ketill Ólafsson.

Firmað, sem ég er nú orðinn eigandi að, samkvæmt ofanrituðu, mun ég reka óbreytt og með ótakmarkaðri ábyrgð, og rita ég firmað þannig:

Hárgreiðslustofan Eva.
Davíð Sigurðsson.
Reykjvík, 27. júní 1947.
Davíð Sigurðsson.

108.

Hér með tilkynnum við, að við höfum í dag selt Davíð Sigurðssyni, Miklubraut 20, Rvík, firma okkar, verzlunina Dagrún. Jafnframt afturkallast prókúruumboð það, sem Ketill Ólafsson hefur haft fyrir firmað.

Reykjavík, 27. júní 1947.
F. h. Sigurjónu Sigurðardóttur.
Ketill Ólafsson, e. u.
Ásbjörg Björnsdóttir.

Firmað, sem ég er nú orðinn eigandi að, samkvæmt ofanrituðu, mun ég reka óbreytt og með ótakmarkaðri ábyrgð. Firmað rita ég þannig:

Verzlunin Dagrún.
Davíð Sigurðsson.
Reykjavík, 27. júní 1947.
Davíð Sigurðsson.

109.

Undirrituð stjórn Skýlis h.f. í Reykjavík, hefur hinn 24. maí 1947 samþykkt að veita Þorkeli Ingibergssyni, Víðimel 19, Rvík, prókúruumboð fyrir félagið með öllum réttindum og skyldum prókúruhafa samkvæmt lögum. Firmað ritar hann þannig:

pr. pr. Skýlir h.f.
Þ. Ingibergsson.

Reykjavík, 30. júní 1947.
Ingib. Þorkelsson.
Þorkell Ingibergsson.
Þórunn M. Einarsdóttir.

110.

Hér með tilkynnist, að hinn 1. maí s.l. veittum við Sigurði Sveinbjörnssyni prókúru-umboð fyrir hluafélagið Vélaverkstæði Sig. Sveinbjörnssonar h/f og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Vélaverkstæði
Sig. Sveinbjörnssonar h/f
Reykjavík, 1. júlí 1947.

Í stjórn hlutafélagsins Vélaverkstæðis Sig Sveinbjörnssonar h/f
Sig. Sveinbjörnsson.
Óskar Sveinbjörnsson.
Ingibjörg Ingimundardóttir.

111.

Á aðalfundi í Byggingarfélaginu Brú h/f, sem haldinn var 10. maí 1947, var sú breyting gerð á 19. gr. félagslaganna, að stjórn félagsins skuli skipuð 5 mönnum í stað þriggja. Enn fremur var stjórn félagsins veitt heimild til að auka hlutafé félagsins um kr. 200000.00.

Stjórn félagsins skipa nú: Guðmundur Kristjánsson, Hólavallagötu 5, Reykjavík, Einar Jóhannsson, Drápuhlíð 5, Reykjavík, Sigurður Pétursson, Fjölnisvegi 18, Rvík, Guðmundur Halldórsson, Skólavörðustíg 12, Rvík, og Sigurður Flygenring, Tjörn, Seltjarnarnesi. Varastjórnandi: Haraldur Andrésson, Tjarnargötu 41, Rvík.

Á stjórnarfundi 15. maí 1947 var Guð-

mundur Kristjánsson kosinn formaður stjórnarinnar.

Reykjavík, 3. júlí 1947.
Byggingarfélagið Brú h/f.
G. Kristjánsson,
formaður.
Einar Jóhannsson.
Sigurður Pétursson.
Guðm. Halldórsson.
Har. Andrésson,
varastjórnandi.

112.

Á aðalfundi í Miðstöðinni h.f. í Reykjavík, sem haldinn var hinn 13. júní 1947, voru eftirtaldir menn kosnir í stjórn félagsins: Finnbogi Guðmundsson, útgerðarmaður, Gerðum, formaður, Ólafur Þórðarson, útgerðarmaður, Garðastr. 13 A, varaform., Adolf Björnsson, bankafulltrúi, Merkurgötu 4, Hafnarfirði, ritari, Elías Þorsteinsson, útgerðarm., Keflavík, Ólafur Jónsson, útgerðarmaður, Sandgerði. Á sama fundi voru kosnir í varastjórn félagsins: Steingrímur Árnason, síldarkaupm., Hafnarhvoli, Rvík, Magnús Guðbjartsson, útgerðarm., Vestmannaeyjum, Árni Böðvarsson, útgerðarm., Klöpp, Seltjarnarnesi, Karvel Ögmundsson, útgerðarm., Keflavík, Huxley Ólafsson, úgerðarm., Keflavík.

Reykjavík, 3. júlí 1947.
Miðstöðin h.f.
Finnbogi Guðmundsson.
Elías Þorsteinsson.
Ólafur Jónsson.

113.

Á aðalfundi Bókfellsútgáfuunnar h.f., sem haldinn var 6. apríl s.l., var ákveðið að auka hluafé félagsins úr kr. 100.000. — eitt hundrað þúsund krónum — í kr. 200.000. — tvö hundruð þúsund krónur—. Var hlutafjáraukningin þegar innborguð.

Reykjavík 9. júlí 1947.
Magnús Kjaran.
Birgir Kjaran.

114.

Hér með tilkynnist, að á aðalfundi í Vélsmiðjunni Héðni h.f., Reykjavík, hinn 3. júní s. l. voru eftirtaldir menn kosnir í stjórn félagsins: Kristín Andrésdóttir, Sólvallagötu 6, formaður, Jóhanna Þorsteinsson, Ægisgötu 27, og Ásgeir Bjarnason, s. st., meðstjórnendur, og Sigrún Markúsdóttir, Sólvallagötu 6, varamaður. Framkvæmdastjóri er Sveinn Guðmundsson, vélfræðingur, Hagamel 2, Rvík. 263

Reykjavík, 10. júlí 1947.
Kristín Andrésdóttir.
Jóhanna Þorsteinsson.
Sigrún Markúsdóttir.
Ásgeir Bjarnason.

115.

Með því að félagsslitum í hlutafélaginu Sportvörum er að fullu lokið, óskast félagið strikað út af hlutafélagaskrá Reykjavíkur.

Reykjavík, 15. júlí 1947.
Í skilanefnd Sportvara h.f.
Jón Jónsson.
Sig. Ólason.

116.

Ég undirritaður Davíð Sigurðsson, Miklubraut 20, Rvík, hef selt Magnúsi Baldvinssyni, Freyjugötu 40, Rvík, Hárgreiðslustofuna Evu.

Reykjavík, 15. júlí 1947.
Davíð Sigurðsson,
Miklubraut 20.

Ég undirritaður Magnús Baldvinsson, Freyjugötu 40, hef í dag keypt af Davíð Sigurðssyni, Miklubraut 20, Hárgreiðslustofuna Evu, og mun reka hana með ótakmarkaðri ábyrgð, og er firmað ritað þannig:

Hárgreiðslustofan Eva.
Magnús Baldvinsson.
Reykjavík, 15. júlí 1947.
Magnús Baldvinsson.

[852

117.

Á stjórnarfundi, sem haldinn var í dag í Síldar- og fiskimjölsverksmiðjunni h.f., var Baldvin Jónssyni, lögfræðingi, Öldugötu 10, Reykavík, veitt prókúruumboð

263 fyrir hlutafélagið, og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Síldar- og fiskimjölsverksmiðjan h.f.
Baldvin Jónsson.
Reykjavík, 17. júlí 1947.
Í stjórn Síldar- og fiskimjölsverksmiðjunnar h.f.
Björn Ólafs.
Ingvar Vilhjálmsson.
Jón Guðvarðsson.

118.

Hér með tilkynnist til hlutafélagaskrár Reykjavíkur, að á aðalfundi, sem haldinn var í félaginu Jóni Loftssyni h.f., var Jón Sigurður Guðmundsson, Hávallagötu 13, Rvík, kosinn í stjórn félagsins í stað Karls Bergmanns. Á sama fundi var samþykkt að veita Jóni S. Guðmundssyni prókúruumboð fyrir félagið. Ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Jón Loftsson h.f.
Jón Sig. Guðmundss.
Reykjavík, 18. júlí 1947.
Stjórn Jóns Loftssonar h.f.
Jón Loftsson.
Jón Sig. Guðmundss.
Brynh. Þórarins.

119.

Hér með tilkynnist til hlutafélagaskrár Reykjavíkur, að á aðalfundi, sem haldinn var í Vikurfélaginu h.f. 18. júlí 1947, var samþykkt að veita Jóni S. Guðmundssyni Hávallagötu 13, prókúruumboð fyrir félagið. Ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Vikurfélagið h.f.
Jón Sig. Guðmundss.
Reykjavík, 18. júlí 1947.
Stjórn Vikurfélagsins h.f.
Jón Loftsson.
Jón Sig. Guðmundss.
Karl Bergmann.

120.

Á aðalfundi hlutafélagsins E. Ormsson, sem haldinn var 2. júní s. l., gekk Eiríkur Ormsson rafvirkjameistari, Laufásv. 34, úr stjórn félagsins, en í stað hans var kosin í stjórnina Sigurveig Eiríksdóttir frú, Víðimel 55, en Eiríkur Ormsson var kosinn í varastjórn í stað Eyrúnar Eiríksdóttur.

Reykjavík, 22. júlí 1947.
Í stjórn E. Ormsson h/f.
Kristinn Guðjónsson, form.
Sigurveig Eiríksdóttir.
Ragnar H. B. Kristinsson.

121.

Við undirritaðir Lárus Óskarsson, Flókagötu 7, hér í bæ, og Tómas Albertsson, Tómasarhaga, Laugarásvegi, hér í bænum, óskum hér með eftir, að félag okkar, Ferðaflugfélagið, verði afmáð úr firmaskrá Reykjavíkur.

Reykjavík, 30. júlí 1947.
Tómas Albertsson.
Lárus Óskarsson.

122.

Hér með afturkallast prókúruumboð það, er Þórir Hall hefur haft fyrir Gísla Halldórsson h.f. hér í bænum.

Reykjavík, 13. ágúst 1947.
Gísli Halldórsson h.f.
Gísli Halldórsson.

123.

Þar sem „Vibro“ h.f. hefur ákveðið, að heimilisfang og varnarþing hlutafélagsins skuli flutt frá Reykjavík í Seltjarneshrepp, óskast það afmáð úr hlutafélagaskrá Reykjavíkur.

Reykjavík, 15. ágúst 1947.
Í stjórn Vibro h.f.
Örn Guðmundsson.
Vilhjálmur Guðmundsson.

124.

Á framhaldsaðalfundi Pöntunarfélagsins Fylkingar, sem haldinn var 15. ágúst 1947, var Ásgeir Ármannsson bókbindari, Þórsgötu 17, kosinn formaður og framkvæmdastjóri félagsins. Meðstjórnendur voru kosnir Karl Kristjánsson, Hverfisgötu 101, og Jón Þórðarson, Framnesvegi 20 A.

Reykjavík, 21. ágúst 1947.
Ásgeir Ármannsson.
Jón Þórðarson.
Krisján Karl Kristjánsson.

125.
Á aðalfundi, sem haldinn var í Vökull h/f 1. ágúst 1947, var frú Brynhildur Þórarinsdóttir, Hávallagötu 13, kosin í stjórn félagsins í stað Sesselju Eggertsdóttur. Á sama fundi var samþykkt að veita Jóni Loftssyni stkpm., Hávallag. 13, prókúruumboð fyrir félagið. Ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Vökull h/f.
Jón Loftsson.
Reykjavík, 1. september 1947.
Stjórn Vökuls h/f.
Jón Loftsson.
Jón Sig. Guðmundsson.
Brynh. Þórarins.

126.
Það tilkynnist hér með, að ég undirrituð, Ólöf A. Jónsdóttir, Hjallavegi 46, Reykjavík, rek saumastofu hér í bænum, með ótakmarkaðri ábyrgð, undir nafninu Drengjafatastofan. Firmað rita ég þannig:

Drengjafatastofan.
Ólöf Jónsdóttir.
Reykjavík, 2. september 1947.
Ólöf Jónsdóttir.

127.
Hér með tilkynnist, að ég undirritaður hef selt verzlunina Búslóð, er ég hef rekið sem einkaeigandi, samnefndu hlutafélagi, og óskast hún því afmáð úr firmaskrá Reykjavíkur.

Reykjavík, 5. sept. 1947.
Guðm. Danielsson.

128.
Á aðalfundi í Skógerð Kristjáns Guðmundssonar & Co. h/f, hinn 25. maí 1947, voru kosnir í stjórn félagsins: Kristján Guðmundsson, Grundarstíg 5, formaður, og meðstjórnendur: Sigmar Guðmundsson, Grund við Reykjanesbraut, og Sverrir Guðmundsson, Bergstaðastræti 11.

Reykjavík, 11. sept. 1947.
Kristján Guðmundsson.
Sigmar Guðmundsson.
Sverrir Guðmundsson.

129.
Hér með tilkynnist, að Hauki Hvannberg cand. juris, Reynimel 26, hefur verið veitt prókúruumboð fyrir Olíufélagið h/f, 263
Reykjavík, og hefur hann öll réttindi prókúruhafa samkvæmt lögum nr. 42 13. nóv. 1903. Firmað ritar hann þannig:

pr. pr. Olíufélagið h/f.
Haukur Hvannberg.
Reykjavík, 22. sept. 1947.
Stjórn Olíufélagsins h/f.
Vilhjálmur Þór.
Sk. Thorarensen.
Halldór Jónsson.

130.
Með því að firmað Rafall er hætt störfum, óskast það afskráð úr firmaskrá Reykjavíkur.

Reykjavík, 22. sept. 1947.
Gísli Jóh. Sigurðsson.
Holger P. Gíslason.

131.
Hér með tilkynnist til firmaskrár Rvíkur, að á hluthafafundi, sem haldinn var í Vélsmiðjunni Jötni h/f hinn 27. sept. 1947, gekk Gísli Halldórsson, Flókagötu 6, úr stjórn félagsins, en í hans stað var kosinn Magnús Guðmundsson, Laufásvegi 75.

Stjórn félagsins er nú þannig skipuð: Vilhjálmur Þór, Hofsvallagötu 1, form., Agnar Tryggvason, Bergstaðastræti 67, Helgi Þorsteinsson, Háteigsvegi 32, Helgi Bergs, Miklubraut 48, og Magnús Guðmundsson, Laufásvegi 75.

Endurskoðandi í stað Stefáns Rafnar, Baldursgötu 11, sem er látinn, var kosinn Ingimar Ingimarsson aðalbókari, Frakkastíg 26 B.

Það tilkynnist einnig, að samþykkt var að ráða Gunnar Tómasson verkfræðing, Barmahlíð 31, framkvæmdastjóra og veita honum prókúruumboð fyrir hlutafélagið með öllum skyldum og réttindum prókúruhafa. Firmað ritar hann þannig:

pr. pr. Vélsmiðjan Jötunn h/f.
Gunnar Tómasson.
Reykjavík 27. sept. 1947.
Í stjórn Vélsmiðjunnar Jötuns h/f.
Agnar Tryggvason.
H. Þorsteinsson.
Helgi Bergs.
Magnús Guðmundsson.

263 132.

Ég undirritaður, Finnur Einarsson, bóksali, Hávallagötu 41 hér í bæ, hef í dag selt meðeigöndum mínum, þeim Ásgeiri Gunnlaugssyni og Gunnlaugi Ásgeirssyni, kaupmönnum í Reykjavík eignarhluta minn í sameignarfélaginu „Veltunni" hér í bæ, og eru allar skuldbindingar firmans hér eftir mér óviðkomandi.

Reykjavík, 30. sept. 1947.
Finnur Einarsson.

Samkvæmt ofanrituðu höfum við undirritaðir í dag keypt eignarhluta Finns Einarssonar, bóksala í Reykjavík, í sameignarfélaginu „Veltunni" hér í bæ, og rekum við firmað áfram óbreytt að öðru leyti.

Reykjavík, 30. sept. 1947.
Ásg. G. Gunnlaugsson.
Gunnl. Ásgeirsson.

133.

Með því að skiptum er nú að fullu lokið í hlutafélaginu Acta, óskast það afmáð úr hlutafélagaskrá Reykjavíkur.

Reykjavík, 1. okt. 1947.
Jón Þórðarson,
skilanefndarmaður.

134.

Það tilkynnist hér með, að á hluthafafundi, sem haldinn var 18. maí 1947 í Sælgætisgerðinni Opal h/f, var samþykkt að auka hlutafé félagsins um kr. 70000 — sjötíu þúsundir króna. Er því allt hlutafé félagsins kr. 100000 — eitt hundrað þúsundir króna. Hlutaféð er allt innborgað.

Reykjavík, 3. október 1947.
Stjórn Sælgætisgerðarinnar Opal h/f.
Björn Jóhannsson.
Hagbarður Karlsson.
Jón Guðlaugsson.

135.

Á aðalfundi h/f Mjölnis, sem haldinn var 15. ágúst s. l., og sóttur var af hendi allra hluthafa, voru eftirfarandi breytingar gerðar á lögum félagsins: 1) Samþykkt var sú breyting á 8. gr. um fundarboðsfyrirvara, að í stað orðanna „með hálfsmánaðar fyrirvara, með tilkynningu í ábyrgðarbréfi eða símskeyti" komi: með minnst þriggja daga fyrirvara, með tilkynningu. 2) Samþykkt var sú breyting á 9. gr., að í stað orðanna „7 dagar" komi: 3 dagar. Þessir hluthafar voru kosnir í stjórn félagsins: Björn Ólafsson, Hringbraut 110, formaður, Skúli Thorarensen, Fjólugötu 11, og Guðmundur Halldórsson, Flókagötu 35.

Enn fremur tilkynnist, að stjórn Mjölnis h/f hefur veitt Hauki Hvannberg cand. juris, Reynimel 26, Reykjavík, prókúruumboð fyrir félagið. Firmað ritar hann þannig:

pr. pr. Mjölnir h/f.
Haukur Hvannberg.
Reykjavík, 6. okt. 1947.
Björn Ólafsson.
Sk. Thorarensen.
Guðm. Halldórsson.

136.

Við undirritaðir, Vilhjálmur Hans Alfred Schröder, Skúlagötu 72, Reykjavík, og Hans Thorvald Henry Hansen, Eskihlíð 11, Reykjavík, rekum smásöluverzlun í Reykjavík, sem fullábyrgir félagar, undir nafninu Pollabúð. Hvor okkar um sig ritar firmað, þannig:

Pollabúð.
Hans Th. Henry Hansen.
Pollabúð.
Vilhjálmur Hans Alfred Schröder.
Reykjavík, 6. okt. 1947.
Hans Th. Hansen.
Vilhjálmur Schröder.

137.

Það tilkynnist hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að ég hef hinn 9. jan. 1947 selt hárgreiðslustofuna Perlu Júlíönu Ingibjörgu Eðvaldsdóttur, til heimilis í Sölvhólsskála 8 hér í bænum, og eru mér skuldbindingar hennar eftir það óviðkomandi.

Reykjavík, 9. október 1947.
Elías Dagfinnsson.

Samkvæmt ofanrituðu hef ég undirrituð keypt hárgreiðslustofuna Perlu, og rek ég hana framvegis með ótakmarkaðri ábyrgð. Firmað rita ég þannig:

pr. Hárgreiðslustofan Perla.
Júlíana I. Eðvaldsdóttir.

Jafnframt afturkallast prókúruumboð það, sem Áslaug Kristinsdóttir hefur haft fyrir þetta firma.

Reykjavík, 9. október 1947.
Júlíana I. Eðvaldsdóttir.

138.

Við undirritaðir, Jón Bjarnason kaupmaður, Hringbraut 63, Reykjavík, og Bjarni Blomsterberg, s. s., rekum í félagi smásölu- og heildsöluverzlun hér í bænum sem fullábyrgir félagar, undir nafninu Laufahúsið. Prókúruhafi er Bjarni Blomsterberg, en að öðru leyti hefur Jón Bjarnason einn rétt til að skuldbinda firmað, og ritar hann það þannig:

Laufahúsið.
Jón Bjarnason.

Undirskrift prókúruhafa er þannig:

pr. pr. Laufahúsið.
Bjarni Blomsterberg.

Reykjavík, 15. október 1947.
Jón Bjarnason.
Bjarni Blomsterberg.

139.

Það tilkynnist hér með til hlutafélagaskrár Reykjavíkur, að hlutafé Plastic h/f í Reykjavík hefur verið aukið upp í kr. 96000.00 — níutíu og sex þúsund krónur. Innborgað hlutafé er kr. 66000.00 — sextíu og sex þúsund krónur. Hið ógreidda hlutafé greiðist, þegar stjórn félagsins ákveður.

Stjórn félagsins skipa: Gunnlaugur S. Jónsson, Mánagötu 13, formaður, Jón Þórðarson, Háteigsvegi 14, og Gunnar Skagfjörð Sæmundsson, Laugavegi 83, meðstjórnendur. Varastjórnandi er Óskar Friðbjörnsson, Skúlagötu 60.

Reykjavík, 16. október 1947.
Gunnl. S. Jónsson.
Jón Þórðarson.
Óskar Friðbjörnsson.
Gunnar Skagfjörð Sæmundsson.

140.

Hér með tilkynnist til hlutafélagaskrár Reykjavíkur, að áður auglýst prókúruumboð til handa Stefáni Bjarnasyni verkfr. er úr gildi fallið. Jafnframt tilkynnist, að á stjórnarfundi 23. okt. s. l. var Árni Hoff- 263
Möller, Sólvallag. 18, ráðinn framkvstj. félagsins í stað Stefáns Bjarnasonar, og tekur hann við prókúruumboði félagsins. Firmað ritar hann þannig:

pr. pr. Tivoli h/f.
Árni Hoff-Möller.

Það tilkynnist einnig, að á aðalfundi, sem haldinn var 6. maí 1947, var Kjartan Ásmundsson kosinn varamaður í stjórn félagsins.

Reykjavík, 24. október 1947.
Tivoli h/f.
Thor R. Thors.
Sigurgeir Sigurjónsson.

141.

Á aðalfundi Trésmiðjunnar Víðis h/f 23. marz s. l. voru kosnir í stjórn félagsins þessir menn: Þórsteinn Bjarnason, Holtsgötu 16, formaður. Meðstjórnendur: Bjarni Guðmundsson læknir, Patreksfirði, og Hildur Bjarnadóttir, Víðimel 31. Enn fremur tilkynnist, að prókúruumboð Max Jeppesen fyrir Trésmiðjuna Víði h/f hefur verið afturkallað, og hefur hann jafnframt látið af framkvæmdastjórn fyrir félagið.

Reykjavík, 24. okt. 1947.
Hildur Bjarnadóttir.
Bjarni Guðmundsson.
Þórsteinn Bjarnason.

142.

Hér með tilkynnist, að prókúruumboð Finns Sigurjónssonar fyrir Kvikmyndir h/f fellur niður frá og með deginum í dag að telja.

Reykjavík, 24. okt. 1947.
Kvikmyndir h/f.
Ólafur Eiríksson.
Hjálmar Þórðarson.

143.

Á aðalfundi Breiðfirðingaheimilisins ins h/f hinn 18. júní 1947 voru þessir menn kosnir í stjórn: Jón Guðmundsson, Grettisgötu 57, formaður, Ólafur Jóhannesson, Grundarstíg 2, varaformaður, Karl Finnsson, Vífilsgötu 15, ritari, Snæbjörn

263 G. Jónsson, Miklubraut 36, gjaldkeri. Auk þess var Einar B. Kristjánsson, Freyjugötu 37, kosinn meðstjórnandi af stjórn Breiðfirðingafélagsins. Varastjórnendur voru kosnir: Séra Ásgeir Ásgeirsson, Sólvallagötu 51, og Guðbjörn Jakobsson, Hringbraut 153.

Reykjavík, 24. október 1947.
Jón Guðmundsson.
Karl Finnsson.
Einar Kristjánsson.
Ólafur Jóhannesson.
Snæbjörn G. Jónsson.

144.
Á almennum hluthafafundi, sem haldinn var í hlutafélaginu Laugavegi 105 24. þ. m., var samþykkt sú breyting á 3. gr. samþykkta félagsins, að tilgangur þess skyldi enn fremur vera: kaup og sala verðbréfa og fasteigna, svo og útlánastarfsemi.

Reykjavík 25. október 1947.
Laugavegur 105 h/f.
Sveinn Egilsson.
Ásgeir Kristófersson.
Run. Sæmundsson.

145.
Hér með tilkynnist, að á almennum hluthafafundi, er haldinn var í hlutafélaginu Sveini Egilssyni 24. þ. m., var gerð sú breyting á 3. gr. samþykkta félagsins, að tilgangur þess skyldi enn fremur vera: kaup og sala verðbréfa og fasteigna, svo og útlánastarfsemi.

Reykjavík, 25. október 1947.
Sveinn Egilsson.
Run. Sæmundsson.
Ásgeir Kristófersson.

146.
Það tilkynnist hér með, að ég undirrituð, Guðlaug Sigmundsdóttir, Bergstaðastræti 70, Reykjavík, rek prjónastofu hér í bænum með ótakmarkaðri ábyrgð, undir nafninu Prjónastofan Máney. Firmað rita ég þannig:

Prjónastofan Máney.
Guðlaug Sigmundsdóttir.
Reykjavík, 27. október 1947.
Guðlaug Sigmundsdóttir.

147.
Það tilkynnist hér með, að á aðalfundi Skóverksmiðjunnar Þórs h/f, sem haldinn var 20. apríl þ. á., var kosin ný stjórn fyrir félagið og skipa hana: Ingólfur Geirdal, Grenimel 29, formaður, Lárus Óskarsson, Miklubraut 15, og Svanhildur Vigfúsdóttir, Grenimel 29.

Fellt hefur verið niður prókúruumboð Ægis Ólafssonar og hann jafnframt látið af framkvæmdastjórn.

Ingólfur Geirdal er framkvæmdastjóri félagsins og fer jafnfram með prókúruumboð fyrir það. Hann ritar firmað þannig:

pr. pr. Skóverksmiðjan Þór h/f.
Ingólfur Geirdal.
Reykjavík, 30. október 1947.
Ingólfur Geirdal.
Lárus Óskarsson.
Svanhildur Vigfúsdóttir.

148.
Á framhaldsaðalfundi Bjargs h/f hér í bænum 1. þ. m. voru kosin í stjórn félagsins: Einar Guðjónsson, Egilsgötu 16, formaður, Gústaf Þórðarson, Hrísateigi 31, varaformaður, og Helga Snæbjörnsdóttir, s. st. Til vara: Ingigerður Eggertsdóttir, Egilsgötu 16. Enn fremur tilkynnist, að þeim Einari Guðjónssyni og Gústaf Þórðarsyni hefur hvorum um sig verið veitt prókúruumboð fyrir félagið. Jafnframt afturkallast prókúruumboð það, sem Kjartani Magnússyni, Flókagötu 37 hér í bænum, var veitt fyrir félagið 1. desember f. á.

Reykjavík, 3. nóvember 1947.
Einar Guðjónsson.
Gústaf Þórðarson.
Helga Snæbjörnsdóttir.

149.
Það tilkynnist hér með, að ég undirritaður hef selt minn hluta í verzluninni Barónsbúð, Hverfisgötu 98, Þórði Sigurgeirssyni, Holtsgötu 25, frá 1. október 1947, og er hún mér með öllu óviðkomandi frá þeim tíma. Það tilkynnist enn fremur, að ég hef keypt hluta Þórðar Sigurgeirssonar í útibúum verzlunarinnar

„Barónsbúð", Háteigsvegi 20 og Barmahlíð 8, frá og með 1. október 1947, og mun ég vera þær verzlanir með ótakmarkaðri ábyrgð undir eigin nafni, „Verzlun Axels Sigurgeirssonar".

Reykjavík, 8. nóv. 1947.
Axel Sigurgeirsson,
Lindarg. 54.

Samkvæmt ofanrituðu hef ég keypt hluta Axels Sigurgeirssonar í verzluninni Barónsbúð, Hverfisgötu 98, frá 1. okt. 1947, og mun ég einn reka firmað með ótakmarkaðri ábyrgð, og rita ég það þannig:

Barónsbúð
Þórður Sigurgeirsson.

Eins og hér að framan greinir, hef ég undirritaður selt minn hluta í útibúum verzlunarinnar Barónsbúðar, Háteigsvegi 20 og Barmahlíð 8, Axel Sigurgeirssyni, frá og með 1. okt. 1947, og eru útibúin mér að öllu óviðkomandi frá þeim tíma.

Reykjavík, 8. nóv. 1947.
Þórður Sigurgeirsson.

150.

Á aðalfundi verksmiðjunnar Skirnis h.f., sem haldinn var 23. febrúar 1947, gekk Lúðvíg Guðmundsson, Grundarstíg 2 A, úr stjórn félagsins. En í hans stað var kosin Kristjana Ebenezerdóttir, Tungu, Önundarfirði.

Reykjavík, 10. nóv. 1947.
Bárður Sveinsson.
Vigdís K. Ebenzerdóttir.
Kristjana Ebenezerdóttir.

151.

Það tilkynnist hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að við undirritaðir rekum með ótakmarkaðri ábyrgð smásöluverzlun undir firmanafninu „Stjörnubúðin", og verður verzlunin fyrst í stað rekin að Sörlaskjóli 42, Reykjavík.

Hvor okkar um sig hefur heimild til að rita firmað, en þó þarf samþykki okkar beggja til þess að selja eða veðsetja eignir firmans eða skuldbinda firmað með 263
ábyrgð fyrir aðra.

Firmað ritum við hvor um sig þannig:

pr. Stjörnubúðin
Sverrir Bernhöft.
pr. Stjörnubúðin
Bjarni Björnsson.

Reykjavík, 11. nóv. 1947.
Bjarni Björnsson,
Hringbraut 85.
Sverrir Bernhöft,
Garðastræti 44.

152.

Við undirritaðir, Jakob Jóhannesson, rafvirkjameistari, Hlíðardal, og Þorsteinn Sætran, Kambsvegi 21, báðir í Reykjavík, rekum verzlun í Reykjavík, sem fullábyrgir félagar, með rafmagnevörur, og rekum auk þess vinnustofu, er annast raflagnir og viðgerðir á öllu því, er að rafmagni lýtur, undir firmanafninu Ljósboginn. Firmað ritum við hvor um sig, þannig:

Ljósboginn.
Jakob Jóhannesson.
Ljósboginn.
Þorsteinn Sætran.

Reykjavík, 12. nóv. 1947.
Jakob Jóhannesson.
Þorsteinn Sætran.

153.

Hinn 22. október 1947 var fundur haldinn í Skógerð Kristjáns Guðmundssonar & Co. h.f., og samþykkt að auka hlutafé félagsins úr kr. 200000 upp í 225000 — tvö hundruð tuttugu og fimm þúsundir króna —. Hlutafjáraukning þessi var innborguð á fundinum.

Reykjavík, 14. nóv. 1947.
Kristján Guðmundsson.
Sigmar Guðmundsson.
Sverrir Guðmundsson.

154.

Það tilkynnist hér með til hlutafélagaskrár Reykjavíkur, að á framhaldsaðalfundi í Almenna byggingafélaginu h/f, er haldinn var 6. ágúst s. l., voru eftirtaldir menn kosnir í stjórn félagsins: Jónas

263 Hvannberg kaupmaður, Hólatorgi 8, formaður, Björn Ólafsson stkpm., Hringbr. 110, Skúli Thorarensen útgm., Fjólug. 11, Hörður Bjarnason skipulagsstjóri, Hólavallagötu 13, og Ágúst Fjeldsted hdl., Reynim. 22, allir í Rvík. Í varastjórn voru kosnir Haukur Hvannberg cand. juris, Reynimel 26, Rvík, og Guðmundur Jensson frkvstj., Öldugötu 16, Rvík.

Reykjavík, 19. nóv. 1947.

Í stjórn Almenna byggingafélagsins h/f.

Jónas Hvannberg.
Björn Ólafsson.
Sk. Thorarensen.
Hörður Bjarnason.
Ágúst Fjeldsted.

155.

Á aðalfundi í hlutafélaginu Skeggja, Reykjavík, hinn 12. júlí 1947, gekk Hjörtur Jónsson úr stjórn félagsins, og jafnframt var þessi stjórn kosin: Jón Sigurðsson, Túngötu 43, Óskar Þórðarson, Öldugötu 17, og Oddur Sigurðsson, Háteigsvegi 15. Til vara: Ástríður R. Jónsdóttir, Túngötu 43, og Guðrún Sveinsdóttir, Öldugötu 17.

Reykjavík, 20. nóv. 1947.

Jón Sigurðsson.
Oddur Sigurðsson.
Óskar Þórðarson.

156.

Hér með tilkynnist, að vér höfum veitt Runólfi Óskari Þorgeirssyni fulltrúa, Lokastíg 24, Reykjavík, prókúruumboð — einum sér — fyrir bifreiðadeild félags vors, varðandi öll málefni, er snerta þá deild eina. Að öðru leyti haldast áður tilkynnt prókúruumboð óbreytt. Runólfur Óskar Þorgeirsson ritar firmað eins og hér er sýnt:

p. p. Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f.
Run. Ó. Þorgeirsson

Reykjavík, 25. nóvember 1947.

Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f.
Halldór Kr. Þorsteinsson.
Lárus Fjeldsted.

157.

Það tilkynnist hér með til hlutafélagaskrár Reykjavíkur, að á fundi í Byggingafélaginu Smið h/f, hinn 29. marz 1947, voru eftirtaldir menn kosnir í stjórn félagsins: Árni Pálsson byggingam., Vífilsgötu 5, Jón Eiríksson múraram., Urðarstíg 15, Magnús Jónsson trésmm., Lindargötu 53, Ólafur Magnússon trésmm., Nökkvavogi 2, og Benedikt Bergmann verkfr., Þórsgötu 19. Í varastjórn: Arinbjörn Þorkelsson byggingam., Baldursg. 29, og Björn Sigurðsson trésmm., Faxaskjóli 18.

Reykjavík, 26. nóv. 1947.

Árni Pálsson.
Ólafur Magnússon.
B. Bergmann.
Björn Sigurðsson.

158.

Það tilkynnist hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að á almennum hluthafafundi, sem haldinn var í Laxinum h/f 3. desember 1947, voru kosin í stjórn félagsins: Skúli Pálsson, Laufásvegi 18 A, formaður. Meðstjórnendur: Kristján Guðmundsson, Laugamýrarbletti 27, og Svava Skaftadóttir, Laufásvegi 18 A. Prókúruhafi er Skúli Pálsson, og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. H/f Laxinn.
Skúli Pálsson.

Reykjavík, 3. desember 1947.

Skúli Pálsson.
Kr. Guðmundsson.
Svava Skaftadóttir.

159.

Það tilkynnist hér með til hlutafélagaskrár Reykjavíkur, að á aðalfundi í Eiríki Sæmundssyni & Co. h/f, sem haldinn var 15. marz 1947, var kosin ný stjórn fyrir félagið, og skipa hana: Eiríkur Sæmundsson, Hringbraut 199, Sunna Stefánsdóttir, s. st., og Matthildur Helgadóttir, Laufásvegi 27.

Reykjavík, 5. desember 1947.

Eiríkur Sæmundsson.
Sunna Stefánsdóttir.
Matthildur Helgadóttir.

160.

Á aðalfundi hlutafélagsins „Föt“, sem haldinn var 29. nóv. 1947, voru eftirtaldir

menn kosnir í stjórn félagsins: Þorleifur Helgi Eyjólfsson, byggingameistari, Miklubraut 3, formaður, Jón Jónsson, klæðskerameistari, Laugavegi 135, og Ásgeir Bjarnason, ftr., Sólvallagötu 32 A. Varastjórnandi: Böðvar Jónsson, verksmiðjustjóri, Laugavegi 100. Framkvæmdastjóri félagsins með prókúruumboði er Theodór Jónsson, Gunnarsbraut 30.

Reykjavík, 5. des. 1947.
Þorl. H. Eyjólfsson.
Jón Jónsson.
Ásgeir Bjarnason.

161.

Það tilkynnist hér með til hlutafélagaskrár Reykjavíkur, að á aðalfundi í h.f. Árnasyni, Pálssyni & Co., Reykjavík, voru eftirtaldir menn kosnir í stjórn félagsins: Guðlaugur Guðmundsson, verzlunarm., Hverfisgötu 64, Óskar Magnússon, stkpm., Njálsgötu 26, og Þorsteinn Hreggviðsson, kpm., Þórsgötu 5. Varastjórnandi: Halldóra Björnsdóttir, frú, Spítalastíg 5.

Reykjavík, 18. des. 1947.
Óskar Magnússon.
Þorst. Hreggviðsson.
Guðl. Guðmundsson.

162.

Það tilkynnist hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að við undirritaðir rekum, með ótakmarkaðri ábyrgð, umboðssölu í Reykjavík með íslenzkar fiskafurðir o. fl., undir firmanafninu: Íslenzka fiskafurðasalan. Firmað ritum við þannig:

Íslenzka fiskafurðasalan.
Sveinbjörn Arinbjarnar.
Íslenzka fiskafurðasalan.
Guðm. Kr. Jónsson.
Reykjavík, 19. des. 1947.
Sveinbjörn Arinbjarnar.
Guðmundur Kr. Jónsson.

163.

Það tilkynnist hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirritaður rek efnagerð hér í bænum, með ótakmarkaðri ábyrgð, undir nafninu Efnagerðin Ceylon. Firmað rit ég þannig: 263

Efnagerðin Ceylon.
Baldur Guðmundsson.
Reykjavík, 20. desember 1947.
Baldur Guðmundsson,
Víðimel 30, Rvík.

164.

Samkvæmt arfleiðsluskrá Önnu Hallgrímsson, dags. 28. nóv. 1940, er Sigríður Anna Sigurðardóttir, Túngötu 16, Rvík, eigandi Blómaverzlunarinnar Önnu Hallgrímsson, Reykjavík,— en frú Anna Hallgrímsson andaðist 2. f. m.

Borgarfógetinn í Reykjavík,
18. desember 1947.
Kr. Kristjánsson.

Samkvæmt ofanrituðu er ég eigandi Blómaverzlunarinnar Önnu Hallgrímsson hér í bænum, og rek ég nefnda verzlun á eigin ábyrgð. Firmað rita ég þannig:

Blómaverzlunin Anna Hallgrímsson.
Sigríður A. Sigurðardóttir.
Reykjavík, 22. des. 1947.
Sigríður A. Sigurðardóttir.

165.

Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirritaður rek umboðssölu í Reykjavík, með bíla — miðlun — undir nafninu Bílamiðlunin, og ber ég einn ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum firmans. Firmað rita ég þannig:

Bílamiðlunin.
Brandur Brynjólfsson.
Reykjavík, 29. desember 1947.
Brandur Brynjólfsson.

166.

Eggert Claessen, Reynistað, Reykjavík, og Gústaf A. Sveinsson, Ásvallagötu 22, Rvík — hæstaréttarlögmenn — tilkynna, að þeir annist í félagi málflutning og önnur lögfræðistörf, og starfræki í því skyni skrifstofu í Vonarstr. 10 í Reykjavík — báðir með ótakmarkaðri ábyrgð, og þannig, að hvor um sig riti firmað. Eggert Claessen ritar firmað þannig:

Eggert Claessen, Gústaf A. Sveinsson,
hæstaréttarlögmenn.
Eggert Claessen.

263 Eggert Claessen, Gústaf A. Sveinsson, hæstaréttarlögmenn.
G. A. Sveinsson.
Reykjavík, 29. desember 1947.
Eggert Claessen.
G. A. Sveinsson.

167.
Ákveðið hefur verið að slíta hlutafélaginu Haukum, Reykjavík. Er skiptum þegar lokið og óskast félagið afmáð úr hlutafélagaskránni.
Reykjavík, 30. desember 1947.
Í skilanefnd H.f. Hauka
Kristinn Stefánsson.
Birgir Thorlacius.

II. Akranes.

Hinn 8. jan. var á framhaldsstofnfundi í firmanu Sigurði Hallbjarnarsyni h/f samþykkt að ráða Ólaf Sigurðsson, Vesturgötu 17 á Akranesi, framkvæmdastjóra fyrir félagið með prókúruumboði samkv. lögum nr. 72 frá 1903. Prókúruhafinn ritar firmað þannig:
pr. pr. Sigurður Hallbjarnarson h/f.
Ólafur Sigurðsson.
Akranesi, 1947.
Ólöf Guðmundsdóttir.
Þórður Sigurðsson.
Ólafur Sigurðsson.

III. Mýra- og Borgarfjarðarsýsla.

1.
Á aðalfundi Bifreiða- og trésmiðju Borgarness h/f, er haldinn var 4. þ. m., varð sú breyting á stjórn félagsins, að í stað Sveins Sveinbjarnarsonar var kosinn í stjórnina Jón Hannesson, bóndi, Deildartungu.
Stjórnina skipa nú: Þórður Pálmason, kaupfélagsstjóri, formaður, Finnbogi Guðlaugsson, framkvæmdarstjóri, og Jón Hannesson, Deildartungu.
F. h.
Bifreiða- og trésmiðju Borgarness h/f.
Þórður Pálmason.

2.
Undirrituð stjórn hlutafélagsins Fjarðar í Borgarnesi hefur veitt Jóni Magnússyni, framkvæmdastjóra í Borgarnesi, prókúruumboð fyrir félagið frá 1. jan. s. l. að telja, og ritar hann nafn firmans þannig:
pr. pr. h.f. Fjörður.
Jón Magnússon.
Borgarnesi, 25. marz 1947.
Í stjórn h.f. Fjarðar.
Eggert Einarsson.
Finnbogi Guðlaugsson.
Hjörtur Magnússon.

3.
Hér með tilkynnist, að á aðalfundi hlutafélagsins Hótel Hreðavatn 6. marz þ. á. voru eftirtaldir menn kosnir í stjórn félagsins: Árni J. Björnsson, forstjóri, Borgarnesi, Halldór Sigurðsson, fulltrúi, s. st., og Sigurður Guðbrandsson, mjólkurbússtjóri, s. st.
Borgarnesi, 1. júní 1947.
Árni J. Björnsson.
Halldór Sigurðsson.
Sigurður Guðbrandsson.

IV. Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla.

1.
Hér með tilkynnist til firmaskrár Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, að við undirritaðir rekum og starfrækjum í félagi vélsmiðju í Ólafsvík, undir nafninu Vélsmiðjan Sindri, og berum sameiginlega ábyrgð á rekstri hennar. Höfum við báðir rétt til að skuldbinda firmað, og er undirskriftum hagað þannig:
Vélsmiðjan Sindri.
Guðjón Sigurðsson.
Vélsmiðjan Sindri.
Bjarni Sigurðsson.
Ólafsvík, 5. jan. 1947.
Guðjón Sigurðsson.
Bjarni Sigurðsson.

2.
Hinn 14. des. 1946 voru eftirgreindir menn kosnir í stjórn Hraðfrystihúss

Grundarfjarðar h/f á aðalfundi þess það ár: Sigurður Daðason, formaður, og meðstjórnendur Páll Þorleifsson, Kristlaugur Bjarnason, Hrólfur Árnason og Finnur Sveinbjörnsson, allir til heimilis í Grafarnesi.

Grafarnesi, 25. júlí 1947.
pr. pr. Hraðfrystihús Grundarfjarðar h/f.
Oddur Kristjánsson.

V. Barðastrandarsýsla.

1.

Það tilkynnist hér með, að Fiskveiðahlutafélagið Njáll, Bíldudal, hefur með samþykki félagsfundar hinn 2. febr. 1946 keypt öll hlutabréf í Niðursuðuverksmiðjunni á Bíldudal h/f, og hefur á félagsfundi sínum þann dag ákveðið að leggja það félag niður sem sérstakt hlutafélag frá þeim tíma að telja, og ákveðið jafnframt, að eignir þess allar, skuldir og rekstur, skuli fært yfir í Fiskveiðahlutafélagið Njál, Bíldudal, frá þeim tíma.

Niðursuðuverksmiðjan á Bíldudal h/f hefur því verið strikuð út úr hlutafélagaskrá Barðastrandarsýslu.

Skrifstofu Barðastrandarsýslu,
24. marz 1947.

2.

Hér með tilkynnist til skrásetningar í firmaskrá Barðastrandarsýslu, að vér höfum á fundi vorum hinn 17. þ. m. afturkallað prókúruumboð það, er Salómon Einarsson hefur haft fyrir Hraðfrystihús Patreksfjarðar h/f, frá sama degi að telja.

Á fundi vorum 27. þ. m. var Pétri Guðmundssyni falið prókúruumboð fyrir félagið frá þeim degi að telja.

Patreksfirði, 29. ágúst 1947.
Hraðfrystihús Patreksfjarðar h/f.
Jóhann Skaptason.
Á. G. Þorsteinsson.
Svavar Jóhannsson.

3.

Hér með tilkynnist til hlutafélagaskrárinnar, að Ingólfi Arasyni verzlunarmanni, Patreksfirði, var falið prókúruumboð fyrir oss á fundi vorum hinn 8. þ. m., og ritar hann firmað þannig: 263

pr. pr. Vesturnes h/f.
Ingólfur Arason.
Patreksfirði, 22. nóv. 1947.
S. Jóhannsson.
Gísli Snæbjörnsson.
Oddg. Magnússon.
Salómon Einarsson.

VI. Ísafjarðarsýsla og Ísafjarðarkaupstaður.

1.

Hér með tilkynnist til hlutafélagaskrárinnar, að á fundi hluthafa í Harðfiskstöðinni h/f, Ísafirði, í dag, var Jens Einarsson, Skipagötu 7, Ísafirði, kosinn formaður stjórnarinnar.

Ísafirði, 2. janúar 1947.
Í stjórn Harðfiskstöðvarinnar h/f.
Sigríður Gísladóttir.
Jens E. Einarsson.
Garðar Finnsson.

2.

Við undirritaðir, Hinrik Guðmundsson, skipstjóri, Aðalstræti 13, Ísafirði, og Guðmundur Sveinsson, netagerðarmeistari frá Góustöðum, til heimilis við Engjaveg á Ísafirði, rekum í félagi með ótakmarkaðri ábyrgð netaiðnað, hnýtingu og alls konar viðgerðir neta og segla.

Starfsemin er rekin undir firmanafninu Netagerð Guðmundar Sveinssonar & Co. Firmað ritum við báðir, og er undirskrift beggja nauðsynleg til þess að skuldbinda firmað.

Firmað ritum við þannig:
Netagerð Guðmundar Sveinssonar & Co.
Guðm. Sveinsson.
Hinrik Guðmundsson.
Ísafirði, 17. janúar 1947.
Guðm. Sveinsson.
Hinrik Guðmundsson.

3.

Á aðalfundi h/f Hauks, Hnífsdal, sem haldinn var 17. maí 1947, voru þessir

263 menn kosnir í stjórn félagsins: Jóakim Pálsson, skipstjóri, formaður, Friðbjörn Friðbjörnsson og Gabríella Jóhannesdóttir.

Hnífsdal, 20. júní 1947.
pr. H/f Hauks.
Jóakim Pálsson.

4.

Það tilkynnist hér með til firmaskrár Ísafjarðarsýslu, að á aðalfundi Hraðfrystihússins h/f, sem haldinn var 26. maí s. l., var Jóakim útgerðarm. Pálsson í Hnífsdal kosinn í aðalstjórn félagsins í stað Elíasar Ingimarssonar, fyrrv. framkvæmdastjóra þess.

Að öðru leyti er aðalstjórnin óbreytt.

Hnífsdal, 28. júní 1947.
Í stjórn Hraðfrystihússins h/f.
Páll Pálsson.
Jóakim Pálsson.
Hjörtur Guðmundsson.

5.

Með skírskotun til auglýsingar, sem birt var í Lögbirtingablaðinu nr. 27 20. maí 1946, og samþykkta hluthafafundar h/f Glámu 22. febrúar 1946 og 17. okt. 1947 tilkynnist hér með, að félaginu hefur verið slitið, og óskast það því máð úr firmaskrá Ísafjarðarsýslu.

Reykjavík, 17. október 1947.
Í skilanefnd félagsins.
O. Proppé.
Anton Proppé.
Th. B. Líndal.

6.

Það tilkynnist hér með, að á stjórnarfundi, sem haldinn var 2. maí 1947 í „Neisti" h/f, Ísafirði, var samþykkt að auka hlutafé félagsins um 70000.00 — sjötíu þúsund — krónur. Er því hlutafé félagsins 251000 — tvö hundruð fimmtíu og eitt þúsund — krónur.

Hlutaféð er allt innborgað.

Ísafirði, 20. okt. 1947.
Í stjórn Neista h/f.
Ágúst Leós.
Júlíus Helgason.
Kristján Leós.

7.

Það tilkynnist hér með, að stjórn útgerðarhlutafélagsins Njarðar, Ísafirði, er nú þannig skipuð:

Ketill Guðmundsson, kaupfélagsstjóri, formaður, Guðm. Guðmundsson, skipstj., Hannibal Valdimarsson, alþm., Ólafur Magnússon, skrifstofustj., Stefán Stefánsson, skósm.meistari.

Varastjórn: Jónas Tómasson, bóksali, Sigurður Guðmundsson, bakarameistari, Guðm. Lúðvíksson, skrifstofum., Þorleifur Guðmundsson, forstjóri, Sigurvin Júlíusson, skipstjóri.

Ísafirði, 12. nóv. 1947.
pr. H/f Njörður
Ólafur Magnússon.

8.

Hér með tilkynnist hlutafélagaskrá Vestur-Ísafjarðarsýslu að á almennum hluthafafundi, sem haldinn var í Ísver h.f. 3. des. 1947, voru kosin í stjórn félagsins:

Skúli Pálsson, Laugásvegi 18 A, formaður, og meðstjórnendur: Kristján Guðmundsson, Laugamýrarbletti 27, og frú Svava Skaftadóttir, Laufásvegi 18 A, öll í Reykjavík. Stjórnin hagar undirskriftum sínum svo sem hér segir:

Ísver h.f.
Skúli Pálsson.
Kr. Guðmundsson.

Ísver h.f.
Skúli Pálsson.
Svava Skaftadóttir.

Ísver h.f.
Kr. Guðmundsson.
Svava Skaftadóttir.

Prókúruumboð Örnólfs Valdimarssonar afturkallast.

Prókúruhafi félagsins er Skúli Pálsson, og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Ísver h.f.
Skúli Pálsson.

P. t. Reykjavík, 3. des. 1947.
Skúli Pálsson.
Kr. Guðmundsson.
Svava Skaftadóttir.

VII. Strandasýsla.

1.

Stjórn Kaupfélags Hrútfirðinga, Borðeyri, gefur Jóni Gunnarssyni prókúruumboð fyrir nefnt félag og skrifar hann nafn sitt þannig:

pr. pr. Kaupfélag Hrútfirðinga.
Jón Gunnarsson.

Frá sama tíma afturkallast prókúruumboð það, sem Ingólfur Jónsson hefur haft fyrir nefnt félag.

Borðeyri, 5. nóv. 1946.
Gunnar Þórðarson.
Jón Tómasson.
Þorst. Ól. Þorsteinsson.

2.

Hér með tilkynnist til hlutafélagaskrár Strandasýslu, að á aðalfundi Niðursuðuverksmiðju Hólmavíkur h/f, sem haldinn var 24. ágúst 1947, voru eftirtaldir menn kosnir í stjórn félagsins: Kristinn Benediktsson, kaupmaður, Kristján Jónsson, kaupmaður, og Friðjón Sigurðsson, skrifstofumaður, allir búsettir í Hólmavík.

Varamaður Jóhannes Bergsveinsson, bifreiðarstjóri, Hólmavík. Form. stjórnarinnar er Kristinn Benediktsson.

Hólmavík, 12. september 1947.
Kristinn Benediktsson.
Kristján Jónsson.
Friðjón Sigurðsson.

VIII. Skagafjarðarsýsla.

1.

Við undirritaðir, Sigurður Sigfússon og Árni Jóhannesson, báðir til heimilis á Sauðárkróki, rekum byggingavöruverzlun og trésmíðaverkstæði á Sauðárkróki með ótakmarkaðri ábyrgð undir firmanafninu Byggingavöruverzlun Sigurðar Sigfússonar. Hvor okkar um sig ritar firmað, þannig:

Byggingavöruverzlun
Sigurðar Sigfússonar.
Sigurður Sigfússon.
Byggingavöruverzlun
Sigurðar Sigfússonar.
Árni Jóhannsson.

Prókúruumboð hefur Árni Jóhannsson 263
og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Byggingavöruverzlun
Sigurðar Sigfússonar.
Árni Jóhannsson.

Sauðárkróki, 24. jan. 1947.
Sigurður Sigfússon.
Árni Jóhannsson.

2.

Hér með tilkynnist til firmaskrárinnar, að prókúruumboð það, sem Þormóður Pálsson hefur haft fyrir Samvinnufélag Fljótamanna í Haganesvík, er afturkallað frá og með 5. júní 1947.

Frá deginum í dag að telja veitist formanni félagsins, Hermanni Jónssyni á Yzta-Mói, prókúruumboð fyrir félagið þangað til annað verður ákveðið.

Haganesvík, 9. júní 1947.
Í stjórn Samvinnufélags Fljótamanna.
Herm. Jónsson.
Árni Eiríksson.
Jón Gunnlaugsson.
Hartmann Guðmundsson.
Jónm. G. Guðm.son.

IX. Siglufjörður.

1.

Aðalfundur í Verzlunarfélagi Siglufjarðar h.f., Siglufirði, samþykkti eftirfarandi breytingar á samþykktum félagsins:

a) að úr stjórn félagsins, sem er skipuð þremur mönnum, gangi einn maður árlega, tvö fyrstu árin eftir hlutkesti.

Stjórn félagsins skipa nú: Árni Ásbjarnarson, bústjóri, Hóli, formaður, og meðstjórnendur Jón Jóhannesson, málfærslum., Siglufirði, og Finnur Nielsson, bókhaldari, Siglufirði.

Framkvæmdastjóri er Ásgeir Jónasson.

b) að auka hlutafé félagsins upp í kr. 120000.00.

Hlutafjársöfnun heldur áfram.

Siglufirði, 30. október 1946.
Í stjórn Verzlunarfélags Siglufjarðar h.f.
Árni Ásbjarnarson.
F. Nielsson.
Jón Jóhannesson.

263 Hér með tilkynnist til firmaskrár Siglufjarðarkaupstaðar, að vegna fjarveru Þóris Halldórssonar hefur hann lagt niður prókúruumboð fyrir h/f Pólarsíld, Siglufirði, frá 20. nóvember s. l., og hefur Páli Erlendssyni, Siglufirði, verið veitt prókúruumboð fyrir nefnt hlutafélag frá sama tíma að telja og þar til öðruvísi verður ákveðið.

Páll Erlendsson ritar firmað þannig:
pr. pr. h/f Pólarsíld
Páll Erlendsson.

Siglufirði, 20. nóvember 1946.
Í stjórn h/f Pólarsíldar
Sigþór Guðjónsson.
F. h. Magnúsar Halldórssonar
H. Kristinsson
(skv. umboði).

3.

Það tilkynnist hér með, að stjórn Síldarverksmiðja ríkisins hefur á fundi sínum hinn 28. þ. m. veitt Sigurði Jónssyni, skrifstofustjóra, Túngötu 43, Siglufirði, sem ráðinn hefur verið viðskiptaframkvæmdastjóri Síldarverksmiðja ríkisins frá 1. jan. 1947, prókúruumboð fyrir verksmiðjurnar frá sama tíma að telja samkv. 4. gr. laga nr. 1/1938.

Frá og með 1. janúar 1947 afturkallast prókúruumboð Hilmars Kristjónssonar, framkvæmdastjóra, Hlíðarvegi 4 A, Siglufirði, sem verður tekniskur framkvæmdastjóri Síldarverksmiðja ríkisins frá 1. jan. 1947.

Viðskiptaframkvæmdastjórinn skuldbindur Síldarverksmiðjur ríkisins þannig með undirskrift sinni:

pr. pr. Síldarverksmiðjur ríkisins.
Sigurður Jónsson.
Reykjavík, 31. des. 1946.
Stjórn Síldarverksmiðja ríkisins.
Sveinn Benediktsson.
Jón L. Þórðarson.
Erl. Þorsteinsson.

4.

Hér með tilkynnist, að á fundi 12. febr. 1947 ákvað Síldarútvegsnefnd að veita framkvæmdastjóra nefndarinnar, Jóni Stefánssyni, Siglufirði, prókúruumboð fyrir Síldarútvegsnefnd með réttindum og skyldum prókúruhafa samkvæmt lögum.

Prókúruhafi undirritar þannig:
pr. pr. Síldarútvegsnefnd.
Jón Stefánsson.
F. h. Síldarútvegsnefndar.
Sig. Kristjánsson, form.

5.

Prókúruumboð það, er Georg Pálsson, skrifstofumaður, Siglufirði, hefur haft fyrir mína hönd, afturkallast hér með frá deginum í dag að telja.

Siglufirði, 6. marz 1947.
Friðrik Guðjónsson.

6.

Hér með tilkynnist hlutafélagaskrá Siglufjarðar, að á aðalfundi í félaginu Þormóður Eyólfsson, sem haldinn var 17. júní 1947, var kosin í stjórn félagsins frú Guðrún Björnsdóttir, Siglufirði, í stað Jóns Kjartanssonar.

Siglufirði, 15. júlí 1947.
Stjórn Þormóðs Eyólfssonar h/f
Þormóður Eyólfsson,
formaður.
Sigrún Þormóðs,
varaformaður.
Guðrún Björnsdóttir,
ritari.

7.

Hér með tilkynnist til firmaskrár Siglufjarðarkaupstaðar, að með deginum í dag leggur Páll Erlendsson niður prókúruumboð fyrir Pólarsíld h/f, Siglufirði, en við prókúruumboðinu tekur Sigþór Guðjónsson, Hólavegi 19, Siglufirði, og ritar þannig fyrir firmað:

pr. pr. Pólarsíld h/f.
Sigþór Guðjónsson.

Enn fremur tilkynnist, að Magnús Halldórsson er genginn úr stjórn félagsins, en í hans stað kemur Agnar Samúelsson.

Stjórn félagsins skipa því nú: Sigþór Guðjónsson, form., Páll Erlendsson, ritari, og Agnar Samúelsson, meðstj.

Siglufirði, 14. ágúst 1947.
Sigþór Guðjónsson.
Páll Erlendsson.
Anton Samúelsson.

X. Eyjafjarðarsýsla og Akureyrarkaupstaður.

1.

Hinn 31. október 1946 voru eftirtaldir menn kosnir í stjórn Vöruhússins h/f á Akureyri:

Páll Sigurgeirsson, Eyrarlandsvegi 24, formaður, Sigríður Oddsdóttir, s. st., varaformaður, og Haraldur Sigurgeirsson, Hafnarstræti 106, ritari.

Endurskoðendur: Magnús Jónsson, lögfræðingur, Helgamagrastræti 20, og Karl Friðriksson, verkstjóri, Strandgötu 45.

Jafnframt var Páli Sigurgeirssyni veitt prókúruumboð fyrir félagið, og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Vöruhúsið h/f.
Páll Sigurgeirsson.

2.

Heimili og varnarþing hlutafélagsins Múla er á Dalvík, en ekki Akureyri, svo sem misritazt hafði í handriti, sbr. 42. tbl. Lögbirtingablaðsins 1946.

3.

Hér með tilkynnist, að stjórn h/f Hauka í Hrísey hefur á fundi hinn 23. nóv. 1946 ráðið Jón Guðmundsson, Bjarmastíg 11, Akureyri, framkvæmdastjóra félagsins og veitt honum prókúruumboð. Ritar hann firmað þannig:

pr. pr. H/f Haukar.
Jón Guðmundsson.
Akureyri, 23. nóvember 1946.
Magnús Gamalielsson.
Björgvin Jónsson.

4.

Á hluthafafundi í H/f Bifreiðaverkstæðinu Þórshamri 5. des. 1946 var samþykkt hlutafjáraukning félagsins úr kr. 70000.00 í kr. 300000.00. Innborgað hlutafé er kr. 245000.00. Þá tilkynnist enn fremur, að stjórn hlutafélagsins skipa nú: Stefán Árnason, forstjóri, Þingvallastræti 16, Akureyri, formaður, Eiríkur Brynjólfsson, Kristnesi, og Gísli Ólafsson, Holtagötu 8, Akureyri. Stefán Árnason er framkvstj. félagsins með prókúruumboði.

5. 263

Skv. ákvörðun meiri hl. félagsstjórnar í h/f Ægi, Akureyri, hefur prókúruumboð það, sem stjórn félags vors veitti Bergi skipstjóra Lárussyni, Dalvík, í maí s. l., verið afturkallað.

Hér eftir ritar Richardt Ryel því einn firmað, þannig:

pr. Ægir h/f.
Richardt Ryel.
P. t. Akureyri, 2. janúar 1947.
Í stjórn Ægis h/f.
Richardt Ryel.
Gunnhildur Ryel.

6.

Hér með er Randver Sæmundssyni, verzlunarmanni, Ólafsfirði, veitt prókúruumboð fyrir Verzlunarfélag Ólafsfjarðar s/f, með fullum réttindum og skyldum prókúruhafa lögum samkvæmt.

Firmað ritar hann þannig:

pr. pr. Verzlunarfélag Ólafsfjarðar s/f
Randver Sæmundsson.

Jafnframt afturkallast prókúruumboð það, er Magnúsi Jónssyni, verzlunarstj., var veitt fyrir nefnt samvinnufélag, dags. 1. febr. 1946.

Ólafsfirði, 16. janúar 1947.
Í stjórn Verzlunarfélags Ólafsfjarðar s/f
Sigurður Baldvinsson.
Guðm. L. Þorsteinsson.
Jóh. J. Kristjánsson.

7.

Stjórn Síldarverksmiðjunnar í Krossanesi hefur á fundi sínum í dag samþykkt að veita framkvæmdastjóra verksmiðjunnar, Hallgrími Björnssyni efnaverkfræðingi, prókúruumboð fyrir verksmiðjuna. Ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Síldarverksmiðjan í Krossanesi.
Hallgrímur Björnsson.
Akureyri, 10. febrúar 1947.
Í stjórn
Síldarverksmiðjunnar í Krossanesi.
Guðm. Guðlaugsson.
Jón G. Sólnes.
Björn Jónsson.
Jón M. Árnason.
Þorsteinn Stefánsson,
settur bæjarstjóri.

263 8.

Hér með tilkynnist til firmaskrár Eyjafjarðarsýslu og Akureyrar, að við undirritaðir, Ólafur Ágústsson, húsgagnasmíðameistari, og Ágúst Ólafsson, báðir til heimilis á Strandgötu 33 á Akureyri, rekum húsgagnavinnustoku á Akureyri undir firmanafninu Húsagagnavinnustofa Ólafs Ágústssonar & Co. Firmað rekum við með fullri persónulegri ábyrgð beggja á öllum skuldbindingum þess. Firmað ritum við hvor um sig eða báðir saman, þannig:

Húsgagnavinnustofa
Ólafs Ágústssonar & Co.
Ólafur Ágústsson.
Ágúst Ólafsson.

Akureyri, 14. febr. 1947.
Ólafur Ágústsson.
Ágúst Ólafsson.

9.

Á aðalfundi í hlutafélaginu Stöðvarhúsinu 31. f. m. var ákveðið að hækka hlutafé félagsins úr kr. 35000.00 í kr. 50000.00. Á sama aðalfundi gekk Hafsteinn Halldórsson úr stjórn félagsins, en í stað hans var kjörinn Steingrímur Sigursteinsson, bifreiðarstjóri, Akureyri.

Akureyri, 17. febrúar 1947.
F. h. Stöðvarhússins h/f.
Guðmundur Snorrason.
Þórður Arnaldsson.

10.

Hér með tilkynnum vér, að prókúruumboð fyrir Útgerðarfélag Akureyringa h/f var á stjórnarfundi félagsins hinn 5. marz 1947 veitt Guðmundi Guðmundssyni framkvæmdastjóra.

Ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Útgerðarfélag Akureyringa h/f.
Guðmundur Guðmundsson.

Í stjórn Útgerðarfélags Akureyringa h/f.
Jakob Frímannsson.
Indriði Helgason.
Tryggvi Helgason.
Steinn Steinsen.

11.

Hér með tilkynnist til firmaskrár Akureyrar, að vér rekum með ótakmarkaðri ábyrgð vefnaðarvöruverzlun á Akureyri undir nafninu: Amarobúðin.

Prókúruhafi er Skarphéðinn Ásgeirsson, Helgamagrastr. 2, Akureyri, og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Amarobúðin.
Skarphéðinn Ásgeirsson.

Akureyri, 25. maí 1947.
Skarphéðinn Ásgeirsson.
Valg. Stefánsson.

12.

Það tilkynnist hér með til hlutafélagaskrár Akureyrar að Ægir h.f., Akureyri, hefur flutt heimilisfang sitt til Reykjavíkur, samkv. fundarsamþykkt 3. júní 1947.

Hlutafélagið óskast því afmáð úr hlutafélagaskrá Akureyrar og skrásetningarskjölin send borgarfógetanum í Reykjavík.

Reykjavík, 4. júní 1947.
Jón Halldórs.
Richardt Ryel.
Bergur Lárusson.

13.

Ég undirritaður lýsi því hér með yfir, að ég er ekki lengur meðeigandi að „Félagsútgáfunni", Akureyri, og eru allar skuldbindingar hennar því hér eftir mér óviðkomandi.

Jónas G. Rafnar,
cand. jur.

Við undirritaðir lýsum því hér með yfir, að við erum einir eigendur Félagsútgáfunnar á Akureyri og berum einir ábyrgð á skuldbindingum hennar. Frá sama tíma afturkallast prókúruumboð Jónasar G. Rafnars. Við höfum hvor um sig prókúru fyrir útgáfuna, og ritum þannig:

Félagsútgáfan.
Karl Jónasson.
Félagsútgáfan.
Guðm. Ó. Ólafsson.

Akureyri, 29. júlí 1947.
Karl Jónasson.
Guðm. Ó. Ólafsson.

14.
Ég undirrituð Friðrika Friðriksdóttir, bóksali, Akureyri, gef hér með Ásgeiri Jakobssyni, einnig til heimilis á Akureyri, prókúruumboð fyrir bókabúð mína samkvæmt lögum nr. 42 13. nóv. 1903. Firmað ritar hann þannig:

p. p. Bókabúð Rikku.
Ásgeir Jakobsson.
10. sept. 1947.
Friðrika Friðriksdóttir.

15.
Við undirrituð höfum keypt í félagi verzlunina Gjafabúðina á Akureyri af Þorsteini Thorlacius og munum reka hana framvegis með ótakmarkaðri ábyrgð undir firmanafninu Gjafabúðin s/f, Akureyri. Valgarður Stefánsson, Oddeyrargötu 28, hefur prókúruumboð fyrir félagið, og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Gjafabúðin s/f.
Valgarður Stefánsson.
Akureyri, 24. september 1947.
Guðrún Valgarðsdóttir.
Ragnheiður Valgarðsdóttir.
Valgarður Stefánsson.

16.
Það tilkynnist hér með til hlutafélagaskrár, að á aðalfundi í h/f J. K. Havsteen & Co. hinn 2. þ. m. voru eftiralin kosin í stjórn félagsins: J. K. Havsteen, Akureyri, Vigfús Þ. Jónsson, s. st., og Huld Jóhannesdóttir, s. st.

Akureyri, 26. sept. 1947.
F. h. h/f J. K. Havsteen & Co.
Vigfús Þ. Jónsson.
Huld Jóhannesdóttir.

17.
Það tilkynnist hér með til hlutafélagaskrár, að á stjórnarfundi í h/f J. K. Havsteen & Co., Akureyri, höldnum í dag, var samþykkt að nema úr gildi frá deginum í dag að telja prókúruumboð J. K. Havsteen fyrir félagið.

Akureyri, 26. sept. 1947.
Vigfús Þ. Jónsson.
Huld Jóhannesdóttir.

18.
Hinn 7. október 1944 gekk Ottó Pálsson, Strandgötu 29, úr firmanu Tómas Steingrímsson & Co., og ber hann ekki á- 263
byrgð á skuldbindingum firmans frá þeim tíma. Samkvæmt því hefur Tómas Steingrímsson, Munkaþverárstræti 35, verið einkaeigandi firmans Tómas Steingrímsson & Co. frá 7. okt. 1944, og ber hann einn ábyrgð á öllum skuldbindingum firmans og skuldum frá þeim tíma.
Eftirleiðis skuldbindur Tómas Steingrímsson einn firmað, þannig:

Tómas Steingrímsson & Co.
T. Steingrímsson,
Akureyri, 11. október 1947.
Tómas Steingrímsson.
Ottó Pálsson.

19.
Á aðalfundi Véla- og plötusmiðjunnar Atla h/f 20. apríl 1947 voru þessir menn kjörnir í stjórn hlutafélagsins: Sveinn Tómasson járnsm., Geislag. 39, Akureyri, form., Eggert Stefánsson vélsm., Eyrarvegi 7, og Alfred Möller vélsm., Eiðsvallagötu 26, Akureyri, meðstjórnendur. Varamaður í stjórn er Stefán Stefánsson járnsmiður, Glerárgötu 2, Akureyri.
Á fundinum var afturkallað prókúruumboð Steingríms Sigurðssonar, en Albert Sölvasyni framkvstj. og Sveini Tómassyni veitt prókúruumboð fyrir hlutafélagið.
Prókúruhafarnir rita firmað þannig:

pr. pr. Véla- og plötusmiðjan Atli h/f.
Albert Sölvason.
pr. pr. Véla- og plötusmiðjan Atli h/f.
Sveinn Tómasson.
Akureyri, 17. október 1947.
Stjórn Véla- og plötusmiðjunnar Atla h/f.
Sveinn Tómasson.
Eggert Stefánsson.
Alfred Möller.

XI. Suður-Múlasýsla.

1.
Hér með tilkynnist, að á aðalfundi Hraðfrystihúss Eskifjarðar h.f. hinn 16. febr. 1947 var kosin ný stjórn fyrir félagið. Stjórnina skipa nú: Aðalmenn: Arnþór Jensen, framkvstj., Guðjón Einarsson, sjóm., Ingólfur Hallgrímsson,

263 framkvstj., Jóhann Klausen, útgm., Skúli Þorsteinsson, skólastjóri.

Varamenn: Helgi Sigurðsson, verkam., Kristján Indriðason, fiskimatsm.

Eskifirði, 19. marz 1947.
Arnþór Jensen.
Skúli Þorsteinsson.
Ingólfur Hallgrímsson.

2.

Hér með veitum vér, stjórn firmans Markúsar E. Jensen h/f, Eskifirði, Ingólfi Hallgrímssyni, Eskifirði, prókúruumboð fyrir firmað. Um réttindi og skyldur prókúruhafa fer að lögum. Prókúruhafinn ritar nafn sitt þannig:

pr. pr. Markús E. Jensen h/f
Ingólfur Fr. Hallgrímsson.
Eskifirði, 13. október 1947.

Í stjórn Markúsar E. Jensen h/f.
M. Jensen.
Elín Jensen.
Ingólfur Hallgrímsson.

XII. Neskaupstaður.

1.

Hér með tilkynnist, að ég, Jóhann P. Guðmundsson, Miðstræti 10, Neskaupstað, rek trésmíðavinnustofu hér í bænum með ótakmarkaðri ábyrgð undir nafninu Trésmiðjan Einir. Firmað rita ég þannig:

Trésmiðjan Einir.
Jóh. P. Guðmundsson.

Neskaupstað, 24. júlí 1947.
Jóhann P. Guðmundsson.

2.

Hér með tilkynnist, að ég undirritaður hef selt firma mitt, Verzlun Björns Björnssonar, er ég hef rekið sem einkaeigandi, samnefndu hlutafélagi, og óskast hún því afmáð úr firmaskrá Neskaupstaðar.

Neskaupstað, 1. september 1947.
B. Björnsson.

XIII. Vestmannaeyjar.

1.

Við undirritaðir rekum í félagi með ótakmarkaðri ábyrgð hraðfrystihús í Vestmannaeyjum undir firmanafninu: Hraðfrystistöðin. Framlag okkar nemur samtals kr. 100000.00, ⅓ þeirrar fjárhæðar frá hverjum okkar. Hver okkar um sig hefur rétt til að rita firmað, en þó þarf samþykki allra til að selja eða veðsetja fasteignir, er félagið kann að eignast. Firmað ritum við þannig:

Hraðfrystistöðin.
Ágúst V. Matthíasson.
Hraðfrystistöðin.
Gísli Þorsteinsson.
Hraðfrystistöðin.
Þorsteinn Sigurðsson.

Vestmannaeyjum, 11. janúar 1947.
Ágúst V. Matthíasson.
Gísli Þorsteinsson.
Þorsteinn Sigurðsson.

2.

Á aðalfundi Prentsmiðjunnar Eyrúnar h/f, er haldinn var 26. marz s. l., voru þessir menn kosnir í stjórn prentsmiðjunnar: Gísli Gíslason, Sveinn Guðmundsson, Einar Guttormsson, Sigurður Guttormsson, allir endurkosnir, og Magnús Bergsson í stað Björns Guðmundssonar, kaupm. Varamenn: Páll Þorbjörnsson endurkosinn og Þorsteinn Johnson í stað Guðjóns Vigfússonar, skipstjóra.

Vestmannaeyjum, 20. apríl 1947.
F. h. Prentsmiðjunnar Eyrúnar h/f.
Gísli Gíslason.
Sveinn Guðmundsson.
Magnús Bergsson.

3.

Ég undirritaður rek í Vestmannaeyjum með ótakmarkaðri ábyrgð netagerðar- og litunarvinnustofu undir nafninu Litunar- og netagerðin Ingólfur. Firmað rita ég þannig:

Litunar- og netagerðin Ingólfur.
Ingólfur Theódórsson.

Vestmannaeyjum, 27. maí 1947.
Ingólfur Theódórsson.

XIV. Rangárvallasýsla.

Það tilkynnist hér með, að Hallgrími Jónassyni, Rauðalæk, hefur verið veitt prókúruumboð fyrir Kaupfélag Rangæinga, og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Kaupfélag Rangæinga.
Hallgrímur Jónasson.

Einnig tilkynnist, að prókúruumboð Helga Hannessonar fyrir félagið er afturkallað.

Rauðalæk, 7. júní 1947.
Í stjórn Kaupfélags Rangæinga.
Ölver Karlsson.
Ólafur H. Guðmundsson.
Árni Jónsson.

XV. Gullbringu- og Kjósasýsla og Hafnarfjörður.

1.

Vélsmiðja Ol. Olsen h/f, Ytri- Njarðvík, tilkynnir, að áður auglýst prókúruumboð til handa John Turner sé úr gildi fallið. Jafnframt tilkynnist, að prókúruumboð félagsins hefur verið veitt Sigurbirni Ketilssyni, og ritar hann það þannig:

pr. pr. Vélsmiðja Ol. Olsen h/f.
Sigurbjörn Ketilsson.
Stjórn Vélsmiðju Ol. Olsen h/f.
Sigurbjörn Ketilsson.
Haraldur Sigurðsson.
J. K. Olsen.
Sverre Olsen.
Karl Olsen.

2.

Það tilkynnist hér með, að á aðalfundi Suðurnesja h/f, Keflavík, 23. febr. 1946 gekk Ólafur E. Einarsson úr stjórn félagsins. Lét hann um leið af framkvæmdastjórn þess, og afturkallast prókúruumboð hans jafnframt fyrir félagið. Í stað hans var kosinn í stjórn Brandur Brynjólfsson hdl., Bræðraborgarstíg 21 B, Rvík, en Viggó Helgason, Bankastræti 7, Rvík, var kosinn formaður stjórnarinnar.

Reykjavík, 31. okt. 1946.
Viggó Helgason.
M. Helgason.
Brandur Brynjólfsson.

3. 263

Hér með tilkynnist til hlutafélagaskrár Hafnarfjarðar, að á stjórnarfundi í hlutafélaginu Fiski í dag, var Birni Jóhannessyni veitt prókúruumboð fyrir félagið.

Ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Fiskur h/f.
Björn Jóhannesson.
Stjórn Fisks h/f.
Björn Jóhannesson.
Þórarinn Egilson.
Óskar Jónsson.
B. Halldórsson.
Adolf Björnsson.

4.

Hér með tilkynnist, að á aðalfundi Dráttarbrautar Keflavíkur h/f, sem haldinn var í skrifstofu félagsins í Keflavík, laugardaginn 2. nóvember 1946, voru eftirtaldir menn kosnir í stjórn félagsins til eins árs: Valdimar Björnsson, Keflavík, formaður, Björn Ólafs, Mýrarhúsum, Finnbogi Guðmundsson, Gerðum, Ólafur Jónsson, Sandgerði, Elías Þorsteinsson, Keflavík.

Keflavík, 30. desember 1946.
pr. pr. Dráttarbraut Keflavíkur h/f.
Björn Ólafs.

5.

Samkv. tilkynningu firmans h/f Akurgerðis í Hafnarfirði, dags. 18. nóv. 1946, hefur félaginu verið slitið og er skiptum lokið.

6.

Hluthafafundur í félaginu Sandi & möl h/f, Fífuhvammi, Seltjarnarneshreppi, haldinn 30. nóv., ákvað að félagsskapnum skyldi slitið þegar í stað.

Fífuhvammi, 17. des. 1946.
F. h. Sands & malar h/f.
Kristján Ísaksson.
Hannes M. Stephensen.

7.

Hér með tilkynnist, að á stjórnarfundi Dráttarbrautar Keflavíkur h/f, sem haldinn var í dag, var Valdimar Björnsson, Suðurgötu 2 í Keflavík, ráðinn fram-

263 kvæmdastjóri fyrir félagið og jafnframt veitt prókúruumboð með venjulegum réttindum prókúruhafa. Gildir prókúruumboð þetta frá og með 6. janúar 1947, og fellur prókúruumboð það, sem Björn Ólafs frá Mýrarhúsum hefur haft, úr gildi frá sama tíma.

Valdimar Björnsson ritar firmað þannig:

pr. pr. Dráttarbraut Keflavíkur h/f.
Valdimar Björnsson.

Keflavík, 31. des. 1946.

Í stjórn Dráttarbrautar Keflavíkur h/f.
Elías Þorsteinsson.
Björn Ólafs.
Finnbogi Guðmundsson.
Ólafur Jónsson.
Valdimar Björnsson.

8.

Hér með tilkynni ég undirrituð, Bjarnfríður Sigurðardóttir, Vatnsnesi, Keflavík, til firmaskrár Gullbringu- og Kjósarsýslu, að ég mun halda áfram óbreyttri verzlun manns míns, Jóhanns heitins Guðnasonar, og reka hana undir sama nafni og áður: Timburverzlun Jóhanns Guðnasonar. Ber ég fulla ábyrgð á skuldbindingum verzlunarinnar.

Firmað rita ég þannig:

Timburverzlun Jóhanns Guðnasonar.
Bjarnfríður Sigurðardóttir.

Reykjavík, 10. janúar 1947.
Bjarnfríður Sigurðardóttir.

9.

Hér með tilkynnist til firmaskrár Gullbringu- og Kjósarsýslu, að Friðrik Þorsteinssyni, Vallargötu 26, Keflavík, hefur í dag verið veitt prókúruumboð fyrir firmað Timburverzlun Jóhanns Guðnasonar. Ritar hann firmað þannig:

pr. pr.
Timburverzlun Jóhanns Guðnasonar.
Friðrik Þorsteinsson.

Keflavík, 11. janúar 1947.
Bjarnfríður Sigurðardóttir.

10.

Undirrituð stjórn Hraðfrystihúss Þorkötlustaða h/f, Grindavík, veitir hér með Jóni Daníelssyni prókúruumboð fyrir nefnt hlutafélag með öllum réttindum og skyldum prókúruhafa lögum samkvæmt.

Firmað ritar hann þannig:

pr. pr. Hraðfrystihús Þorkötlustaða h/f.
Jón Daníelsson.

Grindavík, 23. janúar 1947.

Stjórn Hraðfrystihúss Þorkötlustaða h/f.
Magnús Þórðarson.
Jón Guðmundsson.
Þórarinn Pétursson.
Jón Eyjólfsson.

11.

Á fundi, sem haldinn var í Hraðfrystihúsinu Ís h/f, Kópavogi, 20. febr. 1947, var ákveðið að veita Eyvindi Árnasyni trésm., Laufásvegi 52, lausn úr stjórn félagsins, en í hans stað kemur Eyvindur Árnason, Klöpp, Seltjarnarnesi. Þá var og ákveðið að veita þeim Árna S. Böðvarssyni, forstj. félagsins, og J. B. Kristinssyni, ritara þess, prókúru fyrir félagið og rita þeir það þannig:

pr. pr. Hraðfrystihúsið Ís h/f.
Á. S. Böðvarsson.
pr. pr. Hraðfrystihúsið Ís h/f.
J. B. Kristinsson.

Þetta tilkynnist hér með.

Kópavogi, 20. febrúar 1947.
Hraðfrystihúsið Ís h/f.
Á. S. Böðversson.
J. B. Kristinsson.
Eyvindur Árnason.

12.

Það tilkynnist hér með, að á aðalfundi hlutafél. Skipasmíðastöðvar Njarðvíkur, sem haldinn var í dag, gekk Friðrik Valdimarsson úr stjórn félagsins, en í hans stað var kosinn Stefán Þorvarðarson. Stjórn félagsins er því nú skipuð þannig: Formaður Bjarni Einarsson, meðstjórnendur Stefán Þorvarðarson og Stefán Sigurfinnsson og varastjórnandi Sigurður Guðmundsson.

Enn fremur tilkynnist að sami aðalfundur veitti formanni félagsins, Bjarna Einarssyni, prókúruumboð fyrir félagið með öllum réttindum og skyldum pró-

kúruhafa samkvæmt lögum, og hagar hann undirskriftinni þannig:

pr. pr. Skipasmíðastöð Njarðvíkur h.f.
Bjarni Einarsson.
Ytri-Njarðvík, 26. apríl 1947.
Stjórn Skipasmíðastöðvar Njarðvíkur h.f.
Bjarni Einarsson.
Stefán Þorvarðarson.
St. Sigurfinnsson.

13.

Hér með tilkynnist til hlutafélagaskrár Gullbringu- og Kjósarsýslu, að á fundi 5. okt. 1946 var samþykkt að auka hlutafé félagsins um kr. 130000.00 upp í kr. 180000.00. Aukningahlutirnir voru allir seldir á fundinum, en af þeim skyldi greiða þegar kr. 90000.00 og kr. 40000.00 þegar stjórnin krefðist þess.

p. t. Reykjavík, 5. maí 1947.
Í stjórn Geirs goða h/f
Loftur Loftsson.
Ingveldur Ólafsdóttir.

14.

Á stjórnarfundi í Fiski h/f, sem haldinn var 16. maí s. l., samþykkti stjórnin að veita Ólafi framkvæmdastj. Elíssyni prókúruumboð fyrir félagið, og afturkallast því hér með prókúruumboð Björns framkvæmdastjóra Jóhannessonar frá sama tíma.

Hafnarfirði, 16. maí 1947.
Fiskur h.f.
Björn Jóhannesson
Þórarinn Egilson.
Óskar Jónsson.

15.

Á hluthafafundi í Skipasmíðastöð Njarðvíkur h/f, sem haldinn var hinn 9. okt. f. á., var ákveðið að auka hlutafé félagsins í kr. 200000.00 — tvö hundruð þúsundir króna. Hlutafjársöfnun er nú lokið og allt hlutafé greitt.

Njarðvík, 17. maí 1947.
Bjarni Einarsson.
Stefán Þorvarðsson.
St. Sigurfinnsson.

16.

Vér leyfum oss hér með að tilkynna, að á aðalfundi, sem haldinn var 31. maí s. l. í Fiski h/f, Hafnarfirði, var sú breyting gerð á lögum félagsins, að stjórnin 263
skal skipuð 3 mönnum í stað 5. Enn fremur var stjórninni veitt heimild til að auka hlutafé félagsins upp í allt að 700 þús. krónur.

Stjórn félagsins skipa nú: Ólafur Elísson, Hafnarfirði, Eiríkur Guðmundsson, Garðastr. 39, Reykjavík, og Óskar Jónsson, Hafnarfirði.

Varamaður í stjórn er Guðmundur Jónasson, Hafnarfirði.

Á stjórnarfundi í dag var Óskar Jónsson kosinn formaður stjórnarinnar.

Hafnarfirði, 5. júní 1947.
Fiskur h/f.
Óskar Jónsson.
Ólafur Elísson.
Eiríkur Guðmundsson.

17.

Á aðalfundi Prentsmiðju Hafnarfjarðar h/f 12. júní 1947 hlutu þessir kosningu í stjórn félagsins:

Sigurður Guðmundsson, arkitekt, form.,
Kjartan Thors, framkvæmdastjóri, og
Guðmundur Ragnar Jósefsson, prentari, meðstjórnendur.

Varamaður: Bergur Jónsson, héraðsdómslögmaður.

Á fundi þessum var ákveðið að auka hlutaféð í 300000 — þrjú hundruð þúsund — krónur, og seldust allir hlutirnir á fundinum. Innborgað hlutafé er 280000 kr.

Sigurður Guðmundsson.
Kjartan Thors.
Guðmundur Ragnar Jósefsson.

18.

Á fundi stjórnar Bílaverkstæðis Hafnarfjarðar h/f 2. júlí 1947 var samþykkt að veita framkvæmdastjóra félagsins, Andrési Guðnasyni, Kirkjuteigi 16, Reykjavík, fullt prókúruumboð fyrir félagið, og falla niður frá sama tíma öll áður auglýst réttindi manna til að rita firmað.

Prókúruhafi ritar firmað þannig:

pr. pr. Bílaverkstæði Hafnarfjarðar h/f.
Andrés Guðnason.
Hafnarfirði, 2. júlí 1947.
Stjórn Bílaverkstæðis Hafnarfjarðar h/f.
G. Magnússon.
Kristján Steingrímsson.

263 19.

Stjórn Kaupfélags Hafnfirðinga hélt fund í skrifstofu félagsins þriðjudaginn 5. ágúst 1947. Mættir voru undirritaðir. Óskar Jónsson var fjarverandi úr bænum. Samþykkt var að veita framkvæmdarstjóranum, Ragnari Péturssyni, Linnetsstíg 8, Hafnarfirði, prókúruumboð fyrir félagið. Fundi slitið.
Ólafur Þ. Kristjánsson. Guðm. Jónasson. Guðjón Gunnarsson. Þórður Þórðarson.
Firmað ritar hann þannig:
pr. pr. Kaupfélag Hafnfirðinga.
Ragnar Pétursson.

20.

Það tilkynnist hér með, að Kristján Georg Jósteinsson, Suðurgötu 34, Keflavík, hefur gengið úr hlutafélaginu Vélsmiðju Njarðvíkur og í hans stað hefur gengið í félagið Skarphéðinn Ágústsson, vélsmiður, Innri-Njarðvík. Stjórn félagsins er nú þannig skipuð: Magnús Kristinsson, formaður, og meðstjórnendur eru Friðrik Valdimarsson og Skarphéðinn Ágústsson. Varamaður: Hákon Kristinsson.

Enn fremur tilkynnist, að stjórn félagsins hefur veitt Friðrik Valdimarssyni, skipasmið, Ytri-Njarðvík, prókúruumboð fyrir félagið, með öllum réttindum og skyldum prókúruhafa samkvæmt lögum.
Hagar hann undirskriftinni sem hér segir:
pr. pr. Vélsmiðja Njarðvíkur h/f.
Friðrik Valdimarsson.
Ytri-Njarðvík, 26. ágúst 1947.
Stjórn Vélsmiðju Njarðvíkur h/f.
Magnús Kristinsson.
Skarphéðinn Ágústsson.
Friðrik Valdimarsson.

21.

Stjórn Akurgerðis h/f í Hafnarfirði gerir kunnugt, að hún hefur ráðið þá Þórarin Egilson, Reykjavíkurvegi 1, og Björn Jóhannesson, Vesturbraut 9, framkvæmdastjóra félagsins og jafnframt veitt þeim prókúruumboð fyrir félagið.
Prókúruhafarnir rita firmað þannig:
pr. pr. Akurgerði h/f.
Þórarinn Egilson.
pr. pr. Akurgerði h/f.
Björn Jóhannesson.
Hafnarfirði, 20. sept. 1947.
Stjórn Akurgerðis h/f.
Ásgeir G. Stefánsson.
Adolf Björnsson.
Emil Jónsson.
Friðfinnur V. Stefánsson.

22.

Hér með tilkynnist firmaskrá Hafnarfjarðar, að ég opna blómaverzlun, Pálmann, í Lækjargötu 10, Hafnarfirði, 1. okt. n. k. og ber einn ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum firmans frá og með 1. okt. 1947. Firmað rita ég þannig:
Verzlunin Pálminn.
Magnús Guðmundsson.
Hafnarfirði, 29. sept. 1947.
Magnús Guðmundsson.

AUGLÝSING

frá skráritara vörumerkja í Reykjavík um skrásetningar þær, sem gerðar hafa verið árið 1947.

Skrás. 1947, nr. 1. Tilkynnt 1. nóvember 1946, kl. 2 e. h., af The Kalart Company, Inc., verksmiðjurekstur, Stamford, Connecticut, Bandaríkjum Norður-Ameríku, og skrásett 7. janúar 1947.

Orðið:

KALART

Samkvæmt tilkynningu 19. apríl 1945, er merkið skrásett í Washington 23. október 1945, 26. flokki, fyrir ljósmyndavörur, tæki og útbúnað við ljósmyndavélar og hluta þeirra, einkum fjarlægðarmæla með samstillingu mynda (fjarlægðarmæla með skáglerjum), fjarlægðarmæla með samstillingu ljóspunkta og ljósabúnað til slíkra mæla, sjóngler til fjarlægðarmæla, samtímistæki (synkronisator) fyrir ljósmyndaglampa, ljósvarpa (reflektora), rafgeymiskassa fyrir glamparafgeyma, gikki til að tengja samtímistæki við myndavélalokur, áhöld til að prófa samtímistæki, toppa á þrífætur (stativ) fyrir ljósmyndavélar, hlífðarlegur fyrir þrífætur, skrúfur fyrir þá, plötuhylkjalegur, lita- og ljóssáld til ljósmyndunar, haldara fyrir rafgeymikassa, glamparafgeyma, hluta ofangreindra vara og burðarskrín fyrir ljósmyndatæki og sérbúnað.

Ber að skoða orðið KALART sem sérstaklega tilbúið heiti fyrir ofangreindar vörutegundir.

Skrás. 1947, nr. 2. Tilkynnt 31. desember 1946, kl. 10 f. h., af Cooper Roe Limited, iðnaður, Nottingham, Englandi, og skrásett 17. janúar 1947.

Orðið:

STELLA

Merkið er skrásett í London 11. marz 1942, 25. flokki, fyrir hvers konar fatnaðarvörur að undanskildum sokkaböndum.

Skrás. 1947, nr. 3. Tilkynnt 31. desember 1946, kl. 10 f. h., af sama, og skrásett 17. janúar 1947.

Einkennismiði. Á miðanum er mynd af fjárhirði og þrem kindum. Letruð eru á miðann orðin:

SHEPHERD BRAND.

264



Merkið er skrásett í London 11. marz 1942, 25. flokki, fyrir hvers konar fatnaðarvörur, þar á meðal stígvél, skó og inniskó.

Skrás. 1947, nr. 4. Tilkynnt 2. janúar 1947, kl. 11 f. h., af Commonwealth Plywood Company Limited, iðnaður og verzlun, Quebec, Canada, og skrásett 18. jan. s. á.
Orðið:

„HUSKY"

Merkið er skrásett í Ottawa, Canada, 10. ágúst 1943, fyrir krossvið.

Skrás. 1947, nr. 5. Tilkynnt 2. janúar 1947, kl. 11 f. h., af sama, og skrásett 18. janúar s. á.




Hringmyndað merki með mynd af hundshaus í miðjunni, en utan um hundshausinn standa í hring með rauðu letri, venjulegu prentletri, orðin: HUSKY PLYWOOD.
Merkið er skrásett í Ottawa, Canada, 22. október 1943, fyrir krossvið.

Skrás. 1947, nr. 6. Tilkynnt 27. apríl 1946, kl. 4 e. h., af The Four Wheel Drive Auto Company, verksmiðjurekstur, Clintonville, Wisconsin, Bandaríkjum Norður-Ameríku, og skrásett 23. janúar 1947.

264

Stafirnir:



Samkvæmt tilkynningu 10. júlí 1915, er merkið skrásett í Washington 30. nóv. 1915 fyrir mótordráttarvagna.

Skrásetning merkisins var síðast endurnýjuð 23. júlí 1935.

Skrás. 1947, nr. 7. Tilkynnt 13. júlí 1946, kl. 11 f. h., af Bantam Books, Inc., iðjurekstur, New York, Bandaríkjum Norður-Ameríku, og skrásett 23. janúar 1947.

Orðin:



BANTAM BOOKS

en nokkru ofar til vinstri er mynd af hana inni í hring.

Samkvæmt tilkynningu 15. febrúar 1946, er merkið skrásett í Washington 17. desember 1946 fyrir prentaðar bækur.

Skrás. 1947, nr. 8. Tilkynnt 10. janúar 1947, kl. 11 f. h., af RKO Radio Pictures, Inc., verksmiðjurekstur, New York, Bandaríkjum Norður-Ameríku, og skrásett 27. janúar s. á.

Orðin:



en undir orðunum er mynd af þríhyrningi og sést fleygur ofan í hann.

Samkvæmt tilkynningu 17. febrúar 1937, er merkið skrásett í Washington 16. nóvember 1937, 26. flokki, fyrir filmur, hæfar til að endurframkalla myndir og/eða hljóm, sem tekið hefur verið á þær.

264

Skrás. 1947, nr. 9. Tilkynnt 10. janúar 1947, kl. 11 f. h., af sama, og skrásett 27. janúar s. á.

Á hluta af mynd af jarðarhnettinum stendur turn, sem sendir út radioöldur. Á myndinni stendur:



Samkvæmt tilkynningu 23. ágúst 1937 er merkið skrásett í Washington 18. janúar 1938, 26. flokki, fyrir filmur, hæfar til að endurframkalla myndir og/eða hljóm, sem tekið hefur verið á þær.

Skrás. 1947, nr. 10. Tilkynnt 15. janúar 1947, kl. 11 f. h., af Eagle Pencil Company, verksmiðjurekstur, New York, Bandaríkjum Norður-Ameríku, og skrásett 30. janúar s. á.

Mynd af erni með þanda vængi, og undir myndinni stendur orðið:



Samkvæmt tilkynningu 7. febrúar 1934 er merkið skrásett í Washington 17. júlí 1934, 37. flokki, fyrir blýanta, ritkrít, blý í blýanta, merkiblý, oddhlífar á blýanta, blýantahaldara, áhald til að lengja blýanta, blýantakassa, blýbox, skrúfblýanta, handhreyfða blýantayddara, pennasköft, málmpenna, stylographic penna, lindarpenna, strokleður, blýantabox, skólamuni, penna og blýantaklemmur (clips), bakka undir blýanta og pennasköft og grindur fyrir blýanta og pennasköft, skrifborðsáhöld og skrifborðsgrindur.

Skrás. 1947, nr. 11. Tilkynnt 23. janúar 1947, kl. 2 e. h., af Three Feathers Distributors Inc., áfengisverzlun, New York, Bandaríkjum Norður-Ameríku, og skrásett 4. febrúar s. á.

Orðin:

GREEN RIVER

Samkvæmt tilkynningu 27. febrúar 1935 er merkið skrásett í Washington 2. júlí 1935 fyrir whisky.

Skrás. 1947, nr. 12. Tilkynnt 17. september 1946, kl. 10 f. h., af Georg Jensen Sölvsmedie A/S, iðjurekstur, Kaupmannahöfn, Danmörku, og skrásett 7. febrúar 1947.

Orðin: 264



innan sporbaugs úr perlum.

Samkvæmt tilkynningu 22. september 1936 er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 17. október 1936 fyrir hnífasmíðavörur, borðbúnað, skartgripi, gull- og silfurvörur, „egta" demantsskartgripi og eftirlíkingar og listmuni til skrauts og heimilisnotkunar.

Skrás. 1947, nr. 13. Tilkynnt 17. september 1946, kl. 10 f. h., af sama, og skrásett 7. febrúar 1947.

Bókstafirnir:




í ferhyrndum reit, þannig að J-ið lykur um G-ið á þrjá vegu.

Samkvæmt tilkynningu 2. apríl 1946, er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 6. júlí 1946 fyrir hnífasmíðavörur, borðbúnað, skartgripi, gull- og silfursmíðavörur, „egta" demantsgripi og eftirlíkingar og listmuni til skrauts og heimilisnotkunar.

Skrás. 1947, nr. 14. Tilkynnt 25. janúar 1947, kl. 2 e. h., af C. & J. Clark, Limited, iðjurekstur og verzlun, Street, Somersetshire, Englandi, og skrásett 8. febrúar sama ár.

Mynd af turni, sem stendur á hæð.



Merkið er skrásett í London 4. maí 1893, 38. flokki, fyrir stígvél, skó og inniskó; einnig fyrir kork og aðra lághælaða skó.

Tilkynnandi er skráður eigandi merkisins 16. júní 1904.

Skrásetning merkisins var síðast endurnýjuð 4. maí 1935.

264 Skrás. 1947, nr. 15. Tilkynnt 25. janúar 1947, kl. 2 e. h., af sama, og skrásett 8. febrúar s. á.

Orðið:

SKYLINE

Merkið er skrásett í London 26. október 1938, 25. flokki, fyrir stígvél og skó. Skrásetning merkisins var síðast endurnýjuð 26. október 1945.

Skrás. 1947, nr. 16. Tilkynnt 25. janúar 1947, kl. 2 e. h., af sama, og skrásett 8. febrúar s. á.

Orðið:

Clarks

Merkið er skrásett í London 12. júní 1944, 25. flokki, fyrir stígvél, skó og inniskó.

Skrás. 1947, nr. 17. Tilkynnt 31. janúar 1947, kl. 1 e. h., af J. & P. Coats, Limited, iðjurekstur, Paisley, Skotlandi, og skrásett 10. febrúar s. á.



Kringlóttur miði með rauðum jaðri. Á miðjum miðanum er mynd af bjarndýri og fyrir ofan hana standa í boga orðin YDS BEAR MET. Neðst á merkinu er skjaldarmynd og í boga sitt hvoru megin við hana standa orðin EXTRA STRONG.

Merkið er skrásett í London 19. desember 1945, 23. flokki, fyrir tvinna á keflum og vinzlum.

Skrás. 1947, nr. 18. Tilkynnt 5. febrúar 1947, kl. 11 f. h., af Verksmiðjunni Fram h/f., verksmiðjurekstur, Reykjavík, og skrásett 10. febrúar s. á.

Þríhyrningur og stendur innan í honum orðið: Gloria, en utan um þríhyrninginn er þrefaldur hringur.



Merkið er skrásett fyrir nærfatnað, barnafatnað og kvenfatnað.

Skrás. 1947, nr. 19. Tilkynnt 7. febrúar 1947, kl. 11 f. h., af Sambandi íslenzkra samvinnufélaga, verzlun, iðnaður o. fl., Reykjavík, og skrásett 12. febrúar s. á.
Orðið:

CO-OP

Merkið er skrásett fyrir hvers konar vefnaðarvöru, meðal annars úr ull, bómull, hör, silki, gervisilki og öðrum gerviefnum; fatnað alls konar, svo sem karlmannafrakka, karlmannaföt, karlmannahöfuðföt, kvenkápur, kvenkjóla, karlmanna- og kvensokka, hanzka, skófatnað; ávexti og grænmeti, þurrkað og niðursoðið, og aðrar niðursuðuvörur; te, kaffi, kakaó, sykur og alls konar nýlenduvörur; kornvörur alls konar, svo sem hveiti, rúgmjöl, hafragrjón, hrísgrjón, matbaunir, fóðurvörur; rafmagnsvörur til lýsingar, suðu, kælingar, þurrkunar, alls konar vinnuvélar, svo sem þvottavélar, saumavélar, prjónavélar, hrærivélar, verkfæravélar, búsáhöld, eldhúsáhöld; bifreiðir, reiðhjól og hluti til bifreiða og reiðhjóla, svo sem gúmmíslöngur, loftdælur, lampa, kerti, viftur, svo og hvers konar járnvörur; vörur til landbúnaðar, svo sem alls konar jarðvinnsluvélar og verkfæri, girðingarefni, baðlyf; sápur, þvottaduft og aðrar hreinlætisvörur; pappírsvörur alls konar, svo sem umbúðapappír, prentpappír, fjölritunarpappír, umslög, bréfsefni, bókhaldspappír, bókhaldsbækur byggingarvörur, svo sem timbur, cement, þakjárn, steypujárn, saum, rúðugler, asbest, miðstöðvar- og vatnsleiðslutæki, málningavörur, þakpappa, veggfóður, gólfdúk, hreinlætistæki, eldavélar; útgerðarvörur, svo sem fiskilínur, tauma, öngla, kaðla, hessian, kol og salt; smurningsolíur, koppafeiti, steinolíu, jarðolíu og svo hvers konar olíur.

Skrás. 1947, nr. 20. Tilkynnt 7. febrúar 1947, kl. 11 f. h., af sama, og skrásett 12. febrúar s. á.
Orðið:

IÐUNN

Merkið er skrásett fyrir leðurvörur alls konar, svo sem skófatnað og hanzka, svo og hvers konar leður og skinn.

264 Skrás. 1947, nr. 21. Tilkynnt 7. febrúar 1947, kl. 11 f. h., af sama, og skrásett 12. febrúar s. á.
Orðið:

GEFJUN

Merkið er skrásett fyrir vefnaðarvörur alls konar, svo og prjónavörur og tilbúinn fatnað, lopa og band.

Skrás. 1947, nr. 22. Tilkynnt 7. febrúar 1947, kl. 2 e. h., af James Buchanan & Company, Limited, áfengisgerð, London, Englandi, og skrásett 17. febrúar s. á.



Ferhyrndur einkennismiði. Á ljósum fleti í dökkum grunni er mynd af tveimur hundum, sem sitja á stalli. Framan á stallinum standa orðin: „Black & White" SCOTCH WHISKY. A BLEND, en á hliðinni stendur: BUCHANAN'S.
Merkið er skrásett í London 4. júní 1935, 43. flokki, fyrir whisky.

Skrás. 1947, nr. 23. Tilkynnt 25. febrúar 1947, kl. 2 e. h., af Vono Limited, iðjurekstur, Tipton, Staffordshire, Englandi, og skrásett 7. marz s. á.
Orðið:

VONO

Merkið er skrásett í London 21. ágúst 1909, 41. flokki, fyrir dýnur, borð, rúmútbúnað og völtur.
Skrásetning merkisins var síðast endurnýjuð 21. ágúst 1937.

Skrás. 1947, nr. 24. Tilkynnt 27. febrúar 1947, kl. 10 f. h., af Clark & Company Limited, verksmiðjurekstur, Paisley, Skotlandi, og skrásett 7. marz s. á.



Svartur ferhyrndur flötur. Á eftri helming er gyltur hringur. Innan í honum er annar silfurlitaður hringur og í honum eru orðin: ANCHOR STRANDED COTTON. Í miðjum hringnum er mynd af akkeri og stendur 8 næst fyrir ofan akkerið, en MR fyrir neðan það. Neðar á fletinum eru orðin: MADE IN GREAT BRITAIN. Þar fyrir neðan stendur: FAST COLOUR ANCHOR, og þar fyrir neðan er mynd af akkeri, en við hliðina á því er skráð: DO NOT REMOVE BANDS HOLDS SKEIN HERE AND PULL END WITH OTHER HAND. Neðst á merkinu er nafnið: CLARK & CO. LTD.

Merkið er skrásett í Manchester 9. nóvember 1945, 23. flokki, fyrir saumagarn, heklugarn, útsaumsgarn og prjónagarn úr baðmull að öllu eða að nokkru leyti.

Skrás. 1947, nr. 25. Tilkynnt 28. febrúar 1947, kl. 10 f. h., af Arenco Aktiebolag iðjurekstur og verzlun, Stokkhólmi, Svíþjóð, og skrásett 8. marz s. á.

Orðið:

ARENCO

Samkvæmt tilkynningu 4. júlí 1945 er merkið skrásett í Stokkhólmi 4. október 1946 fyrir: Vélar, þar á meðal vélar til eldspýtnagerðar, vinnuvélar og vélaverkfæri, svo sem borvélar, fræsivélar og slípivélar, vélar til tóbaksiðju, svo sem vélar til vindlagerðar, smávindla- og vindlingagerðar, vélar til áfyllingar og innpökkunar, svo sem vélar til innpökkunar á dufti, vindlum, smávindlum og vindlingum og öðrum tóbaksafurðum, vélar til áfyllingar fljótandi, fínmalaðra, kornóttra eða annars konar efna, vélar til matvælaiðju, þar á meðal vélar til niðursuðuiðju og vélar til vinnslu, til dæmis fiskhreinsunar, vélar til hergagnaiðju, vélar til vigtunar, tollmerkingar, merkjalímingar og köpslunar, umslaga- og pappírspokavélar, vélar og áhöld til áfyllingar og hreinsunar á flöskum, heftivélar, vélar til verkunar og vinnslu á pappír, pappa og svipuðum efnum, prentvélar, öskjugerðarvélar, vélasamstæður og áhöld til reykingar eða annars konar verkunar á fiski, vélasamstæður og áhöld til niðursuðuiðju, vélasamstæður til vinnslu á tóbaki, til dæmis með upphitun, kælingu, rekjun, þurrkun, söxun, hreinsun eða íblöndun annarra efna, ljósfræðileg og hljómfræðileg tæki og áhöld, til dæmis heyrnartæki og áhöld, landmælinga- og sjómælingatæki og áhöld, siglingatæki fyrir sjófarendur og flug, miðunartæki, hæðar- og fjarlægðartæki, vogar-, þyngdarskráningar-, merkja-

264 mæli- og ljósmyndatæki og áhöld, tilraunatæki og áhöld, stærðfræðileg tæki, áhöld til firðmælinga og það sem þeim heyrir til, firðsenditæki, snúnings- og hraðamæla, áhöld til skráningar, yfirfærslu eða samlagningar á niðurstöðum mælinga, áhöld til að skipta í magneiningar fljótandi, duftmynduðum, kornóttum eða svipuðum efnum, áhöld og tæki til málmsmíða, vélsmíða, eldspýtnagerðar, tóbaksgerðar, vefjar-, innpökkunar- og hergagnaiðju, skotvopn og önnur vopn ásamt skotfærum í þágu hernaðartækni, loftvarna- og önnur stórskotatæknileg tæki, svo sem miðunar- og skotmarkstæki, tilrauna- og æfingatæki til notkunar við þess konar gerð vopna og við stórskotatæknileg tæki, svo og við fjarlægðarmælitæki, umbúða- og innpökkunarefni úr pappír, pappa, gagnsæum papír, tré, gleri, málmi og bakelit eða úr efnum samsettum af þessum efnum.

Skrás. 1947, nr. 26. Tilkynnt 21. ágúst 1946, kl. 3 e. h., af Southern Comfort Corporation, verzlunarfélag, St. Louis, Missouri, Bandaríkjum Norður-Ameríku, og skrásett 14. marz s. á.

Innan ramma er sporöskjulöguð mynd af húsi á skógivöxnum árbakka. Yfir myndinni standa í boga með upphafsstöfum: SOUTHERN COMFORT, og þar undir í beinni línu: The Grand Old Drink of the South. Undir myndinni stendur: Made on the Banks of the Missisippi in St. Louis, Missouri, U. S. A. SOUTHERN COMFORT CORPORATION.



Samkvæmt tilkynningu 19. nóvember 1945, er merkið skrásett í Washington 17. september 1946 fyrir áfengan líkör.

Skrás. 1947, nr. 27. Tilkynnt 4. marz 1947, kl. 11 f. h., af Lightning Fastners Limited, iðjurekstur og verzlun, Slough, Buckinghamshire, Englandi, og skrásett 14. marz s. á.

Orðið: LIGHTNING milli brotinna skálína með stefnu gegnum miðju orðsins.



Merkið er skrásett í London 22. febrúar 1929 og 9. júní 1932, 13., 14., 40. og 50. flokki, fyrir rennilása úr venjulegum málmi og rennilása úr nikkelsilfri, hvorutveggja fyrir hreyfilhlífar, golfkylfupoka, fatnaðarvörur, tóbaksveski og aðrar vörur þar sem tengja þarf saman tvær brúnir, rennilása gerða eingöngu eða aðallega úr gúmmí eða gúttaperka; rennilása gerða úr tilbúnum harpix, úr kasein eða úr svipuðu mótanlegu efni. 264

Skrás. 1947, nr. 28. Tilkynnt 7. marz 1947, kl. 3 e. h., af sama, og skrásett 14. marz s. á.


Orðið: LIGHTNING-ZIPP með bandstriki á milli.

LIGHTNING-ZIPP

Merkið er skrásett í London 10. nóvember 1944, 26. flokki, fyrir rennilása.

Í ensku vörumerkjaskránni er tekið fram, að skrásetning vörumerkisins veiti ekki einkarétt til notkunar á orðinu: „ZIPP".

Skrás. 1947, nr. 29. Tilkynnt 16. desember 1946, kl. 11 f. h., af Det Danske Petroleums Aktieselskab, olíuverzlun, Kaupmannahöfn, Danmörku, og skrásett 19. marz s. á.



Bókstafurinn E inni í sporöskjulöguðum hring.

Samkvæmt tilkynningu 11. desember 1946, er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 8. febrúar 1947 fyrir olíur, smurningsfeiti, benzín og aðrar hreinsaðar, hálfhreinsaðar og óhreinsaðar olíur, framleiddar úr steinolíu, bæði auknar með dýrakenndum, jurtakenndum og steinkenndum olíum og án þeirra, til ljósa, hitunar, orkuframleiðslu, eldunar og smurnings; leðurolíur, fljótandi steinolíublöndur, sem látnar hafa verið á kanistré eða flöskur, til að ná burt blettum, og þurr hreinsiefni, fljótandi og deigkenndar efnasamsetningar til að hreinsa fáguð yfirborð, eins og á bifreiðum og á húsgögnum; blöndur til að hindra frost, blöndur til að stöðva leka og til að varna riði; fljótandi gljálög, áburð til fágunar á húsgögn, bifreiðir og á önnur yfirborð, sem eru máluð, ferniseruð, lakkborin eða rennd glerungi, svo og asfalt; efni til að fága og gljá málm, ebonit og gler, kemisk efni til að láta í kælivökva á bifreiðir og í hreyfilbrennslu- og hreyfilsmurningsolíur.

264 Skrás. 1947, nr. 30. Tilkynnt 14. marz 1947, kl. 11 f. h., af Aktiebolaget Astra, Apotekarnes kemiske Fabriker, iðjurekstur, Södertälja, Svíþjóð, og skrásett 25. marz þ. á.

Orðið:

XYLOCAIN

Samkvæmt tilkynningu 14. febrúar 1944 er merkið skrásett í Stokkhólmi 7. júlí 1944 fyrir efnafræðilegar afurðir í þágu lækninga og heilsuræktar, lyffræðileg lyfjaefni og efnablöndur, matvæli, snyrtiefnablöndur, plástra, sjúkraumbúðir, meðul til útrýmingar skordýrum og öðrum meindýrum, efni til jurtaeyðingar, sótthreinsunarefni og efni til niðursuðu matvæla.

Skrás. 1947, nr. 31. Tilkynnt 14. marz 1947, kl. 11 f. h., af Aktiebolaget Wallco, iðjurekstur, Stokkhólmi, Svíþjóð, og skrásett 25. marz s. á.

Orðið:

SWIX

Samkvæmt tilkynningu 15. október 1945 og 14. maí 1946, er merkið skrásett í Stokkhólmi 8. febrúar og 15. nóvember 1946 fyrir skíðavax og skíðasköfur.

Skrás. 1947, nr. 32. Tilkynnt 15. marz 1947, kl. 11 f. h., af Hoover Limited, iðjurekstur, Greenford, Middlesex, Englandi, og skrásett 25. marz s. á.

Orðið:

HOOVER

Merkið er skrásett í London 24. október 1922, 6. flokki, fyrir sogvélar til hreinsunar og hluta til þeirra.

Skrásetning merkisins var síðast endurnýjuð 24. október 1936.

Skrás. 1947, nr. 33. Tilkynnt 10. febrúar 1947, kl. 11 f. h., af Wailes Dove Bitumastic Limited, iðjurekstur og verzlun, Heburn, Durham, Englandi, og skrásett 5. apríl s. á.

Orðið:

BITUMASTIC

Merkið er skrásett í London 17. júní 1913, 1. flokki, fyrir kemisk efni notuð í iðnaði, ljósmyndagerð eða til vísindalegra rannsókna og efni verjandi eyðingu.

Tilkynnandi er skráður eigandi merkisins frá 2. nóvember 1919.

Skrásetning merkisins var síðast endurnýjuð 17. júní 1941.

Skrás. 1947, nr. 34. Tilkynnt 26. marz 1947, kl. 2 e. h., af Easy Washing Machine Corporation, iðjurekstur, Syracuse, Onondage, New York, Bandaríkjum Norður-Ameríku, og skrásett 5. apríl s. á.

Orðið: 264

EASY

Samkvæmt tilkynningu 1. maí 1930, er merkið skrásett í Washington 17. febrúar 1931, 24. flokki, fyrir vélar til að þvo þvott, þurrkunartæki, strautæki, þvottavindur og samsettar vélar af þessum vélum og tækjum.

Skrás. 1947, nr. 35. Tilkynnt 31. marz 1947, kl. 2 e. h., af Saxone Shoe Company Limited, iðjurekstur og verzlun, Kilmarnock, Skotlandi, og skrásett 5. apríl s. á.
Orðið:

G L E N E A G L E S

Merkið er skrásett í London 7. apríl 1922, 38. flokki fyrir stígvél og skó.
Tilkynnandi er skráður eigandi merkisins frá 21. janúar 1936.
Skrásetning merkisins var síðast endurnýjuð 7. apríl 1936.

Skrás. 1947, nr. 36. Tilkynnt 31. marz 1947, kl. 10 f. h., af Imperial Chemical Industries Limited, iðjurekstur og verzlun, Slough, Buckinghamshire, Englandi, og skrásett 5. apríl s. á.
Orðið:

GAMMEXANE

Merkið er skrásett í London 23. febrúar 1945, 1. og 5. flokki, fyrir efnafræðilegar afurðir til notkunar í iðjurekstri, við jarðyrkju, garðyrkju, skógrækt (að undanskildum efnum til eyðingar skordýrum, sveppum og illgresi), áburð (náttúrlegan og tilbúinn); efni til varðveizlu matvæla; sútunarefni; lyffræðileg efni til notkunar handa mönnum og í þágu dýralækninga, efni til heilsuræktar, efni til eyðingar skordýrum, efnablöndur til eyðingar meindýrum.

Skrás. 1947, nr. 37. Tilkynnt 31. marz 1947, kl. 11 f. h., af Verksmiðjunni Fram h.f., iðnaður, Reykjavík, og skrásett 15. apríl s. á.
Orðið:

Exella

Merkið er skrásett fyrir kvenkápur og annan kven- og barnafatnað.

Skrás. 1947, nr. 38. Tilkynnt 31. marz 1947, kl. 11 f. h., af sama, og skrásett 15. apríl s. á.

264 Orðið:

MAESTRO

Merkið er skrásett fyrir karlmannafrakka og annan karlmannafatnað og enn fremur alls konar drengjafatnað.

Skrás. 1947, nr. 39. Tilkynnt 31. marz 1947, kl. 11 f. h., af sama, og skrásett 15. apríl s. á.
Orðið:

Samkvæmt tilkynningu 1. nóvember 1928 er merkið skrásett í Bern fyrir alls konar mat og vörur til lyfja.
Tilkynnandi áskilur sér rétt til að nota merkið í öllum stærðum og gerðum.

Skrás. 1947, nr. 134. Tilkynnt 27. marz 1947, kl. 11 f. h., af sama, og skrásett 10. október s. á.
Orðið:

OVALTINE

Samkvæmt tilkynningu 30. nóvember 1931 er merkið skrásett í Bern fyrir alls konar sjúkrafæðu, matarefni og meðalaefni.
Tilkynnandi áskilur sér rétt til að nota merkið í öllum stærðum og gerðum.

264 Skrás. 1947, nr. 135. Tilkynnt 25. ágúst 1947, kl. 2 e. h., af Albion Motors Limited, iðjurekstur, Scotstoun, Glasgow, Skotlandi, og skrásett 28. október s. á.
Orðið:

ALBION


Merkið er skrásett í London 2. apríl 1906 og 27. september 1915, 22. flokki, fyrir mótorvagna og önnur flutningstæki og mótora.
Skrásetning merkisins hefur verið endurnýjuð 2. apríl 1934 og 27. september 1943.

Skrás. 1947, nr. 136. Tilkynnt 25. ágúst 1947, kl. 2 e. h., af sama, og skrásett 28. október s. á.
Innan umgerðar stendur efst orðið: Albion. Undir orðinu er mynd af sólaruppkomu og orðin: SURE AS THE SUNRISE.



Merkið er skrásett í London 1. desember 1943, 12. flokki, fyrir flutningstæki á landi og mótorvélar í þau.


Skrás. 1947, nr. 137. Tilkynnt 25. ágúst 1947, kl. 2 e. h., af sama, og skrásett 28. október s. á.
Innan umgerðar stendur efst orðið Albion og undir því er mynd af sólaruppkomu.



Merkið er skrásett í London 1. desember 1943, 12. flokki, fyrir flutningstæki og mótorvélar í þau.

Skrás. 1947, nr. 138. Tilkynnt 16. september 1947, kl. 3 e. h., af Sturmey-Archer Gears, Limited, iðjurekstur, Nottingham, Englandi, og skrásett 29. október s. á.

Milli tveggja þríhyrninga standa orðin: STURMEY ARCHER, og í efri þríhyrningnum stendur orðið:: ENGLAND.



Merkið er skrásett í London 13. júní 1942, 12. flokki, fyrir breytilega hraðagíra fyrir flutningstæki á landi, útbúnað til að stjórna slíkum gírum, og hluta af öllum þessum vörum.

Skrás. 1947, nr. 139. Tilkynnt 4. október 1947, kl. 2 e. h., af Arthur & Company, Limited, iðjurekstur, Glasgow, Skotlandi, og skrásett 29. október s. á.

Á dökkum, ílöngum, ferhyrndum grunni standa orðin: White Heather, en í baksýn er lynggrein.



264 Merkið er skrásett í London 16. júní 1945, 25. flokki, fyrir fullgerðar fatnaðarvörur, en ekki hatta, stígvél, skó, morgunskó, legghlífar eða leggbjörg, og ekki fyrir neinar vörur, sem teljast til þeirra vara, sem hafa verið undanskildar.

Skrás. 1947, nr. 140. Tilkynnt 28. júlí 1947, kl. 2 e. h., af E. Wyer & Sons Limited, sem einnig verzla undir nafninu Clayton Brothers, verksmiðjurekstri og verzlun, Wandsworth, London, Englandi, og skrásett 6. nóvember s. á.

Á ferhyrndum einkennismiða, efst á hringmynduðum fleti er mynd af hafísjaka, og eru á honum tvö bjarndýr, en fyrir ofan flötinn standa orðin: ICEBERG BRAND, en undir honum: PRODUCE OF ENGLAND. Til vinstri standa orðin: STIMULATING AND REFRESHING, en til hægri: NON ALCOHOLIC. Undir myndinni stendur: Clayton's KOLA TONIC. Á ílöngum fleti þar undir standa orðin: AS A DRINK — IN A COCKTAIL — AS A LIQUEUR. Neðst standa orðin: CLAYTON BROTHERS, LONDON.



Merkið er skrásett í London 14. júní 1940, 32. flokki, fyrir efnablöndur til að búa til drykki.

Skrás. 1947, nr. 141. Tilkynnt 28. júlí 1947, kl. 2 e. h., af sama, og skrásett 6. nóvember s. á.

Á hringmynduðum fleti er mynd af hafísjaka, og eru á honum tvö bjarndýr.



Merkið er skrásett í London 23. ágúst 1943, 32. flokki, fyrir gosdrykki og aðra óáfenga drykki, síróp og aðrar efnablöndur til að búa til drykki.

Skrás. 1947, nr. 142. Tilkynnt 8. ágúst 1946, kl. 2 e. h., af The Schermuly Pistol Rocket Apparatus Limited, iðjurekstri, Surrey, Englandi, og skrásett 6. nóvember s. á. 264
Orðið:

SCHERMULY


Merkið er skrásett í London 20. maí 1946, 13. flokki, fyrir merkja- og björgunartæki og hluta af þeim, brunaboða, flugeldatæknilegar vörur, áhöld og tækjasamstæður til að skjóta flugeldum, ásamt skothylkjum.

Skrás. 1947, nr. 143. Tilkynnt 27. ágúst 1947, kl. 10 f. h., af Th. Moldkjær, verzlun, Kaupmannahöfn, Danmörku, og skrásett 10. nóvember s. á.
Orðið:

PURELLA

Samkvæmt tilkynningu 17. ágúst 1943 er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 8. september 1934 fyrir heimilisvélar og heimilisáhöld, þar á meðal sérstaklega rafmagnsþvottavélar, þurrkunarvélar og strauvélar svo og hræri- og þeytivélar og cocktailblandara, einkum rafknúna.

Skrás. 1947, nr. 144. Tilkynnt 22. september 1947, kl. 11 f. h., af May & Baker Limited, verksmiðjurekstri, Dagenham, Essex, Englandi, og skrásett 10. nóvember s. á.
Sporöskjulagaður hringur innan í öðrum sporöskjulöguðum hring. Á milli hringanna eru orðin PLANET BRAND. Í innri hringnum er bogi ofan á hring með krossi neðan í, en fyrir ofan er stjarna.



Merkið er skrásett í London 30. nóvember 1905 og 15. nóvember 1943, 1., 3. og 16. flokki, fyrir prentað mál varðandi efna- og lyfjasamsetningar, fyrir efni, sem notuð eru til framleiðslu, ljósmyndagerðar eða vísindarannsókna, svo og til varnar eyðingu, og fyrir efnasamsetningar, framleiddar til lækninga og lyfja, þó eigi til lækninga við gigt, né fyrir lyfjapillur eða ölkelduvatn til lækninga og eigi heldur fyrir aðrar vörur svipaðar þeim, sem undanþegnar eru.
Skrásetning merkisins var endurnýjuð 30. nóvember 1933.

264 Skrás. 1947, nr. 145. Tilkynnt 22. september 1947, kl. 11 f. h., af sama, og skrásett 10. nóvember s. á.
Orðið:

NOVARSENOBILLON

Merkið er skrásett í London 12. marz 1932, 3. flokki, fyrir kemisk efni, framleidd til lækninga og lyfja.

Skrás. 1947, nr. 146. Tilkynnt 8. október 1947, kl. 2 e. h., af Brake Linings Limited, iðjurekstri, Buxton, Derbyshire, Englandi, og skrásett 10. nóvember s. á.
Orðið:

DURON

Merkið er skrásett í London 7. maí 1929, 50. flokki, fyrir hemluborða.

Skrás. 1947, nr. 147. Tilkynnt 8. október 1947, kl. 2 e. h., af A/S Bireka, iðjurekstri, Kaupmannahöfn, Danmörku, og skrásett 10. nóvember s. á.
Orðið:

BIREKA

Samkvæmt tilkynningu 12. febrúar 1943 er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 22. maí 1943 fyrir skrásetningarkassa, skrásetningarkassa fyrir aðgöngumiða og farmiða, skírteini, kontrolmiða, fatageymslumiða, sérstaka, í heftum og í rúllum.

Skrás. 1947, nr. 148. Tilkynnt 11. október 1947, kl. 3 e. h., af Lodge Plugs Limited, iðjurekstri, Rugby, Warwick, Englandi, og skrásett 10. nóvember s. á.
Orðið:

L O D G E

Merkið er skrásett í London 12. marz 1920, 13. flokki, fyrir rafkveikjukerti í mótora.
Skrásetning merkisins var síðast endurnýjuð 3. apríl 1945.

Skrás. 1947, nr. 149. Tilkynnt 13. okt. 1947, kl. 2 e. h., af J. Crespin & M. Laurens Fringe & Cie., verzlun, París, Frakklandi, og skrásett 10. nóvember s. á.
Orðin:

PASSION DE ZOFALY

Samkvæmt tilkynningu 17. desember 1941 er merkið skrásett í París fyrir hvers konar ilmvörur, snyrtivörur og fegrunarvörur.

Skrás. 1947, nr. 150. Tilkynnt 6. september 1947, kl. 2 e. h., af Merck & Co., Inc., iðjurekstur, Rahway, New Jersey, Bandaríkjum Norður-Ameríku, og skrásett 12. nóvember s. á.

Orðið: 264

MERCK

Samkvæmt tilkynningu 14. september 1906 og 21. október 1915, er merkið skrásett í Washington 11. október 1910 og 15. febrúar 1916, 6. flokki, fyrir viss kemisk efni, lyf og lyfjaefnablöndur.

Skrásetningar merkisins voru síðast endurnýjaðar 11. nóvember 1930 og 22. júlí 1941.

Skrás. 1947, nr. 151. Tilkynnt 6. september 1947, kl. 2 e. h., af sama, og skrásett 12. nóvember s. á.

Ferhyrndur einkennismiði, sem er með skáröndum mynduðum úr orðinu MERCK endurteknu.



Samkvæmt tilkynningu 21. september 1915, er merkið skrásett í Washington 15. febrúar 1916, 6. flokki, fyrir vissar lyfjaefnablöndur.

Skrásetning merkisins var síðast endurnýjuð 7. janúar 1936.

Skrás. 1947, nr. 152. Tilkynnt 6. september 1947, kl. 2 e. h., af sama, og skrásett 12. nóvember s. á.

Krossmerki og inni í krossinum er orðið MERCK lóðrétt og lárétt, þannig að það myndar kross.



Samkvæmt tilkynningu 30. ágúst 1916, er merkið skrásett í Washington 20. nóvember 1917, 6. flokki, fyrir viss kemisk efni, lyf og lyfjaefnablöndur.

Skrásetning merkisins var síðast endurnýjuð 27. júlí 1937.

264 **Skrás. 1947, nr. 153.** Tilkynnt 17. október 1947, kl. 2 e. h., af Aktiebolaget F. W. Haker & Co., iðjurekstur, Stokkhólmi, Svíþjóð, og skrásett 12. nóvember s. á.
Orðið:

CHAMPION

Samkvæmt tilkynningu 18. febrúar 1941, er merkið skrásett í Stokkhólmi 1. marz 1941 fyrir landbúnaðarvélar og landbúnaðartæki.

Skrás. 1947, nr. 154. Tilkynnt 25. október 1947, kl. 2 e. h., af James Buchanan & Company, Limited, áfengisgerð, London, Englandi, og skrásett 13. nóv. s. á.
Einkennismiði, þar sem standa í efstu línu orðin: PRODUCT OF SCOTLAND, og í annarri línu með feitum, stórum stöfum orðin: „BLACK & WHITE". Í næstu línu fyrir neðan þau orð, eru orðin: TRADE MARK, og undir þeim í tveim línum orðin: SPECIAL BLEND OF CHOICE OLD SCOTCH WHISKY. Þar fyrir neðan er nafnið James Buchanan & Co. með skrifletri, og orðið: LIMITED, með prentletri. Neðst standa orðin: SCOTCH WHISKY DISTILLERS, GLASGOW & LONDON. MULBEN SPEYSIDE. N.B.

PRODUCT OF SCOTLAND
"BLACK & WHITE"
SPECIAL BLEND OF
CHOICE OLD SCOTCH WHISKY
James Buchanan & Co.
SCOTCH WHISKY DISTILLERS.
GLASGOW & LONDON.

Merkið er skrásett í London 12. desember 1914, 43. flokki, fyrir skozkt whisky.
Skrásetning merkisins var síðast endurnýjuð 12. desember 1942, og breytt 21. janúar 1947.

Skrás. 1947, nr. 155. Tilkynnt 25. október 1947, kl. 2 e. h., af sama, og skrásett 13. nóvember s. á.
Á bogamynduðum einkennismiða standa á ljósum grunni orðin:



Merkið er skrásett í London 13. júní 1925, 43. flokki, fyrir liqueur-whisky.
Skrásetning merkisins var síðast endurnýjuð 13. júní 1939.

Skrás. 1947, nr. 156. Tilkynnt 27. október 1947, kl. 2 e. h., af The Wessex Aircraft Engineering Company, Limited, iðjurekstur, Salisbury, Wiltshire, Englandi, og skrásett 13. nóvember s. á.

Orðið: 264

FUMITE

Merkið er skrásett í London 14. desember 1945, 5. flokki, fyrir skordýraeitur og sótthreinsunarefni.

Skrás. 1947, nr. 157. Tilkynnt 3. marz 1947, kl. 2 e. h., af Swift & Company, verksmiðjurekstri, Chicago, Illinois, Bandaríkjum Norður-Ameríku, og skrásett 22. nóvember s. á.

Orðið:

SWIFT'S

Samkvæmt tilkynningu 8. ágúst 1946 er merkið skrásett í Washington 15. júlí 1947, 46. flokki, fyrir fæðu handa dýrum, sem eta kjöt.

Skrás. 1947, nr. 158. Tilkynnt 3. marz 1947, kl. 2 e. h., af sama, og skrásett 22. nóvember s. á.

Orðið:

Swift's

Samkvæmt tilkynningu 8. ágúst 1946 er merkið skrásett í Washington 2. september 1947, 10. flokki fyrir áburð.

Skrásett 1947, nr. 159. Tilkynnt 5. nóvember 1947, kl. 10 f. h., af hlutafélaginu Shell á Íslandi, verzlun, Reykjavík, og skrásett 22. nóvember s. á.

Orðin:

SHELL TRACTOLINE

Merkið er skrásett fyrir óætar olíur og feiti ýmiss konar, brennsluvökva (þar með taldar olíur fyrir mótora), steinolíu og aðrar steinolíu- og benzíntegundir.

Skrás. 1947, nr. 160. Tilkynnt 5. nóvember 1947, kl. 10 f. h., af sama, og skrásett 22. nóvember s. á.


Orðið:

DIALA

Merkið er skrásett fyrir ýmsar tegundir af olíum, smurningsolíur og feiti ýmiss konar, vaselín, varnarefni gegn tæringu málma; olíur og benzín til ljósa, hitunar, sem aflgjafi og til hreinsunar.

264 **Skrás. 1947, nr. 161.** Tilkynnt 22. nóvember 1947, kl. 10 f. h., af sama, og skrásett 22. nóvember s. á.

Á átthyrndum fleti, gulum og rauðum með mjóum ljósgulum kanti, stendur orðið SHELLUBRICATION með svörtu letri á gulum grunni, og yfir því á rauðum grunni, innan í ljósgulum hring, á gulum hörpudiski, stendur orðið SHELL með rauðu letri.



Merkið er skrásett fyrir smurningsolíur og feiti ýmiss konar.


Skrás. 1947, nr. 162. Tilkynnt 7. nóvember 1947, kl. 11 f. h., af Portland Plastic's Limited, iðjurekstri og verzlun, London Englandi, og skrásett 2. desember s. á.

Orðið:

PORTEX

Merkið er skrásett í Londan 25. nóvember 1940, 20. desember 1943, 25. maí 1944 og 9. marz 1945, 5., 10. og 1. flokki, fyrir efni til að búa til úr tanngóma, efni til að fylla með tennur og hafa í sáralæknisvöf og -umbúðir, gervihluta mannslíkamans, pípur niður í öndunarfærin við svæfingar o. fl., þvagleggi, pípur til blóðgjafa, penicillingjafar og magarannsóknar og í sárakera, í fasta, sveigjanlega kanna fyrir vélindi, þvaggöng og móðurlíf; andlitshluta, nefhluta, gaspoka og belgi, allt til svæfingar, barkapípur, barkaskurðarpípur, kokskurðarpípur og lokur, innra borð á tanngóma og þéttiplötur, skorður til að bera í munni til þess að létta undir réttan andardrátt og tengla til að sameina laskaðar slagæðar, gerviplast úr viðarkvoðu, ætlað til iðnaðarnota, sem ekki er litarkennt, gljáborið eða lakkkennt, eða með sama eðli og togleður.

Skrás. 1947, nr. 163. Tilkynnt 10. nóvember 1947, kl. 11 f. h., af Flugfélagi Íslands h/f, farþega- og vöruflutningastarfsemi, Reykjavík, og skrásett 2. desember s. á.



Á dökkum, hringmynduðum fleti er mynd af framhluta hests. Á bógi hestsins 264
er vængur, er nær út fyrir hinn hringmyndaða flöt.

Skrás. 1947, nr. 164. Tilkynnt 18. nóv. 1947, kl. 10 f. h., af The Ruberoid Company Limited, iðjurekstri, London, Englandi, og skrásett 3. desember s. á.
Orðið:

RUBEROID

Merkið er skrásett í London 14. desember 1901, 50. flokki, fyrir efni ætluð til þéttingar og pökkunar, rafmagnseinangrunarefni, þakpappa og þakfilt. Enn fremur fyrir „bitumen" þakpappa.
Tilkynnandi er skráður eigandi merkisins frá 23. september 1935.
Skrásetning merkisins var síðast endurnýjuð 14. desember 1943.

Skrás. 1947, nr. 165. Tilkynnt 18. nóvember 1947, kl. 10 f. h., af sama, og skrásett 3. desember s. á.
Orðið:

PLUVEX

Merkið er skrásett í London 23. október 1918, 17. flokki, fyrir vörur unnar úr málmum og öðrum efnum til bygginga eða skrauts. Enn fremur fyrir „bitumen" rakavarnarpappa.
Tilkynnandi er skráður eigandi merkisins frá 23. september 1935.
Skrásetning merkisins var síðast endurnýjuð 23. október 1946.

Skrás. 1947, nr. 166. Tilkynnt 12. nóvember 1947, kl. 10 f. h., af C. C. Wakefield & Company, Limited, iðjurekstur, London, Englandi, og skrásett 15. desember s. á.
Orðið:

CRESTA

Merkið er skrásett í London 30. júlí 1945, 4. flokki, fyrir olíur og feiti til smurnings og olíur til hitunar og ljósa.

Skrás. 1947, nr. 167. Tilkynnt 12. nóvember 1947, kl. 10 f. h., af sama, og skrásett 15. desember s. á.
Orðið:

CASTROLITE

Merkið er skrásett í London 26. janúar 1938, 47. flokki, fyrir olíur til hitunar, ljósa og smurnings.

Skrás. 1947, nr. 168. Tilkynnt 12. nóvember 1947, kl. 10 f. h., af sama, og skrásett 15. desember s. á.
Orðið:

CASTROLEASE

264 Merkið er skrásett í London 20. nóvember 1945, 4. flokki, fyrir olíur og feiti til smurnings, hitunar og ljósa.

Skrás. 1947, nr. 169. Tilkynnt 12. nóvember 1947, kl. 10 f. h., af sama, og skrásett 15. desember s. á.
Orðið:

SPHEEROL

Merkið er skrásett í London 12. febrúar 1930, 47. flokki, fyrir smurningsolíur og smurningsfeiti.
Skrásetning merkisins var síðast endurnýjuð 12. febrúar 1944.

Skrás. 1947, nr. 170. Tilkynnt 12. nóvember 1947, kl. 10 f. h., af sama, og skrásett 15. desember s. á.
Orðið:

CORAL

Merkið er skrásett í London 30. júlí 1945, 4. flokki, fyrir olíur og feiti til smurnings og olíur til hitunar og ljósa.

Skrás. 1947, nr. 171. Tilkynnt 12. nóvember 1947, kl. 10 f. h., af sama, og skrásett 15. desember s. á.
Orðið:

DEUSOL

Merkið er skrásett í London 8. febrúar 1922, 47. flokki, fyrir olíur til hitunar, ljósa og smurnings.
Skrásetning merkisins var síðast endurnýjuð 8. febrúar 1936.

Skrás. 1947, nr. 172. Tilkynnt 12. nóvember 1947, kl. 10 f. h., af sama, og skrásett 15. desember s. á.
Orðið:

MAGNA


Merkið er skrásett í London 30. júlí 1945, 4. flokki, fyrir olíur og feiti til smurnings og olíur til hitunar og ljósa.

Skrás. 1947, nr. 173. Tilkynnt 12. nóvember 1947, kl. 10 f. h., af Alphina Union Horlogère A. G., iðjurekstri, Biel, Sviss, og skrásett 18. desember s. á.
Orðið:

Alpina

Samkvæmt tilkynningu 20. marz 1944 er merkið skrásett í Bern fyrir úr, varahluti til úra, vekjaraklukkur, teljara, borð-, strand-, vegg- og turnklukkur; armbönd.

Skrás. 1947, nr. 174. Tilkynnt 15. nóvember 1947, kl. 11 f. h., af Propert Limited, 264
iðnaði og verzlun, London, Englandi, og skrásett 18. desember s. á.
Flangur einkennismiði. Á miðanum stendur orðið PROPERTS, og efst á honum er mynd af höfði á dýri.



Merkið er skrásett í London 18. júní 1940, 3. og 4. flokki, fyrir efni til að hreinsa með, fága, þvo og fægja; leður- og söðlasápu og efni til viðhalds leðri.

Skrás. 1947, nr. 175. Tilkynnt 25. nóvember 1947, kl. 10 f. h., af British Cellophane Limited, iðjurekstri, Bridgewater, Somerset, Englandi, og skrásett 18. desember s. á.
Orðið:

CELLOPHANE

Merkið er skrásett í London 1. febrúar 1933, 39. flokki, fyrir arkir úr cellulose og celluloseumbúðir og innpökkunarpappír.


Skrás. 1947, n. 176. Tilkynnt 28. nóvember 1947, kl. 2 e. h., af The Angus Milling Company, iðjurekstri, Kirriemuir, Forfarshire, Skotlandi, og skrásett 19. des. s. á.
Innan ferhyrndrar, rétthyrndrar umgerðar er líkneski af manni á háum fótstalli. Fyrir ofan myndina stendur: PETER PAN.



Merkið er skrásett í London 14. nóvember 1945, 30. flokki, fyrir hafra, tilreidda til fæðu handa mönnum, haframjöl og perlugrjón.

Skrás. 1947, nr. 177. Tilkynnt 28. nóvember 1947, kl. 11 f. h., af Humber Limited, verksmiðjurekstri, Stoke, Coventry, Warwickshire, Englandi, og skrásett 19. des. s. á.

264 Hringmyndaður skjöldur, en á miðju hans er hjól með teinum og fimm menn, er haldast í hendur. Fyrir ofan mynd þessa standa orðin: THE "HUMBER", en fyrir neðan, innan viðtengdrar umgerðar, stendur: HUMBER LTD, ENGLAND.



Merkið er skrásett í London 23. marz 1899, 22. flokki, fyrir reiðhjól, þríhjól og þess háttar vörur.

Tilkynnandi er skráður eigandi merkisins 24. nóvember 1904.

Skrásetning merkisins var síðast endurnýjuð 23. marz 1941.

II.

Samkvæmt 10. gr. laga nr. 43 13. nóv. 1903, um vörumerki, hefur skrásetning eftirgreindra vörumerkja verið endurnýjuð:

Skrás. 1917, nr. 4. Lever Brothers, Port Sunlight, Limited, Port Sunlight, Englandi, frá 26. marz 1947.

Skrás. 1917, nr. 5. Sami, frá 26. marz 1947.

Skrás. 1917, nr. 9. Sami, frá 30. marz 1947.

Skrás. 1917, nr. 11. Lever Brothers Limited, f. h. Benjamin Brooke & Company, Limited, Port Sunlight, Englandi, frá 23. maí 1947.

Skrás. 1925, nr. 8. O. Mustad & Sön, Oslo, Noregi, frá 27. febr. 1945.

Skrás. 1927, nr. 1. The Coco-Cola Company, Wilmington, U. S. A., frá 18. jan. 1947.

Skrás. 1927, nr. 3. G. M. Björnsson, Reykjavík, frá 22. jan. 1947.

Skrás. 1927, nr. 4. The Goodyear Tire & Rubber Company, Akron, Ohio, U. S. A., frá 5. febrúar 1947.

Skrás. 1927, nr. 5. General Motors Corporation, Detriot, Michigan, U. S. A., frá 15. febrúar 1947.

Skrás. 1927, nr. 6. Melroses Limited, Leith, Skotlandi, frá 15. febr. 1947.

Skrás. 1927, nr. 7. H.f. Brjóstsykurgerðin Nói, Reykjavík, frá 17. febrúar 1947.

Skrás. 1927, nr. 10. Helsingborg Gummifabriks Aktiebolag, Helsingborg, Svíþjóð, frá 12. marz 1927.

Skrás. 1927, nr. 12. R. J. Reynolds Tobacco Company, Winston-Salem, North Carolina, U. S. A., frá 31. marz 1947.

Skrás. 1927, nr. 15. The Borden Company, New York, U. S. A., frá 25. apríl 1947. 264

Skrás. 1927, nr. 17 Tootal Broadhurst Lee Company Limited, Manchester, Englandi, frá 25. apríl 1947.

Skrás. 1927, nr. 18. Sami, frá 25. apríl 1947.

Skrás. 1927, nr. 19. Sami, frá 25. apríl 1947.

Skrás. 1927, nr. 20. Gísli J. Johnsen, Reykjavík, frá 2. maí 1947.

Skrás. 1927, nr. 23. John Haig & Co., Limited, Markinch, Skotlandi, frá 27. maí 1947.

Skrás. 1927, nr. 25. H.f. Efnagerð Reykjavíkur, Reykjavík, frá 27. maí 1947.

Skrás. 1927, nr. 30. R. J. Reynolds Tobacco Company, Winston-Salem, North Carolina, U. S. A., frá 2. júlí 1947.

Skrás. 1927, nr. 32 og 33. The B. F. Goodrich Company, New York, U. S. A., frá 16. ágúst 1947.

Skrás. 1927, nr. 52. The Parker Pen Co., Jonesville Wisconsin, U. S. A,. frá 10. des. 1947.

Skrás. 1927, nr. 53. Sami, frá 10. des. 1947.

Skrás. 1927, nr. 55. Westminister Tobacco Co., Ltd., London, Englandi, frá 10. desember 1947.

Skrás. 1930, nr. 36. Jósef Mikulcák, Zlín, Mähren, Tékkóslovakíu, frá 22. júlí 1947.

Skrás. 1935, nr. 40. I. G. Farbenindustrie Aktiengesellschaft, Frankfurt, Þýzkalandi, frá 29. okt. 1945.

Skrás. 1946, nr. 17. I. G. Farbenindustrie Aktiengesellschaft, Frankfurt, Þýzkalandi, frá 30. júlí 1946.

Skrás. 1937, nr. 1. Harding, Tilton & Hartley, Ltd., London, Englandi, frá 23. jan. 1947.

Skrás. 1937, nr. 2. Loftur Guðmundsson, Reykjavík, frá 25. jan. 1947.

Skrás. 1937, nr. 3. H.f. Shell á Íslandi, Reykjavík, frá 9. marz 1947.

Skrás. 1937, nr. 4. Titan Co. A/S., Fredrikstad, Noregi, frá 30. marz 1947.

Skrás. 1937, nr. 5. H.f. Shell á Íslandi, Reykjavík, frá 30. marz 1947.

Skrás. 1937, nr. 6. Bernhard Petersen, Reykavík, frá 16. apríl 1947.

Skrás. 1937, nr. 9. Angostura Bitters Limited, Port of Spain, Trinidad, frá 22. júní 1947.

Skrás. 1937, nr. 10. Þorgeir Jónasson, Reykavík, frá 22. júní 1947

Skrás. 1937, nr. 11. Hallgrímur Ó. Jónasson, Reykjavík, frá 22. júní 1947.

Skrás. 1937, nr. 12. Lakk- og málningaverksmiðjan Harpa, Reykjavík, frá 22. júní 1947.

Skrás. 1937, nr. 14. Sami, frá 22. júní 1947.

Skrás. 1937, nr. 15. Sami, frá 22. júní 1947.

Skrás. 1937, nr. 16. Sami, frá 22. júní 1947.

Skrás. 1937, nr. 17. Sami, frá 22. júní 1947.

Skrás. 1937, nr. 24. General Motors Corporation, Detroit, Michigan, U. S. A., frá 21. sept. 1947.

Skrás. 1937, nr. 25 og 26. Parfumerie D'Emol, Reykjavík, frá 5. okt. 1947.

Skrás. 1937, nr. 29. Tanqueray Gordon & Company Limited, London, Englandi, frá 25. okt. 1947.

Skrás. 1937, nr. 30. C. C. Wakefield & Co. Ltd., London, Englandi, frá 11. nóv. 1947.

Skrás. 1937, nr. 31 og 32. C. C. Wakefield & Co. A/S, Kaupmannahöfn, frá 11. nóv. 1947.

Skrás. 1937, nr. 33. Sigurður Arnalds, Reykjavík, frá 27. nóv. 1947.

Skrás. 1937, nr. 34. George Dobie & Son Limited, Paisley, Skotlandi, frá 27. nóv. 1947.

264 Skrás. 1937, nr. 35. Þórarinn Kjartansson, Reykjavík, frá 27. nóv. 1947.
Skrás. 1937, nr. 36. I. G. Farbenindustrie Aktiengesellschaft, Frankfurt, Þýzkalandi, frá 11. des. 1947.
Skrás. 1937, nr. 37. H/f Shell á Íslandi, Reykjavík, frá 11. des. 1947.
Skrás. 1937, nr. 38 og 39. Harðfisksalan, Reykjavík, frá 20. des. 1947.
Skrás. 1937, nr. 40. Olíuverzlun Íslands h/f, Reykjavík, frá 27. des. 1947.
Skrás. 1937, nr. 41. Stefán Thorarensen, Reykjavík, frá 27. des. 1947.

Skrifstofa vörumerkjaskráritarans í Reykjavík, 31. desember 1947.

Páll Pálmason.

EMBÆTTI SÝSLANIR M. M.

10. okt. 1946 var ráðuneyti Ólafs Thors veitt lausn frá embætti, en falið að starfa áfram, unz annað ráðuneyti yrði myndað.

26. nóv. var Valdimar Björnsson skipaður vararæðismaður Íslands í Minneapolis í Bandaríkjunum.

1. jan. var Magnús Vignir Magnússon skipaður í deildarstjóraflokk utanríkisráðuneytisins og „legationsráð" við sendiráð Íslands í Washington.

Gunnlaugi Kristmundssyni hefur samkvæmt eigin ósk verið veitt lausn frá sandgræðslustjórastarfinu frá 1. apríl að telja.

9. jan. var Jakob Gíslason verkfræðingur skipaður raforkumálastjóri frá 1. s. m. að telja.
S. d. var Eiríkur Briem verkfræðingur skipaður rafmagnsveitustjóri frá 1. s. m. að telja.

17. jan. var Runólfur Sveinsson skipaður sandgræðslustjóri frá 1. apríl að telja og jafnframt veitt lausn frá skólastjórastarfi við bændaskólann á Hvanneyri.

S. d. var Guðmundur Jónsson kennari skipaður skólastjóri bændaskólans á Hvanneyri frá 1. apríl að telja.

21. jan. var síra Óla Ketilssyni, sóknarpresti í Ögurþingaprestakalli í Norður-Ísafjarðarprófastsdæmi, veitt lausn frá embætti frá 1. febrúar að telja.

Helgi Þorláksson, skólastjóri Gagnfræðaskóla Akraness, hefur samkvæmt eigin ósk verið leystur frá því starfi frá 1. janúar að telja.

24. jan. var Gunnar Bjarnason hrossaræktarráðunautur skipaður kennari við bændaskólann á Hvanneyri frá 1. apríl að telja.

26. jan. var Guðbrandur Magnússon kennari skipaður skólastjóri Gagnfræðaskóla Akraness frá 1. s. m. að telja.

28. janúar var ungfrú Hildigunnur Sveinsdóttir skipuð ritari í menntamálaráðuneytinu.

4. febrúar var Sigurjón Jóhannsson skrifstofustjóri settur til þess að gegna forstjórastörfum í Brunabótafélagi Íslands fyrst um sinn

4. febr. var Stefán Jóh. Stefánsson alþm. skipaður forsætisráðherra í ráðuneyti Íslands og ráðherrar með honum alþingismennirnir Bjarni Ásgeirsson, Bjarni Benediktsson, Emil Jónsson, Eysteinn Jónsson og Jóhann Þ. Jósefsson.
Jafnframt var gefinn út forsetaúrskurður um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl.

10. febr. var Gunnari Thoroddsen prófessor veitt lausn frá kennsluskyldu í laga og hagfræðideild Háskóla Íslands fyrst um sinn.

S. d. var Ólafur Jóhannesson lögfræðingur settur prófessor í laga- og hagfræðideildinni fyrst um sinn.

12. febr. skipaði atvinnumálaráðuneytið þriggja manna nefnd til þess að hafa á hendi framkvæmd laga nr. 97 28. desember 1946, um ríkisábyrgð á söluverði freðfisks, saltfisks o. fl.. Í nefndina hafa verið skipaðir: Davíð Ólafsson fiskimálastjóri, formaður nefndarinnar, Hafsteinn Bergþórsson útgerðarmaður og Jón Þórðarson útgerðarmaður.

S. d. var Knúti Kristinssyni, héraðslækni í Reykhólahéraði, veitt lausn frá embætti frá 1. júní n. k. að telja.

13. marz var Einar A. G. Caröe skipaður ræðismaður Íslands í Liverpool.

26. marz voru eftirtaldir menn skipaðir í nefnd til samninga við sendinefnd frá Noregi um viðskipti milli Íslands og Noregs: Finnur Jónsson alþm., sem er formaður, Eggert Kristjánsson stórkaupmaður, Jón Árnason bankastjóri og Kjartan Thors framkvæmdastjóri.
Ráðunautar nefndarinnar eru þessir: Ásgeir Sigurðsson skipstjóri, Davíð Ólafsson fiskimálastjóri, Hans G. Andersen þjóðréttarfræðingur. Ritari nefndarinnar er Þórhallur Ásgeirsson, fulltrúi í utanríkisráðuneytinu.

9. apríl var Bergi Jónssyni sakadómara veitt lausn frá embætti, samkvæmt eigin ósk, frá s. d. að telja.

S. d. var Valdimar Stefánsson fulltrúi settur sakadómari í Reykjavík fyrst um sinn.

Samkvæmt 4. gr. reglugerðar nr. 51 14. apríl 1947, um miðskólapróf í bóknámsdeild, hafa þessir menn verið skipaðir í landsprófsnefnd um eins árs skeið frá 16. apríl þ. á. að telja: Dr. Broddi Jóhannesson formaður, Ólafur Briem magister, Steingrímur Pálsson magister, Sveinbjörn Sigurjónsson magister, Guðm. Kjartansson mag. sc., Jón Magnússon fil. cand., Bjarni Jósefsson efnafræðingur, Steinþór Guðmundsson kennari og Ágúst Sigurðsson magister

Árni G. Eylands fulltrúi og Kristján Einarsson forstjóri hafa verið skipaðir ráðunautar nefndarinnar, er annast samninga við sendinefnd frá Noregi, um viðskipti Íslands og Noregs.

17. apríl var Finn B. Arnesen skipaður ræðismaður Íslands í Sao Paulo í Brazilíu.

26. apríl var Valdimar Stefánsson skipaður sakadómari í Reykjavík frá sama degi að telja.

28. apríl voru eftirtaldir menn skipaðir í nefnd til samninga við sendinefnd frá Sviþjóð um viðskipti milli Íslands og Svíþjóðar: Finnur Jónsson alþingismaður, formaður nefndarinnar, Ásgeir Sigurðsson stórkaupmaður, Jón L. Þórðarson forstjóri,

Kjartan Thors forstjóri, dr. Oddur Guðjónsson form. Viðskiptaráðs og Vilhjálmur Þór forstjóri. Ritari nefndarinnar er Þórhallur Ásgeirsson, fulltrúi í utanríkisráðuneytinu.

1. maí var Ólafi Einarssyni, héraðslækni í Laugarási, veitt Hafnarfjarðarlæknishérað frá þeim degi að telja.

13. maí var Ólafur Björnsson skipaður dósent í viðskiptafræðum í laga- og hagfræðideild háskólans.

20. maí var Sigurði Hafstað falið að gegna störfum sem sendiráðsritari við sendiráð Íslands í Moskvu.

S. d. var Haraldi Kröyer falið að gegna störfum sem sendiráðsritari við sendiráð Íslands í Stokkhólmi.

S. d. var Pétri Thorsteinsson falið að gegna störfum sem fulltrúi í utanríkisráðuneytinu.

4. júní var Birgir Thorlacius fulltrúi ráðinn skrifstofustjóri í forsætisráðuneytinu frá 1. júní þ. á. að telja.

19. júní var Henrik Sv. Björnsson, deildarstjóri í utanríkisráðuneytinu, skipaður fyrsti sendiráðsritari við sendiráð Íslands í Osló frá 1. júlí þ. á. að telja.

S. d. var Gísli Sveinsson, sýslumaður og alþingismaður, skipaður til þess að vera sendiherra Íslands í Noregi.

20. júní var síra Kristinn Hóseasson skipaður sóknarprestur í Eydalaprestakalli í S.-Múlaprófastsdæmi frá 1. júní þ. á. að telja.

S. d. var síra Bjartmar Kristjánsson skipaður sóknarprestur í Mælifellsprestakalli í Skagafjarðarprófastsdæmi frá 1. júní þ. á. að telja.

25. júní var Jón Kjartansson ritstjóri skipaður sýslumaður í Skaftafellssýslu frá 1. júlí þ. á. að telja.

27. júní var Knútur Kristinsson læknir skipaður héraðslæknir í Laugaráslæknishéraði frá 1. júlí þ. á. að telja.

S. d. var Vigfúsi Einarssyni, skrifstofustjóra í atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, veitt lausn frá embætti frá 1. júlí n. k. að telja.

S. d. var Gunnlaugur E. Briem fulltrúi skipaður skrifstofustjóri í atvinnumálaráðuneytinu frá 1. júlí n. k. að telja.

S. d. var Páll Pálmason fulltrúi ráðinn skrifstofustjóri í samgöngumálaráðuneytinu frá 1. júlí 1947 að telja.

30. júní var Brynjólfur Ingólfsson cand. juris skipaður fulltrúi í samgöngumálaráðuneytinu frá 1. júlí þ. á. að telja.

S. d. voru þessir menn skipaðir í fjárhagsráð, samkv. 2. gr. laga nr. 70 1947, frá 1. júlí þ. á. að telja: Dr. Magnús Jónsson prófessor, form., Finnur Jónsson alþm., Hermann Jónasson alþm., dr. Oddur Guðjónsson og Sigtryggur Klemenzson fulltrúi.

Í flugráði eiga þessir menn sæti: Agnar Kofoed-Hansen lögreglustjóri, formaður ráðsins, Örn Ó. Johnson framkvæmdastjóri, skipaður af ráðherra, Bergur G. Gíslason stórkaupmaður, Guðm. Í. Guðmundsson alþm. og Þórður Björnsson fulltrúi, kjörnir af sameinuðu Alþingi.

2. júlí var síra Robert Jack skipaður sóknarprestur í Grímseyjarprestakalli í Eyjafjarðarprófastsdæmi frá 1. júní þ. á. að telja.

8. júlí var Jóhann tryggingayfirlæknir Sæmundsson skipaður prófessor í lyflæknisfræði í læknadeild Háskóla Íslands frá 1. september 1948 að telja.

S. d. var Sigurd Dundas skipaður ræðismaður Íslands í Lissabon og Joseph Senders skipaður ræðismaður Íslands í Antwerpen.

30. júlí var Alf Jochumsen skipaður ræðismaður Íslands í Marseille.

S. d. var Seth Brink skipaður ræðismaður Íslands í Stokkhólmi.

S. d. var Niels Erik Christensen skipaður vararæðismaður Íslands í Aalborg.

S. d. var Robert Masset skipaður ræðismaður Íslands í Boulogne-sur-Mer.

S. d. var Franciso Suarez skipaður ræðismaður Íslands í Havana.

S. d. var J. Ragnar Johnson skipaður vararæðismaður Íslands í Toronto.

S. d. var Fred R. Emerson skipaður ræðismaður Íslands í St. John's á New Foundlandi.

2. ágúst var Thor Thors sendiherra skipaður fulltrúi Íslands hjá hinum sameinuðu þjóðum.

7. ágúst var Jón Óskar Eiríksson skipaður aðstoðarlæknir berklayfirlæknis frá 1. júlí þ. á. að telja.

Frá 1. september 1947 hefur Jónatan hæstaréttardómari Hallvarðsson verið kjörinn forseti Hæstaréttar til jafnlengdar 1948.

3. september var Pétur Benediktsson, sendiherra Íslands í Sovétríkjunum, Frakklandi, Póllandi, Belgíu og Tékkóslóvakíu, skipaður til að vera jafnframt sendiherra Íslands á Ítalíu.

S. d. var Erik Juuranto skipaður aðalræðismaður Íslands í Helsinki.

S. d. var Olaf Lyngbye skipaður ræðismaður Íslands í Aarhus.

S. d. var Páll Ólafsson skipaður ræðismaður Íslands í Færeyjum.

S. d. var Valtýr H. Valtýsson skipaður héraðslæknir í Kleppjárnsreykjahéraði frá 1. s. m. að telja.

S. d. var Sigurði Guðmundssyni veitt lausn frá skólameistaraembætti við Menntaskólann á Akureyri frá 1. desember n. k. að telja.

S. d. var Vernharður Þorsteinsson skipaður kennari við Menntaskólann á Akureyri frá 1. s. m. að telja.

17. september var Niels Erik Christensen veitt viðurkenning sem vararæðismanni Íslands í Aalborg.

19. sept. var Thor Thors, sendiherra Íslands í Bandaríkjunum, skipaður til að vera jafnframt sendiherra Íslands í Kanada.

S. d. var Edwin Ober Pride skipaður ræðismaður Íslands í Boston.

S. d. var J. Henry La Brum skipaður vararæðismaður Íslands í Philadelphia.

23. sept. var Stefán verkfræðingur Bjarnason skipaður rafmagnseftirlitsstjóri ríkisins frá 1. s. m. að telja.

26. sept. var dr. Björn Guðfinnsson skipaður dósent í íslenzku nútíðarmáli og hagnýtri íslenzkukennslu við heimspekideild háskólans.

30. sept. voru þeir Halldór Halldórsson og Ottó Jónsson skipaðir kennarar við Menntaskólann á Akureyri frá 1. okt. s. á. að telja.

1. október var Þorleifur Thorlacius settur fulltrúi í utanríkisráðuneytinu.

13. nóv. var Jean Bellamy skipaður ræðismaður Íslands í La Rochelle.

27. nóv. var Sigurjón Á. Ólafsson alþm. skipaður í orðunefnd.

S. d. var Gunnari A. Pálssyni veitt lausn frá bæjarfógetaembættinu í Neskaupstað frá 1. des. þ. á. að telja.

28. nóv. var Sigurður Guðmundsson settur til þess að gegna áfram skólameistaraembætti við Menntaskólann á Akureyri til 31. desember 1947.

8. des. var Hinrik Jónsson héraðsdómslögmaður í Vestmannaeyjum skipaður bæjarfógeti í Neskaupstað frá 15. s. m. að telja.

S. d. var Þórarinn Björnsson menntaskólakennari skipaður skólameistari Menntaskólans á Akureyri frá 1. janúar 1948 að telja.

12. desember var Olaf Lyngbye veitt viðurkenning sem vararæðismanni Íslands í Aarhus.

23. des. var séra Jón Árni Sigurðsson skipaður sóknarprestur í Staðarprestakalli í Grindavík í Kjalarnesprófastsdæmi frá fardögum 1948 að telja.

29 desember var Jakob Möller, sendiherra Íslands í Danmörku, skipaður til að vera jafnframt sendiherra Íslands í Finnlandi.

ERLENDIR SENDIHERRAR OG RÆÐISMENN

15. janúar var V. Poroshenkov skipaður 2. sendiráðsritari við sendiráð Sovétríkjanna.

1. febr. fór Pavel L. Egorov, 2. sendiráðsritari við sendiráð Sovétríkjanna af landi burt.

William C. Trimble hefur verið skipaður 1. sendiráðsritari við sendiráð Bandaríkjanna í Reykjavík.

11. marz afhenti Henri Voillery forseta Íslands embættisskilríki sín, sem sendiherra Frakklands á Íslandi.

S. d. var Henry J. Schneider og Edward B. Cleaver veitt viðurkenning sem vararæðismönnum Bandaríkja Ameríku með aðsetri í Reykjavík.

14. marz var Guglielmo Rulli veitt viðurkenning sem sendiherra Ítalíu fyrir Ísland með búsetu í Osló.

Hans-Christian Sommerfeldt Boehlke, cand. juris, hefur verið skipaður 2. sendiráðsritari og vararæðismaður við norska sendiráðið í Reykjavík.

14. apríl var Otto Johansson, sendiherra Svía hér, skipaður sendiherra í Helsingfors frá og með 15. júní og mun því hætta störfum hér.

C. E. C. König hefur verið skipaður sendiráðsritari við sænska sendiráðið í Reykjavík.

5. maí var Hans-Christian Boehlke veitt viðurkenning sem vararæðismanni Noregs í Reykjavík.

S. d. var Halldóri Halldórssyni veitt viðurkenning sem vararæðismanni Noregs á Ísafirði.

Ludvik Wallach hefur verið skipaður viðskiptafulltrúi við pólska sendiráðið. Skrifstofa viðskiptafulltrúans er Madserud Allé 28, Osló.

Kenneth A. Byrns hefur verið skipaður 2. sendiráðsritari og vararæðismaður við sendiráð Bandaríkjanna í Reykjavík og hefur utanríkisráðuneytið veitt honum bráðabirgðaviðurkenningu sem vararæðismanni.

1. júlí afhenti Guglielmo Rulli forseta Íslands embættisskilríki sín sem sendiherra Ítalíu á Íslandi með aðsetri í Osló.

S. d. lét Henry Bay aðalræðismaður af störfum við norska sendiráðið.

8. júlí var William C. Trimble veitt viðurkenning sem ræðismanni Bandaríkja Ameríku á Íslandi með aðsetri í Reykjavík.

22. júlí var Nikita Pentchenko skipaður verzlunarráðunautur við sendiráð Ráðstjórnarríkjanna í Reykjavík.

Anani Tchistov hefur verið skipaður aðstoðarverzlunarráðunautur við sendiráð Ráðstjórnarríkjanna í Reykjavík.

J. William Henry hefur verið skipaður 3. sendiráðsritari og vararæðismaður við sendiráð Bandaríkjanna í Reykjavík og hefur utanríkisráðuneytið veitt honum bráðabirgða viðurkenningu sem vararæðismanni

16. ágúst afhenti Emil Walter forseta Íslands embættisskilríki sín sem sendiherra Tékkóslóvakíu á Íslandi með aðsetri í Osló.

John A. McKesson hefur verið skipaður 3. sendiráðsritari og vararæðismaður Bandaríkjanna í Reykjavík og hefur utanríkisráðuneytið veitt honum bráðabirgðaviðurkenningu sem vararæðismanni.

Dr. Frantisek Lysý hefur verið skipaður 3. sendiráðsritari við sendiráð Tékkóslóvakíu.

Dr. phil. George H. Reese hefur verið skipaður menningarfulltrúi við sendiráð Bandaríkjanna í Reykjavík.

Hans-Christian Boehlke sendiráðsritari hefur verið settur sendifulltrúi til bráðabirgða vegna fjarveru norska sendiherrans.

Herbert E. Weiner hefur verið skipaður 3. sendiráðsritari og vararæðismaður Bandaríkjanna í Reykjavík og hefur utanríkisráðuneytið veitt honum bráðabirgðaviðurkenningu sem vararæðismanni.

3. okt. var norska aðalræðismannskrifstofan í Reykjavík lögð niður frá og með 27. september 1947. Norska sendiráðið mun framvegis annast störf aðalræðismannsskrifstofunnar.

7. okt. afhenti Charles William Baxter forseta Íslands embættisskilríki sín sem sendiherra Stóra-Bretlands á Íslandi.

14. okt. var Eiríki Leifssyni veitt viðurkenning sem ræðismanni Finnlands í Reykjavík.

19. okt. afhenti Päivö Kaukomieli forseta Íslands embættisskilríki sín sem sendiherra Finnlands á Íslandi.

4. nóv. afhenti Harald Pousette forseta Íslands embættisskilríki sín sem sendiherra Svíþjóðar á Íslandi.

Martin Larsen sendikennari hefur verið gerður að ólaunuðum blaðafulltrúa við sendiráð Dana í Reykjavík.

HEIÐURSMERKI FÁLKAORÐUNNAR

Herra forsetinn hefur sæmt þá heiðursmerki Fálkaorðunnar 1947, sem taldir eru hér á eftir.

I. Íslendingar.

1. janúar. Laufey Vilhjálmsdóttir frú, Reykjavík. Riddarakross.
S. d. Árni Thorsteinsson tónskáld, Reykjavík. Riddarakross.
S. d. Jónas Rafnar yfirlæknir, Kristnesi. Riddarakross.
S. d. Eggert Claessen hæstaréttarlögmaður, Reykjavík. Stjarna stórriddara.
S. d. Björn Ólafs skipstjóri, Mýrarhúsum. Riddarakross.

11. janúar. Brynjólfur Jóhannesson leikari, Reykjavík. Riddarakross.
3. febrúar. Einar Erlendsson húsameistari, Reykjavík. Riddarakross.
S. d. Agnar Kl. Jónsson skrifstofustjóri, Reykjavík. Stórriddarakross.
S. d. Ársæll Árnason bókbindari, Reykjavík. Riddarakross.

17. júní. Sigurður E. Hlíðar yfirdýralæknir, Reykjavík. Riddarakross.
S. d. Hákon Kristófersson fv. alþm., Reykjavík. Riddarakross.
S. d. Einar Kristjánsson óperusöngvari, Reykjavík. Riddarakross.
S. d. Árni Sigurðsson fríkirkjuprestur, Reykjavík. Riddarakross.
S. d. Jón Pálmason forseti sameinaðs Alþingis, Akri. Riddarakross.
S. d. Jónas Jónasson skipstjóri, Reykjavík. Riddarakross.
S. d. Ingunn Jónsdóttir rithöfundur, Kornsá. Riddarakross.

1. ágúst. Bjarni Sigurðsson fv. sýsluskrifari, Reykjavík. Riddarakross.

29. október. Sigurbjörn Á. Gíslason prestur, Reykjavík. Stórriddarakross.
S. d. Flosi Sigurðsson trésmiður, Reykjavík. Riddarakross.

II. Útlendingar.

31. janúar. Ralph S. Wentworth, Commander, U. S. A. Stórriddari.
S. d. Arthur E. Morgan, sir, tryggingarumboðsmaður, London. Stórriddari.

14. apríl. Ira D. Snyder, Colonel, U. S. A. Stórriddari.

29. apríl. Gustav Rasmussen, utanríkisráðherra Dana, Danmörku. Stórkross.
S. d. C. A. S. Brun, sendiherra Dana, Reykjavík. Stórkross.
S. d. J. R. Dahl, utanríkisráð, K.höfn. Stórriddari með stjörnu.

17. júní. Walter E. Holmstedt, rektor, Stokkhólmi. Riddarakross.
S. d. John Hellström, prófessor, Stokkhólmi. Stórriddari.
S. d. Henry Goddard Leach, dr., heiðursforseti A.S.F., U.S.A. Stórriddari.
S. d. Laura Finsen, sendiherrafrú, Stokkhólmi. Riddarakross.

25. júní. Charles Stafford Gage, forstjóri, U. S. A. Stórriddari
S. d. Ernst Ryberg, kaupmaður, Stokkhólmi. Riddarakross.
S. d. Carl Hjalmar Alving, lektor, Stokkhólmi. Stórriddari.
S. d. Sverker Stubelius, kennari, Svíþjóð. Riddarakross.
S. d. Adolf Busch, fiðluleikari, U. S. A. Riddarakross.
S. d. Carl H. Ameln, forstjóri, Svíþjóð. Riddarakross.
S. d. Sten Wehlin, forstjóri, Svíþjóð. Riddarakross.

21. júlí. Hákon VII. Noregskonungur, Noregi. Stórkross.
S. d. Olav, krónprins, Noregi. Stórkross.
S. d. Johan E. Mellbye, fv. ráðherra, Oslo. Stórriddari með stjörnu.
S. d. Håkon Shetelig, prófessor, Oslo. Stórriddarakross.
S. d. Knut Eik-Nes, próf., form. U.M.F. Noregs. Osló. Riddarakross.
S. d. Anders Skåsheim, forstj., ritari norsku Snorranefndar, Osló. Riddarakross.
S. d. Georg Andersen, forstj. Íslandsdeildar Sameinaða, Osló, Stórriddarakross.

19. sept. Ronald O. Hambro, bankaráðsform., London. Stórriddari með stjörnu.

22. október. Alfred Jolivet, prófessor, París. Stórriddarakross.

20. des. Lukka Guðmundsson, frú, U. S. A. Riddarakross.
S. d. Gustav Bartley, skipstjóri, Gautaborg. Riddarakross.
S. d. N. Mancher, endurskoðandi, K.höfn. Riddarakross.
S. d. Per Birger Johansen, sendiherra Svía, Svíþjóð. Stórkross.
S. d. Arvid Gustav Richart, sendiherra, Svíþjóð. Stórkross.
S. d. Victor Gösta Adolf von Rosen, greifi, Svíþjóð. Riddarakross.

ALÞINGISMAÐUR

kosinn 1947.

13. júlí var Jón Gíslason bóndi kosinn alþingismaður fyrir Vestur-Skaftafellssýslu.

STYRKVEITINGAR

Af vöxtum úr styrktarsjóði Frederiks konungs áttunda hefur atvinnumálaráðuneytið veitt sparisjóðsgjaldkera Jóni Gesti Vigfússyni, Hafnarfirði, kr. 300.00, og lögregluþjóni Axel Helgasyni, Hringbraut 33, Reykjavík, kr. 300.00 styrk til trjáræktar.

Úr styrktarsjóði Þórarins Tulinius hefur félagsmálaráðuneytið veitt þeim Böðvari Jónssyni, fv. pósti, Reykjavík, Sigurði Jóakimssyni, Hafnarfirði, og Þorsteini Oddssyni, Reykjavík, styrk í viðurkenningarskyni fyrir björgun manna úr sjávarháska.

EINKALEYFI

Hinn 14. janúar 1947 var verkfræðingi Chr. Thon, Oslo, Noregi, veitt einkaleyfi nr. 159 á aðferð til að reykja fæðutegundir.

Hinn 22. marz 1947 var verkfræðingi Michal Arnt Johansen, Oslo, Noregi, veitt einkaleyfi nr. 160 á útbúnaði á skrúfupressum fyrir vot efni til að tryggja hæfilega samþjöppun þeirra.

Hinn 29. maí 1947 var The Atlantic Coast Fisheries Company, New York, Bandaríkjum Norður-Ameríku, veitt einkaleyfi nr. 161 á aðferð og tæki til fiskverkunar.

Hinn 29. maí 1947 var The Atlantic Coast Fisheries Compané, New York, Bandaríkjum Norður-Ameríku, veitt einkaleyfi nr. 162 á tæki til að hagræða fiski.

Hinn 1. október 1947 var leikfimiseftirlitsmanni Niels Christian Daniel Petersen, Kaupmannahöfn, Danmörku, veitt einkaleyfi nr. 163 á leikfimistæki til armæfinga.

Hinn 16. desember 1947 var The Atlantic Coast Fisheries Company, New York, Bandaríkjum Norður-Ameríku, veitt einkaleyfi nr. 164 á flutningsbandstæki til undirbúnings fiskflökun.

Hinn 16. desember 1947 var The Atlantic Coast Fisheries Company, New York, Bandaríkjum Norður-Ameríku, veitt einkaleyfi nr. 165 á fiskflökunarvél.